ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 19

33. árgangur

26.3.2026

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2026/EES/19/01 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/416 frá 29. nóvember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er innihald og snið tilboðaskráa fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir 1

2026/EES/19/02 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/417 frá 28. nóvember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvernig þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir eiga að setja fram gögn í þágu gagnsæis 23

2026/EES/19/03 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/300 frá 10. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um upplýsingar sem lögbær yfirvöld skulu skiptast á 36

2026/EES/19/04 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/305 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar sem skulu vera í umsókn um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna 45

2026/EES/19/05 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/413 frá 18. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ítarlegt innihald nauðsynlegra upplýsinga til að meta fyrirhuguð kaup útgefanda á virkum eignarhlut í útgefanda eignatengdra tóka 62

2026/EES/19/06 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/414 frá 18. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ítarlegt innihald nauðsynlegra upplýsinga til að meta fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna 79

2026/EES/19/07 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/304 frá 31. október 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir tilkynningu tiltekinna aðila á fjármálamarkaði um fyrirætlun sína að bjóða þjónustu á sviði sýndareigna 96

2026/EES/19/08 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/415 frá 13. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru leiðréttingar á kröfum um eiginfjárgrunn og lágmarksþættir áætlana um álagspróf útgefenda eignatengdra tóka eða rafeyristóka 102

2026/EES/19/09 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/418 frá 16. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindir eru lágmarksþættir fyrirkomulags stjórnarhátta varðandi starfskjarastefnu útgefenda mikilvægra eignatengdra tóka eða rafeyristóka 110

2026/EES/19/10 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/419 frá 16. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina ferlið og tímarammann sem útgefandi eignatengdra tóka eða rafeyristóka hefur til að aðlaga fjárhæð eiginfjárgrunns síns 118

2026/EES/19/11 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1506 frá 22. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar tilteknar viðmiðanir fyrir flokkun eignatengdra tóka og rafeyristóka sem mikilvægra 121

2026/EES/19/12 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1507 frá 22. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar þær viðmiðanir og þætti sem Evrópsku verðbréfastofnuninni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum ber að taka tillit til í tengslum við heimildir til íhlutana 128

2026/EES/19/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2545 frá 24. september 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda 137

2026/EES/19/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2902 frá 20. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar skýrslugjöf um eignatengda tóka og rafeyristóka tilgreinda í gjaldmiðli sem ekki er opinber gjaldmiðill aðildarríkis 155

2026/EES/19/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2984 frá 29. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar eyðublöð, snið og sniðmát fyrir hvítbækur um sýndareignir 194

2026/EES/19/16 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/292 frá 26. september 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem koma á sniðmáti fyrir samstarfssamninga milli lögbærra yfirvalda og eftirlitsyfirvalda þriðju landa 243

2026/EES/19/17 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/293 frá 30. september 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur, sniðmát og verklag við meðferð kvartana er varða eignatengda tóka 248

2026/EES/19/18 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/294 frá 1. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur, sniðmát og verklag við meðferð kvartana er varða þjónustuveitendur sýndareigna 258

2026/EES/19/19 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/298 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind er aðferðafræði við að meta fjölda og virði viðskipta sem tengjast notkun eignatengdra tóka og rafeyristóka sem eru tilgreindir í gjaldmiðli sem ekki er opinber gjaldmiðill aðildarríkis sem skiptimiðils 267

2026/EES/19/20 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/299 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 um markaði fyrir sýndareignir að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um samfellu og reglufestu í framkvæmd þjónustu á sviði sýndareigna 272

2026/EES/19/21 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/303 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar sem tilteknir aðilar á fjármála-markaði skulu láta fylgja með í tilkynningu um fyrirætlun sína að bjóða þjónustu á sviði sýndareigna 278

2026/EES/19/22 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1140 frá 27. febrúar 2025 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru þær skrár sem halda skal um alla þjónustu, starfsemi, fyrirmæli og viðskipti á sviði sýndareigna sem ráðist er í 289

2026/EES/19/23 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1141 frá 27. febrúar 2025 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur varðandi stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra fyrir útgefendur eignatengdra tóka 325

2026/EES/19/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/306 frá 31. október 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur í tengslum við þær upplýsingar sem skulu vera í umsókn um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna 335

2026/EES/19/25 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2861 frá 12. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2023/1114 að því er varðar tæknilegar leiðir til viðeigandi opinberrar birtingar innherjaupplýsinga og til að fresta opinberri birtingu upplýsinganna 342

2026/EES/19/26 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1125 frá 5. júní 2025 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar í umsókn um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og óska eftir töku þeirra til viðskipta 348

2026/EES/19/27 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1142 frá 27. febrúar 2025 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur varðandi stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra fyrir þjónustuveitenda sýndareigna og nánari upplýsingar og aðferðir í tengslum við efni þeirrar upplýsingagjafar um hagsmunaárekstra 362

2026/EES/19/28 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1264 frá 27. júní 2025 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindir eru lágmarksþættir stefnu og verklagsreglna við lausafjárstýringu fyrir tiltekna útgefendur eignatengdra tóka og rafeyristóka 372

2026/EES/19/29 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/296 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ferlið við samþykki á hvítbók um sýndareign 377

2026/EES/19/30 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/297 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru skilyrðin fyrir stofnsetningu og starfsemi ráðgefandi samstarfshópa eftirlitsaðila 382

2026/EES/19/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2494 frá 24. september 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku bankaeftirlits-stofnunarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar 389

2026/EES/19/32 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/885 frá 29. apríl 2025 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðeigandi fyrirkomulag, kerfi og verklag við að koma í veg fyrir, greina og tilkynna markaðssvik, sniðmátin sem nota skal til að tilkynna grun um markaðssvik og samráðsferli milli lögbærra yfirvalda um greiningu og viðurlög við markaðssvikum þegar um er að ræða markaðssvik yfir landamæri 401

2026/EES/19/33 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1126 frá 5. júní 2025 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum í tengslum við þær upplýsingar sem skulu vera í umsókn um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og óska eftir töku þeirra til viðskipta 414

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/416 **2026/EES/19/01**

frá 29. nóvember 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er innihald og snið tilboðaskráa fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 16. mgr. 76. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að safna tilboðsgögnum, bera þau saman og greina á árangursríkan og skilvirkan hátt ættu þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja vettvanga fyrir sýndareignir að halda skrár yfir viðeigandi gögn að því er varðar öll tilboð (tilboðsskrár) í samræmi við þessa reglugerð. Þau ættu að skrá gögnin á rafrænu og tölvulæsilegu JSON-sniði sem þróað er í samræmi við aðferðafræði ISO-staðals 20022. Tilboðabók ætti að teljast skipulegur listi yfir fyrirmæli kaup- og sölutilboð fyrir tiltekna sýndareign.

2) Lögbær yfirvöld þurfa áreiðanlegar, samræmdar og staðlaðar upplýsingar um sýndareignir sem viðskipti eru með til að hafa viðunandi eftirlit með heilleika og stöðugleika markaða með sýndareignir. Slíkar upplýsingar ættu að gera þeim kleift að auðkenna staka sýndareign sem viðskipti eru með í samræmi við alþjóðlega samþykktar meginreglur. Einnig ættu þau að geta sótt helstu einkenni sýndareigna, þ.m.t. tæknileg sérkenni. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu því að nota viðeigandi eignaauðkenni til að auðkenna sýndareignir í þeim tilboða- og viðskiptafærsluskrám sem þeir veita lögbærum yfirvöldum. Í ljósi þessa markmiðs er kveðið á um notkun á auðkenni fyrir stafræna tóka, sem stofnun um auðkenni fyrir stafræna tóka stýrir, eða öðrum hæfum auðkennum í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, um að koma á tæknistöðlum sem samþykkt var skv. b-lið fyrstu undirgreinar 10. mgr. 68. gr., til að auðkenna sýndareignir sem falla undir tilboð eða viðskiptafærslur sem þjónustuveitanda sýndareigna ber að skrá. Í ljósi þessara hugleiðinga og til að tryggja samræmda nálgun í eftirliti þykir rétt að kveða á um notkun eignaauðkenna í þessari reglugerð með sömu skilyrðum og í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um að koma á tæknistöðlum sem samþykkt er skv. b-lið fyrstu undirgreinar 10. mgr. 68. gr.

3) Hugsanlegt er að markaðssvik, þ.m.t. markaðsmisnotkun, eigi sér stað með ýmsum hætti, þ.m.t. algrímsviðskiptum. Til að tryggja skilvirkt markaðseftirlit þegar einstaklingur, annar en viðskiptavinur, eða tölvualgrím tekur fjárfestingarákvarðanir ætti því að auðkenna einstaklinginn eða algrímið í tilboða- og viðskiptaskránum með einkvæmum, traustum og samræmdum auðkennum. Ef fleiri en einn aðili taka fjárfestingarákvörðun ætti þjónustuveitandi sýndareigna að auðkenna þann einstakling sem ber meginábyrgð á ákvörðuninni í skrám sínum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/416, 14.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2025 frá 13. júní 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 2.10.2025, bls. 42.a

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

4) Til að tryggja einkvæma, samræmda og trausta auðkenningu einstaklinga sem um getur í skrám yfir tilboð ætti að auðkenna þá með því að tengja saman ríkisfangsland þeirra og svo auðkennið sem ríkisfangslandið úthlutaði þeim. Þegar þessi auðkenni eru ekki tiltæk ætti að auðkenna einstaklinga með auðkennum sem búin eru til með því að tengja saman fæðingardag og -ár og nafn. Auðkenning einstaklinga ætti að fara fram í samræmi við forgangsstig mismunandi auðkenna, sem nánar er lýst í II. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 ([2]).

5) Hugsanlegt er að einstaklingar sem auðkenna þarf fyrir skráahald séu búsettir í öðru landi en ríkisfang þeirra segir til um. Margar skuldbindingar samkvæmt reglugerð (ESB) 2023/1114 tengjast búsetulandi einstaklinga og því er mikilvægt að safna þeim upplýsingum til að tryggja að lögbær yfirvöld hafi skilvirkt eftirlit með viðskiptum og tilboðum.

6) Nauðsynlegt er að þjónustuveitendur sýndareigna skrái tilteknar persónuupplýsingar til að auðkenna viðskiptavini sína eða aðra einstaklinga sem skipta máli fyrir tilboð á sýndareignum, þar sem þessi gögn eru undirstaða þess að tryggja árangursríkt eftirlit lögbærra yfirvalda, þ.m.t. á sviði markaðssvika. Í samræmi við meginregluna um lágmörkun gagna, sem sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([3]), ættu þjónustuveitendur sýndareigna að geyma aðeins þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar og fullnægjandi til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að gera heildstætt mat á hlítni þjónustuveitanda sýndareigna við kröfurnar í reglugerð (ESB) 2023/1114 og vakta viðskipta-starfsemi sem tengist sýndareignum. Við vinnslu persónuupplýsinga í skránum ættu þjónustuveitendur sýndareigna og lögbær yfirvöld að fara að viðeigandi ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/679.

7) Til að auðvelda markaðseftirlit og gera kleift að bera skrárnar saman ætti að auðkenna viðskiptavini sem eru lögaðilar með auðkenni sem samræmist alþjóðlega samþykktum skilyrðum fyrir þróun á traustum auðkenningarkerfum fyrir vöktun fjármálamarkaða. Til að tryggja samræmda nálgun við eftirlit þykir rétt að kveða á um notkun á auðkenni aðila sem kveðið er á um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um að koma á tæknistaðli, sem samþykkt var skv. b-lið fyrstu undirgreinar 10. mgr. 68. gr., með sömu skilyrðum og eru í þeirri reglugerð.

8) Valið á hvaða viðskiptavettvangi sýndareigna ber að framkvæma fyrirmæli eða til hvaða þjónustuveitanda sýndareigna á að senda fyrirmæli eða ákvarða önnur skilyrði sem tengjast framkvæmd fyrirmælanna getur haft beina þýðingu við staðfestingu markaðssvika. Til að tryggja skilvirkt markaðseftirlit ætti því að auðkenna í skrám um tilboð einstakling eða tölvualgrím innan þjónustuveitanda sýndareigna sem ber ábyrgð á slíkri starfsemi. Ef bæði einstaklingur og tölvualgrím eða margir einstaklingar eða mörg algrím eiga hlut að máli ætti þjónustuveitandi sýndareigna að ákvarða á samræmdan hátt í kjölfar fyrirfram ákveðinna viðmiða hvaða einstaklingur eða algrím ber meginábyrgðina á þessari starfsemi.

9) Í samræmi við meginregluna um lágmörkun gagna ætti þjónustuveitandi sýndareigna aðeins að geyma þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar og fullnægjandi til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að gera heildstætt mat á hlítni þjónustuveitanda sýndareigna við viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) 2023/1114 og við ákvæði reglugerðarinnar um markaðssvik. Við vinnslu persónuupplýsinga í skránum ættu þjónustuveitendur sýndareigna og lögbær yfirvöld að fara að viðeigandi ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/679.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2017/590/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

10) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([4]) og skilaði hún áliti 28. ágúst 2024.

11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

12) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að þeim tæknilegu eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([5]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Inntak, staðlar og snið gagna að því er varðar tilboð á sýndareignum

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvang með sýndareignir skulu hafa tiltækar fyrir lögbært yfirvald eða veita lögbæru yfirvaldi aðgang að upplýsingum um sérhvert tilboð á sýndareignum sem auglýst er í kerfum þeirra og tilgreindar eru í 2. til 15. gr., eins og tilgreint er í sniðinu sem mælt er fyrir um i töflum 2 og 3 í viðaukanum, að því marki sem þær varða viðkomandi tilboð.

2. Gögnin sem um getur í 1. mgr. skulu vera á JSON-sniði í samræmi við aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í ISO-staðli 20022.

2. gr.

Auðkenning aðila sem taka þátt tilboðinu

1. Fyrir öll tilboð á sýndareignum skulu þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvang fyrir sýndareignir halda skrár til að auðkenna allt eftirfarandi:

a) þátttakanda á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir sem er lögaðili og sendir tilboðið á viðskiptavettvang fyrir sýndareignir, eins og tilgreint er í samræmi við 4. gr. og 1. reit i töflu 2 í viðaukanum,

b) þátttakanda á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir sem er einstaklingur og sendir tilboðið á viðskiptavettvang fyrir sýndareignir, eins og tilgreint er í samræmi við 2. reit i töflu 2 í viðaukanum,

c) viðskiptavin sem þátttakandi á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir, sem um getur i a- eða b-lið, og leggur fram tilboð fyrir á viðskiptavettvang fyrir sýndareignir, eins og tilgreint er í samræmi við 3. reit í töflu 2 í viðaukanum,

d) einstaklinginn eða tölvualgrímið hjá þátttakanda á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir, sem um getur í a- og b-lið, sem ber ábyrgð á fjárfestingarákvörðun í tengslum við tilboðið, eins og tilgreint er í samræmi við 4. reit í töflu 2 í viðaukanum,

e) einstaklinginn eða tölvualgrímið hjá þátttakanda á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir, sem um getur í a- og b-lið, sem ber ábyrgð á framkvæmd fyrirmælanna, eins og tilgreint er í samræmi við 5. reit í töflu 2 í viðaukanum.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

Að því er d-lið varðar, ef fleiri en einn aðili taka ákvörðun um fjárfestingu, skal þjónustuveitandi sýndareigna sem starfrækir viðskiptavettvang fyrir sýndareignir halda skrár yfir aðilann sem ber meginábyrgð á þeirri ákvörðun. Þjónustuveitandi sýndareigna sem rekur viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skal eingöngu auðkenna slíkan einstakling eða tölvualgrím ef fjárfestingarákvörðunin er tekin fyrir hönd annaðhvort þátttakanda eða viðskiptavinar í samræmi við fengið umboð til þess frá viðskiptavininum.

2. Ef þátttakandi í viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir hyggst úthluta tilboði á viðskiptavin sinn eftir að hann leggur fram tilboðið til viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir, án þess að hafa enn úthlutað tilboðinu á viðskiptavin sinn þegar tilboðið er lagt fram, skal viðskiptavinurinn vera auðkenndur eins og tilgreint er í reit 3 í töflu 2 í viðaukanum.

3. Ef mörg tilboð frá mismunandi viðskiptavinum eru lögð fram saman á viðskiptavettvangnum fyrir sýndareignir sem samsöfnuð tilboð, skal skrá upplýsingarnar sem um getur í 3. reit í töflu 2 i viðaukanum að því er varðar hvern viðskiptavin fyrir sig.

3. gr.

Auðkenning einstaklinga

1. Þjónustuveitandi sýndareigna sem rekur viðskiptavettvang með sýndareignir skal auðkenna einstaklinga í tilboðaskránni með því að nota merkinguna sem er samsett úr ISO 3166-1 alpha-2 sem er tilgreindur í ISO-staðli 3166 og í kjölfarið innlendu auðkenni viðskiptavinar sem tilgreint er í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/590 og miðast við þjóðerni einstaklingsins. Tveggja stafa landskóðinn verður að samsvara ríkisfangi einstaklings.

2. Úthluta skal hinu innlenda auðkenni viðskiptavinar sem um getur í 1. mgr. í samræmi við forgangsstigin sem kveðið er á um í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/590 og nota til þess það fyrirliggjandi auðkenni einstaklingsins sem er í hæsta forgangi, óháð því hvort þjónustuveitanda sýndareigna sem rekur viðskiptavettvang með sýndareignir sé þegar kunnugt um auðkennið.

3. Hafi einstaklingur ríkisfang í fleiri en einu landi innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skal nota landskóða ríkisfangsins sem er fremst þegar ISO 3166-1 alpha-2 kóðum hans er raðað í stafrófsröð og auðkenni þess ríkisfangs sem úthlutað er í samræmi við 2. mgr. Hafi einstaklingur ríkisfang utan EES skal nota auðkennið í hæsta forgangi í samræmi við reitinn þar sem stendur „Öll önnur ríki“ í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/590. Hafi einstaklingur ríkisfang bæði innan og utan EES skal nota landskóða EES-ríkisfangsins og auðkenni sama ríkisfangs í hæsta forgangi sem er úthlutað í samræmi við 2. mgr.

4. Hafi einstaklingur búsetu í öðru landi en ríkisfang hans segir til um skulu þjónustuveitendur sýndareigna einnig tilgreina þann einstakling miðað við búsetuland viðkomandi, eins og tilgreint er í 50. reit í töflu 2 í viðaukanum.

5. Undanskilja skal forskeyti við nöfn og bæta „#“ aftan við eiginnöfn og kenninöfn sem eru styttri en fimm stafir. Allir stafir skulu vera hástafir. Ekki skal nota úrfellingarmerki, áherslumerki, bandstrik, greinarmerki eða orðabil.

6. Sé miðað við CONCAT að því er varðar auðkennið sem er úthlutað er í samræmi við 2. mgr. skal þjónustuveitandi sýndareigna sem rekur viðskiptavettvang fyrir sýndareignir auðkenna einstaklinginn með því að raða saman eftirfarandi þáttum í þessari röð:

a) fæðingardegi og -ári einstaklingsins á sniðinu ÁÁÁÁMMDD,

b) fyrstu fimm stöfunum í eiginnafni einstaklingsins,

c) fyrstu fimm stöfunum í kenninafni einstaklingsins.

4. gr.

Auðkenni fyrir lögaðila og sýndareignir

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu auðkenna lögaðila í tilboðaskrám með því að nota auðkenni aðila í samræmi við 14. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um að koma á tæknistaðli, sem samþykkt var skv. b-lið fyrstu undirgreinar 10. mgr. 68. gr.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu auðkenna sýndareignir í tilboðaskrám með því að nota eignaauðkenni í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um að koma á tæknistaðli, sem samþykkt var skv. b-lið fyrstu undirgreinar 10. mgr. 68. gr.

3. Þegar auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni) er notað til að auðkenna lögaðila í samræmi við 1. mgr. skal þjónustuveitandi sýndareigna sem rekur viðskiptavettvang fyrir sýndareignir tryggja að lengd og uppbygging LEI-auðkennisins sem er skráð í tilboðaskránni samræmist ISO-staðli 17442 og að LEI-auðkennið sé í alþjóðlega gagnagrunninum yfir auðkenni lögaðila (e. *Global LEI database*) sem starfræktur er af miðlægu starfseiningunni sem nefnd um lögboðið eftirlit skipar og vísi til hlutaðeigandi aðila.

5. gr.

Viðskiptahlutverk þátttakenda í viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir

Viðskiptahlutverkið sem þátttakandi í viðskiptavettvangi með sýndareignir gegnir þegar hann leggur fram tilboð skal skráð eins og tilgreint er í reit 7 í töflu 2 í viðaukanum.

6. gr.

Skráning dagsetningar og tíma

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvang með sýndareignir skulu halda skrá yfir dag- og tímasetningu hvers atburðar sem er skráður í 20. reit í töflu 2 í viðaukanum, eins og tilgreint er í 8. reit i töflu 2 í viðaukanum.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvang með sýndareignir skulu halda skrá yfir dag- og tímasetningu fyrir hvert gagnastak sem er skráð í 47., 48. og 49. reit í töflu 2 í viðaukanum, eins og tilgreint er í 8. reit i töflu 2 í viðaukanum.

7. gr.

Gildistími og takmarkanir tilboða

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem eru rekstraraðilar viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir skulu halda skrá yfir gildistíma og takmarkanir tilboða sem talin eru upp í reitum 9 og 10 í töflu 2 í viðaukanum.

2. Halda skal skrár yfir dag- og tímasetningar að því er varðar gildistíma fyrir hvert gildistímabil eins og tilgreint er í reit 11 í töflu 2 í viðaukanum.

8. gr.

Forgangsröðun og raðnúmer

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvanga með sýndareignir sem starfrækja viðskiptakerfi með forgangsröðinni verð-sýnileiki-tími skulu halda skrá um forgangstímastimpilinn fyrir öll tilboð eins og tilgreint er í reit 12 í töflu 2 í viðaukanum.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir sem starfrækja viðskiptakerfi á grundvelli forgangsraðarinnar stærð-tími skulu halda skrá um magn sem ákvarðar forgang tilboða eins og tilgreint er í reit 13 í töflu 2 í viðaukanum og um forgangstímastimpilinn sem um getur í 1. mgr.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna, sem reka viðskiptavettvang fyrir sýndareignir sem nota sambland af forgangsröðinni verð-sýnileiki-tími og forgangsröðinni stærð-tími og birta tilboð í tilboðaskránni samkvæmt tímaforgangi, skulu halda tímastimpil yfir forgangsröðun fyrir öll tilboð eins og tilgreint er í reit 12 í töflu 2 i viðaukanum.

4. Þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvanga með sýndareignir sem nota sambland af forgangsröðinni verð-sýnileiki-tími og forgangsröðinni stærð-tími og birta tilboð í tilboðaskránni samkvæmt forgangsröðinni stærð-tími skulu halda skrá um magn sem ákvarðar forgang tilboða eins og tilgreint er í reit 13 í töflu 2 í viðaukanum og um forgangstíma-stimpilinn sem um getur í 1. mgr.

5. Þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu úthluta og halda utan um raðnúmer fyrir sérhvern atburð eins og tilgreint er í reit 14 í töflu 2 í viðaukanum.

9. gr.

Auðkenniskóðar tilboða um sýndareignir

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu halda utan um sérstakan auðkenniskóða fyrir hvert tilboð eins og tilgreint er í reit 19 í töflu 2 í viðaukanum. Auðkenniskóðinn skal vera einkvæmur fyrir eftirfarandi:

a) tilboðaskrá,

b) viðskiptadag og

c) sýndareignir.

Kóðinn skal gilda frá því að rekstraraðili viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir tekur við tilboðinu þar til að tilboðið er fjarlægt úr tilboðaskránni. Auðkenniskóðinn skal gilda um tilboð sem er synjað, óháð ástæðu synjunarinnar.

2. Rekstraraðili viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir skal halda utan um viðkomandi upplýsingar um áætlunarfyrirmæli með fólgna virkni sem miðlað er til almennings eins og tilgreint er í reit 31 í töflu 2 í viðaukanum. Tilboðsstaðan sem um getur í þeim reit skal tilgreina hvort tilboðið sé fólgið tilboð.

3. Rekstraraðili viðskiptavettvangs með sýndareignir skal halda utan um upplýsingar um framkvæmd áætlunarfyrirmæla með fólgna virkni eins og tilgreint er í viðeigandi reitum í töflu 2 í viðaukanum.

4. Við framkvæmd áætlunarfyrirmæla með fólgna virkni skal tilgreina auðkenniskóða tilboða sem tengjast áætluninni með því að nota sama auðkenniskóða fyrir öll tilboð sem tengjast viðkomandi áætlun. Auðkenniskóði tilboða sem tengjast áætlun skal vera tilgreindur í samræmi við reit 44 í töflu 2 í viðaukanum.

5. Viðskiptavettvangur með sýndareignir sem býður upp á beiningaráætlun skal auðkenna tilboð sem eru lögð fram til þess viðskiptavettvangs með sýndareignir, en beint til annars viðskiptavettvangs með sýndareignir með orðinu „beind“ (e. *routed*) eins og tilgreint er í reit 31 í töflu 2 í viðaukanum. Tilboð sem lögð eru fram til viðskiptavettvangs með sýndareignir sem býður upp á beiningaráætlun skulu halda sama auðkenniskóða út líftíma sinn, óháð því hvort eftirstandandi magn sé fært að nýju í tilboðaskrána.

10. gr.

Atburðir sem hafa áhrif á tilboð um sýndareignir

Þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu halda skrá yfir upplýsingarnar sem um getur í reit 20 í töflu 2 í viðaukanum að því er varðar öll ný tilboð.

11. gr.

Tegund tilboða á sýndareignum

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu skrá tegund tilboðs fyrir hvert móttekið tilboð og nota til þess eigin lýsingu eins og tilgreint er í reit 21 í töflu 2 í viðaukanum.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu flokka hvert móttekið tilboð annaðhvort sem skilyrt tilboð eða stopptilboð eins og tilgreint er í reit 22 í töflu 2 í viðaukanum.

12. gr.

Verð sem varðar tilboð

Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu halda skrá yfir allar verðtengdar upplýsingar sem tengjast viðkomandi tilboðum, eins og tilgreint er í þætti I í töflu 2 í viðaukanum.

13. gr.

Fyrirmæli með tilboðum

Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu halda skrár yfir öll fyrirmæli með tilboðum sem tekið er við fyrir hvert tilboð eins og tilgreint er í þætti J í töflu 2 í viðaukanum.

14. gr.

Auðkenniskóði viðskipta

Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu halda utan um einkvæma auðkenniskóða viðskipta fyrir hver viðskipti sem leiða af framkvæmd í heild eða að hluta á tilboði eins og tilgreint er í reit 46 í töflu 2 og reit 1 í töflu 3 í viðaukanum, eftir því sem við á.

15. gr.

Viðskiptafasar, leiðbeinandi uppboðsverð og magn

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem eru rekstraraðilar viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir skulu halda skrá yfir viðskiptafasa og leiðbeinandi uppboðsverð og magn, eins og tilgreint er í þætti K í töflu 2 í viðaukanum.

2. Ef lögbær yfirvöld krefjast upplýsinga, sem um getur í þætti K, skal einnig telja upplýsingarnar sem um getur í 8. og 14.–17. reit í töflu 2 í viðaukanum til upplýsinga sem veita skal við slíka beiðni.

16. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Tafla 1

Skýringar fyrir töflu 2 og 3

Tákn	Gagnategund	Skilgreining
{ALPHANUM-n}	Allt að n-alstöfum	Reitur fyrir frjálsan texta.
{CFI_CODE}	6 stafir	CFI-kóði samkvæmt ISO-staðli 10962
{COUNTRYCODE_2}	2 alstafir	Tveggja bókstafa landskóði, eins og tilgreint er í ISO-staðli 3166-1 alpha-2 landskóði
{CURRENCYCODE_3}	3 alstafir	Þriggja bókstafa gjaldmiðilskóði, eins og tilgreint er í ISO-staðli 4217 gjaldmiðilskóðum
{DATE_TIME_FORMAT}	Dagsetningar- og tímasnið samkvæmt ISO-staðli 8601	Dagsetning og tími á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ss.dddddd Z, þar sem: — „ÁÁÁÁ“ er árið, — „MM“ er mánuðurinn, — „DD“ er dagurinn, — „T“ – merkir að nota skuli bókstafinn „T“ — „kk“ er klukkustundin, — „mm“ er mínútan, — „ss.dddddd“ eru sekúndan og sekúndubrot hennar, — Z er samræmdur heimstími (UTC). Dagsetningar og tíma skal tilkynna á UTC.
{DATEFORMAT}	Dagsetningarsnið samkvæmt ISO-staðli 8601	Dagsetningar skulu vera á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD.
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir geta verið brotatölur	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi. — táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur), — neikvæðar tölur eru með forskeytinu „-“ (mínus); gildi eru námunduð og ekki stýfð.
{DTI}	9 alstafir	Auðkenniskóða stafrænna tóka, samkvæmt ISO-staðli 24165, úthlutað á jafngengar stafrænar eignir sem nota dreifða færsluskrártækni fyrir útgáfu, geymslu, miðlun og skráningu eignarhalds eða sannreyningu viðskipta og eru ekki gjaldmiðill (ISO-staðall 4217), eins og lýst er í ISO-staðli 24165 – Auðkenni fyrir stafræna tóka.
{DTI_SHORT_NAME}	n alstafir	Stuttnefni auðkennis fyrir stafræna tóka eins og það er skráð samkvæmt gagnastökum ISO-staðals 24165-2 að því er varðar skráningu á aukenni stafrænna tóka.
{INTEGER-n}	Heil tala allt að n tölustafir samtals	Talnareitur fyrir bæði jákvæð og neikvæð heiltölugildi.
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði eins og hann er tilgreindur í ISO-staðli 6166.

Tákn	Gagnategund	Skilgreining
{LEI}	20 alstafir	Auðkenni lögaðila (LEI) eins og það er skilgreint í ISO-staðli 17442.
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og tilgreint er í ISO-staðli 10383.
{NATIONAL_ID}	35 alstafir	Auðkennið skal fengið í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/590.

Tafla 2

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Upplýsingar um tilboðaskrá
Þáttur A – Auðkenning viðkomandi aðila			
1	Auðkenning aðilans sem lagði tilboð fram	Auðkenni lögaðila þátttakanda í viðskiptavettvangi sem þjónustuveitandi sýndareigna starfrækir eða jafngildi auðkenni, sem eru tilgreind í 4. gr.	{LEI} {ALPHANUM-20}
2	Auðkenning einstaklingsins sem lagði tilboð fram	Deili á þátttakanda í viðskiptavettvangi sem þjónustuveitandi sýndareigna starfrækir. Þessi reitur gildir aðeins um einstaklinga.	{NATIONAL_ID}
3	Auðkenniskóði viðskiptavinar	Kóði sem er notaður til að auðkenna viðskiptavin þátttakanda í viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir. Ef viðskiptavinur er lögaðili skal nota LEI-auðkenni viðskiptavinar eða annað auðkenni sem um getur í 4. gr., {ALPHANUM-20}. Nota skal kóðann {NATIONAL_ID} ef viðskiptavinurinn er ekki lögaðili. Ef um er að ræða úthlutanir sem bíða afgreiðslu skal nota merkið PNAL. Eingöngu skal fylla þennan reit út með „NOAP“ ef þátttakandi þjónustuveitanda sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang með sýndareignir hefur beina hagsmuni af því að kaupa eða selja.	{LEI} {ALPHANUM-20} {NATIONAL_ID} „PNAL“ „NOAP“
4	Fjárfestingarákvörðun hjá þjónustuveitanda sýndareigna	Kóði til að auðkenna einstaklinginn eða tölvualgrímið innan þjónustuveitanda sýndareigna sem ber ábyrgð á fjárfestingarákvörðuninni. Hafi einstaklingur innan þjónustuveitanda sýndareigna tekið fjárfestingarákvörðunina skal auðkenna einstaklinginn sem ber ábyrgð á fjárfestingarákvörðuninni með {NATIONAL_ID}.	{NATIONAL_ID} – einstaklingar {ALPHANUM-50} – algrím

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Upplýsingar um tilboðaskrá
		Ef algrím sem ákvarðar sjálfkrafa einstakar breytur tilboða var ábyrgt fyrir fjárfestingarákvörðun skal fylla reitinn út með kóða sem er úthlutað í samræmi við 2. gr. Skilja skal þennan reit eftir auðan þegar hvorki einstaklingur né tölvualgrím innan þjónustuveitanda sýndareigna tók fjárfestingarákvörðunina.	
5	Framkvæmd innan fyrirtækis	Kóði til að auðkenna einstaklinginn eða algrímið innan þjónustuveitanda sýndareigna sem ber ábyrgð á framkvæmd viðskipta vegna tilboðsins. Þessi reitur gildir ekki þegar framkvæmdaraðili er einstaklingur. Sjái einstaklingur um framkvæmd viðskiptanna skal hann auðkenna reitinn með {NATIONAL_ID} Ef algrím sem ákvarðar sjálfkrafa stakar breytur tilboða, svo sem hvort hefja eigi tilboð eða tímasetningu, verð eða magn, ber ábyrgð á framkvæmd viðskipta skal fylla þennan reit út með kóða sem þjónustuveitandi sýndareigna hefur úthlutað, í samræmi við 4. gr. Komi fleiri en einn einstaklingur eða bæði einstaklingur og algrím að framkvæmd viðskiptanna skal þjónustuveitandi sýndareigna ákvarða hvaða aðili eða algrím sér aðallega um hana og fylla út þennan reit með auðkenni þess aðila eða algríms.	{NATIONAL_ID} – einstaklingar {ALPHANUM-50} – algrím
6	Milligöngumiðlari	Kóði sem er notaður til að auðkenna þátttakanda í viðskiptavettvangi með sýndareignir sem beinir tilboði fyrir hönd og í nafni annars þátttakanda í viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir. Í þessum reit skal standa „NOAP“ ef hann á ekki við.	Auðkenni lögaðila {ALPHANUM-20} „NOAP“
Þáttur B – Viðskiptahlutverk og veiting seljanleika			
7	Viðskiptahlutverk	Tilgreinir hvort þjónustuveitandi sýndareigna sem annast viðskiptin stundi pöruð miðlaraviðskipti eða skipti sýndareignum fyrir fjármuni. Stafi framlagning tilboðsins ekki af því að þjónustuveitandi sýndareigna framkvæmi pöruð miðlaraviðskipti eða skipti sýndareignum fyrir fjármuni skal reiturinn tilgreina að viðskiptin hafi verið framkvæmd út frá öðru hlutverki.	„DEAL“ – skipti á sýndareignum fyrir fjármuni „MTCH“ – Pöruð miðlaraviðskipti „AOTC“ – Annað hlutverk
Þáttur C – Dagsetning og tími			
8	Dagsetning og tími	Dagsetning og tími fyrir hvern atburð sem talinn er upp í þáttum G og K í þessari töflu.	{DATE_TIME_FORMAT}

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Upplýsingar um tilboðaskrá
Þáttur D – Gildistími og takmarkanir tilboða			
9	Gildistími	Gildir út daginn (e. *Good-For-Day*): tilboðið rennur út í lok sama viðskiptadags og það var fært í tilboðaskrána. Gildir fram að niðurfellingu (e. *Good-Till-Cancelled*): tilboðið gildir í tilboðaskránni og er framkvæmanlegt þar til það er í raun fellt niður. Gildir fram að tilteknum tíma (e. *Good-Till-Time*): tilboðið rennur út í síðasta lagi á fyrirframákveðnum tíma innan yfirstandandi viðskiptatímabils. Gildir fram á tiltekinn dag (e. *Good-Till-Date*): tilboðið rennur út í lok tiltekins dags. Gildir fram á tiltekinn dag og tíma (e. *Good-Till-Specified Date and Time*): tilboðið rennur út á fyrirframákveðnum degi og tíma. Gildir eftir tiltekinn tíma (e. *Good After Time*): tilboðið gildir einungis eftir fyrirframákveðinn tíma innan yfirstandandi viðskiptatímabils. Gildir eftir tiltekinn dag (e. *Good After Date*): tilboðið gildir einungis frá byrjun fyrirframákveðins dags. Gildir eftir tiltekinn dag og tíma (e. *Good After Specified Date and Time*): tilboðið gildir einungis frá fyrirframákveðnum tíma á fyrirframákveðnum degi. Tafarlaust eða niðurfellt (e. *Immediate-Or-Cancel*): tilboð sem er framkvæmt þegar það er fært í tilboðabókina (í því magni sem unnt er að framkvæma) og hverfur úr tilboðaskránni þótt eftirstandandi magn (ef eitthvert er) hafi ekki verið framkvæmt. Allt eða ekkert (e. *Fill-or-Kill*): tilboð sem er framkvæmt þegar það er fært í tilboðaskrána að því tilskildu að unnt sé að framkvæma það að fullu: Sé einungis unnt að framkvæma tilboðið að hluta til er því sjálfkrafa hafnað og því ekki hægt að framkvæma það. Annað: viðbótarupplýsingar sem eru sértækar fyrir tiltekin viðskiptalíkön, viðskiptavettvanga eða -kerfi.	„DAVY“ – gildir út daginn „GTCV“ – gildir fram að niðurfellingu „GTTV“ – gildir fram að tilteknum tíma „GTDV“ – gildir fram á tiltekinn dag „GTSV“ – gildir fram á tiltekinn dag og tíma „GATV“ – gildir eftir tiltekinn tíma „GADV“ – gildir eftir tiltekinn dag „GASV“ – gildir eftir tiltekinn dag og tíma „IOCV“ – tafarlaust eða niðurfellt „FOKV“ – allt eða ekkert eða {ALPHANUM-4} stafir sem ekki eru þegar í notkun í eigin flokkun viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir.
10	Takmörkun tilboðs	Tækt til pörunar á lokatímabili (e. *Good For Closing Price Crossing Session*): þegar tilboð er tækt til pörunar á lokaverðspörunartímabilinu. Gildir á uppboðstíma (e. *Valid For Auction*): tilboðið er einungis virkt og einungis framkvæmanlegt á uppboðstímabilum (sem sá þjónustuveitandi sýndareigna sem lagði fram tilboðið getur skilgreint fyrirfram, t.d. upphafs- og/eða lokunaruppboð og/eða uppboð innan viðskiptadags). Gildir einungis um samfelld viðskipti (e. *Valid For Continuous Trading only*): tilboðið gildir aðeins innan samfellds viðskiptatíma.	„SESR“ – tæk til pörunar á lokatímabili „VFAR“ – gilda á uppboðstíma „VFCR“ – gildir einungis um samfelld viðskipti {ALPHANUM-4} stafir sem ekki eru þegar í notkun í eigin flokkun viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir.

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Upplýsingar um tilboðaskrá
		Annað: viðbótarupplýsingar sem eru sértækar fyrir tiltekin viðskiptalíkön, viðskiptavettvanga eða -kerfi.	Þennan reit skal fylla út með þeim fjölda flagga sem við á og skulu flöggin aðskilin með kommu, ef fleiri en eitt flagg er viðeigandi.
11	Gildistímabil og tími	Þessi reitur vísar til tímastimpils sem sýnir tímann þegar tilboðið verður virkt eða er endanlega fjarlægt úr tilboðaskránni Gilda út daginn: innsetningardagurinn með tímastimpli rétt fyrir miðnætti. Gilda fram að tilteknum tíma: innsetningardagurinn og tíminn sem tilgreindur er í tilboðinu. Gildir fram á tiltekinn dag: tilgreindur lokadagur með tímastimpli rétt fyrir miðnætti. Gildir fram á tiltekinn dag og tíma: tilgreindur lokadagur og -tími. Gildir eftir tiltekinn tíma: innsetningardagur og tilgreindur tími þegar tilboðið verður virkt. Gilda eftir tiltekinn dag: tilgreindur dagur með tímastimpli rétt eftir miðnætti. Gildir eftir tiltekinn dag og tíma: tilgreindur dagur og tími þegar tilboðið verður virkt. Gildir fram að niðurfellingu: síðasti dagur og tími sem tilboðið er sjálfkrafa fjarlægt með markaðsaðgerðum. Annað: tímastimpill fyrir aðrar gildistegundir.	{DATE_TIME_FORMAT}
Þáttur E – Forgangsröðun og raðnúmer			
12	Forgangstímastimpill	Uppfæra skal reit þennan í hvert sinn sem forgangur tilboðs breytist.	{DATE_TIME_FORMAT}
13	Stærð í forgangi	Fyrir viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir sem nota forgangsröðina stærð-tími skal fylla þennan reit út með jákvæðri tölu sem samsvarar magninu. Uppfæra skal reit þennan í hvert sinn sem forgangur tilboðsins breytist.	Allt að 20 jákvæðum tölustöfum.
14	Raðnúmer	Auðkenna skal hvern atburð sem tilgreindur er í G-þætti með því að nota jákvæðar heilar tölur í hækkandi röð. Raðnúmer skal vera einkvæmt fyrir hverja tegund atburðar; samræmt yfir alla atburði, tímastimplað af rekstraraðila viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir og vera viðvarandi fyrir daginn sem atburðurinn á sér stað.	{INTEGER-50}

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Upplýsingar um tilboðaskrá
Þáttur F – Auðkenning tilboðs			
15	Markaðsauðkenniskóði markaðshluta	Auðkenning viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir þar sem tilboðið var lagt fram. Nota skal markaðsauðkenniskóða markaðshluta ef viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir notar hann. Ef viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir notar ekki markaðsauðkenniskóða markaðshluta skal nota markaðsauðkenniskóða rekstraraðila.	{MIC}
16	Kóði tilboðaskrár	Alstafakóði sem viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir hefur stofnað til fyrir sérhverja tilboðaskrá.	{ALPHANUM-20}
17	Auðkenniskóði sýndareigna	Einkvæmt og ótvírætt auðkenni sýndareignar í samræmi við 4. gr.	{DTI} {ALPHANUM-20}
18	Viðtökudagur	Viðtökudagur upphaflegs tilboðs.	{DATEFORMAT}
19	Auðkenniskóði tilboðs	Alstafakóði sem úthlutað er af rekstraraðila viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir á einstök tilboð.	{ALPHANUM-50}
Þáttur G – Atburðir sem hafa áhrif á tilboðið			
20	Nýtt tilboð, breyting á tilboði, niðurfelling tilboða, synjun tilboða, framkvæmd að fullu eða að hluta til	Nýtt tilboð: framlagning á nýju tilboði til þjónustuveitanda sýndareigna sem starfrækir viðskiptavettvang fyrir sýndareignir. Virkjuð: tilboð sem verður framkvæmanlegt eða, eftir atvikum, ekki framkvæmanlegt þegar fyrir-framákveðnum skilyrðum er fullnægt. Þátttakandi í viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir skiptir út: þegar þátttakandi í viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir ákveður, að eigin frumkvæði, að breyta einhverjum einkennum tilboðs sem hann hafði áður fært inn í tilboðaskrána. Markaðsaðgerðir (sjálfvirkar) skipta út: þegar upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi rekstraraðila viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir breyta einhverjum einkennum tilboða. Þar á meðal eru breytingar á núverandi einkennum viðmiðstengds tilboðs (e. *peg order*) eða stopptilboðs til að endurspegla staðsetningu tilboðsins í tilboðaskránni Skipt út með markaðsaðgerðum (mannleg íhlutun): þegar starfsfólk rekstraraðila viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir breytir einhverjum eiginleikum tilboðs. Þetta felur í sér aðstæður þar sem þátttakandi í viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir fer fram á tafarlausa niðurfellingu tilboða sem tengjast atvikum í upplýsinga- og fjarskiptatækni. Breyting á stöðu að frumkvæði þátttakanda í viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir. Þar á meðal er sú ráðstöfun að gera tilboð virkt og óvirkt. Breyting á stöðu vegna markaðsaðgerða. Niðurfelld að frumkvæði þátttakanda í viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir: þegar þátttakandi eða viðskiptavinur ákveður að eigin frumkvæði að afturkalla tilboðið sem hann hefur áður fært inn.	„NEWO“ – nýtt tilboð „TRIG“ – virkjað „REME“ – aðili að eða þátttakandi í viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir skiptir út „REMA“ – skipt út með markaðsaðgerðum (sjálfvirkum) „REMH“ – skipt út með markaðsaðgerðum (mannleg íhlutun) „CHME“ – breyting á stöðu að frumkvæði þátttakanda í viðskiptavettvangi fyrir sýndar-eignir „CHMO“ – breyting á stöðu vegna markaðs-aðgerða „CAME“ – niðurfelld að frumkvæði þátt-takanda í viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Upplýsingar um tilboðaskrá
		Niðurfelld með markaðsaðgerðum. Tilboð sem er hafnað: tilboð sem tekið er við en rekstraraðili viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir hafnar. Útrunnið tilboð: þegar tilboð eru fjarlægð úr tilboðaskránni við lok gildistíma þeirra. Framkvæmd að hluta til: þegar tilboð eru ekki framkvæmd að fullu og eitthvert magn þeirra stendur eftir óframkvæmt. Framkvæmd að fullu: þegar ekkert eftirstandandi magn er til að framkvæma.	„CAMO“ – niðurfelld með markaðsaðgerðum „REMO“ – tilboð sem er hafnað „EXPI“ – útrunnið tilboð „PARF“ – framkvæmd að hluta til „FILL“ – framkvæmd að fullu {ALPHANUM-4} stafir sem ekki eru þegar í notkun í eigin flokkun viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir.
Þáttur H – Tegund tilboðs			
21	Tegund tilboðs	Tilgreining á tegund tilboðs sem lagt er fram á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir, samkvæmt forskrift viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir.	{ALPHANUM-50}
22	Flokkun á tegund tilboðs	Flokkun á tilboði samkvæmt tveimur almennum tegundum tilboða. SKILYRT tilboð: sé hægt að framkvæma tilboðið, og STOPPtilboð: sé einungis hægt að framkvæma tilboðið þegar fyrirframskilgreindur verðatburður verður að veruleika	Bókstafirnir „LMTO“ fyrir „skilyrt“ eða bókstafirnir „STOP“ fyrir „stopp“.
Þáttur I – Verð			
23	Skilyrt verð	Hámarksverð sem unnt er að framkvæma kauptilboð á eða lágmarksverð sem unnt er að framkvæma sölutilboð á. Verðbilið fyrir áætlunarfyrirmæli (e. *strategy order*). Það getur verið neikvætt eða jákvætt. Í þessum reit skal standa „NOAP“ ef hann á ekki við. Sé verðið tilkynnt í peningafjárhæðum skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Ef viðskipti eru með sýndareign á grundvelli gjaldmiðlapars skal verðið gefið upp sem magn mótmyntar fyrir hverja einingu grunngjaldmiðils. Ef verðið er gefið upp í undirþáttum sýndareignarinnar skal engu að síður skrá það með tugastaf af verðinu sem gefið er upp í einingum sýndareignarinnar.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun. {DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum. „NOAP“

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Upplýsingar um tilboðaskrá
24	Skilyrt verð til viðbótar	Annað skilyrt verð sem kann að eiga við um tilboðið. Í þessum reit skal standa „NOAP“ ef hann á ekki við. Sé verðið tilkynnt í peningafjárhæðum skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Ef viðskipti eru með sýndareign á grundvelli gjaldmiðlapars skal verðið gefið upp sem magn mótmyntar fyrir hverja einingu grunngjaldmiðils. Ef verðið er gefið upp í undirþáttum sýndareignarinnar skal engu að síður skrá það með tugastaf af verðinu sem gefið er upp í einingum sýndareignarinnar.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun. {DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum. „NOAP“
25	Stoppverð	Verðið sem verður að nást svo að tilboðið verði virkt. Sé um að ræða stopptilboð sem atburðir óháðir verði sýndareignarinnar setja af stað skal fylla þennan reit út með markverðinu núll. Í þessum reit skal standa „NOAP“ ef hann á ekki við. Sé verðið tilkynnt í peningafjárhæðum skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Ef viðskipti eru með sýndareign á grundvelli gjaldmiðlapars skal verðið gefið upp sem magn mótmyntar fyrir hverja einingu grunngjaldmiðils. Ef verðið er gefið upp í undirþáttum sýndareignarinnar skal engu að síður skrá það með tugastaf af verðinu sem gefið er upp í einingum sýndareignarinnar.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun. {DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum. „NOAP“
26	Viðmiðstengt skilyrt verð	Hámarksverð sem unnt er að framkvæma viðmiðstengd kauptilboð á eða lágmarksverð sem unnt er að framkvæma viðmiðstengd sölutilboð á. Í þessum reit skal standa „NOAP“ ef hann á ekki við. Sé verðið tilkynnt í peningafjárhæðum skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Ef viðskipti eru með sýndareign á grundvelli gjaldmiðlapars skal verðið gefið upp sem magn mótmyntar fyrir hverja einingu grunngjaldmiðils. Ef verðið er gefið upp í undirþáttum sýndareignarinnar skal engu að síður skrá það með tugastaf af verðinu sem gefið er upp í einingum sýndareignarinnar.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun. {DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum. „NOAP“
27	Verð í viðskiptum	Verð sem viðskiptin fara fram á að undanskildum, ef við á, þóknunum, öðrum gjöldum og áföllnum vöxtum. Fylla skal þennan reit út með gildinu „NOAP“ ef verð á ekki við. Sé verðið skráð í peningafjárhæðum skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Upplýsingar um tilboðaskrá
		Ef viðskipti eru með sýndareign á grundvelli gjaldmiðlapars skal verðið gefið upp sem magn mótmyntar fyrir hverja einingu grunngjaldmiðils.	{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum. „NOAP“
28	Gjaldmiðill verðs	Gjaldmiðillinn sem verð sýndareignarinnar sem tilboðið tengist er gefið upp í (á við þegar verðið er gefið upp sem peningagildi). Ef viðskipti eru með sýndareignina í rafeyri/rafeyristóka skal nota auðkenni fyrir stafræna tóka, eins og tilgreint er í 4. gr. Ef verð sýndareignarinnar er tilgreint í fjárhæðum og gefið upp í gjaldmiðlapari skal tilkynna í hvaða gjaldmiðlapari verð sýndareignarinnar sem tengist tilboðinu er tilgreint í. Fyrri gjaldmiðilskóðinn skal vera grunngjaldmiðillinn og sá síðari skal vera mótmyntin. Mótmyntin ákvarðar verð einnar einingar grunngjaldmiðilsins. Nota skal gjaldmiðilskóða og stuttnefni auðkennis fyrir stafræna tóka eins og skráð er samkvæmt gagnastökum ISO-staðals 24165-2 að því er varðar skráningu á auðkenni fyrir stafræna tóka eða annað jafngilt auðkenni sem um getur í 4. gr. til að gefa til kynna gjaldmiðil og sýndareign í gjaldmiðlaparinu, eftir því sem við á.	{CURRENCYCODE_3} {DTI} {ALPHANUM-20} Nota ætti {CURRENCYCODE_3} fyrir löglega gjaldmiðla í gjaldmiðlapari Nota ætti {DTI_SHORT_NAME} fyrir sýndareignir í gjaldmiðlapari „NOAP“
29	Framsetningarform verðs	Tilgreining á því hvort verðið er gefið upp sem peningagildi, í prósentum, sem ávöxtun, í grunnpunktum eða sem sýndareignir.	„MONE“ – peningagildi „PERC“ – hundraðshluti „YIEL“ — ávöxtun „BAPO“ – grunnpunktar
Þáttur J – Fyrirmæli með tilboðum			
30	Kaup- eða söluvísir	Til að skrá hvort tilboðið varðar kaup eða sölu.	„BUYI“ – kaupa „SELL“ – selja
31	Staða tilboðs	Til að auðkenna tilboð sem eru virk/óvirk/stöðvuð tímabundið, föst/leiðbeinandi (einungis notað um verðtilboð)/fólgin (e. *implicit*)/endurbeind (e. *rerouted*). Virk – framkvæmanleg tilboð önnur en verðtilboð. Óvirk – óframkvæmanleg tilboð önnur en verðtilboð. Föst/leiðbeinandi – einungis notað um verðtilboð. Leiðbeinandi verðtilboð merkir að þau séu sýnileg en ekki sé hægt að framkvæma þau. Þetta felur í sér ábyrgðir á sumum viðskiptavettvöngum fyrir sýndareignir. Hægt er að framkvæma föst verðtilboð.	„ACTI“ – virk eða „INAC“ – óvirk eða „FIRM“ – föst verðtilboð eða „INDI“ – leiðbeinandi verðtilboð

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Upplýsingar um tilboðaskrá
		Fólgin – Notað um áætlunarfyrirmæli (e. *strategy orders*) sem hljótast af virkninni „fólgin inn“ (e. *implied in*) eða „fólgin út“ (e. *implied out*). Beind – Notað um tilboð sem viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir beinir til annars vettvangs.	eða „IMPL“ – fólgin áætlunarfyrirmæli eða „ROUT“ – beind tilboð. Ef fleiri en ein staða á við skal fylla þennan reit út með fleiri en einu flaggi og aðskilja flöggin með kommu.
32	Framsetningarform magns	Tilgreining á því hvort tilkynnt magn er gefið upp sem fjöldi eininga, nafnvirði eða peningagildi eða sýndareignir.	„UNIT“ – fjöldi eininga „NOML“ – nafnvirði „MONE“ – peningagildi ‘{CRYP}’ – gildi í sýndareignum
33	Gjaldmiðill magns	Gjaldmiðill sem magnið er gefið upp í. Gjaldmiðillinn skal vísa til eininga sýndareigna, jafnvel þegar viðskiptin eru tilgreind í undirþáttum sýndareignarinnar. Aðeins þarf að fylla út reitinn ef magnið er gefið upp sem nafnvirði peningagildis eða í einingum sýndareigna.	{CURRENCYCODE_3} {DTI} {ALPHANUM-20}
34	Upphaflegt magn	Fjöldi eininga sýndareigna í tilboði. Ef tilboðið varðar brot af sýndareign skal tilgreina magn eininga með tugastaf. Nafnvirði eða peningalegt virði sýndareignar.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga. {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.
35	Eftirstandandi magn	Heildarmagn sem stendur eftir í tilboðaskrá þegar framkvæmd hefur farið fram að hluta eða ef annar atburður hefur áhrif á tilboðið. Sé um að ræða atburð þar sem tilboðið er framkvæmt að hluta skal tilgreina heildareftirstöðvar magns eftir þá framkvæmd að hluta. Við innsetningu tilboðs skal þetta jafngilda upphaflegu magni.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga. {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.
36	Sýnt magn	Magnið sem er sýnilegt (andstætt við dulið) í tilboðinu.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga. {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Upplýsingar um tilboðaskrá
37	Magn sem viðskipti voru með	Við framkvæmd að fullu eða að hluta skal fylla út þennan reit með framkvæmdu magni.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga. {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.
38	Lágmark fullnægjandi magns (MAQ)	Lágmark fullnægjandi magns til að pöntun sé framkvæmd, sem getur samanstaðið af fleiri en einni framkvæmd að hluta og er jafnan aðeins fyrir skammtímategundir tilboða (e. *non-persistent*). Í þessum reit skal standa „NOAP“ ef hann á ekki við.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga. {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði. „NOAP“
39	Lágmarks framkvæmanleg stærð (MES)	Lágmarks framkvæmdarstærð hverrar einstakrar hugsanlegrar framkvæmdar. Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga. {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.
40	Lágmarks framkvæmanleg stærð aðeins við fyrstu framkvæmd	Tilgreining á því hvort lágmarks framkvæmanleg stærð á aðeins við um fyrstu framkvæmd. Þennan reit má skilja eftir auðan ef reitur 39 er skilinn eftir auður.	„rétt“ „rangt“
41	Tilgreining á hlutleysi (e. *passive only*)	Tilgreining á því hvort tilboðið er lagt fram á viðskiptavettvang fyrir sýndareignir með því formerki/flaggi að það skuli ekki parast þegar í stað við sýnilega gagnstætt tilboð.	„rétt“ „rangt“
42	Tilgreining á hlutleysi eða ágengni (e. *passive or aggressive*)	Tilgreining á því hvort tilboð sem var framkvæmt að hluta eða til fulls var þegar í tilboðaskránni og myndaði seljanleika (hlutlaust) eða virkjaði viðskiptin og tók þar með upp seljanleika (ágengt). Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.	„PASV“ – hlutlaust eða „AGRE“ – ágengt.

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Upplýsingar um tilboðaskrá
43	Komið í veg fyrir eigin framkvæmd	Tilgreining á því hvort tilboð hafi verið sett inn ásamt viðmiðum til að koma í veg fyrir eigin framkvæmd, svo þau séu ekki pöruð við tilboð á andstæðri hlið tilboðabókarinnar sem sami þátttakandi setur inn.	„rétt“ „rangt“
44	Auðkenning tilboðs sem tengist áætlun	Alstafakóði er notaður til að tengja öll tengd tilboð sem eru hluti af áætlun skv. 2. mgr. 9. gr.	{ALPHANUM-50}
45	Beiningaráætlun	Viðkomandi áætlun um beiningu tilboðs (e. *routing*) samkvæmt forskrift viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir. Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.	{ALPHANUM-50}
46	Auðkenniskóði viðskipta	Alstafakóði sem viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir úthlutar á viðskipti skv. 14. gr. Kóðinn skal vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur með tillit til hvers markaðsauðkenniskóða markaðshluta (e. *segment MIC*), samkvæmt ISO-staðli 10383, og hvers viðskiptadags. Einstakir hlutar auðkenniskóða viðskipta mega ekki sýna hverjir eru mótaðilar viðskiptanna sem kóðinn gildir um. Að því er varðar tilboð sem send eru á viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir, eins og um getur í 12. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um að koma á tæknistaðli, sem samþykkt var skv. b-lið fyrstu undirgreinar 10. mgr. 68. gr., til einingar sem veitir þjónusta á sviði sýndareigna utan Sambandsins skulu þessar upplýsingar ávallt skráðar þegar unnt er að sækja þær.	{ALPHANUM-52}
Þáttur K – Viðskiptafasar, leiðbeinandi uppboðsverð og magn			
47	Viðskiptafasar	Heiti hvers mismunandi viðskiptafasa á meðan tilboð eru til staðar í tilboðaskránni, að meðtöldum styttri, tímabundnum stöðvunum viðskipta, útsláttum viðskiptarofa (e. *circuit breakers*) og lengri stöðvunum viðskipta.	{ALPHANUM-50}
48	Leiðbeinandi uppboðsverð	Verðið sem uppboðið myndi parast á miðað við þær sýndareignir sem eitt eða fleiri tilboð hafa verið lögð fram í.	{DECIMAL-18/5} sé verðið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði. Sé verðið tilkynnt sem peningafjárhæð skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Upplýsingar um tilboðaskrá
49	Leiðbeinandi uppboðsmagn	Magnið (fjöldi eininga af sýndareigninni) sem hægt er að framkvæma á leiðbeinandi uppboðsverðinu ef uppboðinu myndi ljúka nákvæmlega á viðkomandi augnabliki.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga. {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.

Þáttur L – Búsetuland einstaklinga			
50	Tilgreining búsetulands	Skal útfyllt ef einstaklingur hefur heimilisfestu í öðru landi en landinu þar sem viðkomandi hefur ríkisfang, eins og um getur í 4. mgr. 3. gr.	{COUNTRYCODE_2} „NOAP“

Tafla 3

Gögn innan keðju

Nr. reits	Reitur	Innihald sem ber að skrá	Ítarupplýsingar sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
1	Viðskiptatæti	Auðkenni sem auðveldar einkvæma auðkenningu á tiltekinni viðskiptafærslu sem á sér stað í netkerfinu.	{ALPHANUM-140}
2	Vistföng veskja	Kóði sem auðkennir á einkvæman hátt veski sem tilheyrir kaupanda/seljanda og sýndareignin er flutt í.	{ALPHANUM-140}
3	Vistföng snjallsamninga	Kóði sem auðkennir vistfang snjallsamnings á einkvæman hátt.	{ALPHANUM-140}
4	Tímastimpill	Tímastimpill við stofnun bálka.	{DATE_TIME_FORMAT}
5	Magn/núverandi heildarframboð	Hlutfallið milli yfirfærðs magns og núverandi breytilegar fjárhæðar eignarinnar.	
6	Auðkenniskóði tóka	Auðkenni fyrir stafræna tóka eða annað jafngilt auðkenni sem um getur í 4. gr.	{DTI} {ALPHANUM-20}
7	Netgjald	Gjöld sem greiða þarf til að standa straum af kostnaði við stofnun nýs bálka.	
8	Gjaldmörk	Hámarksfjárhæð „netgjalda“ sem notandi í keðjunni er tilbúinn að greiða fyrir framkvæmd tiltekinnar viðskiptafærslu.	

Nr. reits	Reitur	Innihald sem ber að skrá	Ítarupplýsingar sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
9	*Gagnastærð*	Í tengslum við „netgjald“ og „gjaldmörk“ getur viðskiptafærsla innan keðju innihaldið „fylgiskjöl“ í sérstökum *gagnareit* sem hafa áhrif á þau netgjöld sem þarf til að vinna viðskiptafærsluna.	
10	„Til“	Einkvæmt auðkenni fyrir kaupanda, að jafnaði myndað með dreifðri færsluskrártækni á grundvelli vistfanga veskja kaupenda.	{ALPHANUM-140}
11	„Frá“	Einkvæmt auðkenni fyrir seljanda, að jafnaði myndað með dreifðri færsluskrártækni á grundvelli vistfanga veskja seljenda.	{ALPHANUM-140}
12	Gjaldmiðill	Gjaldmiðilskóði.	{CURRENCYCODE_3} {DTI} {ALPHANUM-20}
13	Færslunúmer í viðskiptaskrá	Auðkennisnúmer skráð í reit 2, sem er einkvæmt fyrir framkvæmdarfyrirtækið fyrir hverja skráningu til að tryggja að hægt sé að koma á tengingu milli skýrslu innan keðju og skýrslu utan keðju.	{ALPHANUM-140}

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/417 **2026/EES/19/02**

frá 28. nóvember 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvernig þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir eiga að setja fram gögn í þágu gagnsæis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 16. mgr. 76. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mikið gagnsæi er nauðsynlegt til að tryggja að fjárfestar séu upplýstir á fullnægjandi hátt um eiginlegt umfang raunverulegra og mögulegra viðskipta með sýndareignir sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi sem þjónustuveitandi sýndareigna starfrækir. Þetta mikla gagnsæi ætti einnig að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði milli viðskiptavettvanga þannig að verðákvörðunarferlið að því er varðar stakar sýndareignir veikist ekki vegna tvístrunar seljanleika og að fjárfestar verði ekki fyrir óhagræði.

2) Til að fjárfestar fái fullnægjandi upplýsingar um aðgengi, kostnað, umfang og starfsemi viðskiptavettvanga sem þeir nota eða hyggjast nota, er mikilvægt að starfsreglur viðskiptavettvanganna séu aðgengilegar með gagnsæjum hætti og án mismununar. Fjárfestar ættu að hafa greiðan aðgang að þessum upplýsingum.

3) Til að gera fjárfestum kleift að taka upplýstar ákvarðanir um tilboð eða viðskipti með sýndareignir og til að stuðla að heilleika markaðar ættu viðskiptavettvangar fyrir sýndareignir að birta opinberlega allar pantanir og viðskipti á vettvöngum sínum eins nálægt rauntíma og er tæknilega mögulegt. Með tilliti til þess er einnig mikilvægt að samræma upplýsingarnar sem á að birta, þannig að fjárfestar geti notað, borið saman og safnað upplýsingum sem eru birtar frá mismunandi viðskiptavettvöngum fyrir sýndareignir.

4) Til að tryggja sanngjörn skilyrði fyrir allar gerðir fjárfesta, jafnt hæfa fjárfesta sem almenna eigendur, að því er varðar aðgengi að tilboðaumsýslukerfum, geta viðskiptavettvangar fyrir sýndareignir boðið ísjakatilboð og stopptilboð beint í gegnum viðskiptavettvang sinn þegar tiltekin skilyrði eru uppfyllt.

5) Dreifð færsluskrártækni hefur leitt til nýstárlegs fyrirkomulags á viðskiptavettvöngum fyrir sýndareignir. Viðskiptavettvangar fyrir sýndareignir eru iðulega aðgreindir sem annaðhvort miðstýrðar kauphallir utan keðju eða dreifstýrðar kauphallir innan keðju, svo sem þær sem eru starfræktar samkvæmt sjálfvirku viðskiptavakalíkani. Miðstýrðar kauphallir utan keðju einkennast af miðstýringu á framkvæmd viðskipta og vörsluháttum. Miðstýrðar kauphallir utan keðju nota alla jafna tilhögun sem er algeng í hefðbundnum fjármálum, þ.m.t. miðlægar fyrirmælaskrár með takmörkunum. Dreifstýrðar kauphallir innan keðju starfa aftur á móti án miðlægs rekstraraðila og greiða fyrir beinum viðskiptum í dreifðum færsluskrám með snjallsamningum, en heimila notendum jafnframt að stunda viðskipti með veskjum sem eru ekki í vörslu. Auk þess krefst þróun á landslagi sem felur í sér blönduð líkön sem sameina þætti frá bæði miðstýrðum kauphöllum utan keðju og dreifstýrðum kauphöllum innan keðju stjórnsýslunálgunar sem er bæði nákvæm og aðlögunarhæf. Í ljósi þessarar þróunar þykir rétt að skýra kröfurnar um gagnsæi gagna, sem gilda um þau viðskiptakerfi sem greiða fyrir beinum viðskiptum í dreifðum færsluskrám með snjallsamningum, að því marki sem þau eru ekki gerð með algjörlega dreifstýrðum hætti án milliliðar og falla því undir reglugerð (ESB) 2023/1114.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/417, 14.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2025 frá 13. júní 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 2.10.2025, bls. 42.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

6) Upplýsingar sem krafist er að séu gerðar aðgengilegar eins nálægt rauntíma og unnt er ættu að vera aðgengilegar eins fljótt og tæknilega er mögulegt, að því gefnu að kerfi þjónustuveitenda sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir séu nægilega skilvirk. Birting upplýsinganna nálægt fyrirframgefnum lokafresti ætti aðeins að vera í undantekningartilvikum, ef ekki er unnt að birta upplýsingar innan styttri tímamarka með fyrirliggjandi kerfum.

7) Mikilvægt er að tilgreina á hvaða aðgreiningarstigi gagna viðskiptavettvangar geta selt gögn til að mæta fjölbreyttum þörfum markaðsaðila sem stuðla að skilvirkum mörkuðum. Til að tryggja að notendur gagna geti aðeins keypt eða haft aðgang þeim gögnum sem mæta sértækum þörfum þeirra ættu þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir að aðgreina gögn eftir, að lágmarki, gerð sýndareignar (eignatengdir tókar, rafeyristókar, aðrar sýndareignir en eignatengdir tókar og rafeyristókar), í hvaða gjaldmiðli viðskipti með sýndareignir eru gerð og tegund viðskiptakerfis. Þessi gögn ættu að vera aðgengileg notendum á grundvelli sýndareigna, eftir því sem hægt er.

8) Til að tryggja að for- og eftirviðskiptagögn sem eru í boði til að kaupa samsvari á viðhlítandi hátt eftirspurninni frá markaðsaðilum ættu þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang að bjóða á sanngjörnum viðskiptagrunni hvaða samsetningu sem er af aðgreiningarviðmiðunum.

9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almennar meginreglur um framsetningu upplýsinga um starfsreglur fyrir viðskiptavettvanga

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu birta upplýsingar um starfsreglur fyrir viðskiptavettvanginn án endurgjalds og þannig að þær séu aðgengilegar, án mismununar, áberandi, skiljanlegar, sanngjarnar, skýrar og ekki villandi.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu birta starfsreglurnar fyrir viðskiptavettvang sinn í einu skjali á vefsetri þjónustuveitanda sýndareigna.

2. gr.

Gagnsæi áður en viðskipti fara fram

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu birta opinberlega öll kaup- og sölutilboðsverð og magnið sem er í boði á því verði, eins og um getur í 9. mgr. 76. gr. reglugerðar (EU) 2023/1114, í samræmi við gerð þeirra viðskiptakerfa sem þeir starfrækja, eins og skráð er í töflu 1 í I. viðauka við þessa reglugerð.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

2. Þegar þær hlutlægu markaðsaðstæður sem um getur í a-lið koma upp skulu þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir birta þau tilboð sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) tilboðin eru háð því að hlutlægar markaðsaðstæður séu til staðar og skilgreindar fyrirfram í samskiptaferlum viðskiptakerfisins,

b) tilboðin geta ekki mætt öðrum fyrirliggjandi viðskiptaáhuga fyrir birtingu í tilboðaskránni sem viðskiptavettvangurinn heldur,

c) tilboðin mæta, þegar þau hafa verið birt í tilboðaskránni, öðrum tilboðum í samræmi við þær reglur sem gilda um þess konar tilboð á birtingartímanum.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu birta upplýsingar um hver fyrirmæli um sýndareignir, eins og sett er fram í töflum 2 og 3 í I. viðauka.

3. gr.

Gagnsæi eftir viðskipti

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu birta upplýsingar um sérhver viðskipti, eins og um getur í 10. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, eins og sett er fram í töflum 1 og 2 í II. viðauka.

2. Sé áður birt viðskiptatilkynning afturkölluð skulu þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir birta opinberlega nýja viðskiptatilkynningu sem hefur að geyma allar upplýsingar í upprunalegu viðskiptatilkynningunni og flöggunina um afturköllun sem tilgreind er í töflu 3 í II. viðauka.

3. Ef áður birtum upplýsingum um viðskipti er breytt skulu þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir birta eftirfarandi upplýsingar:

a) nýja viðskiptatilkynningu sem hefur að geyma allar upplýsingar í upprunalegu viðskiptatilkynningunni og flöggunina um afturköllun sem tilgreind er í töflu 3 í II. viðauka,

b) nýja viðskiptatilkynningu sem hefur að geyma allar upplýsingar í upprunalegu viðskiptatilkynningunni með öllum nauðsynlegum leiðréttingum og flöggun um breytingu sem tilgreind er í töflu 3 í II. viðauka.

4. gr.

Opinber birting í rauntíma á upplýsingum um viðskipti

Að því er varðar viðskipti sem fara fram á viðskiptavettvöngum fyrir sýndareignir skulu þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir birta upplýsingar um hver viðskipti, eins og sett er fram í töflum 1, 2 og 3 í II. viðauka, eins nálægt rauntíma og unnt er og í öllu falli innan þrjátíu sekúndna frá því að viðskiptin fara fram.

5. gr.

Sundurliðun á for- og eftirviðskiptaupplýsingum

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu gera þær upplýsingar sem eru birtar í samræmi við 2. og 3. gr. tiltækar almenningi með því að birta for- og eftirviðskiptaupplýsingar í þágu gagnsæis á aðgreindan hátt.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu, að beiðni hagsmunaaðila, gera þau gögn sem eru birt í samræmi við 2. og 3. gr. tiltækar almenningi með því að birta for- og eftirviðskiptagögn á aðgreindan hátt fyrir hverja sýndareign.

3. Auk þess að setja gögnin fram í samræmi við 2. mgr. geta þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang sett fram gögnin sem um getur í 2. mgr. í sýndareignapökkum.

4. Ákvæði 2. og 3. mgr. skulu ekki gilda ef upplýsingarnar sem um getur í 2. og 3. gr. eru gerðar aðgengilegar án endurgjalds.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

FORVIÐSKIPTAUPPLÝSINGAR SEM BIRTA SKAL

Tafla 1

Lýsing á tegund viðskiptakerfa og tengdar upplýsingar sem birta skal opinberlega í samræmi við 1. mgr. 1. gr.

	Tegund viðskiptakerfis	Lýsing á viðskiptakerfi	Upplýsingar sem birta skal opinberlega
1	Samfellt uppboðsviðskiptakerfi með tilboðaskrá	Kerfi sem notar tilboðaskrá og viðskiptaalgrím sem starfa án mannlegrar íhlutunar til að para með samfelldum hætti sölutilboð og kauptilboð á grundvelli besta verðs.	Samanlagður fjöldi tilboða og sýndareigna sem tilboðin standa fyrir, á hverju verði fyrir a.m.k. fimm hagstæðustu verð kaup- og sölutilboða.
2	Tilboðsdrifið viðskiptakerfi	Kerfi þar sem viðskipti fara fram á grundvelli fastra verðtilboða sem þátttakendum er veittur stöðugur aðgangur að.	Fyrir hverja sýndareign sem viðskipti eru með í viðskiptakerfi, besta verð kaup- og sölutilboða frá hverjum þátttakanda, ásamt magninu sem samsvarar verðinu. Verðtilboð sem eru birt opinberlega skulu vera þau tilboð sem fela í sér bindandi skuldbindingu til að kaupa og selja sýndareignir og sem tilgreina verð og magn sýndareigna sem þátttakendur eru reiðubúnir að kaupa eða selja á.
3	Reglulegt uppboðsviðskiptakerfi	Kerfi sem parar tilboð á grundvelli reglulegs uppboðs og viðskiptaalgríms sem starfar án mannlegrar íhlutunar.	Verðið sem fellur best að viðskiptaalgrími uppboðsviðskiptakerfisins fyrir sýndareignir sem viðskipti eru með í viðskiptakerfinu og magnið sem væri mögulega framkvæmanlegt á því verði fyrir þátttakendur í því kerfi.
4	Sjálfvirkir viðskiptavakar	Kerfi sem byggist á lausafjársjóðum og stærðfræðilegum verðlagningar- og matslíkönum til að framkvæma stakar viðskiptafærslur sjálfkrafa.	i. stærðfræðilega jafnan sem notuð er til að ákvarða verðið og magn sýndareigna í lausafjársjóðunum, ii. stig lausafjár í lausafjársjóði á tilteknum tímapunkti (með samfelldum hætti), og iii. allar nánari upplýsingar og breytur sem gera kleift að ákvarða á hvaða verði tiltekið tilboð verður.

	Tegund viðskiptakerfis	Lýsing á viðskiptakerfi	Upplýsingar sem birta skal opinberlega
5	Blandað viðskiptakerfi	Kerfi sem fellur undir tvær eða fleiri gerðir viðskiptakerfa sem um getur í línum 1-4 í þessari töflu.	Fyrir blönduð viðskiptakerfi sem tengja saman ólík viðskiptakerfi á sama tíma samsvara kröfurnar þeim kröfum um gagnsæi fyrir viðskipti sem gilda um sérhverja tegund viðskiptakerfis sem myndar blandaða kerfið. Fyrir blönduð viðskiptakerfi sem tengja saman tvö eða fleiri viðskiptakerfi í röð samsvara kröfurnar kröfum um gagnsæi fyrir viðskipti sem gilda um viðkomandi viðskiptakerfi sem er starfrækt á tilteknum tímapunkti.
6	Annað viðskiptakerfi	Allar aðrar gerðir viðskiptakerfa.	Fullnægjandi upplýsingar um umfang tilboða eða verðtilboða og magn í boði að því er varðar sýndareignir sem viðskipti eru með í viðskiptakerfinu, einkum fimm hagstæðustu verð kaup- og sölutilboða og/eða tvíhliða tilboð hvers viðskiptavaka með sýndareignum, ef eiginleikar verðákvörðunarkerfisins gera það kleift.

Tafla 2

Táknatafla fyrir töflu 3

Tákn	Gagnategund	Skilgreining
{ALPHANUM-n}	Allt að n-alstöfum	Reitur fyrir frjálsan texta.
{CURRENCYCODE_3}	3 alstafir	Þriggja bókstafa gjaldmiðilskóði, eins og tilgreint er í skilgreiningu ISO 4217 gjaldmiðilskóðum.
{DATE_TIME_FORMAT}	ISO 8601 dagsetningar- og tímasnið	Dagsetning og tími á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ss.dddddd Z. — „ÁÁÁÁ“ er árið, — „MM“ er mánuðurinn, — „DD“ er dagurinn, — „T“ merkir að nota skal bókstafinn „T“ — „kk“ er klukkustundin, — „mm“ er mínútan, — „ss.dddddd“ eru sekúndan og sekúndubrot hennar, — Z er samræmdur heimstími (UTC). Dagsetningar og tíma skal tilkynna á UTC.

Tákn	Gagnategund	Skilgreining
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir geta verið brotatölur	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi. — táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur), — neikvæðar tölur eru með forskeytinu „-“ (mínus); gildi eru námunduð og ekki stýfð.
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og tilgreint er í ISO 10383.

Tafla 3

Listi yfir upplýsingar fyrir gagnsæi áður en viðskipti fara fram

#	Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Snið sem fylla skal út eins og tilgreint er í töflu 2
1	Framlagningardagur og -tími	Ef ekki þarf að birta tilboð og verðtilboð á samanteknum grunni, dagsetninga og tími þegar tilboðið eða verðtilboðið var fært til framkvæmdar inn í viðskiptakerfið.	{DATE_TIME_FORMAT}
2	Auðkenniskóði sýndareigna	Einkvæmt og ótvírætt auðkenni sýndareignar, í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar um að koma á tæknistöðlum, sem samþykkt var skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.	Fylla skal út í samræmi við reit 10 í töflu 2 í 2. lið viðauka við framselda reglugerð um að koma á tæknistöðlum sem samþykkt var skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
3	Fullt heiti sýndareignar	Fullt heiti sýndareignarinnar.	{ALPHANUM-350}
4	Kaup- eða söluvísir	Vísir um hvort tilboðið varðar kaup eða sölu.	„BUYI“ – kaupa „SELL“ – selja
5	Verð	Fjárhæð fyrirmæla og verðtilboða sem krafist er fyrir hvert viðskiptakerfi í töflu 1 í I. viðauka og að undanskildum þóknunum og áföllnum vöxtum, eftir atvikum. Sé verðið sýnt sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Ef viðskipti eru með sýndareign á grundvelli gjaldmiðlapars skal verðið gefið upp sem magn mótmyntar fyrir hverja einingu grunngjaldmiðils. Skilja skal þennan reit eftir auðan séu tilboð á markaði tilgreind.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun. {DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum.

#	Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Snið sem fylla skal út eins og tilgreint er í töflu 2
6	Gjaldmiðill verðs	Gjaldmiðillinn sem verð sýndareignarinnar sem tilboðið tengist er gefið upp í (á við þegar verðið er gefið upp sem peningagildi). Ef viðskipti eru með sýndareignina í rafeyri/rafeyristóka skal nota auðkennið sem um getur í 15. gr. framseldrar reglugerðar um að koma á tæknistöðlum, sem samþykkt var skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Ef verð sýndareignarinnar er tilgreint í fjárhæðum og í gjaldmiðlapari skal tilkynna í hvaða gjaldmiðlapari verð sýndareignarinnar sem tengist tilboðinu er tilgreint í. Fyrri gjaldmiðils-kóðinn skal vera grunngjaldmiðillinn og sá síðari skal vera mótmyntin. Mótmyntin ákvarðar verð einnar einingar grunngjaldmiðilsins. Nota skal ISO-gjaldmiðilskóða og stuttnefni auðkenni fyrir stafræna tóka eins og það er skráð í samræmi við gagnastök ISO-staðals 24165-2 að því er varðar skráningu á auðkenni fyrir stafræna tóka eða annað auðkenni sem um getur í 15. gr. framseldrar reglugerðar um að koma á tæknistöðlum, sem samþykkt var skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 til að gefa til kynna gjaldmiðil og sýndareign í gjaldmiðlaparinu, eftir því sem við á.	Fylla skal út í samræmi við reit 21 í töflu 2 í 2. lið viðauka við framselda reglugerð um að koma á tæknistöðlum sem samþykkt var skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
7	Framsetningarform verðs	Tilgreining á því hvort verðið er gefið upp sem peningagildi, hundraðshluti, ávöxtun eða grunnpunktar.	„MONE“ – peningagildi „PERC“ – hundraðshluti „YIEL“ — ávöxtun „BAPO“ – grunnpunktar
8	Magn	Að því er varðar sýndareignir sem viðskipti eru með í einingum, fjöldi eininga í sýndareign. Að því er varðar sýndareignir sem ekki eru viðskipti með í einingum, nafnvirði eða peningalegt virði sýndareignar gefið upp í sama gjaldmiðli og verðið í reit 5, „Verð“, samkvæmt reit 6, „Gjaldmiðill verðs“. Ef verðið er gefið upp í undirþáttum sýndareignarinnar skal engu að síður skrá það með tugastaf af verðinu sem gefið er upp í einingum sýndareignarinnar. Ef tafla 1 krefst þess að tilboð séu birt samanlagt, heildarfjöldi eininga eða heildarnafnvirði eða peningalegt heildarvirði samanlagðra tilboða.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga. {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.

#	Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Snið sem fylla skal út eins og tilgreint er í töflu 2
9	Gjaldmiðill magns	Gjaldmiðill sem magnið er gefið upp í. Gjaldmiðillinn skal vísa til eininga sýndareigna, jafnvel ef viðskiptin eru tilgreind í undirþáttum sýndareignarinnar. Aðeins þarf að fylla út reitinn ef magnið er gefið upp sem nafnvirði eða peningalegt virði eða í einingum sýndareigna.	Auðkennið sem um getur í reit 26 í töflu 2 í 2. lið viðauka við framselda reglugerð um að koma á tæknistöðlum, sem samþykkt var skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
10	Framsetningarform magns	Tilgreining á því hvort tilkynnt magn er gefið upp sem fjöldi eininga, nafnvirði, peningagildi eða sýndareignir.	— „UNIT“ – fjöldi eininga — „NOML“ – nafnvirði — „MONE“ – peningagildi ‘{CRYP}’ – gildi í sýndareignum
11	Viðskiptastaður	Auðkenning viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir þar sem tilboðið var lagt fram. Ef viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir notar markaðsauðkenniskóða markaðshluta skal nota markaðsauðkenniskóða markaðshluta. Ef viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir notar ekki markaðsauðkenniskóða markaðshluta skal nota markaðsauðkenniskóða rekstraraðila (e. *operating MIC*).	{MIC}
12	Fjöldi fyrirmæla og tilboða	Samanlagður fjöldi tilboða eða verðtilboða frá ólíkum viðskiptavinum (ef samanlagðra upplýsinga er krafist skv. töflu 1 í I. viðauka).	{DECIMAL-18/0}
13	Viðskiptakerfi	Gerð viðskiptakerfis þar sem tilboðið eða verðtilboðið er auglýst	„CLOB“ fyrir samfelld uppboðsviðskiptakerfi með tilboðaskrám, „QDTS“ fyrir verðdrifin viðskiptakerfi, „PATS“ fyrir regluleg uppboðsviðskiptakerfi, „HYBR“ fyrir blönduð viðskiptakerfi, „AMMS“ fyrir sjálfvirka viðskiptavaka, „XXXX“ fyrir öll önnur viðskiptakerfi
14	Birtingardagur og -tími	Dagsetning og tími þegar upplýsingarnar voru birtar.	{DATE_TIME_FORMAT}

II. VIÐAUKI

EFTIRVIÐSKIPTAUPPLÝSINGAR SEM BIRTA SKAL

Tafla 1

Táknatafla

Tákn	Gagnategund	Skilgreining
{ALPHANUM-n}	Allt að n-alstöfum	Reitur fyrir frjálsan texta.
{CURRENCYCODE_3}	3 alstafir	Þriggja bókstafa gjaldmiðilskóði, eins og tilgreint er í skilgreiningu ISO 4217 gjaldmiðilskóðum.
{DATE_TIME_FORMAT}	ISO 8601 dagsetningar- og tímasnið	Dagsetning og tími á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ss.dddddd Z. — „ÁÁÁÁ“ er árið, — „MM“ er mánuðurinn, — „DD“ er dagurinn, — „T“ merkir að nota skal bókstafinn „T“ — „kk“ er klukkustundin, — „mm“ er mínútan, — „ss.dddddd“ eru sekúndan og sekúndubrot hennar, — Z er samræmdur heimstími (UTC). Dagsetningar og tíma skal tilkynna á UTC.
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir geta verið brotatölur	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi. — táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur), — mínustölur eru með forskeytinu „–“ (mínus), Eftir atvikum skulu gildi námunduð og ekki stýfð.
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og tilgreint er í ISO 10383.

Tafla 2

Listi yfir upplýsingar fyrir gagnsæi að viðskiptum loknum

#	Auðkenni reits	Innihald sem skal koma fram	Snið og staðlar sem nota skal til tilkynningar
1	Viðskiptadagur og -tími	Dagsetning og tími þegar viðskiptin voru framkvæmd.	{DATE_TIME_FORMAT}

#	Auðkenni reits	Innihald sem skal koma fram	Snið og staðlar sem nota skal til tilkynningar
2	Auðkenniskóði sýndareigna	Einkvæmt og ótvírætt auðkenni sýndareignar, í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar um að koma á tæknistöðlum, sem samþykkt var skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.	Fylla skal út í samræmi við reit 10 í töflu 2 í 2. lið viðauka við framselda reglugerð um að koma á tæknistöðlum sem samþykkt var skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
3	Fullt heiti sýndareignar	Fullt heiti sýndareignarinnar.	{ALPHANUM-350}
4	Verð	Verð sem viðskiptin fara fram á að undanskildum, ef við á, þóknunum, öðrum gjöldum og áföllnum vöxtum. Sé verðið skráð sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Ef viðskipti eru með sýndareign á grundvelli gjaldmiðlapars skal verðið gefið upp sem magn mótmyntar fyrir hverja einingu grunngjaldmiðils.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi.
5	Verð vantar	Liggi verðið ekki fyrir en þess er beðið skal gildið vera „PNDG“. Eigi verð ekki við skal gildið vera „NOAP“.	„PNDG“ liggi verðið ekki fyrir. „NOAP“ ef verð á ekki við.
6	Framsetningarform verðs	Tilgreining á því hvort verðið er gefið upp sem peningagildi, hundraðshluti, ávöxtun eða grunnpunktar.	„MONE“ – peningagildi „PERC“ – hundraðshluti „YIEL“ — ávöxtun „BAPO“ – grunnpunktar
7	Gjaldmiðill verðs	Gjaldmiðillinn sem verð sýndareignarinnar sem tilboðið tengist er gefið upp í (á við þegar verðið er gefið upp sem peningagildi). Ef viðskipti eru með sýndareignina í rafeyri/rafeyristóka skal nota auðkennið sem um getur í 15. gr. framseldrar reglugerðar um að koma á tæknistöðlum, sem samþykkt var skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.	Fylla skal út í samræmi við reit 21 í töflu 2 í 2. lið viðauka við framselda reglugerð um að koma á tæknistöðlum sem samþykkt var skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

#	Auðkenni reits	Innihald sem skal koma fram	Snið og staðlar sem nota skal til tilkynningar
		Ef verð sýndareignarinnar er tilgreint í fjárhæðum og í gjaldmiðlapari skal tilkynna í hvaða gjaldmiðlapari verð sýndareignarinnar sem tengist tilboðinu er tilgreint í. Fyrri gjaldmiðilskóðinn skal vera grunngjaldmiðillinn og sá síðari skal vera mótmyntin. Mótmyntin ákvarðar verð einnar einingar grunngjaldmiðilsins. Nota skal ISO-gjaldmiðilskóða og stuttnefni auðkennis fyrir stafræna tóka eins og það er skráð í samræmi við gagnastök ISO-staðals 24165-2 að því er varðar skráningu á auðkenni fyrir stafræna tóka eða annað auðkenni sem um getur í 15. gr. framseldrar reglugerðar um að koma á tæknistöðlum, sem samþykkt var skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 til að gefa til kynna gjaldmiðil og sýndareign í gjaldmiðlaparinu, eftir því sem við á.	
8	Magn	Reitur sem fylla skal út með framkvæmdu magni.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga. {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði. {DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem undirþættir sýndareignarinnar.
9	Gjaldmiðill magns	Gjaldmiðill sem magnið er gefið upp í. Gjaldmiðillinn skal vísa til eininga sýndareigna, jafnvel ef viðskiptin eru tilgreind í undirþáttum sýndareignarinnar. Aðeins þarf að fylla út reitinn ef magnið er gefið upp sem nafnvirði peningagildis eða í einingum sýndareigna.	Auðkennið sem um getur í reit 26 í töflu 2 í 2. lið viðauka við framselda reglugerð um að koma á tæknistöðlum, sem samþykkt var skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
10	Framsetningarform magns	Tilgreining á því hvort tilkynnt magn er gefið upp sem fjöldi eininga, nafnvirði, peningagildi eða sýndareignir.	— „UNIT“ – fjöldi eininga — „NOML“ – nafnvirði — „MONE“ – peningagildi ‘{CRYP}’ – gildi í sýndareignum

#	Auðkenni reits	Innihald sem skal koma fram	Snið og staðlar sem nota skal til tilkynningar
11	Viðskiptastaður	Auðkenning viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir þar sem tilboðið var lagt fram. Ef viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir notar markaðsauðkenniskóða markaðshluta skal nota markaðsauðkenniskóða markaðshluta. Ef viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir notar ekki markaðsauðkenniskóða markaðshluta skal nota markaðsauðkenniskóða rekstraraðila (e. *operating MIC*).	{MIC} – viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir
12	Birtingardagur og -tími	Dagsetning og tími þegar viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir birti viðskiptin opinberlega.	{DATE_TIME_FORMAT}
13	Birtingarvettvangur	Kóði sem er notaður til að auðkenna viðskiptavettvanginn fyrir sýndareignir sem birti viðskiptin opinberlega.	{MIC} – viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir
14	Auðkenniskóði viðskipta	Alstafakóði sem viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir (í samræmi við 14. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/416 [1]) úthlutar og er notaður hvenær sem vísað er til viðkomandi viðskipta síðar.	{ALPHANUM-52}

Tafla 3

Listi yfir flagganir fyrir gagnsæi að viðskiptum loknum

Fáni	Heiti	Lýsing
„CANC“	Flöggun vegna afturköllunar	Ef áður birt viðskipti eru afturkölluð.
„AMND“	Flöggun vegna breytingar	Ef áður birtum viðskiptum er breytt.

[1] Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/416 frá 29. nóvember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er innihald og snið skráa yfir tilboðsskrár fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir (Stjtíð. ESB L, 2025/416, 14.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/416/oj).

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/300 **2026/EES/19/03**

frá 10. október 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um upplýsingar sem lögbær yfirvöld skulu skiptast á (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 10. mgr. 95. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markaðir með sýndareignir eru í eðli sínu markaðir sem ná yfir landamæri. Því er nauðsynlegt að tryggja að lögbær yfirvöld í mismunandi aðildarríkjum geti skipst á upplýsingum, sem gera þeim kleift að hafa skilvirkt eftirlit með aðilum sem starfa í viðkomandi lögsagnarumdæmum.

2) Upplýsingarnar sem lögbær yfirvöld þurfa að skiptast á, skv. 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ættu því að gera þeim yfirvöldum kleift að framkvæma rannsóknir, eftirlit og framfylgd með skilvirkum hætti samkvæmt þeirri reglugerð. Því er nauðsynlegt að tilgreina á hvaða upplýsingum lögbær yfirvöld þurfa hugsanlega að skiptast til að geta sinnt þessum verkum.

3) Til að tryggja að lögbær yfirvöld geti haft skilvirkt eftirlit með útgáfu og almennu útboði á öðrum sýndareignum en eignatengdum tókum og rafeyristókum ættu lögbær yfirvöld að skiptast á upplýsingum sem varða ekki aðeins sýndareignirnar sjálfar, þ.m.t. tæknilega eiginleika þeirra og flokkun, heldur einnig útboð sýndareignanna, útgefendurna og tilboðsgjafa sýndareignanna og aðila sem sækjast eftir töku sýndareigna til viðskipta. Einkum ættu lögbær yfirvöld að skiptast á almennum upplýsingum og skjölum sem auðvelda auðkenningu viðkomandi aðila og skilning á útgáfu og útboði sýndareigna, þ.m.t. tilkynntum hvítbókum um sýndareignir, ásamt upplýsingum sem varða greind brot, viðurlög og ráðstafanir, framfylgdaraðgerðir og viðeigandi sögu reglufylgni og háttsemi.

4) Til að tryggja að lögbær yfirvöld geti haft skilvirkt eftirlit með útgáfu eignatengdra tóka ættu lögbær yfirvöld einnig að skiptast á upplýsingum sem varða tæknilega eiginleika slíkra tóka. Þau ættu enn fremur að skiptast á upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að tryggja að aðeins aðilar sem hafa til þess heimild gefi út eignatengda tóka og útgefandi eða aðili sem hefur til þess heimild útgefanda bjóði þau út. Enn fremur, til að meta hvort útgefandi eignatengdra tóka uppfylli ákvæði III. bálks reglugerðar (ESB) 2023/1114 ættu lögbær yfirvöld að skiptast á upplýsingum og skjölum um varfærniskröfur og fyrirkomulag stjórnarhátta útgefanda, þ.m.t. stjórn og/eða framkvæmdastjórn, hæfi og hluthafa hans, ásamt öllum stjórnsýsluviðurlögum og -ráðstöfunum sem hafa verið lögð á, framfylgdaraðgerðum og upplýsingum um viðeigandi sögu reglufylgni og háttsemi útgefanda.

5) Lögbær yfirvöld ættu að skiptast á upplýsingum um tæknilega eiginleika slíkra tóka til að geta haft skilvirkt eftirlit með útgáfu rafeyristóka. Enn fremur ættu lögbær yfirvöld að skiptast á upplýsingum til að tryggja að rafeyristókar séu gefnir út af aðilunum, sem um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, til að tryggja að slíkir útgefendur uppfylli viðeigandi kröfur í IV. bálki þeirrar reglugerðar, og til að skiptast á upplýsingum um öll álögð viðurlög og ráðstafanir sem lagðar hafa verið á, framfylgdaraðgerðir og upplýsingar um viðeigandi sögu um reglufylgni og háttsemi útgefenda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/300, 31.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 69, 6.11.2025, bls. 39.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

6) Til að tryggja skilvirkt eftirlit með þjónustuveitendum sýndareigna ættu lögbær yfirvöld að skiptast á almennum upplýsingum, stofnskjölum og öðrum skjölum sem veita innsýn inn í uppbyggingu og starfsemi slíkra þjónustuveitenda. Af sömu ástæðu ættu lögbær yfirvöld einnig að skiptast á upplýsingum um leyfisveitingarferlið og síðari reglufylgni við V. bálk reglugerðar (ESB) 2023/1114. Þessar upplýsingar ættu að fela í sér upplýsingar um stjórn og/eða framkvæmdastjórn þjónustuveitenda sýndareigna, hæfi hennar til stjórna slíkum þjónustuveitendum og orðspor stjórnarmanna, sem og upplýsingar um hluthafa, viðurlög sem beitt hefur verið og ráðstafanir, framfylgdaraðgerðir og upplýsingar um sögu viðkomandi þjónustuveitanda um hlítni og háttsemi.

7) Lögbær yfirvöld ættu einnig að skiptast á viðeigandi upplýsingum um grunsemdir um markaðssvik til að geta sinnt eftirlitsskyldum sínum á ítarlegan hátt.

8) Að lokum ættu lögbær yfirvöld að skiptast á upplýsingum varðandi grunsemdir um misfellur í starfsemi einstaklinga og lögaðila sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2023/1114, sem og upplýsingum um hvers kyns áhættu sem slíkar misfellur geta haft í för með sér fyrir fjárfestavernd eða fjármálastöðugleika.

9) Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í tengslum við rannsókn, eftirlit og framfylgd ætti að fara fram í samræmi við réttinn til verndar persónuupplýsinga hlutaðeigandi einstaklinga sem settur er fram í 7. og 8. gr., eftir því sem við á, sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi og þau verða að uppfylla reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]). Þar af leiðandi er aðeins skipst á persónuupplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir rannsóknir, eftirlit og framfylgd samkvæmt reglugerð (ESB) 2023/1114 og gögnin eru ekki geymd lengur en nauðsyn krefur í þeim tilgangi.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, hefur útbúið og lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur leitað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([3]).

12) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á né greint mögulegan kostnað og ávinning af að innleiða slíka staðla, þar sem slíkt myndi vera í grófu ósamræmi við umfang og áhrif staðlanna, að teknu tilliti til þess að þessi reglugerð hefur aðeins áhrif á lögbær yfirvöld aðildarríkjanna en ekki markaðsaðila.

13) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([4]) og skilaði hún áliti 27. maí 2024.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Upplýsingar sem skiptast skal á í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka

Ef nauðsyn krefur, að því er varðar rannsókn, eftirlit og framfylgd, skulu lögbær yfirvöld skiptast á eftirfarandi upplýsingum í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka:

a) almennum upplýsingum og skjölum sem móttekin eru í tengslum við tilkynningu um fyrirhugað almennt útboð eða töku til viðskipta og, ef við á, sem er bætt við síðar sem hluta af eftirlitinu, þ.m.t.:

   i. nafni, auðkenni lögaðila eða öðru auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum, eins og tilkynnt er samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2984 ([5]), skráðu heimilisfangi og, ef það er ekki það sama, aðalskrifstofu, samskiptaupplýsingum, viðeigandi útdráttum úr landsbundnum skrám og, eftir atvikum, samþykktum og öðrum stofnsamningum eftirfarandi aðila, eftir því sem við á:

      1) útgefanda eignanna,

      2) tilboðsgjafa eignanna,

      3) aðilans sem óskar töku eignanna til viðskipta,

      4) rekstraraðila viðskiptavettvangsins,

      5) alla annarra aðila sem hafa eða hefðu átt að útbúa hvítbókina um sýndareignir sem um getur í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   ii. öllum útgáfum hvítbókar um sýndareignir sem voru útbúnar skv. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og upplýsingar varðandi allar uppfærslur á þeim skv. 12. gr. þeirrar reglugerðar,

   iii. öllum útgáfum markaðsefnis sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og upplýsingar varðandi allar uppfærslur á því skv. 12. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. öllum upplýsingum um almennt útboð og töku til viðskipta sem eru mótteknar skv. 6. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   v. útskýringunni, eins og um getur í 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, á því hvers vegna sýndareignin sem lýst er í hvítbók um sýndareignir ætti ekki að teljast vera sýndareign sem er undanskilin gildissviði reglugerðar (ESB) 2023/1114 skv. 4. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, rafeyristóki eða eignatengdur tóki,

   vi. lýsingu á almennu útboði á sýndareign og hvers kyns upplýsingum sem eru notaðar til að meta skilyrði fyrir undanþágunum sem er að finna í 2. og 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

b) upplýsingum um hvers kyns viðurlög, þ.m.t. refsiviðurlög, stjórnsýsluráðstafanir eða framfylgdaraðgerðir í tengslum við aðilana sem um getur í i-lið a-liðar,

c) hvers kyns öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir samstarf meðal lögbærra yfirvalda við rannsóknir, eftirlit og framfylgd skv. 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2984 frá 29. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar eyðublöð, snið og sniðmát fyrir hvítbækur um sýndareignir (Stjtíð. ESB L, 2024/2984, 3.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2984/oj).

2. gr.

Upplýsingar sem skiptast skal á í tengslum við eignatengda tóka

Ef nauðsyn krefur, að því er varðar rannsókn, eftirlit og framfylgd, skulu lögbær yfirvöld skiptast á eftirfarandi upplýsingum í tengslum við eignatengdan tóka:

a) almennum upplýsingum og skjölum sem móttekin voru í tengslum við umsókn um starfsleyfi sem útgefandi eignatengdra tóka, samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem kemur á fót tæknistöðlum sem samþykktir voru skv. 6. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eða tilkynningu skv. framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/296 ([6]), og, ef við á, sem er bætt við síðar sem hluta af eftirlitinu, þ.m.t.:

   i. nöfnum, auðkenni lögaðila eða öðru auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum, eins og tilkynnt er samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2984, skráðu heimilisfangi og, ef það er ekki það sama, aðalskrifstofu, samskiptaupplýsingum, viðeigandi útdráttum úr landsbundnum skrám og, eftir atvikum, samþykktum og öðrum stofnsamningum eftirfarandi aðila, eftir því sem við á:

      1) útgefanda eignanna sem sækir um,

      2) útgefanda eignanna,

      3) tilboðsgjafa eignanna,

      4) aðilanna sem óska töku eignanna til viðskipta,

      5) þriðju aðilanna sem um getur í h-lið 5. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   ii. öllum útgáfum hvítbókar um sýndareignir sem um getur í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og upplýsingum varðandi allar uppfærslur á þeim skv. 25. gr. þeirrar reglugerðar,

   iii. öllum útgáfum markaðsefnis sem um getur í 29. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   iv. lögfræðiálitinu sem um getur í e-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   v. starfsáætluninni sem um getur í d-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   vi. upplýsingum um fulltrúa í stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda eignatengds tóka, þ.m.t. nöfnum þeirra og stöðum innan stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar, upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að leggja mat á gott orðspor og hæfi þeirra, einkum upplýsingar um viðeigandi þekkingu þeirra, færni, starfsreynslu og þeim tíma sem þeir verja í skyldur sínar innan stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar og upplýsingum um orðspor þeirra, sem um getur í e-lið 1. mgr. 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar sem kemur á fót tæknistöðlum sem samþykktir voru skv. 6. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   vii. þar sem við á, upplýsingum um hvers kyns breytingar á stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda eignatengdra tóka, eins og um getur í 33. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, og mat lögbærs yfirvalds á þeim,

   viii. upplýsingum um hluthafa sem eiga 20% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti útgefanda eignatengdra tóka, þ.m.t. deili á þeim, stærð eignarhluta og upplýsingum um orðspor, eins og um getur í a-lið 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/413 ([7]),

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/296 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ferlið við samþykki á hvítbók um sýndareign (Stjtíð. ESB L, 2025/296, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/296/oj).

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/413 frá 18. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ítarlegt innihald nauðsynlegra upplýsinga til að meta fyrirhuguð kaup útgefanda á virkum eignarhlut í útgefanda eignatengdra tóka (Stjtíð. ESB L, 2025/413, 31.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/413/oj).

ix. mati lögbærs yfirvalds á hvers kyns fyrirhugaðri yfirtöku eða sölu á virkum eignarhlut í útgefanda eignatengds tóka, í samræmi við 41. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

x. upplýsingum um stjórnskipulag, rekstrarskilyrði og uppfyllingu krafnanna sem settar eru fram í III. bálki reglugerðar (ESB) 2023/1114 hjá útgefanda eignatengds tóka, þ.m.t.:

1) fyrirkomulagi stjórnarhátta og innri eftirlitskerfum sem um getur í 34. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

2) uppfyllingu krafna um eiginfjárgrunn, þ.m.t. um niðurstöðu áætlana um álagspróf, í samræmi við 1., 2. og 5. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

3) eftir atvikum, uppfyllingu viðbótarkrafna um eiginfjárgrunn í samræmi við 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

4) uppfyllingu krafna um varasjóð eigna í samræmi við 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

5) óháðri úttekt á varasjóði eigna, þ.m.t. samantekt á niðurstöðum, skv. 9. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

6) öllum útgáfum endurbótaáætlunar, skv. 2. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, og upplýsingum sem varða framkvæmd eða uppfærslur á endurbótaáætluninni, skv. 3. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

7) öllum útgáfum innlausnaráætlunar skv. 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og upplýsingum varðandi allar breytingar á henni skv. 3. gr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

b) upplýsingum um starfsleyfi sem útgefandi eignatengdra tóka, þ.m.t. um tilfelli þar sem starfsleyfi hefur verið hafnað eða umsókn um starfsleyfi dregin til baka, og upplýsingum um afturköllun starfsleyfis skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

c) áætlun útgefanda eignatengdra tóka um að hætta að veita þjónustu og hætta starfsemi, eins og samþykkt er skv. 7. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

d) upplýsingum um að þriðji aðili, sem um getur í h-lið 5. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, hafi misst starfsleyfi sitt sem lánastofnun, þjónustuveitandi sýndareigna, greiðslustofnun eða rafeyrisfyrirtæki,

e) upplýsingum um hvers kyns tímabundna frestun lögbærs yfirvalds á innlausn á eignatengdum tókum og tilgreiningu aðstæðna sem gætu haft áhrif á hagsmuni handhafa eignatengdra tóka og fjármálastöðugleika, skv. 4. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

f) upplýsingum um öll brot á ákvæðum landslaga sem lögleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([8]) sem framin eru af fulltrúum í stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda eignatengdra tóka eða hluthöfum eða félagsmönnum, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem fara með virkan eignarhlut í útgefendum eignatengdra tóka,

g) upplýsingum um öll viðurlög sem lögð eru á skv. reglugerð (ESB) 2023/1114, þ.m.t. refsiviðurlög, stjórnsýslufyrirmæli eða framfylgdaraðgerðir, í tengslum við útgefanda eignatengds tóka,

h) hvers kyns öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir samstarf meðal lögbærra yfirvalda við rannsóknir, eftirlit og framfylgd skv. 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj).

3. gr.

Upplýsingar sem skiptast skal á í tengslum við rafeyristóka

Ef nauðsyn krefur, að því er varðar rannsókn, eftirlit og framfylgd, skulu lögbær yfirvöld skiptast á eftirfarandi upplýsingum um rafeyristóka:

a) upplýsingum og skjölum sem móttekin eru í tengslum við tilkynningu frá útgefanda rafeyristóka skv. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og, ef við á, sem er bætt við síðar sem hluta af eftirlitinu, þ.m.t.:

   i. nafni útgefanda, auðkenni lögaðila eða öðru auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum, eins og tilkynnt er samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2984, skráðu heimilisfangi og, ef það er ekki það sama, aðalskrifstofu og samskiptaupplýsingum, eins og um getur í 1., 3., 5. og 4. lið A-hluta III. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/1114,

   ii. öllum útgáfum hvítbókar um sýndareignir sem um getur í 51. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   iii. öllum útgáfum markaðsefnis sem um getur í 53. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   iv. upplýsingum um stjórnskipulag, rekstrarskilyrði og uppfyllingu krafnanna sem settar eru fram IV. bálki reglugerðar (ESB) 2023/1114 hjá útgefanda rafeyristóka og upplýsingum sem eru veittar sem hluti af starfsleyfisveitingarferli sem lánastofnun, skv. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([9]) eða sem rafeyrisfyrirtæki skv. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB ([10]) og eins og þær hafa verið uppfærðar innan eftirlitsrammans, þ.m.t.:

      1) hvort hann uppfylli kröfur um fjárfestingu fjármuna eins og kveðið er á um í 54. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

      2) endurbóta- og innlausnaráætlunum sem gerðar eru skv. 55. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og upplýsingum sem varða hvers kyns uppfærslur á þeim, sem og öllu fyrirkomulagi eða ráðstöfunum um endurbótaáætlun sem hafa verið gerðar með skilvirkum hætti samkvæmt þeirri grein,

      3) upplýsingum um að kröfurnar í 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 hafi verið uppfylltar, ef lögbært yfirvald hefur krafist þess að rafeyrisfyrirtæki sem gefur út rafeyristóka sem eru ekki mikilvægir uppfylli slíkar kröfur í samræmi við 2. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar,

b) upplýsingum um hvers kyns tímabundna frestun lögbærs yfirvalds á innlausn á rafeyristókum og tilgreiningu aðstæðna sem gætu haft áhrif á hagsmuni handhafa rafeyristóka og fjármálastöðugleika, skv. 55. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

c) upplýsingum um öll viðurlög sem lögð eru á skv. reglugerð (ESB) 2023/1114, þ.m.t. refsiviðurlög, stjórnsýslufyrirmæli eða framfylgdaraðgerðir, í tengslum við útgefanda rafeyristóka,

d) hvers kyns öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir samstarf meðal lögbærra yfirvalda við rannsóknir, eftirlit og framfylgd skv. 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/36/oj).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærniseftirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtíð. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/110/oj).

4. gr.

Upplýsingar sem skiptast skal á í tengslum við þjónustuveitendur sýndareigna

Ef nauðsyn krefur, að því er varðar rannsókn, eftirlit og framfylgd, skulu lögbær yfirvöld skiptast á eftirfarandi upplýsingum um þjónustuveitendur sýndareigna:

a) upplýsingum og skjölum sem móttekin voru í tengslum við umsókn um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/305 ([11]) eða tilkynningu samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/303 ([12]) og, ef við á, sem er bætt við síðar sem hluta af eftirlitinu, þ.m.t.:

   i. heiti þjónustuveitanda sýndareigna, auðkenni lögaðila eins og um getur í 17. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar sem kemur á fót tæknistöðlum sem samþykktir voru skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, vefslóð vefseturs hans, tölvupóstfangi tengiliðar, símanúmeri og heimilisfangi og viðeigandi útdráttum úr landsbundnum skrám,

   ii. eftir atvikum, samþykktum þjónustuveitanda sýndareigna, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   iii. upplýsingum um stjórn og/eða framkvæmdastjórn þjónustuveitanda sýndareigna, þ.m.t.:

      1) nöfnum stjórnarmanna og eftir atvikum, kennitölum þeirra,

      2) upplýsingum um þau hlutverk sem hver stjórnarmaður hefur hjá þjónustuveitanda sýndareigna,

      3) ef við á, upplýsingum um allar breytingar á stjórn og/eða framkvæmdastjórn og mati lögbærs yfirvalds á þeim,

   iv. upplýsingum um fulltrúa stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar þjónustuveitanda sýndareigna sem eru nauðsynlegar til að leggja mat á gott orðspor og hæfi þeirra, þ.m.t., þar sem þær liggja fyrir:

      1) upplýsingum um starfsreynslu viðkomandi, færni og þann tíma sem þeir verja í skyldur sínar innan stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar,

      2) upplýsingunum um orðspor þeirra sem um getur í e-lið 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305,

   v. upplýsingum um hluthafa sem eiga 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti þjónustuveitanda sýndareigna, þ.m.t. deili á þeim, stærð eignarhluta og upplýsingar um orðspor eins og um getur í a-lið 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/414 ([13]) og, ef við á, mati lögbærs yfirvalds á hvers kyns fyrirhugaðri yfirtöku eða sölu á virkum eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna, í samræmi við 83. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

([11]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/305 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar sem skulu vera í umsókn um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna (Stjtíð. ESB L, 2025/305, 31.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/305/oj).

([12]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/303 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar sem tilteknir aðilar á fjármálamarkaði skulu láta fylgja með í tilkynningu um fyrirætlun sína að bjóða þjónustu á sviði sýndareigna (Stjtíð. ESB L, 2025/303, 20.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/303/oj).

([13]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/414 frá 18. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ítarlegt innihald nauðsynlegra upplýsinga til að meta fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna (Stjtíð. ESB L, 2025/414, 31.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/414/oj).

vi. upplýsingum um stjórnskipulag, rekstrarskilyrði og uppfyllingu krafnanna sem settar eru fram í V. bálki reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t.:

1) starfsáætlun þar sem tilgreindar eru gerðir þjónustu á sviði sýndareigna, þ.m.t. hvar og hvernig þjónustan er markaðssett, skv. d-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

2) upplýsingum um fyrirkomulag stjórnarhátta og innri eftirlitskerfi skv. f- og i-liðum 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

3) upplýsingum varðandi hlítni við ákvæði 67., 68. og 70. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. áhættustýringarferli og reikningshaldsaðferðir,

4) ef hann liggur fyrir, fjölda viðskiptavina með staðfestu eða aðsetur í tilteknu aðildarríki, sem þjónustuveitandi sýndareigna veitir þjónustu, virði þeirra sýndareigna sem er stýrt eða eru í vörslu fyrir hönd þessara viðskiptavina og magni viðskiptafærslna sem eru framkvæmdar fyrir viðskiptavinina,

5) upplýsingum um hvers kyns aðstæður þar sem grunur leikur á að þjónustuveitandi sýndareigna uppfylli ekki kröfurnar sem settar eru fram í V. bálki reglugerðar (ESB) 2023/1114, ásamt útskýringu á þeim ráðstöfunum sem lögbært yfirvald hefur gert eða hyggst grípa til í kjölfarið,

b) upplýsingum sem varða skrár sem þjónustuveitendur sýndareigna halda í samræmi við 9. mgr. 68. gr. og 15. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

c) upplýsingum um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna, þ.m.t. um tilfelli þar sem starfsleyfi hefur verið hafnað eða umsókn um starfsleyfi dregin til baka, og upplýsingum um afturköllun starfsleyfis skv. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

d) upplýsingum um öll viðurlög sem lögð eru á skv. reglugerð (ESB) 2023/1114, þ.m.t. refsiviðurlög, stjórnsýslufyrirmæli eða framfylgdaraðgerðir, í tengslum við þjónustuveitanda sýndareigna,

e) hvers kyns öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir samstarf meðal lögbærra yfirvalda við rannsóknir, eftirlit og framfylgd skv. 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

5. gr.

Upplýsingar sem skiptast skal á í tengslum við fyrirbyggingu og bann við markaðssvikum sem fela í sér sýndareignir

Ef nauðsyn krefur, að því er varðar rannsókn, eftirlit og framfylgd, skulu lögbær yfirvöld skiptast á upplýsingum varðandi grunsemdir um innherjasvik eins og um getur í 89. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, um ólögmæta miðlun innherjaupplýsinga eins og um getur í 90. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eða markaðsmisnotkun eins og um getur í 91. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t.:

a) skrám yfir þjónustu á sviði sýndareigna, starfsemi, fyrirmæli og viðskiptafærslur sem þjónustuveitendur sýndareigna gera, sem haldið er skv. 9. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

b) gögnum sem varða öll fyrirmæli í sýndareignum sem auglýst eru í gegnum kerfi þjónustuveitanda sýndareigna sem rekur viðskiptavettvang og geymd eru skv. 15. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

c) skýrslum um grunsamleg fyrirmæli eða viðskiptafærslur eins og um getur í 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

d) öllum viðeigandi vísbendingum eða sönnunargögnum sem styðja slíkar grunsemdir,

e) hvers kyns öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir samstarf við rannsóknir, eftirlit og framfylgd að því er varðar VI. bálk reglugerðar (ESB) 2023/1114.

6. gr.

Upplýsingar sem skiptast skal á í tengslum við varúðarráðstafanir

Ef nauðsyn krefur, að því er varðar rannsókn, eftirlit og framfylgd, skulu lögbær yfirvöld skiptast á upplýsingum í tengslum við varúðarráðstafanir eins og um getur í 102. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t.:

a) upplýsingum um hvers kyns grunsemdir um misfellur í starfsemi tilboðsgjafa eða aðila sem sækist eftir töku annarra sýndareigna til viðskipta en eignatengdra tóka eða rafeyristóka, útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka eða þjónustuveitanda sýndareigna,

b) upplýsingum um hvers kyns varúðarráðstafanir sem eru fyrirhugaðar eða gripið hefur verið til í samræmi við 2. mgr. 102. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

c) öllum öðrum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að vinna saman að samþykkt varúðarráðstafana.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/305 **2026/EES/19/04**

frá 31. október 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar sem skulu vera í umsókn um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 5. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta hvort lögaðilar eða önnur fyrirtæki sem sækjast eftir starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna í samræmi við 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 („umsækjendur“) uppfylli gildandi kröfur sem mælt er fyrir um í V. bálki og, þar sem við á, VI. bálki þeirrar reglugerðar, ættu upplýsingar í umsókn um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna, sem lögð er fram í samræmi við 1. mgr. 62. gr. þeirrar reglugerðar („umsókn um starfsleyfi“), að vera nægilega ítarlegar og heildstæðar án þess að vera íþyngjandi.

2) Umsókn um starfsleyfi ætti að innihalda gögn um auðkenni umsækjanda, fyrirkomulag stjórnarhátta og innri eftirlitskerfi, hæfi aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar og nægilega gott orðspor hluthafa eða aðila með virkan eignarhlut. Í samræmi við meginregluna um lágmörkun gagna, eins og gefið er upp í c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]), ættu slíkar upplýsingar að vera fullnægjandi til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að gera heildstætt mat á umsækjendum og getu þeirra til að uppfylla viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) 2023/1114. Enn fremur ættu upplýsingarnar að vera fullnægjandi til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sannprófa að engar hlutlægar ástæður, sem unnt er sýna fram á, séu fyrir synjun starfsleyfis eins og um getur í a- til d-lið 10. mgr. 63. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Til að tryggja að mat lögbærra yfirvalda sé byggt á réttum upplýsingum ættu umsækjendur að veita afrit af stofngögnum, þ.m.t. auðkenni lögaðila, samþykktum, afriti af skráningu þeirra hjá fyrirtækjaskrá viðkomandi lands og, ef umsækjendur hyggjast reka viðskiptavettvang, firmaheitið sem er notað.

4) Umsókn um starfsleyfi þarf að innihalda starfsáætlun í samræmi við d-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Áætlunin ætti að tilgreina stjórnskipulag umsækjanda, stefnuáætlun um að veita tilteknum markhópi viðskiptavina þjónustu á sviði sýndareigna og rekstrarlega getu hans næstu 3 árin eftir að starfsleyfi er veitt. Þegar tilgreind er sú stefnuáætlun sem notuð er við að ná til viðskiptavina ættu umsækjendur, í þágu gagnsæis, að lýsa þeim markaðssetningaraðferðum sem þeir hyggjast nota, þ.m.t. vefsetrum, smáforritum farsíma, fundum í eigin persónu, fréttatilkynningum eða hvers konar raunlægum eða rafrænum aðferðum, þ.m.t. samfélagsmiðlaherferðum, auglýsingum á netinu eða auglýsingaborðum, endurmiðun auglýsinga, samningum við áhrifavalda, kostunarsamningum, símtölum, vefstofum, boðum á viðburði, herferðum með samstarfsaðilum, leikjafræðilegum aðferðum, boðum um að fylla út svarblað eða taka þjálfunarnámskeið, prufureikningum eða fræðsluefni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/305, 31.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 69, 6.11.2025, bls. 39.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

5) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta viðnámsþrótt umsækjenda til að standast ytri fjárhagsleg áföll, þ.m.t. áföll sem snerta virði sýndareigna, ættu umsækjendur að hafa þær álagssviðsmyndir í umsókn sinni um starfsleyfi sem líkja eftir alvarlegum en líklegum atburðum í spáútreikningum og áætlunum til að ákvarða eiginfjárgrunn.

6) Viðskiptavinir standa frammi fyrir hugsanlegri áhættu í tengslum við þjónustuveitendur hópfjármögnunar. Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta hvort umsækjendur uppfylli varfærniskröfurnar, sem settar eru fram í 67. mgr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 til að vernda viðskiptavini fyrir slíkri áhættu, ætti umsókn um starfsleyfi að fela í sér upplýsingar sem tilgreina varfærnisráðstafanir umsækjandans.

7) Til að tryggja að þjónustuveitendur sýndareigna uppfylli skyldur sínar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2023/1114 ættu umsækjendur að sýna fram á að þeir hafi fullnægjandi og traust fyrirkomulag stjórnarhátta og innri eftirlitskerfi, þ.m.t. fyrirkomulag og kerfi sem eru nauðsynleg fyrir trausta og varfærna stjórnun þjónustuveitenda sýndareigna.

8) Tíminn er afar mikilvægur í fjármálaþjónustukerfinu. Til að koma í veg fyrir bilanir, þar sem það getur haft meiri háttar fjárhagslegar, eftirlitstengdar og orðsporslegar afleiðingar fyrir þjónustuveitendur sýndareigna og markaði fyrir sýndareignir í heild, er mikilvægt að halda starfseminni gangandi eða í það minnsta grundvallarþjónustu þjónustuveitenda sýndareigna og að lágmarka niðritíma vegna óvæntra truflana, þ.m.t. netárása og náttúruhamfara. Umsókn um starfsleyfi ætti því að innihalda ítarlegar upplýsingar um ráðstafanir umsækjanda til að tryggja samfellu og reglufestu í veitingu þjónustu á sviði sýndareigna, þ.m.t. ítarlega lýsingu á áhættuþáttum og áætlunum um rekstrarsamfellu.

9) Þörf er á skilvirku fyrirkomulagi, kerfi og verklagsreglum sem eru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([3]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1113 ([4]) til að tryggja að umsækjendur taki á viðeigandi hátt á áhættuþáttum og starfsemi peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka við veitingu þjónustu á sviði sýndareigna. Umsækjendur ættu því í umsókn sinni um starfsleyfi að veita ítarlegar upplýsingar um fyrirkomulag, kerfi og verklagsreglur sem þeir hafa tekið upp til að koma í veg fyrir áhættu sem tengist atvinnustarfsemi þeirra í tengslum við, m.a., baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

10) Í samræmi við g-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal umsókn um starfsleyfi að fylgja sönnun þess að stjórn og/eða framkvæmdastjórn þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um hafi nægilega gott orðspor og fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að stjórna viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna. Einkum ættu umsækjendur að veita lögbærum yfirvöldum allar upplýsingar um fyrri dóma í refsimálum og um yfirstandandi rannsóknir sakamála, einka- og stjórnsýslumál, viðurlög, aðfarargerðir og aðrar dómsmeðferðir aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar sem varða verslunarrétt, lög um ógjaldfærni, baráttuna gegn peningaþvætti, baráttuna gegn fjármögnun hryðjuverka, svik, starfsábyrgð. Til að veita lögbærum yfirvöldum fullnægjandi upplýsingar um gott orðspor stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar ættu umsækjendur í slíkum tilvikum að veita upplýsingar sem varða stjórnarmann beint eða stofnun þar sem stjórnarmaður hefur setið í stjórn og/eða framkvæmdastjórn, verið hluthafi eða aðili með virkan eignarhlut eða aðili sem gegnir lykilhlutverki. Til að tryggja að lögbær yfirvöld fái nægar upplýsingar um synjun eða afturköllun á m.a. skráningum, starfsleyfum eða aðildum sem tengjast veitingu umsækjenda á þjónustu á sviði sýndareigna ættu umsækjendur að veita slíkar upplýsingar um alla aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar. Enn fremur ættu umsækjendur að veita viðeigandi upplýsingar um sérhvern aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að leggja mat á fagþekkingu þeirra, hæfni og reynslu innan ramma stöðunnar sem sótt er um og lýsingu á öllum fjárhagslegum og ófjárhagslegum hagsmunum fulltrúa stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar, sem gætu hugsanlega skapað verulega hagsmunaárekstra sem hafa umtalsverð áhrif á trúverðugleika stjórnarmanna við skyldustörf sín.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1113 frá 31. maí 2023 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna og tiltekinna sýndareigna og um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1113/oj).

11) Að því er varðar kröfu um gott orðspor hluthafa og aðila sem eiga beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í umsækjanda ætti umsókn um starfsleyfi að innihalda allar upplýsingar um fyrri dóma og yfirstandandi rannsóknir sakamála, einka- og stjórnsýslumál og aðrar dómsmeðferðir og viðeigandi upplýsingar um öryggi og lögmætan uppruna fjármagns sem notað er til að stofna umsækjendur og fjármagna rekstur þeirra, svo hægt sé að leggja mat á allar tilraunir til eða grunsemdir um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

12) Vegna dreifstýrðs og stafræns eðlis sýndareigna er netöryggisáhætta töluverð hjá þjónustuveitendum sýndareigna og í margvíslegu formi. Til að tryggja að umsækjendur geti komið í veg fyrir gagnabrot og fjárhagstjón sem kann að hljótast af netárásum ættu upplýsingar um upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi og tengt öryggisfyrirkomulag umsækjenda, eins og um getur í j-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, að innihalda mannauð sem er tileinkaður því að takast á við netöryggisáhættu.

13) Aðgreining sýndareigna og fjármuna viðskiptavina ver viðskiptavini fyrir tapi þjónustuveitandans og fyrir misnotkun á sýndareignum og fjármunum þeirra. Í 70. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 er því gerð krafa um að þjónustuveitendur sýndareigna geri viðeigandi ráðstafanir til að vernda eignarrétt viðskiptavina. Sú krafa á einnig við um þjónustuveitendur sýndareigna sem ekki veita vörslu- og umsýsluþjónustu. Því er mikilvægt að umsókn um starfsleyfi innihaldi upplýsingar um aðgreiningu sýndareigna viðskiptavina.

14) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta hvort umsækjandi hafi viðeigandi starfsreglur um viðskiptavettvang sinn fyrir sýndareignir ætti umsækjandinn að tilgreina tiltekna þætti í lýsingu sinni á þeim reglum. Einkum ættu umsækjendur að útlista nánar þau atriði í starfsreglunum sem tengjast töku til viðskipta, viðskipti með og uppgjör sýndareigna. Að því er varðar töku sýndareigna til viðskipta ættu umsækjendur að veita ítarlegar upplýsingar um reglur sem gilda um töku sýndareigna til viðskipta, hvernig sýndareignir sem teknar hafa verið til viðskipta samræmast reglum umsækjandans, þær tegundir sýndareigna sem umsækjandinn mun ekki taka til viðskipta á viðskiptavettvangi sínum, og ástæður fyrir slíkri útilokun, og gjöld fyrir töku til viðskipta. Að því er varðar viðskipti með sýndareignir ætti umsækjandinn að tilgreina þá þætti starfsreglnanna sem gilda um framkvæmd og afturköllun fyrirmæla, skipuleg viðskipti, gagnsæi og skráningu. Að lokum ætti umsækjandinn að tiltaka í lýsingu starfsreglna sinna þau atriði sem gilda um uppgjör viðskipta með sýndareignir sem fara fram á viðskiptavettvangnum, þ.m.t. hvort uppgjör fer af stað með dreifðri færsluskrártækni (DFT), tímarammann fyrir þá framkvæmd, skilgreiningu á augnablikinu þegar uppgjörinu telst lokið, allar sannprófanir sem þarf til að tryggja skilvirkt uppgjör viðskiptanna og hvers konar ráðstafanir til að takmarka uppgjörsbresti.

15) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina og þróað í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.

16) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([5]).

17) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([6]) og skilaði hún formlegum athugasemdum 21. júní 2024.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almennar upplýsingar

Lögaðilar eða önnur fyrirtæki sem leita eftir starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna í samræmi við 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 („umsækjendur“) skulu hafa allar eftirfarandi upplýsingar í umsókn sinni um starfsleyfi:

a) lögheiti, símanúmer og tölvupóstfang umsækjanda,

b) verslunar- eða viðskiptaheiti sem umsækjandi notar eða mun nota,

c) auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni) umsækjanda,

d) fullt nafn, starfsheiti, netfang og símanúmer tilnefnds tengiliðar,

e) félagsform umsækjanda, eins og um getur í b-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. upplýsingar um hvort umsækjandi er lögaðili eða annað fyrirtæki og, eftir atvikum, kennitölu umsækjanda og gögn um skráningu hans hjá fyrirtækjaskrá viðkomandi lands,

f) dagsetningu og í hvaða aðildarríki umsækjandi hlaut skráningu eða var stofnaður,

g) eftir atvikum, stofnsamninga, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og lögum félagsins,

h) heimilisfang aðalskrifstofu og, ef það er annað, skráðrar skrifstofu umsækjanda,

i) upplýsingar um hvar útibúin verða rekin, ef einhver verða, og auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni), ef þau eru tiltæk,

j) lénsheiti hvers vefseturs sem umsækjandi starfrækir og samfélagsmiðlareikningar umsækjandans,

k) ef umsækjandinn er ekki lögaðili, upplýsingaskjöl til að meta hvort:

   i. vernd hagsmuna þriðju aðila og réttinda handhafa sýndareigna, þ.m.t. við ógjaldfærni, sé sambærileg þeirri vernd sem lögaðilar veita,

   ii. umsækjandi sé háður sambærilegu varfærniseftirliti sem hæfir rekstrarformi hans að lögum,

l) ef umsækjandinn hyggst starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir:

   i. heimilisfang, símanúmer og netfang viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir,

   ii. firmaheiti viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir.

2. gr.

Starfsáætlun

1. Að því er varðar d-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu umsækjendur veita lögbæru yfirvaldi starfsáætlun næstu þriggja ára eftir að starfsleyfi er veitt, þ.m.t. allar eftirfarandi upplýsingar:

a) ef umsækjandinn tilheyrir samstæðu, eins og skilgreind er í 11. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([7]), útskýringu á hvernig starfsemi umsækjandans fellur inn í stefnuáætlun samstæðunnar og spilar saman við starfsemi annarra aðila í samstæðunni, þ.m.t. yfirlit yfir gildandi og áætlað skipulag og uppbyggingu þeirrar samstæðu,

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/34/oj).

b) útskýringu á því hvernig vænst er að starfsemi aðila sem eru tengdir umsækjandanum, þ.m.t. ef eftirlitsskyldir aðilar eru í samstæðunni, hafi áhrif á starfsemi umsækjandans,

c) lista yfir þjónustu á sviði sýndareigna sem umsækjandinn hyggst veita og þær tegundir sýndareigna sem þjónustan tengist,

d) aðra áætlaða starfsemi, bæði eftirlitsskylda samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum og óeftirlitsskylda, þ.m.t. hvers konar aðra þjónustu en á sviði sýndareigna, sem umsækjandinn hyggst veita,

e) hvort umsækjandinn hyggist bjóða sýndareignir út á almennum markaði eða óski eftir töku sýndareigna til viðskipta og ef svo er, hvaða tegundir sýndareigna,

f) lista yfir lögsögur, bæði innan Sambandsins og í þriðju löndum, þar sem umsækjandinn hefur í hyggju að veita þjónustu á sviði sýndareigna, þ.m.t. upplýsingar um fjölda viðskiptavina sem stefnt er að á hverju svæði,

g) markhópa viðskiptavina sem þjónusta umsækjandans á sviði sýndareigna miðar á,

h) lýsingu á hvernig viðskiptavinir fá aðgang að þjónustu umsækjanda á sviði sýndareigna, þ.m.t. allt eftirfarandi:

   i. lénsheiti hvers vefseturs eða annars upplýsinga- og fjarskiptatæknitengds forrits sem umsækjandinn mun veita þjónustu á sviði sýndareigna gegnum og upplýsingar um þau tungumál sem viðkomandi vefsetur eða upplýsinga- og fjarskiptatæknitengt forrit verður aðgengilegt á, þær tegundir þjónustu á sviði sýndareigna sem aðgangur verður að gegnum það vefsetur eða upplýsinga- og fjarskiptatæknitengda forrit og, ef við á, frá hvaða aðildarríki vefsetrið eða upplýsinga- og fjarskiptatæknitengda forritið verður aðgengilegt,

   ii. heiti hvers konar upplýsinga- og fjarskiptatæknitengds forrits sem tiltækt er viðskiptavinum til að fá aðgang að þjónustu á sviði sýndareigna, þau tungumál sem það upplýsinga- og fjarskiptatæknitengda forrit verður aðgengilegt á og þá þjónustu á sviði sýndareigna sem hægt verður að fá aðgang að í gegnum það forrit,

i) áætlaða markaðssetningu og kynningarstarfsemi og -ráðstafanir fyrir viðkomandi þjónustu á sviði sýndareigna, þ.m.t.:

   i. allar markaðssetningarleiðir sem notaðar verða fyrir hverja þjónustu,

   ii. fyrirhugaða auðkenningarleið umsækjanda,

   iii. upplýsingar um viðeigandi flokk viðskiptavina sem miðað er á,

   iv. tegundir sýndareigna,

   v. tungumál sem notuð verða í markaðssetningar- og kynningarstarfsemi,

j) ítarlega lýsingu á þeim mannauði, fjármagni og tilföngum í upplýsinga- og fjarskiptatækni sem ráðstafað hefur verið til fyrirhugaðrar þjónustu á sviði sýndareigna og landfræðilega staðsetningu þeirra,

k) útvistunarstefnu umsækjanda og ítarlega lýsingu á áætluðum útvistunarsamningum umsækjanda, þ.m.t. ráðstöfunum innan samstæðu og hvernig umsækjandinn muni hlíta 73. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

l) lista yfir aðila sem munu veita útvistaða þjónustu, landfræðilega staðsetningu þeirra og viðkomandi útvistaða þjónustu,

m) spá um reikningsskil sem felur í sér álagssviðsmyndir á einingar- og, eftir atvikum, samstæðu- og undirsamstæðugrunni, í samræmi við tilskipun 2013/34/ESB,

n) hvers konar skipti á sýndareignum fyrir fjármuni og aðra sýndareignastarfsemi sem umsækjandinn hyggst stunda, þ.m.t. gegnum dreifstýrð fjárhagsleg forrit sem umsækjandinn hyggst eiga samskipti við fyrir eigin reikning.

Að því er varðar b-lið skal útskýringin fela í sér lista yfir upplýsingar um aðila sem eru eignatengdir umsækjandanum, þ.m.t. ef um eftirlitsskylda aðila er að ræða, þá þjónustu sem aðilarnir veita, m.a. eftirlitsskylda þjónustu, starfsemi og gerðir viðskiptavina, og lénsheiti sérhvers vefseturs sem slíkir aðilar starfrækja.

Að því er k-lið varðar skal umsækjandinn leggja fram upplýsingar um störf eða einstaklinga sem bera ábyrgð á útvistun, mannauði og tilföngum upplýsinga- og fjarskiptatækni sem úthlutað verður til eftirlits með útvistuðum starfsþáttum, þjónustu eða starfsemi tengdra ráðstafana og um áhættumat í tengslum við útvistun.

Að því er varðar m-lið skal fjárhagsspáin taka tillit til allra lána innan samstæðunnar sem umsækjandinn hefur veitt eða verða veitt honum.

2. Ef umsækjendur hyggjast veita þá þjónustu að taka við og senda fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina skulu þeir veita lögbærum yfirvöldum afrit af verklagsreglunum og lýsingu á ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja hlítni við 80. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

3. Ef umsækjendur fyrirhuga að veita þá þjónustu að setja sýndareignir á markað skulu þeir veita lögbærum yfirvöldum afrit af verklagsreglum um að greina, koma í veg fyrir, stýra og upplýsa um hagsmunaárekstra og lýsingu á ráðstöfunum til að hlíta 79. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um tæknilega staðla sem samþykktir eru skv. 5. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

3. gr.

Varfærniskröfur

Að því er varðar e-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal umsækjandinn veita lögbæru yfirvaldi allar eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á varfærnisráðstöfunum umsækjanda sem settar eru fram 67. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og samanstanda af:

   i. þeirri fjárhæð sem samsvarar varfærnisráðstöfunum þegar umsókn um starfsleyfi er lögð fram og lýsingu á þeim forsendum sem notaðar eru til að reikna fjárhæðina út,

   ii. þeirri fjárhæð sem samsvarar varfærnisráðstöfunum og fellur undir eiginfjárgrunn sem um getur í a-lið 4. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, eftir atvikum,

   iii. þeirri fjárhæð sem samsvarar varfærnisráðstöfunum umsækjanda og fellur undir vátryggingarsamning eins og um getur í b-lið 4. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, eftir atvikum,

b) spáútreikning og áætlanir til að ákvarða eiginfjárgrunn, þ.m.t.:

   i. spáútreikning á varfærnisráðstöfunum umsækjanda fyrir fyrstu þrjú rekstrarárin eftir að starfsleyfi er veitt:

   ii. forsendur fyrir áætlanagerð, þ.m.t. álagssviðsmyndir fyrir spána sem um getur í i. lið og útskýring á tölum,

   iii. áætlaðan fjölda og gerð viðskiptavina, magn fyrirmæla og viðskipta og fjölda sýndareigna í vörslu,

c) að því er varðar fyrirtæki eða aðra lögaðila sem þegar eru starfandi, eftir atvikum, reikningsskil síðustu þriggja ára samþykkt, ef utanaðkomandi endurskoðandi hefur endurskoðað þau,

d) lýsingu á verklagsreglum umsækjanda við áætlanagerð og eftirlit með varfærnisráðstöfunum í samræmi við 1. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

e) sönnur á því að umsækjandi uppfylli varfærnisráðstafanirnar sem settar eru fram í 67. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t.:

   i. í tengslum við eiginfjárgrunn, eins og um getur í a-lið 4. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114:

      1) gögn sem tilgreina hvernig umsækjandi hefur reiknað fjárhæð varfærnisráðstafana í samræmi við 67. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

      2) að því er varðar fyrirtæki eða aðra lögaðila sem eru þegar starfandi og reikningsskil þeirra hafa ekki verið endurskoðuð, vottorð frá innlendum eftirlitsaðila um fjárhæð eiginfjárgrunns umsækjanda,

      3) að því er varðar fyrirtæki sem verið er að stofna skal fylgja yfirlit gefið út af lánastofnun sem staðfestir að fjármunir séu lagðir inn á reikning umsækjanda,

ii. í tengslum við vátryggingarsamning eða sambærilegar tryggingar sem um getur í b-lið 4. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114:

1) lögheiti, dagsetningu og aðildarríki skráningar eða stofnunar, heimilisfang aðalskrifstofu og, ef það er annað, skráðrar skrifstofu og samskiptaupplýsingar fyrirtækis sem hefur heimild til að veita vátryggingarsamninginn eða sambærilega tryggingu,

2) afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:

— skráðum vátryggingarsamningi sem inniheldur alla þætti sem eru nauðsynlegir til að fara að 5. og 6. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ef við á,

— vátryggingasamningi sem inniheldur alla þætti sem eru nauðsynlegir til að fara að 5. og 6. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, undirritaður af fyrirtæki sem hefur starfsleyfi til að veita vátryggingu í samræmi við lög Sambandsins eða landslög.

4. gr.

Upplýsingar um fyrirkomulag stjórnarhátta og innri eftirlitskerfi og hagsmunaárekstra

1. Að því er varðar f- og i-liði 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu umsækjendur veita lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar um fyrirkomulag stjórnarhátta og innri eftirlitskerfi hjá sér:

a) ítarlega lýsingu á stjórnskipulagi umsækjanda sem nær yfir samstæðuna, ef við á, þ.m.t. skiptingu verkefna og heimilda og viðeigandi boðleiðum og fyrirkomulagi eftirlits sem er viðhaft, ásamt skipuriti stofnunar,

b) persónuupplýsingar yfirmanna innri starfseininga (stjórnenda, eftirlitsaðila og innri eftirlitsaðila), þ.m.t. staðsetningu þeirra og ferilskrá, þar sem fram kemur viðeigandi menntun, starfsþjálfun og starfsreynsla og lýsing á þeirri þekkingu, hæfni og reynslu sem er nauðsynleg til að gegna þeim skyldum sem yfirmönnum innri starfseininga er falið,

c) stefnur og verklagsreglur sem eru nægilega skilvirkar til að tryggja að farið sé að reglugerð (ESB) 2023/1114 í samræmi við 4. mgr. 68. gr. þeirrar reglugerðar og ítarlega lýsingu á ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að viðeigandi starfsfólk viti af þeim verklagsreglum sem fylgja skal til að inna af hendi skyldur sínar með tilhlýðilegum hætti, þ.m.t. ítarlega lýsingu á verklagsreglum fyrir starfsfólk umsækjanda til að tilkynna hugsanleg eða raunveruleg brot á reglugerð (ESB) 2023/1114, í samræmi við 116. gr. þeirrar reglugerðar,

d) ítarlega lýsingu á fyrirkomulagi við að halda skrár yfir starfsemi og innra skipulag umsækjanda, í samræmi við 9. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. skráningarkröfur umsækjanda í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem kemur á fót tæknistöðlum sem samþykktir voru skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

e) fyrirkomulag sem gerir stjórn og/eða framkvæmdastjórn kleift að meta og endurskoða reglulega skilvirkni stefnu-fyrirkomulags og verklagsreglna sem komið er á til að fara að 2. og 3. kafla V. bálks reglugerðar (ESB) 2023/1114 í samræmi við 6. mgr. 68. gr. þeirrar reglugerðar, þ.m.t. allt eftirfarandi:

i. auðkenningu innri eftirlitsaðila sem bera ábyrgð á að hafa eftirlit með stefnufyrirkomulaginu og verklagsreglunum, ásamt umfangi ábyrgðarsviðs og boðleiða til stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar umsækjandans,

ii. tilgreiningu á tíðni skýrslugjafar innri eftirlitseininga til stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar umsækjanda um skilvirkni stefnufyrirkomulagsins og verklagsreglnanna,

iii. útskýringu þar sem tilgreint er:

1) hvernig umsækjandinn tryggir að innri eftirlitseiningar starfi á sjálfstæðan og aðgreindan hátt frá starfseiningunum sem eru undir eftirliti hans,

2) hvort innri eftirlitseiningarnar hafi aðgang að nauðsynlegum tilföngum og upplýsingum,

3) hvort innri eftirlitseiningarnar geti tilkynnt stjórn og/eða framkvæmdastjórn beint, bæði a.m.k. einu sinni á ári og eftir þörfum, þ.m.t. ef þær greina verulega hlítingaráhættu hjá umsækjanda vegna skyldna hans samkvæmt reglugerð (ESB) 2023/1114,

iv. lýsingu á upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfum, verndarráðstöfunum og eftirliti sem komið er á til að fylgjast með starfsemi umsækjanda og uppfylla 2. og 3. kafla V. bálks reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. öryggisafritunarkerfum, og upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfum og áhættueftirliti, ef hún hefur ekki verið veitt í samræmi við 9. gr. þessarar reglugerðar,

f) ef við á, lýsingu á þeim ráðstöfunum sem hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir og greina markaðssvik í samræmi við 92. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

g) hvort umsækjandi hafi skipað eða muni skipa ytri endurskoðendur og, ef svo er, nöfn þeirra og samskiptaupplýsingar, ef þær eru til staðar,

h) reikningsskilaaðferðir og verklagsreglur sem umsækjandinn notar til að skrá og tilkynna fjárhagsupplýsingar sínar, þ.m.t. upphafs- og lokadagsetningar uppgjörsársins sem er notað.

2. Í samræmi við 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 til að greina, koma í veg fyrir, stýra og upplýsa um hagsmunaárekstra skulu umsækjendur veita lögbæru yfirvaldi allar eftirfarandi upplýsingar um stýringu hagsmunaárekstra:

a) afrit af stefnu umsækjanda um hagsmunaárekstra, ásamt lýsingu á því hvernig sú stefna:

i. tryggir að umsækjandinn greini, komi í veg fyrir og stýri hagsmunaárekstrum í samræmi við 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og upplýsi um hagsmunaárekstra í samræmi við 2. mgr. 72. gr. þeirrar reglugerðar,

ii. er í réttu hlutfalli við umfang, eðli og svið þjónustu á sviði sýndareigna sem umsækjandinn hyggst veita og annarrar starfsemi samstæðunnar sem umsækjandinn tilheyrir,

iii. tryggir að starfskjarastefnur, verklagsreglur og ráðstafanir leiði ekki til hagsmunaárekstra,

b) hvernig stefna umsækjanda um hagsmunaárekstra tryggir að farið sé að framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem kom á fót tæknistöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. upplýsingar um þau kerfi og ráðstafanir sem umsækjandinn kemur á til að:

i. vakta, meta og endurskoða skilvirkni stefnu um hagsmunaárekstra og lagfæra hvers kyns annmarka,

ii. skrá tilvik um hagsmunaárekstra, þ.m.t. greiningu, mat, úrbætur og upplýsingar um hvort viðskiptavinurinn hafi verið upplýstur um málið.

5. gr.

Áætlun um rekstrarsamfellu

1. Að því er varðar i. lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu umsækjendur leggja fyrir lögbært yfirvald ítarlega lýsingu á áætlun sinni um rekstrarsamfellu, þ.m.t. þau skref sem verða tekin til að tryggja samfellu og reglufestu í veitingu þjónustu hans á sviði sýndareigna.

2. Lýsingin sem um getur í 1. mgr. skal innihalda eftirfarandi:

a) upplýsingar sem færa sönnur á að áætlun um rekstrarsamfellu sé viðeigandi og að ráðstafanir hafi verið gerðar til að viðhalda og prófa áætlunina reglubundið,

b) að því er varðar nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi, sem þjónustuveitendur sem eru þriðju aðilar styðja, upplýsingar um hvernig rekstrarsamfella er tryggð ef gæðum slíkrar starfsemi hrakar svo hún verði óviðunandi eða bregðist,

c) upplýsingar um hvernig rekstrarsamfella er tryggð komi til þess að lykileinstaklingur láti lífið og, ef við á, við stjórnmálaáhættu í lögsögu þjónustuveitandans.

6. gr.

Greining á og aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Að því er varðar i. lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu umsækjendurnir veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um innri eftirlitskerfi sín, stefnur og verkferla til að uppfylla ákvæði landslaga sem leiða í lög tilskipun (ESB) 2015/849 og um ramma áhættumats til stýringar áhættu í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. allt eftirfarandi:

a) mat umsækjanda á eðlislægri og eftirstæðri hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í tengslum við viðskipti sín, þ.m.t. áhættu í tengslum við:

   i. viðskiptamannagrunn umsækjanda,

   ii. veitta þjónustu,

   iii. dreifileiðir sem notaðar eru,

   iv. landfræðileg starfssvæði,

b) ráðstafanir sem umsækjandinn hefur gert eða mun gera til að koma í veg fyrir greinda áhættu og hlíta viðeigandi kröfum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. aðferðarfræði umsækjandans við mat á áhættu, stefnur og verklagsreglur til að uppfylla kröfur um áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum og stefnur og verklagsreglur um að greina og tilkynna grunsamlegar færslur eða hegðun,

c) ítarlegar upplýsingar um hvernig innri eftirlitskerfin, stefnurnar og verklagsreglurnar eru fullnægjandi og í samræmi við umfang, eðli, eðlislæga hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, framboð þjónustu á sviði sýndareigna, flækjustig viðskiptalíkans og hvernig kerfin, stefnurnar og verklagsreglurnar uppfylla ákvæði tilskipunar (ESB) 2015/849 og reglugerðar (ESB) 2023/1113,

d) deili á þeim einstaklingi sem sér um að tryggja hlítni við kröfur um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og gögn um þekkingu, færni og reynslu þess einstaklings,

e) ráðstafanir, mannauð og fjármagn sem tryggir að starfsfólk umsækjandans hljóti viðeigandi þjálfun í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (árlegar vísbendingar) og tiltekna áhættur í tengslum við sýndareignir,

f) afrit af stefnum, verkferlum og kerfum um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá umsækjandanum,

g) tíðni mats á því hvort innri eftirlitskerfin, stefnurnar og verkferlarnir séu fullnægjandi og skilvirk og einstaklinginn eða starfseininguna sem ber ábyrgð á slíku mati.

7. gr.

Deili á aðilum stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar og sönnur á góðu orðspori, þekkingu, hæfni og reynslu þeirra og að þeir verji nægum tíma til að sinna skyldum sínum

1. Að því er varðar g-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu umsækjendur veita lögbæru yfirvaldi allar eftirfarandi upplýsingar um sérhvern aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar:

a) fullt nafn og, ef annað, nafn við fæðingu,

b) fæðingarstað og fæðingardag, heimilisfang og samskiptaupplýsingar miðað við núverandi búsetustað og alla aðra búsetustaði síðustu 10 árin, ríkisfang eða ríkisföng, kennitölu og afrit af opinberum skilríkjum eða jafngildi þeirra,

c) upplýsingar um stöðuna sem aðili stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar gegnir eða mun gegna, þ.m.t. hvort um sé að ræða stöðu framkvæmdastjóra eða utanaðkomandi stjórnarmanns, upphafsdag eða fyrirhugaðan upphafsdag og, eftir atvikum, gildistíma umboðs og lýsingu á helstu skyldum og ábyrgð aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar,

d) ferilskrá sem sýnir fram á viðeigandi menntun, starfsþjálfun og starfsreynslu, ásamt heiti og eðli allra stofnana eða fyrirtækja sem stjórnarmaður hefur starfað hjá og eðli og tímalengd þeirra starfa sem viðkomandi hefur gegnt í stöðum á næstliðnum 10 árum, einkum og sér í lagi starfsemi sem fellur innan sviðs þeirrar stöðu sem sótt er um, þ.m.t. starfsreynslu sem skiptir máli fyrir fjármálaþjónustu, sýndareignir eða aðrar stafrænar eignir, dreifða færsluskrártækni (DLT), upplýsingatækni, netöryggi og stafræna nýsköpun,

e) skjöl sem varða orðspor og reynslu stjórnarmanns, einkum lista yfir umsagnaraðila, þ.m.t. samskiptaupplýsingar og meðmælabréf,

f) feril stjórnarmanns, þ.e. allt eftirfarandi:

   i. hreint sakavottorð,

   ii. upplýsingar um yfirstandandi refsimál eða rannsóknir sakamála eða viðurlög (sem varða verslunarrétt, lög um fjármálaþjónustu, peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, svik eða starfsábyrgð), upplýsingar um fullnustumeðferðir eða -viðurlög, upplýsingar um viðeigandi einka- og stjórnsýslumál og agaviðurlög, þ.m.t. sviptingu stjórnunarstöðu, gjaldþrot, ógjaldfærni eða svipuð ferli,

   iii. upplýsingar um hvers kyns synjun, innköllun, afturköllun eða uppsögn skráningar, starfsleyfis, aðildar eða leyfis til að stunda viðskipti, rekstur eða starf eða brottvísun af hálfu eftirlitsaðila, ríkisstofnunar, fagfélags eða samtaka,

   iv. upplýsingar um brottvikningu úr trúnaðarstöðu, uppsögn umboðsskyldusambands, trúnaðarsambands eða svipaðar aðstæður,

   v. upplýsingar um hvort yfirvald hafi metið orðspor einstaklings, þ.m.t. auðkenni þess yfirvalds, dagsetning mats og upplýsingar um niðurstöðu matsins,

g) lýsingu á öllum fjárhagslegum og ófjárhagslegum hagsmunum eða tengslum stjórnarmanns og náinna ættingja hans við aðra aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn eða gegna lykilhlutverki hjá sama félagi, móðurfélagi, dótturfélögum og hluthöfum sem geta skapað hagsmunaárekstra,

h) ef verulegir hagsmunaárekstrar greinast, yfirlýsingu um hvernig dregið verður úr þeim árekstrum eða úr þeim bætt, þ.m.t. tilvísun í yfirlit stefnu um hagsmunaárekstra,

i) upplýsingar um tímann sem aðili mun verja til að sinna skyldum sínum innan umsækjandans, þ.m.t. allt eftirfarandi:

   i. áætlaður lágmarkstími, á ári og á mánuði, sem aðilinn mun verja til að sinna hlutverki sínu innan umsækjandans,

   ii. lista yfir aðra stjórnarsetu stjórnarmanns, með vísan til viðskiptastarfsemi og annarrar starfsemi eða sem komið er á fót í þeim eina tilgangi að stýra efnahagslegum hagsmunum hlutaðeigandi stjórnarmanns,

   iii. upplýsingar um stærð og flækjustig félaganna eða stofnanna sem hann situr í stjórn í, eins og um getur í ii. lið, þ.m.t. heildareignir, hvort félagið er skráð eða ekki og fjöldi starfsmanna þessara félaga eða stofnana samkvæmt nýjustu tiltækum ársreikningum,

   iv. lista yfir alla viðbótarábyrgð sem tengist stjórnarsetunni sem um getur í ii. lið, þ.m.t. að veita nefnd forstöðu,

   v. áætlaðan tíma í dögum á ári sem varið er til allrar annarrar stjórnarsetu sem um getur í ii. lið og funda á ári sem tileinkaðir eru hverju umboði.

Að því er varðar d-lið skal umsækjandi leggja fram upplýsingar um allar valdheimildir og innra ákvarðanatökuvald sem viðkomandi hafði og þau svið starfseminnar sem heyrðu undir stjórn viðkomandi.

Að því er varðar i. og ii. lið f-liðar skulu umsækjendur leggja upplýsingarnar fram með opinberu vottorði, ef það er tiltækt frá viðkomandi aðildarríki eða þriðja landi, eða með öðru jafngildu skjali ef slíkt vottorð er ekki til staðar. Opinberar skrár, vottorð og skjöl skulu vera gefin út innan þriggja mánaða áður en umsókn um starfsleyfi er lögð fram. Að því er varðar yfirstandandi rannsóknir er heimilt að veita upplýsingarnar að viðlögðum drengskap.

Að því er varðar iv. lið f-liðar skal umsækjanda ekki vera skylt að leggja fram upplýsingar um fyrra mat ef lögbært yfirvald býr þegar yfir upplýsingunum.

Að því er varðar g-lið skal lýsingin ná yfir alla fjárhagslega hagsmuni, þ.m.t. sýndareignir, aðrar stafrænar eignir, lán, hlutafjáreignir, ábyrgðir eða öryggishagsmuni, veitta eða viðtekna, viðskiptasambönd, dómsmál og hvort viðkomandi hafi verið einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla, eins og skilgreint er í 9. lið 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, næstliðin 2 ár.

2. Umsækjandi sem sækist eftir starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna, í samræmi við 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal veita lögbæru yfirvaldi niðurstöður úr öllu hæfismati, sem hann framkvæmir á hverjum aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar, og niðurstöður mats á samanteknu hæfi stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar, þ.m.t. skýrslu varðandi hæfismatið og gögn um niðurstöður hæfismatsins.

8. gr.

Upplýsingar sem varða hluthafa eða aðila með virka eignarhluti

Að því er varðar h-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal umsækjandinn veita lögbæru yfirvaldi allar eftirfarandi upplýsingar:

a) ítarlegt skipurit yfir eignarhaldsfyrirkomulag umsækjanda, þ.m.t. sundurliðun á hlutafjáreign og atkvæðisrétti og nöfn hluthafa eða aðila með virkan eignarhlut,

b) að því er varðar sérhvern hluthafa eða aðila með beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í umsækjanda, upplýsingarnar og skjölin sem kveðið er á um í 1. til 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/414 ([8]), eftir því sem við á,

c) deili á sérhverjum aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar, sem mun stjórna starfsemi umsækjandans og verður skipaður af eða í kjölfar tilnefningar frá slíkum hluthafa eða aðila með virkan eignarhlut,

d) að því er varðar sérhvern hluthafa eða aðila með beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í umsækjanda, upplýsingar um fjölda og tegund hlutabréfa eða annarra eignarhluta sem búið er að skrá eða, nafnverð þeirra, allt yfirverð sem hefur verið eða verður greitt, allir tryggingarhagsmunir eða kvaðir, þ.m.t. deili á tryggðum aðilum,

e) upplýsingarnar sem um getur í b-, d- og e-lið 6. gr. og 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/414.

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/414 frá 18. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ítarlegt innihald nauðsynlegra upplýsinga til að meta fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna (Stjtíð. ESB L, 2025/414, 31.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/414/oj).

9. gr.

Upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi og tengdar öryggisráðstafanir

Að því er varðar j-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal umsækjandinn veita lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

a) tæknigögn um upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfið, innviði dreifðrar færsluskrártækni sem treyst er á, ef við á, og öryggisfyrirkomulag, þ.m.t. lýsingu á ráðstöfunum og tilföngum upplýsinga- og fjarskiptatækni og mannauði sem nýttur er til að hlíta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 ([9]) á eftirfarandi hátt:

   i. lýsingu á hvernig umsækjandinn tryggir traustan, yfirgripsmikinn og vel skjalfestan áhættustýringarramma fyrir upplýsinga- og fjarskiptatækni, sem hluta af heildaráhættustýringarkerfi sínu, þ.m.t. ítarlega lýsingu á upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfum, samskiptareglum og búnaði og hvernig verklagsreglur, stefnur og kerfi umsækjanda vernda öryggi, tiltækileika, áreiðanleika, réttleika og leynd gagna í samræmi við reglugerðir (ESB) 2022/2554 og (ESB) 2016/679,

   ii. tilgreiningu á upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem styður nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi sem umsækjandinn þróar eða heldur uppi og upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem styður nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi þriðju aðila, lýsingu á slíku samningsbundnu fyrirkomulagi (deili á og landfræðileg staðsetning veitenda, lýsingu á útvistaðri starfsemi eða upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu ásamt helstu einkennum, afrit af samningsbundnu fyrirkomulagi) og hvernig þetta fyrirkomulag uppfyllir ákvæði 73. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og V. kafla reglugerðar (ESB) 2022/2554,

   iii. lýsingu á verklagsreglum umsækjanda, stefnum, ráðstöfunum og kerfum til öryggis- og atvikastjórnunar,

b) ef hún er tiltæk, lýsingu á netöryggisúttekt sem gerð er af ytri úttektaraðila sem hefur fullnægjandi reynslu í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um samþykkta tæknistaðla, skv. fjórðu undirgrein 11. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554, sem helst ætti að ná yfir eftirfarandi úttektir og prófanir:

   i. netöryggi skipulagsheildarinnar, raunlægt öryggi og vistferlisfyrirkomulag öruggrar hugbúnaðarþróunar,

   ii. veikleikamat og -skannanir og netöryggismat,

   iii. úttektir á stillingum upplýsinga- og fjarskiptatæknieigna sem styðja nauðsynlega og mikilvæga starfsemi eins og skilgreind er í 22. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554,

   iv. innbrotsprófanir á upplýsinga- og fjarskiptatæknieignum sem styðja nauðsynlega og mikilvæga starfsemi eins og skilgreindar eru í 17. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554, í samræmi við allar eftirfarandi aðferðir við úttektarprófanir:

      1) svartkassa: úttektaraðilinn hefur engar upplýsingar aðrar en IP-vistfang og vefslóðir sem tengjast viðfangi úttektarinnar. Á undan þessum fasa er yfirleitt upplýsingaleit og auðkenning viðfangsins með því að leita í lénsheitakerfum (DNS), skanna opnar gáttir, greina hvort síunarbúnaður sé til staðar, o.s.frv.,

      2) grákassafasa: úttektaraðilar hafa vitneskju um almennan notanda upplýsingakerfisins (lögmæta auðkenningu, „almenna“ vinnustöð, o.s.frv.). Auðkennin kunna að tilheyra mismunandi notendalýsingum til að prófa mismunandi réttindastig,

      3) hvítkassafasa: úttektaraðilar hafa eins miklar tæknilegar upplýsingar og mögulegt er (högun, frumkóða, tengiliði í símaskrá, auðkenni, o.s.frv.) áður en þeir hefja greininguna og einnig aðgang að tengiliðum léna sem tengjast viðfanginu,

   v. ef umsækjandinn notar og/eða þróar snjallsamninga, úttekt á netöryggisfrumkóða þeirra,

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 frá 14. desember 2022 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann og um viðbætur við reglugerðir (EB) nr. 1060/2009, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 909/2014 og (ESB) 2016/1011 (Stjtíð. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2554/oj).

c) lýsingu á framkvæmdum úttektum á upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfunum, ef einhverjar eru, þ.m.t. innviðum dreifðrar færsluskrártækni og öryggisfyrirkomulagi,

d) lýsingu á viðkomandi upplýsingum sem um getur í a- og b-lið á máli sem ekki er tæknimál.

10. gr.

Aðgreining og varðveisla sýndareigna og fjármuna viðskiptavina

1. Að því er varðar k-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu umsækjendur sem hyggjast hafa í vörslu sinni sýndareignir sem tilheyra viðskiptavinum, eða hafa aðgang að slíkum sýndareignum, eða fjármunum viðskiptavina öðrum en rafeyristókum veita lögbæru yfirvaldi ítarlega lýsingu á verklagsreglum sínum um aðgreiningu sýndareigna og fjármuna viðskiptavina, þ.m.t. allt eftirfarandi:

a) hvernig umsækjandinn tryggir:

   i. að fjármunir viðskiptavina séu ekki notaðir fyrir eigin reikning hans,

   ii. að sýndareignir sem tilheyra viðskiptavinum séu ekki notaðar fyrir eigin reikning hans,

   iii. að veski sem geyma sýndareignir viðskiptavinar séu önnur en veski umsækjandans sjálfs,

b) ítarlega lýsingu á samþykkiskerfi fyrir dulritunarlykla og varðveislu dulritunarlykla, þ.m.t. veskja sem krefjast fleiri undirskrifta,

c) hvernig umsækjandinn aðgreinir sýndareignir viðskiptavina, þ.m.t. frá sýndareignum annarra viðskiptavina ef veski hafa að geyma sýndareignir fleiri en eins viðskiptavinar (safnreikningar),

d) lýsingu á verklagsreglum sem tryggja að fjármunir viðskiptavina aðrir en rafeyristókar séu lagðir inn í seðlabanka eða lánastofnun í lok næsta virka dags eftir daginn þegar tekið var við fjármununum og séu hafðir á reikningi sem er aðgreindur frá öðrum reikningum sem notaðir eru til vörslu fjármuna sem tilheyra umsækjandanum,

e) ef umsækjandinn hyggst ekki leggja fjármuni inn í seðlabanka, hvaða þátta umsækjandinn tekur tillit til við val á lánastofnun sem hann leggur fjármuni viðskiptavina inn hjá, þ.m.t. fjölþættingarstefnu umsækjanda, ef tiltæk er, og tíðni endurskoðunar vals á lánastofnun sem fjármunir viðskiptavina verða lagðir inn hjá,

f) hvernig umsækjandinn tryggir að viðskiptavinir séu upplýstir á skýru og gagnorðu máli, sem ekki er tæknilegt um lykilþætti í kerfum, stefnum og verklagi umsækjandans, til að hlíta 1., 2. og 3. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. Í samræmi við 5. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu þjónustuveitendur sýndareigna sem eru rafeyrisfyrirtæki eða greiðslustofnanir aðeins veita þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í tengslum við aðgreiningu sýndareigna viðskiptavina.

11. gr.

Verklagsreglur um meðferð kvartana

Að því er varðar l-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu umsækjendur veita lögbæru yfirvaldi ítarlega lýsingu á meðferð kvartana, þ.m.t. allar eftirfarandi upplýsingar:

a) upplýsingar um mannauð og tækniúrræði sem úthlutað er til að meðhöndla kvartanir,

b) upplýsingar um þann sem ber ábyrgð á þeim úrræðum sem úthlutað er til að meðhöndla kvartanir, ásamt ferilskrá sem sýnir fram á viðeigandi menntun, starfsþjálfun og starfsreynslu sem réttlætir þá þekkingu, færni og reynslu sem þarf til að gegna þeim skyldum sem viðkomandi hefur verið úthlutað,

c) hvernig umsækjandinn tryggir að farið sé að ákvæðum framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar sem koma á fót tæknistöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

d) hvernig umsækjandinn muni upplýsa viðskiptavini eða hugsanlega viðskiptavini um að hægt sé að leggja fram kvörtun án endurgjalds, hvort þær upplýsingar sé að finna á vefsetri umsækjandans eða á öðrum viðeigandi stafrænum tækjum sem viðskiptavinir kunna að nota til að fá aðgang að þjónustu á sviði sýndareigna og innihald þeirra upplýsinga sem eru veittar,

e) skráningarkröfur umsækjanda í tengslum við kvartanir,

f) tímalínuna sem tilgreind er í verklagsreglum umsækjanda um meðferð kvartana til að rannsaka, bregðast við og, eftir því sem við á, grípa til ráðstafana vegna kvartana sem berast,

g) hvernig umsækjandinn muni upplýsa viðskiptavini eða hugsanlega viðskiptavini um tiltæk úrræði,

h) mikilvæg skref í verklagi umsækjanda við að taka ákvörðun um kvörtun og hvernig umsækjandinn muni tilkynna viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini, sem lagði kvörtunina fram, um ákvörðunina.

12. gr.

Stefna um vörslu og umsýslu

Að því er varðar m-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu umsækjendur sem hyggjast veita vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina veita lögbæru yfirvaldi allar eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á fyrirkomulaginu sem tengist tegund vörslu sem viðskiptavinum býðst, afrit af stöðluðum samningi umsækjanda um vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina skv. 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og afrit af samantekt stefnunnar um vörslu sem gerð er aðgengileg viðskiptavinum í samræmi við 3. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

b) stefnu umsækjandans um vörslu og umsýslu, þ.m.t. lýsingu á greindum upptökum rekstrar- og upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu við varðveislu og stýringu sýndareigna eða aðgangsleiðum að sýndareignum viðskiptavina, ásamt lýsingu á:

   i. stefnum og verklagsreglum og lýsingu á ráðstöfunum til að hlíta ákvæðum 8. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   ii. stefnum og verklagsreglum og lýsingu á kerfum og stýringum til að stýra rekstrar- og upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu, þ.m.t. ef vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina er útvistað til þriðja aðila,

   iii. stefnum og verklagsreglum í tengslum við, og lýsingu á, kerfum sem tryggja að viðskiptavinir nýti réttindi sín í tengslum við sýndareignir,

   iv. verklagsreglum og lýsingu á kerfum sem tryggja að sýndareignum sé skilað eða aðgangsleiðir að viðskiptavinum,

c) upplýsingar um hvernig sýndareignir og aðgangsleiðir að sýndareignum viðskiptavina eru auðkenndar,

d) upplýsingar um ráðstafanir til að lágmarka hættuna á tapi á sýndareignum eða aðgangsleiðum að sýndareignum,

e) ef þjónustuveitandi sýndareigna hefur falið þriðja aðila að annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina:

   i. upplýsingar um deili á hverjum þriðja aðila sem veitir vörslu- og umsýslu sýndareigna og stöðu hans í samræmi við 59. eða 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   ii. lýsingu á hvers konar starfssviðum sem tengjast vörslu og umsýslu sýndareigna sem þjónustuveitandi sýndareigna hefur framselt, lista yfir alla þá sem fá framseld verkefni og þá sem framselt er til áfram, eftir því sem við á, og hvers konar hagsmunaárekstra sem gætu komið upp vegna slíks framsals,

   iii. lýsingu á hvernig umsækjandinn hyggst hafa umsjón með framsali verkefna eða framsali áfram.

13. gr.

Starfsreglur viðskiptavettvangsins og greining markaðssvika

1. Að því er varðar n-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu umsækjendur sem hyggjast starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir veita lögbæru yfirvaldi allar eftirfarandi upplýsingar:

a) reglur um töku sýndareigna til viðskipta,

b) samþykkisferli við töku sýndareigna til viðskipta, þ.m.t. áreiðanleikakönnun viðskiptavina sem framkvæmd er í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/849,

c) lista yfir alla flokka sýndareigna sem ekki verða teknir til viðskipta og ástæðurnar fyrir slíkri útilokun,

d) stefnur, verklagsreglur og gjöld fyrir töku til viðskipta, ásamt lýsingu, þar sem við á, á aðild, afsláttum og tengdum skilyrðum,

e) reglur um framkvæmd fyrirmæla, þ.m.t. afturköllunarferli fyrir framkvæmd fyrirmæli og miðlun slíkra upplýsinga til markaðsaðila,

f) stefnur, verklagsreglur og aðferðir sem teknar eru upp til að meta hæfi sýndareigna í samræmi við 2. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

g) kerfi, verklagsreglur og fyrirkomulag sem tekið er upp til að hlíta ákvæðum 7. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

h) hvernig birt eru opinberlega öll kaup- og sölutilboðsverð, magnið sem er í boði á því verði sem er auglýst fyrir sýndareignir gegnum viðskiptavettvanga þeirra og verð, magn og tímasetning viðskipta með sýndareignir sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi þeirra í samræmi við 9. og 10. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2023/1114,

i) gjaldskrár og rökstuðning fyrir hvernig þær samræmast 13. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

j) kerfi, verklagsreglur og fyrirkomulag sem tekið er upp til að hafa gögn í tengslum við öll fyrirmæli tiltæk lögbæru yfirvaldi eða kerfi til að tryggja að lögbært yfirvald hafi aðgang að tilboðabókinni og öllum öðrum viðskiptakerfum,

k) að því er varðar uppgjör viðskipta:

   i. hvort lokauppgjör viðskipta fer af stað í dreifðu færsluskránni eða utan dreifðu færsluskrárinnar,

   ii. tímaramminn fyrir upphaf lokauppgjörs viðskipta með sýndareignir,

   iii. hvernig tiltækileiki fjármuna og sýndareigna er sannprófaður,

   iv. hvernig viðeigandi ítarupplýsingar um viðskipti eru staðfestar,

   v. fyrirhugaðar ráðstafanir til að takmarka uppgjörsbresti,

   vi. augnablikið þegar uppgjörinu telst lokið og augnablikið þegar lokauppgjör fer af stað í kjölfar framkvæmdar viðskipta,

l) stefnur, verklagsreglur og kerfi sem komið er á fót til að greina og koma í veg fyrir markaðssvik, þ.m.t. upplýsingar um samskipti við lögbært yfirvald um möguleg markaðssvikamál.

2. Umsækjendur sem hyggjast starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu veita lögbæru yfirvaldi afrit af starfsreglum viðskiptavettvangsins og öllum verklagsreglum og kerfum til að greina og koma í veg fyrir markaðssvik.

14. gr.

Skipti sýndareigna fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir

Að því er varðar o-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu umsækjendur sem hyggjast skipta á sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir veita lögbæru yfirvaldi allar eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á viðskiptastefnunni sem hann setur sér í samræmi við 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

b) lýsingu á aðferðinni til að ákvarða verð sýndareigna sem umsækjandinn hyggst skipta fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir í samræmi við 2. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. hvernig umfang og óstöðugleiki á markaði fyrir sýndareignir hafa áhrif á verðlagningarkerfið.

15. gr.

Stefna um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Að því er varðar p-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu umsækjendur sem hyggjast framkvæma fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um stefnu sína um framkvæmd fyrirmæla, þ.m.t. allt eftirfarandi:

a) ráðstafanir til að tryggja að viðskiptavinurinn hafi samþykkt stefnuna um framkvæmd fyrirmæla áður en fyrirmælin eru framkvæmd,

b) lista yfir þá viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir sem umsækjandinn mun treysta á til að framkvæma fyrirmæli og viðmið fyrir mat á viðskiptavettvöngum sem felst í stefnunni um framkvæmd fyrirmæla í samræmi við 6. mgr. 78. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

c) hvaða viðskiptavettvanga umsækjandinn hyggst nota fyrir hverja tegund sýndareigna og staðfesting á að hanni muni ekki fá neins konar gjald, afslátt eða ópeningalegan ávinning fyrir að beina mótteknum fyrirmælum til tiltekins viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir,

d) hvernig framkvæmdin tekur tillit til verðs, kostnaðar, hraða, líka á framkvæmd og uppgjöri, stærðar, eðlis, skilyrða fyrir vörslu sýndareigna eða annars konar þátta sem skipta máli sem teljast hluti nauðsynlegra ráðstafana til að fá bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavininn,

e) eftir atvikum, fyrirkomulag til að upplýsa viðskiptavini um að umsækjandinn muni framkvæma fyrirmæli utan viðskiptavettvangs og hvernig hann mun fá fyrirframsamþykki viðskiptavina sinna áður en slík fyrirmæli eru framkvæmd,

f) hvernig viðskiptavinurinn er varaður við því að sérstakar leiðbeiningar viðskiptavinar kunni að koma í veg fyrir að umsækjandinn geti gert nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við það fyrirkomulag sem hann hefur sett og innleitt með framkvæmdarstefnu sinni, til að ná bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðkomandi fyrirmæla að því er varðar þá þætti sem þær leiðbeiningar ná til,

g) ferlið við val á viðskiptavettvöngum, aðferðir sem beitt er við framkvæmd, fyrirkomulag sem notað er til að greina gæði framkvæmdar og hvernig umsækjandinn fylgist með og sannreynir að besta mögulega niðurstaða hafi náðst fyrir viðskiptavini,

h) fyrirkomulag til að koma í veg fyrir misnotkun starfsmanna umsækjandans á upplýsingum sem varða fyrirmæli viðskiptavina,

i) fyrirkomulag og verklagsreglur um hvernig umsækjandinn muni miðla til viðskiptavina upplýsingum um stefnu sína um framkvæmd fyrirmæla og láta þá vita um allar mikilvægar breytingar á henni,

j) fyrirkomulag til að sýna lögbæru yfirvaldi fram á hlítni við 78. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, óski það lögbæra yfirvald eftir því.

16. gr.

Ráðgjöf um sýndareignir eða stýring sýndareignasafna

Að því er varðar q-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu umsækjendur sem hyggjast veita ráðgjöf um sýndareignir eða eignastýringu sýndareignasafna veita lögbæru yfirvaldi allar eftirfarandi upplýsingar:

a) ítarlega lýsingu á þeim ráðstöfunum sem umsækjandinn gerir til að uppfylla ákvæði 7. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. eftirfarandi:

   i. kerfið til að hafa eftirlit með, meta og viðhalda af skilvirkni þekkingu og sérfræðikunnáttu einstaklinga sem veita ráðgjöf um sýndareignir eða eignastýringu sýndareignasafna,

ii. fyrirkomulag sem tryggir að einstaklingar sem koma að því að veita ráðgjöf eða eignastýringu viti um, skilji og beiti innri stefnum og verklagsreglum umsækjandans sem teknar hafa verið upp til að hlíta reglugerð (ESB) 2023/1114, einkum 1. mgr. 81. gr. þeirrar reglugerðar og tilskipun (ESB) 2015/849,

iii. magn mannauðs og fjármuna sem umsækjandinn áætlar að leggja árlega til faglegrar þróunar og þjálfunar starfsfólks sem veitir ráðgjöf um sýndareignir eða eignastýringu sýndareignasafns,

b) kerfi sem hafa eftirlit með, meta og viðhalda á skilvirkan hátt þekkingu og færni einstaklinga sem veita ráðgjöf fyrir hönd umsækjandans og að viðkomandi hafi nauðsynlega þekkingu og færni til að meta hæfi eins og um getur í 1. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, samkvæmt þeim viðmiðum fyrir slíkt mat sem notað er í alþjóðalögum.

17. gr.

Millifærsluþjónusta

Að því er varðar r-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu umsækjendur sem hyggjast veita millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina veita lögbæru yfirvaldi allar eftirfarandi upplýsingar:

a) ítarlegar upplýsingar um þær tegundir sýndareigna sem umsækjandinn hyggst bjóða upp á millifærsluþjónustu fyrir,

b) ítarlega lýsingu á fyrirkomulagi sem umsækjandinn tekur upp til að hlíta 82. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um ráðstafanir og upplýsinga- og fjarskiptatæknitilföng og mannauð sem nýttur verður til að taka á áhættu tafarlaust, af skilvirkni og í þaula við veitingu millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina, að teknu tilliti til mögulegra rekstrarbilana og netöryggisáhættu,

c) ef til staðar er, lýsingu á vátryggingarsamningi umsækjandans, þ.m.t. um tryggingavernd hans komi til skaða á sýndareignum viðskiptavinar sem kann að stafa af netöryggisáhættu,

d) fyrirkomulag til að tryggja að viðskiptavinir séu upplýstir á fullnægjandi hátt um stefnurnar, verklagsreglurnar og fyrirkomulagið sem um getur í b-lið.

18. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/413 **2026/EES/19/05**

frá 18. desember 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ítarlegt innihald nauðsynlegra upplýsinga til að meta fyrirhuguð kaup útgefanda á virkum eignarhlut í útgefanda eignatengdra tóka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 þarf fyrirhugaður kaupandi virks eignarhlutar í útgefanda eignatengds tóka að leggja fram þær ítarlegu upplýsingar hjá lögbæru yfirvaldi sem eru nauðsynlegar til að gera varfærnismat á fyrirhuguðum kaupum þegar tilkynning er lögð fram um fyrirhuguð kaup eða aukningu á virkum eignarhlut.

2) Upplýsingarnar í tilkynningu frá fyrirhuguðum kaupanda ættu að vera réttar, nákvæmar, fullnægjandi og uppfærðar frá þeirri stundu sem tilkynningin er lögð fram og þar til lögbært yfirvald hefur lokið mati sínu. Í þeim tilgangi ætti fyrirhugaður kaupandi að tilkynna lögbæru yfirvaldi um allar breytingar á upplýsingunum sem eru veittar í tilkynningunni.

3) Tilkynningin ætti að innihalda gögn um fyrirhugaðan kaupanda, þ.m.t. aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar, óbeina hluthafa og eiginlegan rétthafa, og um aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar markfyrirtækisins ef fyrirhugaður kaupandi hyggst tilnefna þá. Upplýsingarnar myndu innihalda persónuupplýsingar. Í samræmi við meginregluna um lágmörkun gagna, sem bundin er í c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]), ætti eingöngu að veita lögbæru yfirvaldi persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar og fullnægjandi til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að gera ítarlegt mat á viðmiðunum sem mælt er fyrir um í a- til e-lið 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Við mat á tilkynningu um fyrirhuguðu kaupin og vinnslu persónuupplýsinganna sem þar er að finna ættu lögbær yfirvöld að fara að reglugerð (ESB) 2016/679. Í samræmi við meginreglurnar um vinnslu persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 ættu lögbær yfirvöld enn fremur ekki að geyma slíkar persónuupplýsingar lengur en nauðsynlegt er til að sinna eftirlitsverkefnum sínum.

4) Ef fyrirhugaður kaupandi er lögaðili eru upplýsingar um deili á eiginlegum rétthöfum og orðspor og reynslu, að því er varðar síðustu 10 ár, þeirra einstaklinga sem í reynd stjórna starfsemi fyrirhugaðs kaupanda einnig nauðsynlegar til að framkvæma varfærnismat. Því ætti fyrirhugaður kaupandi að leggja þær upplýsingar fram hjá lögbærum yfirvöldum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/413, 31.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 69, 6.11.2025, bls. 39.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

5) Ef fyrirhugaður kaupandi er, eða á að verða, fjárvörslusjóður er nauðsynlegt að lögbært yfirvald markfyrirtækisins fái afhentar upplýsingar bæði um hverjir fjárvörsluaðilarnir eru sem munu stýra eignum sjóðsins og einnig hverjir eru stofnendur og raunverulegir eigendur þessara eigna svo að hægt verði að meta orðspor og reynslu þeirra aðila.

6) Ef fyrirhugaður kaupandi er sérhæfður sjóður, eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([3]), eða verðbréfasjóður, sem hefur starfsleyfi í samræmi við 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([4]), ætti rekstraraðili sérhæfðs sjóðs, eða sérhæfður sjóður ef um er að ræða sérhæfðan sjóð með innri stýringu, eða fjárfestingarfélag verðbréfasjóðsins ef um er að ræða verðbréfasjóð undir eigin stjórn, að veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins upplýsingar um hverjir bera ábyrgð á því að taka ákvörðun um fjárfestingar fyrir sjóðinn og nauðsynlegar upplýsingar til að leggja mat á orðspor þeirra.

7) Ef fyrirhugaður kaupandi er fjárfestingarsjóður í ríkiseigu ætti hann að veita lögbæru yfirvaldi ítarlegar upplýsingar sem skipta máli við mat á orðspori, þ.m.t. upplýsingar um deili á og orðspor þeirra einstaklinga sem gegna æðstu stöðum í ráðuneyti, ríkisstofnun eða öðrum opinberum aðila sem ber ábyrgð á því að taka ákvarðanir um fjárfestingar fyrir sjóðinn.

8) Ef fyrirhugaður kaupandi er einstaklingur er nauðsynlegt að fyrir liggi upplýsingar bæði um fyrirhugaðan kaupanda og um hvert það fyrirtæki sem sá aðili stjórnar formlega eða hefur ráðið yfir síðustu 10 árin, í því skyni að láta lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins í té allar upplýsingar sem skipta máli við mat á orðspori.

9) Ef fyrirhugaður kaupandi er lögaðili er nauðsynlegt að fyrir liggi upplýsingar um öll fyrirtæki sem eru undir stjórn fyrirhugaðs kaupanda og alla hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í fyrirhuguðum kaupanda, í því skyni að láta lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins í té allar upplýsingar sem skipta máli við mat á orðspori.

10) Upplýsingarnar sem skipta máli fyrir mat á orðspori ættu að taka til upplýsinga um að viðkomandi hafi hvorki verið sakfelldur í sakamáli né sætt meðferð slíks máls, fyrri eða yfirstandandi, sem og einka- og stjórnsýslumáls. Sömuleiðis ætti að veita upplýsingar um allar yfirstandandi rannsóknir og málsmeðferðir, viðurlög eða aðrar ákvarðanir um framfylgd laga gegn fyrirhuguðum kaupanda og hvers kyns aðrar viðeigandi upplýsingar, þ.m.t. um synjun á skráningu eða brottvikningu úr starfi eða trúnaðarstöðu sem telst skipta máli fyrir mat á orðspori fyrirhugaðs kaupanda.

11) Til að tryggja að lögbært yfirvald markfyrirtækis taki niðurstöðu rannsókna á vegum annarra yfirvalda til tilhlýðilegrar skoðunar þegar það gerir eigið mat á fyrirhuguðum kaupanda ætti fyrirhugaður kaupandi að veita upplýsingar um hvort annað lögbært yfirvald eða annað yfirvald hafi þegar gert mat á honum sem kaupanda eða aðila sem stýrir viðskiptum viðkomandi aðila og ef svo er ætti fyrirhugaður kaupandi að leggja fram niðurstöðu slíks mats.

12) Til að auðvelda leit að fyrra mati í eftirlitsgagnagrunnum og auðvelda samstarf meðal lögbærra yfirvalda ætti fyrirhugaður kaupandi að leggja fram auðkenni aðila ásamt upplýsingunum í tilkynningunni til lögbærs yfirvalds. Þau auðkenni sem unnt er að nota í þessu skyni ættu að vera þau sem nota má til að auðkenna lögaðila í samræmi við 14. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um að koma á tæknistaðli sem samþykktur er skv. b-lið fyrstu

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2011/61/oj).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/65/oj).

undirgreinar 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þar sem auðkennin hafa einkenni sem gera þau hentug til notkunar við eftirlit.

13) Að því er varðar fyrirhuguð kaup á óbeinum virkum eignarhlutum í markfyrirtæki er nauðsynlegt að fínstilla inntak upplýsingabeiðni á hlutfallslegan hátt. Í því skyni ætti að greina á milli tveggja tilvika. Fyrra tilvikið er ef einstaklingur eða lögaðili, sem eignast eða eykur virkan eignarhlut í markfyrirtæki, hyggst öðlast yfirráð yfir núverandi eiganda virks eignarhlutar í markfyrirtækinu eða hefur yfirráð yfir fyrirhuguðum beinum eiganda virks eignarhlutar í markfyrirtækinu. Seinna tilvikið er ef tilvist virks eignarhlutar er ákvörðuð með því að margfalda virkan eignarhlut í markfyrirtækinu með hlutfalli virkra eignarhluta sem eru óbeint í eignarhaldskeðjunni. Í síðara tilvikinu, með hliðsjón af takmarkaðri áhrifum sem slíkur óbeinn hluthafi eða aðili með virkan eignarhlut kann að hafa á markfyrirtækið, ætti fyrirhugaður kaupandi að leggja fram takmarkaðar upplýsingar.

14) Fyrirhugaðir eigendur geta tilnefnt einn eða fleiri fulltrúa í stjórn og/eða framkvæmdastjórn markfyrirtækis. Til að gera lögbæru yfirvaldi markfyrirtækis kleift að leggja mat á nýja aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn markfyrirtækisins ætti fyrirhugaður kaupandi að veita sömu upplýsingar og krafist er af fulltrúum stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar útgefenda eignatengdra tóka þegar starfsleyfi er gefið út.

15) Til að meta fjárhagslegt heilbrigði fyrirhugaðs kaupanda ætti að veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins fjárhagsupplýsingar um fyrirhugaðan kaupanda, ásamt lýsingu á yfirstandandi starfsemi hans.

16) Mikilvægt er að lögbært yfirvald markfyrirtækis meti hvort tilvist hugsanlegra hagsmunaárekstra gæti haft áhrif á fjárhagslegt heilbrigði fyrirhugaðs kaupanda og trausta og varfærna stjórnun markfyrirtækisins. Því ættu fyrirhugaðir kaupendur að veita upplýsingar um fjárhagslega og ófjárhagslega hagsmuni eða tengsl fyrirhugaða kaupandans við hvers kyns hluthafa, framkvæmdastjóra eða fulltrúa stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar markfyrirtækis eða aðila sem fara með atkvæðisrétt hjá markfyrirtækinu eða við markfyrirtækið sjálft eða samstæðu þess.

17) Nauðsynlegt er að leggja fram viðbótarupplýsingar ef fyrirhugaður kaupandi er lögaðili. Viðbótarupplýsingarnar ættu að gera lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins kleift að ljúka við mat á fyrirhuguðum kaupum í tilvikum eins og þegar rekstrarform að lögum eða skipulag samstæðu sem á í hlut gæti verið flókið og mögulega skapað þörf fyrir ítarlega úttekt í tengslum við orðspor, hugsanlega aðgerð í samráði við aðra aðila og getu lögbærs yfirvalds markfyrirtækisins til að halda áfram skilvirku eftirliti með því.

18) Ef fyrirhugaður kaupandi er með staðfestu í þriðja landi eða er hluti af samstæðu þar sem beint eða endanlegt móðurfyrirtæki hefur staðfestu utan ESB ætti að veita viðbótarupplýsingar til að gera lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins kleift að sannreyna að lagareglur þriðja landsins standi ekki í vegi fyrir því að markfyrirtækið geti farið eftir varfærniskröfum og aflað upplýsinga um orðspor fyrirhugaðs kaupanda í þriðja landinu.

19) Fyrirhugaður kaupandi ætti að leggja fram sértækar upplýsingar, sem auðvelda mat á því hvort fyrirhuguð kaup hafi áhrif á getu lögbærs yfirvalds markfyrirtækisins til að framkvæma skilvirkt eftirlit með aðilanum sem fyrirhugað er að eignast. Að því er varðar lögaðila ætti lögbært yfirvald markfyrirtækisins að meta áhrif fyrirhugaðra kaupa á samstæðueftirlit með markfyrirtækinu og samstæðunni sem fyrirtækið mun tilheyra eftir kaupin.

20) Fyrirhugaður kaupandi ætti að veita upplýsingar sem auðkenna markfyrirtækið, frekari lýsingu á fyrirætlan fyrirhugaðs kaupanda og stefnumiðuðum fjárfestingum og upplýsingar um hlutabréf sem fyrirhugaður kaupandi á eða fyrirhugað er að verði í eigu hans, til að gera kleift að leggja mat á fyrirhuguð kaup. Upplýsingarnar ættu að fela í sér ítarlegar upplýsingar um hvers kyns aðgerðir sem fyrirhugaður kaupandi gæti gripið til ásamt öðrum aðilum til að koma fyrirhuguðum kaupum í framkvæmd og upplýsingar um verð fyrirhugaðra kaupa.

21) Enn fremur ætti fyrirhugaður kaupandi að veita upplýsingar um fjármögnun fyrirhugaðra kaupa, þ.m.t. upplýsingar um allar fjármögnunarleiðir. Fyrirhugaður kaupandi ætti einnig að geta lagt fram sönnunargögn um uppruna og lögmæti allra slíkra fjármuna og eigna, þ.m.t. sýndareigna eða annarra stafrænna eigna, til að lögbært yfirvald markfyrirtækisins geti metið öryggi, nægjanleika og lögmætan uppruna, þ.m.t. hvort hætta sé á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

22) Til að tryggja heildstætt mat á fyrirhuguðum kaupum ættu fyrirhugaðir kaupendur, sem hyggjast eignast virkan eignarhlut sem nemur yfir 20% og allt að 50% í markfyrirtækinu, að veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins upplýsingar um stefnuáætlun sína. Á sama hátt ættu fyrirhugaðir kaupendur, sem hyggjast kaupa virkan eignarhlut sem er allt að 20% í markfyrirtækinu en hafa samsvarandi veruleg áhrif á þann aðila á annan hátt, þ.m.t. með tengslum milli fyrirhugaðs kaupanda og fyrirliggjandi hluthafa, hluthafasamningum, dreifingu hlutabréfa, eignarhlutdeild og atkvæðisrétti meðal fleiri hluthafa eða í gegnum stöðu fyrirhugaðs kaupanda innan samstæðuskipulags markfyrirtækisins, einnig að veita þessar upplýsingar til að tryggja mikla einsleitni í mati á fyrirhuguðum kaupum.

23) Þegar fyrirhugað er að breyta stjórnun markfyrirtækisins ætti fyrirhugaður kaupandi að hafa þá almennu reglu að leggja fram tæmandi viðskiptaáætlun. Þegar ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á stjórnun markfyrirtækisins ættu tilteknar upplýsingar um framtíðarstefnu aðilans og fyrirætlanir fyrirhugaðs kaupanda fyrir markfyrirtækið þó að vera nóg til að meta hvort fyrirhuguð kaup muni hafa áhrif á fjárhagslegt heilbrigði fyrirhugaðs kaupanda.

24) Með hliðsjón af meðalhófsreglunni ætti fyrirhugaður kaupandi aðeins að leggja fram takmarkaðar upplýsingar í vissum tilvikum. Einkum, ef lögbært yfirvald markfyrirtækis hefur metið fyrirhugaðan kaupanda vegna yfirtöku eða aukningar í virkum eignarhlutum á síðastliðnum tveimur árum ætti fyrirhuguðum kaupanda aðeins að vera skylt að senda upplýsingar sem hafa breyst frá fyrra mati. Sömuleiðis, ef fyrirhugaður kaupandi er fyrirtæki með starfsleyfi, sem fellur undir varfærniseftirlit sama lögbæra yfirvalds og markfyrirtækið ætti fyrirhugaði kaupandinn að vera undanþeginn því að leggja fram tilteknar upplýsingar sem slíkt lögbært yfirvald hefur þegar undir höndum. Í báðum tilvikum ætti fyrirhugaður kaupandi eingöngu að leggja fram upplýsingar sem varða fyrirhuguð kaup sérstaklega, ásamt undirritaðri yfirlýsingu sem staðfestir að þær upplýsingar sem eftir eru, og voru ekki veittar þar sem lögbært yfirvald hefur þær þegar undir höndum, séu réttar, nákvæmar og uppfærðar.

25) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([5]) og skilaði hún áliti 16. júlí 2024.

26) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samin voru í náinni samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

27) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([6]).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almennar upplýsingar sem varða fyrirhugaðan kaupanda

1. Sé fyrirhugaður kaupandi einstaklingur skal hann veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar, sem varða deili á honum:

a) allar eftirfarandi persónuupplýsingar:

i. nafn og, sé það annað, nafn við fæðingu,

ii. fæðingardag og -stað,

iii. ríkisfang, eitt eða fleiri,

iv. landsbundið kenninúmer, ef það liggur fyrir,

v. núverandi búsetustað, heimilisfang og samskiptaupplýsingar og aðra búsetustaði undanfarin 10 ár,

vi. afrit af opinberum skilríkjum,

vii. nafn og samskiptaupplýsingar helsta sérfræðings sem tók þátt í að gera tilkynninguna, ef við á,

b) ítarlega ferilskrá, þar sem fram kemur viðkomandi menntun og þjálfun, öll starfsreynsla í stjórnun eignarhlutdeildar í fyrirtækjum, öll stjórnunarreynsla, öll atvinnustarfsemi eða önnur viðkomandi störf sem nú eru unnin og öll fyrri starfsreynsla sem skiptir máli fyrir fjármálaþjónustu, sýndareignir eða aðrar stafrænar eignir, dreifða færsluskrártækni (DLT), upplýsingatækni, netöryggi og stafræna nýsköpun.

2. Sé fyrirhugaður kaupandi lögaðili skal hann veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar:

a) heiti lögaðila,

b) nafn og samskiptaupplýsingar helsta sérfræðings sem tók þátt í að gera tilkynninguna, ef við á,

c) ef lögaðili er skráður í innlenda fyrirtækjaskrá sem um getur í 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 ([7]), heiti fyrirtækjaskrárinnar þar sem lögaðilinn er skráður, skráningarnúmer eða sambærilega auðkenningu í fyrirtækjaskránni og afrit af skráningarvottorðinu,

d) auðkenni eins og um getur í 14. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um að koma á tæknistaðli sem samþykktur er skv. b-lið fyrstu undirgreinar 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

e) heimilisfang skráðrar skrifstofu lögaðilans og, ef annað, höfuðstöðva og aðalstarfsstöðvar,

f) samskiptaupplýsingar aðilans hjá fyrirhuguðum kaupanda sem haft skal samband við varðandi tilkynninguna,

g) stofngögn eða samninga sem gilda um lögaðilann og samantekna skýringu á helstu lagalegu eiginleikum félagsforms lögaðilans og uppfært yfirlit yfir starfsemi hans,

h) hvort lögaðilinn hafi einhvern tímann fallið undir, eða fellur undir, eftirlit lögbærs yfirvalds í fjármálaþjónustugeiranum eða annarrar ríkisstofnunar og heiti slíks lögaðila eða annarrar ríkisstofnunar,

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2017/1132/oj).

i) ef lögaðili er tilkynningarskyldur aðili eins og um getur í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([8]), gildandi stefnur og verklagsreglur í tengslum við baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,

j) tæmandi lista yfir aðila sem í reynd stjórna starfsemi fyrirhugaðs kaupanda og, að því er varðar hvern þessara aðila, nafn, fæðingardag og -ár og fæðingarstað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar, afrit af opinberum skilríkjum, landsbundið kenninúmer ef það liggur fyrir, ítarlega ferilskrá þar sem fram kemur viðeigandi menntun og þjálfun, fyrri starfsreynsla og atvinnustarfsemi eða önnur viðeigandi störf sem viðkomandi hefur með höndum, þ.m.t. starfsreynsla í stjórnun eignarhlutdeilda í fyrirtækjum, fjármálaþjónustu, sýndareigna eða annarra stafrænna eigna, dreifðrar færsluskrártækni, upplýsingatækni, netöryggis eða stafrænnar nýsköpunar, ásamt upplýsingunum sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 2. gr.,

k) deili á öllum þeim sem eru raunverulegir eigendur lögaðila í skilningi i. liðar a-liðar 6. mgr. 3. gr. eða c-liðar 6. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 og að því er varðar slíka aðila, nafn, fæðingardag og -ár og fæðingarstað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar og, ef það liggur fyrir, landsbundið kenninúmer, ásamt upplýsingunum sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.

Fyrir lögaðila sem falla undir gildissvið tilskipunar (ESB) 2017/1132, skulu upplýsingarnar í a- til e-lið samsvara þeim upplýsingum sem skráðar eru í innlenda fyrirtækjaskrá sem um getur í 16. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132.

3. Sé fyrirhugaður kaupandi fjárvörslusjóður skal hann veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar:

a) deili á öllum fjárvörsluaðilum sem stjórna eignum samkvæmt skilmálum fjárvörsluskjalsins, einnig að því er varðar hvern þessara aðila, fæðingardag og -ár og fæðingarstað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar, afrit af opinberum skilríkjum, landsbundið kenninúmer ef það liggur fyrir, ítarlega ferilskrá þar sem fram kemur viðeigandi menntun og þjálfun, fyrri starfsreynsla og atvinnustarfsemi eða önnur viðeigandi störf sem viðkomandi hefur með höndum, þ.m.t. starfsreynsla í stjórnun eignarhlutdeilda í fyrirtækjum, fjármálaþjónustu, sýndareigna eða annarra stafrænna eigna, dreifðrar færsluskrártækni, upplýsingatækni, netöryggis eða stafrænnar nýsköpunar, ásamt upplýsingunum sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 2. gr.,

b) deili á hverjum aðila sem er stofnandi, rétthafi eða vörsluaðili (eftir atvikum) eignar sem er í fjárvörslu, þ.m.t. fæðingardag og -ár og fæðingarstað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar, afrit af opinberum skilríkjum og, ef við á, hlutdeild þeirra í tekjudreifingu sem myndast af eigninni,

c) afrit af skjölum varðandi stofnsetningu fjárvörslusjóðs og sem gilda um sjóðinn,

d) lýsingu á helstu lagalegu eiginleikum fjárvörslusjóðsins og starfsemi hans, uppfært yfirlit yfir atvinnustarfsemi hans og tegund og virði eignar sem er í fjárvörslu,

e) lýsingu á fjárfestingarstefnu fjárvörslusjóðsins og mögulegum takmörkunum á fjárfestingu, þ.m.t. upplýsingar um þá þætti sem hafa áhrif á fjárfestingarákvarðanir og útgönguáætlun í tengslum við útgefanda eignatengdra tóka,

f) upplýsingarnar sem um getur í i. lið 2. gr.

4. Ef fyrirhugaður kaupandi er sérhæfður sjóður, í skilningi a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, eða verðbréfasjóður, sem hefur starfsleyfi í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2009/65/EB, skal rekstraraðili sérhæfðs sjóðs, eða sérhæfður sjóður ef um er að ræða sérhæfðan sjóð sem lýtur innri stjórn, eða rekstrarfélag verðbréfasjóðsins eða fjárfestingarfélag verðbréfasjóðsins ef um er að ræða verðbréfasjóð undir eigin stjórn, veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar:

a) upplýsingar um fjárfestingarstefnu og hvers kyns takmarkanir á fjárfestingu, þ.m.t. upplýsingar um þá þætti sem hafa áhrif á fjárfestingarákvarðanir og útgönguáætlanir,

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj).

b) deili á og staða einstaklinga sem bera ábyrgð, hvort sem er einir eða sem hluti af nefnd, á ákvörðun og framkvæmd fjárfestingarákvarðana fyrir sérhæfðan sjóð eða verðbréfasjóð og afrit af öllum samningum ef stýring eignasafns hefur verið framseld til þriðja aðila eða, eftir atvikum, umboðum nefndarinnar, og fyrir sérhvern slíkan einstakling fæðingardag og -ár og fæðingarstað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar, afrit af opinberum persónuskilríkjum, landsbundið kenninúmer ef við á, ítarlega ferilskrá þar sem fram kemur viðeigandi menntun og þjálfun, fyrri starfsreynsla og atvinnustarfsemi eða önnur viðeigandi störf sem viðkomandi hefur með höndum, ásamt upplýsingunum sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 2. gr.,

c) upplýsingarnar sem um getur í i. lið 2. gr.,

d) lýsingu á árangri af virkum eignarhlutum síðustu þrjú árin, sem rekstraraðili sérhæfðs sjóðs eða rekstrarfélag verðbréfasjóðs hefur áður keypt fyrir hönd sérhæfðra sjóða eða verðbréfasjóða sem þau stýra, eða sem sérhæfður sjóður eða fjárfestingarfélag verðbréfasjóðs undir eigin stjórn hefur áður keypt í öðrum sambærilegum fyrirtækjum eða í fyrirtækjum sem veita þjónustu í tengslum við sýndareignir eða útgáfu sýndareigna, sem gefur til kynna hvort lögbært yfirvald hafi samþykkt kaup á slíkum virkum eignarhlutum og ef svo er, deili á því lögbæra yfirvaldi.

5. Sé fyrirhugaður kaupandi fjárfestingarsjóður í ríkiseigu skal hann veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar:

a) heiti ráðuneytis, ríkisstofnunar eða annars opinbers aðila sem stýrir ákvörðun um fjárfestingarstefnu fjárfestingarsjóðsins í ríkiseigu,

b) upplýsingar um fjárfestingarstefnu fjárfestingarsjóðsins í ríkiseigu og takmarkanir á fjárfestingu,

c) nöfn og stöður æðstu embættismanna í ráðuneyti, ríkisstofnun eða öðrum opinberum aðila sem stýra ákvörðun fjárfestingarstefnu og sem bera ábyrgð á töku fjárfestingarákvarðana fyrir fjárfestingarsjóð í ríkiseigu, og fyrir hvern slíkan einstakling, fæðingardag og -ár og fæðingarstað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar, afrit af opinberum persónuskilríkjum, landsbundið kenninúmer ef við á, ítarlega ferilskrá þar sem fram kemur viðeigandi menntun og þjálfun, fyrri starfsreynsla og atvinnustarfsemi og önnur viðeigandi störf sem viðkomandi hefur undir höndum, þ.m.t. starfsreynsla í stjórnun eignarhlutdeilda í fyrirtækjum, fjármálaþjónustu, sýndareigna eða annarra stafrænna eigna, dreifðrar færslutækni, upplýsingatækni, netöryggis eða stafrænnar nýsköpunar, ásamt upplýsingunum sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 2. gr.,

d) upplýsingar um áhrif ráðuneytis, ríkisstofnunar eða annars opinbers aðila sem um getur í a-lið á daglegan rekstur fjárfestingarsjóðs í ríkiseigu,

e) upplýsingarnar sem um getur í i. lið 2. gr., eftir atvikum.

2. gr.

Viðbótarupplýsingar um fyrirhugaðan kaupanda sem er einstaklingur

1. Til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. skal fyrirhugaður kaupandi sem er einstaklingur leggja fyrir lögbært yfirvald markfyrirtækis allt eftirfarandi:

a) að því er varðar fyrirhugaðan kaupanda og hvert fyrirtæki sem hann hefur stjórnað eða ráðið yfir síðustu 10 árin, yfirlýsingu sem felur í sér eftirfarandi upplýsingar:

   i. með fyrirvara um landsbundnar lagalegar kröfur um birtingu upplýsinga um refsingar sem hafa verið afplánaðar, upplýsingar um að sakfelling í refsimáli eða sakamál séu ekki fyrir hendi þar sem viðkomandi einstaklingur hefur verið sakfelldur og hafa ekki verið felld niður,

   ii. upplýsingar um einkamála- eða stjórnvaldsákvarðanir varðandi einstaklinginn sem skipta máli fyrir mat á kaupum á virkum eignarhlut í útgefanda eignatengds tóka og öll stjórnsýsluviðurlög eða -ráðstafanir sem var beitt vegna brota gegn lögum eða reglugerðum, þ.m.t. svipting stjórnunarstöðu, í hverju máli sem ekki var fellt niður og sem hvorki bíður áfrýjunar né unnt er að áfrýja og sakfellingar í refsimálum sem einnig skal veita upplýsingar um að því er varðar úrskurði sem enn væri hægt að áfrýja,

iii. hvers konar gjaldþrotameðferð, ógjaldfærnimeðferð eða sambærileg málsmeðferð,

iv. allar yfirstandandi rannsóknir sakamála, þ.m.t. að því er varðar varúðarráðstafanir,

v. allar einka- eða stjórnsýslurannsóknir, fullnustumeðferðir, viðurlög eða aðrar framfylgdarákvarðanir gegn einstaklingnum varðandi málefni sem telja má að skipti máli fyrir mat á kaupum á virkum eignarhlut í útgefanda eignatengdra tóka,

vi. allar synjanir á skráningu, starfsleyfi, aðild eða leyfi til að stunda viðskipti, rekstur eða starf,

vii. allar innkallanir, afturkallanir eða uppsagnir á skráningu, starfsleyfi, aðild eða leyfi til að stunda viðskipti, rekstur eða starf,

viii. hvers konar brottvísun af hálfu eftirlitsaðila eða ríkisstofnunar eða fagaðila eða samtaka,

ix. allar ábyrgðarstöður innan einingar sem hefur verið sakfelld í refsimáli eða sætt einkamála- eða stjórnsýsluviðurlögum eða annarri einkamála- eða stjórnsýsluráðstöfun sem skiptir máli fyrir mat yfirvalds á kaupum á virkum eignarhlut í útgefanda eignatengds tóka eða yfirstandandi rannsókn, í hverju tilviki vegna óviðeigandi framferðis, þ.m.t. að því er varðar svik, óheiðarleika, spillingu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverkastarfsemi eða annars konar efnahagsbrot eða að ekki hafi verið settar fullnægjandi stefnur og verklagsreglur til að koma í veg fyrir slíka atburði, sem gegnt er þegar meint framferði átti sér stað, ásamt upplýsingum um slíka atburði og þátttöku, ef einhver var, í þeim,

x. allar brottvikningar úr starfi eða trúnaðarstöðu, sérhverja uppsögn umboðsskyldusambands, nema ef viðkomandi sambandi hafi lokið vegna framrásar tímans, og allar sambærilegar aðstæður,

b) opinbert vottorð eða annað sambærilegt skjal, ef slík skjöl eru fyrir hendi, eða, ef slík skjöl eru ekki til, hvers kyns áreiðanlegar heimildir um að enginn þeirra atburða sem um getur í i. til v. lið a-liðar og varða einstaklinginn hafi átt sér stað,

c) ef annað eftirlitsyfirvald hefur þegar metið hlutaðeigandi einstakling, deili á því yfirvaldi, dagsetningu matsins og sönnunargögn um niðurstöðu matsins,

d) upplýsingar um núverandi fjárhagsstöðu einstaklingsins, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um hvaðan tekjur hans koma, eignir og skuldir, tryggingarréttindi og ábyrgðarskuldbindingar, veittar eða mótteknar,

e) lýsingu á yfirstandandi atvinnustarfsemi aðilans og allra fyrirtækja sem sá einstaklingur stýrir eða hefur yfirráð yfir,

f) fjárhagsupplýsingar, þ.m.t. lánshæfismat og opinberar skýrslur um fyrirtæki sem stjórnað er eða er undir yfirráðum einstaklingsins.

Að því er b-lið varðar skulu opinberar skrár, vottorð og skjöl hafa verið gefin út innan þriggja mánaða áður en tilkynningin er lögð fram.

2. Til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. skal fyrirhugaður kaupandi sem er einstaklingur einnig leggja allt eftirfarandi fyrir lögbært yfirvald markfyrirtækis:

a) lýsingu á fjárhagslegum hagsmunum einstaklingsins og ófjárhagslegum hagsmunum hans í tengslum við eftirfarandi einstaklinga eða lögaðila:

i. aðra núverandi hluthafa eða aðila í markfyrirtækinu,

ii. hvern þann einstakling sem fer með atkvæðisrétt í markfyrirtækinu í einu eða fleiri eftirfarandi tilvika:

1) ef þriðji aðili fer með atkvæðisrétt og hefur gert samkomulag við viðkomandi einstakling sem skuldbindur þá til að taka upp, með samræmdri beitingu atkvæðisréttar síns, varanlega og sameiginlega stefnu gagnvart stjórn og/eða framkvæmdastjórn hlutaðeigandi markfyrirtækis,

2) ef þriðji aðili fer með atkvæðisrétt samkvæmt samkomulagi við viðkomandi einstakling um tímabundinn flutning atkvæðisréttarins sem um er að ræða, gegn endurgjaldi,

3) ef atkvæðisréttur fylgir hlutum sem fengnir eru viðkomandi einstaklingi sem trygging, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingur ráði yfir atkvæðisréttinum og lýsi því yfir að hann hyggist nýta sér hann,

4) ef atkvæðisréttur fylgir hlutum sem sá einstaklingur nýtur lífstíðarbundinna réttinda af,

5) ef atkvæðisréttur er í eigu fyrirtækis sem er undir stjórn einstaklingsins eða það kann að nýta hann, eins og um getur í 1. til 4. lið,

6) ef um að ræða atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í vörslu viðkomandi einstaklings sem hann getur nýtt að eigin ákvörðun berist engin sérstök fyrirmæli frá hluthöfunum,

7) ef um að ræða atkvæðisrétt sem þriðji aðili fer með í eigin nafni fyrir hönd viðkomandi einstaklings,

8) ef um að ræða atkvæðisrétt sem viðkomandi einstaklingi er heimilt að nýta sem umboðsmaður og hann getur nýtt að eigin ákvörðun berist engin sérstök fyrirmæli frá hluthöfunum,

iii. hvern þann einstakling sem er aðili í stjórn og/eða framkvæmdastjórn markfyrirtækisins,

iv. sjálft markfyrirtækið eða aðra aðila samstæðu þess,

b) að því marki sem hagsmunaárekstrar koma upp vegna tengslanna sem um getur í a-lið, tillagðar aðferðir til að stýra slíkum árekstrum,

c) lýsingu á öllum tengingum við einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla í skilningi 9. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,

d) upplýsingar um hvers kyns aðra hagsmuni eða starfsemi einstaklingsins sem gætu rekist á við hagsmuni markfyrirtækis og hugsanlegar aðferðir til að takast á við hagsmunaárekstrana.

Að því er a-lið varðar skulu lánastarfsemi, ábyrgðir og tryggingaréttindi, veitt eða móttekin, þ.m.t. varðandi sýndareignir eða aðrar stafrænar eignir, teljast til fjárhagslegra hagsmuna en fjölskyldutengsl og önnur náin tengsl teljast til ófjárhagslegra hagsmuna.

3. gr.

Viðbótarupplýsingar um fyrirhugaðan kaupanda sem er lögaðili

1. Til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. skal fyrirhugaður kaupandi sem er lögaðili einnig leggja allt eftirfarandi fyrir lögbært yfirvald markfyrirtækis:

a) upplýsingarnar sem um getur í:

i. i. lið a-liðar til x. lið a-liðar og b-lið 1. mgr. 2. gr., í tengslum við lögaðilann og öll fyrirtæki undir stjórn hans,

ii. c-lið 1. mgr. 2. gr. í tengslum við sjálfan lögaðilann,

iii. e-lið 1. mgr. 2. gr. í tengslum við sjálfan lögaðilann,

iv. f-lið 1. mgr. 2. gr. í tengslum við sjálfan lögaðilann, alla aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn í framkvæmda-hlutverki lögaðilans eða fyrirtæki undir stjórn lögaðilans,

b) lýsingu á fjárhagslegum hagsmunum, ófjárhagslegum hagsmunum og tengslum fyrirhugaðs kaupanda eða, þegar við á, samstæðunnar sem fyrirhugaður kaupandi tilheyrir og þeirra einstaklinga sem í reynd stjórna starfsemi hans, við:

i. aðra núverandi hluthafa eða aðila í markfyrirtækinu,

ii. hvern þann einstakling sem fer með atkvæðisrétt í markfyrirtækinu í einu eða fleiri eftirfarandi tilvika:

1) ef þriðji aðili fer með atkvæðisrétt og hefur gert samkomulag við viðkomandi einstakling sem skuldbindur þá til að taka upp, með samræmdri beitingu atkvæðisréttar síns, varanlega og sameiginlega stefnu gagnvart stjórn og/eða framkvæmdastjórn hlutaðeigandi markfyrirtækis,

2) ef þriðji aðili fer með atkvæðisrétt samkvæmt samkomulagi við viðkomandi einstakling um tímabundinn flutning atkvæðisréttarins sem um er að ræða, gegn endurgjaldi,

3) ef atkvæðisréttur fylgir hlutum sem fengnir eru viðkomandi einstaklingi sem trygging, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingur eða lögaðili ráði yfir atkvæðisréttinum og lýsi því yfir að hann hyggist nýta sér hann,

4) ef atkvæðisréttur fylgir hlutum sem sá einstaklingur nýtur lífstíðarbundinna réttinda af,

5) ef atkvæðisréttur er í eigu fyrirtækis sem er undir stjórn einstaklingsins eða það kann að nýta hann, eins og um getur í 1. til 4. lið,

6) ef um að ræða atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í vörslu viðkomandi einstaklings sem hann getur nýtt að eigin ákvörðun berist engin sérstök fyrirmæli frá hluthöfunum,

7) ef um að ræða atkvæðisrétt sem þriðji aðili fer með í eigin nafni fyrir hönd viðkomandi einstaklings,

8) ef um að ræða atkvæðisrétt sem viðkomandi einstaklingi er heimilt að nýta sem umboðsmaður og hann getur nýtt að eigin ákvörðun berist engin sérstök fyrirmæli frá hluthöfunum,

iii. einstakling í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla í skilningi 9. liðar 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,

iv. aðila sem, samkvæmt landslöggjöf, situr í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn markfyrirtækisins,

v. sjálft markfyrirtækið eða aðra aðila samstæðu þess,

c) að því marki sem hagsmunaárekstrar koma upp vegna tengslanna sem um getur í b-lið, tillagðar aðferðir til að stýra slíkum árekstrum,

d) upplýsingar um hvers kyns aðra hagsmuni eða starfsemi fyrirhugaðs kaupanda sem gætu rekist á við hagsmuni eða starfsemi markfyrirtækisins, og hugsanlegar lausnir til að takast á við hagsmunaárekstrana,

e) upplýsingar um hluthafaskipan fyrirhugaðs kaupanda, þ. á m. deili á öllum hluthöfum sem hafa veruleg áhrif og hlutafjáreign og atkvæðisrétt þeirra, þ.m.t. upplýsingar um öll hluthafasamkomulög,

f) sé fyrirhugaður kaupandi hluti af samstæðu, sem dótturfélag eða móðurfélag, skipurit samstæðunnar og upplýsingar um hlutafjáreign og atkvæðisrétt hluthafa sem hafa veruleg áhrif á fyrirtæki samstæðunnar og á núverandi starfsemi þeirra,

g) sé fyrirhugaður kaupandi hluti af samstæðu, sem dótturfélag eða móðurfélag, upplýsingar um tengslin milli fjárhagslegra og ófjárhagslegra aðila í samstæðunni,

h) deili á öllum lánastofnunum, greiðslustofnunum eða rafeyrisfyrirtækjum, líftrygginga-, vátrygginga- eða endurtryggingafélögum, sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og stjórnendum þeirra eða verðbréfafyrirtækjum innan samstæðunnar og nöfn viðkomandi eftirlitsyfirvalda,

i) árleg reikningsskil á einingagrunni og, eftir atvikum, á samstæðu- og undirsamstæðugrunni síðustu 3 fjárhagsár ef lögaðilinn hefur verið í rekstri þann tíma eða þann skemmri tíma sem lögaðilinn hefur stundað starfsemi og gert reikningsskil fyrir.

Að því er b-lið varðar skulu lánastarfsemi, ábyrgðir og tryggingaréttindi, veitt eða móttekin, þ.m.t. varðandi sýndareignir eða aðrar stafrænar eignir, teljast til fjárhagslegra hagsmuna en fjölskyldutengsl og önnur náin tengsl teljast til ófjárhagslegra hagsmuna.

2. Fyrirhugaður kaupandi skal leggja fram árlegu reikningsskilin sem um getur í i. lið 1. mgr., þ.m.t. sérhvern eftirfarandi þátt og, eftir atvikum, sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki í skilningi 2. og 3. liðar 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ([9]), hefur samþykkt:

a) efnahagsreikninginn,

b) rekstrarreikninginn,

c) ársskýrslur og fjárhagslega viðauka og öll önnur skjöl sem skráð eru hjá skráningarskrifstofu eða lögbæru yfirvaldi lögaðilans,

d) ef fyrirhugaður kaupandi er nýstofnaður lögaðili eða aðili og engin reikningsskil liggja fyrir, uppfærð samantekt eins nálægt tilkynningardegi og hægt er á fjárhagsstöðu fyrirhugaðs kaupanda, sem og fjárhagsspár fyrir næstu 3 árin og forsendur fyrir áætlanagerð sem notaðar eru í grunn- og álagssviðsmyndinni.

3. Fyrirhugaður kaupandi sem er lögaðili og er með aðalskrifstofu í þriðja landi skal veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins allar eftirfarandi upplýsingar, til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.:

a) ef lögaðilinn er undir eftirliti yfirvalds í þriðja landi í fjármálaþjónustugeiranum:

   i. vottorð um að hann sé í góðum skilum, eða jafngildi þess ef það er ekki tiltækt, frá slíku yfirvaldi þriðja lands að því er varðar lögaðilann,

   ii. yfirlýsing, ef yfirvaldið gefur út slíkar yfirlýsingar, um að engar hindranir eða takmarkanir standi í vegi fyrir þeirri upplýsingagjöf sem er nauðsynleg til að hafa eftirlit með markfyrirtækinu,

b) almennar upplýsingar um reglukerfi þess þriðja lands eftir því sem við á fyrir þann lögaðila, þ.m.t. upplýsingar um það að hvaða marki reglur þriðja lands um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi eru í samræmi við tilmæli fjármálaaðgerðahópsins.

4. gr.

Upplýsingar sem aðilar sem eignast óbeinan virkan eignarhlut í markfyrirtækinu þurfa að leggja fram

1. Ef fyrirhugaður kaupandi hyggst öðlast bein eða óbein yfirráð yfir fyrirliggjandi eiganda virks eignarhlutar í markfyrirtæki, án tillits til þess hvort slík eignarhlutdeild er bein eða óbein, eða hefur bein eða óbein yfirráð yfir fyrirhuguðum beinum kaupanda virks eignarhlutar í markfyrirtæki, skal hann leggja eftirfarandi fram:

a) ef fyrirhugaður kaupandi er einstaklingur, upplýsingarnar sem um getur í 1. gr. (1. mgr.), 2., 6. og 8. gr. og 9., 10. eða 11. gr., eftir því sem við á,

b) ef fyrirhugaður kaupandi er lögaðili, upplýsingarnar sem um getur í 2.–5. mgr. 1. gr., eftir því sem við á, 3., 6. og 8. gr. og 9., 10. eða 11. gr., eftir því sem við á.

2. Ef fyrirhugaður kaupandi uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. skal hann leggja fram upplýsingarnar sem settar eru fram í a- og b-lið 3. mgr., ef hlutfall eignarhlutdeildar í allri fyrirtækjakeðjunni, frá og með virkum eignarhlut með beinu eignarhaldi í markfyrirtækinu, margfaldað með eignarhlutdeildinni á stigi sem er beint fyrir ofan í fyrirtækjakeðjunni nemur í virkum eignarhlut upp á 10% eða meira. Margföldunin skal beita upp á við í fyrirtækjakeðjunni, svo framarlega sem niðurstaða margföldunarinnar er 10% eða meira.

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2006/43/oj).

3. Ef fyrirhugaður kaupandi fer með yfirráð yfir einstaklingi eða lögaðila sem á virkan eignarhlut, í samræmi við 2. mgr., skal fyrirhugaður kaupandi leggja eftirfarandi fram:

a) ef fyrirhugaður kaupandi er einstaklingur, upplýsingarnar sem um getur í 1. gr. (1. mgr.), 2. gr. (a-liður, b- til f-liður og h-liður), 6. gr. (a- til f-liður) og 8. gr.,

b) ef fyrirhugaður kaupandi er lögaðili, upplýsingarnar sem um getur í 1. gr. (2., 3., 4. eða 5. mgr.)., 3. gr. (i.–iv. liður a-liðar 1. mgr.), 3. gr. (iii. liður b-liðar 1. mgr.), 3. gr. (f- til i-liður 1.mgr.), 3. gr. (2. og 3. mgr.), 6. gr. (a- til f-liður) og 8. gr.

5. gr.

Upplýsingar um einstaklinga sem munu stjórna starfsemi markfyrirtækisins

Ef fyrirhugaður kaupandi hyggst tilnefna einn eða fleiri fulltrúa í stjórn og/eða framkvæmdastjórn markfyrirtækis skal tilkynningin fela í sér allar upplýsingarnar sem um getur í 7. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 6. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

6. gr.

Upplýsingar er varða fyrirhuguð kaup

Fyrirhugaður kaupandi skal veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar í tengslum við fyrirhuguð kaup:

a) deili á markfyrirtækinu,

b) upplýsingar um áform fyrirhugaðs kaupanda í tengslum við fyrirhuguð kaup, þ.m.t. stefnumiðaðar fjárfestingar eða fjárfestingar sem hluti af eignasafni,

c) upplýsingar um hlutabréf í markfyrirtækinu sem fyrirhugaður kaupandi á, eða ráðgert er að hann muni eignast, fyrir og eftir fyrirhuguð kaup, þ.m.t.:

   i. fjölda og tegundir hlutabréfa og nafnverð þeirra,

   ii. hlutdeild í heildarhlutafé markfyrirtækisins sem hlutabréfin mynda fyrir og eftir fyrirhuguðu kaupin,

   iii. hlutfall heildaratkvæðamagns í markfyrirtækinu sem fylgir hlutunum, sé það annað en hlutur í hlutafé markfyrirtækisins,

   iv. markaðsvirði hlutabréfa í markfyrirtækinu, í evrum og gjaldmiðli viðkomandi lands, fyrir og eftir fyrirhuguðu kaupin,

d) aðgerðir í samráði við aðra aðila, þ.m.t. framlag þeirra til fjármögnunar á fyrirhuguðum kaupum, hvernig þátttaka fer fram í fjárhagslegum ráðstöfunum vegna fyrirhugaðra kaupa og framtíðarskipan fyrirhugaðra kaupa,

e) efni ráðgerðra hluthafasamkomulaga við aðra hluthafa í tengslum við markfyrirtækið,

f) fyrirhugað kaupverð og forsendur fyrir ákvörðun á verðinu og útskýring á verðmun af verðið er annað en markaðsverð,

g) afrit af kaupsamningi, ef hann liggur fyrir.

7. gr.

Upplýsingar um nýtt fyrirhugað samstæðuskipulag og áhrif þess á eftirlit

1. Fyrirhugaður kaupandi sem er lögaðili skal afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins greiningu á umfangi samstæðueftirlits samstæðunnar sem markfyrirtækið myndi tilheyra eftir fyrirhuguð kaup. Greiningin skal taka til þess hvaða fyrirtæki í samstæðunni myndu falla undir kröfur um samstæðueftirlit eftir fyrirhuguð kaup og á hvaða stigum innan samstæðunnar þessar kröfur myndu gilda á samstæðugrunni eða undirsamstæðugrunni.

2. Fyrirhugaður kaupandi skal einnig afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins greiningu á áhrifum fyrirhugaðra kaupa á getu markfyrirtækisins til að halda áfram að veita lögbæru yfirvaldi tímanlegar og nákvæmar upplýsingar, þ.m.t. vegna náinna tengsla fyrirhugaðs kaupanda við markfyrirtækið.

8. gr.

Upplýsingar er varða fjármögnun fyrirhugaðra kaupa

1. Fyrirhugaður kaupandi skal afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins ítarlega útskýringu á fjármögnunarleiðum við fyrirhuguð kaup, þ.m.t.:

a) ítarlega lýsingu á starfseminni sem myndaði fjármuni og eignir til kaupanna, ásamt viðkomandi skjölum, þ.m.t. reikningsskilum, bankayfirlitum, skattframtölum og öðrum gögnum eða upplýsingum sem sýna lögbæru yfirvaldi fram á að fyrirhuguð kaup feli ekki í sér tilraun til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka,

b) ítarlegar upplýsingar um allar eignir, þ.m.t. allar sýndareignir, sem verða seldar til að fjármagna fyrirhuguðu kaupin, þ.m.t. skilyrði sölu, verð, mat og upplýsingar um einkenni þessara eigna, þ.m.t. upplýsingar um hvenær, hvernig og frá hverjum þær voru keyptar,

c) ítarlegar upplýsingar um aðgang að fjármagni og fjármálamörkuðum, þ.m.t. um fjármálagerninga sem fyrirhugað er að gefa út,

d) ef þeir fjármunir sem notaðir eru til kaupanna hafa verið teknir að láni, upplýsingar um notkun lánsfjárins, þ.m.t. nöfn viðkomandi lánveitenda og ítarlegar upplýsingar um veittar fyrirgreiðslur, þ.m.t. lokagjalddaga, skilmála, veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, og upplýsingar um þær tekjulindir sem verða notaðir til að endurgreiða slík lán,

e) ítarlegar upplýsingar um greiðslumiðil fyrirhugaðra kaupa og netkerfið sem notað verður til millifærslu annarra fjármuna en rafeyristóka,

f) ítarlegar upplýsingar um allar sýndareignir og tengda dreifða færsluskrártækni (DFT) sem notuð er til að kaupa eignarhlutinn, um öll stafræn veski, þ.m.t. eðli og tegund veskis, hvort það sé vörsluveski eða veski sem aðeins notandinn hefur aðgang að, hvar sýndareignir sem voru notaðar eða skipt yfir í opinberan gjaldmiðil til að kaupa eignarhlutinn, eða aðgangsleiðir að slíkum sýndareignum, voru geymdar, um þjónustuveitendur sýndareigna sem voru notaðir og vistföng dreifðrar færsluskrár eða reikninga upphafsaðila og rétthafa,

g) upplýsingar um hvers konar fjármálasamkomulag við aðra einstaklinga sem eru eða munu verða hluthafar markfyrirtækisins.

Að því er d-lið varðar, ef lánveitandinn er ekki lánastofnun eða fjármálastofnun sem hefur leyfi til að veita lán, skal fyrirhugaður kaupandi veita ítarlegar upplýsingar og sannanir til stuðnings um uppruna fjármuna sem fengnir eru að láni, þ.m.t. starfsemi, félagsform og búsetustað lánveitanda og öll samningsákvæði sem heimila lánveitandanum að gefa lántakanum fyrirmæli um virkan eignarhlut.

2. Fyrirhugaður kaupandi sem er fjárvörslusjóður skal leggja fyrir lögbært yfirvald markfyrirtækisins upplýsingar um aðferðina við fjármögnun fjárvörslusjóðsins og tilföng sem tryggja fjárhagslegt heilbrigði fjárvörslusjóðsins til að styðja útgefanda eignatengdra tóka.

9. gr.

Viðbótarupplýsingar um virkan eignarhluta upp að 20%

Ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður kaupandi eignaðist allt að 20% virkan eignarhlut í markfyrirtækinu skal hann afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins skjal yfir stefnuáætlun með eftirfarandi upplýsingum, þar sem við á:

a) stefnuáætlun fyrirhugaðs kaupanda í tengslum við fyrirhuguð kaup, þ.m.t. um tímabilið sem fyrirhugaður kaupandi hyggst eiga hlutafjáreign sína eftir fyrirhuguð kaup og hvort hann hyggst auka, draga úr eða viðhalda hlutafjáreign sinni í fyrirsjáanlegri framtíð,

b) um fyrirætlan fyrirhugaðs kaupanda í tengslum við markfyrirtækið, einkum hvort hann ætli sér að koma fram sem virkur minnihlutahluthafi, ásamt rökstuðningi fyrir þeirri aðgerð,

c) um fjárhagsstöðu fyrirhugaðs kaupanda og vilja hans til að styðja markfyrirtækið með viðbótarfjármögnun ef þörf er á til að þróa starfsemi þess eða ef fjárhagserfiðleikar steðja að því.

10. gr.

Viðbótarupplýsingar um virkan eignarhluta yfir 20% og upp að 50%

1. Ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður kaupandi eignaðist yfir 20% og allt að 50% virkan eignarhlut í markfyrirtækinu skal hann afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins skjal með stefnuáætlun sem hefur að geyma eftirfarandi upplýsingar, þar sem við á:

a) allar upplýsingar sem krafist er skv. 9. gr.,

b) ítarlegar upplýsingar um þau áhrif sem fyrirhugaður kaupandi hyggst hafa á fjárhagsstöðu, þ.m.t. arðgreiðslustefnu, stefnumörkun og ráðstöfun fjármuna hjá markfyrirtækinu,

c) lýsingu á fyrirætlunum fyrirhugaðs kaupanda og stefnuáætlun gagnvart markfyrirtækinu, sem nær yfir alla þættina sem um getur í 2. mgr. 11. gr., með sundurliðun sem er í samræmi við þau áhrif sem kaupin myndu hafa á markfyrirtækið.

2. Fyrirhugaður kaupandi, eins og um getur í 9. gr., skal einnig veita lögbærum yfirvöldum markfyrirtækisins þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. ef áhrifin sem myndu fylgja hlutafjáreign hans myndu, á grundvelli mats á hlutafjáreign markfyrirtækisins, jafngilda þeim áhrifum sem fylgja hlutafjáreign sem er yfir 20% og allt að 50%.

11. gr.

Viðbótarupplýsingar um virkan eignarhluta umfram 50%

1. Ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður kaupandi eignaðist yfir 50% virkan eignarhlut í markfyrirtækinu eða að markfyrirtækið myndi verða dótturfélag hans, skal hann leggja viðskiptaáætlun til þriggja ára fyrir lögbært yfirvald markfyrirtækisins. Áætlunin skal fela í sér:

a) stefnumörkunaráætlun,

b) áætluð reikningsskil markfyrirtækisins,

c) áhrif kaupanna á stjórnarhætti og almennt stjórnskipulag markfyrirtækisins.

2. Stefnumörkunaráætlun sem um getur í a-lið 1. mgr. skal hafa að geyma almenna umfjöllun um helstu markmið fyrirhugaðra kaupa og helstu leiðir til að ná þeim, þ.m.t.:

a) heildarmarkmið fyrirhugaðra kaupa,

b) fjárhagsleg markmið, sem setja má fram sem ávöxtun eigin fjár, kostnaðarábatahlutfall, hagnað á hlut eða á annan hátt, eins og við á,

c) hugsanlegar breytingar á starfsemi, afurðum og markhópi viðskiptavina og hugsanlega endurráðstöfun fjármuna eða tilfanga sem gert er ráð fyrir að muni hafa áhrif á markfyrirtækið,

d) almenn ferli aðlögunar og samþættingar markfyrirtækisins inn í samstæðuskipulag fyrirhugaðs kaupanda, þ.m.t. lýsingu á helstu tengslum sem fyrirhuguð eru við önnur fyrirtæki í samstæðunni og lýsingu á stefnum um tengsl innan samstæðunnar.

Að því er d-lið varðar, hafi fyrirhugaðir kaupendur starfsleyfi og lúti eftirliti í Sambandinu, skulu upplýsingar um einstakar deildir innan skipulags samstæðunnar sem verða fyrir áhrifum af fyrirhuguðum kaupum nægja.

3. Áætluð reikningsskil markfyrirtækisins, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu hafa að geyma eftirfarandi um þriggja ára tímabil, bæði á fyrirtækjagrunni og, eftir atvikum, samstæðugrunni:

a) spá um efnahagsreikning og rekstrarreikning,

b) spá um varfærniseiginfjárkröfur og varasjóð eigna,

c) upplýsingar um áætlað áhættustig, þ.m.t. markaðsáhættu, rekstraráhættu, þ.m.t. netáhættu og áhættu á svindli, lána- og umhverfisáhættu og aðra viðeigandi áhættu,

d) spá um viðskipti innan samstæðu.

4. Upplýsingarnar um áhrif kaupanna á stjórnarhætti og almennt stjórnskipulag markfyrirtækisins, sem um getur í c-lið 1. mgr., skulu taka til áhrifanna á:

a) samsetningu og skyldur fulltrúa í stjórn og/eða framkvæmdastjórn og, eftir atvikum, helstu nefndir sem slíkir aðilar sem fara með ákvarðanatöku stofna, þ.m.t. upplýsingar um einstaklinga sem verða tilnefndir sem fulltrúar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar,

b) stjórnunar- og bókhaldsaðferðir og innra eftirlit, þ.m.t. breytinga á verklagsreglum og kerfum sem varða bókhald, innri endurskoðun, baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og áhættustýringu, þ.m.t. ráðningu aðila sem gegna lykilhlutverki við innri endurskoðun, regluvarða og áhættustjóra,

c) heildarhögun upplýsinga- og fjarskiptatækni, þ.m.t. allar breytingar sem varða stefnu í tengslum við þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi, sem um getur í 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 ([10]), flæðirit gagna, hugbúnað sem notaður er innan- og utanhúss og mikilvægar verklagsreglur og tæki til að tryggja öryggi gagna og kerfa, s.s. öryggisafritun, áætlun um rekstrarsamfellu og gagnaslóðir,

d) stefnur um þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi, þ.m.t. upplýsingar um hlutaðeigandi svið, um val á þjónustuveitendum og um viðkomandi réttindi og skyldur helstu aðila sem sett eru fram í samningum, þ.m.t. fyrirkomulag endurskoðunar og fyrirkomulag til vörslu og fjárfestingar á varasjóði eigna, og gæðakröfur til þjónustuveitenda,

e) aðrar viðkomandi upplýsingar sem varða áhrif kaupanna á stjórnarhætti og almennt skipulag markfyrirtækisins, þ.m.t. allar breytingar sem varða atkvæðisrétt hluthafa.

12. gr.

Takmarkaðar upplýsingakröfur

1. Ef sama lögbæra yfirvald og lögbært yfirvald markfyrirtækis hefur metið fyrirhugaðan kaupanda með tilliti til kaupa eða aukningar á virkum eignarhlut, í samræmi við 1. mgr. 41. gr. eða 1. mgr. 83. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([11]), 23. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([12]), 59. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EC ([13]) eða 32. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB)

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 frá 14. desember 2022 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann og um viðbætur við reglugerðir (EB) nr. 1060/2009, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 909/2014 og (ESB) 2016/1011 (Stjtíð. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2554/oj).

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2014/65/oj).

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/36/oj).

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/138/oj).

nr. 648/2012 ([14]), innan tveggja ára áður en tilkynningin er lögð fram, skal fyrirhugaði kaupandinn einungis afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins þær upplýsingar sem eiga sérstaklega við um fyrirhuguð kaup eða upplýsingar sem hafa breyst frá fyrra mati.

Fyrirhugaður kaupandi skal leggja fram undirritaða yfirlýsingu þar sem tilgreindar eru nákvæmar upplýsingar sem um getur í þessari reglugerð sem hafa ekki verið lagðar fram, sem vottar að slíkar upplýsingar hafi ekki breyst frá fyrra mati og að þær séu enn réttar, nákvæmar og uppfærðar.

2. Með fyrirvara um 1. mgr., ef fyrirhugaður kaupandi er fyrirtæki sem hefur starfsleyfi frá sama lögbæra yfirvaldi og markfyrirtækið og fellur undir viðvarandi varfærniseftirlit þess lögbæra yfirvalds, skal fyrirhugaður kaupandi einungis leggja fram upplýsingarnar sem um getur í þessari reglugerð og eiga sérstaklega við um fyrirhuguðu kaupin og skal ekki gert að leggja fram upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið hefur þegar undir höndum.

Fyrirhugaður kaupandi skal leggja fram undirritaða yfirlýsingu þar sem tilgreindar eru nákvæmar upplýsingar sem um getur í þessari reglugerð sem hafa ekki verið lagðar fram vegna þess að lögbært yfirvald hefur þær þegar undir höndum og vottar að slíkar upplýsingar hafi ekki breyst frá fyrra mati og að þær séu réttar, nákvæmar og uppfærðar.

3. Að því er þessa grein varðar fela upplýsingarnar sem eiga sérstaklega við um fyrirhuguð kaup, sem um getur í þessari reglugerð, allt eftirfarandi í sér:

a) sé fyrirhugaður kaupandi einstaklingur:

   i. upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr.,

   ii. upplýsingarnar sem um getur í d- til f-lið 1. mgr. 2. gr. og a- til d-lið 2. mgr. 2. gr. ef fyrirhuguð kaup falla undir 1. mgr. eða upplýsingarnar sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 2. gr. ef fyrirhuguð kaup falla undir 2. mgr. þessarar greinar,

   iii. upplýsingarnar sem um getur í 5. gr.,

   iv. upplýsingarnar sem um getur í 6. gr.,

   v. upplýsingarnar sem um getur í 8. gr.,

   vi. upplýsingarnar sem um getur í 9., 10. eða 11. gr., eftir því sem við á,

b) ef fyrirhugaður kaupandi er lögaðili, fjárvörslusjóður, sérhæfður sjóður í skilningi a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB eða verðbréfasjóður í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða fjárfestingarsjóður í ríkiseigu:

   i. upplýsingarnar sem um getur í a- til f-lið 2. mgr. 1. gr.,

   ii. upplýsingarnar sem um getur í ii. lið a-liðar til iv. liðar a-liðar og b-, c- og d-lið 1. mgr. 3. gr. og í 5. gr. eftir því sem við á og, ef fyrirhuguð kaup falla undir 1. mgr. þessarar greinar, einnig upplýsingarnar sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 3. gr.,

   iii. upplýsingarnar sem um getur í 6. og 7. gr.,

   iv. upplýsingarnar sem um getur í 8. gr.,

   v. upplýsingarnar sem um getur í 9., 10. eða 11. gr., eftir því sem við á.

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/648/oj).

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/414 **2026/EES/19/06**

frá 18. desember 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ítarlegt innihald nauðsynlegra upplýsinga til að meta fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 84. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 83. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 þarf fyrirhugaður kaupandi virks eignarhlutar í þjónustuveitanda sýndareigna að leggja fram þær ítarlegu upplýsingar hjá lögbæru yfirvaldi sem eru nauðsynlegar til að gera varfærnismat á fyrirhuguðum kaupum þegar tilkynning er lögð fram um fyrirhuguð kaup eða aukningu á virkum eignarhlut.

2) Upplýsingarnar í tilkynningu frá fyrirhuguðum kaupanda ættu að vera réttar, nákvæmar, fullnægjandi og uppfærðar frá þeirri stundu sem tilkynningin er lögð fram og þar til lögbært yfirvald hefur lokið mati sínu. Í þeim tilgangi ætti fyrirhugaður kaupandi að tilkynna lögbæru yfirvaldi um allar breytingar á upplýsingunum sem eru veittar í tilkynningunni.

3) Tilkynningin ætti að innihalda gögn um fyrirhugaðan kaupanda, þ.m.t. aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar, óbeina hluthafa og eiginlegan rétthafa, og um aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar markfyrirtækisins ef fyrirhugaður kaupandi hyggst tilnefna þá. Upplýsingarnar myndu innihalda persónuupplýsingar. Í samræmi við meginregluna um lágmörkun gagna, sem bundin er í c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]), ætti eingöngu að veita lögbæru yfirvaldi persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar og fullnægjandi til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að gera ítarlegt mat á viðmiðunum sem mælt er fyrir um í a- til e-lið 1. mgr. 84. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Við mat á tilkynningu um fyrirhuguðu kaupin og vinnslu persónuupplýsinganna sem þar er að finna ættu lögbær yfirvöld að fara að reglugerð (ESB) 2016/679. Í samræmi við meginreglurnar um vinnslu persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 ættu lögbær yfirvöld enn fremur ekki að geyma slíkar persónuupplýsingar lengur en nauðsynlegt er til að sinna eftirlitsverkefnum sínum.

4) Ef fyrirhugaður kaupandi er lögaðili eru upplýsingar um deili á eiginlegum rétthöfum og orðspor og reynslu, að því er varðar síðustu 10 ár, þeirra einstaklinga sem í reynd stjórna starfsemi fyrirhugaðs kaupanda einnig nauðsynlegar til að framkvæma varfærnismat. Því ætti fyrirhugaður kaupandi að leggja þær upplýsingar fram hjá lögbærum yfirvöldum.

5) Ef fyrirhugaður kaupandi er, eða á að verða, fjárvörslusjóður er nauðsynlegt að lögbært yfirvald markfyrirtækisins fái afhentar upplýsingar bæði um hverjir fjárvörsluaðilarnir eru sem munu stýra eignum sjóðsins og einnig hverjir eru stofnendur og raunverulegir eigendur þessara eigna svo að hægt verði að meta orðspor og reynslu þeirra aðila.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/414, 31.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 69, 6.11.2025, bls. 39.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

6) Ef fyrirhugaður kaupandi er sérhæfður sjóður, eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([3]), eða verðbréfasjóður, sem hefur starfsleyfi í samræmi við 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([4]), ætti rekstraraðili sérhæfðs sjóðs, eða sérhæfður sjóður ef um er að ræða sérhæfðan sjóð með innri stýringu, eða fjárfestingarfélag verðbréfasjóðsins ef um er að ræða verðbréfasjóð undir eigin stjórn, að veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins upplýsingar um hverjir bera ábyrgð á því að taka ákvörðun um fjárfestingar fyrir sjóðinn og nauðsynlegar upplýsingar til að leggja mat á orðspor þeirra.

7) Ef fyrirhugaður kaupandi er fjárfestingarsjóður í ríkiseigu ætti hann að veita lögbæru yfirvaldi ítarlegar upplýsingar sem skipta máli við mat á orðspori, þ.m.t. upplýsingar um deili á og orðspor þeirra einstaklinga sem gegna æðstu stöðum í ráðuneyti, ríkisstofnun eða öðrum opinberum aðila sem ber ábyrgð á því að taka ákvarðanir um fjárfestingar fyrir sjóðinn.

8) Ef fyrirhugaður kaupandi er einstaklingur er nauðsynlegt að fyrir liggi upplýsingar bæði um fyrirhugaðan kaupanda og um hvert það fyrirtæki sem sá aðili stjórnar formlega eða hefur ráðið yfir síðustu 10 árin, í því skyni að láta lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins í té allar upplýsingar sem skipta máli við mat á orðspori.

9) Ef fyrirhugaður kaupandi er lögaðili er nauðsynlegt að fyrir liggi upplýsingar um öll fyrirtæki sem eru undir stjórn fyrirhugaðs kaupanda og alla hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í fyrirhuguðum kaupanda, í því skyni að láta lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins í té allar upplýsingar sem skipta máli við mat á orðspori.

10) Upplýsingarnar sem skipta máli fyrir mat á orðspori ættu að taka til upplýsinga um að viðkomandi hafi hvorki verið sakfelldur í sakamáli né sætt meðferð slíks máls, fyrri eða yfirstandandi, sem og einka- og stjórnsýslumáls. Sömuleiðis ætti að veita upplýsingar um allar yfirstandandi rannsóknir og málsmeðferðir, viðurlög eða aðrar framfylgdarákvarðanir gegn fyrirhuguðum kaupanda og hvers kyns aðrar viðeigandi upplýsingar, þ.m.t. um synjun á skráningu eða brottvikningu úr starfi eða trúnaðarstöðu sem telst skipta máli fyrir mat á orðspori fyrirhugaðs kaupanda.

11) Til að tryggja að lögbært yfirvald markfyrirtækis taki niðurstöðu rannsókna á vegum annarra yfirvalda til tilhlýðilegrar skoðunar þegar það gerir eigið mat á fyrirhuguðum kaupanda ætti fyrirhugaður kaupandi að veita upplýsingar um hvort annað lögbært yfirvald eða annað yfirvald hafi þegar gert mat á honum sem kaupanda eða aðila sem stýrir viðskiptum viðkomandi aðila og ef svo er ætti fyrirhugaður kaupandi að leggja fram niðurstöðu slíks mats.

12) Til að auðvelda leit að fyrra mati í eftirlitsgagnagrunnum og auðvelda samstarf meðal lögbærra yfirvalda ætti fyrirhugaður kaupandi að leggja fram auðkenni aðila ásamt upplýsingunum í tilkynningunni til lögbærs yfirvalds. Þau auðkenni sem unnt er að nota í þessu skyni ættu að vera þau sem nota má til að auðkenna lögaðila í samræmi við 14. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um að koma á tæknistaðli sem samþykktur er skv. b-lið fyrstu undirgreinar 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þar sem auðkennin hafa einkenni sem gera þau hentug til notkunar við eftirlit.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2011/61/oj).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/65/oj).

13) Að því er varðar fyrirhuguð kaup á óbeinum virkum eignarhlutum í markfyrirtæki er nauðsynlegt að finstilla inntak upplýsingabeiðni á hlutfallslegan hátt. Í því skyni ætti að greina á milli tveggja tilvika. Fyrra tilvikið er ef einstaklingur eða lögaðili, sem eignast eða eykur virkan eignarhlut í markfyrirtæki, hyggst öðlast yfirráð yfir núverandi eiganda virks eignarhlutar í markfyrirtækinu eða hefur yfirráð yfir fyrirhuguðum beinum kaupanda virks eignarhlutar í markfyrirtækinu. Seinna tilvikið er ef tilvist virks eignarhlutar er ákvörðuð með því að margfalda virkan eignarhlut í markfyrirtækinu með hlutfalli virkra eignarhluta sem eru óbeint í eignarhaldskeðjunni. Í síðara tilvikinu, með hliðsjón af takmarkaðri áhrifum sem slíkur óbeinn hluthafi eða aðili með virkan eignarhlut kann að hafa á markfyrirtækið, ætti fyrirhugaður kaupandi að leggja fram takmarkaðar upplýsingar.

14) Fyrirhugaðir kaupendur geta tilnefnt einn eða fleiri fulltrúa í stjórn og/eða framkvæmdastjórn markfyrirtækis. Til að gera lögbæru yfirvaldi markfyrirtækis kleift að leggja mat á nýja aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn markfyrirtækisins ætti fyrirhugaður kaupandi að veita sömu upplýsingar og krafist er af fulltrúum stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar þjónustuveitanda sýndareigna þegar starfsleyfi er gefið út.

15) Til að meta fjárhagslegt heilbrigði fyrirhugaðs kaupanda ætti að veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins fjárhagsupplýsingar um fyrirhugaðan kaupanda, ásamt lýsingu á yfirstandandi starfsemi hans.

16) Mikilvægt er að lögbært yfirvald markfyrirtækis meti hvort tilvist hugsanlegra hagsmunaárekstra gæti haft áhrif á fjárhagslegt heilbrigði fyrirhugaðs kaupanda og trausta og varfærna stjórnun markfyrirtækisins. Því ættu fyrirhugaðir kaupendur að veita upplýsingar um fjárhagslega og ófjárhagslega hagsmuni eða tengsl fyrirhugaða kaupandans við hvers kyns hluthafa, framkvæmdastjóra eða fulltrúa stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar markfyrirtækis eða aðila sem fara með atkvæðisrétt hjá markfyrirtækinu eða við markfyrirtækið sjálft eða samstæðu þess.

17) Nauðsynlegt er að leggja fram viðbótarupplýsingar ef fyrirhugaður kaupandi er lögaðili. Viðbótarupplýsingarnar ættu að gera lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins kleift að ljúka við mat á fyrirhuguðum kaupum í tilvikum eins og þegar rekstrarform að lögum eða skipulag samstæðu sem á í hlut gæti verið flókið og mögulega skapað þörf fyrir ítarlega úttekt í tengslum við orðspor, hugsanlega aðgerð í samráði við aðra aðila og getu lögbærs yfirvalds markfyrirtækisins til að halda áfram skilvirku eftirliti með því.

18) Ef fyrirhugaður kaupandi er með staðfestu í þriðja landi eða er hluti af samstæðu þar sem beint eða endanlegt móðurfyrirtæki hefur staðfestu utan ESB ætti að veita viðbótarupplýsingar til að gera lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins kleift að sannreyna að lagareglur þriðja landsins standi ekki í vegi fyrir því að markfyrirtækið geti farið eftir varfærniskröfum og aflað upplýsinga um orðspor fyrirhugaðs kaupanda í þriðja landinu.

19) Fyrirhugaður kaupandi ætti að leggja fram sértækar upplýsingar, sem auðvelda mat á því hvort fyrirhuguð kaup hafi áhrif á getu lögbærs yfirvalds markfyrirtækisins til að framkvæma skilvirkt eftirlit með aðilanum sem fyrirhugað er að eignast. Að því er varðar lögaðila ætti lögbært yfirvald markfyrirtækisins að meta áhrif fyrirhugaðra kaupa á samstæðueftirlit með markfyrirtækinu og samstæðunni sem fyrirtækið mun tilheyra eftir kaupin.

20) Fyrirhugaður kaupandi ætti að veita upplýsingar sem auðkenna markfyrirtækið, frekari lýsingu á fyrirætlan fyrirhugaðs kaupanda og stefnumiðuðum fjárfestingum og upplýsingar um hlutabréf sem fyrirhugaður kaupandi á eða fyrirhugað er að verði í eigu hans, til að gera kleift að leggja mat á fyrirhuguð kaup. Upplýsingarnar ættu að fela í sér ítarlegar upplýsingar um hvers kyns aðgerðir sem fyrirhugaður kaupandi gæti gripið til ásamt öðrum aðilum til að koma fyrirhuguðum kaupum í framkvæmd og upplýsingar um verð fyrirhugaðra kaupa.

21) Enn fremur ætti fyrirhugaður kaupandi að veita upplýsingar um fjármögnun fyrirhugaðra kaupa, þ.m.t. upplýsingar um allar fjármögnunarleiðir. Fyrirhugaður kaupandi ætti einnig að geta lagt fram sönnunargögn um uppruna og lögmæti allra slíkra fjármuna og eigna, þ.m.t. sýndareigna eða annarra stafrænna eigna, til að lögbært yfirvald markfyrirtækisins geti metið öryggi, nægjanleika og lögmætan uppruna, þ.m.t. hvort hætta sé á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

22) Til að tryggja heildstætt mat á fyrirhuguðum kaupum ættu fyrirhugaðir kaupendur, sem hyggjast eignast virkan eignarhlut sem nemur yfir 20% og allt að 50% í markfyrirtækinu, að veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins upplýsingar um stefnuáætlun sína. Á sama hátt ættu fyrirhugaðir kaupendur, sem hyggjast kaupa virkan eignarhlut sem er allt að 20% í markfyrirtækinu en hafa samsvarandi veruleg áhrif á þann aðila á annan hátt, þ.m.t. með tengslum milli fyrirhugaðs kaupanda og fyrirliggjandi hluthafa, hluthafasamningum, dreifingu hlutabréfa, eignarhlutdeild og atkvæðisrétti meðal fleiri hluthafa eða í gegnum stöðu fyrirhugaðs kaupanda innan samstæðuskipulags markfyrirtækisins, einnig að veita þessar upplýsingar til að tryggja mikla einsleitni í mati á fyrirhuguðum kaupum.

23) Þegar fyrirhugað er að breyta stjórnun markfyrirtækisins ætti fyrirhugaður kaupandi að hafa þá almennu reglu að leggja fram tæmandi viðskiptaáætlun. Þegar ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á stjórnun markfyrirtækisins ættu tilteknar upplýsingar um framtíðarstefnu aðilans og fyrirætlanir fyrirhugaðs kaupanda fyrir markfyrirtækið þó að vera nóg til að meta hvort fyrirhuguð kaup muni hafa áhrif á fjárhagslegt heilbrigði fyrirhugaðs kaupanda.

24) Með hliðsjón af meðalhófsreglunni ætti fyrirhugaður kaupandi aðeins að leggja fram takmarkaðar upplýsingar í vissum tilvikum. Einkum, ef lögbært yfirvald markfyrirtækis hefur metið fyrirhugaðan kaupanda vegna yfirtöku eða aukningar í virkum eignarhlutum á síðastliðnum tveimur árum ætti fyrirhuguðum kaupanda aðeins að vera skylt að senda upplýsingar sem hafa breyst frá fyrra mati. Sömuleiðis, ef fyrirhugaður kaupandi er fyrirtæki með starfsleyfi, sem fellur undir varfærniseftirlit sama lögbæra yfirvalds og markfyrirtækið ætti fyrirhugaði kaupandinn að vera undanþeginn því að leggja fram tilteknar upplýsingar sem slíkt lögbært yfirvald hefur þegar undir höndum. Í báðum tilvikum ætti fyrirhugaður kaupandi eingöngu að leggja fram upplýsingar sem varða fyrirhuguð kaup sérstaklega, ásamt undirritaðri yfirlýsingu sem staðfestir að þær upplýsingar sem eftir eru, og voru ekki veittar þar sem lögbært yfirvald hefur þær þegar undir höndum, séu réttar, nákvæmar og uppfærðar.

25) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([5]) og skilaði hún áliti 21. júní 2024.

26) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samin voru í náinni samvinnu við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

27) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([6]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

1. gr.

Almennar upplýsingar sem varða fyrirhugaðan kaupanda

1. Sé fyrirhugaður kaupandi einstaklingur skal hann veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar, sem varða deili á honum:

a) allar eftirfarandi persónuupplýsingar:

i. nafn og, sé það annað, nafn við fæðingu,

ii. fæðingardag og -stað,

iii. ríkisfang, eitt eða fleiri,

iv. landsbundið kenninúmer, ef það liggur fyrir,

v. núverandi búsetustað, heimilisfang og samskiptaupplýsingar og aðra búsetustaði undanfarin 10 ár,

vi. afrit af opinberum skilríkjum,

vii. nafn og samskiptaupplýsingar helsta sérfræðings sem tók þátt í að gera tilkynninguna, ef við á,

b) ítarlega ferilskrá, þar sem fram kemur viðkomandi menntun og þjálfun, öll starfsreynsla í stjórnun eignarhlutdeildar í fyrirtækjum, öll stjórnunarreynsla, öll atvinnustarfsemi eða önnur viðkomandi störf sem nú eru unnin og öll fyrri starfsreynsla sem skiptir máli fyrir fjármálaþjónustu, sýndareignir eða aðrar stafrænar eignir, dreifða færsluskrártækni (DLT), upplýsingatækni, netöryggi og stafræna nýsköpun.

2. Sé fyrirhugaður kaupandi lögaðili skal hann veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar:

a) heiti lögaðila,

b) nafn og samskiptaupplýsingar helsta sérfræðings sem tók þátt í að gera tilkynninguna, ef við á,

c) ef lögaðili er skráður í innlenda fyrirtækjaskrá sem um getur í 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 ([7]), heiti fyrirtækjaskrárinnar þar sem lögaðilinn er skráður, skráningarnúmer eða sambærilega auðkenningu í fyrirtækjaskránni og afrit af skráningarvottorðinu,

d) auðkenni eins og um getur í 14. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um að koma á tæknistaðli sem samþykktur er skv. b-lið fyrstu undirgreinar 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

e) heimilisfang skráðrar skrifstofu lögaðilans og, ef annað, höfuðstöðva og aðalstarfsstöðvar,

f) samskiptaupplýsingar aðilans hjá fyrirhuguðum kaupanda sem haft skal samband við varðandi tilkynninguna,

g) stofngögn eða samninga sem gilda um lögaðilann og samantekna skýringu á helstu lagalegu eiginleikum félagsforms lögaðilans og uppfært yfirlit yfir starfsemi hans,

h) hvort lögaðilinn hafi einhvern tímann fallið undir, eða fellur undir, eftirlit lögbærs yfirvalds í fjármálaþjónustugeiranum eða annarrar ríkisstofnunar og heiti slíks lögaðila eða annarrar ríkisstofnunar,

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2017/1132/oj).

i) ef lögaðili er tilkynningarskyldur aðili eins og um getur í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([8]), gildandi stefnur og verklagsreglur í tengslum við baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,

j) tæmandi lista yfir aðila sem í reynd stjórna starfsemi fyrirhugaðs kaupanda og, að því er varðar hvern þessara aðila, nafn, fæðingardag og -ár og fæðingarstað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar, afrit af opinberum skilríkjum, landsbundið kenninúmer ef það liggur fyrir, ítarlega ferilskrá þar sem fram kemur viðeigandi menntun og þjálfun, fyrri starfsreynsla og atvinnustarfsemi eða önnur viðeigandi störf sem viðkomandi hefur með höndum, þ.m.t. starfsreynsla í stjórnun eignarhlutdeilda í fyrirtækjum, fjármálaþjónustu, sýndareigna eða annarra stafrænna eigna, dreifðrar færsluskrártækni, upplýsingatækni, netöryggis eða stafrænnar nýsköpunar, ásamt upplýsingunum sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 2. gr.,

k) deili á öllum þeim sem eru raunverulegir eigendur lögaðila í skilningi i. liðar a-liðar 6. mgr. 3. gr. eða c-liðar 6. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 og að því er varðar slíka aðila, nafn, fæðingardag og -ár og fæðingarstað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar og, ef það liggur fyrir, landsbundið kenninúmer, ásamt upplýsingunum sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.

Fyrir lögaðila sem falla undir gildissvið tilskipunar (ESB) 2017/1132 skulu upplýsingarnar í a- til e-lið samsvara þeim upplýsingum sem skráðar eru í innlenda fyrirtækjaskrá sem um getur í 16. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132.

3. Sé fyrirhugaður kaupandi fjárvörslusjóður skal hann veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar:

a) deili á öllum fjárvörsluaðilum sem stjórna eignum samkvæmt skilmálum fjárvörsluskjalsins, einnig að því er varðar hvern þessara aðila, fæðingardag og -ár og fæðingarstað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar, afrit af opinberum skilríkjum, landsbundið kenninúmer ef það liggur fyrir, ítarlega ferilskrá þar sem fram kemur viðeigandi menntun og þjálfun, fyrri starfsreynsla og atvinnustarfsemi eða önnur viðeigandi störf sem viðkomandi hefur með höndum, þ.m.t. starfsreynsla í stjórnun eignarhlutdeilda í fyrirtækjum, fjármálaþjónustu, sýndareigna eða annarra stafrænna eigna, dreifðrar færsluskrártækni, upplýsingatækni, netöryggis eða stafrænnar nýsköpunar, ásamt upplýsingunum sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 2. gr.,

b) deili á hverjum aðila sem er stofnandi, rétthafi eða vörsluaðili (eftir atvikum) eignar sem er í fjárvörslu, þ.m.t. fæðingardag og -ár og fæðingarstað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar, afrit af opinberum skilríkjum og, ef við á, hlutdeild þeirra í tekjudreifingu sem myndast af eigninni,

c) afrit af skjölum varðandi stofnsetningu fjárvörslusjóðs og sem gilda um sjóðinn,

d) lýsingu á helstu lagalegu eiginleikum fjárvörslusjóðsins og starfsemi hans, uppfært yfirlit yfir atvinnustarfsemi hans og tegund og virði eignar sem er í fjárvörslu,

e) lýsingu á fjárfestingarstefnu fjárvörslusjóðsins og mögulegum takmörkunum á fjárfestingu, þ.m.t. upplýsingar um þá þætti sem hafa áhrif á fjárfestingarákvarðanir og útgönguáætlun í tengslum við þjónustuveitanda sýndareigna,

f) upplýsingarnar sem um getur í i. lið 2. gr.

4. Ef fyrirhugaður kaupandi er sérhæfður sjóður, í skilningi a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, eða verðbréfasjóður, sem hefur starfsleyfi í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2009/65/EB, skal rekstraraðili sérhæfðs sjóðs, eða sérhæfður sjóður ef um er að ræða sérhæfðan sjóð sem lýtur innri stjórn, eða rekstrarfélag verðbréfasjóðsins eða fjárfestingarfélag verðbréfasjóðsins ef um er að ræða verðbréfasjóð undir eigin stjórn, veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar:

a) upplýsingar um fjárfestingarstefnu og hvers kyns takmarkanir á fjárfestingu, þ.m.t. upplýsingar um þá þætti sem hafa áhrif á fjárfestingarákvarðanir og útgönguáætlanir,

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj).

b) deili á og staða einstaklinga sem bera ábyrgð, hvort sem er einir eða sem hluti af nefnd, á ákvörðun og framkvæmd fjárfestingarákvarðana fyrir sérhæfðan sjóð eða verðbréfasjóð og afrit af öllum samningum ef stýring eignasafns hefur verið framseld til þriðja aðila eða, eftir atvikum, umboðum nefndarinnar, og fyrir sérhvern slíkan einstakling fæðingardag og -ár og fæðingarstað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar, afrit af opinberum persónuskilríkjum, landsbundið kenninúmer ef við á, ítarlega ferilskrá þar sem fram kemur viðeigandi menntun og þjálfun, fyrri starfsreynsla og atvinnustarfsemi eða önnur viðeigandi störf sem viðkomandi hefur með höndum, ásamt upplýsingunum sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 2. gr.,

c) upplýsingarnar sem um getur í i. lið 2. gr.,

d) lýsingu á árangri af virkum eignarhlutum síðustu þrjú árin, sem rekstraraðili sérhæfðs sjóðs eða rekstrarfélag verðbréfasjóðs hefur áður keypt fyrir hönd sérhæfðra sjóða eða verðbréfasjóða sem þau stýra, eða sem sérhæfður sjóður eða fjárfestingarfélag verðbréfasjóðs undir eigin stjórn hefur áður keypt í öðrum sambærilegum fyrirtækjum eða í fyrirtækjum sem veita þjónustu í tengslum við sýndareignir eða útgáfu sýndareigna, sem gefur til kynna hvort lögbært yfirvald hafi samþykkt kaup á slíkum virkum eignarhlutum og ef svo er, deili á því lögbæra yfirvaldi.

5. Sé fyrirhugaður kaupandi fjárfestingarsjóður í ríkiseigu skal hann veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar:

a) heiti ráðuneytis, ríkisstofnunar eða annars opinbers aðila sem stýrir ákvörðun um fjárfestingarstefnu fjárfestingarsjóðsins í ríkiseigu,

b) upplýsingar um fjárfestingarstefnu fjárfestingarsjóðsins í ríkiseigu og takmarkanir á fjárfestingu,

c) nöfn og stöður æðstu embættismanna í ráðuneyti, ríkisstofnun eða öðrum opinberum aðila sem stýra ákvörðun fjárfestingarstefnu og sem bera ábyrgð á töku fjárfestingarákvarðana fyrir fjárfestingarsjóð í ríkiseigu, og fyrir hvern slíkan einstakling, fæðingardag og -ár og fæðingarstað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar, afrit af opinberum persónuskilríkjum, landsbundið kenninúmer ef við á, ítarlega ferilskrá þar sem fram kemur viðeigandi menntun og þjálfun, fyrri starfsreynsla og atvinnustarfsemi og önnur viðeigandi störf sem viðkomandi hefur undir höndum, þ.m.t. starfsreynsla í stjórnun eignarhlutdeilda í fyrirtækjum, fjármálaþjónustu, sýndareigna eða annarra stafrænna eigna, dreifðrar færslutækni, upplýsingatækni, netöryggis eða stafrænnar nýsköpunar, ásamt upplýsingunum sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 2. gr.,

d) upplýsingar um áhrif ráðuneytis, ríkisstofnunar eða annars opinbers aðila sem um getur í a-lið á daglegan rekstur fjárfestingarsjóðs í ríkiseigu,

e) upplýsingarnar sem um getur í i. lið 2. gr., eftir atvikum.

2. gr.

Viðbótarupplýsingar um fyrirhugaðan kaupanda sem er einstaklingur

1. Til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. skal fyrirhugaður kaupandi sem er einstaklingur leggja fyrir lögbært yfirvald markfyrirtækis allt eftirfarandi:

a) að því er varðar fyrirhugaðan kaupanda og hvert fyrirtæki sem hann hefur stjórnað eða ráðið yfir síðustu 10 árin, yfirlýsingu sem felur í sér eftirfarandi upplýsingar:

   i. með fyrirvara um landsbundnar lagalegar kröfur um birtingu upplýsinga um refsingar sem hafa verið afplánaðar, upplýsingar um að sakfelling í refsimáli eða sakamál séu ekki fyrir hendi þar sem viðkomandi einstaklingur hefur verið sakfelldur og hafa ekki verið felld niður,

   ii. upplýsingar um einkamála- eða stjórnvaldsákvarðanir varðandi einstaklinginn sem skipta máli fyrir mat á kaupum á virkum eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna og öll stjórnsýsluviðurlög eða -ráðstafanir sem var beitt vegna brota gegn lögum eða reglugerðum, þ.m.t. svipting stjórnunarstöðu, í hverju máli sem ekki var fellt niður og sem hvorki bíður áfrýjunar né unnt er að áfrýja og sakfellingar í refsimálum sem einnig skal veita upplýsingar um að því er varðar úrskurði sem enn væri hægt að áfrýja,

iii. hvers konar gjaldþrotameðferð, ógjaldfærnimeðferð eða sambærileg málsmeðferð,

iv. allar yfirstandandi rannsóknir sakamála, þ.m.t. að því er varðar varúðarráðstafanir,

v. allar einka- eða stjórnsýslurannsóknir, fullnustumeðferðir, viðurlög eða aðrar framfylgdarákvarðanir gegn einstaklingnum varðandi málefni sem telja má að skipti máli fyrir mat á kaupum á virkum eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna,

vi. allar synjanir á skráningu, starfsleyfi, aðild eða leyfi til að stunda viðskipti, rekstur eða starf,

vii. allar innkallanir, afturkallanir eða uppsagnir á skráningu, starfsleyfi, aðild eða leyfi til að stunda viðskipti, rekstur eða starf,

viii. hvers konar brottvísun af hálfu eftirlitsaðila eða ríkisstofnunar eða fagaðila eða samtaka,

ix. allar ábyrgðarstöður innan einingar sem hefur verið sakfelld í refsimáli eða sætt einkamála- eða stjórnsýsluviðurlögum eða annarri einkamála- eða stjórnsýsluráðstöfun sem skiptir máli fyrir mat yfirvalds á kaupum á virkum eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna eða yfirstandandi rannsókn, í hverju tilviki vegna óviðeigandi framferðis, þ.m.t. að því er varðar svik, óheiðarleika, spillingu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverkastarfsemi eða annars konar efnahagsbrot eða að ekki hafi verið settar fullnægjandi stefnur og verklagsreglur til að koma í veg fyrir slíka atburði, sem gegnt er þegar meint framferði átti sér stað, ásamt upplýsingum um slíka atburði og þátttöku, ef einhver var, í þeim,

x. allar brottvikningar úr starfi eða trúnaðarstöðu, sérhverja uppsögn umboðsskyldusambands, nema ef viðkomandi sambandi hafi lokið vegna framrásar tímans, og allar sambærilegar aðstæður,

b) opinbert vottorð eða annað sambærilegt skjal, ef slík skjöl eru fyrir hendi, eða, ef slík skjöl eru ekki til, hvers kyns áreiðanlegar heimildir um að enginn þeirra atburða sem um getur í i. til v. lið a-liðar og varða einstaklinginn hafi átt sér stað,

c) ef annað eftirlitsyfirvald hefur þegar metið hlutaðeigandi einstakling, deili á því yfirvaldi, dagsetningu matsins og sönnunargögn um niðurstöðu matsins,

d) upplýsingar um núverandi fjárhagsstöðu einstaklingsins, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um hvaðan tekjur hans koma, eignir og skuldir, tryggingarréttindi og ábyrgðarskuldbindingar, veittar eða mótteknar,

e) lýsingu á yfirstandandi atvinnustarfsemi aðilans og allra fyrirtækja sem sá einstaklingur stýrir eða hefur yfirráð yfir,

f) fjárhagsupplýsingar, þ.m.t. lánshæfismat og opinberar skýrslur um fyrirtæki sem stjórnað er eða er undir yfirráðum einstaklingsins.

Að því er b-lið varðar skulu opinberar skrár, vottorð og skjöl hafa verið gefin út innan þriggja mánaða áður en tilkynningin er lögð fram.

2. Til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. skal fyrirhugaður kaupandi sem er einstaklingur einnig leggja allt eftirfarandi fyrir lögbært yfirvald markfyrirtækis:

a) lýsingu á fjárhagslegum hagsmunum einstaklingsins og ófjárhagslegum hagsmunum hans í tengslum við eftirfarandi einstaklinga eða lögaðila:

i. aðra núverandi hluthafa eða aðila í markfyrirtækinu,

ii. hvern þann einstakling sem fer með atkvæðisrétt í markfyrirtækinu í einu eða fleiri eftirfarandi tilvika:

1) ef þriðji aðili fer með atkvæðisrétt og hefur gert samkomulag við viðkomandi einstakling sem skuldbindur þá til að taka upp, með samræmdri beitingu atkvæðisréttar síns, varanlega og sameiginlega stefnu gagnvart stjórn og/eða framkvæmdastjórn hlutaðeigandi markfyrirtækis,

2) ef þriðji aðili fer með atkvæðisrétt samkvæmt samkomulagi við viðkomandi einstakling um tímabundinn flutning atkvæðisréttarins sem um er að ræða, gegn endurgjaldi,

3) ef atkvæðisréttur fylgir hlutum sem fengnir eru viðkomandi einstaklingi sem trygging, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingur ráði yfir atkvæðisréttinum og lýsi því yfir að hann hyggist nýta sér hann,

4) ef atkvæðisréttur fylgir hlutum sem sá einstaklingur nýtur lífstíðarbundinna réttinda af,

5) ef atkvæðisréttur er í eigu fyrirtækis sem er undir stjórn einstaklingsins eða það kann að nýta hann, eins og um getur í 1. til 4. lið,

6) ef um að ræða atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í vörslu viðkomandi einstaklings sem hann getur nýtt að eigin ákvörðun berist engin sérstök fyrirmæli frá hluthöfunum,

7) ef um að ræða atkvæðisrétt sem þriðji aðili fer með í eigin nafni fyrir hönd viðkomandi einstaklings,

8) ef um að ræða atkvæðisrétt sem viðkomandi einstaklingi er heimilt að nýta sem umboðsmaður og hann getur nýtt að eigin ákvörðun berist engin sérstök fyrirmæli frá hluthöfunum,

iii. hvern þann einstakling sem er aðili í stjórn og/eða framkvæmdastjórn markfyrirtækisins,

iv. sjálft markfyrirtækið eða aðra aðila samstæðu þess,

b) að því marki sem hagsmunaárekstrar koma upp vegna tengslanna sem um getur í a-lið, tillagðar aðferðir til að stýra slíkum árekstrum,

c) lýsingu á öllum tengingum við einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla í skilningi 9. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,

d) upplýsingar um hvers kyns aðra hagsmuni eða starfsemi einstaklingsins sem gætu rekist á við hagsmuni markfyrirtækis og hugsanlegar aðferðir til að takast á við hagsmunaárekstrana.

Að því er a-lið varðar skulu lánastarfsemi, ábyrgðir og tryggingaréttindi, veitt eða móttekin, þ.m.t. varðandi sýndareignir eða aðrar stafrænar eignir, teljast til fjárhagslegra hagsmuna en fjölskyldutengsl og önnur náin tengsl teljast til ófjárhagslegra hagsmuna.

3. gr.

Viðbótarupplýsingar um fyrirhugaðan kaupanda sem er lögaðili

1. Til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. skal fyrirhugaður kaupandi sem er lögaðili einnig leggja allt eftirfarandi fyrir lögbært yfirvald markfyrirtækis:

a) upplýsingarnar sem um getur í:

i. i. lið a-liðar til x. lið a-liðar og b-lið 1. mgr. 2. gr., í tengslum við lögaðilann og öll fyrirtæki undir yfirráðum hans,

ii. c-lið 1. mgr. 2. gr. í tengslum við sjálfan lögaðilann,

iii. e-lið 1. mgr. 2. gr. í tengslum við sjálfan lögaðilann,

iv. f-lið 1. mgr. 2. gr. í tengslum við sjálfan lögaðilann, alla aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn í framkvæmda-hlutverki lögaðilans eða fyrirtæki undir stjórn lögaðilans,

b) lýsingu á fjárhagslegum hagsmunum, ófjárhagslegum hagsmunum og tengslum fyrirhugaðs kaupanda eða, þegar við á, samstæðunnar sem fyrirhugaður kaupandi tilheyrir og þeirra einstaklinga sem í reynd stjórna starfsemi hans, við:

i. aðra núverandi hluthafa eða aðila í markfyrirtækinu,

ii. hvern þann einstakling sem fer með atkvæðisrétt í markfyrirtækinu í einu eða fleiri eftirfarandi tilvika:

1) ef þriðji aðili fer með atkvæðisrétt og hefur gert samkomulag við viðkomandi einstakling sem skuldbindur þá til að taka upp, með samræmdri beitingu atkvæðisréttar síns, varanlega og sameiginlega stefnu gagnvart stjórn og/eða framkvæmdastjórn hlutaðeigandi markfyrirtækis,

2) ef þriðji aðili fer með atkvæðisrétt samkvæmt samkomulagi við viðkomandi einstakling um tímabundinn flutning atkvæðisréttarins sem um er að ræða, gegn endurgjaldi,

3) ef atkvæðisréttur fylgir hlutum sem fengnir eru viðkomandi einstaklingi sem trygging, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingur eða lögaðili ráði yfir atkvæðisréttinum og lýsi því yfir að hann hyggist nýta sér hann,

4) ef atkvæðisréttur fylgir hlutum sem sá einstaklingur nýtur lífstíðarbundinna réttinda af,

5) ef atkvæðisréttur er í eigu fyrirtækis sem er undir stjórn einstaklingsins eða það kann að nýta hann, eins og um getur í 1. til 4. lið,

6) ef um að ræða atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í vörslu viðkomandi einstaklings sem hann getur nýtt að eigin ákvörðun berist engin sérstök fyrirmæli frá hluthöfunum,

7) ef um að ræða atkvæðisrétt sem þriðji aðili fer með í eigin nafni fyrir hönd viðkomandi einstaklings,

8) ef um að ræða atkvæðisrétt sem viðkomandi einstaklingi er heimilt að nýta sem umboðsmaður og hann getur nýtt að eigin ákvörðun berist engin sérstök fyrirmæli frá hluthöfunum,

iii. einstakling í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla í skilningi 9. liðar 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,

iv. aðila sem, samkvæmt landslöggjöf, situr í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn markfyrirtækisins,

v. sjálft markfyrirtækið eða aðra aðila samstæðu þess,

c) að því marki sem hagsmunaárekstrar koma upp vegna tengslanna sem um getur í b-lið, tillagðar aðferðir til að stýra slíkum árekstrum,

d) upplýsingar um hvers kyns aðra hagsmuni eða starfsemi fyrirhugaðs kaupanda sem gætu rekist á við hagsmuni eða starfsemi markfyrirtækisins, og hugsanlegar lausnir til að takast á við hagsmunaárekstrana,

e) upplýsingar um hluthafaskipan fyrirhugaðs kaupanda, þ. á m. deili á öllum hluthöfum sem hafa veruleg áhrif og hlutafjáreign og atkvæðisrétt þeirra, þ.m.t. upplýsingar um öll hluthafasamkomulög,

f) sé fyrirhugaður kaupandi hluti af samstæðu, sem dótturfélag eða móðurfélag, skipurit samstæðunnar og upplýsingar um hlutafjáreign og atkvæðisrétt hluthafa sem hafa veruleg áhrif á fyrirtæki samstæðunnar og á núverandi starfsemi þeirra,

g) sé fyrirhugaður kaupandi hluti af samstæðu, sem dótturfélag eða móðurfélag, upplýsingar um tengslin milli fjárhagslegra og ófjárhagslegra aðila í samstæðunni,

h) deili á öllum lánastofnunum, greiðslustofnunum eða rafeyrisfyrirtækjum, líftrygginga-, vátrygginga- eða endurtryggingafélögum, sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og stjórnendum þeirra eða verðbréfafyrirtækjum innan samstæðunnar og nöfn viðkomandi eftirlitsyfirvalda,

i) árleg reikningsskil á einingagrunni og, eftir atvikum, á samstæðu- og undirsamstæðugrunni síðustu 3 fjárhagsár ef lögaðilinn hefur verið í rekstri þann tíma eða þann skemmri tíma sem lögaðilinn hefur stundað starfsemi og gert reikningsskil fyrir.

Að því er b-lið varðar skulu lánastarfsemi, ábyrgðir og tryggingaréttindi, veitt eða móttekin, þ.m.t. varðandi sýndareignir eða aðrar stafrænar eignir, teljast til fjárhagslegra hagsmuna en fjölskyldutengsl og önnur náin tengsl teljast til ófjárhagslegra hagsmuna.

2. Fyrirhugaður kaupandi skal leggja fram árlegu reikningsskilin sem um getur í i. lið 1. mgr., þ.m.t. sérhvern eftirfarandi þátt, og, eftir atvikum, sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki í skilningi 2. og 3. liðar 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ([9]), hefur samþykkt:

a) efnahagsreikninginn,

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2006/43/oj).

b) rekstrarreikninginn,

c) ársskýrslur og fjárhagslega viðauka og öll önnur skjöl sem skráð eru hjá skráningarskrifstofu eða lögbæru yfirvaldi lögaðilans,

d) ef fyrirhugaður kaupandi er nýstofnaður lögaðili eða aðili og engin reikningsskil liggja fyrir, uppfærð samantekt eins nálægt tilkynningardegi og hægt er á fjárhagsstöðu fyrirhugaðs kaupanda, sem og fjárhagsspár fyrir næstu 3 árin og forsendur fyrir áætlanagerð sem notaðar eru í grunn- og álagssviðsmyndinni.

3. Fyrirhugaður kaupandi sem er lögaðili og er með aðalskrifstofu í þriðja landi skal veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins allar eftirfarandi upplýsingar, til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.:

a) ef lögaðilinn er undir eftirliti yfirvalds í þriðja landi í fjármálaþjónustugeiranum:

i. vottorð um að hann sé í góðum skilum, eða jafngildi þess ef það er ekki tiltækt, frá slíku yfirvaldi þriðja lands að því er varðar lögaðilann,

ii. yfirlýsing, ef yfirvaldið gefur út slíkar yfirlýsingar, um að engar hindranir eða takmarkanir standi í vegi fyrir þeirri upplýsingagjöf sem er nauðsynleg til að hafa eftirlit með markfyrirtækinu,

b) almennar upplýsingar um reglukerfi þess þriðja lands eftir því sem við á fyrir þann lögaðila, þ.m.t. upplýsingar um það að hvaða marki reglur þriðja lands um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi eru í samræmi við tilmæli fjármálaaðgerðahópsins.

4. gr.

Upplýsingar sem aðilar sem eignast óbeinan virkan eignarhlut í markfyrirtækinu þurfa að leggja fram

1. Ef fyrirhugaður kaupandi hyggst öðlast bein eða óbein yfirráð yfir fyrirliggjandi eiganda virks eignarhlutar í markfyrirtæki, án tillits til þess hvort slík eignarhlutdeild er bein eða óbein, eða hefur bein eða óbein yfirráð yfir fyrirhuguðum beinum kaupanda virks eignarhlutar í markfyrirtæki, skal hann leggja eftirfarandi fram:

a) ef fyrirhugaður kaupandi er einstaklingur, upplýsingarnar sem um getur í 1. gr. (1. mgr.), 2., 6. og 8. gr. og 9., 10. eða 11. gr., eftir því sem við á,

b) ef fyrirhugaður kaupandi er lögaðili, upplýsingarnar sem um getur í 2.–5. mgr. 1. gr., eftir því sem við á, 3., 6. og 8. gr. og 9., 10. eða 11. gr., eftir því sem við á.

2. Ef fyrirhugaður kaupandi uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. skal hann leggja fram upplýsingarnar sem settar eru fram í a- og b-lið 3. mgr., ef hlutfall eignarhlutdeildar í allri fyrirtækjakeðjunni, frá og með virkum eignarhlut með beinu eignarhaldi í markfyrirtækinu, margfaldað með eignarhlutdeildinni á stigi sem er beint fyrir ofan í fyrirtækjakeðjunni nemur í virkum eignarhlut upp á 10% eða meira. Margföluninni skal beita upp á við í fyrirtækjakeðjunni, svo framarlega sem niðurstaða margföldunarinnar er 10% eða meira.

3. Ef fyrirhugaður kaupandi fer með yfirráð yfir einstaklingi eða lögaðila sem á virkan eignarhlut, í samræmi við 2. mgr., skal fyrirhugaður kaupandi leggja eftirfarandi fram:

a) ef fyrirhugaður kaupandi er einstaklingur, upplýsingarnar sem um getur í 1. gr. (1. mgr.), 2. gr. (a-liður, b- til f-liður og h-liður), 6. gr. (a- til f-liður) og 8. gr.,

b) ef fyrirhugaður kaupandi er lögaðili, upplýsingarnar sem um getur í 1. gr. (2., 3., 4. eða 5. mgr.)., 3. gr. (i.–iv. liður a-liðar 1. mgr.), 3. gr. (iii. liður b-liðar 1. mgr.), 3. gr. (f- til i-liður 1.mgr.), 3. gr. (2. og 3. mgr.), 6. gr. (a- til f-liður) og 8. gr.

5. gr.

Upplýsingar um einstaklinga sem munu stjórna starfsemi markfyrirtækisins

Ef fyrirhugaður kaupandi hyggst tilnefna einn eða fleiri fulltrúa í stjórn og/eða framkvæmdastjórn markfyrirtækis skal tilkynningin fela í sér allar upplýsingarnar sem um getur í 7. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) 2025/305 ([10]) fyrir sérhvern fyrirhugaðan aðila.

6. gr.

Upplýsingar er varða fyrirhuguð kaup

Fyrirhugaður kaupandi skal veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar í tengslum við fyrirhuguð kaup:

a) deili á markfyrirtækinu,

b) upplýsingar um áform fyrirhugaðs kaupanda í tengslum við fyrirhuguð kaup, þ.m.t. stefnumiðaðar fjárfestingar eða fjárfestingar sem hluti af eignasafni,

c) upplýsingar um hlutabréf í markfyrirtækinu sem fyrirhugaður kaupandi á, eða ráðgert er að hann muni eignast, fyrir og eftir fyrirhuguð kaup, þ.m.t.:

   i. fjölda og tegundir hlutabréfa og nafnverð þeirra,

   ii. hlutdeild í heildarhlutafé markfyrirtækisins sem hlutabréfin mynda fyrir og eftir fyrirhuguðu kaupin,

   iii. hlutfall heildaratkvæðamagns í markfyrirtækinu sem fylgir hlutunum, sé það annað en hlutur í hlutafé markfyrirtækisins,

   iv. markaðsvirði hlutabréfa í markfyrirtækinu, í evrum og gjaldmiðli viðkomandi lands, fyrir og eftir fyrirhuguðu kaupin,

d) aðgerðir í samráði við aðra aðila, þ.m.t. framlag þeirra til fjármögnunar á fyrirhuguðum kaupum, hvernig þátttaka fer fram í fjárhagslegum ráðstöfunum vegna fyrirhugaðra kaupa og framtíðarskipan fyrirhugaðra kaupa,

e) efni ráðgerðra hluthafasamkomulaga við aðra hluthafa í tengslum við markfyrirtækið,

f) fyrirhugað kaupverð og forsendur fyrir ákvörðun á verðinu og útskýring á verðmun af verðið er annað en markaðsverð,

g) afrit af kaupsamningi, ef hann liggur fyrir.

7. gr.

Upplýsingar um nýtt fyrirhugað samstæðuskipulag og áhrif þess á eftirlit

1. Fyrirhugaður kaupandi sem er lögaðili skal afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins greiningu á umfangi samstæðueftirlits samstæðunnar sem markfyrirtækið myndi tilheyra eftir fyrirhuguð kaup. Greiningin skal taka til þess hvaða fyrirtæki í samstæðunni myndu falla undir kröfur um samstæðueftirlit eftir fyrirhuguð kaup og á hvaða stigum innan samstæðunnar þessar kröfur myndu gilda á samstæðugrunni eða undirsamstæðugrunni.

([10]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/305 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar sem skulu vera í umsókn um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna (Stjtíð. ESB L, 2025/305, 31.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/305/oj).

2. Fyrirhugaður kaupandi skal einnig afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins greiningu á áhrifum fyrirhugaðra kaupa á getu markfyrirtækisins til að halda áfram að veita lögbæru yfirvaldi tímanlegar og nákvæmar upplýsingar, þ.m.t. vegna náinna tengsla fyrirhugaðs kaupanda við markfyrirtækið.

8. gr.

Upplýsingar er varða fjármögnun fyrirhugaðra kaupa

1. Fyrirhugaður kaupandi skal afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins ítarlega útskýringu á fjármögnunarleiðum við fyrirhuguð kaup, þ.m.t.:

a) ítarlega lýsingu á starfseminni sem myndaði fjármuni og eignir til kaupanna, ásamt viðkomandi skjölum, þ.m.t. reikningsskilum, bankayfirlitum, skattframtölum og öðrum gögnum eða upplýsingum sem sýna lögbæru yfirvaldi fram á að fyrirhuguð kaup feli ekki í sér tilraun til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka,

b) ítarlegar upplýsingar um allar eignir, þ.m.t. allar sýndareignir, sem verða seldar til að fjármagna fyrirhuguðu kaupin, þ.m.t. skilyrði sölu, verð, mat og upplýsingar um einkenni þessara eigna, þ.m.t. upplýsingar um hvenær, hvernig og frá hverjum þær voru keyptar,

c) ítarlegar upplýsingar um aðgang að fjármagni og fjármálamörkuðum, þ.m.t. um fjármálagerninga sem fyrirhugað er að gefa út,

d) ef þeir fjármunir sem notaðir eru til kaupanna hafa verið teknir að láni, upplýsingar um notkun lánsfjárins, þ.m.t. nöfn viðkomandi lánveitenda og ítarlegar upplýsingar um veittar fyrirgreiðslur, þ.m.t. lokagjalddaga, skilmála, veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, og upplýsingar um þær tekjulindir sem verða notaðir til að endurgreiða slík lán,

e) ítarlegar upplýsingar um greiðslumiðil fyrirhugaðra kaupa og netkerfið sem notað verður til millifærslu annarra fjármuna en rafeyristóka,

f) ítarlegar upplýsingar um allar sýndareignir og tengda dreifða færsluskrártækni (DFT) sem notuð er til að kaupa eignarhlutinn, um öll stafræn veski, þ.m.t. eðli og tegund veskis, hvort það sé vörsluveski eða veski sem aðeins notandinn hefur aðgang að, hvar sýndareignir sem voru notaðar eða skipt yfir í opinberan gjaldmiðil til að kaupa eignarhlutinn, eða aðgangsleiðir að slíkum sýndareignum, voru geymdar, um þjónustuveitendur sýndareigna sem voru notaðir og vistföng dreifðrar færsluskrár eða reikninga upphafsaðila og rétthafa,

g) upplýsingar um hvers konar fjármálasamkomulag við aðra einstaklinga sem eru eða munu verða hluthafar markfyrirtækisins.

Að því er d-lið varðar, ef lánveitandinn er ekki lánastofnun eða fjármálastofnun sem hefur leyfi til að veita lán, skal fyrirhugaður kaupandi veita ítarlegar upplýsingar og sannanir til stuðnings um uppruna fjármuna sem fengnir eru að láni, þ.m.t. starfsemi, félagsform og búsetustað lánveitanda og öll samningsákvæði sem heimila lánveitandanum að gefa lántakanum fyrirmæli um virkan eignarhlut.

2. Fyrirhugaður kaupandi sem er fjárvörslusjóður skal leggja fyrir lögbært yfirvald markfyrirtækisins upplýsingar um aðferðina við fjármögnun fjárvörslusjóðsins og tilföng sem tryggja fjárhagslegt heilbrigði fjárvörslusjóðsins til að styðja þjónustuveitanda sýndareigna.

9. gr.

Viðbótarupplýsingar um virkan eignarhluta upp að 20%

Ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður kaupandi eignaðist allt að 20% virkan eignarhlut í markfyrirtækinu skal hann afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins skjal yfir stefnuáætlun með eftirfarandi upplýsingum, þar sem við á:

a) stefnuáætlun fyrirhugaðs kaupanda í tengslum við fyrirhuguð kaup, þ.m.t. um tímabilið sem fyrirhugaður kaupandi hyggst eiga hlutafjáreign sína eftir fyrirhuguð kaup og hvort hann hyggst auka, draga úr eða viðhalda hlutafjáreign sinni í fyrirsjáanlegri framtíð,

b) um fyrirætlan fyrirhugaðs kaupanda í tengslum við markfyrirtækið, einkum hvort hann ætli sér að koma fram sem virkur minnihlutahluthafi, ásamt rökstuðningi fyrir þeirri aðgerð,

c) um fjárhagsstöðu fyrirhugaðs kaupanda og vilja hans til að styðja markfyrirtækið með viðbótarfjármögnun ef þörf er á til að þróa starfsemi þess eða ef fjárhagserfiðleikar steðja að því.

10. gr.

Viðbótarupplýsingar um virkan eignarhluta yfir 20% og upp að 50%

1. Ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður kaupandi eignaðist yfir 20% og allt að 50% virkan eignarhlut í markfyrirtækinu skal hann afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins skjal með stefnuáætlun sem hefur að geyma eftirfarandi upplýsingar, þar sem við á:

a) allar upplýsingar sem krafist er skv. 9. gr.

b) ítarlegar upplýsingar um þau áhrif sem fyrirhugaður kaupandi hyggst hafa á fjárhagsstöðu, þ.m.t. arðgreiðslustefnu, stefnumörkun og ráðstöfun fjármuna hjá markfyrirtækinu,

c) lýsingu á fyrirætlunum fyrirhugaðs kaupanda og stefnuáætlun gagnvart markfyrirtækinu, sem nær yfir alla þættina sem um getur í 2. mgr. 11. gr., með sundurliðun sem er í samræmi við þau áhrif sem kaupin myndu hafa á markfyrirtækið.

2. Fyrirhugaður kaupandi, eins og um getur í 9. gr., skal einnig veita lögbærum yfirvöldum markfyrirtækisins þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. ef áhrifin sem myndu fylgja hlutafjáreign hans myndu, á grundvelli mats á hlutafjáreign markfyrirtækisins, jafngilda þeim áhrifum sem fylgja hlutafjáreign sem er yfir 20% og allt að 50%.

11. gr.

Viðbótarupplýsingar um virkan eignarhluta umfram 50%

1. Ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður kaupandi eignaðist yfir 50% virkan eignarhlut í markfyrirtækinu eða að markfyrirtækið myndi verða dótturfélag hans, skal hann leggja viðskiptaáætlun til þriggja ára fyrir lögbært yfirvald markfyrirtækisins. Áætlunin skal fela í sér:

a) stefnumörkunaráætlun,

b) áætluð reikningsskil markfyrirtækisins,

c) áhrif kaupanna á stjórnarhætti og almennt stjórnskipulag markfyrirtækisins.

2. Stefnumörkunaráætlun sem um getur í a-lið 1. mgr. skal hafa að geyma almenna umfjöllun um helstu markmið fyrirhugaðra kaupa og helstu leiðir til að ná þeim, þ.m.t.:

a) heildarmarkmið fyrirhugaðra kaupa,

b) fjárhagsleg markmið, sem setja má fram sem ávöxtun eigin fjár, kostnaðarábatahlutfall, hagnað á hlut eða á annan hátt, eins og við á,

c) hugsanlegar breytingar á starfsemi, afurðum og markhópi viðskiptavina og hugsanlega endurráðstöfun fjármuna eða tilfanga sem gert er ráð fyrir að muni hafa áhrif á markfyrirtækið,

d) almenn ferli aðlögunar og samþættingar markfyrirtækisins inn í samstæðuskipulag fyrirhugaðs kaupanda, þ.m.t. lýsingu á helstu tengslum sem fyrirhuguð eru við önnur fyrirtæki í samstæðunni og lýsingu á stefnum um tengsl innan samstæðunnar.

Að því er d-lið varðar, hafi fyrirhugaðir kaupendur starfsleyfi og lúti eftirliti í Sambandinu, skulu upplýsingar um einstakar deildir innan skipulags samstæðunnar sem verða fyrir áhrifum af fyrirhuguðum kaupum nægja.

3. Áætluð reikningsskil markfyrirtækisins, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu hafa að geyma eftirfarandi um þriggja ára tímabil, bæði á fyrirtækjagrunni og, eftir atvikum, samstæðugrunni:

a) spá um efnahagsreikning og rekstrarreikning,

b) spá um varfærniseiginfjárkröfur og varasjóð eigna,

c) upplýsingar um áætlað áhættustig, þ.m.t. markaðsáhættu, rekstraráhættu, þ.m.t. netáhættu og áhættu á svindli, lána- og umhverfisáhættu og aðra viðeigandi áhættu,

d) spá um viðskipti innan samstæðu.

4. Upplýsingarnar um áhrif kaupanna á stjórnarhætti og almennt stjórnskipulag markfyrirtækisins, sem um getur í c-lið 1. mgr., skulu taka til áhrifanna á:

a) samsetningu og skyldur fulltrúa í stjórn og/eða framkvæmdastjórn og, eftir atvikum, helstu nefndir sem slíkir aðilar sem fara með ákvarðanatöku stofna, þ.m.t. upplýsingar um einstaklinga sem verða tilnefndir sem fulltrúar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar,

b) stjórnunar- og bókhaldsaðferðir og innra eftirlit, þ.m.t. breytinga á verklagsreglum og kerfum sem varða bókhald, innri endurskoðun, baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og áhættustýringu, þ.m.t. ráðningu aðila sem gegna lykilhlutverki við innri endurskoðun, regluvarða og áhættustjóra,

c) heildarhögun upplýsinga- og fjarskiptatækni, þ.m.t. allar breytingar sem varða stefnu í tengslum við þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi, sem um getur í 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 ([11]), flæðirit gagna, hugbúnað sem notaður er innan- og utanhúss og mikilvægar verklagsreglur og tæki til að tryggja öryggi gagna og kerfa, s.s. öryggisafritun, áætlun um rekstrarsamfellu og gagnaslóðir,

d) stefnur um þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi, þ.m.t. upplýsingar um hlutaðeigandi svið, um val á þjónustuveitendum og um viðkomandi réttindi og skyldur helstu aðila sem sett eru fram í samningum, þ.m.t. fyrirkomulag endurskoðunar og fyrirkomulag til vörslu og fjárfestingar á varasjóði eigna, og gæðakröfur til þjónustuveitenda,

e) aðrar viðkomandi upplýsingar sem varða áhrif kaupanna á stjórnarhætti og almennt skipulag markfyrirtækisins, þ.m.t. allar breytingar sem varða atkvæðisrétt hluthafa.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 frá 14. desember 2022 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann og um viðbætur við reglugerðir (EB) nr. 1060/2009, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 909/2014 og (ESB) 2016/1011 (Stjtíð. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2554/oj).

12. gr.

Takmarkaðar upplýsingakröfur

1. Ef sama lögbæra yfirvald og lögbært yfirvald markfyrirtækis hefur metið fyrirhugaðan kaupanda með tilliti til kaupa eða aukningar á virkum eignarhlut, í samræmi við 1. mgr. 41. gr. eða 1. mgr. 83. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([12]), 23. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([13]), 59. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EC ([14]) eða 32. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([15]), innan tveggja ára áður en tilkynningin er lögð fram, skal fyrirhugaði kaupandinn einungis afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins þær upplýsingar sem eiga sérstaklega við um fyrirhuguð kaup eða upplýsingar sem hafa breyst frá fyrra mati.

Fyrirhugaður kaupandi skal leggja fram undirritaða yfirlýsingu þar sem tilgreindar eru nákvæmar upplýsingar sem um getur í þessari reglugerð sem hafa ekki verið lagðar fram, sem vottar að slíkar upplýsingar hafi ekki breyst frá fyrra mati og að þær séu enn réttar, nákvæmar og uppfærðar.

2. Með fyrirvara um 1. mgr., ef fyrirhugaður kaupandi er fyrirtæki sem hefur starfsleyfi frá sama lögbæra yfirvaldi og markfyrirtækið og fellur undir viðvarandi varfærniseftirlit þess lögbæra yfirvalds, skal fyrirhugaður kaupandi einungis leggja fram upplýsingarnar sem um getur í þessari reglugerð og eiga sérstaklega við um fyrirhuguðu kaupin og skal ekki gert að leggja fram upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið hefur þegar undir höndum.

Fyrirhugaður kaupandi skal leggja fram undirritaða yfirlýsingu þar sem tilgreindar eru nákvæmar upplýsingar sem um getur í þessari reglugerð sem hafa ekki verið lagðar fram vegna þess að lögbært yfirvald hefur þær þegar undir höndum og vottar að slíkar upplýsingar hafi ekki breyst frá fyrra mati og að þær séu réttar, nákvæmar og uppfærðar.

3. Að því er þessa grein varðar fela upplýsingarnar sem eiga sérstaklega við um fyrirhuguð kaup, sem um getur í þessari reglugerð, allt eftirfarandi í sér:

a) sé fyrirhugaður kaupandi einstaklingur:

   i. upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr.,

   ii. upplýsingarnar sem um getur í d- til f-lið 1. mgr. 2. gr. og a- til d-lið 2. mgr. 2. gr. ef fyrirhuguð kaup falla undir 1. mgr. eða upplýsingarnar sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 2. gr. ef fyrirhuguð kaup falla undir 2. mgr. þessarar greinar,

   iii. upplýsingarnar sem um getur í 5. gr.,

   iv. upplýsingarnar sem um getur í 6. gr.,

   v. upplýsingarnar sem um getur í 8. gr.,

   vi. upplýsingarnar sem um getur í 9., 10. eða 11. gr., eftir því sem við á,

b) ef fyrirhugaður kaupandi er lögaðili, fjárvörslusjóður, sérhæfður sjóður í skilningi a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB eða verðbréfasjóður í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða fjárfestingarsjóður í ríkiseigu:

   i. upplýsingarnar sem um getur í a- til f-lið 2. mgr. 1. gr.,

   ii. upplýsingarnar sem um getur í ii. lið a-liðar til iv. liðar a-liðar og b-, c- og d-lið 1. mgr. 3. gr. og í 5. gr. eftir því sem við á og, ef fyrirhuguð kaup falla undir 1. mgr. þessarar greinar, einnig upplýsingarnar sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 3. gr.,

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2014/65/oj).

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/36/oj).

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/138/oj).

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/648/oj).

iii. upplýsingarnar sem um getur í 6. og 7. gr.,

iv. upplýsingarnar sem um getur í 8. gr.,

v. upplýsingarnar sem um getur í 9., 10. eða 11. gr., eftir því sem við á.

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/304 **2026/EES/19/07**

frá 31. október 2024

um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir tilkynningu tiltekinna aðila á fjármálamarkaði um fyrirætlun sína að bjóða þjónustu á sviði sýndareigna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 14. mgr. 60. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (ESB) 2023/1114 er þess krafist að sameiginleg stöðluð eyðublöð, sniðmát og ferli verði sett fram til að tryggja samræmt kerfi sem lögbær landsyfirvöld geta beitt til að nýta heimildir sínar á skilvirkan hátt að því er varðar þær tilkynningar sem þau fá frá aðilum sem þegar eru eftirlitsskyldir um þá fyrirætlun að verða þjónustuveitendur sýndareigna.

2) Til að auðvelda samskipti milli þess tilkynningaraðila og viðkomandi lögbærs yfirvalds ættu lögbær yfirvöld að tilnefna tengilið fyrir tilkynningarferlið og ættu að birta samskiptaupplýsingar hans á vefsíðu sinni.

3) Til að auðvelda aðgang að upplýsingum sem lagðar eru fram og auðvelda stýringu þeirra og aðgengi og greiningu þeirra í framtíðinni ætti að leggja tilkynninguna fram á stafrænu formi (vefformi) sem sjálfkrafa skoðar og gerir forathuganir á veittum upplýsingunum og geymir þær svo þegar þær eru fullgerðar.

4) Upplýsingarnar sem tilkynningaraðilinn leggur fram ættu að vera réttar, fullgerðar og uppfærðar. Samkvæmt 9. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ef upplýsingarnar sem um getur í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/303 ([2]) hafa áður verið lagðar fram hjá lögbæru yfirvaldi, skal tilkynningaraðilinn að taka skýrt fram að allar upplýsingar sem lagðar voru fram áður séu enn í gildi. Þar sem sumar upplýsingar kunna aðeins að vísa til framtíðarinnar, ættu allar framtíðardagsetningar sem fram koma í upplýsingunum að vera sérstaklega auðkenndar í umsókninni.

5) Til að tryggja skjóta og tímanlega meðhöndlun tilkynninga frá aðilum á fjármálamarkaði ættu lögbær yfirvöld að staðfesta móttöku tilkynningarinnar með því að senda tilkynningaraðilanum rafrænt, á pappír eða hvort tveggja, staðfestingu á móttöku. Staðfesting á móttöku ætti að innihalda samskiptaupplýsingar þeirra aðila eða deildar sem ber ábyrgð á meðhöndlun tilkynningarinnar.

6) Til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að meta hvort allar tilskildar upplýsingar hafi verið lagðar fram í tilkynningunni í samræmi við fyrstu undirgrein 8. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 ætti tilkynningaraðilinn að láta vita um allar breytingar á veittum upplýsingum án ástæðulausrar tafar.

7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina og þróað í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/304, 20.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 69, 6.11.2025, bls. 39.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/303 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar sem tilteknir aðilar á fjármálamarkaði skulu láta fylgja með í tilkynningu um fyrirætlun sína að bjóða þjónustu á sviði sýndareigna (Stjtíð. ESB L, 2025/303, 20.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/303/oj).

8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilnefning tengiliðar

Lögbær yfirvöld skulu tilnefna tengilið til að taka við þeim tilkynningum sem aðilar á fjármálamarkaði leggja fram í samræmi við 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Lögbær yfirvöld skulu halda samskiptaupplýsingum tilnefnds tengiliðar uppfærðum og birta þær upplýsingar á vefsetrum sínum.

2. gr.

Framlagning tilkynningarinnar

1. Tilkynningaraðilinn skal leggja fram tilkynningu sína hjá lögbæru yfirvaldi með því að fylla út eyðublaðið sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Tilkynningaraðilinn skal leggja fram tilkynninguna á þann hátt sem gerir kleift að geyma upplýsingarnar þannig að þær séu aðgengilegar til tilvísunar í framtíðinni og þannig að hægt sé að afrita geymdar upplýsingar.

3. gr.

Móttaka tilkynningar og staðfesting á móttöku

Innan fimm virkra daga frá móttöku tilkynningarinna skal lögbært yfirvald senda tilkynningaraðilanum rafrænt, á pappír eða hvoru tveggja, staðfestingu á móttöku. Staðfesting á móttöku skal innihalda samskiptaupplýsingar þeirrar deildar, starfseiningar eða starfsmanns hjá lögbæra yfirvaldinu sem meðhöndlar tilkynninguna.

4. gr.

Tilkynning um breytingar

Tilkynningaraðilinn skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um allar breytingar á upplýsingunum sem veittar voru í tilkynningunni án ástæðulausrar tafar. Tilkynningaraðilinn skal leggja fram uppfærðar upplýsingar með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í viðaukanum.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Eyðublað til að tilkynna upplýsingar sem tilteknir aðilar á fjármálamarkaði skulu veita

Í samræmi við 2. og 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/304 frá 31. október 2024, um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir tilkynningu tiltekinna aðila á fjármálamarkaði um fyrirætlun sína að bjóða þjónustu á sviði sýndareigna, er hjálögð tilkynning um þá fyrirætlun okkar að veita þjónustu á sviði sýndareigna ([1]).

Tilvísunarnúmer (lögbært yfirvald fyllir út):

Dagsetning:

FRÁ

Heiti tilkynningaraðila:

Landsbundið tilvísunarnúmer:

Heimilisfang tilkynningaraðila:

Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar:

Nafn:

Sími:

Netfang:

TIL

Aðildarríki (ef við á):

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar:

Nafn:

Sími:

Netfang:

([1]) Stjtíð. ESB L, 2025/304, 20.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec/2025/304/oj.

[Við,] [tilkynningaraðili,] staðfestum að upplýsingarnar sem lagðar eru fram eru réttar, fullgerðar og uppfærðar. Ef einhverjar upplýsingar tengjast aðeins framtíðardagsetningu er það sérstaklega tekið fram í tilkynningunni og við skuldbindum okkur til að tilkynna yfirvaldinu skriflega án tafar ef slíkar upplýsingar reynast vera rangar, ónákvæmar, ófullnægjandi eða misvísandi. Enn fremur skuldbindum við okkur til að upplýsa lögbært yfirvald um allar breytingar sem varða upplýsingar sem veittar eru á þessu eyðublaði.

— Einstaklingur sem sér um gerð tilkynningar:

Nafn:

Staða:

Sími:

Netfang:

TILSKILDAR UPPLÝSINGAR

Starfsáætlun

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/303 með því að setja fram þær upplýsingar hér eða vísa til viðeigandi hluta í tilkynningunni.

Rekstrarsamfella

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/303 með því að setja fram þær upplýsingar hér eða vísa til viðeigandi hluta í tilkynningunni.

Greining og hindrun peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka,

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/303 með því að setja fram þær upplýsingar hér eða vísa til viðeigandi hluta í tilkynningunni.

Upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi og tengdar öryggisráðstafanir

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/303 með því að setja fram þær upplýsingar hér eða vísa til viðeigandi hluta í tilkynningunni.

Aðgreining sýndareigna og fjármuna viðskiptavina

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/303 með því að setja fram þær upplýsingar hér eða vísa til viðeigandi hluta í tilkynningunni.

Stefna um vörslu og umsýslu

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/303 með því að setja fram þær upplýsingar hér eða vísa til viðeigandi hluta í tilkynningunni.

Starfsreglur viðskiptavettvangsins og greining markaðssvika

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/303 með því að setja fram þær upplýsingar hér eða vísa til viðeigandi hluta í tilkynningunni.

Skipti sýndareigna fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/303 með því að setja fram þær upplýsingar hér eða vísa til viðeigandi hluta í tilkynningunni.

Stefna um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/303 með því að setja fram þær upplýsingar hér eða vísa til viðeigandi hluta í tilkynningunni.

Ráðgjöf um sýndareignir eða stýring sýndareignasafna

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/303 með því að setja fram þær upplýsingar hér eða vísa til viðeigandi hluta í tilkynningunni.

Millifærsluþjónusta

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/303 með því að setja fram þær upplýsingar hér eða vísa til viðeigandi hluta í tilkynningunni.

[undirskrift lagalegs fyrirsvarsmanns]

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/415 **2026/EES/19/08**

frá 13. desember 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru leiðréttingar á kröfum um eiginfjárgrunn og lágmarksþættir áætlana um álagspróf útgefenda eignatengdra tóka eða rafeyristóka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 6. mgr. 35. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Kröfurnar sem settar eru fram í 3. og 5. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eiga einnig við um rafeyrisfyrirtæki sem gefa út mikilvæga rafeyristóka í samræmi við b-lið 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar og, ef lögbært yfirvald krefst þess skv. 2. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar, rafeyrisfyrirtæki sem gefa út rafeyristóka sem eru ekki mikilvægir.

2) Við mat á aðstæðum sem krefjast hærri eiginfjárgrunns fyrir útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka, ættu lögbær yfirvöld að taka tillit til þeirra áhrifa sem fall tókanna gætu haft á fjármálastöðugleika, þ.m.t. umfangsmiklar innlausnir, kveikjuatburð sem leiðir til sölu á afar lágu verði vegna fjárhagserfiðleika að því er varðar varasjóðseignir eða úttekt innlána, sem gætu hugsanlega valdið verulegri röskun á markaði, hugsanlegum neikvæðum afleiðingum á fjármögnun og kerfisáhættu í öllu fjármálakerfinu.

3) Þar sem eignatengdir tókar og rafeyristókar og útgefendur þeirra eru nýlegt fyrirbrigði er enginn almennur rammi fyrir áhættumat til staðar. Þegar ákveðið er hvort ástæða sé til að auka kröfur um eiginfjárgrunn ættu lögbær yfirvöld því að leggja mat á viðkomandi útgefendur í hverju tilviki fyrir sig í kjölfarið á víðtæku mati á öllum þeim viðkomandi áhættuviðmiðunum sem um getur í 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Hugsanleg hækkun á kröfum um eiginfjárgrunn ætti að ráðast af aðstæðum útgefanda. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem lúta slíkum kröfum um eiginfjárgrunn ættu ávallt að hafa nægilegt eigið fé miðað við áhættuna sem þeir standa frammi fyrir. Ofangreint víðtækt mat og úttekt ætti að innihalda allar viðeigandi sögulegar og núverandi upplýsingar. Almennt ætti aðeins að krefjast hækkunar á kröfum um eiginfjárgrunn þegar um er að ræða meiri áhættu sem hefur ekki verið tryggð og ráðstafanir viðkomandi útgefanda eru ekki nægilega skilvirkar til að draga úr áhættunni.

4) Ef lögbært yfirvald krefst hækkunar á kröfum um eiginfjárgrunn hjá útgefanda tóka ætti tímaramminn sem er veittur til að uppfylla kröfuna um slíka hækkun að vera eins stuttur og unnt er, þar sem viðkomandi útgefandi ætti að beita réttri og skilvirkri áhættustýringu og hafa ávallt nægilegt eigið fé miðað við áhættuna sem hann stendur frammi fyrir.

5) Ef lögbært yfirvald kemst að þeirri niðurstöðu að áhætta, þ.m.t. óstöðugleiki, tiltekins eignatengds tóka eða rafeyristóka geti leitt til marktækrar hnignunar á fjárhagsstöðu viðkomandi útgefanda eða haft áhrif á fjármálastöðugleika hans, ætti lögbæra yfirvaldið að setja viðkomandi útgefanda styttri tímaramma til að hækka eiginfjárgrunninn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/415, 24.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 69, 6.11.2025, bls. 41.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

6) Til að tryggja að útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka taki skynsamlegar ákvarðanir um áhættustýringu, ættu slíkir útgefendur og viðkomandi lögbær yfirvöld að skilja þá fjárhags- og rekstraráhættu sem fylgir aukinni notkun eignatengdra tóka eða rafeyristóka. Að auki ættu þeir að taka tillit til innri tengsla við vistkerfi útgefenda tóka í víðara samhengi og eðlislægra innbyggðra tengsla við hefðbundna fjármálageirann sem eiga rætur að rekja til varasjóðs eigna í vörslu. Því er nauðsynlegt að tilgreina nánar hvernig álagsprófa skuli gjaldþols- og lausafjáráhættu útgefanda.

7) Greina ætti áhrifin af svokallaðri „áhlaupsáhættu“, þ.e.a.s. skyndilegri aukningu í beiðnum um innlausn á tókum, sem leiðir til brunaútsölu á varasjóðseignum að baki tókunum, með lausafjárálagsprófunum. Því er brýnt að tilgreina lágmarksþætti lausafjárálagsprófana, eins og þeirra sem tengjast stjórnarháttum, gagnainnviðum, áhættuflokkun og tíðni.

8) Til að tryggja að niðurstöður álagsprófs séu áfram viðeigandi ætti að gera álagsprófun á gjaldþoli ársfjórðungslega fyrir útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka eða rafeyristóka og á hálfs árs fresti fyrir útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem ekki eru mikilvægir. Álagsprófun á lausafjárstöðu ætti að framkvæma mánaðarlega.

9) Álagsprófun ætti að ná yfir alvarlegar en trúverðugar sviðsmyndir fjárhagslegs álags og álagssviðsmynda sem eru ekki fjárhagslegar, s.s. áföll að því er varðar lausafjárstöðu, áföll vegna lána, vaxta- og gengisáföll, áföll vegna innlausnaráhættu og rekstraráföll og áföll vegna þriðja aðila. Hún ætti einnig að tryggja að innra fyrirkomulag stjórnarhátta og viðeigandi gagnainnviðir séu til staðar til að gera útgefendum eignatengdra tóka og rafeyristóka og lögbærum yfirvöldum kleift að skilja einkennin, magngreina áhættu og afla gagna um að viðkomandi útgefendur séu stöðugt að úthluta og draga úr áhættu á skilvirkan hátt.

10) Að almennri meginreglu ættu áætlanir um álagspróf að fylgja svipuðum reglum og aðferðum og gilda um álagsprófanir lánastofnana, skv. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([2]). Hins vegar, að teknu tilliti til þess að áhættan af sýndareignastarfsemi frá öðrum útgefendum eignatengdra tóka eða rafeyristóka en lánastofnunum er frábrugðin áhættu sem tengist lánastofnunum er nauðsynlegt að flokka sýndareignastarfsemina í mismunandi áhættuflokka til að gera álagsprófun. Enn fremur ætti flokkun á sýndareignastarfsemi og áhættu að tryggja að útgefendur viðkomandi tóka og lögbær yfirvöld geti auðkennt alla starfsemi, ferla og aðila, sem og tengda áhættu, þ.m.t. hvers kyns umhverfislega, félagslega og stjórnunarlega þætti, og greint öll hugsanleg vandamál eða áhættu. Þessi auðkenning ætti að auðvelda hönnun og úthlutun sértækra áhættusviðsmynda í samræmi við mismunandi starfsemi viðkomandi útgefanda. Sviðsmyndirnar ættu að vera vel skilgreindar til að magngreina hugsanleg áhrif þeirra, umfang hugsanlegs taps og umfang líkinda í tengslum við hverja tilgreinda sviðsmynd sem hefur verið greind. Þegar viðkomandi útgefandi greinir tiltekna áhættu ætti hann því að tilgreina tímaramma fyrir álagssviðsmyndina, sem ætti að vera þrjú ár fyrir álagspróf á gjaldþoli og allt að eitt ár fyrir álagspróf á lausafjárstöðu.

11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

12) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem var komið á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/36/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka:

a) útgefendur eignatengdra tóka,

b) rafeyrisfyrirtæki sem gefa út mikilvæga rafeyristóka,

c) rafeyrisfyrirtæki sem gefa út rafeyristóka sem eru ekki mikilvægir ef lögbært yfirvald krefst þess skv. 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. gr.

Ferli

1. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis („lögbært yfirvald“) skal veita útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka drög að ákvörðun sinni að fara fram á hækkun á eiginfjárgrunni, í samræmi við 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þeirra sjónarmiða sem viðkomandi útgefandi hefur komið á framfæri.

2. Í drögunum sem um getur í 1. mgr. skal eftirfarandi sett fram:

a) fjárhæðin sem hækka skal eiginfjárgrunn um og prósentuhækkun á fjárhæð varasjóðs eigna, sem leiðir af beitingu b-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

b) viðeigandi rökstuðningur fyrir meiri áhættu,

c) hvort hærra áhættustig geti haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda eða fjárhagslegan stöðugleika fjármálakerfisins í heild,

d) hvort hærra áhættustig sé óháð stjórnarháttum eða viðskiptalíkani viðkomandi útgefanda,

e) tímaramminn sem viðkomandi útgefandi hefur til að hækka eiginfjárgrunn sinn, í samræmi við 3. gr.

3. Útgefandi eignatengdra tóka eða rafeyristóka skal láta í ljós sjónarmið sín um þá þætti sem um getur í 2. mgr. innan 25 virkra daga frá því að drögin eru móttekin.

4. Lögbært yfirvald skal tilkynna útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka um endanlega ákvörðun sína, sem skal innihalda þættina sem taldir eru upp í 2. mgr.

5. Útgefandi eignatengdra tóka eða rafeyristóka skal, eigi síðar en 25 virkum dögum frá móttöku ákvörðunarinnar sem um getur í 4. gr., leggja fyrir lögbært yfirvald ítarlega áætlun um hvernig auka skuli eiginfjárgrunn innan þess tímaramma sem lögbært yfirvald hefur sett. Áætlunin skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

a) tímasett skref, sértækar ráðstafanir og verklagsreglur til að annast aukninguna innan setts tímaramma,

b) staðfestingu á því að fyrirhuguð notkun eiginfjárgrunnsliða og -gerninga til að uppfylla aukna kröfu uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 að öllu leyti.

6. Ef tímaramminn, sem um getur í 3. gr., til að auka eiginfjárgrunn er lengri en þrír mánuðir skal útgefandi eignatengdra tóka eða rafeyristóka upplýsa lögbær yfirvöld mánaðarlega um það hvernig framkvæmd áætlunarinnar miðar.

7. Útgefandi eignatengdra tóka eða rafeyristóka skal tilkynna lögbæru yfirvaldi tafarlaust ef ekki er hægt að ná tilteknu skrefi eða ferli innan tilgreinds tímaramma, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 3. gr.

8. Lögbært yfirvald skal fylgjast náið með framkvæmd áætlunarinnar.

9. Þegar samstarfshópi, sem um getur í 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, hefur verið komið á fót skal lögbært yfirvald halda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýstri um allar upplýsingarnar sem um getur í 2. til 8. mgr., þ.m.t. drög og lokaákvörðun, áætlun og sérhverjar viðeigandi uppfærslur.

3. gr.

Tímarammi

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skal lögbært yfirvald setja tímaramma fyrir útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka til að aðlagast kröfum um hærri eiginfjárgrunn, sem settar eru á grundvelli mats lögbærs yfirvalds, sem um getur í 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, sem má ekki vera lengri en sex mánuðir frá tilkynningu um lokaákvörðunina sem um getur í 4. mgr. 2. gr.

2. Lögbært yfirvald skal, þegar það setur tímaramma fyrir útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka til að aðlagast kröfum um hærri eiginfjárgrunn, taka tillit til hugsanlegrar meiri áhættu sem gæti haft veruleg áhrif á fjárhagslegan stöðugleika fjármálakerfisins í heild sinni eða útgefanda og hvers kyns hugsanlega annmarka á stjórnarháttum eða viðskiptalíkani viðkomandi útgefanda.

4. gr.

Viðmiðanir

Þegar lögbært yfirvald tekur ákvörðunina, sem um getur í 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal það taka tillit til allra eftirfarandi viðmiðana fyrir áhættumat:

a) hvort útgefandi eignatengdra tóka eða rafeyristóka sé líklegur til að brjóta gegn kröfunum sem um getur í 1., 8. og 10. mgr. 34. gr. og 36. til 39. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 innan næstu 12 mánaða, með því að meta hvort hugsanlegir annmarkar eða veikleikar séu hjá útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka við beitingu á öllum kröfunum sem settar eru fram í 34. gr. og 36. til 39. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

b) hvort innlausn á nafnverði og markaðsverði sé tryggð við eðlilegar eða erfiðar markaðsaðstæður,

c) hvort aukin hætta sé á marktækri rýrnun á virði varasjóðseigna eða fjárhagsstöðu útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka,

d) hvort aukin rekstraráhætta fylgi kerfum, þ.m.t. undirliggjandi dreifðri færsluskrá og hvers kyns viðskiptavettvöngum, markaðsinnviðum eða greiðslukerfum sem notuð eru til útgáfu eða millifærslu viðkomandi tóka, og öðrum þriðju aðilum sem veita þjónustu við sýndareignir, svo sem vörsluaðilum, sem tókarnir eða varasjóðseignirnar kunna að reiða sig á.

5. gr.

Útfærsla áætlana um álagspróf

1. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tryggja að áætlanir um álagsprófanir séu hagkvæmar og raunhæfar og að álagsprófun leiði til upplýstrar ákvarðanatöku á öllum stjórnunarstigum um alla núverandi og hugsanlega áhættu sem hefur veruleg áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda.

2. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu reglulega endurskoða og meta áætlun sína um álagsprófun til að ákvarða skilvirkni hennar, traustleika og hentugleika, bæði hvað varðar áhættueinkenni viðkomandi útgefanda og áhættueinkenni útgefinna tóka og skulu halda áætluninni uppfærðri. Þetta mat skal gert árlega og skal endurspegla ytri og innri skilyrði að fullu.

3. Við útfærslu áætlunar um álagsprófun skulu útgefendur eignatengdra tóka taka tillit til allra eftirfarandi þátta:

a) skilvirkni áætlunarinnar við að ná tilætluðum markmiðum sínum,

b) þarfa á endurbótum,

c) greindra áhættuþátta, rökstuðnings fyrir og hönnunar viðeigandi sviðsmynda, forsendna líkana og næmleika niðurstaðna gagnvart þessum forsendum, sem og hlutverks sérfræðiálits til að tryggja að þeim fylgi traust greining,

d) árangurs líkans, þ.m.t. árangur þess með tilliti til gagna sem eru ekki með í úrtaki, svo sem gagna sem voru ekki notuð við þróun líkans,

e) hvernig fella eigi inn hugsanlegar neikvæðar gjaldþols- og lausafjárlykkjur,

f) hversu fullnægjandi hugsanleg innri tengsl eru milli álagsprófs á gjaldþol og álagsprófs á lausafjárstöðu,

g) endurgjöf frá lögbærum yfirvöldum í tengslum við eftirlits- eða önnur álagspróf,

h) nothæfis gagnainnviða (innleiðing kerfa og gæði gagna),

i) viðeigandi stigs þátttöku framkvæmdastjórnar og stjórnar,

j) allra forsendna, þ.m.t. rekstrar- og/eða stjórnunarforsendna, og fyrirhugaðra stjórnunaraðgerða sem grundvallast á tilgangi, tegund og niðurstöðu álagsprófunar, þ.m.t. mat á hagkvæmni stjórnunaraðgerða í erfiðum aðstæðum og breytilegu viðskiptaumhverfi,

k) nothæfi og gagnsæi viðeigandi fylgiskjala.

4. Áætlun um álagsprófanir skal vera skjalfest á tilhlýðilegan hátt fyrir allar gerðir framkvæmdra álagsprófana.

5. Áætlun um álagsprófanir skal metin í allri stofnuninni, t.d. af áhættunefnd og innri endurskoðendum. Rekstrareiningar sem eru ekki ábyrgar fyrir útfærslu og beitingu áætlunarinnar eða ytri sérfræðingar skulu einnig leggja sitt af mörkum við mat á þessu ferli, að teknu tilliti til viðeigandi sérþekkingar á tilteknum viðfangsefnum.

6. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tryggja, bæði við upphaflega útfærslu og mat á áætlun um álagsprófun, að skilvirk skoðanaskipti hafi átt sér stað með þátttöku sérfræðinga frá öllum rekstrarsviðum útgefanda og að framkvæmdastjórn og stjórn útgefanda hafi farið yfir áætlunina og uppfærslur á henni á viðeigandi hátt, en þær eru einnig ábyrgar fyrir framkvæmd og eftirliti með áætluninni.

6. gr.

Tegund álagsprófunar

1. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu framkvæma álagspróf á gjaldþol og lausafjárstöðu.

2. Álagspróf á gjaldþol skal greina áhrif ákveðinnar þróunar, þ.m.t. þjóðhagslegar eða rekstrarhagfræðilegar sviðsmyndir, á heildareiginfjárstöðu útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka, þ.m.t. á lágmarks- eða viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn, með því að reikna út eiginfjárgrunn og kröfur útgefanda, varpa ljósi á veikleika útgefanda og leggja mat á tapgleypni og áhrif á gjaldþolsstöðu hans.

3. Álagspróf á lausafjárstöðu skal greina áhrif á tiltekna þróun, þ.m.t. þjóðhagslegar eða rekstrarhagfræðilegar sviðsmyndir, frá sjónarhóli fjármögnunar og markaðsáhættu og áfalla á lausafjárstöðu varasjóðseigna og á heildarlausafjárstöðu útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka, þ.m.t. lágmarks- eða viðbótarkröfur um lausafé.

4. Sértæk útfærsla, flækjustig og nákvæmni aðferðafræði við álagsprófun skal vera viðeigandi fyrir eðli eignatengds tóka eða rafeyristóka, þ.m.t. eðli, umfang og stærð innlausnarréttinda, sem og flækjustig, styrk og samsetningu varasjóðseigna.

7. gr.

Lágmarkstíðni mismunandi álagsprófana

1. Tíðni álagsprófana á gjaldþol skal vera a.m.k. ársfjórðungslega fyrir útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka eða rafeyristóka og á hálfs árs fresti fyrir útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem eru ekki mikilvægir.

2. Tíðni álagsprófana á lausafjárstöðu skal vera a.m.k. mánaðarlega fyrir alla útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka.

8. gr.

Fyrirkomulag innri stjórnarhátta í tengslum við álagsprófanir

1. Áætlun útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka um álagsprófanir skal samþykkt af stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda, sem skal vera ábyrg fyrir framkvæmd áætlunarinnar í samræmi við þessa reglugerð og með reglugerð (ESB) 2023/1114.

2. Áætlun um álagsprófanir skal innihalda mat á því hvort fulltrúar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar búi samanlagt yfir nægilegri þekkingu, hæfni og reynslu til að framkvæma allt eftirfarandi:

a) öðlast fullan skilning á áhrifum álagsatburða á heildaráhættusnið útgefanda,

b) tryggja að skýrri ábyrgð og fullnægjandi tilföngum, svo sem hæfu starfsfólki og upplýsingatæknikerfum, hafi verið úthlutað til framkvæmdar á álagsprófunum,

c) taka virkan þátt í viðræðum við starfsfólk sem tekur þátt í álagsprófunum og við einstaklinga sem verkefni sem tengjast slíkum álagsprófunum er útvistað til,

d) véfengja helstu forsendur líkanagerðar, val á sviðsmyndum og forsendur sem liggja almennt að baki álagsprófunum,

e) ákveða nauðsynlegar stjórnunaraðgerðir og ræða þær við lögbær yfirvöld.

3. Áætlun um álagsprófanir skal útfærð þannig að hægt sé að framkvæma álagsprófanir í samræmi við viðeigandi innri stefnur og verklagsreglur útgefanda.

4. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tryggja að allir þættir áætlunar um álagsprófanir, þ.m.t. mat á henni, séu skjalfestir á tilhlýðilegan hátt og uppfærðir reglulega í innri stefnum og verklagsreglum, þar sem við á.

5. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tryggja að útfærsla áætlunar um álagsprófanir geri ráð fyrir virkum samskiptum milli starfssviða og stjórnunarstiga, með það í huga að auka vitund um, bæta áhættumenningu og hefja umræður um fyrirliggjandi og hugsanlega áhættu, sem og mögulegar stjórnunaraðgerðir.

6. Áætlun um álagsprófanir skal útfærð sem óaðskiljanlegur hluti af áhættustýringarramma útgefanda. Álagsprófanir skulu útfærðar til að styðja ólíkar viðskiptaákvarðanir og -ferli, sem og stefnumótandi áætlanagerð. Stefnumarkandi ákvarðanir skulu taka tillit til ágalla, takmarkana og veikleika sem álagsprófanir hafa leitt í ljós.

7. Niðurstöður álagsprófana skulu notaðar sem inntak í ferlinu við að ákvarða áhættuvilja og -mörk útgefanda og skulu gegna hlutverki skipulagsverkfæris til að ákvarða skilvirkni nýrra og núverandi viðskiptastefna og meta hugsanleg áhrif á eiginfjárgrunn og lausafjárstöðu.

9. gr.

Viðeigandi gagnainnviðir fyrir áætlanir um álagsprófanir

1. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tryggja að áætlun um álagsprófanir sé studd með fullnægjandi og gagnsæjum gagnainnviðum.

2. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tryggja að gagnainnviðir þeirra geti mætt umfangsmiklum gagnaþörfum áætlunar um álagsprófanir og að þeir hafi til staðar fyrirkomulag til að tryggja samfellda og samræmda getu til að framkvæma fyrirhugaðar álagsprófanir í samræmi við áætlunina.

3. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tryggja að gagnainnviðir bjóði upp á bæði sveigjanleika og viðeigandi gæða- og eftirlitsstig.

4. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tryggja að gagnainnviðir þeirra séu í réttu hlutfalli við stærð, flækjustig og áhættu- og viðskiptalýsingu og geri kleift að framkvæma álagsprófanir sem taka tillit til allrar verulegrar áhættu sem stofnunin stendur frammi fyrir.

5. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu verja fullnægjandi mannauði, fjármagni og efnislegum auðlindum til að tryggja skilvirka þróun og viðhald gagnainnviða, þ.m.t. upplýsingatæknikerfa.

10. gr.

Aðferðafræði, sameiginlegar viðmiðunarbreytur og trúverðugleiki forsendna

1. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu auðkenna eftirfarandi áhættuflokka:

a) áhættu á virði, framsalshæfi, lausafjárstöðu, aðgengi eða skiptanleika eignatengdra tóka eða rafeyristóka og varasjóðseigna,

b) áhættu sem stafar af kerfum sem eignatengdur tóki eða rafeyristóki byggist á, þ.m.t. undirliggjandi dreifðri færsluskrá eða annarri tækni tóka og öllum viðskiptavettvöngum, markaðsinnviðum eða greiðslukerfum sem notuð eru til útgáfu eða millifærslu tóka,

c) áhættu sem stafar af framkvæmd samningsbundins fyrirkomulags, sem viðkomandi útgefandi hefur gert við aðra útgefendur, þjónustuveitendur sýndareigna, fjármálastofnanir eða hvers kyns aðra einstaklinga eða lögaðila um útgáfu eða millifærslu tóka eða vegna stofnunar, stjórnunar, vörslu eða fjárfestingar á varasjóðseignum, þ.m.t. fyrirkomulag þar sem útgefandinn útvistar verkefnum.

2. Til að meta áhættuna sem um getur í 1. mgr. skulu útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka greina tilteknar áhættusviðsmyndir með því að nota sögulegar og/eða hugsanlegar sviðsmyndir í tengslum við mismunandi áhættuflokka sem um getur í 1. mgr.

3. Tilgreindu áhættusviðsmyndirnar sem um getur í 2. mgr. skulu vera vel skilgreindar og hugsanleg áhrif þeirra skulu vera mælanleg.

4. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu, við greiningu sértækrar áhættu, tilgreina 3 ára tímaramma fyrir áhættuatburði sem varða álagsprófun á gjaldþoli og allt að 1 ár fyrir álagsprófun á lausafjárstöðu, um hvaða áhættusömu eign ræðir og nákvæma lýsingu á áhættusviðsmyndinni.

5. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu magngreina eða hafa nálgun á alvarleika og trúverðugleika greindra álagssviðsmynda, sem og hugsanlegs taps sem stafar af viðkomandi sviðsmyndum.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/418 **2026/EES/19/09**

frá 16. desember 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindir eru lágmarksþættir fyrirkomulags stjórnarhátta varðandi starfskjarastefnu útgefenda mikilvægra eignatengdra tóka eða rafeyristóka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum fjórðu undirgrein 7. mgr. 45. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eiga einnig við um rafeyrisfyrirtæki sem gefa út mikilvæga rafeyristóka, í samræmi við a-lið 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar, ef lögbært yfirvald krefst þess skv. 4. mgr. 35. gr. þeirrar reglugerðar, útgefendur eignatengdra tóka sem eru ekki mikilvægir og, ef lögbært yfirvald krefst þess skv. 2. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar, rafeyrisfyrirtæki sem gefa út rafeyristóka sem eru ekki mikilvægir.

2) Lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, verðbréfasjóðir (rekstrarfélög verðbréfasjóða) og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða (AIFM) sem eru útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka þurfa að uppfylla viðeigandi sértækari eða strangari kröfur sem gerðar eru til þessara útgefenda í tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([2]), (ESB) 2019/2034 ([3]), 2009/65/EB ([4]) og 2011/61/ESB ([5]), auk krafnanna í reglugerð (ESB) 2023/1114 og þessari reglugerð um fyrirkomulag stjórnarhátta starfskjarastefna. Til að ná markmiðinu um trausta og skilvirka áhættustýringu útgefenda mikilvægra eignatengdra tóka eða rafeyristóka ættu starfskjarastefnur að veita starfsfólki hvata til áhættusækni til lengri tíma, sem er í samræmi við áhættuvilja útgefenda mikilvægra eignatengdra tóka eða rafeyristóka og stuðlar að verndun eigenda eignatengdra tóka eða rafeyristóka.

3) Vegna líkinda á milli viðskiptalíkans útgefenda mikilvægra eignatengdra tóka eða rafeyristóka og viðskiptalíkans verðbréfafyrirtækja sem gefa út fjármálagerninga og til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði innan Sambandsins, er nauðsynlegt að setja ramma utan um fyrirkomulag stjórnarhátta vegna starfskjarastefnu sem felur í sér sömu þætti og reglur um starfskjarastefnu sem gilda um verðbréfafyrirtæki. Ramminn ætti þó að vera sniðinn að útgefendum mikilvægra eignatengdra tóka og rafeyristóka sem stunda aðra starfsemi en verðbréfafyrirtæki að því er varðar útgáfu á fjármálagerningum eða framkvæmd tengdrar fjárfestingarþjónustu. Þessi rammi ætti að miða að því að tryggja að sömu markmiðum verði náð og með starfskjararammanum fyrir verðbréfafyrirtæki samkvæmt tilskipun (ESB) 2019/2034.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/418, 24.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 69, 6.11.2025, bls. 41.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/36/oj).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2019/2034/oj).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/65/oj).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2011/61/oj).

4) Til að tryggja að starfskjarastefnur stuðli að traustri og skilvirkri áhættustýringu útgefenda mikilvægra eignatengdra tóka eða rafeyrisfyrirtækja sem gefa út mikilvæga rafeyristóka, veiti ekki hvata til að taka óhóflega áhættu og séu í samræmi við langtímahagsmuni útgefenda um allt Evrópusambandið, er nauðsynlegt að tilgreina helstu þætti starfskjarastefnunnar sem slíkir útgefendur eiga að beita, með því að taka mið af og aðlaga þær starfskjarastefnur sem þegar eru í gildi samkvæmt öðrum sérlögum um aðila sem eru virkir á fjármálamarkaði.

5) Til að tryggja að starfskjararamminn veiti ekki hvata til að lækka áhættustaðla ætti að setja sértækar kröfur um breytileg starfskjör starfsfólks eftirlitseininga, til að tryggja að laun þeirra byggist aðallega á eftirlitsmarkmiðum, en starfskjarastefna fyrir allt starfsfólk, þ.m.t. markaðs- eða sölufólk, ætti ekki að veita hvata til forgangsmeðferðar viðskiptavina eða mótaðila.

6) Auk þess að ákvarða viðeigandi hámarkshlutfall milli breytilegra og fastra starfskjara þykir rétt að útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka eða rafeyristóka geri viðbótarkröfur til að samræma breytileg starfskjör starfsfólks sem hefur veruleg áhrif á áhættusnið útgefenda eignatengdra tóka eða rafeyristóka, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, eða á áhættusnið tókanna sem þeir gefa út til að tryggja að breytileg starfskjör séu tengd áhættuleiðréttum árangri útgefanda, þ.m.t. með því að krefjast notkunar á frestunarfyrirkomulagi og frádráttar- og endurgreiðslufyrirkomulagi.

7) Til að tryggja viðeigandi áhættusamræmingu breytilegra starfskjara sem veitt eru í gerningum ættu veittir gerningar að samanstanda af hlutabréfum, hlutabréfatengdum eða sambærilegum gerningum eða útgefnum mikilvægum tókum.

8) Umhverfis-, félags- og stjórnunarlegir þættir (UFS-þættir), þ.m.t. neikvæð áhrif á loftslagið sem stafa af orkunotkun og kolefnisspori sem tengist undirliggjandi upplýsingatækniinnviðum og algrími samstöðuaðferða sem notuð eru til að sannreyna viðskipti í bálkakeðjukerfum, skipta máli fyrir útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. UFS-þættir geta haft áhrif á áhættusnið slíkra útgefenda, viðskiptalíkön þeirra og viðurkenningu á tókum þeirra. Þótt loftslags- og umhverfislegir þættir séu sérstaklega mikilvægir fyrir starfsemi og þjónustu slíkra útgefenda eru aðrar tegundir UFS-þátta, svo sem skattalegt gagnsæi, mannréttindi, ráðningarskilyrði og viðeigandi áhættustýring sem tengist peningaþvætti og öðrum fjármálaglæðum einnig mikilvægir þættir. Því er nauðsynlegt að útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, tryggi að starfskjarastefnur þeirra samræmist markmiðum tengdum UFS-áhættu og taki tillit til UFS-áhættu og hugsanlegra neikvæðra áhrifa hennar. Einkum ættu breytileg starfskjör að vera í samræmi við þá UFS-áhættuþætti sem tengjast loftslagsáhrifum og öðrum umhverfisáhrifum sem leiða af þeim samstöðu- og sannreyningaraðferðum sem notaðar eru.

9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, EBA), í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, hefur þróað og lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([6]).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka:

a) útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka,

b) rafeyrisfyrirtæki sem gefa út mikilvæga rafeyristóka,

c) útgefendur eignatengdra tóka sem eru ekki mikilvægir, ef lögbært yfirvald krefst þess skv. 4. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

d) rafeyrisfyrirtæki sem gefa út rafeyristóka sem eru ekki mikilvægir, ef lögbært yfirvald krefst þess skv. 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „starfsfólk“: allir starfsmenn útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka og allir aðilar í stjórn og/eða framkvæmdastjórn slíkra útgefenda,

2) „háttsettir stjórnendur“: þeir einstaklingar sem hafa með höndum framkvæmdarhlutverk hjá útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka og eru ábyrgir og fara með fyrirsvar gagnvart stjórn og/eða framkvæmdastjórn, en eru ekki stjórnarmenn, á daglegri stjórnun útgefanda undir stjórn og/eða framkvæmdastjórn hans,

3) „tilgreint starfsfólk“: starfsfólk sem hefur veruleg áhrif á áhættusnið útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka eða á áhættusnið mikilvægra eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem þeir gefa út,

4) „stjórnendaábyrgð“: aðstæður þar sem starfsmaður annaðhvort:

   a) leiðir rekstrareiningu, mikilvæga rekstrareiningu eða eftirlitseiningu og ber beina ábyrgð gagnvart stjórn og/eða framkvæmdastjórn sem heild eða gagnvart aðila í stjórn eða framkvæmdastjórn, eða

   b) annast hlutverk eða verkefni sem mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr. 5. gr.,

5) „áhættuvilji“: samanlagt stig og tegundir áhættu sem útgefandi eignatengdra tóka eða rafeyristóka er tilbúinn til að taka á sig innan marka áhættugetu sinnar, í samræmi við viðskiptalíkan sitt, til að ná stefnumarkmiðum sínum,

6) „rekstrareining“: rekstrareining eins og hún er skilgreind í 3. lið 1. mgr. 142. gr. reglugerðar (ESB) 575/2013,

7) „mikilvæg rekstrareining“: rekstrareining, eins og skilgreind er í 3. lið 1. mgr. 142. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem útgefandi eignatengdra tóka eða rafeyristóka telur hafa veruleg áhrif á viðskiptalíkan útgefanda eða vera mikilvæg uppspretta tekna, hagnaðar eða virði rekstrar fyrir útgefandann,

8) „eftirlitseining“: eining sem er óháð rekstrareiningunum sem hún hefur eftirlit með og sem er ábyrg fyrir innri eftirlitsferlum og felur í sér hlutverk áhættustýringar, regluvörslu og innri endurskoðunar,

9) „starfskjör“: allar gerðir fastra eða breytilegra starfskjara, þ.m.t. eftirfarandi:

a) peningalegar eða ópeningalegar greiðslur og kjör, sem veitt eru starfsfólki beint af eða fyrir hönd útgefenda eignatengdra tóka eða rafeyristóka í skiptum fyrir þá sérfræðiþjónustu sem starfsfólkið veitir,

b) greiðslur árangurstengdra þóknana í skilningi d-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,

c) aðrar greiðslur sem greiddar eru með aðferðum og gerningum sem, væri ekki litið á þær sem starfskjör, myndu leiða til sniðgöngu á starfskjarakröfunum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2023/1114 og í þessari reglugerð.

3. gr.

Fyrirkomulag stjórnarhátta fyrir starfskjarastefnur

1. Stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefenda eignatengdra tóka og rafeyristóka skal framkvæma öll eftirfarandi verkefni:

a) samþykkja og bera endanlega ábyrgð á starfskjarastefnu útgefanda,

b) samþykkja breytingar á starfskjarastefnunni,

c) leita ráða hjá starfskjaranefnd um starfskjarastefnu útgefandans, hafi útgefandi komið henni á fót.

2. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tryggja eftirfarandi:

a) að eftirlitseiningin endurskoði starfskjarastefnu þeirra að minnsta kosti einu sinni á ári til að tryggja að farið sé að stefnum og verklagsreglum,

b) að regluvarsla og áhættustýringareining, hafi henni verið komið á fót, eða starfsfólk sem hefur það hlutverk að innleiða regluvörslu- eða áhættustýringarferla, deild innri endurskoðunar, ef henni hefur verið komið á fót, og mannauðsdeild veiti skilvirkt framlag til útfærslu starfskjarastefna,

c) að hugsanlegir hagsmunaárekstrar sem stafa af útgreiðslu í gerningum sem hluta af breytilegum eða föstum starfskjörum séu greindir og dregið úr þeim á viðeigandi hátt.

3. Endurskoðuninni sem um getur í a-lið 2. mgr. kann að vera útvistað til ytri aðila.

4. gr.

Starfskjarastefnur fyrir allt starfsfólk

1. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tryggja að starfskjarastefnur þeirra fyrir allt starfsfólk uppfylli eftirfarandi viðmiðanir:

a) þær séu í samræmi við réttindi og hagsmuni eigenda tóka, með það fyrir augum að eigendum sé veitt sanngjörn meðferð og að hagsmunir þeirra skaðist ekki vegna starfskjara hjá útgefanda,

b) þær séu kynhlutlausar og byggist á meginreglunni um jöfn laun karla og kvenna fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, í skilningi 65. liðar 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

c) þær séu í samræmi við markmið starfs- og áhættustefnu, þ.m.t. umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættutengd (UFS) markmið, fyrirtækjamenningu og -gildi, áhættumenningu og áhættuvilja,

d) þær tryggi að starfsfólk, sem hefur eftirlit með höndum, fái greiðslur í samræmi við þau markmið sem það nær og tengjast verkefnum þess, óháð árangri þeirra rekstrarsviða sem það hefur eftirlit með,

e) þær séu í samræmi við stýringu UFS-áhættuþátta og veiti hvata til að stýra og takmarka þau UFS-áhrif sem stafa af atvinnustarfsemi útgefanda,

f) þær skapi ekki hagsmunaárekstra eða hvata sem geta orðið til þess að starfsfólk hygli eigin hagsmunum eða hagsmunum útgefanda sem hefur hugsanlega í för með sér skaða á hagsmunum handhafa mikilvægra tóka sem þeir gefa út,

g) þær hvetji ekki til áhættusækni sem fer fram úr áhættuvilja útgefanda,

h) þær séu ávallt tiltækar viðkomandi starfsfólki,

i) þær séu gagnsæjar öllu starfsfólki varðandi föst starfskjör, ferla og viðmiðanir við ákvörðun breytilegra starfskjara og þær úthlutunarforsendur sem eru notaðar,

j) þær séu skýrar, vel skjalfestar, gagnsæjar og í réttu hlutfalli við stærð, innra skipulag og eðli, umfang og flækjustig atvinnustarfsemi útgefanda.

5. gr.

Tilgreining starfsfólks

1. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tilgreina allt starfsfólk sem hefur veruleg áhrif á áhættusnið útgefenda eða á áhættusnið tókanna sem þeir gefa út, með því að beita a.m.k. viðmiðununum sem eru settar fram í 2. og 3. mgr.

2. Einstaklingur skal teljast starfsmaður, eins og um getur í 1. mgr., ef viðkomandi uppfyllir eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:

a) viðkomandi er fulltrúi í stjórn eða framkvæmdastjórn,

b) viðkomandi ber stjórnendaábyrgð á eftirlitssviði útgefanda eða mikilvægum rekstrareiningum,

c) viðkomandi ber stjórnendaábyrgð á:

   i. stjórnun á a.m.k. einum eftirfarandi áhættuflokka: lausafjáráhættu, rekstraráhættu, þ.m.t. lagalegri áhættu, og upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu,

   ii. upplýsinga- og fjarskiptatækni sem er notuð til vinnslu á tókum,

   iii. hindrun peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka,

   iv. stjórnun varasjóðseigna,

   v. útgáfustarfsemi tóka,

   vi. stjórnun útvistunarsamninga við þjónustuveitendur sem eru þriðju aðilar sem styðja nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi,

   vii. fjármálum, þ.m.t. skattamálum og fjárhagsáætlun,

   viii. lögfræðilegum málefnum,

   ix. áreiðanleika reikningsskilaaðferða og verklagsreglna,

   x. mannauðsmálum,

   xi. gerð eða innra samþykki á hvítbókum.

3. Einstaklingur skal teljast starfsmaður eins og um getur í 1. mgr. ef viðkomandi hefur í starfi sínu sambærileg áhrif á áhættusnið útgefanda, eða á áhættusnið tókanna sem hann gefur út, og það starfsfólk sem tilgreint er í a- til c-lið 2. mgr.

6. gr.

Starfskjarastefnur fyrir tilgreint starfsfólk

1. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tryggja að starfskjarastefnurnar fyrir starfsfólkið, sem var tilgreint í samræmi við 5. gr. þessarar reglugerðar, að teknu tilliti til landsbundinnar samnings- og vinnulöggjafar, geri skýran greinarmun á eftirfarandi tveimur þáttum heildarlauna:

a) föstum grunnstarfskjörum, sem skulu fyrst og fremst endurspegla viðeigandi starfsreynslu og ábyrgð innan stofnunar eins og hún er sett fram í starfslýsingu starfsmanns sem hluti af ráðningarskilmálum,

b) breytilegum starfskjörum, sem skulu endurspegla sjálfbæran og áhættuveginn árangur og árangur umfram þann sem krafist er til að uppfylla starfslýsingu starfsmanns og er hluti af ráðningarskilmálum.

2. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tryggja að starfskjarastefnur þeirra fyrir starfsfólk sem er tilgreint í samræmi við 5. gr. þessarar reglugerðar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) breytileg starfskjör tengist mati á frammistöðu útgefanda, rekstrareiningar og viðkomandi einstaka starfsfólks, og að tekið sé tillit til fjárhagslegra og ófjárhagslegra viðmiðana við mat á frammistöðu, þ.m.t. stjórnun UFS-áhættu og eftirliti með neikvæðum UFS-áhrifum,

b) að til staðar sé virkt áhættustýringarkerfi til að samþætta allar viðeigandi gerðir núverandi áhættu og áhættu í framtíðinni,

c) að engin breytileg starfskjör séu tryggð nema fyrir nýtt starfsfólk og aðeins fyrsta starfsárið,

d) starfskjarapakkar í tengslum við bóta- eða starfslokagreiðslur samkvæmt samningum í fyrra starfi séu í samræmi við langtímahagsmuni útgefanda,

e) greiðslur í tengslum við snemmbúna uppsögn ráðningarsamnings miðist við árangur sem einstaka starfsfólk hefur náð með tímanum og séu ekki umbun fyrir misbrest eða misferli,

f) viðeigandi jafnvægi sé á milli fastra og breytilegra þátta heildarstarfskjara og að föstu þættirnir séu nægilega stór hluti af heildarstarfskjörum til þess að hægt sé að starfrækja sveigjanlegar stefnur varðandi breytilega þætti starfskjara, þ.m.t. möguleika á að lækka breytilega þætti starfskjara í núll,

g) viðeigandi hámarkshlutföll séu ákvörðuð milli breytilegra og fastra þátta heildarlauna, að teknu tilliti til atvinnustarfsemi útgefanda og áhættu sem henni fylgir, sem og áhrifa sem mismunandi flokkar starfsfólks, sem um getur í 5. gr., hafa á áhættusnið útgefenda eða áhættusnið tókanna sem þeir gefa út,

h) breytileg launakjör starfsfólks eftirlitseiningar séu fyrst og fremst tengd eftirlitsmarkmiðum og hlutfallið á milli breytilegra og fastra þátta heildarlauna starfsfólks eftirlitseininga sé verulega lægra en hlutfallið sem gildir um rekstrareiningar sem það hefur eftirlit með,

i) a.m.k. 50% af breytilegum launum samanstanda af einhverjum eftirfarandi gerninga:

   i. hlutabréfum eða jafngildum eignarhlutum, með fyrirvara um rekstrarform hlutaðeigandi útgefanda að lögum,

   ii. hlutabréfatengdum gerningum, með fyrirvara um rekstrarform hlutaðeigandi útgefanda að lögum,

   iii. viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 sem má breyta að fullu í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 eða færa niður og sem endurspegla lánshæfi útgefanda við áframhaldandi rekstrarhæfi með fullnægjandi hætti,

iv. eignatengdum tókum eða rafeyristókum sem útgefandinn gefur út, nema útgefandinn sé lánastofnun, verðbréfafyrirtæki, rekstrarfélag verðbréfasjóðs eða rekstraraðili sérhæfðra sjóða og þurfi að greiða út hluta af breytilegum launakjörum starfsfólks í gerningum í samræmi við l-lið 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, j-lið 1. mgr. 32. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034 eða m-lið 1. mgr. 14. gr. b tilskipunar 2009/65/EB eða m-lið 1. mgr. II. viðauka tilskipunar 2011/61/ESB,

v. öðrum gerningum sem útgefandi kann að nota til að greiða breytileg starfskjör, ef honum er það heimilt í samræmi við réttargerð Sambandsins sem krefst þess að útgefandi greiði hluta breytilegra launa í slíkum öðrum gerningum,

j) tilteknar viðmiðanir séu settar fyrir beitingu frádráttar og endurgreiðslu á breytilegum starfskjörum, sem skulu einkum ná til aðstæðna þar sem viðkomandi starfsmaður:

i. tók þátt í eða bar ábyrgð á framferði sem olli útgefandanum verulegu tapi, eins og skilgreint er í launakjarastefnu útgefandans,

ii. uppfyllti ekki viðeigandi staðla um hæfni og velsæmi,

k) a.m.k. 40% af breytilegum starfskjörum, sem tilgreindu starfsfólki eru veitt, er frestað í a.m.k. 3 til 5 ár, með hliðsjón af viðskiptasveiflu útgefanda, eðli starfsemi hans, áhættu hans og starfi viðkomandi starfsmanns, nema í þeim tilvikum sem breytileg starfskjör eru mjög há fjárhæð, en þá er hlutfall frestaðra breytilegra starfskjara a.m.k. 60%,

l) frestaður hluti breytilegra starfskjara, sem um getur í k-lið, ávinnist ekki fyrr en 12 mánuðum eftir upphaf frestunartímabils og ávinnist ekki hraðar en hlutfallslega,

m) engir vextir eða arður af gerningum, sem hafa verið veittir sem breytileg starfskjör samkvæmt frestunarfyrirkomulagi, séu greiddir tilgreindu starfsfólki fyrir tímabil áður en gerningurinn var áunninn,

n) breytileg starfskjör séu veitt og megi aðeins ávinna ef þau eru sjálfbær samkvæmt fjárhagsstöðu útgefanda í heild sinni og réttlætanleg samkvæmt árangri útgefanda, rekstrareiningar og viðkomandi starfsmanns,

o) engin skylda skapist til að greiða breytileg starfskjör á tímabilinu sem útgefandinn uppfyllti ekki varfærniskröfurnar sem settar eru fram í samræmi við 67. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

3. Krafan í i-lið 2. mgr. skal gilda um frestaðan og ófrestaðan hluta breytilegra launakjara. Ef útgefandi eignatengdra tóka eða rafeyristóka greiðir út hærra hlutfall en 50% af frestuðum hluta breytilegra starfskjara í gerningunum sem um getur í i-lið 2. mgr., getur hann greitt út lægra hlutfall en 50% af ófrestuðum hluta breytilegra starfskjara í gerningunum sem um getur í i-lið 2. mgr., svo framarlega sem krafan um útgreiðslu breytilegra starfskjara í gerningum upp á a.m.k. 50% sé uppfyllt í heild.

4. Ákvæði i- og k-liðar 2. mgr. skulu ekki gilda um einstaka starfsfólk með árleg breytileg starfskjör sem ekki eru hærri en 50 000 evrur og ekki meira en fjórðungur af heildarárslaunum viðkomandi einstaklings.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/419 **2026/EES/19/10**

frá 16. desember 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina ferlið og tímarammann sem útgefandi eignatengdra tóka eða rafeyristóka hefur til að aðlaga fjárhæð eiginfjárgrunns síns (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum fjórðu undirgrein 7. mgr. 45. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Krafan sem sett er fram í 5. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 á einnig við um rafeyrisfyrirtæki sem gefa út mikilvæga rafeyristóka, í samræmi við b-lið 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar, ef lögbært yfirvald krefst þess skv. 4. mgr. 35. gr. þeirrar reglugerðar, útgefendur eignatengdra tóka sem eru ekki mikilvægir og, ef lögbært yfirvald krefst þess skv. 2. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar, rafeyrisfyrirtæki sem gefa út rafeyristóka sem eru ekki mikilvægir.

2) Útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka eða mikilvægra rafeyristóka, sem og útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem ekki eru mikilvægir en falla undir 5. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 í samræmi við 4. mgr. 35. gr. eða 2. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar, ættu að útfæra áætlun til aðlaga eiginfjárgrunn svo að hann nemi tilskilinni upphæð innan tilskilins tímaramma. Þeir útgefendur ættu að ræða og vera ásáttir um hagkvæmni slíkrar áætlunar við viðkomandi lögbært yfirvald. Lögbært yfirvald ætti að fylgjast náið með framkvæmd slíkrar áætlunar og í því skyni ættu viðkomandi útgefendur að tilkynna lögbæru yfirvaldi þau skref sem tekin hafa verið, m.a. senda lokatilkynningu um að aðlöguninni sé lokið.

3) Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu ættu að ákveða tímarammann fyrir útgefendurna að aðlaga eiginfjárgrunn sinn. Sá tímarammi ætti að hafa lokafrest og vera eins stuttur og mögulegt er og byggjast á mati í hverju máli fyrir sig og vera ákveðinn eftir samræður við útgefandann, að teknu tilliti til mögulegra áhrifa á útgefandann, sérstöðu hans og áhættu fyrir fjármálastöðugleika fjármálakerfisins í víðara samhengi.

4) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/419, 24.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 69, 6.11.2025, bls. 41.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka:

a) útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka,

b) rafeyrisfyrirtæki sem gefa út mikilvæga rafeyristóka,

c) útgefendur eignatengdra tóka sem eru ekki mikilvægir ef lögbært yfirvald krefst þess skv. 4. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

d) rafeyrisfyrirtæki sem gefa út rafeyristóka sem eru ekki mikilvægir ef lögbært yfirvald krefst þess skv. 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. gr.

Tímarammi

1. Innan 25 virkra daga frá tilkynningu um ákvörðun um að flokka eignatengdan tóka eða rafeyristóka sem mikilvægan, eða frá tilkynningu til útgefanda um að uppfylla kröfurnar í 5. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu tilkynna um tímarammann sem útgefandi eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem um getur í 1. mgr. hefur til að aðlaga eiginfjárgrunn sinn. Setja skal tímarammann eftir samræður við viðkomandi útgefanda.

2. Lögbært yfirvald skal ekki veita viðkomandi útgefanda meira en 6 mánuði eftir tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. til að aðlaga eiginfjárgrunn sinn, að teknu tilliti til mögulegra áhrifa á viðkomandi útgefanda, sérkenna hans og áhættu fyrir fjármálastöðugleika fjármálakerfisins í víðara samhengi.

3. Innan 25 virkra daga frá móttöku tilkynningar um tímarammann sem um getur í 1. mgr. skal viðkomandi útgefandi leggja fyrir lögbært yfirvald ítarlega áætlun um hvernig eiginfjárgrunnur hans verður aðlagaður til að uppfylla kröfurnar í 5. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

Áætlunin skal hafa að geyma tímasett skref og ferli til að aðlaga eiginfjárgrunninn innan setts tímaramma.

Áætlunin skal tryggja að eiginfjárgrunnsliðir og -gerningar sem verða notaðir til að uppfylla aukna og aðlagaða kröfu séu í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

4. Viðkomandi útgefandi skal upplýsa lögbært yfirvald án tafar og skriflega ef ekki er hægt að framkvæma einhver skref eða ferli í áætluninni tímanlega. Í því tilviki skal viðkomandi útgefandi leggja fyrir lögbært yfirvald uppfærða áætlun, þ.m.t. önnur skref eða ferli sem gera útgefandanum kleift að aðlaga eiginfjárgrunn sinn innan setts tímaramma.

5. Lögbært yfirvald skal fylgjast náið með framkvæmd áætlunarinnar.

6. Viðkomandi útgefandi skal upplýsa lögbært yfirvald um lok þeirra skrefa sem fram koma í áætluninni, m.a. senda lögbæru yfirvaldi lokatilkynningu þegar tilskilinni aðlögun eiginfjárgrunns er lokið, innan 20 virkra daga frá lokum hennar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1506 **2026/EES/19/11**

frá 22. febrúar 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar tilteknar viðmiðanir fyrir flokkun eignatengdra tóka og rafeyristóka sem mikilvægra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum 11. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. 43. gr. þeirrar reglugerðar um flokkun eignatengdra tóka sem mikilvægra eignatengdra tóka einnig gilda um flokkun rafeyristóka sem mikilvægra rafeyristóka. Af þessum sökum er einnig nauðsynlegt að tilgreina nánar viðmiðanirnar sem um getur í e- og f-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 í tengslum við rafeyristóka.

2) Til að gera Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni kleift að ákvarða hvort starfsemi útgefanda eignatengda tókans eða rafeyristókans sé mikilvæg á alþjóðlegan mælikvarða utan Sambandsins, og hvort eignatengdir tókar eða rafeyristókar eða útgefendur þeirra teljist vera samtengdir við fjármálakerfið, er nauðsynlegt að greina á milli kjarna- og viðbótarvísa fyrir slíka ákvörðun. Kjarnavísar ættu að fanga þá þætti mikilvægra eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem skipta mestu máli. Meta ætti viðbótarvísa ef mat Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar á kjarnavísunum gerir henni ekki kleift að ákvarða á óyggjandi hátt að viðmiðanirnar sem um getur í e- og f-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 séu uppfylltar. Niðurstaða mikilvægismatsins ætti að vera háð heildstæðu mati á báðum tegundum vísa.

3) Að því er varðar matið á viðmiðuninni fyrir mikilvægi starfsemi útgefanda á alþjóðlegum mælikvarða utan Sambandsins, þ.m.t. notkun eignatengdra tóka eða rafeyristóka til greiðslna og peningasendinga, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að nota kjarnavísa sem varða starfsemi sem nær yfir landamæri milli Sambandsins og þriðju landa, umfang hlutaðeigandi tóka og starfsemi útgefanda á heimsvísu.

4) Viðskipti yfir landamæri, einkum þau sem tengjast notkun sem skiptimiðils, eru þau viðskipti í alþjóðlegri vídd sem eru líklegust til að valda áhættu fyrir fjármálastöðugleika, miðlun peningastefnu og peningalegt fullveldi Sambandsins. Þessi viðskipti endurspegla einnig alþjóðlega starfsemi útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka á alþjóðlegum mælikvarða utan Sambandsins í tengslum við notkun þeirra til greiðslna og peningasendinga. Af þessum sökum ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að taka tillit til vísanna um umfang markaðshlutdeildar af virði viðskipta yfir landamæri með eignatengda tóka eða rafeyristóka inn í Sambandið og út úr því og umfang áætlaðrar markaðshlutdeildar af virði slíkra viðskipta sem tengjast notkun slíkra tóka sem skiptimiðils. Vísinn um umfang markaðshlutdeildar af virði viðskipta yfir landamæri með eignatengda tóka eða rafeyristóka ætti að skipta enn frekar niður í tvo aðgreinda undirvísa sem tengjast innstreymi viðskipta og útstreymi viðskipta þar sem áhrifin af hvorri tegund viðskipta á fjármálastöðugleika og peningalegt fullveldi getur verið mismunandi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1506, 30.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 49.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

5) Til að fanga þá þætti mikilvægis starfsemi útgefanda á alþjóðlegum mælikvarða sem ekki ná yfir landamæri ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin einnig að taka tillit til kjarnavísanna um markaðsverðmæti eignatengds tóka eða rafeyristóka á heimsvísu og til markaðsverðmæti allra eignatengdra tóka og rafeyristóka sem útgefandinn hefur gefið út. Markaðsverðmæti tóka á alþjóðlegan mælikvarða ber að skilja sem það taki til sama tóka sem gefinn er út utan Sambandsins til að greina það verðmæti frá markaðsverðmætinu sem um getur í b-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

6) Að því er varðar matið á viðmiðununum um mikilvægi samtengingar eignatengdra tóka eða rafeyristóka eða útgefenda þeirra við fjármálakerfið, eins og um getur í f-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ættu vísarnir að fanga beina og óbeina samtengingu tókanna og útgefenda þeirra við fjármálakerfið. Bæði bein og óbein samtenging gæti haft í för með sér smitáhrif í báðar áttir, þ.e. frá útgefendum eignatengdra tóka og rafeyristóka til fjármálakerfisins og öfugt. Í þeim tilgangi er nauðsynlegt að setja fram kjarnavísana um mikilvægi þess hluta varasjóðs eigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem eru fjármálagerningar sem gefnir eru út af fjármálastofnunum og um mikilvægi þess hluta eignarhlutdeildar útgefanda í hlutfalli við heildarframboð tiltekinna fjármálagerninga. Þar að auki ætti að setja fram eftirfarandi viðbótarvísa: fyrirkomulag eignarhalds á útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka, samþjöppun vörslu varasjóðseigna útgefanda og skörun varasjóðseigna útgefanda við varasjóðseignir útgefenda annarra eignatengdra tóka og rafeyristóka.

7) Mat á mikilvægi hluta varasjóðs eigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem eru fjármálagerningar útgefnir af fjármálastofnunum er lykilatriði við mat á samtengingu útgefandans við fjármálakerfið. Sá kjarnavísir ætti að mæla beina samtengingu við fjármálageirann um varasjóð eigna útgefandans. Erfiðleikar fjármálastofnana sem eru útgefendur fjármálagerninganna sem eru varasjóðseignir gætu haft áhrif á virði varasjóðseigna sem standa að baki kröfum eigenda tókanna á útgefandann um innlausn tókans. Við mat á þeim vísi ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að taka tillit til undirvísanna um hluta varasjóðseigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem eru fjármálagerningar, hluta varasjóðseigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem eru afleiður ef um er að ræða eignatengda tóka, eða hluta sértryggðra skuldabréfa ef um er að ræða rafeyristóka. Hluti varasjóðseigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem eru afleiður og hluti sértryggðra skuldabréfa eru nauðsynlegir sem undirvísar þar sem mótaðilar afleiða gætu verið lánastofnanir og veðkall gæti því haft veruleg áhrif á fjármálakerfið og hins vegar gæti brunaútsala útgefandans á sértryggðum skuldabréfum haft neikvæð áhrif á lausafjárstöðu lánastofnana.

8) Kjarnavísirinn fyrir mikilvægi þess hluta sem er eignarhlutdeild útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka í hlutfalli við heildarframboð á tilteknum fjármálagerningum, þ.m.t. einingar í verðbréfasjóði og ríkisskuldabréf, ætti að fanga óbeina samtengingu milli útgefenda eignatengdra tóka og rafeyristóka annars vegar og fjármálakerfisins hins vegar. Slík óbein tenging gæti haft áhrif á hefðbundna fjármálakerfið, einkum ef útgefandi eignatengds tóka eða rafeyristóka er tilneyddur til að selja eignarhlutdeild sína á brunaútsölu vegna fjárhagserfiðleika. Sú sala gæti lækkað virði þessara eigna og haft óbein áhrif á fjármálastofnanir með lækkun á virði eigna í eigu þessara fjármálastofnana.

9) Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka geta einnig verið samtengdir fjármálakerfinu í gegnum eignarhaldsfyrirkomulagið. Sá viðbótarvísir gæti veitt heildarsýn á möguleg áhrif fjárhagserfiðleika á fjármálakerfið, ekki aðeins með hliðsjón af áhættu fyrir fjármálastöðugleika, heldur einnig í tengslum við orðsporsáhættu. Fjárhagslegir erfiðleikar eða hætin tilvik hjá útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka gætu, fyrir milligöngu tengingar við útgefandann vegna fyrirkomulags eignarhalds, haft veruleg áhrif á stofnanir sem stunda aðra fjármálastarfsemi. Við mat á þeim vísi ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að beina athygli sinni að því hvort eignarhald á útgefandanum sé dreift eða samþjappað, hvort einstaklingar eða lögaðilar sem eiga virkan eignarhlut eru fjármálastofnanir og að flækjustigi eignarhaldsfyrirkomulags.

10) Önnur möguleg samtenging milli útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka annars vegar og fjármálakerfisins hins vegar getur orðið til vegna samþjöppunar varasjóðseigna hjá fáum fjármálastofnunum. Þeim mun fjölbreyttari sem varasjóðseignir útgefanda eru þeim mun minni verða möguleg smitáhrif og fjármálastöðugleikaáhætta hans minnkar. Af þeim sökum er úthlutun varasjóðseigna til fárra fjármálastofnana eða mikil samþjöppun þeirra vísbending um meiri samtengingu við fjármálakerfið. Vegna sérstaks mikilvægis samtengingar sem getur stafað af samþjöppun innstæða hjá lánastofnunum þykir rétt að koma á tveimur undirvísum undir viðbótarvísinum um samþjöppun varasjóðseigna útgefandans hjá fjármálastofnunum. Annar undirvísirinn ætti að fanga samþjöppun varasjóðseigna í fjármálastofnunum og hinn undirvísirinn ætti aðeins að fanga innstæður hjá lánastofnunum.

11) Nauðsynlegt er að fanga smitáhrifin sem gætu komið upp við tilvik þar sem um er að ræða mismunandi útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem eiga svipaðar eignir. Slíkar aðstæður gætu haft þau áhrif að fjárhagserfiðleikar og sala í kjölfar þeirra hjá einum útgefanda gætu haft neikvæð áhrif á aðra útgefendur. Af þessum sökum ætti að koma á viðbótarvísi um skörun eignasafna að því er varðar varasjóðseignir útgefanda við varasjóðseignir annarra útgefenda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „fjármálastofnun“: eitthvað af eftirfarandi:

   a) lánastofnun,

   b) verðbréfafyrirtæki,

   c) rafeyrisfyrirtæki,

   d) greiðslustofnun,

   e) rekstrarfélag verðbréfasjóðs,

   f) rekstraraðili sérhæfðs sjóðs,

   g) vátryggingafélag eins og það er skilgreint í 1. lið 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ([2]),

   h) endurtryggingafélag eins og það er skilgreint í 4. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

   i) stofnun um starfstengdan lífeyri eins og hún er skilgreind í 1. lið 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 ([3]),

2) „viðkomandi tímabil“: tímabilið sem um getur í a-lið 2. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eða tímabilið sem um getur í b-lið 2. mgr. 43. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Vísar fyrir mat á mikilvægi á alþjóðlegum mælikvarða

1. Við mat á því hvort viðmiðanirnar sem settar eru fram í e-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eru uppfylltar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta alla eftirfarandi kjarnavísa:

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/138/oj).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2016/2341/oj).

a) mikilvægi markaðshlutdeildar af virði viðskipta yfir landamæri með eignatengda tóka eða rafeyristóka inn í Sambandið og út úr Sambandinu,

b) mikilvægi markaðshlutdeildar af virði viðskipta yfir landamæri með eignatengda tóka eða rafeyristóka, inn í Sambandið og út úr Sambandinu, í tengslum við notkun sem skiptimiðill,

c) markaðsverðmæti eignatengds tóka eða rafeyristóka á alþjóðlegan mælikvarða á síðasta almanaksdegi viðkomandi tímabils,

d) markaðsverðmæti eignatengdra tóka eða rafeyristóka, sem gefnir eru út af hlutaðeigandi útgefanda eða útgefendum, á alþjóðlegan mælikvarða á síðasta almanaksdegi viðkomandi tímabils.

2. Að því er varðar ákvæði a-liðar 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til allra eftirfarandi undirvísa:

a) markaðshlutdeild af virði viðskipta yfir landamæri með eignatengda tóka eða rafeyristóka inn í Sambandið og út úr Sambandinu (innstreymisviðskipti),

b) markaðshlutdeild af virði viðskipta yfir landamæri með eignatengda tóka eða rafeyristóka inn í Sambandið og út úr Sambandinu (útstreymisviðskipti).

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\text{samanlagt heildarvirði viðskipta þar sem greiðandinn er utan Sambandsins og viðtakandi greiðslu er innan Sambandsins með tiltekinn eignatengdan tóka eða rafeyristóka á viðkomandi tímabili}}{\text{samanlagt heildarvirði viðskipta þar sem greiðandinn er utan Sambandsins og viðtakandi greiðslu er innan Sambandsins með alla eignatengda tóka eða rafeyristóka á viðkomandi tímabili}}$$

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\text{samanlagt heildarvirði viðskipta þar sem greiðandinn er innan Sambandsins og viðtakandi greiðslu er utan Sambandsins með tiltekinn eignatengdan tóka eða rafeyristóka á viðkomandi tímabili}}{\text{samanlagt heildarvirði viðskipta þar sem greiðandinn er innan Sambandsins og viðtakandi greiðslu er utan Sambandsins með alla eignatengda tóka eða rafeyristóka á viðkomandi tímabili}}$$

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út áætlaða markaðshlutdeild sem um getur í b-lið 1. mgr. í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\text{áætlað samanlagt heildarvirði viðskipta yfir landamæri með tiltekinn eignatengdan tóka eða rafeyristóka, inn í Sambandið og út úr Sambandinu, í tengslum við notkun tókans sem skiptimiðils á viðkomandi tímabili,}}{\text{áætlað samanlagt heildarvirði viðskipta yfir landamæri með alla eignatengda tóka eða rafeyristóka, inn í Sambandið og út úr Sambandinu, í tengslum við notkun þeirra sem skiptimiðils á viðkomandi tímabili}}$$

3. gr.

Vísar fyrir mat á samtengingu við fjármálakerfið

1. Við mat á því hvort viðmiðanirnar sem settar eru fram í f-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eru uppfylltar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta alla eftirfarandi kjarnavísa:

a) umfang þess hluta varasjóðseigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem stendur að baki eignatengdum tóka eða rafeyristóka sem eru fjármálagerningar útgefnir af fjármálastofnunum,

b) umfang hlutdeildar eignarhluta útgefanda í hlutfalli við heildarframboð tiltekinna fjármálagerninga.

2. Að því er varðar ákvæði a-liðar 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til eftirfarandi undirvísa:

a) hluta varasjóðseigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem stendur að baki eignatengdum tóka eða rafeyristóka sem eru fjármálagerningar útgefnir af fjármálastofnunum,

b) ef um er að ræða eignatengda tóka, hluti varasjóðseigna eignatengds tóka, sem ekki flokkast sem innlán, sem er afleiður, eða

c) ef um er að ræða rafeyristóka, hluti varasjóðseigna rafeyristóka, sem ekki flokkast sem innlán, sem er sértryggð skuldabréf.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar miðað við síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\text{heildarvirði fjármálagerninga sem gefnir eru út af fjármálastofnunum sem eru hluti af varasjóði eigna fyrir eignatengda tókann eða rafeyristókann}}{\text{(heildarvirði varasjóðs eigna fyrir eignatengda tókann eða rafeyristókann)-(heildarvirði innstæða í varasjóði eigna fyrir eignatengda tókann eða rafeyristókann)}}$$

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar miðað við síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\text{heildarvirði afleiða sem eru hluti af varasjóði eigna fyrir eignatengda tókann}}{\text{(heildarvirði varasjóðs eigna fyrir eignatengda tókann)-(heildarvirði innstæða í varasjóði eigna fyrir eignatengda tókann)}}$$

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar miðað við síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\text{heildarvirði sértryggðra skuldabréfa sem gefin eru út af lánastofnunum sem eru hluti af varasjóði eigna fyrir rafeyristókann}}{\text{(heildarvirði varasjóðs eigna fyrir rafeyristókann)-(heildarvirði innstæða í varasjóði eigna fyrir rafeyristókann)}}$$

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út hlutann af eignarhlutdeild útgefandans sem um getur í b-lið 1. mgr., að því er varðar síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\text{heildarvirði eignarhlutdeildar útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka í tiltekinni tegund fjármálagernings}}{\text{heildarframboð á þeirri tegund fjármálagerninga}}$$

4. Ef matið á kjarnavísunum sem um getur í 1. mgr. leiðir ekki til endanlegrar ákvörðunar að því er varðar viðmiðun um samtengingu sem sett er fram í f-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta alla eftirfarandi viðbótarvísa:

a) fyrirkomulag eignarhalds á útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka,

b) umfang samþjöppunar varasjóðseigna útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka hjá fjármálastofnunum,

c) umfang skörunar eignasafna varasjóðseigna útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka við varasjóðseignir annarra útgefenda eignatengdra tóka og rafeyristóka.

5. Að því er varðar ákvæði a-liðar 4. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til alls eftirfarandi:

a) hvort eignarhald á útgefandanum sé dreift eða samþjappað,

b) hvort einstaklingur eða lögaðili sem á virkan eignarhlut sé fjármálastofnun,

c) flækjustigs eignarhaldsfyrirkomulags.

6. Að því er varðar ákvæði b-liðar 4. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til allra eftirfarandi undirvísa:

a) samþjöppun varasjóðseigna útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka hjá fjármálastofnunum,

b) samþjöppun innstæða útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka hjá lánastofnunum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar miðað við síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$Samþjöppun = s_1^2+s_2^2+s_3^2+\ldots s_n^2$$

þar sem s_n = hluti varasjóðseigna geymdar hjá fjármálastofnunum n (sett fram sem heil tala).

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar miðað við síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$Samþjöppun = c_1^2+c_2^2+c_3^2+\ldots c_n^2$$

þar sem c_n = hluti varasjóðseigna geymdar hjá lánastofnunum n (sett fram sem heil tala).

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út viðbótarvísinn sem um getur í c-lið 4. mgr. miðað við síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\text{heildarvirði varasjóðseigna fyrir eignatengdan tóka eða rafeyristóka sem einnig eru geymdar í varasjóði eigna annarra útgefenda eignatengdra tóka eða rafeyristóka}}{\text{heildarvirði varasjóðseigna fyrir eignatengda tókann eða rafeyristókann}}$$

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. febrúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1507 **2026/EES/19/12**

frá 22. febrúar 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar þær viðmiðanir og þætti sem Evrópsku verðbréfastofnuninni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum ber að taka tillit til í tengslum við heimildir til íhlutana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum 103. gr. (8. mgr.), 104. gr. (8. mgr.) og 105. gr. (7. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilgreina ætti þær viðmiðanir og þætti sem lögbærum yfirvöldum, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ber að taka tillit til við ákvörðun á því hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfesta eða ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða fyrir sýndareignir eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu eða a.m.k. einu aðildarríki til að tryggja samræmda nálgun og gera kleift að grípa til viðeigandi aðgerða þegar óvæntir óhagstæðir atburðir eða óhagstæð þróun á sér stað. Lögbæru yfirvöldin, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ættu að tilgreina viðmiðanirnar og þættina sem skipta máli fyrir tiltekin tilvik og framkvæma síðan mat á þessum viðmiðunum og þáttum sem taldir eru skipta mestu máli fyrir þau tilvik. Það ætti ekki að koma í veg fyrir það að lögbæru yfirvöldin, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin geti beitt tímabundinni íhlutun ef aðeins einn af þessum þáttum eða ein af þessum viðmiðunum hefur í för með sér áhyggjuefni eða ógn.

2) Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd þar sem þau fjalla um vald til afurðaíhlutunar sem bæði er falið lögbærum yfirvöldum, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða sem taka ættu gildi á sama tíma og til að auðvelda hagsmunaaðilum að hafa heildarsýn yfir viðmiðanirnar, einkum Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnuninni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum sem beita valdheimildum til inngripa, er nauðsynlegt að láta eina framselda reglugerð ná yfir þessi ákvæði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðmiðanir og þættir sem varða heimildir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til tímabundinnar íhlutunar

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal taka tillit til eftirfarandi þátta og viðmiðana í þeim tilgangi að ákvarða hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða með sýndareignir eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu:

a) flækjustigs sýndareignarinnar, annarrar en eignatengds tóka eða rafeyristóka, eða tegundar starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka í tengslum við tegund viðskiptavinar, eins og það er metið í samræmi við c-lið, sem tekur þátt í starfseminni eða venjunni, eða sem önnur sýndareign en eignatengdur tóki eða rafeyristóki er markaðssett fyrir eða seld til, einkum að teknu tilliti til eftirfarandi:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1507, 30.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 49.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

i. gagnsæis kostnaðar og gjalda tengdum öðrum sýndareignum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum, starfsemi eða framkvæmd í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka og einkum skort á gagnsæi vegna marglaga kostnaðar og gjalda,

ii. eðlis og umfangs hvers konar áhættu,

iii. hvort sýndareignin, önnur en eignatengdur tóki eða rafeyristóki, eða þjónusta er í pakka með öðrum afurðum eða annarri þjónustu,

iv. þess hve flóknir skilmálarnir eru,

b) alvarleika mögulegra skaðlegra áhrifa, með tilliti til eftirfarandi:

i. fjölda viðskiptavina, eigenda tóka eða markaðsaðila sem hlut eiga að máli,

ii. þess hve stóru hlutfalli afurðin nemur af eignasöfnum fjárfesta,

iii. líkanna á, umfangs og eðlis hvers konar skaða, þ.m.t. fjárhæð mögulegs taps,

iv. hve lengi áætlað er að skaðlegar afleiðingar vari,

v. stærðar útgáfunnar,

vi. fjölda millilíða sem hlut eiga að máli,

vii. vaxtar markaðarins eða sölu,

viii. meðalfjárhæðar sem hver viðskiptavinur fjárfestir í öðrum sýndareignum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum,

c) tegundar viðskiptavina sem taka þátt í starfsemi eða framkvæmd í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka eða sem önnur sýndareign en eignatengdur tóki eða rafeyristóki er markaðssettur fyrir eða seldur til, með tilliti til eftirfarandi:

i. hvort viðskiptavinurinn sé almennur eigandi eða hæfur fjárfestir,

ii. kunnáttu og hæfni viðskiptavina, þ.m.t. menntunarstig, reynsla af svipuðum sýndareignum öðrum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum eða söluaðferðum,

iii. fjárhagsstöðu viðskiptavina, þ.m.t. tekna og eigna,

iv. fjárhagslegra meginmarkmiða viðskiptavina, þ.m.t. lífeyrissparnaðar og fjármögnunar húsnæðiskaupa,

d) gagnsæis annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka eða tegund starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka, með tilliti til eftirfarandi:

i. falins kostnaðar og gjalda,

ii. notkunar aðferða sem vekja athygli viðskiptavina en endurspegla ekki endilega hæfi eða heildargæði afurðarinnar eða þjónustunnar,

iii. eðlis áhættu og gagnsæis áhættu,

iv. notkunar afurðaheita eða hugtaka eða annarra upplýsinga sem gefa í skyn meira öryggi eða ávöxtun en eru raunverulega möguleg eða líkleg, eða sem gefa í skyn eiginleika afurðar sem eru ekki fyrir hendi,

v. notkunar óheiðarlegra, óskýrra eða villandi upplýsinga í samskiptum,

e) sérstakra eiginleika eða þátta annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka eða starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka,

f) það hvort og hve mikið misræmi er milli væntrar ávöxtunar eða hagnaðar fyrir fjárfesta og hættu á tapi í tengslum við aðra sýndareign en eignatengdan tóka eða rafeyristóka eða starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til eftirfarandi:

i. samsetningarkostnaðar slíkra sýndareigna annarra en eignatengdra tóka eða rafeyristóka, starfsemi eða framkvæmdar og annars kostnaðar,

ii. misræmis í tengslum við útgefandaáhættu sem útgefandinn ber eða

iii. áhættu/ávöxtunarmyndar eða áhættu/ávinningsmyndar,

g) hversu auðvelt það er fyrir fjárfesta að selja viðkomandi sýndareign aðra en eignatengdan tóka eða rafeyristóka eða skipta henni fyrir aðra sýndareign eða afurð og kostnaðinn við það, einkum með tilliti til eftirfarandi:

   i. verðbils kaup- eða sölutilboða,

   ii. tíðni viðskiptamöguleika,

   iii. stærðar útgáfu og stærðar eftirmarkaðar,

   iv. þess hvort veitendur seljanleika (e. *liquidity providers*) eða viðskiptavakar eftirmarkaðar eru til staðar eða ekki,

   v. eiginleika viðskiptakerfisins,

   vi. annarra útgönguhindrana,

h) verðlagningar og tengds kostnaðar annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka eða starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til annars hvors eftirfarandi:

   i. notkunar falinna gjalda eða aukagjalda,

   ii. gjalda sem endurspegla ekki þjónustustigið sem veitt er,

i) söluaðferða í tengslum við aðra sýndareign en eignatengdan tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til eftirfarandi:

   i. samskipta- og dreifingarleiða sem notaðar eru,

   ii. upplýsinga-, markaðs- eða annars kynningarefnis í tengslum við fjárfestinguna,

   iii. fyrirhugaðs tilgangs fjárfestingar,

   iv. þess hvort ákvörðun um að kaupa er önnur eða þriðja í röðinni í kjölfar fyrri kaupa,

j) fjárhags- og rekstrarstöðu útgefanda eða þjónustuveitanda annarrar sýndareignar en eignatengds tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til annars hvors eftirfarandi:

   i. fjárhagsstöðu útgefanda eða veitanda þjónustu í tengslum við aðra sýndareign en eignatengdan tóka eða rafeyristóka,

   ii. gagnsæis rekstrarstöðu útgefanda eða veitanda þjónustu í tengslum við aðra sýndareign en eignatengdan tóka eða rafeyristóka,

k) hvort upplýsingar sem annað hvort útgefandinn, tilboðsgjafinn eða þjónustuveitandinn veitir um aðra sýndareign en eignatengdan tóka eða rafeyristóka til að gera markaðsaðilum sem hún er ætluð kleift að taka upplýsta ákvörðun, með tilliti til eðlis og tegundar sýndareignarinnar sem ekki er eignatengdur tóki eða rafeyristóki, eru ófullnægjandi eða óáreiðanlegar,

l) hvort sýndareignin, sem er hvorki eignatengdur tóki né rafeyristóki, eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka hafi í för með sér mikla áhættu fyrir árangur af viðskiptum sem þátttakendur eða fjárfestar á viðkomandi markaði stofna til,

m) það hvort starfsemin eða venjan í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka dregur verulega úr heilbrigði verðmyndunarferlisins á viðkomandi markaði, þannig að verð eða virði viðkomandi sýndareignar, sem ekki er eignatengdur tóki eða rafeyristóki, lúti ekki lengur eðlilegum markaðslögmálum framboðs og eftirspurnar eða markaðsaðilar geti ekki lengur reitt sig á verð sem myndast á þeim markaði eða á magn viðskipta sem grundvöll fyrir fjárfestingarákvarðanir sínar,

n) það hvort eiginleikar annarrar sýndareignar en eignatengds tóka eða rafeyristóka gera þá afurð sérstaklega til þess fallna að vera notuð í efnahagsbrotum, einkum hvort viðkomandi eiginleikar gætu mögulega ýtt undir notkun sýndareignarinnar, sem er hvorki eignatengdur tóki né rafeyristóki, til eftirfarandi:

   i. svika eða óheiðarlegs athæfis,

   ii. misferlis með eða misnotkunar á upplýsingum í tengslum við fjármálamarkað,

   iii. meðhöndlunar ávinnings af afbroti,

iv. fjármögnunar hryðjuverka eða

v. þess að auðvelda peningaþvætti,

o) hvort starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við sýndareignir, sem eru hvorki eignatengdir tókar né rafeyristókar, hafi í för með sér mikla áhættu fyrir viðnámsþrótt eða snurðulausa starfsemi markaða og innviði þeirra,

p) hvort sýndareignin, sem er hvorki eignatengdur tóki né rafeyristóki, eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka hafi í för með sér mikla hættu á röskun fyrir fjármálastofnanir sem taldar eru mikilvægar fyrir fjármálakerfi Sambandsins,

q) mikilvægis dreifingar annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka til fjármögnunar fyrir útgefandann,

r) hvort sýndareignin, sem er hvorki eignatengdur tóki né rafeyristóki, eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka hafi í för með sér áhættu fyrir markaðinn eða undirliggjandi innviði hans, þ.m.t. dreifða færsluskrártækni sem notuð er til að gefa eignirnar út, geyma þær og millifæra,

s) hvort sýndareignin, sem er hvorki eignatengdur tóki né rafeyristóki, eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka gæti ógnað tiltrú fjárfesta á fjármálakerfið.

2. gr.

Viðmiðanir og þættir sem varða heimildir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til tímabundinnar íhlutunar

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka tillit til eftirfarandi þátta og viðmiðana til að ákvarða hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða með sýndareignir eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu:

a) flækjustigs eignatengda tókans eða rafeyristókans eða tegundar starfsemi eða framkvæmd í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka í tengslum við tegund viðskiptavinar, eins og það er metið í samræmi við c-lið, sem tekur þátt í starfseminni eða framkvæmd, einkum að teknu tilliti til eftirfarandi:

   i. gagnsæis kostnaðar og gjalda tengdum eignatengda tókanum eða rafeyristókanum, starfseminni eða framkvæmdinni í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka og einkum skort á gagnsæi vegna marglaga kostnaðar og gjalda,

   ii. eðlis og umfangs hvers konar áhættu,

   iii. stærðar og samsetningar varasjóðs eigna eins og um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   iv. hvort eignatengdi tókinn eða rafeyristókinn eða þjónustan er í pakka með öðrum afurðum eða tengd við aðrar þjónustur,

   v. þess hve flóknir skilmálarnir eru,

b) alvarleika mögulegra skaðlegra áhrifa, einkum með tilliti til eftirfarandi:

   i. viðmiðunargildis eignatengda tókans eða rafeyristókans,

   ii. fjölda viðskiptavina, eigenda tóka eða markaðsaðila sem hlut eiga að máli,

   iii. hlutfall eignatengda tókans eða rafeyristókans í eignasafni fjárfestis,

   iv. líkanna á, umfangs og eðlis hvers konar skaða, þ.m.t. fjárhæð mögulegs taps,

   v. hve lengi áætlað er að skaðlegar afleiðingar vari,

   vi. stærðar útgáfunnar,

   vii. fjölda millilliða sem hlut eiga að máli,

   viii. vaxtar markaðarins eða sölu,

   ix. meðalfjárhæðar sem hver viðskiptavinur fjárfestir í eignatengda tókanum eða rafeyristókanum,

c) tegundar viðskiptavina sem taka þátt í starfsemi eða framkvæmd í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka eða sem eignatengdur tóki eða rafeyristóki er markaðssettur fyrir eða seldur til, einkum með tilliti til eftirfarandi:

   i. hvort viðskiptavinurinn sé almennur eigandi eða hæfur fjárfestir,

   ii. kunnáttu og hæfni viðskiptavina, þ.m.t. menntunarstigs, reynslu af svipuðum afurðum eða söluaðferðum,

   iii. fjárhagsstöðu viðskiptavina, þ.m.t. tekna og eigna,

   iv. fjárhagslegra meginmarkmiða viðskiptavina, þ.m.t. lífeyrissparnaðar og fjármögnunar húsnæðiskaupa,

d) gagnsæis eignatengda tókans eða rafeyristókans eða tegundar starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til:

   i. falins kostnaðar og gjalda,

   ii. notkunar aðferða sem vekja athygli viðskiptavina en endurspegla ekki endilega hæfi eða heildargæði afurðarinnar eða þjónustunnar,

   iii. eðlis áhættu og gagnsæis áhættu,

   iv. notkunar afurðaheita eða hugtaka eða annarra upplýsinga sem eru misvísandi með því að gefa í skyn meira öryggi eða ávöxtun en raunverulega eru möguleg eða líkleg, eða gefa í skyn eiginleika afurðar sem eru ekki fyrir hendi,

   v. notkunar óheiðarlegra, óskýrra eða villandi upplýsinga í samskiptum,

e) sérstakra eiginleika eða þátta eignatengda tókans eða rafeyristókans eða starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka,

f) það hvort og hve mikið misræmi er milli væntrar ávöxtunar eða hagnaðar fyrir fjárfesta og hættu á tapi í tengslum við eignatengda tókann eða rafeyristókann eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til eftirfarandi:

   i. samsetningarkostnaðar slíkra eignatengdra tóka eða rafeyristóka, starfsemi eða framkvæmdar og annars kostnaðar,

   ii. misræmis í tengslum við útgefandaáhættu sem útgefandinn ber,

   iii. áhættu/ávöxtunarmyndar eða áhættu/ávinningsmyndar,

g) hversu auðvelt það er fyrir fjárfesta að selja viðkomandi eignatengdan tóka eða rafeyristóka eða skipta honum fyrir annan eignatengdan tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til eftirfarandi:

   i. seljanleika eignatengda tókans eða rafeyristókans á markaði,

   ii. tíðni viðskiptamöguleika,

   iii. stærðar útgáfu og stærðar eftirmarkaðar,

   iv. þess hvort veitendur seljanleika eða viðskiptavakar eftirmarkaðar eru til staðar eða ekki,

   v. eiginleika viðskiptakerfisins,

   vi. annarra útgönguhindrana,

h) gagnsæis og tengds kostnaðar við eignatengda tókann eða rafeyristókann eða tegundar starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til annars hvors eftirfarandi:

   i. notkunar falinna gjalda eða aukagjalda,

   ii. gjalda sem endurspegla ekki þjónustustigið sem veitt er,

i) söluaðferða í tengslum við eignatengdan tókann eða rafeyristókann, einkum að teknu tilliti til eftirfarandi:

   i. samskipta- og dreifingarleiða sem notaðar eru,

   ii. upplýsinga-, markaðs- eða annars kynningarefnis í tengslum við fjárfestinguna,

   iii. fyrirhugaðs tilgangs fjárfestingar,

   iv. þess hvort ákvörðun um að kaupa sé önnur eða þriðja í röðinni í kjölfar fyrri kaupa,

j) fjárhags- og rekstrarstöðu útgefanda eða þjónustuveitanda eignatengds tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til annars hvors eftirfarandi:

   i. fjárhagsstöðu útgefanda eða veitanda þjónustu í tengslum við eignatengda tókann eða rafeyristókann,

   ii. gagnsæi rekstrarstöðu útgefanda eða veitanda þjónustu í tengslum við eignatengda tókann eða rafeyristókann,

k) hvort upplýsingar sem annað hvort útgefandinn, tilboðsgjafinn eða þjónustuveitandinn veitir um eignatengdan tóka eða rafeyristóka til að gera markaðsaðilum sem hún er ætluð kleift að taka upplýsta ákvörðun, með tilliti til eðlis og tegundar eignatengda tókans eða rafeyristókans, eru ófullnægjandi eða óáreiðanlegar,

l) hvort eignatengdi tókinn eða rafeyristókinn eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka hafi í för með sér mikla áhættu fyrir árangur af viðskiptum sem þátttakendur eða fjárfestar á viðkomandi markaði stofna til,

m) hvort eignatengdi tókinn eða rafeyristókinn eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka myndi gera hagkerfi Sambandsins viðkvæmt fyrir áhættu,

n) það hvort eiginleikar eignatengds tóka eða rafeyristóka gera þá afurð sérstaklega til þess fallna að vera notuð í efnahagsbrotum, einkum hvort viðkomandi eiginleikar gætu mögulega ýtt undir notkun eignatengdra tóka eða rafeyristóka til:

   i. svika eða óheiðarlegs athæfis,

   ii. misferlis með eða misnotkunar á upplýsingum í tengslum við fjármálamarkað,

   iii. meðhöndlunar ávinnings af afbroti,

   iv. fjármögnunar hryðjuverka,

   v. þess að auðvelda peningaþvætti,

o) hvort starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka hafi í för með sér mikla áhættu fyrir viðnámsþrótt eða snurðulausa starfsemi markaða, greiðslukerfi og innviði þeirra,

p) hvort eignatengdi tókinn eða rafeyristókinn eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka hafi í för með sér mikla hættu á röskun fyrir fjármálastofnanir sem taldar eru mikilvægar fyrir fjármálakerfi Sambandsins,

q) mikilvægis dreifingar eignatengda tókans eða rafeyristókans til fjármögnunar fyrir útgefandann,

r) hvort eignatengdi tókinn eða rafeyristókinn eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka gerir hagkerfi Sambandsins viðkvæmt fyrir áhættu,

s) hvort eignatengdur tóki eða rafeyristóki eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka gæti ógnað tiltrú fjárfesta á fjármálakerfið.

3. gr.

Viðmiðanir og þættir í tilgangi íhlutunar lögbærra yfirvalda

Lögbær yfirvöld skulu taka tillit til eftirfarandi þátta og viðmiðana til að ákvarða hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða með sýndareignir eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í a.m.k. einu aðildarríki:

a) það hve flókin sýndareignin eða tegund starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við sýndareignina er miðað við þá tegund viðskiptavina, samkvæmt mati í samræmi við c-lið, sem koma að starfseminni eða framkvæmdinni eða sem sýndareignin er markaðssett eða seld til, einkum með tilliti til:

   i. gagnsæis gjalda og kostnaðar tengdum sýndareigninni, starfseminni eða framkvæmdinni í tengslum við sýndareignir og, sér í lagi, skorts á gagnsæi vegna marglaga kostnaðar og gjalda,

   ii. eðlis og umfangs hvers konar áhættu,

iii. stærðar og traustleika varasjóðs eigna eins og tilgreint er nánar í tæknilega eftirlitsstöðlunum sem gefnir eru út skv. 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

iv. þess hvort sýndareignin eða þjónustan er samþætt öðrum afurðum eða þjónustu,

v. þess hve flóknir skilmálarnir eru,

b) alvarleika mögulegra skaðlegra afleiðinga, einkum með tilliti til eftirfarandi:

i. undirliggjandi verðmætis sýndareignarinnar,

ii. fjölda viðskiptavina, eigenda tóka eða markaðsaðila sem hlut eiga að máli,

iii. þess hve stóru hlutfalli afurðin nemur af eignasöfnum fjárfesta,

iv. líkanna á, umfangs og eðlis hvers konar skaða, þ.m.t. fjárhæð mögulegs taps,

v. hve lengi áætlað er að skaðlegar afleiðingar vari,

vi. stærðar útgáfunnar,

vii. fjölda millilíða sem hlut eiga að máli,

viii. vaxtar markaðarins eða sölu,

ix. meðalfjárhæðar sem hver viðskiptavinur fjárfestir fyrir í sýndareigninni,

c) tegundar viðskiptavina sem taka þátt í starfsemi eða framkvæmd í tengslum við sýndareignir eða sem sýndareign er markaðssett fyrir eða seld til, einkum með tilliti til eftirfarandi:

i. hvort viðskiptavinurinn sé almennur eigandi eða hæfur fjárfestir,

ii. kunnáttu og hæfni viðskiptavina, þ.m.t. menntunarstigs, reynslu af svipuðum sýndareignum eða söluaðferðum,

iii. fjárhagsstöðu viðskiptavina, þ.m.t. tekna og eigna,

iv. fjárhagslegra meginmarkmiða viðskiptavina, þ.m.t. lífeyrissparnaðar og fjármögnunar húsnæðiskaupa,

d) gagnsæi sýndareignar eða tegundar starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við sýndareignir, einkum með tilliti til eftirfarandi:

i. falins kostnaðar og gjalda,

ii. notkunar aðferða sem vekja athygli viðskiptavina en endurspegla ekki endilega hæfi eða heildargæði afurðarinnar eða þjónustunnar,

iii. eðlis áhættu og gagnsæis áhættu,

iv. notkunar afurðaheita eða hugtaka eða annarra upplýsinga sem eru misvísandi með því að gefa í skyn meira öryggi eða ávöxtun en raunverulega eru möguleg eða líkleg, eða gefa í skyn eiginleika afurðar sem eru ekki fyrir hendi,

v. notkunar óheiðarlegra, óskýrra eða villandi upplýsinga í samskiptum,

e) sérstakra eiginleika eða þátta sýndareignarinnar eða starfseminnar eða framkvæmdarinnar í tengslum við sýndareignir,

f) það hvort og hve mikið misræmi er milli væntrar ávöxtunar eða hagnaðar fyrir fjárfesta og hættu á tapi í tengslum við sýndareignina eða starfsemi eða venju í tengslum við sýndareignir, einkum með tilliti til eftirfarandi:

i. samsetningarkostnaðar slíkra sýndareigna, starfsemi eða framkvæmdar og annars kostnaðar,

ii. misræmis í tengslum við útgefandaáhættu sem útgefandinn ber,

iii. áhættu/ávöxtunarmyndar eða áhættu/ávinningsmyndar,

g) kostnaðar og það hve auðvelt er fyrir fjárfesta að selja viðkomandi sýndareign eða skipta yfir í aðra sýndareign, einkum með tilliti til:

i. verðbils kaup- eða sölutilboða,

ii. seljanleika sýndareigna á markaði,

iii. tíðni viðskiptamöguleika,

iv. stærðar útgáfu og stærðar eftirmarkaðar,

v. þess hvort veitendur seljanleika eða viðskiptavakar eftirmarkaðar eru til staðar eða ekki,

vi. eiginleika viðskiptakerfisins,

vii. annarra útgönguhindrana,

h) verðlagningu og tengdan kostnað sýndareignar eða tegundar starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við sýndareignir, einkum með tilliti til annars hvors eftirfarandi:

i. notkunar falinna gjalda eða aukagjalda,

ii. gjalda sem endurspegla ekki þjónustustigið sem veitt er,

i) söluaðferðir í tengslum við sýndareignina, einkum með tilliti til:

i. samskipta- og dreifingarleiða sem notaðar eru,

ii. upplýsinga-, markaðs- eða annars kynningarefnis í tengslum við fjárfestinguna,

iii. fyrirhugaðs tilgangs fjárfestingar,

iv. þess hvort ákvörðun um að kaupa er önnur eða þriðja í röðinni í kjölfar fyrri kaupa,

j) fjárhags- og rekstrarstöðu útgefanda eða þjónustuveitanda sýndareignar, einkum með tilliti til annars hvors eftirfarandi:

i. fjárhagsstöðu útgefanda eða þjónustuveitanda sýndareignar,

ii. gagnsæis rekstrarstöðu útgefanda eða þjónustuveitanda sýndareignar,

k) það hvort upplýsingar sem annaðhvort útgefandi eða tilboðsgjafi eða þjónustuveitandi veitir um sýndareign til að gera markaðsaðilum sem hún er ætluð kleift að taka upplýsta ákvörðun, með tilliti til eðlis og tegundar sýndareignar, eru ófullnægjandi eða óáreiðanlegar,

l) það hvort sýndareignin eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við sýndareignir felur í sér mikla áhættu fyrir árangur viðskipta sem þátttakendur eða fjárfestar á viðkomandi markaði stofna til,

m) það hvort starfsemin eða framkvæmdin dregur verulega úr heilbrigði verðmyndunarferlisins á viðkomandi markaði, þannig að verð eða virði viðkomandi sýndareignar lúti ekki lengur eðlilegum markaðslögmálum framboðs og eftirspurnar eða markaðsaðilar geti ekki lengur reitt sig á verð sem myndast á þeim markaði eða á magn viðskipta sem grundvöll fyrir fjárfestingarákvarðanir sínar,

n) hvort sýndareignin eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við sýndareignir myndi gera hagkerfi landsins viðkvæmt fyrir áhættu,

o) það hvort eiginleikar sýndareignar gera hana sérstaklega til þess fallna að vera notuð í efnahagsbrotum, einkum hvort viðkomandi eiginleikar gætu mögulega ýtt undir notkun sýndareignarinnar til:

i. svika eða óheiðarlegs athæfis,

ii. misferlis með eða misnotkunar á upplýsingum í tengslum við fjármálamarkað,

iii. meðhöndlunar ávinnings af afbroti,

iv. fjármögnunar hryðjuverka,

v. þess að auðvelda peningaþvætti,

p) það hvort sýndareign eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við sýndareignir felur í sér sérstaklega mikla áhættu fyrir viðnámsþrótt eða snurðulausa starfsemi markaða og innviða þeirra,

q) hvort sýndareignin eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við sýndareignir felur í sér mikla hættu á röskun fyrir fjármálastofnanir sem taldar eru mikilvægar fyrir fjármálakerfi aðildarríkis viðkomandi lögbærs yfirvalds,

r) mikilvægi dreifingar sýndareignarinnar sem fjármögnunarleiðar fyrir útgefandann,

s) það hvort sýndareign eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við sýndareignir felur í sér sérstaka áhættu fyrir markaðinn eða innviði greiðslukerfa, þ.m.t. viðskipta-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfi,

t) hvort sýndareign eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við sýndareignir gæti ógnað tiltrú fjárfesta á fjármálakerfið.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. febrúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2545 **2026/EES/19/13**

frá 24. september 2024

um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 11. mgr. 95. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markaðir með sýndareignir ná í eðli sínu yfir landamæri. Því er nauðsynlegt að tryggja að lögbær yfirvöld í mismunandi aðildarríkjum geti unnið saman og skipst á upplýsingum sem gera þeim kleift að hafa skilvirkt eftirlit með útgefendum og veitendum sýndareigna og þjónustuveitendum sýndareigna sem starfa um gervallt Sambandið. Lögbær yfirvöld ættu að hafa aðgang að þeim upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að geta sinnt eftirlits-, rannsóknar- og framfylgdarskyldum sínum og -hlutverkum á skilvirkan hátt.

2) Til að tryggja að lögbær yfirvöld geti unnið saman og skipst á upplýsingum á skilvirkan og tímanlegan hátt og veitt hvort öðru aðstoð, að því er varðar reglugerð (ESB) 2023/1114, þykir rétt að koma á sameiginlegum verklagsreglum, eyðublöðum og sniðmátum fyrir framlagningu beiðna um aðstoð, staðfestingu á móttöku og svör við slíkum beiðnum.

3) Alla jafna ætti að skiptast skriflega á upplýsingum. Munnleg samskipti ættu þó að vera möguleg í viðeigandi tilvikum, þ.m.t. einkum áður en skrifleg beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti er send, til að veita upplýsingar um væntanlega beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti eða til að ræða málefni sem gætu gert það erfitt um vik að verða við þeirri beiðni. Í brýnum tilvikum ætti einnig að vera mögulegt að óska munnlega eftir samstarfi eða upplýsingaskiptum, að því tilskildu að þessi brýna nauðsyn stafi ekki af töfum af hálfu aðilans sem leggur fram beiðnina.

4) Heimila ætti brýnar beiðnir um samstarf eða upplýsingaskipti ef yfirvald sem leggur fram beiðni krefst skjótra svara til að stöðva verulegt tjón eða koma í veg fyrir verulegt tjón hjá fjárfestum eða á stöðugleika og trausti á fjármálakerfinu. Þetta á einnig við um tilvik þar sem lögbært yfirvald gistiaðildarríkis hefur t.d. nýlega aflað sönnunargagna sem sýna að þjónustuveitandi sýndareigna með starfsleyfi í öðru aðildarríki sé að markaðssetja sýndareignir sem samrýmast ekki ákvæðum um verndun viðskiptavina eða almennra eigenda, sem settar eru fram í 102. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Einnig ætti að heimila brýnar beiðnir ef lögbært yfirvald gistiaðildarríkis hefur móttekið kvartanir í tengslum við þjónustuveitanda sýndareigna sem hefur starfsleyfi í öðru aðildarríki eða ef lögbært yfirvald hefur ástæðu til að ætla að þjónustuveitandi sýndareigna sem starfar innan lögsögu þess eigi á hættu að verða ógjaldfær sem gæti haft áhrif á viðskiptavini innan lögsögu þess eða stöðugleika fjármálamarkaða.

5) Reglugerð (ESB) 2023/1114 kveður á um að lögbær yfirvöld þurfi að starfa saman, skiptast á upplýsingum og veita gagnkvæma aðstoð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2545, 26.11.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 49.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

6) Kveða ætti á um óumbeðna sendingu upplýsinga í samræmi við reglugerð (ESB) 2023/1114, þ.m.t. valfrjálsa aðstoð þegar lögbært yfirvald aðildarríkis telur að upplýsingar í fórum þess geti komið að gagni fyrir annað lögbært yfirvald. Þegar lögbært yfirvald sendir óumbeðnar upplýsingar ætti það að tryggja að það hafi lagagrundvöll fyrir því og tilgreina það á eyðublaðinu sem sett er fram í viðkomandi viðauka.

7) Með beiðni um aðstoð skv. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 ættu að fylgja nægilegar upplýsingar um efni beiðninnar, þ.m.t. ástæður beiðninnar og samhengi hennar, til að gera yfirvaldinu sem beiðni er beint til kleift að afgreiða beiðnina með skilvirkum og skjótum hætti. Yfirvald sem leggur fram beiðni ætti ekki að þurfa að tilgreina þá málavexti sem leiða til gruns um brot og eru tilefni beiðninnar, ef umbeðnar upplýsingar eru yfirvaldinu nauðsynlegar til að uppfylla skyldur sínar.

8) Verklag við samvinnu ætti að heimila og auðvelda boðskipti, samráð og samskipti milli yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina og yfirvaldsins sem henni er beint til til að tryggja skilvirka úrvinnslu beiðna um upplýsingar eða aðstoð. Þetta verklag ætti einnig að gera lögbærum yfirvöldum kleift að veita hverju öðru endurgjöf um gagnsemi fenginna upplýsinga eða fenginnar aðstoðar, um útkomu máls þar sem aðstoðar var leitað og um vandkvæði sem komu upp við veitingu slíkra upplýsinga eða aðstoðar.

9) Verklag og eyðublöð fyrir upplýsingaskipti og aðstoð ættu að tryggja trúnað um þær upplýsingar sem skipst er á eða sendar eru og hlítingu reglna um vernd á réttindum einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, hefur þróað og lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur leitað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]).

12) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á né greint mögulegan kostnað og ávinning af að innleiða slíka staðla þar sem slíkt myndi vera í grófu ósamræmi við umfang og áhrif staðlanna, að teknu tilliti til þess að þessi reglugerð myndi aðeins hafa áhrif á lögbær yfirvöld aðildarríkjanna en hefði ekki áhrif á markaðsaðila.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreining

Í þessari reglugerð merkir „rafræn aðferð“ rafrænn búnaður til vinnslu (þ.m.t. stafrænnar samþjöppunar), geymslu og sendingar á gögnum með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum sem tryggir að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna viðhaldist meðan á sendingu þeirra stendur.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

2. gr.

Tengiliðir

1. Hvert lögbært yfirvald skal tilnefna tengilið til að leggja fram beiðnir um samstarf eða upplýsingaskipti skv. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. Lögbær yfirvöld skulu miðla upplýsingum um tengiliði sína til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eigi síðar en 15. janúar 2025 og skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni uppfærðar upplýsingar eftir þörfum.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal halda lista yfir alla tengiliði sem lögbær yfirvöld tilnefna skv. 1. mgr. og halda honum uppfærðum.

3. gr.

Beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti

1. Yfirvald sem leggur fram beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti skal gera það skriflega, með pósti eða rafrænum hætti. Það skal stíla beiðnina á tengiliðinn sem er tilnefndur skv. 2. gr.

2. Þegar lögbært yfirvald óskar eftir samstarfi eða upplýsingaskiptum skal það nota eyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka og skal:

a) tilgreina nánar viðkomandi upplýsingar sem óskað er eftir,

b) tilgreina, eftir því sem við á, atriði er varða þagnarskyldu um þær upplýsingar sem óskað er eftir.

4. gr.

Staðfesting á móttöku beiðna um samstarf eða upplýsingaskipti

1. Innan 5 virkra daga frá móttöku beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti skal yfirvaldið sem beiðninni er beint til senda staðfestingu á móttöku með pósti eða rafrænum hætti til tengiliðarins sem tilnefndur er skv. 2. gr., nema annað sé sérstaklega tilgreint í beiðninni. Nota skal eyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka við staðfestingu á móttöku og á því skal tekið fram, ef það er mögulegt, áætlaða dagsetningu eða tímaramma þegar búast má við svari við beiðninni.

2. Ef ekki er unnt að tilgreina áætlaðan dag eða tímaramma fyrir svarið skal yfirvaldið sem beiðninni er beint til tilgreina hversu títt það mun færa yfirvaldinu sem leggur fram beiðni fregnir af málinu.

5. gr.

Svar við beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti

1. Yfirvald sem beiðni er beint til um samstarf eða upplýsingaskipti skal svara skriflega með pósti eða rafrænum hætti. Svarið skal stílað á tengiliðinn sem tilnefndur er skv. 2. gr., nema annað sé tilgreint í beiðninni. Ef yfirvald sem beiðni er beint til krefst viðbótarupplýsinga í tengslum við beiðnir um samstarf eða upplýsingaskipti skal yfirvaldið tafarlaust óska eftir nánari útlistun með öllum tiltækum ráðum.

2. Yfirvaldið sem beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti er beint til skal svara með eyðublaðinu sem sett er fram í III. viðauka og skal:

a) gera allar eðlilegar ráðstafanir innan valdsviðs síns til að veita umbeðnar upplýsingar eða aðstoð,

b) bregðast við án ástæðulausrar tafar, að teknu tilliti til þess hversu flókin beiðnin er og hvort nauðsyn sé á þátttöku þriðju aðila eða annars lögbærs yfirvalds.

3. Ef yfirvald sem beiðni er beint til neitar að bregðast við beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti, að hluta til eða í heild, skal yfirvaldið tilkynna yfirvaldinu sem leggur fram beiðni skriflega eins fljótt og auðið er um ákvörðun sína, annaðhvort með pósti eða rafrænum hætti og tilgreina hverja af þeim ástæðum synjunar sem settar voru fram í 2. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 það styðst við.

6. gr.

Brýnar beiðnir um samstarf eða upplýsingaskipti

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. gr. skal verklagið í þessari grein gilda um brýnar beiðnir um samstarf eða upplýsingaskipti.

2. Yfirvald sem leggur fram beiðni skal tilgreina á skýran hátt ástæðurnar fyrir því að beiðnin telst brýn, með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. getur yfirvald sem leggur fram beiðni fyrst miðlað upplýsingunum munnlega ef þær raunverulegu aðstæður sem voru tilefni beiðninnar réttlæta það. Þessa munnlegu beiðni skal síðan staðfesta skriflega og senda til yfirvaldsins sem beiðni er beint til án ótilhlýðilegrar tafar með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka, nema yfirvaldið sem beiðni er beint til samþykki annað.

4. Innan þriggja virkra daga frá móttöku brýnnar beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti skal yfirvaldið sem beiðninni er beint til senda skriflega staðfestingu á móttöku með pósti eða rafrænum hætti til tengiliðarins sem tilnefndur er skv. 2. gr. með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka, nema annað sé sérstaklega tilgreint í beiðninni.

5. Ef yfirvald sem beiðni er beint til er ósammála því að beiðnin sé brýn skal það tilkynna yfirvaldinu sem leggur fram beiðni um það, ásamt staðfestingu á móttöku, gefa skýrar ástæður fyrir því og nota eyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka. Í slíku tilviki skal ekki meðhöndla beiðnina sem brýna beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti.

6. Ef yfirvald sem beiðni er beint til neitar að bregðast við brýnni beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti að hluta til eða í heild, skal yfirvaldið tilkynna yfirvaldinu sem leggur fram beiðni skriflega eins fljótt og auðið er um ákvörðun sína, með pósti eða rafrænum hætti og tilgreina hverja af þeim ástæðum synjunar sem settar voru fram í 2. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 það styðst við.

7. Yfirvald sem beiðni er beint til skal veita nákvæmt og skiljanlegt svar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 10 virkum dögum frá því að beiðnin var móttekin. Veita skal svarið skriflega, með pósti eða rafrænum hætti, með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka, nema yfirvaldið sem leggur fram beiðni samþykki annað.

8. Ef yfirvald sem beiðni er beint til getur ekki veitt yfirvaldinu sem leggur fram beiðni nákvæmt og skiljanlegt svar innan 10 virkra daga skal það, þrátt fyrir ákvæði 7. mgr., veita svar að hluta innan frestsins. Í því tilviki skal yfirvald sem beiðni er beint til veita nákvæmt og skiljanlegt svar innan 20 virkra daga frá því að upphaflega beiðnin er móttekin. Ef yfirvald sem beiðni er beint til getur ekki safnað öllum nauðsynlegum upplýsingum fyrir þann tíma skal það veita yfirvaldinu sem leggur fram beiðni skýringu á viðeigandi takmörkunum.

7. gr.

Verklag sendinga og afgreiðslu beiðna um samstarf eða upplýsingaskipti

1. Yfirvald sem leggur fram beiðni og yfirvaldið sem beiðni er beint til skulu eiga samskipti með eins skjótum hætti og unnt er, að teknu tilliti til eftirfarandi:

a) þagnarskyldu,

b) samskiptatíma,

c) magns efnis sem þarf að miðla,

d) hversu auðvelt er fyrir yfirvald sem leggur fram beiðni að nálgast upplýsingarnar.

Yfirvaldið sem leggur fram beiðnina skal svara skjótt öllum beiðnum um útskýringar frá yfirvaldinu sem beiðninni er beint til.

2. Ef ekki er hægt að veita svar fyrir áætlaðan dag eða tímaramma sem um getur í 1. mgr. 4. gr. skal yfirvald sem beiðni er beint til gefa yfirvaldinu sem leggur fram beiðni nýja dagsetningu eða tímaramma, þar sem ástæður tafarinnar eru útskýrðar, með sömu aðferðum og notaðar eru til að staðfesta móttöku beiðninnar.

3. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram skulu vinna saman að því að leysa þau vandkvæði sem upp kunna að koma við afgreiðslu beiðninnar.

8. gr.

Verklag um beiðnir um skýrslutöku af einstaklingi

1. Ef yfirvaldið sem leggur fram beiðni biður í henni um skýrslutöku af einstaklingi skulu yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram, með fyrirvara um gildandi lagalegar takmarkanir eða hömlur og mismunandi verklagskröfur, meta og taka tillit til eftirfarandi:

a) réttinda þeirra einstaklinga sem taka á skýrslur af, þ.m.t., eftir atvikum, atriða sem varða það að fella ekki á sig sök,

b) hlutverks og eðlis þátttöku starfsfólks yfirvalds sem beiðni er beint til og yfirvalds sem leggur fram beiðni um skýrslutöku, einkum hvort þátttakan er virk eða óvirk,

c) þess hvort einstaklingurinn sem fyrirhugað er að taka skýrslu af eigi rétt á aðstoð lagalegs fyrirsvarsmanns og, ef svo er, umfangs aðstoðar lagalega fyrirsvarsmannsins meðan á skýrslutöku stendur, þ.m.t. með tilliti til gagna eða greinargerðar um skýrslugjöfina,

d) þess hvort skýrslugjöfin sé valfrjáls eða skyldubundin, ef slíkur greinarmunur er gerður,

e) þess hvort, miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir þegar beiðnin er lögð fram, einstaklingurinn sem taka á skýrslu af sé vitni eða liggi undir grun, ef slíkur greinarmunur er gerður,

f) þess hvort, miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir þegar beiðnin er lögð fram, unnt eða fyrirhugað sé að nota skýrslugjöfina í sakamáli,

g) þess hvort skýrslugjöfin sé tæk í lögsögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina,

h) skráningar skýrslugjafarinnar og gildandi verklags, þ.m.t. hvort yfirlýsingin verði skráð jafnóðum, dregin saman í skriflega greinargerð eða skráð á hljóðformi eða hljóð- og hreyfimyndformi,

i) verklags við vottun eða staðfestingu skýrslugjafa á skýrslugjöf sinni, þ.m.t. hvort það fer fram að skýrslutöku lokinni, og

j) verklags um sendingu skýrslunnar til yfirvalds sem leggur fram beiðni, þ.m.t. snið og tímasetninga slíkra sendinga.

2. Yfirvald sem beiðni er beint til og yfirvaldið sem leggur fram beiðni skulu tryggja að ráðstafanir hafi verið gerðar til að starfsfólk þeirra geti starfað á skilvirkan hátt og náð samkomulagi um eftirfarandi:

a) áætlaðar dagsetningar,

b) spurningalista sem lagður skal fyrir skýrslugjafann,

c) ferðafyrirkomulag, þ.m.t. til að tryggja að yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram geti hist til að ræða málið áður en skýrsla er tekin,

d) ráðstafanir í tengslum við tungumál,

e) allar aðrar hagnýtar spurningar sem kunna að koma upp í tengslum við skýrslutöku.

9. gr.

Verklag fyrir beiðni um rannsókn eða vettvangsskoðun

1. Ef beiðni um að framkvæma rannsókn eða vettvangsskoðun er lögð fram skv. 4. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og yfirvaldið sem henni er beint til hafa samráð um það hvernig beiðnin geti nýst sem best, að teknu tilliti til a- til d-liðar annarrar undirgreinar 4. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. um kosti þess að framkvæma sameiginlega rannsókn eða sameiginlega vettvangsskoðun.

2. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal halda yfirvaldinu sem leggur hana fram upplýstu um gang rannsóknarinnar eða vettvangsskoðunarinnar og senda niðurstöður sínar tafarlaust til síðara yfirvaldsins.

3. Við ákvörðun þess hvort hefja eigi sameiginlega rannsókn eða sameiginlega vettvangsskoðun skulu yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og yfirvaldið sem henni er beint til taka tillit til a.m.k. eftirfarandi þátta:

a) efnis aðstoðarbeiðna frá yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina, þ.m.t. sjónarmiða um hve viðeigandi væri að framkvæma sameiginlega rannsókn eða sameiginlega vettvangsskoðun,

b) hvort lögbær yfirvöld séu hvort um sig að gera eigin athuganir á máli sem nær yfir landamæri og hvort heppilegra væri að hafa samvinnu um málið,

c) laga- og regluramma í hvorri lögsögu þeirra um sig, sem og mögulegar hömlur og lagatakmarkanir á framkvæmd sameiginlegrar rannsóknar eða vettvangsskoðunar og á hvers kyns málsmeðferð í kjölfarið, þ.m.t. atriða sem tengjast réttinum til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis,

d) nauðsynlegrar stjórnunar og leiðsagnar í þágu rannsóknarinnar eða vettvangsskoðunarinnar,

e) úthlutunar tilfanga og skipunar starfsfólks sem fer með framkvæmd rannsókna eða vettvangsskoðana,

f) möguleikans á að koma á sameiginlegri aðgerðaáætlun og tímaáætlun verkefna sem hvort lögbært yfirvald um sig mun vinna að,

g) ákvörðunar þeirra aðgerða sem hvort lögbært yfirvald þarf að grípa til, sameiginlega eða hvort í sínu lagi,

h) gagnkvæmrar miðlunar þeirra upplýsinga sem aflað er og upplýsingagjafar um útkomu einstakra aðgerða sem gripið er til,

i) annarra atriða sem eru sértæk fyrir hvert tilvik.

4. Ákveði yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og yfirvaldið sem henni er beint til að ráðast í sameiginlega rannsókn eða vettvangsskoðun skulu þau:

a) koma sér saman um verklag framkvæmdar og lok hennar,

b) vera í áframhaldandi samskiptum til að samræma upplýsingaöflun og sameiginlega ákvörðun málsatvika,

c) starfa náið saman að framkvæmd viðkomandi sameiginlegrar rannsóknar eða vettvangsskoðunar,

d) veita gagnkvæma aðstoð við síðari stjórnvaldsmeðferðir að því marki sem heimilt er að lögum, þ.m.t. samræma málsmeðferðir eða aðrar stjórnvaldsaðgerðir sem tengjast niðurstöðu sameiginlegrar rannsóknar eða sameiginlegrar vettvangsskoðunar, hvort sem er stjórnsýslumál, einkamál eða sakamál, eða, eftir atvikum, mögulega sáttagerð,

e) tilgreina þau lagaákvæði sem gilda um viðfangsefni sameiginlegu rannsóknarinnar eða vettvangsskoðunarinnar.

10. gr.

Óumbeðin miðlun upplýsinga

Ef lögbært yfirvald býr yfir upplýsingum sem það telur að myndi hjálpa öðru lögbæru yfirvaldi við að inna störf sín af hendi skv. reglugerð (ESB) 2023/1114 skal það senda upplýsingarnar skriflega með pósti eða rafrænum hætti til hins lögbæra yfirvaldsins án ótilhlýðilegrar tafar, með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í IV. viðauka og tilgreina lagagrundvöll fyrir afhendingu upplýsinganna.

11. gr.

Takmarkanir og heimil notkun upplýsinga

1. Lögbæra yfirvaldið sem leggur fram beiðni og lögbæra yfirvaldið sem henni er beint til skulu láta viðeigandi viðvörun um þagnarskyldu fylgja öllum beiðnum um aðstoð, svörum við aðstoðarbeiðnum og sendingum óumbeðinna upplýsinga, í samræmi við eyðublöðin sem sett eru fram í viðaukanum.

2. Þurfi yfirvaldið sem beiðninni er beint til að veita þær upplýsingar, til þess að uppfylla beiðnina, að yfirvald sem leggur fram beiðnina hafi gert það skal fyrra yfirvaldið leggja fram beiðnina eftir að hafa rætt um eðli og umfang þeirrar upplýsingagjafar sem þörf er á við yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og að fengnu samþykki þess lögbæra yfirvalds fyrir slíkri upplýsingagjöf. Veiti yfirvaldið sem leggur fram beiðnina ekki samþykki sitt fyrir upplýsingagjöfinni skal yfirvaldið sem beiðninni er beint til ekki aðhafast á grundvelli beiðninnar og er þá yfirvaldinu sem leggur hana fram heimilt að draga hana til baka eða fresta henni þar til því er unnt að veita slíkt samþykki fyrir upplýsingagjöf.

3. Upplýsingar sem mótteknar eru í samræmi við 10. gr. skulu einungis notaðar í þeim tilgangi að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2023/1114 eða til að framfylgja þeim, þ.m.t. til að höfða, reka eða aðstoða við sakamál, stjórnsýslumál, einkamál eða agamál vegna brots gegn ákvæðum þeirrar reglugerðar.

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. september 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ FYRIR BEIÐNIR UM SAMSTARF EÐA UPPLÝSINGASKIPTI

Beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

Almennar upplýsingar

FRÁ

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/ágæta [*færa skal inn viðeigandi nafn*]

Í samræmi við 3. gr. er óskað eftir innleggi ykkar í tengslum við mál sem nánar er greint frá hér að neðan.

Við yrðum þakklát fyrir að fá svar við ofangreindri beiðni í síðasta lagi [*tilgreina skal tímaramma eftir tegund beiðni*] frá móttöku þessarar beiðni.

Tegund beiðni

Haka skal í viðeigandi reit(i)

Eftirlitsstarfsemi (upplýsingagjöf, skýrslutaka) □

Rannsókn □

Vettvangsskoðun □

□

Hversu brýn beiðnin er

Haka skal í viðeigandi reit(i)

Ekki brýn beiðni □

Brýn beiðni □

[*Yfirvald sem leggur fram beiðni*] biður [*yfirvald sem beiðni er beint til*] að líta á þessa beiðni sem brýna af eftirfarandi ástæðum:

.....
.....
.....

[*tilgreina skal á skýran hátt ástæður þess að beiðnin telst vera brýn, þ.m.t. hvort beiðnin hafi upphaflega verið gerð munnlega*]

Ástæður beiðni

.....
.....
.....

[*færa skal inn ákvæði sérlaga i) sem eru forsendur þess að yfirvaldið sem leggur fram beiðnina sé lögbært til að annast málið og ii) sem gætu hugsanlega verið brotin.*]

Beiðnin varðar samstarf eða upplýsingaskipti um

.....
.....
.....

[*færa skal inn lýsingu á viðfangsefni beiðninnar, tilgangi þess að óskað er eftir samstarfi eða upplýsingaskiptum, málsatvikum sem liggja að baki rannsókninni og til grundvallar beiðninni og útskýringu á hvernig svar við umbeðnum upplýsingum eða aðstoð komi að gagni til að uppfylla skyldur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114* (1)]

Með vísan til

.....
.....
.....

[*ef við á skal færa inn upplýsingar um fyrri beiðni svo unnt sé að bera kennsl á hana*]

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj).

Eftirlitsstarfsemi (upplýsingagjöf, skýrslutaka)

Veiting upplýsinga

Lýsa skal ítarlega þeim tilteknu upplýsingum sem óskað er eftir og ástæðum þess að þær nýtist og láta fylgja lista yfir þá aðila sem gætu búið yfir þessum upplýsingum eða staði þar sem unnt er að afla slíkra upplýsinga, sé það vitað.

.....

.....

.....

Varði beiðnin upplýsingar sem tengjast viðskiptum eða fyrirmælum/tilboði sem varðar tiltekna sýndareign skal veita eftirfarandi upplýsingar.

Auðkenni afurðar:

.....

[*færa skal inn nákvæma lýsingu á sýndareigninni, þ.m.t. afurðarauðkenni í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um að koma á tæknistaðli, sem samþykkt var skv. b-lið 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114*]

Auðkenni aðila:

.....

[*færa skal inn þá aðila sem tengjast viðskiptunum eða fyrirmælunum/tilboðinu, þ.m.t. aðilann sem á í viðskiptum með sýndareignina eða fyrir hvers hönd viðskiptin eru talin hafa átt sér stað. Tilgreina skal viðeigandi auðkenniskóða, ef hann er til staðar, svo sem LEI-auðkenni eða auðkenniskóða viðskiptavinar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014* ([2])]

Dagsetningar:

.....

[*færa skal inn milli hvaða dagsetninga viðskiptin eða fyrirmælin/tilboðin um þessar sýndareignir voru lögð fram, þ.m.t. sé um að ræða umtalsverðan tíma, ástæður þess að allt tímabilið sé nauðsynlegt*]

Varði beiðnin upplýsingar sem tengjast atvinnurekstri eða starfsemi aðila, skal veita upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á þann aðila.

.....

.....

.....

Ef taka þarf sérstakt tillit til þess hversu viðkvæmar umbeðnar upplýsingar eru skal gefa upplýsingar um hversu viðkvæmar þær eru og hvaða sérstöku varúðarráðstafanir þarf að gera við öflun þeirra vegna atriða sem tengjast rannsókninni.] Tilgreina skal einnig hvort yfirvald sem beiðni er beint til geti upplýst um auðkenni yfirvaldsins sem leggur fram beiðni.

.....

.....

.....

.....

Tilgreina skal allar viðbótarupplýsingar sem taldar eru viðeigandi.

.....

.....

.....

[*T.d. hvort yfirvaldið sem leggur fram beiðnina hafi verið eða verði í sambandi við annað yfirvald eða löggæslustofnun í aðildarríki yfirvaldsins sem beiðninni er beint til í tengslum við efni beiðninnar eða við annað yfirvald sem, að því er yfirvaldið sem leggur fram beiðnina best veit, á virkra hagsmuna að gæta varðandi efni beiðninnar*]

Skýrslutaka

Tilgreina skal:

a) Yfirlýsingu samkvæmt:

i. eiði □

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2014/600/oj).

ii. staðfestingu □

iii. skriflega □

b) Grundvöllur yfirlýsingar:

i. sjálfviljugur □

ii. skyldubundinn □

c) Nauðsyn og tilgangur skýrslutöku og, eftir því sem við á, að krefjast eiðsvarinnar yfirlýsingar eða staðfestingar:

.....
.....
.....

d) Nöfn einstaklinga sem skýrsla skal tekin af:

.....
.....
.....

[*færa skal inn upplýsingar um þá einstaklinga sem skýrsla verður tekin af til að gera yfirvaldinu sem beiðninni er beint til kleift að hefja boðunarferli skýrslutöku þegar við á*]

e) Nákvæm lýsing á þeim upplýsingum sem sóst er eftir, þ.m.t. bráðabirgðaspurningalisti (liggi hann fyrir þegar beiðnin er send).

.....
.....
.....

f) Allar viðbótarupplýsingar sem taldar eru viðeigandi:

.....
.....
.....

[*T.d. hvort starfsfólk yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina óskar eftir að taka þátt í skýrslutökunni, upplýsingar um þá fulltrúa yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina sem munu taka þátt og, eftir atvikum, lýsing á laga- og málsmeðferðarkröfum sem ber að hlíta til að tryggja að skýrslan verði lögmæt í lögsögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðni*]

Upphaf rannsóknar

Varði beiðnin það að hefja rannsókn fyrir hönd yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina skal veita upplýsingar sem gera yfirvaldinu sem beiðninni er beint til kleift að meta hvort það hafi hagsmuni af því að hefja sameiginlega rannsókn, þ.m.t. rannsóknartillögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina, rökstuðning fyrir því að hefja rannsókn og áætlaðan ávinning fyrir yfirvaldið.

.....
.....
.....

[*tilgreina skal allar viðkomandi upplýsingar sem yfirvaldið sem beiðninni er beint til þarf til að veita nauðsynlega aðstoð með því að hefja rannsókn eða sameiginlega rannsókn, eftir atvikum*]

Upphaf vettvangsskoðunar

Varði beiðnin það að ráðast í vettvangsskoðun fyrir hönd yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina skal veita upplýsingar sem gera yfirvaldinu sem beiðninni er beint til kleift að meta hvort það hafi hagsmuni af því að hefja sameiginlega vettvangsskoðun, þ.m.t. tillögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina um vettvangsskoðunina, rökstuðning fyrir því að hefja skoðun og áætlaðan ávinning fyrir það yfirvald.

.....
.....
.....

[*tilgreina skal allar viðkomandi upplýsingar sem yfirvaldið sem beiðninni er beint til þarf til að veita nauðsynlega aðstoð með því að hefja vettvangsskoðun eða sameiginlega vettvangsskoðun, eftir atvikum*]

Þagnarskylda gildir um upplýsingarnar sem koma fram í þessari beiðni í samræmi 11. gr. þessarar reglugerðar og 100. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Farið skal að kröfum sem settar eru fram í 101. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 að því er varðar allar persónuupplýsingar sem koma fram í beiðninni. Einkum skulu viðkomandi lögbær yfirvöld tryggja að allar viðeigandi upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga séu veittar skráðum aðilum í samræmi við 2. þátt, „Upplýsingar og aðgangur að persónuupplýsingum“ í III. kafla, „Réttindi skráðs einstaklings“ í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([3]).

Virðingarfyllst,

[*undirskrift*]

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

II. VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ FYRIR STAÐFESTINGU Á MÓTTÖKU

Staðfesting á móttöku

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

FRÁ

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [*færa skal inn viðkomandi nafn*],

Við staðfestum hér með móttöku á beiðni þinni um samstarf eða upplýsingaskipti *[færa skal inn tilvísun í beiðni]* þann [*færa skal inn dagsetningu*].

□ [*Yfirvald sem beiðni er beint til*] mun ekki geta svarað innan tilskilins frests af eftirfarandi ástæðum [*tilgreina skal hvaða undantekningar eiga við í þinni stöðu*]:

.....

.....

.....

[*Ef yfirvaldið sem beiðni er beint til getur ekki svarað innan tilskilins frests skal tilgreina ástæður þess og áætlaðan svardag*]

□ [*Yfirvald sem beiðni er beint til*] telur að beiðni sem var móttekin frá [*yfirvald sem leggur fram beiðni*] þann [*færa skal inn dagsetningu*] sé ekki áríðandi af eftirfarandi ástæðum:

.....
.....
.....

[*Ef yfirvaldið sem beiðni er beint til er ósammála því hversu brýn beiðnin er skal tilgreina ástæður þess innan frestsins sem settur er fram í 3. mgr. 6. gr.*]

Viðkomandi lögbær yfirvöld skulu vinna allar veittar persónuupplýsingar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([1]). Einkum skulu viðkomandi lögbær yfirvöld tryggja að allar viðeigandi upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga séu veittar skráðum aðilum í samræmi við 2. þátt, „Upplýsingar og aðgangur að persónuupplýsingum“ í III. kafla, „Réttindi skráðs einstaklings“ í þeirri reglugerð.

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj)

III. VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ FYRIR SVAR VIÐ BEIÐNI UM SAMSTARF EÐA UPPLÝSINGASKIPTI

Svar við beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

FRÁ

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [*færa skal inn viðkomandi nafn*],

Í samræmi við 5. gr. höfum við afgreitt beiðni þína, dags. [*dd.mm.áááá*] með tilvísunarnúmerið [*færa skal inn tilvísunarnúmer*].

Upplýsingar sem aflað hefur verið

.....

.....

.....

[*Hafi upplýsinganna verið aflað skal setja þær fram hér eða útskýra hvernig þær verða veittar*]

Þagnarskylda gildir um veittar upplýsingar og er miðlað til [*færa skal inn heiti yfirvalds sem leggur fram beiðni*] skv. [*færa skal inn ákvæði gildandi sérlaga*] og á grundvelli þess að upplýsingarnar skuli áfram vera trúnaðarmál í samræmi við 11. gr. þessarar reglugerðar og 100. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 ([1]).

[*Færa skal inn heiti yfirvalds sem leggur fram beiðni*] skal fara að kröfunum sem settar eru fram í 11. gr. að því er varðar heimila notkun á veittum upplýsingum og 101. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2023/1114 að því er varðar vinnslu og flutning persónuupplýsinga. Einkum skulu viðkomandi lögbær yfirvöld tryggja að allar viðeigandi upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga séu veittar skráðum aðilum í samræmi við 2. þátt, „Upplýsingar og aðgangur að persónuupplýsingum“ í III. kafla, „Réttindi skráðs einstaklings“ í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]).

Hyggist [*færa skal inn heiti yfirvalds sem leggur fram beiðni*] nota eða miðla þeim upplýsingum sem koma fram í þessu svari í öðrum tilgangi en þeim sem kemur fram í beiðninni en sem fellur undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal [*færa skal inn heiti yfirvalds sem leggur fram beiðni*] tilkynna það til [*færa skal inn heiti yfirvalds sem beiðni er beint til*], sem hefur 10 virka daga til að andmæla slíkri miðlun eða, ef nauðsyn krefur, tilgreina nákvæman frest til að veita slíka endurgjöf.

Hyggist [*færa skal inn heiti yfirvalds sem leggur fram beiðni*] nota eða miðla þeim upplýsingum sem koma fram í þessu svari í tilgangi sem fellur utan gildissviðs reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal viðkomandi gera [*færa skal inn heiti yfirvalds sem beiðni er beint til*] viðvart og, nema undantekningin sem sett er fram í 2. mgr. 100. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eigi við, fá fyrirframsamþykki [*færa skal inn heiti yfirvalds sem beiðni er beint til*] fyrir slíkri notkun. Samþykki [*færa skal inn heiti yfirvalds sem beiðni er beint til*] slíka notkun eða miðlun er viðkomandi heimilt að binda hana tilteknum skilyrðum.

Virðingarfyllst,

[*undirskrift*]

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj)

IV. VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ FYRIR ÓUMBEÐNA MIÐLUN UPPLÝSINGA

Óumbeðin miðlun upplýsinga

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

FRÁ

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [*færa skal inn viðkomandi nafn*],

Í samræmi við 10. gr. veitum við eftirfarandi upplýsingar sem við teljum að geti orðið að liði við framkvæmd starfa ykkar.

Veittar upplýsingar

.....

.....

.....

[*Greina skal nánar frá upplýsingunum hér, þ.m.t. ef við á, með lýsingu á fylgiskjölum og öðru efni sem fylgir*]

Veittar upplýsingar falla undir trúnaðarkvöð og þeim er miðlað til [*færa skal inn heiti lögbærs yfirvalds sem móttekur upplýsingarnar*] skv. ákvæðum 95. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 ([1]) og á grundvelli þess að upplýsingarnar skulu áfram vera trúnaðarmál í samræmi við 11. gr. þessarar reglugerðar og 100. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

[*Færa skal inn heiti lögbærs yfirvalds sem móttekur upplýsingar*] skal fara að kröfum 11. gr. að því er varðar heimila notkun þeirra upplýsinga og 101. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 að því er varðar vinnslu og flutning persónuupplýsinga. Einkum skulu viðkomandi lögbær yfirvöld tryggja að allar viðeigandi upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga séu veittar skráðum aðilum í samræmi við 2. þátt, „Upplýsingar og aðgangur að persónuupplýsingum“ í III. kafla, „Réttindi skráðs einstaklings“ í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]).

Hyggist [*færa skal inn heiti lögbæra yfirvaldsins sem móttekur upplýsingar*] nota eða miðla upplýsingum sem veittar eru í þessu svari í öðrum tilgangi en greinir í 3. mgr. 11. gr. skal tilkynna um það til [*færa skal inn heiti lögbærs yfirvalds sem veitir upplýsingarnar*] og, nema undantekningin sem um getur í 2. mgr. 100. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2023/1114 eigi við, fá fyrirframsamþykki [*færa skal inn heiti lögbærs yfirvalds sem veitir upplýsingarnar*]. Samþykki [*færa skal inn heiti lögbærs yfirvalds sem veitir upplýsingar*] slíka notkun eða miðlun upplýsinganna er [því/henni/honum (veljist eftir heiti yfirvalds)] heimilt að binda hana tilteknum skilyrðum.

Virðingarfyllst,

[*undirskrift*]

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj)

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2902 **2026/EES/19/14**

frá 20. nóvember 2024

um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar skýrslugjöf um eignatengda tóka og rafeyristóka tilgreinda í gjaldmiðli sem ekki er opinber gjaldmiðill aðildarríkis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 7. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að því er varðar skýrslugjöfina sem um getur í a-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 ættu útgefendur að tilkynna fjölda eigenda með sundurliðun eftir staðsetningu eigenda og innan þeirrar staðsetningar fjölda eigenda veskja í vörslu og fjölda eigenda veskja sem eru ekki í vörslu eða eigenda annarra gerða vistfanga dreifðra færsluskráa sem notuð eru til uppgjörs og eru ekki undir stjórn eiganda eða þjónustuveitanda sýndareigna. Innan þessara tveggja flokka eigenda veskja, þ.e.a.s. í vörslu og ekki i vörslu, ættu útgefendur að gefa upp fjölda almennra eigenda, með nánari sundurliðun. Öll þessi sundurliðun er nauðsynleg fyrir lögbær yfirvöld, þar sem upplýsingar um samþjöppun eigenda og magn fyrir almenna eigendur eru mikilvægar til að eftirlitsaðilar geti uppfyllt markmið reglugerðar (ESB) 2023/1114 og tryggt eðlilega starfsemi markaða með sýndareignir, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika í Sambandinu, sem og verndun eigenda sýndareigna, einkum almennra eigenda. Einnig ætti að nota upplýsingarnar sem sundurliðunin veitir eftir staðsetningu eigenda til að ákvarða hvaða lögbæru yfirvöld uppfylli skilyrði til að vera aðilar samstarfshóps skv. l-lið 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, með því að fylgja viðmiðununum sem settar eru fram í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar [C(2024)6911] ([2]).

2) Í þeim tilgangi að gefa skýrsluna, sem um getur í b-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, og til að tryggja viðeigandi eftirlit með kröfum um varasjóð eigna skv. 36. og 38. gr. þeirrar reglugerðar, framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ættu útgefendur að gefa upp stærð varasjóðs eigna á sundurliðaðan hátt til að endurspegla virði og samsetningu varasjóðs eigna, þ.m.t. ráðstafanir til lausafjárstýringar.

3) Í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eru viðskipti sem á að tilkynna í samræmi við c- og d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eingöngu viðskiptafærslur sem leiða til breytingar á einstaklingi eða lögaðila sem hefur rétt á eignatengdum tóka og innihalda viðskipti sem gerð eru upp í dreifðri færsluskrá („viðskiptafærslur innan keðju“) og viðskipti sem gerð eru upp utan dreifðrar færsluskrár („viðskiptafærslur innan keðju“). Enn fremur varðar hugtakið „viðskipti“, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar, ekki þá gerð veskja sem upphafsaðili eða viðtakandi notar til að senda eða taka við viðskiptafærslum. Til samræmis við það ættu skýrslugjafarkröfurnar, sem um getur i c- og d-lið 1. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar að fela í sér viðskiptafærslur milli veskja í vörslu og viðskiptafærslna milli veskis í vörslu annars vegar og veskis sem er ekki í

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2902, 28.11.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 49.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40–205, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar [C(2024)6911] frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru skilyrðin fyrir stofnsetningu og starfsemi ráðgefandi samstarfshópa eftirlitsaðila (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

vörslu eða annarra gerða vistfanga dreifðra færsluskráa sem eru ekki í undir stjórn eiganda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna hins vegar. Auk þess ætti skýrslugjafarkrafan, sem um getur í c-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, einnig að ná yfir viðskiptafærslur milli veskja sem ekki eru í vörslu og annarra gerða vistfanga dreifðra færsluskráa sem eru ekki undir stjórn eiganda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna. Þar sem útgefendur hafa takmarkaðar upplýsingar um eigendurna sem tóku þátt í þessum viðskiptum er hugsanlegt að í sumum tilvikum sé ekki hægt að ákvarða hvort viðskiptin séu viðskiptafærslur sem ber að tilkynna skv. 1. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar. Til að fá sem nákvæmastar upplýsingar um viðskiptin ætti skýrslugjafarkrafan, sem um getur i c-lið 1. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar, einnig að innihalda upplýsingar um tilfærslur milli veskja sem eru ekki i vörslu og milli veskja sem eru ekki i vörslu og annarra gerða vistfanga dreifðra færsluskráa sem eru notuð til uppgjörs og eru ekki undir stjórn eiganda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna. Þar sem viðskiptafærslur eru undirmengi tilfærslna er hægt að nota slíkar viðbótarupplýsingar um tilfærslur milli veskja sem eru ekki í vörslu og milli veskja sem eru ekki í vörslu og annarra gerða vistfanga dreifðra færsluskráa sem eru ekki undir stjórn eiganda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna sem nálgunargildi og veita gagnlegar upplýsingar um fjölda og verðmæti viðskipta milli veskja sem eru ekki í vörslu og milli veskja sem eru ekki í vörslu og annarra gerða dreifðra færsluskráa sem eru ekki undir stjórn eiganda eignatengds tóka og eða þjónustuveitanda sýndareigna.

4) Að því er varðar skýrslugjafarkröfuna, sem um getur í c-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ættu útgefendur að veita upplýsingar um viðskiptin með sundurliðun eftir landfræðilegri dreifingu, þ.e.a.s. löndum eigenda sem koma að viðskiptunum. Slík sundurliðun myndi veita gagnlegar upplýsingar um samþjöppun viðskipta til lögbærra yfirvalda sem sinna eftirlitshlutverkum sínum. Upplýsingarnar, sem sundurliðun viðskipta eftir löndum veita, verða einnig notaðar til að ákvarða hvaða lögbær yfirvöld uppfylla skilyrði til að vera aðilar samstarfshóps skv. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, eins og kveðið er á um í framseldri reglugerð [C(2024)6911]. Þessarar sundurliðunar er ekki krafist fyrir viðskipti og tilfærslur milli veskja sem eru ekki í vörslu eða milli veskja sem eru ekki í vörslu og annarra gerða vistfanga dreifðra færsluskráa sem eru ekki undir stjórn eiganda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna, vegna takmarkaðra upplýsinga sem útgefendur hafa um eigendur sem tóku þátt í slíkum viðskiptum og tilfærslum.

5) Til að skýrslugjafarramminn sé skilvirkur ætti hann að innihalda viðmiðunardagsetningar skýrslugjafar og skiladagsetningar sem tryggja rétta og tímanlega miðlun gagna, svo að gögnin tengist sama tímabili og séu tilkynnt á sama tíma fyrir alla skýrslugefandi aðila og til að gera kleift að bera saman gögn milli útgefenda og lögbærra yfirvalda, með því að nota stöðluð snið og sniðmát.

6) Tryggja ætti samfellda skýrslugjöf í þeim tilvikum þar sem tímabundnar breytingar á útgáfuvirði tóka myndu lækka virðið niður fyrir viðmiðunarmörkin sem um getur í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Því er nauðsynlegt að krefjast skýrslugjafar yfir lengra tímabil til að staðfesta hvort aðeins hafi verið farið tímabundið niður fyrir viðmiðunarmörkin. Það myndi ekki hafa áhrif á útgefendur, þar sem skýrslugjafarkerfi þeirra verða þegar til staðar.

7) Að því er varðar skýrslugjafarkröfuna, sem um getur í 3. mgr. 22. gr. reglugerðar 2023/1114, gætu sumar upplýsingar sem þjónustuveitendur sýndareigna ættu að veita útgefendum innihaldið persónuupplýsingar þegar þær varða einstaklinga. Þar með talið eru full nöfn, ásamt landsbundnum kenninúmerum, opinberum skattskráningarnúmerum eða vegabréfsnúmerum. Söfnun slíkra persónuupplýsinga er nauðsynleg í því tilviki til að ná markmiðum reglugerðar (ESB) 2023/1114, þar sem útgefendur geta ekki ákvarðað nákvæman fjölda eigenda eignatengdra tóka án upplýsinganna og þeir myndu jafnframt tvítelja eigendur sem eiga marga reikninga hjá mismunandi þjónustuveitendum sýndareigna. Slíkar ónákvæmar upplýsingar myndu skekkja upplýsingarnar sem tilkynntar eru til lögbærra yfirvalda um fjölda eigenda eignatengdra tóka og myndu því hindra lögbær yfirvöld í að sinna eftirliti sínu á viðeigandi hátt. Þar af leiðandi er engin önnur leið til að endurspegla nákvæmlega upplýsingar um eigendur eignatengdra tóka í skýrslunni og ekki er hægt að beita venjulegum ráðstöfunum til að takmarka eða vernda miðlun persónuupplýsinga, svo sem notkun gerviauðkenna, í því tilviki.

8) Að því er varðar kröfuna um skýrslugjöf sem um getur í 3. mgr. 22. gr. reglugerðar 2023/1114, ættu þjónustuveitendur sýndareigna einnig að láta útgefanda í té opinber vistföng dreifðra færsluskráa sem þeir nota við millifærslur fyrir hönd viðskiptavina sinna. Slíkar upplýsingar eru útgefendum nauðsynlegar til að geta greint hvaða viðskiptafærslur sem eru skráðar í dreifða færsluskrá eiga sér stað milli veskis sem er ekki í vörslu og tilkynnt færslurnar sem falla undir gagnaskilakvöð.

9) Til að tryggja að upplýsingarnar sem tilkynntar eru til lögbærs yfirvalds séu réttar og tæmandi ættu útgefendur að búa yfir kerfum og verklagsreglum sem gera þeim kleift að samræma gögn frá þjónustuveitendum sýndareigna, skv. 3. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Slík kerfi og verklagsreglur ættu einnig að gera útgefanda kleift að samræma gögn frá þjónustuveitendum sýndareigna og gögn sem útgefandi hefur aðgang að frá öðrum aðilum, þ.m.t., eftir atvikum, færslugögn sem er að finna í dreifðri færsluskrá.

10) Útgefendur ættu að innleiða í innri stefnur sínar hámarksgeymslutíma á persónuupplýsingum einstakra eigenda sem þjónustuveitendur sýndareigna samnýta. Í ljósi þess að markmið þess að tryggja hlítni við gagnaskilakvöð, skv. 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ætti hámarksgeymslutíminn ekki að fara yfir 5 ár frá því að persónuupplýsinganna var aflað.

11) Þessi reglugerð ætti einnig að gilda að breyttu breytanda um rafeyristóka sem tilgreindir eru í gjaldmiðli sem er ekki opinber gjaldmiðill aðildarríkis, þar eð 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 gildir um rafeyristóka sem tilgreindir eru í slíkum gjaldmiðli.

12) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([3]) og skilaði hún áliti 16. júlí 2024.

13) Fresta ætti framkvæmdardagsetningu þessarar reglugerðar til að samræma hana við framkvæmdardagsetningu reglugerðar (ESB) 2023/1114 að því er tekur til þjónustuveitenda sýndareigna.

14) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

15) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([4]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almenn ákvæði

1. Að því er varðar skýrslugjafarkröfuna sem um getur í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu útgefendur nota sniðmátin sem sett eru fram í I. viðauka, í samræmi við leiðbeiningarnar í II. viðauka, við þessa reglugerð.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

2. Að því er varðar skýrslugjafarkröfuna sem um getur í 3. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu þjónustuveitendur sýndareigna leggja sniðmátin sem sett eru fram í III. viðauka fram til útgefenda, í samræmi við leiðbeiningarnar í IV. viðauka, við þessa reglugerð.

3. Að því er varðar skýrslugjafarkröfuna sem um getur í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu útgefendur bæta eftirfarandi upplýsingum við framlögð gögn í I. viðauka við þessa reglugerð:

a) viðmiðunardagsetningu skýrslugjafar og viðmiðunartímabil,

b) uppgjörsgjaldmiðli,

c) fyrir lögaðila, auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni) útgefanda og fyrir einstaklinga, opinbert landsbundið kenninúmer sem gildir í heimaaðildarríkinu,

d) tegund tóka, eins og skilgreint er í 6. eða 7. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, og tengdan auðkenniskóða, tilvísun eða heiti tóka, ef það er til staðar, á grundvelli birtrar hvítbókar um sýndareignir fyrir tókann,

e) hvort tókinn:

   i. vísi eingöngu til opinbers gjaldmiðils heimaaðildarríkis,

   ii. vísi eingöngu til annarra gjaldmiðla en opinbers gjaldmiðils heimaaðildarríkis,

   iii. vísi til bæði opinbers gjaldmiðils heimaaðildarríkis og annarra gjaldmiðla (blöndu af valkostunum sem um getur í i. lið og valkostinum sem um getur í ii. lið,

f) hvort tókinn hafi verið flokkaður sem mikilvægur í samræmi við 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

g) eftir atvikum, yfirlýsingu um að útgefandi hafi ekki fengið upplýsingarnar, sem um getur í III. og IV. viðauka við þessa reglugerð, frá þjónustuveitendum sýndareigna.

4. Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal þessi reglugerð gilda að breyttu breytanda um rafeyristóka sem eru í gjaldmiðli sem er ekki opinber gjaldmiðill aðildarríkis.

2. gr.

Viðmiðunardagsetningar skýrslugjafar

1. Að því er varðar skýrslugjafarkröfuna sem um getur í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu útgefendur leggja fram upplýsingar til lögbærra yfirvalda ársfjórðungslega, með eftirfarandi viðmiðunardagsetningum: 31. mars, 30. júní, 30. september og 31. desember.

2. Fyrsta viðmiðunardagsetningin skal vera sú sem samsvarar ársfjórðungnum þegar útgáfuvirði eignatengds tóka er hærra en viðmiðunarmörkin sem um getur í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

3. Síðasta viðmiðunardagsetningin skal vera sú sem samsvarar þriðja ársfjórðungnum í röð sem útgáfuvirði eignatengds tóka er lægra en viðmiðunarmörkin sem um getur í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2023/1114.

3. gr.

Viðmiðunardagsetningar skýrslugjafar

1. Að því er varðar skýrslugjafarkröfuna sem um getur í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu útgefendur leggja fram upplýsingarnar sem um getur í þeirri grein til lögbærra yfirvalda ársfjórðungslega, fyrir lokun viðskipta á eftirfarandi skiladagsetningum: 12. maí, 11. ágúst, 11. nóvember og 11. febrúar.

2. Að því er varðar skýrslugjafarkröfuna sem um getur í 3. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu þjónustuveitendur sýndareigna leggja fram upplýsingarnar sem um getur í þeirri grein til útgefenda ársfjórðungslega, fyrir lokun viðskipta á eftirfarandi skiladagsetningum: 21. apríl, 21. júlí, 21. október og 21. janúar.

Hins vegar skulu þjónustuveitendur sýndareigna leggja fram „Sniðmát S 08.00 – Tóki í eigu þjónustuveitanda sýndareigna“, sem er sett fram í III. og IV. viðauka, daglega til útgefenda fyrir lokun viðskipta.

3. Ef viðmiðunardagsetningu ber upp á lögboðinn frídag í aðildarríki lögbæra yfirvaldsins sem veita á skýrslunni móttöku, eða laugardag eða sunnudag, skulu gögnin send inn á næsta virka degi.

4. Útgefendur skulu leggja fram allar leiðréttingar á skýrslum sem lagðar eru fyrir lögbær yfirvöld án ótilhlýðilegrar tafar.

4. gr.

Gagnaskiptasnið og upplýsingar sem fylgja afhendingum

1. Þegar útgefendur leggja fram upplýsingarnar sem um getur í þessari reglugerð skulu þeir leggja þær fram á því sniði og með þeirri framsetningu fyrir gagnaskipti sem lögbær yfirvöld tilgreina og er í samræmi við skilgreiningu á gagnapunkti í gagnapunktalíkaninu og sannprófunarformúlanna sem tilgreindar eru í V. viðauka, ásamt eftirfarandi skilgreiningum:

a) við framlagningu gagna skal ekki taka með upplýsingar sem ekki er krafist eða eiga ekki við,

b) tölugildi skulu lögð fram sem hér segir:

   i. gagnapunktar af gagnategundinni „Fjárhæð“ skulu gefnir upp með lágmarksnákvæmni sem jafngildir tíu þúsund mælieiningum,

   ii. gagnapunkta af gagnategundinni „heil tala“ skal setja fram án tugastafa og með nákvæmni sem jafngildir einingum.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu leggja fram upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., til útgefenda á því sniði og með þeirri framsetningu fyrir gagnaskipti sem útgefendurnir tilgreina.

5. gr.

Varðveislutímabil persónuupplýsinga eftir útgefendum

Útgefendur skulu ekki varðveita neinar persónuupplýsingar um eigendur sem þjónustuveitendur sýndareigna hafa lagt fram í samræmi við 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar lengur en nauðsyn krefur, til að uppfylla gagnaskilakvöðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Slíkt varðveislutímabil skal ekki fara yfir 5 ár frá því að útgefendur öfluðu persónuupplýsinganna.

6. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Skýrslugjöf fyrir útgefendur eignatengdra tóka

SNIÐMÁT ÚTGEFENDA			
Númer sniðmáts	**Kóði sniðmáts**	**Viðtakendur**	**Heiti sniðmáts/flokks sniðmáta**
FJÖLDI EIGENDA			
1	S 01.00	Útgefendur	FJÖLDI EIGENDA - Á VIÐMIÐUNARDAGSETNINGU
VIRÐI ÚTGEFINS EIGNATENGDS TÓKA OG STÆRÐ OG SAMSETNING VARASJÓÐS EIGNA			
2	S 02.00	Útgefendur	VIRÐI ÚTGEFINS EIGNATENGDS TÓKA OG STÆRÐ VARASJÓÐS EIGNA
3	S 03.01	Útgefendur	SAMSETNING VARASJÓÐS EIGNA EFTIR TEGUND EIGNA OG BINDITÍMA
3	S 03.02	Útgefendur	SAMSETNING VARASJÓÐS EIGNA EFTIR MÓTAÐILA/ÚTGEFANDA
VIÐSKIPTI Á DAG			
4	S 04.01	Útgefendur	VIÐSKIPTI Á DAG - MEÐALTAL
4	S 04.02	Útgefendur	VIÐSKIPTI Á DAG - MEÐALTAL Í ESB
4	S 04.03	Útgefendur	VIÐSKIPTI OG MILLIFÆRSLUR Á DAG MILLI VESKJA SEM ERU EKKI Í VÖRSLU - MEÐALTAL
4	S 04.04	Útgefendur	AÐFERÐAFRÆÐI SEM ER NOTUÐ FYRIR SNIÐMÁT S 04.03
VIÐSKIPTI Á DAG SEM TENGJAST NOTKUN SEM SKIPTIMIÐILS INNAN SAMEIGINLEGS GJALDMIÐILSSVÆÐIS			
5	S 05.00	Útgefendur	VIÐSKIPTI Á DAG SEM TENGJAST NOTKUN SEM SKIPTIMIÐILS INNAN SAMEIGINLEGS GJALDMIÐILSSVÆÐIS - MEÐALTAL

S 01.00 - FJÖLDI EIGENDA - Á VIÐMIÐUNARDAGSETNINGU

Land:

		Fjöldi
		0010
Heildarfjöldi eigenda	0010	
eigendur veskis í vörslu	0020	

þar af almennir eigendur	0030	
eigendur veskis sem er ekki í vörslu	0040	
þar af almennir eigendur	0050	

S 02.00 - VIRÐI ÚTGEFINS EIGNATENGDS TÓKA OG STÆRÐ VARASJÓÐS EIGNA

		Fjárhæð
		0010
Virði útgefins tóka - á viðmiðunardagsetningu	0010	
Virði útgefins tóka - hámark	0020	
Virði útgefins tóka - meðaltal	0030	
Virði útgefins tóka - lágmark	0040	
Stærð varasjóðs eigna - á viðmiðunardagsetningu	0050	
Stærð varasjóðs eigna - hámark	0060	
Stærð varasjóðs eigna - meðaltal	0070	
Stærð varasjóðs eigna - lágmark	0080	

S 03.01 - SAMSETNING VARASJÓÐS EIGNA EFTIR TEGUND EIGNA OG BINDITÍMA

Gjaldmiðill:	Samtala og listi yfir gjaldmiðla

Lína	Auðkenni	Atriði	Fjárhæð/Markaðsvirði
			0010
0010	1	**Varasjóður eigna**	
0020	2	**Óleiðréttur varasjóður eigna**	

0030	2.1	Mynt og peningaseðlar	
0040	2.2	Innlán hjá lánastofnunum	
0050	2.3	Hrávörur	
0060	2.3.1.	þar af: byggt á gulli	
0070	2.3.2.	þar af: byggt á öðrum góðmálmum	
0080	2.3.3.	þar af: byggt á iðnaðarmálmum	
0090	2.3.4.	þar af: byggt á orku	
0100	2.3.5.	þar af: byggt á búfé	
0110	2.3.6.	þar af: byggt á korni	
0120	2.3.7.	þar af: byggt á mjúkum hrávörum	
0130	2.4	Eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af seðlabönkum	
0140	2.5	Eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af ríkisstjórnum	
0150	2.6	Eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af héraðsstjórnum / staðaryfirvöldum	
0160	2.7	Eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af opinberum aðilum	
0170	2.8	Eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af lánastofnunum (sem eru verndaðar af ríkisstjórn aðildarríkis, stuðningslánveitandi)	
0180	2.9	Eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af fjölþjóðlegum þróunarbönkum og alþjóðastofnunum	
0190	2.10	Hæf hlutdeildarskírteini sjóðs um sameignlega fjárfestingu	
0200	2.11	Sértryggð skuldabréf af mjög miklum gæðum	
0210	2.12	Aðrir auðseljanlegir fjármálagerningar, notaðir sem viðmiðunareignir	
0220	2.12.1.	þar af: Sýndareignir	

0230	2.13	Annað	
0240	3	**Breytingar**	
0250	3.1	Endurhverf verðbréfasala	
0260	3.1.1.	Innstreymi handbærs fjár með gjalddaga innan næstu 5 virkra daga	
0270	3.1.2.	Tryggingaútstreymi með gjalddaga innan næstu 5 virkra daga	
0280	3.1.2.1	þar af: Sértryggð skuldabréf af mjög miklum gæðum	
0290	3.2	Endurhverf verðbréfakaup	
0300	3.2.1.	Útstreymi handbærs fjár með gjalddaga innan næstu 5 virkra daga	
0310	3.2.2.	Tryggingainnstreymi handbærs fjár með gjalddaga innan næstu 5 virkra daga	
0320	3.2.2.1	þar af: Sértryggð skuldabréf af mjög miklum gæðum	
0330	3.3	Veðskiptasamningar	
0340	3.3.1.	Tryggingaútstreymi með gjalddaga innan næstu 5 virkra daga	
0350	3.3.1.1	þar af: Sértryggð skuldabréf af mjög miklum gæðum	
0360	3.3.2.	Tryggingainnstreymi handbærs fjár með gjalddaga innan næstu 5 virkra daga	
0370	3.3.2.1	þar af: Sértryggð skuldabréf af mjög miklum gæðum	
0380	4	**Virði viðmiðunareignar**	
0390	5	**Skyldubundin viðbótarveðsetning**	

S 03.02 - SAMSETNING VARASJÓÐS EIGNA EFTIR MÓTAÐILA/ÚTGEFANDA

Gjaldmiðill:	Samtala og listi yfir gjaldmiðla

			Tegund afurðar	Heiti útgefanda mótaðila	LEI-kóði	Tegund stofnunar	Fjárhæð/ Markaðsvirði	sem % af heildareignum lánastofnunar sem tekur við innstæðu
Lína	**Auðkenni**	**Atriði**	0010	0020	0030	0040	0050	0060
0010	1.01	**20 stærstu mótaðilar fyrir eignirnar sem eru í varasjóði eigna**						
0020	1.02							
0030	1.03							
0040	1.04							
0050	1.05							
0060	1.06							
0070	1.07							
0080	1.08							
0090	1.09							
0100	1.10							
0110	1.11							
0120	1.12							
0130	1.13							
0140	1.14							
0150	1.15							
0160	1.16							
0170	1.17							
0180	1.18							
0190	1.19							
0200	1.20							

0210	1.21	**ALLIR AÐRIR MÓTAÐILAR BANKAINNLÁNA**						
0220	1.22	**ALLIR AÐRIR VERÐBRÉFAÚTGEFENDUR**						
0230	1.23	**ALLIR AÐRIR MÓTAÐILAR AFLEIÐUGERNINGA**						

S 04.01 - VIÐSKIPTI Á DAG - MEÐALTAL

Land:

		Fjöldi	Fjárhæð
		0010	0020
Viðskipti á dag - meðaltal	0010		
þar af gerð innanlands	0020		
þar af mótteknar viðskiptafærslur til landsins	0030		
þar af sendar viðskiptafærslur frá landinu	0040		

S 04.02 - VIÐSKIPTI Á DAG - MEÐALTAL Í ESB

		Fjöldi	Fjárhæð
		0010	0020
Viðskipti á dag - meðaltal	0010		
þar af gerð innan ESB	0020		
þar af mótteknar viðskiptafærslur til ESB	0030		
þar af sendar viðskiptafærslur frá ESB	0040		

S 04.03 - VIÐSKIPTI OG MILLIFÆRSLUR Á DAG MILLI VESKJA SEM ERU EKKI Í VÖRSLU - MEÐALTAL

		Fjöldi	Fjárhæð
		0010	0020
Viðskipti milli veskja sem ekki eru í vörslu á dag - meðaltal	0010		
Millifærslur milli veskja sem ekki eru í vörslu á dag - meðaltal	0020		

S 04.04 - Aðferðafræði sem er notuð fyrir sniðmát S 04.03

		0010
Lýsing á aðferðafræðinni sem er notuð fyrir sniðmát S 04.03	0010	

S 05.00 - VIÐSKIPTI Á DAG SEM TENGJAST NOTKUN SEM SKIPTIMIÐILS INNAN SAMEIGINLEGS GJALDMIÐILSSVÆÐIS - MEÐALTAL

Sameiginlegt gjaldmiðilssvæði:

		Fjöldi	Fjárhæð
		0010	0020
Viðskipti á dag - meðaltal	0010		

II. VIÐAUKI

SKÝRSLUGJÖF FYRIR ÚTGEFENDUR EIGNATENGDRA TÓKA OG RAFEYRISTÓKA SEM ERU Í GJALDMIÐLI SEM ER EKKI OPINBER GJALDMIÐILL AÐILDARRÍKIS - LEIÐBEININGAR

Efnisyfirlit

I. HLUTI: ALMENNAR LEIÐBEININGAR 168

I. Uppbygging 168

II. Gildissvið skýrslugjafar 169

II. HLUTI: FJÖLDI EIGENDA (S 01.00) 169

III. Almennar athugasemdir um sniðmát S 01.00 169

IV. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 01.00 170

III. HLUTI: VIRÐI ÚTGEFINS TÓKA OG STÆRÐ OG SAMSETNING VARASJÓÐS EIGNA (S 02.00, S 03.01 og S 03.02) 170

V. Almennar athugasemdir um sniðmát S 02.00 170

VI. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 02.00 170

VII. Almennar athugasemdir um sniðmát S 03.01 171

VIII. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 03.01 172

IX. Almennar athugasemdir um sniðmát S 03.02 176

X. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 03.02 177

IV. HLUTI: VIÐSKIPTI Á DAG (S 04.01, S 04.02, S 04.03 og S 04.04) 178

XI. Almennar athugasemdir um sniðmát S 04.01 178

XII. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 04.01 179

XIII. Almennar athugasemdir um sniðmát S 04.02 179

XIV. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 04.02 180

XV. Almennar athugasemdir um sniðmát S 04.03 180

XVI. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 04.03 180

XVII. Almennar athugasemdir um sniðmát S 04.04 181

XVIII. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 04.04 181

V. HLUTI: VIÐSKIPTI Á DAG SEM TENGJAST NOTKUN SEM SKIPTIMIÐILS INNAN SAMEIGINLEGS GJALDMIÐILSSVÆÐIS (S 05.00) 181

XIX. Almennar athugasemdir um sniðmát S 05.00 181

XX. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 05.00 181

I. HLUTI: ALMENNAR LEIÐBEININGAR

I. Uppbygging

1. Þessi viðauki inniheldur leiðbeiningar um skýrslugjöf sniðmáta fyrir útgefendur.

2. Þessi viðauki samanstendur af fjórum mismunandi sniðmátum:

   a) fjölda eigenda (S 01.00),

   b) virði útgefins tóka og stærð og samsetning varasjóðs eigna (S 02.00, S 03.01 og S 03.02)

   c) viðskipti á dag (S 04.01, S 04.02, S 04.03 og S 04.04),

d) viðskipti á dag sem tengjast notkun sem skiptimiðils innan sameiginlegs gjaldmiðilssvæðis (S 05.00)

3. Lagastoð er veitt fyrir hvert sniðmát. Nánari upplýsingar varðandi almenn atriði í skýrslugjöfinni um hvern reit sniðmáta og leiðbeiningar að því er varðar tilteknar stöður eru í þessum hluta þessarar framkvæmdarreglugerðar.

4. Í dálkunum sem eru merktir „Fjárhæð“ eða „Fjárhæð/Markaðsvirði“ skulu útgefendur tilgreina peningagildi sem eru tilgreind í opinberum gjaldmiðli lögbærs yfirvalds aðildarríkis, án tillits til þess í hvaða gjaldmiðli eignakarfan, sem eignatengdur tóki vísar til, er tilgreind. Í dálkunum „Fjöldi“ skal tilgreina tölugildi, samkvæmt sértækum leiðbeiningum fyrir sniðmátin. Þetta hefur ekki áhrif á sniðmát S 03.01, S 03.02 og S 04.04, en ítarlegri leiðbeiningar um þau eru í tilheyrandi leiðbeiningum.

5. Eftirfarandi almennum táknum er fylgt í leiðbeiningunum: {sniðmát, lína, dálkur, z-áslína}. Einungis vísað til lína ef um er að ræða sniðmát með einum dálki {sniðmát, lína}, með z-áslínu eftir atvikum.

6. Við útfyllingu á sniðmátum skulu útgefendur nota upplýsingarnar sem þjónustuveitendur sýndareigna veita, í samræmi við 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. þessarar framkvæmdarreglugerðar.

II. Gildissvið skýrslugjafar

7. Útgefendur skulu tilkynna öll sniðmátin sem sett eru fram í þessum viðauka.

8. Útgefendur skulu tilkynna sniðmátin, sem sett eru fram í þessum viðauka, sérstaklega fyrir sérhvern eignatengdan tóka.

II. HLUTI: FJÖLDI EIGENDA (S 01.00)

III. Almennar athugasemdir um sniðmát S 01.00

9. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal sniðmát S 01.00 innihalda fjölda eigenda eignatengdra tóka við lok viðmiðunardagsetningar, sundurliðaðan eftir:

a) Eigendum veskis í vörslu, þ.m.t. „þar af“ fyrir almenna eigendur,

b) Eigendum veskis sem er ekki í vörslu, sem í þessu sniðmáti fela í sér eigendur annarra gerða vistfanga dreifðra færsluskráa sem eru notuð til uppgjörs og ekki undir stjórn eiganda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna; aukasundurliðun á almennum eigendum fellur undir „þar af“ í þessari línu.

10. Upplýsingarnar í þessu sniðmáti skulu tilgreindar í heild sinni og sérstaklega fyrir hvert aðildarríki eða þriðja land. Land eiganda skal ákvarðað út frá staðsetningu eiganda sem hér segir:

a. fyrir einstaklinga, þar sem þeir hafa fasta búsetu,

b. fyrir lögaðila, heimilisfang skráðrar skrifstofu.

11. Útgefendur skulu, á grundvelli upplýsinganna frá þjónustuveitendum sýndareigna í samræmi við 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. þessarar framkvæmdarreglugerðar, skilgreina hugsanlegar tvítalningar þar sem sömu eigendur eiga marga reikninga hjá mismunandi þjónustuveitendum sýndareigna. Slíka reikninga, þar sem raunverulegur eigandi er sami einstaklingur eða aðili, skal telja sem einn eiganda að því er varðar sniðmát S 01.00.

IV. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 01.00

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Heildarfjöldi eigenda** Heildarfjöldi eigenda.
0020	**eigendur veskis í vörslu** Fjöldi eigenda veskis í vörslu í skilningi 2. liðar 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar [C(2024) 6910] ([1]).
0030	**þar af almennir eigendur** Innan gildissviðs línu *0020 – þar af eigendur veskis í vörslu*, fjöldi almennra eigenda.
0040	**eigendur veskis sem er ekki í vörslu** Fjöldi eigenda veskis sem er ekki í vörslu, í skilningi 3. liðar 2. gr. framseldrar reglugerðar [C(2024) 6910], eða eigandi annarrar gerðar vistfangs dreifðrar færsluskrár sem er notuð til uppgjörs og ekki undir stjórn eiganda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna og allir aðrir eigendur eignatengds tóka sem eru ekki taldir upp í línu *0020 – þar af eigendur veskis í vörslu*. Vegna takmarkaðra upplýsinga um eigendur veskis sem er ekki í vörslu þurfa útgefendur að tilgreina mat sitt í þessa línu samkvæmt bestu getu.
0050	**þar af almennir eigendur** Innan gildissviðs línu *0040 – þar af eigendur veskis sem er ekki í vörslu*, fjöldi almennra eigenda. Vegna takmarkaðra upplýsinga um eigendur veskis sem er ekki í vörslu þurfa útgefendur að tilgreina mat sitt í þessa línu samkvæmt bestu getu.

III. HLUTI: VIRÐI ÚTGEFINS TÓKA OG STÆRÐ OG SAMSETNING VARASJÓÐS EIGNA (S 02.00, S 03.01 og S 03.02)

V. Almennar athugasemdir um sniðmát S 02.00

12. Í samræmi við b-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal sniðmát S 02.00 innihalda upplýsingar um virði útgefins tóka og um stærð tengds varasjóðs.

VI. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 02.00

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Virði útgefins tóka – á viðmiðunardagsetningu** Samanlagt virði útgefins tóka á viðmiðunardegi skýrslugjafar reiknað samkvæmt matsaðferðinni sem er skilgreind i 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar [C(2024) 6910].

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar [C(2024) 6910] frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind er aðferðafræði við að meta fjölda og virði viðskipta sem tengjast notkun eignatengdra tóka og rafeyristóka tilgreindum í gjaldmiðli sem ekki er opinber gjaldmiðill aðildarríkis sem skiptimiðils (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0020	**Virði útgefins tóka – hámark** Hámarksfjárhæð af samanlögðu virði útgefins tóka við lok hvers almanaksdags skýrslutímabilsins, reiknuð samkvæmt matsaðferðinni sem er skilgreind í 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar [C(2024) 6910].
0030	**Virði útgefins tóka – meðaltal** Meðaltal samanlagðs virðis útgefins tóka í lok hvers almanaksdags á skýrslutímabilinu, reiknað samkvæmt matsaðferðinni sem er skilgreind í 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar [C(2024) 6910]. Reikna skal meðaltalið sem summu virðis útgefins tóka, sem er reiknuð fyrir hvern almanaksdag á skýrslutímabilinu, deilt með fjölda almanaksdaga á skýrslutímabilinu.
0040	**Virði útgefins tóka – lágmark** Lágmarksfjárhæð af samanlögðu virði útgefins tóka við lok hvers almanaksdags skýrslutímabilsins, reiknuð samkvæmt matsaðferðinni sem er skilgreind í 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar [C(2024) 6910].
0050	**Stærð varasjóðs eigna – á viðmiðunardagsetningu** Virði varasjóðs eigna við lok viðmiðunardags, reiknað samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og framseldri reglugerð sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
0060	**Stærð varasjóðs eigna – hámark** Hámarksfjárhæð af virði varasjóðs eigna í lok hvers almanaksdags á skýrslutímabilinu, reiknað samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og framseldri reglugerð sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
0070	**Stærð varasjóðs eigna – meðaltal** Meðaltal samanlagðs virðis varasjóðs eigna við lok hvers almanaksdags á skýrslutímabilinu, reiknað samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og framseldri reglugerð sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Reikna skal meðaltalið sem summu virðis varasjóðs eigna, sem er reiknuð fyrir hvern almanaksdag á skýrslutímabilinu, deilt með fjölda almanaksdaga á skýrslutímabilinu.
0080	**Stærð varasjóðs eigna – lágmark** Lágmarksfjárhæð af virði varasjóðs eigna í lok hvers almanaksdags á skýrslutímabilinu, reiknað samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og framseldri reglugerð sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

VII. Almennar athugasemdir um sniðmát S 03.01

13. Í samræmi við b-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal sniðmát S 03.01 innihalda upplýsingar um stærð varasjóðs eigna, þ.m.t. samsetningu varasjóðs eigna eftir tegund eigna og binditíma.

14. Útgefendur skulu tilgreina alla liðina í þessu sniðmáti S 03.01 í opinberum gjaldmiðli heimaaðildarríkis (uppgjörsgjaldmiðli), án tillits til þess í hvaða gjaldmiðli þeir eru gefnir upp. Í því skyni skal umreikna liði sem eru ekki tilgreindir í uppgjörsgjaldmiðlinum yfir í uppgjörsgjaldmiðilinn með því að nota það stundargengi Seðlabanka Evrópu sem gildir á viðmiðunardagsetningu skýrslugjafar. Útgefendur skulu einnig tilkynna sérstaklega liði í þessu sniðmáti sem eru tilgreindir í sama gjaldmiðli, sýnt í þeim gjaldmiðli sem liður er tilgreindur í, með því að stilla samsvarandi gildi z-áslínu í samræmi við það.

VIII. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 03.01

Línur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Varasjóður eigna** Fjárhæð/markaðsvirði eigna í varasjóð eigna sem um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, að teknu tilliti til uppgjörsfyrirkomulags eins og skilgreint er í 6. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
0020	**Óleiðréttur varasjóður eigna** Fjárhæð/markaðsvirði eigna í varasjóð eigna sem um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, áður en tekið er tillit til uppgjörsfyrirkomulags eins og skilgreint er í 6. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
0030	**Mynt og peningaseðlar** Heildarfjárhæð myntar og peningaseðla.
0040	**Innlán hjá lánastofnunum** Hér skal tilgreina fjárhæðir innlána hjá lánastofnunum.
0050	**Hrávörur** Hér skal tilgreina markaðsverð hrávara eða hlutabréfa í sjóðum sem fjárfesta í hrávörum með það að markmiði að fylgjast með verði á hrávörum.
0060	**þar af: byggt á gulli** Hrávörur, eins og tilgreint er í línu 0050, sem byggjast á gulli.
0070	**þar af: byggt á öðrum góðmálmum** Hrávörur, eins og tilgreint er í línu 0050, sem byggjast á öðrum góðmálmum en gulli, þ.m.t. platínu eða silfri.
0080	**þar af: byggt á iðnaðarmálmum** Hrávörur, eins og tilgreint er í línu 0050, sem byggjast á iðnaðarmálmum, þ.m.t. áli, kopar, blýnikkeli, tini eða sinki.
0090	**þar af: byggt á orku** Hrávörur, eins og tilgreint er í línu 0050, sem byggjast á orku, þ.m.t. hráolíu (WTI og Brent), jarðgasi, RBOB-bensíni, gasolíu með lágu brennisteinsinnihaldi eða dísilolíu með afar lágu brennisteinsinnihaldi.
0100	**þar af: byggt á búfé** Hrávörur, eins og tilgreint er í línu 0050, sem byggjast á búfé, þ.m.t. lifandi nautgripum (e. *Live Cattle*) eða mögrum svínum (e. *Lean Hogs*).
0110	**þar af: byggt á korni** Hrávörur, eins og tilgreint er í línu 0050, sem byggjast á korni, þ.m.t. maís, sojabaunum, sojaolíu, sojabaunamjöli eða hveiti (Chicago og KC HRW).

Línur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0120	**þar af: byggt á mjúkum hrávörum** Hrávörur, eins og tilgreint er í línu 0050, sem byggjast á mjúkum hrávörum, þ.m.t. kakó, kaffi, baðmull eða sykur.
0130	**Eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af seðlabönkum** Markaðsverð auðseljanlegra fjármálagerninga eins og skilgreint er í 2. og 3. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af seðlabönkum sem um getur í b- og d-lið 1. mgr. 10. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 ([2]).
0140	**Eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af ríkisstjórnum** Markaðsverð auðseljanlegra fjármálagerninga eins og skilgreint er í 2. og 3. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af ríkisstjórnum sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61.
0150	**Eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af héraðsstjórnum / staðaryfirvöldum** Markaðsverð auðseljanlegra fjármálagerninga eins og skilgreint er í 2. og 3. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum sem um getur í c-lið 1. mgr. 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61.
0160	**Eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af opinberum aðilum** Markaðsverð auðseljanlegra fjármálagerninga eins og skilgreint er í 2. og 3. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af opinberum aðilum sem um getur í c-lið 1. mgr. 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61.
0170	**Eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af lánastofnunum (sem eru verndaðar af ríkisstjórn aðildarríkis, stuðningslánveitandi)** Markaðsverð auðseljanlegra fjármálagerninga eins og skilgreint er í 2. og 3. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og lánastofnanirnar birta sem um getur í e-lið 1. mgr. 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61.
0180	**Eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af fjölþjóðlegum þróunarbönkum og alþjóðastofnunum** Markaðsverð auðseljanlegra fjármálagerninga eins og skilgreint er í 2. og 3. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af fjölþjóðlegum þróunarbönkum og alþjóðastofnunum sem um getur í g-lið 1. mgr. 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 frá 10. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lausafjárþekjukröfu fyrir lánastofnanir (Stjtíð ESB L 11, 17.1.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2015/61/oj).

Línur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0190	**Hæf hlutdeildarskírteini sjóðs um sameignlega fjárfestingu** Markaðsverð hlutabréfa eða hlutdeildarskírteina í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem um getur í a-lið 2. mgr. 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61. Hérna skal einnig tilgreina markaðsverð hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum, sem um getur í 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
0200	**Sértryggð skuldabréf af mjög miklum gæðum** Markaðsverð auðseljanlegra fjármálagerninga eins og skilgreint er í 2. og 3. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 sem mynda áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa af mjög miklum gæðum sem um getur í f-lið 1. mgr. 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61.
0210	**Aðrir auðseljanlegir fjármálagerningar, notaðir sem viðmiðunareignir** Markaðsverð auðseljanlegra fjármálagerninga sem eru notaðir sem viðmiðunareignir skv. iii. lið a-liðar 1. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
0220	**þar af: Sýndareignir** Auðseljanlegir fjármálagerningar eins og þeir eru tilgreindir í línu 0210, ef þeir eru sýndareignir eins og um getur í a-lið 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
0230	**Annað** Fjárhæð/markaðsverð annarra eigna í varasjóði eigna sem um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
0240	**Breytingar** Áhrif leiðréttinganna sem varða eignir í varasjóði eigna og um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, vegna slita tryggðra fjármögnunarviðskipta, tryggðra útlánaviðskipta eða tryggðra skiptasamninga sem gerð eru með varasjóðum eigna á a.m.k. einum legg viðskiptanna, ef viðskiptin falla í gjalddaga innan 5 virkra daga, eins og tilgreint er í 6. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
0250	**Endurhverf verðbréfasala**
0260	**Innstreymi handbærs fjár með gjalddaga innan næstu 5 virkra daga** Innstreymi handbærs fjár frá endurhverfri verðbréfasölu ef viðskiptin falla í gjalddaga innan næstu 5 virkra daga eftir viðmiðunardagsetningu skýrslugjafar.
0270	**Tryggingaútstreymi með gjalddaga innan næstu 5 virkra daga** Tilgreina skal markaðsverð tryggingaútstreymis frá endurhverfri verðbréfasölu ef viðskiptin falla í gjalddaga innan næstu 5 virkra daga eftir viðmiðunardagsetningu skýrslugjafar hér, ef tryggingin sem á að tilkynna er tilkynnt í línu 0020.
0280	**þar af: Sértryggð skuldabréf af mjög miklum gæðum** Markaðsverð tryggingaútstreymis eins og tilkynnt er í línu 0270 á formi sértryggðra skuldabréfa af mjög miklum gæðum sem um getur í ii. lið a-liðar 1. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

Línur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0290	**Endurhverf verðbréfakaup**
0300	**Útstreymi handbærs fjár með gjalddaga innan næstu 5 virkra daga** Útstreymi handbærs fjár frá endurhverfum verðbréfakaupum ef viðskiptin falla í gjalddaga innan 5 virkra daga eftir viðmiðunardagsetningu skýrslugjafar.
0310	**Tryggingainnstreymi handbærs fjár með gjalddaga innan næstu 5 virkra daga** Markaðsverð tryggingainnstreymis frá endurhverfum verðbréfakaupum ef viðskiptin falla í gjalddaga innan næstu 5 virkra daga eftir viðmiðunardagsetningu skýrslugjafar, ef tryggingin sem á að taka við, ef hún er kvaðalaus, telst vera eign í varasjóði eigna.
0320	**þar af: Sértryggð skuldabréf af mjög miklum gæðum** Markaðsverð tryggingainnstreymis eins og tilkynnt er í línu 0310 á formi sértryggðra skuldabréfa af mjög miklum gæðum sem um getur í ii. lið a-liðar 1. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
0330	**Veðskiptasamningar**
0340	**Tryggingaútstreymi með gjalddaga innan næstu 5 virkra daga** Markaðsverð tryggingaútstreymis frá veðskiptasamningum ef viðskiptin falla í gjalddaga innan 5 virkra daga eftir viðmiðunardagsetningu, ef tryggingin sem á að tilkynna er tilkynnt í línu 0020.
0350	**þar af: Sértryggð skuldabréf af mjög miklum gæðum** Markaðsverð tryggingaútstreymis eins og tilkynnt er í línu 0340 á formi sértryggðra skuldabréfa af mjög miklum gæðum sem um getur í ii. lið a-liðar 1. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
0360	**Tryggingainnstreymi handbærs fjár með gjalddaga innan næstu 5 virkra daga** Markaðsverð tryggingainnstreymis frá veðskiptasamningum ef viðskiptin falla í gjalddaga innan næstu 5 virkra daga eftir viðmiðunardagsetningu, ef tryggingin sem á að taka við, ef hún er kvaðalaus, telst vera eign í varasjóði eigna.
0370	**þar af: Sértryggð skuldabréf af mjög miklum gæðum** Markaðsverð tryggingainnstreymis eins og tilkynnt er í línu 0360 á formi sértryggðra skuldabréfa af mjög miklum gæðum sem um getur í ii. lið a-liðar 1. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
0380	**Virði viðmiðunareignar** Peningagildi markaðsverðs eignatengds tóka eftir útgefnum tókum, ef tókinn er tengdur opinberum gjaldmiðlum eða öðrum gjaldmiðlum en opinberum gjaldmiðlum, eftir því sem við á.
0390	**Skyldubundin viðbótarveðsetning** Virði varasjóðs eigna sem er umfram virði eignanna sem hann vísar til og gefið upp sem hlutfall af virði eignanna sem um ræðir, í samræmi við 7. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

Línur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Fjárhæð/markaðsvirði** Útgefendur skulu tilgreina markaðsverð í dálki 0010 eða, eftir atvikum, fjárhæð eignanna í varasjóði eigna fyrir línur 0010 til 0380. Tilgreina skal línu 0390 sem hlutfall. Fjárhæð/markaðsverð sem tilgreint er í dálki 0010 skal taka tillit til hreins útstreymis og hreins innstreymis sem myndi leiða til snemmlosunar á áhættuvörn, þ.m.t. afleiður sem verja mismuninn á breytingum á markaðsverði varasjóðs eigna og breytingum á markaðsverði eignanna sem tókinn tengist. Þetta felur í sér afleiður í varasjóði eigna sem tengjast eignunum sem tókinn vísar til, ef tókarnir eru ekki tengdir opinberum gjaldmiðlum. Fjárhæð/markaðsverð sem tilgreint er í dálki 0010 skal ekki taka tillit til lögboðnum frádrögum. Útgefendur skulu taka tillit til hreins sjóðstreymis, annaðhvort útstreymis eða innstreymis, sem myndi koma fram ef áhættuvörnin væri losuð á viðmiðunardagsetningu skýrslugjafar. Með þessu er ekki tekið tillit til mögulegra virðisbreytinga á eigninni í framtíðinni.

z-ás	Lagastoðir og leiðbeiningar
Gjaldmiðill	Útgefandi skal tilgreina hvaða gjaldmiðill fellur undir gildissvið tilkynnts sniðmáts, í samræmi við 15. lið.

IX. Almennar athugasemdir um sniðmát S 03.02

15. Í samræmi við b-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal sniðmát S 03.02 innihalda upplýsingar um stærð varasjóðs eigna, þ.m.t. samsetningu varasjóðs eigna eftir mótaðila/útgefanda.

16. Til að safna upplýsingum um samþjöppun eftir mótaðilum fyrir hverja eignategund innan varasjóðs eigna í sniðmáti S 03.02 skulu útgefendur nota leiðbeiningarnar í þessum kafla.

17. Útgefendur skulu tilgreina tuttugu stærstu mótaðilana fyrir eignirnar sem eru í varasjóði eigna. Mótaðilinn sem er tilgreindur í lið 1.01 skal vera sá mótaðili sem á mest af eignum miðað við einn mótaðila, ef litið er til hverrar eignategundar fyrir sig, annaðhvort í formi afleiðna hjá, verðbréfa sem gefin eru út af, afleiðuáhættuskuldbindinga hjá eða annarra áhættuskuldbindinga hjá þeim mótaðila, á viðmiðunardegi skýrslugjafar; liður 1.02 skal vera annar stærsti liðurinn og svipað fyrir eftirstandandi liði. Tilkynna skal öll eftirstandandi bankainnlán hjá, verðbréf útgefin af, afleiðuáhættuskuldbindingar hjá öðrum mótaðilum á samanteknu formi í liðum 1.21, 1.22 og 1.23, eftir því sem við á.

18. Ef mótaðili tilheyrir nokkrum samstæðum tengdra aðila skal aðeins tilkynna hann einu sinni í samstæðunni sem hefur mestan fjölda eigna.

19. Útgefendur skulu tilgreina alla liðina í þessu sniðmáti í uppgjörsgjaldmiðlinum, án tillits til þess í hvaða gjaldmiðli þeir eru gefnir upp. Í því skyni ætti að umreikna liði sem eru ekki tilgreindir í uppgjörsgjaldmiðlinum yfir í uppgjörsgjaldmiðilinn með því að nota það stundargengi Seðlabanka Evrópu sem gildir á viðmiðunardagsetningu skýrslugjafar. Útgefendur skulu einnig tilkynna sérstaklega liði í þessu sniðmáti sem eru tilgreindir í sama gjaldmiðli, sýnt í þeim gjaldmiðli sem liður er tilgreindur í, með því að stilla samsvarandi gildi z-áslínu í samræmi við það.

X. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 03.02

Dálkar	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Tegund afurðar** Útgefendum/mótaðilum sem skráðir eru í dálki 0020 skal úthlutað vörutegund sem samsvarar undirliggjandi viðskiptum, með eftirfarandi kóðum sem sýndir eru feitletraðir: — **DEPO** (Innlán hjá lánastofnunum í varasjóði eigna). — **0% SEC** (lausafjárþekjuhlutfall 0% frádrag lausafjár – verðbréf eða peningamarkaðsgerningar í varasjóði eigna). — **EHCB** (lausafjárþekjuhlutfall sértryggðra skuldabréfa af mjög miklum gæðum í varasjóði eigna). — **HLUTDEILDARSKÍRTEINI Í VERÐBRÉFASJÓÐUM** (hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum í varasjóði eigna). — **DERIV** (OTC-afleiður, sem samkomulag um tryggingafé gildir ekki um, í varasjóði eigna). — **ANNAÐ** (aðrir auðseljanlegir fjármálagerningar – verðbréf, peningamarkaðsgerningar eða sýndareignir í varasjóði eigna). Skýrslugjöfin skal gerð í mismunandi línum hjá sama útgefanda/mótaðila fyrir hverja afurðategund.
0020	**Heiti mótaðila/útgefanda** Heiti tuttugu stærstu útgefenda eða mótaðila, svo framarlega sem fjárhæð innstæðna í, útgefnum gerningum eða áhættuskuldbindingum gagnvart sérhverjum þeirra er a.m.k. 3% af varasjóð eignanna, eins og greint er frá í línu 0010 í S 03.01. Sérhvert heiti skal innihalda móttakanda innstæðu eða alla aðila með náin tengsl sín á milli við þessar áhættuskuldbindingar. Í þessum dálki skal tilgreina fullt nafn lögaðilans meðal þeirra sem hafa náin tengsl við og útgefandinn hefur mesta áhættuskuldbindingu gagnvart og einnig tilgreina allar tilvísanir í tegund félags í samræmi við landsbundin lagaákvæði félagaréttar. Stærsta liðinn skal skrá í 1.01, þann næst stærsta í 1.02 og síðan koll af kolli.
0030	**LEI-kóði** Auðkenni mótaðilans.
0040	**Tegund stofnunar** Útgefendur/mótaðilar, sem flokkaðir eru sem lánastofnun eins og skilgreint er í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([3]), sem skráðir eru í dálki 0020, skulu tilkynntir með eftirfarandi kóðum sem eru feitletraðir: — **G-SII** ef lánastofnunin sem móttekur innstæðuna er tilnefnd sem „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu“ í samræmi við 1. mgr. 131. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([4]). — **O-SII** ef lánastofnunin sem móttekur innstæðuna er tilnefnd sem önnur „kerfislega mikilvæg stofnun“ í samræmi við 1. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB. — **Stór stofnun (önnur en G-SII eða O-SII)** ef lánastofnunin sem móttekur innstæðuna telst „stór stofnun“, eins og skilgreint er í 146. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 en er ekki tilgreind sem G-SII eða O-SII. — **Annað (almennar lánastofnanir og litlar og einfaldar stofnanir)** ef lánastofnunin sem móttekur innstæðuna telst ekki vera stór stofnun eins og skilgreint er í 146. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Ef útgefandi/mótaðili er ekki lánastofnun skal hafa þennan reit auðan.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/36/oj).

Dálkar	Lagastoðir og leiðbeiningar
0050	**Fjárhæð/Markaðsvirði** Fjárhæð innstæðna og markaðsverð verðbréfa og afleiðna skulu tilkynnt hér, að teknu tilliti til uppgjörsfyrirkomulagsins eins og skilgreint er í 6. gr. framseldrar reglugerðar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Fjárhæð/markaðsverð skal ekki taka tillit til lögboðinna frádraga. Þau skulu taka tillit til hreins útstreymis og hreins innstreymis sem myndi sem myndi leiða til snemmlosunar á áhættuvörn.
0060	**sem % af heildareignum lánastofnunar sem tekur við innstæðu** Fyrir innstæður í lánastofnun, sem eru hluti af varasjóð eigna sömu tóka og um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal fjárhæðin tilkynnt sem hlutfall af heildareignum lánastofnunarinnar sem móttekur þessar innstæður. Fjárhæð heildareigna skal vera nýjustu útgefnar tiltækar upplýsingar um viðkomandi lánastofnun.

z-ás	Lagastoðir og leiðbeiningar
Gjaldmiðill	Útgefandi skal tilgreina hvaða gjaldmiðill fellur undir gildissvið tilkynnts sniðmáts, í samræmi við 20. lið.

IV. HLUTI: VIÐSKIPTI Á DAG (S 04.01, S 04.02, S 04.03 og S 04.04)

XI. Almennar athugasemdir um sniðmát S 04.01

20. Í samræmi við c-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal sniðmát S 04.01 innihalda upplýsingar um meðalfjölda og meðaltal samanlagðs virðis viðskiptanna á dag á skýrslutímabilinu, sett fram með sérgreindum hætti fyrir löndin sem gildissvið skýrslunnar nær yfir.

21. Staðsetning upphafsaðila og viðtakanda sem koma að viðskiptunum skal vera, samkvæmt þeirri nálgun við að skilgreina land eiganda sem fram kemur í sniðmáti S 01.00 „Fjöldi eigenda – á viðmiðunardagsetningu“, sem hér segir:

    a) fyrir einstaklinga, þar sem þeir hafa fasta búsetu,

    b) fyrir lögaðila, heimilisfang skráðrar skrifstofu.

22. Þessar viðskiptafærslur skulu falla undir gildissvið þessa sniðmáts, ef a.m.k. einn eigendanna sem taka þátt í viðskiptunum er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar að auki, þegar tókinn vísar til opinbers gjaldmiðils eins af aðildarríkjum Sambandsins skulu viðskiptafærslur, þar sem báðir eigendur sem taka þátt í viðskiptunum eru staðsettir utan Sambandsins, einnig falla undir gildissvið skýrslugjafar.

23. Útgefandinn skal ákvarða verðmæti viðskiptafærslnanna samkvæmt matsaðferðinni sem er skilgreind í 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar [C(2024) 6910].

24. Sniðmát S 04.01 skal innihalda sundurliðun á viðskiptafærslum:

    a) sem eru gerðar innanlands,

    b) sem eru mótteknar viðskiptafærslur til landsins,

    c) sem eru sendar viðskiptafærslur frá landinu.

25. Sniðmát S 04.01 skal tilkynnt sérstaklega fyrir hvert land sem tengist viðskiptafærslu með eignatengdum tóka. Viðskiptalöndin eru búsetulönd eigenda sem taka þátt í viðskiptunum, þ.m.t. landið þar sem upphafsaðili býr og landið þar sem viðtakandi í viðskiptunum hefur búsetu.

XII. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 04.01

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Viðskipti á dag - meðaltal** Fyrir landið sem z-ásinn ákvarðar, viðskiptafærslur þar sem annaðhvort staðsetning upphafsaðila eða staðsetning viðtakanda er í því landi.
0020	**Þar af gerð innanlands** Fyrir landið sem z-ásinn ákvarðar, viðskiptafærslur þar sem bæði staðsetning upphafsaðila og staðsetning viðtakanda er í því landi.
0030	**Þar af mótteknar viðskiptafærslur til landsins** Fyrir landið sem z-ásinn ákvarðar, viðskiptafærslur þar sem staðsetning upphafsaðila er utan þess lands og staðsetning viðtakanda er í því landi.
0040	**Þar af sendar viðskiptafærslur frá landinu** Fyrir landið sem z-ásinn ákvarðar, viðskiptafærslur þar sem staðsetning upphafsaðila er í því landi og staðsetning viðtakanda er utan þess lands.

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Fjöldi** Meðalfjöldi viðskiptafærslna á dag, reiknað sem heildarfjöldi viðskiptafærslna á gildissviði skýrslutímabils og deilt með fjölda almanaksdaga á skýrslutímabilinu.
0020	**Fjárhæð** Meðaltal samanlagðs virðis viðskiptafærslna á dag, reiknað sem summan af verðmæti allra viðskiptafærslna á gildissviði skýrslutímabils og deilt með fjölda almanaksdaga á skýrslutímabilinu.

z-ás	Lagastoðir og leiðbeiningar
Heiti lands	Þetta sniðmát skal tilkynnt sérstaklega fyrir hvert land sem fellur undir gildissviðið. Z-ásinn ákvarðar hvaða land fellur undir gildissvið tiltekins sniðmáts. Z-ásinn skal veita öll hin mismunandi lönd út frá staðsetningu eigendanna sem koma að viðkomandi viðskiptafærslum.

XIII. Almennar athugasemdir um sniðmát S 04.02

26. Eini mismunurinn á sniðmátum S 04.02 og sniðmátum S 04.01 er að sniðmát S 04.02 er fyrir allar viðskiptafærslurnar sem tengjast ESB og er því ekki með z-ásinn sem ákvarðar viðkomandi land.

XIV. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 04.02

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Viðskipti á dag - meðaltal** Viðskiptafærslur þar sem annaðhvort staðsetning upphafsaðila eða staðsetning viðtakanda er innan Sambandsins.
0020	**Þar af gerð innan ESB** Viðskiptafærslur þar sem bæði staðsetning upphafsaðila og staðsetning viðtakanda er innan Sambandsins.
0030	**Þar af mótteknar viðskiptafærslur til ESB** Viðskiptafærslur þar sem staðsetning upphafsaðila er utan Sambandsins og staðsetning viðtakanda er innan Sambandsins.
0040	**Þar af sendar viðskiptafærslur frá ESB** Viðskiptafærslur þar sem staðsetning upphafsaðila er innan Sambandsins og staðsetning viðtakanda er utan Sambandsins.

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Fjöldi** Meðalfjöldi viðskiptafærslna á dag, reiknað sem heildarfjöldi viðskiptafærslna á gildissviði skýrslutímabils og deilt með fjölda almanaksdaga á skýrslutímabilinu.
0020	**Fjárhæð** Meðaltal samanlagðs virðis viðskiptafærslna á dag, reiknað sem summan af verðmæti allra viðskiptafærslna á gildissviði skýrslutímabils og deilt með fjölda almanaksdaga á skýrslutímabilinu.

XV. Almennar athugasemdir um sniðmát S 04.03

27. Í samræmi við c-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal sniðmát S 04.03 innihalda upplýsingar um meðalfjölda og meðaltal samanlagðs virðis viðskiptafærslna og millifærslna á dag á skýrslutímabilinu. Gildissviðið fyrir viðskiptafærslur og millifærslur í þessu sniðmáti skulu vera á milli veskja sem eru ekki í vörslu eða milli veskja sem eru ekki í vörslu og annarra gerða vistfanga dreifðra færsluskráa sem eru notuð til uppgjörs og er ekki stýrt af notanda eða þjónustuveitanda sýndareigna.

XVI. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 04.03

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Viðskipti milli veskja sem ekki eru í vörslu á dag - meðaltal** Viðskiptafærslur milli veskja sem eru ekki í vörslu, eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar [C(2024) 6910], eða milli veskja sem eru ekki í vörslu og annarra gerða vistfanga dreifðra færsluskráa sem eru ekki undir stjórn eiganda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna skulu tilkynntar samkvæmt bestu getu, að teknu tilliti til þess að útgefendur kunna að hafa takmarkaðar upplýsingar um viðskiptin og tengda eigendur sem taka þátt í slíkum viðskiptum.
0020	**Millifærslur milli veskja sem ekki eru í vörslu á dag - meðaltal** Millifærslur milli veskja sem eru ekki í vörslu, eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar [C(2024) 6910], eða milli veskja sem eru ekki í vörslu og annarra gerða vistfanga dreifðra færsluskráa sem eru ekki undir stjórn eiganda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna.

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Fjöldi** Meðalfjöldi viðskiptafærslna (eða millifærslna í línu 0020) á dag, reiknað sem heildarfjöldi viðskipta-færslna (eða millifærslna í línu 0020) á gildissviði skýrslutímabils og deilt með fjölda almanaksdaga á skýrslutímabilinu.
0020	**Fjárhæð** Meðaltal samanlagðs virðis viðskiptafærslna (eða millifærsla í línu 0020) á dag, reiknað sem summan af verðmæti allra viðskiptafærslna (eða millifærslna í línu 0020) á gildissviði skýrslutímabils og deilt með fjölda almanaksdaga á skýrslutímabilinu. Útreikningur á verðmæti viðskiptafærslna og millifærslna sem falla undir þetta sniðmát skal fylgja matsaðferðinni sem er skilgreind í 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar [C(2024) 6910].

XVII. Almennar athugasemdir um sniðmát S 04.04

28. Sniðmát S 04.04 skal innihalda upplýsingar um aðferðafræðina sem er notuð fyrir mat á virðinu sem tilgreint er í sniðmáti S 04.03.

XVIII. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 04.04

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Aðferðafræði sem er notuð fyrir sniðmát S 04.03** Útgefendur skulu veita stutta lýsingu á aðferðafræðinni sem er notuð fyrir mat á virðinu sem er tilgreint í sniðmáti S 04.03.

V. HLUTI: VIÐSKIPTI Á DAG SEM TENGJAST NOTKUN SEM SKIPTIMIÐILS INNAN SAMEIGINLEGS GJALDMIÐILSSVÆÐIS (S 05.00)

XIX. Almennar athugasemdir um sniðmát S 05.00

29. Í samræmi við d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal sniðmát S 05.00 innihalda upplýsingar um meðalfjölda og meðaltal samanlagðs virðis viðskiptanna á dag á skýrslutímabilinu, sem tengjast notkun á eignatengdum tóka sem skiptimiðils innan sameiginlegs gjaldmiðilssvæðis.

30. Þetta sniðmát skal fylgja kröfunum sem settar eru fram í framseldri reglugerð [C(2024) 6910].

31. Þetta sniðmát skal tilkynnt sérstaklega fyrir hvert sameiginlegt gjaldmiðilssvæði, eins og tilgreint er í 5. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar [C(2024) 6910].

XX. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 05.00

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Viðskipti á dag - meðaltal** Fyrir það sameiginlega gjaldmiðilssvæði sem z-ásinn ákvarðar, viðskiptafærslur sem eru á því sameiginlega gjaldmiðilssvæði, í samræmi við 5. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar [C(2024) 6910].

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Fjöldi** Meðalfjöldi viðskiptafærslna á dag, reiknað sem heildarfjöldi viðskiptafærslna á gildissviði skýrslutímabils og deilt með fjölda almanaksdaga á skýrslutímabilinu, í samræmi við framselda reglugerð [C(2024) 6910].
0020	**Fjárhæð** Meðaltal samanlagðs virðis viðskiptafærslna á dag, reiknað sem summan af verðmæti allra viðskiptafærslna á gildissviði skýrslutímabils og deilt með fjölda almanaksdaga á skýrslutímabilinu, í samræmi við framselda reglugerð [C(2024) 6910].

z-ás	Lagastoðir og leiðbeiningar
Heiti sameiginlega gjaldmiðilssvæðisins	Þetta sniðmát skal tilkynnt sérstaklega fyrir hvert sameiginlegt gjaldmiðilssvæði sem fellur undir gildissviðið. Z-ásinn skal sýna öll mismunandi sameiginleg gjaldmiðilssvæði út frá staðsetningu eigenda sem koma að viðkomandi viðskiptafærslum, í samræmi við framselda reglugerð [C(2024) 6910].

III. VIÐAUKI

SKÝRSLUGJÖF FYRIR ÞJÓNUSTUVEITENDUR SÝNDAREIGNA

SNIÐMÁT ÞJÓNUSTUVEITENDA SÝNDAREIGNA			
Númer sniðmáts	**Kóði sniðmáts**	**Viðtakendur**	**Heiti sniðmáts/flokks sniðmáta**
UPPLÝSINGAR UM EIGENDUR			
6	S 06.00	Þjónustuveitendur sýndareigna	UPPLÝSINGAR UM EIGENDUR
UPPLÝSINGAR UM VIÐSKIPTI			
7	S 07.01	Þjónustuveitendur sýndareigna	VIÐSKIPTI Á SKÝRSLUTÍMABILINU - SAMTALS
7	S 07.02	Þjónustuveitendur sýndareigna	VIÐSKIPTI Á SKÝRSLUTÍMABILINU - SAMTALS Í ESB
7	S 07.03	Þjónustuveitendur sýndareigna	VIÐSKIPTI SEM TENGJAST NOTKUN SEM SKIPTIMIÐILS INNAN SAMEIGINLEGS GJALDMIÐILS-SVÆÐIS - SAMTALS
7	S 07.04	Þjónustuveitendur sýndareigna	VISTFÖNG DREIFÐRA FÆRSLUSKRÁA TIL AÐ MILLIFÆRA FYRIR HÖND VIÐSKIPTAVINA
UPPLÝSINGAR UM TÓKA			
8	S 08.00	Þjónustuveitendur sýndareigna	TÓKI Í EIGU ÞJÓNUSTUVEITANDA SÝNDAREIGNA

S 06.00 - UPPLÝSINGAR UM EIGENDUR

Eigendur - á viðmiðunardagsetningu				
Heiti	Kóði	Tegund kóða	Almennir/ekki almennir	Land
0010	0020	0030	0040	0050

S 07.01 - VIÐSKIPTI Á SKÝRSLUTÍMABILINU - SAMTALS

Land:

		Fjöldi	Fjárhæð
		0010	0020
Viðskipti á skýrslutímabilinu - samtals	0010		
þar af gerð innanlands	0020		
þar af mótteknar viðskiptafærslur til landsins	0030		
þar af sendar viðskiptafærslur frá landinu	0040		

S 07.02 - VIÐSKIPTI Á SKÝRSLUTÍMABILINU - SAMTALS Í ESB

		Fjöldi	Fjárhæð
		0010	0020
Viðskipti á skýrslutímabilinu - samtals	0010		
þar af gerð innan ESB	0020		
þar af mótteknar viðskiptafærslur til ESB	0030		
þar af sendar viðskiptafærslur frá ESB	0040		

S 07.03 - VIÐSKIPTI SEM TENGJAST NOTKUN SEM SKIPTIMIÐILS INNAN SAMEIGINLEGS GJALDMIÐILSSVÆÐIS - SAMTALS

Sameiginlegt gjaldmiðilssvæði:

		Fjöldi	Fjárhæð
		0010	0020
Viðskipti á skýrslutímabilinu - samtals	0010		

S 07.04 - VISTFÖNG DREIFÐRA FÆRSLUSKRÁA TIL AÐ MILLIFÆRA FYRIR HÖND VIÐSKIPTAVINA

Vistfang dreifðrar færsluskrár
0010

S 08.00 - TÓKI Í EIGU ÞJÓNUSTUVEITANDA SÝNDAREIGNA

		Fjöldi	Fjárhæð
		0010	0020
Tóki í eigu þjónustuveitanda sýndareigna	0010		
þar af í eigu viðskiptavina í ESB hjá þjónustaveitanda sýndareigna	0020		

IV. VIÐAUKI

SKÝRSLUGJÖF FYRIR ÞJÓNUSTUVEITENDUR SÝNDAREIGNA - LEIÐBEININGAR

Efnisyfirlit

I. HLUTI: ALMENNAR LEIÐBEININGAR 186

I. Uppbygging 186

II. Gildissvið skýrslugjafar 186

II. HLUTI: UPPLÝSINGAR UM EIGENDUR (S 06.00) 187

III. Almennar athugasemdir um sniðmát S 06.00 187

IV. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 06.00 187

III. HLUTI: UPPLÝSINGAR UM VIÐSKIPTI (S 07.01, S 07.02, S 07.03 og S 07.04) 188

V. Almennar athugasemdir um sniðmát S 07.01 188

VI. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 07.01 189

VII. Almennar athugasemdir um sniðmát S 07.02 189

VIII. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 07.02 189

IX. Almennar athugasemdir um sniðmát S 07.03 190

X. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 07.03 190

XI. Almennar athugasemdir um sniðmát S 07.04 191

XII. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 07.04 191

IV. HLUTI: UPPLÝSINGAR UM TÓKA (S 08.00) 191

XIII. Almennar athugasemdir um sniðmát S 08.00 191

XIV. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 08.00 191

I. HLUTI: ALMENNAR LEIÐBEININGAR

I. Uppbygging

1. Þessi viðauki inniheldur leiðbeiningar um skýrslugjöf sniðmáta fyrir þjónustuveitendur sýndareigna.

2. Þessi viðauki samanstendur af þremur mismunandi sniðmátum:

   a) Upplýsingar um eigendur (S 06.00),

   b) Upplýsingar um viðskipti (S 07.01, S 07.02, S 07.03 og S 07.04),

   c) Upplýsingar um tóka (S 08.00).

3. Lagastoð er veitt fyrir hvert sniðmát. Nánari upplýsingar varðandi almenn atriði í skýrslugjöfinni um hvern reit sniðmáta og leiðbeiningar að því er varðar tilteknar stöður eru í þessum hluta framkvæmdarreglugerðarinnar.

4. Eftirfarandi almennum táknum er fylgt í leiðbeiningunum: {sniðmát, lína, dálkur, z-áslína}.

II. Gildissvið skýrslugjafar

5. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu veita útgefendum upplýsingarnar sem fram koma í þessum viðauka, í samræmi við 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. þessarar framkvæmdarreglugerðar.

6. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu afhenda viðkomandi útgefendum þrjú sett sniðmáta í þessum viðauka á aðgreindan hátt fyrir hvern eignatengdan tóka samkvæmt 3. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og tilgreina útgefanda hvaða tóki er viðfangsefni tiltekinnar framlagningar, auðkenniskóða, tilvísun eða heiti tóka, ef það liggur fyrir, út frá birtri hvítbók sýndareigna fyrir tókann.

II. HLUTI: UPPLÝSINGAR UM EIGENDUR (S 06.00)

III. Almennar athugasemdir um sniðmát S 06.00

7. Sniðmát S 06.00, í samræmi við 3. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, inniheldur upplýsingar um þá eigendur sem eru nauðsynlegir til að útgefendur geti uppfyllt skýrslugjafarkröfurnar sem koma fram í þessari framkvæmdarreglugerð.

8. Þetta sniðmát skal innihalda upplýsingar frá og með lokum viðmiðunardagsetningar, í samræmi við sniðmát S 01.00 „Fjöldi eigenda – á viðmiðunardagsetningu“ fyrir útgefendur eins og sýnt er í I. og II. viðauka við þessa reglugerð. Land eiganda skal ákvarðað út frá staðsetningu eiganda sem hér segir:

a) fyrir einstaklinga, þar sem þeir hafa fasta búsetu,

b) fyrir lögaðila, heimilisfang skráðrar skrifstofu.

IV. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 06.00

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Heiti** Fullt nafn einstaklinga og opinberlega skráð heiti lögaðila, þ.m.t. allar tilvísanir í tegund félags í samræmi við landsbundin lagaákvæði félagaréttar, í samræmi við einkvæmt auðkenni eiganda í dálki 0020 í sniðmátinu.
0020	**Kóði** Kóðinn sem hluti af auðkenni línu verður að vera einkvæmur fyrir hvern tilgreindan aðila. Kóðinn skal vera einkvæmur og notaður með samræmdum hætti í öllum sniðmátunum og á öllum tímum. Kóðinn skal ætíð hafa gildi. Kóði eiganda, svo sem landsbundið kenninúmer fyrir einstaklinga eða auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni) fyrir lögaðila eða hvers kyns önnur tiltæk opinber auðkenni. Ef auðkenni lögaðila er til staðar skal tilkynna það LEI-auðkenni. Til að auðvelda útgefendum ferlið við afstemmingu gagna skal hafa eftirfarandi nálgun í huga þegar kóðinn er tilkynntur. Það eru tveir listar sem samanstanda af ólíkum gerðum kóða, einn fyrir einstaklinga og annar fyrir lögaðila. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu tilkynna fyrstu tiltæku gerð kóða af listanum sem er tilgreindur í dálki 0030, frá fyrsta valkostinum á listanum og síðan einn valkost í einu niður eftir listanum, ef sú tegund auðkennis er ekki tiltæk fyrir viðkomandi eiganda.
0030	**Tegund kóða** Tegundir kóða einstaklinga: 1. Landsbundið kenninúmer 2. Landsbundið skattnúmer 3. Vegabréfsnúmer 4. Aðrar gerðir auðkennisnúmera Tegundir kóða lögaðila: 1. Auðkenni lögaðila (LEI-kóði) 2. Opinbert landsbundið skráningarnúmer eða einkvæmt evrópskt auðkenni (EUID) sem veitt er í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 ([1]) 3. Opinberlega skráð skattanúmer 4. Aðrar gerðir auðkennisnúmera Alltaf skal tilgreina tegund kóða.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2017/1132/oj).

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0040	**Almennir/ekki almennir** Almennur eiganda eða ekki almennur eigandi, út frá viðkomandi eiganda. Almennur eigandi skal tilgreindur ef viðkomandi eigandi telst vera almennur eigandi, eins og skilgreint er í 37. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Að öðrum kosti skal tilgreina ekki almennan eiganda.
0050	**Land** Tilgreindu heiti lands viðkomandi eiganda, í samræmi við 8. lið þessa viðauka.

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
Þjónustuveitendur sýndareigna skulu úthluta einni línu fyrir hvern tiltekinn eiganda sem um ræðir.	

III. HLUTI: UPPLÝSINGAR UM VIÐSKIPTI (S 07.01, S 07.02, S 07.03 og S 07.04)

V. Almennar athugasemdir um sniðmát S 07.01

9. Sniðmát S 07.01, í samræmi við 3. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, inniheldur upplýsingar um þau viðskipti sem eru nauðsynleg til að útgefendur geti uppfyllt skýrslugjafarkröfurnar sem koma fram í þessari framkvæmdarreglugerð. Sniðmát S 07.01 skal innihalda upplýsingar um heildarfjölda og samanlagt heildarvirði viðskiptafærslna á skýrslutímabilinu, sett fram með sérgreindum hætti fyrir löndin sem gildissvið skýrslunnar nær yfir.

10. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu fylgja aðferðinni hér að neðan til að ákvarða hvaða viðskiptafærslur á að hafa með á gildissviði þessa sniðmáts:

    a) Viðskiptafærslur þar sem þjónustuveitandi sýndareigna tekur þátt og gegnir hlutverki þjónustuveitanda sýndareigna fyrir viðtakanda eða viðtakanda greiðslu í viðskiptafærslunni. Í þessum tilvikum hefur upphafsaðili eða greiðandi viðskipta einnig samskipti í gegnum annaðhvort þjónustuveitanda sýndareigna eða án þátttöku þjónustuveitanda sýndareigna, t.d. í gegnum veski sem er ekki í vörslu.

    b) Viðskiptafærslur þar sem þjónustuveitandi sýndareigna tekur þátt og gegnir hlutverki þjónustuveitanda sýndareigna fyrir upphafsaðila eða greiðanda í viðskiptafærslunni. Í þessum tilvikum hefur viðtakandi eða viðtakandi greiðslu viðskiptafærslu samskipti án þátttöku þjónustuveitanda sýndareigna, t.d. í gegnum veski sem er ekki í vörslu. Þessar tegundir viðskiptafærslna eru reiknaðar og tilkynntar samkvæmt bestu getu, vegna þeirra takmörkuðu upplýsinga sem þjónustuveitandi sýndareigna fyrir upphafsaðila eða greiðanda viðskiptafærslu kann að hafa um báða eigendurna sem taka þátt í millifærslum.

11. Staðsetning upphafsaðila og viðtakanda sem koma að viðskiptunum skal vera, samkvæmt þeirri nálgun við að skilgreina land eiganda sem fram kemur í sniðmáti S 01.00 „Fjöldi eigenda – á viðmiðunardagsetningu“, sem hér segir:

    a) fyrir einstaklinga, þar sem þeir hafa fasta búsetu,

    b) fyrir lögaðila, heimilisfang skráðrar skrifstofu.

12. Þessar viðskiptafærslur skulu falla undir gildissvið þessa sniðmáts, ef a.m.k. einn eigendanna sem taka þátt í viðskiptunum er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar að auki, þegar tókinn vísar til opinbers gjaldmiðils eins af aðildarríkjum Sambandsins skulu viðskiptafærslur, þar sem báðir eigendurnir sem taka þátt í viðskiptunum eru staðsettir utan Sambandsins, einnig falla undir gildissvið skýrslugjafar.

13. Útgefandinn skal ákvarða verðmæti viðskiptafærslnanna samkvæmt matsaðferðinni sem er skilgreind í 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar [(2024) 6910].

14. Sniðmát S 07.01 skal innihalda sundurliðun á viðskiptafærslum:

a) sem eru gerðar innanlands,

b) sem eru mótteknar viðskiptafærslur til landsins,

c) sem eru sendar viðskiptafærslur frá landinu.

15. Sniðmát S 07.01 skal tilkynnt sérstaklega fyrir hvert land sem tengist viðskiptafærslunum. Viðskiptalöndin eru búsetulönd eigenda sem taka þátt í viðskiptunum, þ.m.t. landið þar sem upphafsaðili býr og landið þar sem viðtakandi í viðskiptunum hefur búsetu.

VI. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 07.01

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Viðskipti á skýrslutímabilinu - samtals** Fyrir landið sem z-ásinn ákvarðar, viðskiptafærslur þar sem annaðhvort staðsetning upphafsaðila eða staðsetning viðtakanda er í því landi.
0020	**Þar af gerð innanlands** Fyrir landið sem z-ásinn ákvarðar, viðskiptafærslur þar sem bæði staðsetning upphafsaðila og staðsetning viðtakanda er í því landi.
0030	**Þar af mótteknar viðskiptafærslur til landsins** Fyrir landið sem z-ásinn ákvarðar, viðskiptafærslur þar sem staðsetning upphafsaðila er utan þess lands og staðsetning viðtakanda er í því landi.
0040	**Þar af sendar viðskiptafærslur frá landinu** Fyrir landið sem z-ásinn ákvarðar, viðskiptafærslur þar sem staðsetning upphafsaðila er í því landi og staðsetning viðtakanda er utan þess lands.

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Fjöldi** Heildarfjöldi viðskipta á skýrslutímabilinu.
0020	**Fjárhæð** Heildarverðmæti viðskipta á skýrslutímabilinu.

VII. Almennar athugasemdir um sniðmát S 07.02

16. Eini mismunurinn á milli sniðmáts S 07.02 og sniðmáts S 07.01 er að sniðmát S 07.02 er fyrir allar viðskiptafærslur í ESB, þ.m.t. inn- og útstreymisfærslur, og er því ekki með z-ásinn sem ákvarðar viðkomandi land.

VIII. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 07.02

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Viðskipti á skýrslutímabilinu - samtals** Viðskiptafærslur þar sem annaðhvort staðsetning upphafsaðila eða staðsetning viðtakanda er innan Sambandsins.

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0020	**Þar af gerð innan ESB** Viðskiptafærslur þar sem bæði staðsetning upphafsaðila og staðsetning viðtakanda er innan Sambandsins.
0030	**Þar af mótteknar viðskiptafærslur til ESB** Viðskiptafærslur þar sem staðsetning upphafsaðila er utan Sambandsins og staðsetning viðtakanda er innan Sambandsins.
0040	**Þar af sendar viðskiptafærslur frá ESB** Viðskiptafærslur þar sem staðsetning upphafsaðila er innan Sambandsins og staðsetning viðtakanda er utan Sambandsins.

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Fjöldi** Heildarfjöldi viðskipta á skýrslutímabilinu.
0020	**Fjárhæð** Heildarverðmæti viðskipta á skýrslutímabilinu.

IX. Almennar athugasemdir um sniðmát S 07.03

17. Sniðmát S 07.03, í samræmi við 3. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, inniheldur upplýsingar um þau viðskipti sem eru nauðsynleg til að útgefendur geti uppfyllt skýrslugjafarkröfurnar sem koma fram í þessari framkvæmdarreglugerð. Þessar viðskiptafærslur skulu falla undir gildissvið þessa sniðmáts, sem tengjast notkun á eignatengdum tóka sem skiptimiðli, samkvæmt d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

18. Þetta sniðmát skal fylgja kröfunum sem settar eru fram með framseldri reglugerð [(2024) 6910].

19. Þetta sniðmát skal tilkynnt sérstaklega fyrir hvert sameiginlegt gjaldmiðilssvæði, eins og tilgreint er í 5. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar [(2024) 6910].

X. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 07.03

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Viðskipti á skýrslutímabilinu - samtals** Fyrir það sameiginlega gjaldmiðilssvæði sem z-ásinn ákvarðar, viðskiptafærslur sem eru á því sameiginlega gjaldmiðilssvæði, í samræmi við 5. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar [(2024) 6910].

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Fjöldi** Heildarfjöldi viðskipta á skýrslutímabilinu.
0020	**Fjárhæð** Heildarverðmæti viðskipta á skýrslutímabilinu.

z-ás	Lagastoðir og leiðbeiningar
Heiti sameiginlega gjaldmiðilssvæðisins	Þetta sniðmát skal tilkynnt sérstaklega fyrir hvert sameiginlegt gjaldmiðilssvæði sem fellur undir gildissviðið. Z-ásinn skal sýna öll mismunandi sameiginleg gjaldmiðilssvæði út frá staðsetningu eigenda sem koma að viðkomandi viðskiptafærslum, í samræmi við 5. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar [(2024) 6910].

XI. Almennar athugasemdir um sniðmát S 07.04

20. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu láta útgefendum í té opinber vistföng dreifðra færsluskráa sem þeir nota við millifærslur fyrir hönd viðskiptavina sinna. Þetta er gert til að auðvelda útgefendum að greina hvaða viðskiptafærslur, sem eru skráðar í dreifða færsluskrá, eiga sér stað milli veskja sem eru ekki í vörslu, til að veita útgefendum nánari upplýsingar til að tilkynna sniðmátin, eins og tilgreint er í I. og II. viðauka við þessa framkvæmdarreglugerð, einkum S 04.03 „Viðskipti og millifærslur á dag milli veskja sem eru ekki í vörslu – meðaltal“. Sniðmát S 07.04 „Vistföng dreifðra færsluskráa til að millifæra fyrir hönd viðskiptavina“ veitir útgefendum þessar upplýsingar.

XII. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 07.04

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Vistfang dreifðrar færsluskrár** Opinber vistföng dreifðra færsluskráa sem þjónustuveitandi sýndareigna notar til að millifæra fyrir hönd viðskiptavina sinna.
Lína	**Lagastoðir og leiðbeiningar**
Þjónustuveitendur sýndareigna skulu úthluta einni línu fyrir hvert vistfang dreifðrar færsluskrár sem um ræðir.	

IV. HLUTI: UPPLÝSINGAR UM TÓKA (S 08.00)

XIII. Almennar athugasemdir um sniðmát S 08.00

21. Sniðmát S 08.00 skal innihalda upplýsingar um fjölda og fjárhæð tókans sem fellur undir gildissvið skýrslusniðmátanna, sem eru í eigu þjónustuveitanda sýndareigna og innan þess tilgreina fjölda og fjárhæð þeirra tóka sem eru í eigu viðskiptavina þjónustuveitanda sýndareigna í ESB. Þessum upplýsingum skal deilt með útgefandanum, svo að hann geti reiknað nákvæmlega samanlagt virði tóka sem gefinn er út í ESB og tengds varasjóðs eigna, sérstaklega ef viðkomandi tóki er einnig gefinn út á alþjóðlegum mælikvarða utan ESB.

XIV. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður í sniðmáti S 08.00

Lína	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Tóki í eigu þjónustuveitanda sýndareigna** Þessir tókar eru í eigu þjónustuveitanda sýndareigna.
0020	**þar af í eigu viðskiptavina í ESB hjá þjónustaveitanda sýndareigna** Þessir tókar í eigu þjónustuveitanda sýndareigna, sem eru í eigu viðskiptavina þjónustuveitanda sýndareigna í ESB.

Dálkur	Lagastoðir og leiðbeiningar
0010	**Fjöldi** Fjöldi tóka innan gildissviðs.
0020	**Fjárhæð** Fjárhæð tóka innan gildissviðs. Virði tókanna skal ákvarðast í kjölfar matsaðferðarinnar sem er skilgreind i 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar [(2024) 6910].

V. VIÐAUKI

I. hluti: Samræmt gagnapunktalíkan

Öll gagnaatriði sem sett eru fram í I. og II. viðauka við þessar reglugerð skulu umreiknuð yfir í samræmt gagnapunktalíkan.

Samræmda gagnapunktalíkanið skal uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

a) skila skipulegri framsetningu allra gagnaatriða sem sett eru fram í I. viðauka,

b) auðkenna öll viðskiptahugtök sem sett eru fram í II. viðauka,

c) setja fram gagnalýsingasafn sem auðkennir töflu-, lóðhnita-, áslínu-, léna-, sviðs- og aðilaheiti,

d) innihalda mælistiku þar sem eiginleikar eða fjöldi gagnapunkta er skilgreindur,

e) veita gagnapunktsskilgreiningar sem sýndar eru sem samsetning einkenna sem ótvírætt auðkenna hugtakið,

f) innihalda allar viðeigandi tækniforskriftir sem nauðsynlegar eru til að þróa upplýsingatæknilausnir fyrir skýrslugjöf sem skila samræmdum eftirlitsgögnum.

II. hluti: Sannprófunarreglur

Gagnaatriðin sem sett eru fram í I. og II. viðauka við þessa reglugerð skulu falla undir sannprófunarreglur sem tryggja gæði gagna og samkvæmni.

Sannprófunarreglurnar skulu uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

a) skilgreina röklegt samband milli viðkomandi gagnapunkta,

b) innihalda síur og skilyrði sem skilgreina gagnamengið sem sannprófunarreglurnar eiga við um,

c) ganga úr skugga um samkvæmni tilgreindu gagnanna,

d) prófa áreiðanleika tilgreindu gagnanna,

e) þær ákvarða sjálfgildi sem nota skal ef viðeigandi upplýsingar hafa ekki verið tilkynntar.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2984 **2026/EES/19/15**

frá 29. nóvember 2024

um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar eyðublöð, snið og sniðmát fyrir hvítbækur um sýndareignir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum 6. gr. (þriðju undirgrein 11. mgr.), 19. gr. (þriðju undirgrein 10. mgr.) og 51. gr. (þriðju undirgrein 10. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við reglugerð (ESB) 2023/1114 er nauðsynlegt að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og sniðmátum fyrir hvítbækur um sýndareignir, svo að þær verði aðgengilegar á tölvulæsilegu sniði. Sniðmátin ættu að innihalda gagnareiti fyrir upplýsingarnar sem eiga að vera í hvítbókum um sýndareignir í samræmi við þá reglugerð.

2) Til að komast hjá tvítekningu á kröfum og draga úr álagi við reglufylgni, þar sem gildur auðkenniskóði lögaðila er gefinn upp í hvítbók um sýndareign, ætti ekki að krefjast þess að hvítbók um sýndareignir innihaldi upplýsingar sem hægt er að sækja með auðkenni lögaðila. Þetta varðar eftirfarandi upplýsingar: félagsform, skráð heimilisfang og aðalskrifstofu (ef hún hefur annað heimilisfang) og auðkenni móðurfélags útgefanda.

3) Til að tryggja einkvæma og samkvæma auðkenningu á þjónustuveitanda sýndareigna er nauðsynlegt að hafa auðkenni fyrir þjónustuveitanda sýndareigna, auk heitis hans. Til að fá starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna þarf auðkenni lögaðila, í samræmi við a-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Þess vegna ætti að gefa upp auðkenni fyrir þjónustuveitanda sýndareigna til að auðkenna þjónustuveitendur sýndareigna.

4) Til að komast hjá tvítekningu á kröfum og draga úr álagi við reglufylgni, þar sem gilt auðkenni fyrir stafræna tóka er gefið upp í hvítbók um sýndareign, ætti ekki að krefjast þess að hvítbók um sýndareignir innihaldi gögn sem hægt er að sækja úr skrá um stafræn auðkenni tóka. Þetta varðar eftirfarandi upplýsingar: heiti og skammstöfun sýndareignar, verslunarheiti eða viðskiptaheiti útgefanda og dreifð færsluskrártækni.

5) Til að auðvelda enn frekar greiningu og samanburðarhæfi hvítbóka sýndareigna ætti að merkja þær með því að nota XBRL-staðal (e. *eXtensible Business Reporting Language*). XBRL-staðall er tölvulæsilegt snið sem gerir mögulega sjálfvirka upptöku á miklu magni upplýsinga. Það er vel þekkt og notað í fjölda lögsagnarumdæma.

6) Til að tryggja vernd almennra fjárfesta ættu hvítbækur sýndareigna að vera á formi sem fólk getur lesið og aðgengilegar án þess að þörf sé á sérstökum hugbúnaði. Með því að nota Inline XBRL-tæknina til að fella XBRL-merkingar inn í XHTML-skjöl er tryggt að skjölin sem um ræðir verða tölvulæsileg og læsileg fyrir fólk.

7) Forsendan fyrir notkun á XBRL-staðlinum er þróun flokkunarkerfis. Til að fá samhæfða nálgun á notkun á XBRL-staðlinum ættu þeir þættir flokkunarkerfisins sem á að nota í hvítbókum um sýndareignir að vera eingöngu þeir reitir sem er að finna í stöðluðu sniðmátunum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2984, 3.12.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 49.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

8) Aðgengi að flokkunarfræðinni til notkunar á XBRL-staðlinum er á formi nokkurra XBRL-skráa (XBRL-flokkunarskrár), þar sem reitirnir sem á að tilkynna eru settir fram á skipulegan hátt. Reitirnir og viðeigandi gagnategund þeirra ætti að vera gerð aðgengileg á einföldu formi sem fólk getur lesið. Mikilvægt er að einstaklingar sem útbúa hvítbók um sýndareignir noti XBRL-flokkunarskrár sem uppfylla öll viðeigandi tækni- og lagaskilyrði. Til að auðvelda reglufylgni og auka gagnsæi ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að birta XBRL-flokkunarskrárnar á vefsetri sínu á tölvulæsilegu og niðurhalanlegu formi án endurgjalds.

9) Til að gefa tíma til að aðlagast kröfum í tengslum við gerð hvítbókarinnar á tölvulæsilegu sniði er nauðsynlegt að fresta framkvæmdardagsetningu þessarar reglugerðar um 12 mánuði. Einstaklingar sem útbúa hvítbækurnar ættu að þurfa að birta viðkomandi hvítbækur á vefsetrum sínum í sérstökum kafla sem ber yfirskriftina „Hvítbækur“, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 6., 19. og 51. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og í I., II. og III. viðauka við þá reglugerð frá gildistökudegi viðkomandi ákvæða sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2023/1114.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin þróaði ásamt Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sniðmát fyrir hvítbækur um sýndareignir

1. Einstaklingar sem útbúa hvítbókina um sýndareignir, sem um getur í 6. gr. (1. mgr.), 19. gr. (1. mgr.) eða 51. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2023/1114, skulu veita upplýsingarnar sem krafa er gerð um í þessari reglugerð án mismununar, á sanngjarnan, skýran og ekki villandi hátt, sett fram á gagnorðan og auðskilinn hátt og án þess að sleppa mikilvægum upplýsingum.

2. Sniðmátin fyrir hvítbækur um sýndareignir, aðrar en eignatengda tóka eða rafeyristóka, um eignatengda tóka og rafeyristóka sem eru settir fram í viðaukanum, í þeirri röð.

2. gr.

Snið hvítbókar um sýndareign

1. Hvítbækur um sýndareignir skulu útbúnar á XHTML-sniði þar sem reitirnir sem eru tilgreindir í viðaukanum eru merktir með Inline XBRL 1.1-skilgreiningum XBRL-staðalsins og skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Inline XBRL-tilvikaskjal sem inniheldur hvítbók sýndareignar skal lagt fram sem ein XHTML-skrá,

b) útgefendur sýndareigna sem um getur í 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu tilgreindir í Inline XBRL-tilvikaskjalinu með ISO 17442-auðkenni lögaðila, ef það er tiltækt,

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

c) aðilar sem útbúa hvítbók um sýndareignir, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., og aðrir aðilar en útgefandi sem útbúa hvítbók um sýndareignir, sem um getur í 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skulu tilgreindir í Inline XBRL-tilvikaskjalinu með því að nota ISO 17442-auðkenni lögaðila, ef það er tiltækt, eða annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum.

2. Við gerð hvítbókar um sýndareignir skal nota flokkunarfræði, með þáttunum sem settir eru fram í töflu 2, töflu 3 eða töflu 4 í viðaukanum.

3. gr.

Flokkunarskrár

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur birt tölvulæsilegar XBRL-flokkunarskrár sem unnt er að hala niður, sem byggja á flokkunarfræðinni sem um getur í 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 23. desember 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

SNIÐMÁT FYRIR HVÍTBÆKUR UM SÝNDAREIGNIR

Tafla 1

Skýringar fyrir töflu 2, 3 og 4

TÁKN	GAGNATEGUND	SKILGREINING
{ALPHANUM-n}	Allt að n-alstöfum	Reitur fyrir frjálsan texta.
{CFI_CODE}	6 stafir	ISO 10962 kóði til flokkunar fjármálagerninga (CFI)
{COUNTRYCODE_2}	2 alstafir	Tveggja bókstafa landskóði, eins og hann er skilgreindur í ISO 3166-1 alfa-2 landskóða
{CURRENCYCODE_3}	3 alstafir	Þriggja bókstafa gjaldmiðilskóði, eins og hann er skilgreindur í ISO 4217 gjaldmiðilskóðum
{DATE_TIME_FORMAT}	ISO 8601 dagsetningar- og tímasnið	Dagsetning og tími á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DDTkk: mm:ss.ddddddZ. — „ÁÁÁÁ“ er árið,kos — „MM“ er mánuðurinn, — „DD“ er dagurinn, — „T“ merkir að nota skal bókstafinn „T“ — „kk“ er klukkustundin, — „mm“ er mínútan, — „ss.dddddd“ eru sekúndan og sekúndubrot hennar, — Z er samræmdur heimstími (UTC). Dagsetningar og tíma skal tilkynna á UTC.
{DATEFORMAT}	ISO 8601 dagsetningarsnið	Dagsetningar skulu vera á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD.
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir geta verið brotatölur	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi. — táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur), — neikvæðar tölur eru með forskeytinu „-“ (mínus); gildi eru námunduð og ekki stýfð.
{DTI}	9 alstafir	Auðkenni fyrir stafræna tóka eins og það er skilgreint í ISO-staðli 24165
{TÍMALENGD}	3 stafir	Stendur fyrir tímalengd sem er sýnd sem fjöldi daga.
{INTEGER-n}	Heil tala allt að n tölustafir samtals	Tölureitur fyrir heiltölugildi.
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 6166-staðlinum

TÁKN	GAGNATEGUND	SKILGREINING
{LEI}	20 alstafir	Auðkenni lögaðila eins og það er skilgreint í ISO 17442-staðlinum
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383

Tafla 2

Sniðmát fyrir hvítbækur um sýndareignir aðrar en eignatengda tóka eða rafeyristóka

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
00	Efnisyfirlit	Efnisyfirlit	Texti með alstöfum
01	Tilkynningardagur	Tilkynningardagur	ÁÁÁÁ-MM-DD
02	Yfirlýsing í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Ef um tilboðsgjafa er að ræða: „Þessi hvítbók um sýndareign hefur ekki hlotið samþykki lögbærs yfirvalds í neinu aðildarríki Evrópusambandsins. Tilboðsgjafi sýndareignarinnar ber einn ábyrgð á innihaldi þessarar hvítbókar um sýndareignina.“ Ef um er að ræða aðila sem óska eftir töku til viðskipta: „Þessi hvítbók um sýndareign hefur ekki hlotið samþykki lögbærs yfirvalds í neinu aðildarríki Evrópusambandsins. Aðili sem óskar eftir töku sýndareignarinnar til viðskipta ber einn ábyrgð á innihaldi þessarar hvítbókar um sýndareignina.“ Ef um er að ræða rekstraraðila viðskiptavettvanga: „Þessi hvítbók um sýndareign hefur ekki hlotið samþykki lögbærs yfirvalds í neinu aðildarríki Evrópusambandsins. Rekstraraðili viðskiptavettvangs sýndareignarinnar ber einn ábyrgð á innihaldi þessarar hvítbókar um sýndareignina.“	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
03	Hlítniyfirlýsing í samræmi við 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	„Þessi hvítbók um sýndareignir samræmist II. bálki reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 og samkvæmt bestu vitund stjórnarinnar og/eða framkvæmdastjórnarinnar eru upplýsingarnar sem koma fram í hvítbókinni um sýndareignina óvilhallar, skýrar og ekki villandi og í hvítbókina um sýndareignina vantar ekkert á þann hátt að líklegt sé að það hafi áhrif á áreiðanleika hennar.“	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum
04	Yfirlýsing í samræmi við a-, b- og c-lið 5. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	„Sýndareignin sem um getur í þessari hvítbók um sýndareignir kann að missa verðmæti sitt að hluta til eða öllu leyti, er ekki alltaf framseljanleg og er hugsanlega ekki seljanleg.“	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum
05	Yfirlýsing í samræmi við d-lið 5. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	„Ekki er víst að hægt sé að skipta nytjatókanum, sem um getur í þessari hvítbók, út fyrir þá vöru eða þjónustu sem er lofað í þessari hvítbók, sérstaklega ef sýndareigna-verkefnið mistekst eða hættir.“	„rétt“ – Já „rangt“ – Á ekki við Ef já, fyrirframskilgreindur texti með alstöfum
06	Yfirlýsing í samræmi við e- og f-lið 5. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	„Sýndareignin sem um getur í þessari hvítbók fellur hvorki undir tryggingakerfi fyrir fjárfesta samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB né innstæðu-tryggingakerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB.“	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum
		SAMANTEKT	
07	Viðvörun í samræmi við aðra undirgrein 7. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	„Viðvörun Þessi samantekt skal lesin sem inngangur að hvítbókinni um sýndareignina. Tilvonandi eigandi ætti að byggja allar ákvarðanir um að kaupa þessa sýndareign á efni hvítbókarinnar í heild sinni en ekki aðeins á samantektinni. Almennt útboð á þessari sýndareign felur ekki í sér tilboð eða hvatningu um kaup á fjármálagerningi og slíkt útboð eða hvatningu um slíkt má aðeins gera með lýsingu eða öðrum tilboðsyfirlitum samkvæmt gildandi landslögum.	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
		Þessi hvítbók um sýndareignina telst hvorki vera lýsing eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 né annað útboðsskjal samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.“	
08	Einkenni sýndareignar	Stutt, skýr og ótæknileg lýsing á einkennum sýndareignar, ásamt upplýsingum um réttindi og skyldur kaupanda, verklag og skilyrði fyrir nýtingu þessara réttinda og skilyrði, ef einhver eru, fyrir því að heimilt sé að breyta þessum réttindum og skyldum.	Frjáls texti með alstöfum
09		Gildir aðeins ef reitur 05 er réttur. Upplýsingar um gæði og magn vara og þjónustu sem nytjatókarnir veita aðgang að og takmarkanir á framsalshæfi.	Frjáls texti með alstöfum
10	Lykilupplýsingar um almennt útboð eða töku til viðskipta	Stutt og ótæknileg lýsing á almennu útboði, ásamt upplýsingum um fjárhæð útboðsins, þ.m.t., eftir atvikum, öll lágmarks- og hámarksmarkmið um áskrift, útgáfuverð sýndareignar og áskriftargjöld, heildarfjöldi sýndareigna sem boðnar verða út; tilvonandi eigendum; lýsing, eftir atvikum, á mismunandi áföngum almenns útboðs á sýndareignum, ásamt upplýsingum um kaupverð á afslætti fyrir þá sem kaupa sýndareignir fyrir opnun og áskriftartímabil. Ef við á, heiti þjónustuveitanda sýndareigna sem hefur með höndum að setja sýndareignirnar á markað og form slíkrar setningar á markað (á skuldbindandi grundvelli eða án sölutryggingar). Ef við á, stutt og ótæknileg lýsing á töku til viðskipta, þ.m.t. heiti viðskiptavettvangsins þar sem sótt er um töku til viðskipta.	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
A-hluti - Upplýsingar um tilboðsgjafann eða aðilann sem óskar eftir töku til viðskipta			
A.1	Heiti	Heiti	Frjáls texti með alstöfum
A.2	Félagsform	Gildir aðeins ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit A.6 Félagsform	ISO-staðall 20275 „Fjármálaþjónusta – félagsform einingar (ELF)“
A.3	Skráð heimilisfang	Gildir aðeins ef auðkenni lögaðila er ekki gefið upp í reit A.6 Heimilisfang og skráningarland	ISO-staðall 3166-1 alpha 2 landskóðar og kóðar fyrir undirflokkun þeirra og Frjáls texti með alstöfum
A.4	Aðalskrifstofa	Gildir aðeins ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit A.6 Heimilisfang og land aðalskrifstofu, ef það er annað en skráð heimilisfang	ISO-staðall 3166-1 alpha 2 landskóðar og kóðar fyrir undirflokkun þeirra og Frjáls texti með alstöfum
A.5	Skráningardagur	Dagsetning skráningar	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD)
A.6	Auðkenni lögaðila	Auðkenni lögaðila tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta, ef við á	{LEI}
A.7	Annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni lögaðila er ekki gefið upp í reit A.6 Landsbundið auðkenni miðað við þjóðerni tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta, ef þess er krafist samkvæmt gildandi landslögum. Þennan reit skal aðeins fylla út fyrir einingar sem krafist er landsbundins auðkennis fyrir í samræmi við gildandi landslög.	Frjáls texti
A.8	Símanúmer tengiliðar	Símanúmer tengiliðar tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
A.9	Tölvupóstfang	Tölvupóstfang tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
A.10	Svörunartími (dagar)	Frestur í dögum sem fjárfestir fær svar innan í gegnum viðkomandi símanúmer eða tölvupóstfang	{TÍMALENGD}
A.11	Móðurfélag	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni lögaðila er ekki gefið upp í reit A.6 Heiti móðurfélagsins, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
A.12	Aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar	Auðkenni, heimilisfang fyrirtækis og hlutverk sérhvers einstaklings sem er aðili stjórnar og/eða framkvæmda-stjórnar, eins og skilgreint er í 27. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum sýndur á formi töflu
A.13	Atvinnustarfsemi	Viðskipta- eða atvinnustarfsemi tilboðsgjafans eða aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
A.14	Atvinnustarfsemi móðurfélags	Viðskipta- eða atvinnustarfsemi móðurfélagsins, eftir atvikum, þ.m.t. meginstarfsemi og helstu markaðir	Frjáls texti með alstöfum
A.15	Nýstofnað	Tilgreining á því hvort tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta hafi verið í starfsemi í a.m.k. síðastliðin þrjú ár	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
A.16	Fjárhagsstaða síðustu þriggja ára	Hafi tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til við-skipta verið í starfsemi síðastliðin þrjú ár, fjárhagsstaða tilboðsgjafa eða einstaklings sem óskar eftir töku til viðskipta síðastliðin þrjú ár. Þetta skal metið á grundvelli sanngjarnar skoðunar á þróun og afkomu rekstrar útbjóðandans eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta og á stöðu hans á hverju ári og ársfjórðungslega sem sögulegra fjárhagsupplýsinga er krafist um, þ.m.t. ástæðum verulegra breytinga.	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
		Endurskoðunin skal vera hlutlæg og ítarleg greining á þróun og afkomu í rekstri tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta og stöðu hans í samræmi við umfang og flækjustig starfseminnar.	
A.17	Fjárhagsstaða frá skráningu	Ef tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta hefur verið i starfsemi í innan við þrjú ár, lýsing á fjárhagsstöðu hans frá skráningardegi. Þetta skal metið á grundvelli sanngjarnar skoðunar á þróun og afkomu rekstrar útbjóðandans eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta og á stöðu hans á hverju ári og árshluta sem sögulegar fjárhagsupplýsingar eru tiltækar um, þ.m.t. ástæðum verulegra breytinga. Endurskoðunin skal vera hlutlæg og ítarleg greining á þróun og afkomu í rekstri tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta og stöðu hans í samræmi við umfang og flækjustig starfseminnar.	Frjáls texti með alstöfum
B-hluti - Upplýsingar um útgefandann, ef hann er annar en tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta,			
B.1	Útgefandi annar en tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta	Tilgreining á því hvort útgefandinn sé annar en tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta,	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
B.2	Heiti	Heiti	Frjáls texti með alstöfum
B.3	Félagsform	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit B.7 Félagsform	ISO-staðall 20275 „Fjármálaþjónusta – félagsform einingar (ELF)“
B.4	Skráð heimilisfang	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit B.7 Heimilisfang og skráningarland	ISO-staðall 3166-1 alpha 2 landskóðar og kóðar fyrir undirflokkun þeirra og Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
B.5	Aðalskrifstofa	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit B.7 Heimilisfang aðalskrifstofu, ef það er annað en skráð heimilisfang	ISO-staðall 3166-1 alpha 2 landskóðar og kóðar fyrir undirflokkun þeirra og Frjáls texti með alstöfum
B.6	Skráningardagur	Dagsetning skráningar	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD)
B.7	Auðkenni lögaðila	Auðkenni lögaðila (LEI-númer) útgefandans, ef það er tiltækt	{LEI}
B.8	Annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni lögaðila er ekki gefið upp í reit B.7 Landsbundið auðkenni miðað við þjóðerni útgefanda sem óskar eftir töku til viðskipta, ef þess er krafist samkvæmt gildandi landslögum Þennan reit skal aðeins fylla út fyrir einingar sem krafist er landsbundins auðkennis fyrir samkvæmt gildandi landslögum	Frjáls texti
B.9	Móðurfélag	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit B.7 Heiti móðurfélagsins, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
B.10	Aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar	Auðkenni, heimilisfang fyrirtækis og hlutverk einstaklinga sem eru aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar, eins og skilgreint er í 27. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, útgefanda	Frjáls texti með alstöfum sýndur á formi töflu
B.11	Atvinnustarfsemi	Viðskipta- eða atvinnustarfsemi útgefanda	Frjáls texti með alstöfum
B.12	Atvinnustarfsemi móðurfélags	Viðskipta- eða atvinnustarfsemi móðurfélagsins, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
C-hluti - Upplýsingar um rekstraraðila viðskiptavettvangsins í þeim tilvikum þar sem hann semur hvítbók um sýndareign og upplýsingar um aðra aðila sem útbúa hvítbók um sýndareign, samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114			
C.1	Heiti	Heiti	Frjáls texti með alstöfum
C.2	Félagsform	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit C.6 Félagsform	ISO-staðall 20275 „Fjármálaþjónusta – félagsform einingar (ELF)“
C.3	Skráð heimilisfang	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit C.6 Heimilisfang skráningar	ISO-staðall 3166-1 alpha 2 landskóðar og kóðar fyrir undirflokkun þeirra og Frjáls texti með alstöfum
C.4	Aðalskrifstofa	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit C.6 Heimilisfang aðalskrifstofu, ef það er annað en skráð heimilisfang	ISO-staðall 3166-1 alpha 2 landskóðar og kóðar fyrir undirflokkun þeirra og Frjáls texti með alstöfum
C.5	Skráningardagur	Dagsetning skráningar	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD)
C.6	Auðkenni lögaðila	Auðkenni lögaðila rekstraraðila viðskiptavettvangs	{LEI}
C.7	Annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum	Landsbundið auðkenni miðað við þjóðerni útgefanda sem óskar eftir töku til viðskipta, ef þess er krafist samkvæmt gildandi landslögum. Þennan reit skal aðeins fylla út fyrir einingar sem krafist er landsbundins auðkennis fyrir samkvæmt gildandi landslögum.	Frjáls texti

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
C.8	Móðurfélag	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit C.6 Heiti móðurfélagsins, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
C.9	Ástæða fyrir undirbúningi hvítbókar um sýndareign	Ástæða þess að rekstraraðili viðskiptavettvangs samdi hvítbókina um sýndareignina	Frjáls texti með alstöfum
C.10	Aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar	Auðkenni (nafn eða önnur auðkenni), heimilisfang fyrirtækis og hlutverk sérhverra einstaklinga sem eru aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar, eins og skilgreint er í 27. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, rekstraraðila viðskiptavettvangs	Frjáls texti með alstöfum sýndur á formi töflu
C.11	Atvinnustarfsemi rekstraraðila	Viðskipta- eða atvinnustarfsemi rekstraraðila, þ.m.t. meginstarfsemi og helstu markaðir	Frjáls texti með alstöfum
C.12	Atvinnustarfsemi móðurfélags	Viðskipta- eða atvinnustarfsemi móðurfélagsins, eftir atvikum, þ.m.t. meginstarfsemi og helstu markaðir	Frjáls texti með alstöfum
C.13	Aðrir einstaklingar sem útbúa hvítbók um sýndareign samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Ef um er að ræða annan aðila en tilboðsgjafa, aðila sem óskar eftir töku til viðskipta, útgefanda eða rekstraraðila viðskiptavettvangs, tilgreining á auðkenni aðilans sem semur hvítbókina um sýndareign	Frjáls texti með alstöfum
C.14	Ástæður þess að aðilar semja hvítbókina, sem um getur í ákvæðum annarrar undirgreinar 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Ef hvítbókin er samin af öðrum aðila en tilboðsgjafa, aðila sem óskar eftir töku til viðskipta, útgefanda eða rekstraraðila viðskiptavettvangs, ástæða þess að hvítbókin er útbúin	Frjáls texti með alstöfum
		D-hluti - Upplýsingar um verkefnið á sviði sýndareignar	
D.1	Heiti sýndareignaverkefnis	Heiti sýndareignaverkefnisins, ef það er annað en nafn tilboðsgjafans eða aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
D.2	Heiti sýndareigna	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni fyrir stafræna tóka er ekki gefið upp í reit F.13. Heiti sýndareignanna, ef það er annað en nafn tilboðsgjafans eða aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
D.3	Skammstöfun	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni fyrir stafræna tóka er ekki gefið upp í reit F.13. Skammstöfun eða auðkenni	Frjáls texti með alstöfum
D.4	Lýsing á sýndareignaverkefni	Stutt lýsing á verkefninu á sviði sýndareigna	Frjáls texti með alstöfum
D.5	Nánari upplýsingar um alla einstaklinga eða lögaðila sem koma að framkvæmd sýndareignaverkefnis	Nánari upplýsingar um ráðgjafa, þróunarteymi, þjónustuveitendur sýndareigna og aðra aðila sem koma að framkvæmd sýndareignaverkefnisins, þ.m.t. heimilisföng fyrirtækis eða hvar fyrirtækið hefur staðfestu	Frjáls texti með alstöfum sýndur á formi töflu
D.6	Flokkun nytjatóka	Tilgreining á því hvort sýndareignarverkefnið varði nytjatóka	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
D.7	Lykileiginleikar vara/þjónustu fyrir nytjatókaverkefni	Lykileiginleikar vara eða þjónustu sem á að þróa fyrir nytjatóka sýndareignaverkefna, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
D.8	Áætlanir fyrir tóka	Upplýsingar um sýndareignaverkefnið, þ.m.t. lýsing á fyrri áföngum og framtíðaráföngum	Frjáls texti með alstöfum
D.9	Úthlutun auðlinda	Upplýsingar um auðlindir, þ.m.t. fjármagn, sem hefur þegar verið úthlutað á verkefnið, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
D.10	Fyrirhuguð notkun á öfluðu fé eða sýndareignum	Eftir atvikum, fyrirhuguð notkun allra fjármuna eða annarra sýndareigna sem er aflað	Frjáls texti með alstöfum
E-hluti - Upplýsingar um almenna útboðið á sýndareignunum eða töku þeirra til viðskipta			
E.1	Almennt útboð eða taka til viðskipta	Upplýsingar um hvort hvítbókin um sýndareignir varði almennt útboð á sýndareignum eða töku þeirra til viðskipta	„OTPC“ - almennt útboð „ATTR“ - taka til viðskipta

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
E.2	Ástæður fyrir almennu útboði eða töku til viðskipta	Ástæður almenns útboðs eða þess að óska eftir töku til viðskipta, ásamt fyrirhugaðri notkun fjármuna eða annarra sýndareigna sem er aflað	Frjáls texti með alstöfum
E.3	Fjáröflunarmarkmið	Fjárhæðin sem markmiðið er að afla með almennu útboði í formi fjármagns, hvers kyns annarra sýndareigna í opinberum gjaldmiðli eða annarra sýndareigna, eftir atvikum	Fjárhæð í peningagildi {DECIMAL-18/3} Eða Tölur {INTEGER-n}
E.4	Lágmarksmarkmið um áskrift	Lágmarksmarkmið um áskrift sem sett eru fram fyrir almennt útboð á sýndareignum í opinberum gjaldmiðli eða öðrum sýndareignum, eftir atvikum	Fjárhæð í peningagildi {DECIMAL-18/3} eða Tölur {INTEGER-n}
E.5	Hámarksmarkmið um áskrift	Hámarksmarkmið um áskrift sem sett eru fram fyrir almennt útboð á sýndareignum í opinberum gjaldmiðli eða öðrum sýndareignum, eftir atvikum	Fjárhæð í peningagildi {DECIMAL-18/3} eða Tölur {INTEGER-n}
E.6	Samþykki til umframáskriftar	Tilgreining á því hvort umframáskrift sé heimil	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
E.7	Ráðstöfun umframáskriftar	Ef umframáskrift er heimil, lýsing á því hvernig henni verður úthlutað	Frjáls texti með alstöfum
E.8	Útgáfuverð	Útgáfuverð sýndareignar, sem boðin er út á almennum markaði, í opinberum gjaldmiðli eða öðrum sýndareignum	Fjárhæð í peningagildi {DECIMAL-18/3} Eða Tölur {INTEGER-n}
E.9	Opinber gjaldmiðill eða hvers kyns önnur sýndareign sem ákvarðar útgáfuverð	Opinber gjaldmiðill eða hvers kyns aðrar sýndareignir sem útgáfuverð sýndareignar, sem boðin er út á almennum markaði, grundvallast á	{CURRENCYCODE_3} eða {DTI}

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
E.10	Áskriftargjald	Áskriftargjald í opinberum gjaldmiðli eða öðrum sýndareignum	Fjárhæð í peningagildi {DECIMAL-18/3} Eða Tölur {INTEGER-n}
E.11	Ákvörðunaraðferð útboðsverðs	Aðferð sem er notuð til að ákvarða útboðsverð	Frjáls texti með alstöfum
E.12	Heildarfjöldi útboðinna/seldra og keyptra sýndareigna	Eftir atvikum, heildarfjöldi sýndareigna sem verða boðnar út til almennings eða teknar til viðskipta	Tölur {INTEGER-n}
E.13	Markhópur eigenda	Tilgreining á væntanlegum eigendum sem eru markhópur almenns útboðs á sýndareignum eða töku slíkra sýndareigna til viðskipta	„RETL“ – almennir fjárfestar „PROF“ – fagfjárfestar „ALL“ – allar gerðir fjárfesta
E.14	Takmarkanir á eigendum	Tilgreining á takmörkunum varðandi gerð eigenda slíkrar sýndareignar	Frjáls texti með alstöfum
E.15	Tilkynning um endurgreiðslu	„Kaupendur sem taka þátt í almennu útboði á sýndareign geta fengið endurgreitt ef lágmarksmarkmiði áskriftar hefur ekki verið náð við lok almenns útboðs, ef þeir nýta réttinn til að falla frá samningi sem kveðið er á um í 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 eða ef fallið er frá útboðinu“	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum
E.16	Endurgreiðslukerfi	Nákvæm lýsing á endurgreiðslukerfi	Frjáls texti með alstöfum
E.17	Tímasetning endurgreiðslu	Áætluð tímasetning þegar slíkum endurgreiðslum verður lokið	Frjáls texti með alstöfum
E.18	Útboðsstig	Upplýsingar um hin ýmsu stig almenns útboðs sýndareignar	Frjáls texti með alstöfum
E.19	Afsláttur á kaupum fyrir opnun	Upplýsingar um kaupverð á afslætti fyrir þá sem kaupa sýndareign fyrir opnun (forsala), og ef um er að ræða kaupverð á afslætti fyrir suma kaupendur skal greina frá því af hverju kaupverðið getur verið annað og lýsa áhrifunum á aðra fjárfesta	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
E.20	Tímatakmarkað útboð	Tilgreining á því hvort útboð sé tímatakmarkað	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
E.21	Upphaf áskriftartímabils	Sé um að ræða tímabundið útboð skal tilgreina upphaf áskriftartímabilsins sem almenna útboðið stendur yfir.	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD)
E.22	Lok áskriftartímabils	Sé um að ræða tímabundið útboð skal tilgreina lok áskriftartímabilsins sem almenna útboðið stendur yfir.	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD)
E.23	Verndarráðstafanir fyrir útboðið fjármagn/sýndareignir	Fyrirkomulag til að vernda fjármuni eða aðrar sýndareignir eins og um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 meðan á tímabundnu almennu útboði stendur eða meðan frestur til að falla frá samningi er í gildi.	Frjáls texti með alstöfum
E.24	Greiðsluaðferðir fyrir kaup á sýndareign	Greiðsluaðferðir til að kaupa sýndareignir	Frjáls texti með alstöfum
E.25	Aðferðir til yfirfærslu virðis fyrir endurgreiðslu	Aðferðir til yfirfærslu á virði til kaupenda sem eiga rétt á endurgreiðslu	Frjáls texti með alstöfum
E.26	Réttur til að falla frá samningi	Ef um er að ræða almennt útboð, upplýsingar um réttinn til að falla frá samningi eins og um getur í 13. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Frjáls texti með alstöfum
E.27	Yfirfærsla á keyptum sýndareignum	Aðferð til yfirfærslu á keyptum sýndareignum til eigenda	Frjáls texti með alstöfum
E.28	Yfirfærsluáætlun	Tímaáætlun til yfirfærslu á keyptum sýndareignum til eigenda	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD)
E.29	Tæknilegar kröfur til kaupanda	Upplýsingar um tæknilegar kröfur sem kaupandi þarf að uppfylla til að varðveita sýndareignir	Frjáls texti með alstöfum
E.30	Heiti þjónustuveitanda sýndareigna (CASP)	Heiti þjónustuveitanda sýndareigna (CASP) sem ber ábyrgð á setningu sýndareigna á markað, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
E.31	Auðkenni þjónustuveitenda sýndareigna	Auðkenni lögaðila þjónustuveitanda sýndareigna sem ber ábyrgð á setningu sýndareigna á markað	{LEI}

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
E.32	Form markaðssetningar	Form markaðssetningar, eftir atvikum	„WITH“ - með fastri skuldbindingu „WOUT“ - án fastrar skuldbindingar „NTAV“ – Á ekki við
E.33	Heiti viðskiptavettvanga	Eftir atvikum, heiti viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir þar sem óskað er eftir töku til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
E.34	Viðskiptavettvangar Markaðsauðkenniskóði (MIC)	Markaðsauðkenniskóði markaðshluta fyrir við-skiptavettvang þar sem óskað er eftir töku sýndareigna til viðskipta	{MIC}
E.35	Aðgangur að viðskiptavettvöngum	Upplýsingar um hvernig fjárfestar geta fengið aðgang að viðskiptavettvöngum, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
E.36	Innifalinn kostnaður	Upplýsingar um innifalinn kostnað í tengslum við aðgengi fjárfesta að viðskiptavettvöngum, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
E.37	Útboðsgjöld	Útgjöld sem tengjast almennu útboði á sýndareignum í opinberum gjaldmiðli eða öðrum sýndareignum, eftir atvikum. Ef um fleiri en eina gerð útboðsgjalda er að ræða ætta að birta útgjöldin á töfluformi	Frjáls texti með alstöfum og fjárhæð í peninga-gildi {DECIMAL-18/3}
E.38	Hagsmunaárekstrar	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar aðila sem tengjast útboði á almennum markaði eða töku til viðskipta, sem koma upp í tengslum við útboð eða töku til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
E.39	Gildandi lög	Lög sem gilda um almennt útboð sýndareigna	Fellilisti með gildandi lögum
E.40	Valdbær dómstóll	Valdbær dómstóll	Frjáls texti með alstöfum
		F-hluti - Upplýsingar um sýndareignir	
F.1	Tegund sýndareignar	Tegund sýndareignar sem verður boðin út á almennum markaði eða sem sótt er um að taka til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
F.2	Virkni sýndareignar	Lýsing á notkunarmöguleikum sýndareignar sem er boðin út og/eða tekin til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
F.3	Áætluð virkjun á notkunarmöguleikum	Upplýsingar um hvenær áætlað er að innleiða notkunarmöguleika sýndareigna sem eru boðnar út eða teknar til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum

Lýsing á einkennum sýndareignarinnar, þ.m.t. þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar eru til að flokka hvítbókina um sýndareign í skránni sem um getur í 109. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, eins og tilgreint er í samræmi við 8. mgr. þeirrar greinar.

F.4	Tegund hvítbókar um sýndareign	Tegund hvítbókar sem tilkynnt var um	OTHR
F.5	Tegund framlagningar	Tegund framlagningar	NEWT = Nýtt MODI = Breyting EROR = Villa CORR = Leiðrétting
F.6	Einkenni sýndareignar	Lýsing á einkennum sýndareignar	Frjáls texti með alstöfum
F.7	Verslunarheiti eða viðskiptaheiti	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni fyrir stafræna tóka er ekki gefið upp í reit F.13. Verslunarheiti eða viðskiptaheiti útgefanda.	Frjáls texti með alstöfum
F.8	Vefsetur útgefanda	Vefsetur útgefanda	Frjáls texti með alstöfum
F.9	Upphafsdagsetning almenns útboðs eða töku til viðskipta	Upphafsdagur eða, ef hann liggur ekki fyrir við tilkynningu lögbæra yfirvaldsins, fyrirhugaður upphafsdagur útboðs á almennum markaði eða töku til viðskipta.	ÁÁÁÁ-MM-DD
F.10	Útgáfudagur	Gildistökudagur eða áætlaður útgáfudagur hvítbókar um sýndareign eða breytingar á hvítbókinni	ÁÁÁÁ-MM-DD
F.11	Öll önnur þjónusta sem útgefandi veitir	Öll önnur þjónusta sem útgefandi veitir og fellur ekki undir reglugerð (ESB) 2023/1114, með tilvísun í gildandi lög Sambandsins eða landsbundnar réttargerðir varðandi þessa þjónustu	Frjáls texti með alstöfum
F.12	Tungumál hvítbókar um sýndareign	Tungumál sem hvítbók um sýndareign er samin á Þegar mörg tungumál hafa verið notuð skal tilkynna þennan reit eins oft og þörf krefur	Tæmandi skrá yfir tungumál Evrópusambandsins

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
F.13	Auðkenni fyrir stafræna tóka sem er notað til að auðkenna sýndareign með einkvæmum hætti eða sérhverja sýndareign af mörgum sem hvítbókin tengist, ef við á	Kóði sem er notaður til að auðkenna sýndareign með einkvæmum hætti eða sérhverja sýndareign af mörgum sem hvítbók sýndareignar tengist, ef við á	ISO 24165 auðkenni fyrir stafræna tóka
F.14	Auðkenni fyrir stafræna tóka sem hægt er að skipta út fyrir annað, ef við á	Kóði sem er notaður til að auðkenna jafngengan hóp sem stafræn eign tilheyrir (þ.e. sameiginlegur fyrir sérhverja eign af mörgum sem hvítbókin tengist, þ.e. kóði sem er notaður til að tilgreina hvítbókina ISO 24165 DTI af gerð = 3 (þ.e. virkur jafngengur hópur), ef við á	ISO 24165 FFG DTI
F.15	Stöðuvísir fyrir valfrjáls gögn	Stöðuvísir sem sýnir hvort hvítbók um sýndareignir, eins og kveðið er á um í 8. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, sé skyldubundin eða valkvæð	„rétt“ – valfrjáls „rangt“ – skyldubundið
F.16	Stöðuvísir fyrir persónuupplýsingar	Stöðuvísir sem sýnir hvort framlögð hvítbók innihaldi persónuupplýsingar	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
F.17	Hæfi LEI-auðkennis	Tilgreining um að útgefandi sé gjaldgengur fyrir auðkenni lögaðila	„rétt“ – hæfur „rangt“ – ekki hæfur
F.18	Heimaaðildarríki	Heimaaðildarríki eins og það er skilgreint í 33. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Tæmandi skrá yfir aðildarríki Evrópusambandsins
F.19	Gistiaðildarríki	Gistiaðildarríki eins og það er skilgreint í 34. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Tæmandi skrá yfir aðildarríki Evrópusambandsins
G-hluti - Upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja sýndareignunum			
G.1	Réttindi og skyldur kaupanda	Lýsing á réttindum og skyldum kaupanda, ef einhverjar eru	Frjáls texti með alstöfum
G.2	Nýting á réttindum og skyldum	Verklag og skilyrði fyrir því að neyta réttar	Frjáls texti með alstöfum
G.3	Skilyrði fyrir breytingum á réttindum og skyldum	Lýsing á því við hvaða aðstæður megi breyta réttindum og skyldum	Frjáls texti með alstöfum
G.4	Almenn útboð í framtíðinni	Upplýsingar um almenn útboð útgefanda í framtíðinni á sýndareignum, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
G.5	Sýndareignir sem útgefandi heldur eftir	Upplýsingar um fjölda sýndareigna sem útgefandinn heldur sjálfur eftir, eftir atvikum	Tölur {INTEGER-n}
G.6	Flokkun nytjatóka	Tilgreining á því hvort almennt útboð á sýndareignum eða töku þeirra til viðskipta varði nytjatóka	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
G.7	Lykileiginleikar vara/þjónustu fyrir nytjatóka	Upplýsingar um gæði og magn vara og þjónustu sem nytjatókarnir veita aðgang að	Frjáls texti með alstöfum
G.8	Innlausn nytjatóka	Gildir aðeins af reitur G.6 er réttur. Upplýsingar um hvernig hægt er að innleysa nytjatóka fyrir vörur eða þjónustu sem þeir tengjast	Frjáls texti með alstöfum
G.9	Beiðni um töku til viðskipta	Tilgreining á því hvort töku til viðskipta hafi verið óskað	„rétt“ – óskað „rangt“ – ekki óskað
G.10	Fyrirkomulag kaupa eða sölu á sýndareignum	Ef ekki er óskað eftir töku til viðskipta, upplýsingar um hvernig og hvar hægt er að kaupa eða selja sýndar-eignirnar eftir að almennu útboði lýkur	Frjáls texti með alstöfum
G.11	Takmarkanir á framsali sýndareigna	Takmarkanir á framsalshæfi sýndareigna sem eru boðnar eða teknar til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
G.12	Aðferðarlýsingar fyrir aðlögun á framboði	Tilgreining á því hvort sýndareign hafi aðferðarlýsingar til að auka eða minnka framboð til að bregðast við breytingum á eftirspurn	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
G.13	Aðlögunarkerfi fyrir framboð	Ef sýndareign fylgja aðferðarlýsingar til aukningar eða minnkunar á framboði hennar til að bregðast við breyttri eftirspurn, lýsing á því hvernig þessar aðferðarlýsingar virka.	Frjáls texti með alstöfum
G.14	Verndarkerfi fyrir virði tóka	Tilgreining á því hvort sýndareign hafi verndarkerfi sem ver verðmæti hennar	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
G.15	Lýsing á verndarkerfi fyrir virði tóka	Ef reitur G.14 er réttur, lýsing á verndarkerfinu sem ver verðmæti sýndareigna	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
G.16	Bótakerfi	Tilgreining á því hvort sýndareignarverkefnið sé með bótakerfi	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
G.17	Bótakerfi lýsing	Ef reitur G.16 er réttur, lýsing á bótakerfum	Frjáls texti með alstöfum
G.18	Gildandi lög	Gildandi lög um sýndareignir	Fellilisti með gildandi lögum
G.19	Valdbær dómstóll	Valdbær dómstóll	Frjáls texti með alstöfum
		H-hluti - Upplýsingar um tæknina sem liggur að baki	
H.1	Dreifð færsluskrártækni (DTL)	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni fyrir stafræna tóka er ekki gefið upp í reit F.13. Upplýsingar um tæknina sem er notuð, þ.m.t. dreifða færsluskrártækni	Frjáls texti með alstöfum
H.2	Aðferðarlýsingar og tæknistaðlar	Upplýsingar um aðferðarlýsingar og tæknistaðla sem eru notaðir	Frjáls texti með alstöfum
H.3	Tæknin sem er notuð	Aðrar upplýsingar um tæknina sem er notuð	Frjáls texti með alstöfum
H.4	Samstöðuaðferð	Upplýsingar um samstöðuaðferðina, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
H.5	Hvatakerfi og viðeigandi gjöld	Upplýsingar um hvatakerfi til að tryggja viðskipti og hvers konar gjöld sem við eiga	Frjáls texti með alstöfum
H.6	Notkun á dreifðri færsluskrártækni	Tilgreining á því hvort sýndareignirnar séu gefnar út, millifærðar og geymdar með því að nota dreifða færsluskrártækni sem er starfrækt af útgefandanum, tilboðsgjafanum eða þriðja aðila sem kemur fram fyrir þeirra hönd	„rétt“ – Já, DFT sem útgefandi eða þriðji aðili sem starfar fyrir hans hönd stýrir „rangt“ – Já, DFT sem útgefandi eða þriðji aðili sem starfar fyrir hans hönd stýrir ekki
H.7	Lýsing á notkunarmöguleikum DFT	Ef dreifð færsluskrártækni er starfrækt af útgefanda eða þriðja aðila sem kemur fram fyrir hönd útgefandans skal gefa ítarlega lýsingu á því hvernig slík dreifð færsluskrártækni virkar	Frjáls texti með alstöfum
H.8	Úttekt	Tilgreining á því hvort úttekt hafi verið gerð á tækninni sem er notuð	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
H.9	Niðurstaða úttektar	Ef úttekt var gerð, upplýsingar um niðurstöðu úttektar á tækninni sem er notuð	Frjáls texti með alstöfum
		I-hluti - Upplýsingar um áhættuþætti	
I.1	Áhætta tengd útboði	Upplýsingar um áhættuna í tengslum við útboð á sýndareigninni á almennum markaði eða töku hennar til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
I.2	Áhætta sem tengist útgefanda	Upplýsingar um áhættuna í tengslum við útgefandann, ef hann er annar en tilboðsgjafinn, eða aðilann sem sækist eftir töku til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
I.3	Áhætta sem tengist sýndareignum	Lýsing á áhættu sem tengist sýndareigninni	Frjáls texti með alstöfum
I.4	Áhætta sem tengist framkvæmd verkefnis	Lýsing á áhættu í tengslum við framkvæmd verkefnisins	Frjáls texti með alstöfum
I.5	Áhætta sem tengist tækni	Lýsing á áhættuþáttum sem tengjast tækninni sem er notuð	Frjáls texti með alstöfum
I.6	Mótvægisráðstafanir	Mótvægisráðstafanir við þeim áhættuþáttum sem tengjast tækninni, ef við á	Frjáls texti með alstöfum
		J-hluti – Upplýsingar um sjálfbærnivísa í tengslum við neikvæð loftslagsáhrif og önnur neikvæð umhverfisáhrif	
J.1	Neikvæð áhrif á loftslag og önnur neikvæð umhverfisáhrif	Upplýsingarnar, sem um getur í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, um tæknilega staðla sem samþykktir eru skv. fjórðu undirgrein 12. mgr. 6. gr., fjórðu undirgrein 11. mgr. 19. gr., fjórðu undirgrein 15. mgr. 51. gr. og fjórðu undirgrein 6. mgr. 66. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114	Frjáls texti með alstöfum

Tafla 3

Sniðmát fyrir hvítbækur um eignatengda tóka

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
I.00	Efnisyfirlit	Efnisyfirlit	texti með alstöfum
I.01	Tilkynningardagur	Tilkynningardagur	ÁÁÁÁ-MM-DD
I.02	Yfirlýsing í samræmi við a- til e-lið 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	„Eignatengdi tókinn sem um getur í þessari hvítbók um sýndareignir kann að missa verðmæti sitt að hluta til eða öllu leyti, er ekki alltaf framseljanleg og er hugsanlega ekki auðseljanleg. Eignatengdi tókinn sem um getur í þessari hvítbók um sýndareign fellur hvorki undir tryggingakerfi fyrir fjárfesta samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB né innstæðutryggingakerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB.“	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum
I.03	Hlítniyfirlýsing í samræmi við 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	„Þessi hvítbók um sýndareignir samræmist III. bálki reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 og samkvæmt bestu vitund stjórnarinnar og/eða framkvæmdastjórnarinnar eru upplýsingarnar sem koma fram í hvítbókinni um sýndareignina óvilhallar, skýrar og ekki villandi og í þessa hvítbók um sýndareign vantar ekkert á þann hátt að líklegt sé að það hafi áhrif á áreiðanleika hennar.“	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum
		SAMANTEKT	
I.04	Viðvörun í samræmi við aðra undirgrein 6. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	„Viðvörun Þessi samantekt skal lesin sem inngangur að hvítbókinni um sýndareignina. Tilvonandi eigandi ætti að byggja allar ákvarðanir um að kaupa þennan eignatengda tóka á efni hvítbókarinnar í heild sinni en ekki aðeins á samantektinni. Almennt útboð á þessari sýndareign felur ekki í sér tilboð eða hvatningu um kaup á fjármálagerningi og slíkt útboð eða hvatningu um slíkt má aðeins gera með lýsingu eða öðrum tilboðsyfirlitum samkvæmt gildandi landslögum. Þessi hvítbók um sýndareignina telst hvorki vera lýsing eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 né annað útboðsskjal samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.“	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
I.05	Einkenni sýndareignar	Stutt, skýr og ótæknileg lýsing á eiginleikum viðkomandi eignatengds tóka til að auðvelda tilvonandi eigendum eignatengda tókans að taka upplýsta ákvörðun	Frjáls texti með alstöfum
I.06	Réttur til innlausnar	„Eigendur eignatengdra tóka hafa innlausnarrétt hvenær sem er“ Lýsing á skilyrðum fyrir slíkri innlausn	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum Frjáls texti með alstöfum
I.07	Lykilupplýsingar um almennt útboð og/eða töku til viðskipta	Lykilupplýsingar um almennt útboð eignatengds tóka eða fyrirhugaða töku hans til viðskipta.	Frjáls texti með alstöfum
		A-hluti - Upplýsingar um útgefanda eignatengda tókans	
A.1	Lögboðið heiti	Lögboðið heiti	Frjáls texti með alstöfum
A.2	Viðskiptaheiti	Viðskiptaheiti	Frjáls texti með alstöfum
A.3	Félagsform	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit A.7 Félagsform	ISO-staðall 20275 „Fjármálaþjónusta – félagsform einingar (ELF)“
A.4	Skráð heimilisfang	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit A.7 Heimilisfang og skráningarland	ISO-staðall 3166-1 alpha 2 landskóðar og kóðar fyrir undirflokkun þeirra og Frjáls texti með alstöfum
A.5	Aðalskrifstofa	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit A.7 Heimilisfang og land aðalskrifstofu, ef það er annað en skráð heimilisfang	ISO-staðall 3166-1 alpha 2 landskóðar og kóðar fyrir undirflokkun þeirra og Frjáls texti með alstöfum
A.6	Skráningardagur	Dagsetning skráningar	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD)
A.7	Auðkenni lögaðila	Auðkenni lögaðila (LEI-númer) útgefandans	{LEI}

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
A.8	Annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum	Landsbundið auðkenni miðað við þjóðerni útgefanda sem óskar eftir töku til viðskipta, ef þess er krafist samkvæmt gildandi landslögum. Þennan reit skal aðeins fylla út fyrir einingar sem krafist er landsbundins auðkennis fyrir samkvæmt gildandi landslögum.	Frjáls texti
A.9	Móðurfélag	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit A.7 Heiti móðurfélagsins, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
A.10	Aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar	Auðkenni, heimilisfang fyrirtækis og hlutverk sérhvers einstaklings sem er aðili stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar, eins og skilgreint er í 27. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, útgefanda	Frjáls texti með alstöfum sýndur á formi töflu
A.11	Atvinnustarfsemi	Viðskipta- eða atvinnustarfsemi útgefanda,	Frjáls texti með alstöfum
A.12	Atvinnustarfsemi móðurfélags	Viðskipta- eða atvinnustarfsemi móðurfélagsins (ef við á)	Frjáls texti með alstöfum
A.13	Nýstofnað	Tilgreining á því hvort útgefandi hafi verið í starfsemi í a.m.k. síðastliðin þrjú ár	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
A.14	Fjárhagsstaða síðustu þriggja ára	Fjárhagsstaða útgefanda síðastliðin þrjú ár Þetta skal metið á grundvelli sanngjarnar skoðunar á þróun og afkomu rekstrar útgefandans og á stöðu hans á hverju ári og árshluta sem sögulegra fjárhagsupplýsinga er krafist um, þ.m.t. ástæðum verulegra breytinga. Yfirlitið skal vera óhlutdræg og ítarleg greining á þróun og afkomu rekstrar útgefandans og stöðu hans, í samræmi við umfang og flækjustig starfseminnar.	Frjáls texti með alstöfum
A.15	Fjárhagsstaða frá skráningu	Ef útgefandinn hefur verið í starfsemi í innan við þrjú ár, fjárhagsstaða hans frá skráningardegi.	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
		Þetta skal metið á grundvelli sanngjarnar skoðunar á þróun og afkomu rekstrar útgefandans og á stöðu hans á hverju ári og árshluta sem sögulegra fjárhagsupplýsinga er krafist um, þ.m.t. ástæðum verulegra breytinga. Yfirlitið skal vera óhlutdræg og ítarleg greining á þróun og afkomu rekstrar útgefandans og stöðu hans, í samræmi við umfang og flækjustig starfseminnar.	
A.16	Fyrirkomulag stjórnarhátta	Nákvæm lýsing á fyrirkomulagi stjórnarhátta útgefanda	Frjáls texti með alstöfum
A.17	Undanþága frá starfsleyfi	Tilgreining á því hvort útgefandi eignatengdra tóka sé undanþeginn starfsleyfi	„NOEXE – engin undanþága „EX17“ – undanþága í samræmi við 17. gr. „EX16“ – undanþága í samræmi við 16. gr.
A.18	Starfsleyfi sem útgefandi eignatengdra tóka	Ef hann er ekki undanþeginn starfsleyfi, nánari upplýsingar um starfsleyfið sem útgefandi eignatengds tóka	Frjáls texti með alstöfum
A.19	Yfirvald sem veitir starfsleyfi	Heiti lögbærs yfirvalds sem veitti starfsleyfi sem útgefandi eignatengdra tóka	Tæmandi skrá yfir lögbær yfirvöld – eitt fyrir hvert aðildarríki
A.20	Lögbær yfirvöld lánastofnana	Fyrir lánastofnanir, heiti lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins.	Tæmandi skrá yfir lögbær yfirvöld – eitt fyrir hvert aðildarríki
A.21	Útgáfa annarra sýndareigna	Tilgreining á því hvort útgefandi eignatengdra tóka gefi einnig út aðrar sýndareignir	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
A.22	Starfsemi sem tengist öðrum sýndareignum	Tilgreining á því hvort útgefandi eignatengdra tóka sé einnig með starfsemi sem tengist öðrum sýndareignum	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
A.23	Tenging á milli útgefanda og aðila sem starfrækir DFT	Tilgreining á því hvort tenging sé á milli útgefanda og aðila sem starfrækir dreifða færsluskrártækni sem notuð er til að gefa út sýndareign, þ.m.t. hvort samskiptareglurnar séu starfræktar af eða stjórnað af aðila sem er í nánum tengslum við þátttakendur í verkefninu	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
A.24	Lýsing á tengingu á milli útgefanda og aðila sem starfrækir DFT	Lýsing á tengingu á milli útgefanda og aðila sem starfrækir dreifða færsluskrártækni sem notuð er til að gefa út sýndareign, þ.m.t. hvort samskiptareglurnar séu starfræktar af eða stjórnað af aðila sem er í nánum tengslum við þátttakendur í verkefninu	Frjáls texti með alstöfum

AA- upplýsingar um aðra aðila en útgefanda sem bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði eða óska eftir töku þeirra til viðskipta og um aðra aðila sem útbúa hvítbók um sýndareign, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114

AA.1	Aðrir aðilar en útgefandinn sem býður eignatengdan tóka út á almennum markaði eða óskar eftir töku hans til viðskipta, skv. annarri undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Tilgreining á auðkenni aðila sem býður eignatengdan tóka út á almennum markaði eða óskar eftir töku hans til viðskipta, ef hann er annar en útgefandi	{LEI}
AA.1.2	Aðrir aðilar en útgefandinn sem býður eignatengdan tóka út á almennum markaði eða óskar eftir töku hans til viðskipta, skv. annarri undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni lögaðila er ekki gefið upp í reit AA.1 Landsbundið auðkenni miðað við þjóðerni annars aðila en útgefanda sem býður út á almennum markaði eða sem óskar eftir töku til viðskipta, ef þess er krafist samkvæmt gildandi landslögum. Þennan reit skal aðeins fylla út fyrir einingar sem krafist er landsbundins auðkennis fyrir í samræmi við gildandi landslög.	Annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum
AA.2	Ástæða fyrir útboði eignatengds tóka á almennum markaði eða ósk eftir töku hans til viðskipta af hálfu aðila sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Ef tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta er annar en útgefandi, ástæður fyrir almennu útboði eða ósk eftir töku eignatengds tóka til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
AA.3	Aðrir einstaklingar sem útbúa hvítbók um sýndareign samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Ef um annan aðila en útgefanda er að ræða, tilgreining á auðkenni aðilans sem útbýr hvítbók um sýndareign	{LEI}

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
AA.3.1	Aðrir einstaklingar sem útbúa hvítbók um sýndareign samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni lögaðila er ekki gefið upp í reit AA.3 Landsbundið auðkenni miðað við þjóðerni aðilans sem útbýr hvítbók um sýndareign, ef þess er krafist samkvæmt gildandi landslögum. Þennan reit skal aðeins fylla út fyrir einingar sem krafist er landsbundins auðkennis fyrir í samræmi við gildandi landslög.	Annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum
AA.4	Ástæður þess að aðilar semja hvítbókina, sem um getur í ákvæðum annarrar undirgreinar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Ef annar aðili en útgefandi útbýr hvítbókina, ástæður þess að hvítbókin var gerð	Frjáls texti með alstöfum
		B-hluti - Upplýsingar um eignatengda tókann	
B.1	Heiti eignatengds tóka	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni fyrir stafræna tóka er ekki gefið upp í reit B.15 Heiti eignatengds tóka	Frjáls texti með alstöfum
B.2	Skammstöfun tóka	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni fyrir stafræna tóka er ekki gefið upp í reit B.15 Skammstöfun eða auðkenni eignatengda tókans	Frjáls texti með alstöfum
B.3	Nánari upplýsingar um alla einstaklinga eða lögaðila sem koma að framkvæmd eignatengds tóka	Nánari upplýsingar um ráðgjafa, þróunarteymi, þjónustuveitendur sýndareigna og alla aðra einstaklinga eða lögaðila sem koma að framkvæmd sýndareignaverkefnisins, þ.m.t. heimilisföng fyrirtækis eða hvar fyrirtækið hefur staðfestu	Frjáls texti með alstöfum sýndur á formi töflu
B.4	Hlutverk þriðja aðila	Lýsing á hlutverki, ábyrgð og ábyrgðarskyldu allra þriðju aðila sem um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Frjáls texti með alstöfum sýndur á formi töflu
B.5	Áætlanir fyrir tóka	Upplýsingar um áætlanir fyrir eignatengda tóka, þ.m.t. lýsing á fyrri og væntanlegum framtíðaráföngum	Frjáls texti með alstöfum
B.6	Úthlutun auðlinda	Upplýsingar um auðlindir sem hefur þegar verið úthlutað á verkefnið, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
Lýsing á einkennum eignatengda tókans, þ.m.t. þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar eru til að flokka hvítbókina um sýndareign í skránni sem um getur í 109. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, eins og tilgreint er í samræmi við 8. mgr. þeirrar greinar.			
B.7	Tegund hvítbókar um sýndareign	Tegund hvítbókar sem tilkynnt var um	ARTW
B.8	Tegund framlagningar	Tegund framlagningar	NEWT = Nýtt MODI = Breyting EROR = Villa CORR = Leiðrétting
B.9	Einkenni sýndareignar	Lýsing á einkennum eignatengds tóka sem er boðinn út og/eða tekinn til viðskipta.	Frjáls texti með alstöfum
B.10	Vefsetur útgefanda	Vefsetur útgefanda	Frjáls texti með alstöfum
B.11	Upphafsdagsetning almenns útboðs eða töku til viðskipta	Upphafsdagur eða, ef hann liggur ekki fyrir við tilkynningu lögbæra yfirvaldsins, fyrirhugaður upphafsdagur útboðs á almennum markaði eða töku til viðskipta	ÁÁÁÁ-MM-DD
B.12	Útgáfudagur	Gildistökudagur eða áætlaður útgáfudagur hvítbókar eða breytingar á hvítbókinni	ÁÁÁÁ-MM-DD
B.13	Öll önnur þjónusta sem útgefandi veitir	Öll önnur þjónusta sem útgefandi veitir og fellur ekki undir reglugerð (ESB) 2023/1114, með tilvísun í gildandi lög Sambandsins eða landsbundnar réttargerðir varðandi þessa þjónustu	Frjáls texti með alstöfum
B.14	Tungumál hvítbókar um sýndareign	Tungumál sem hvítbók um sýndareign er samin á Þegar mörg tungumál hafa verið notuð skal tilkynna þennan reit eins oft og þörf krefur	Tæmandi skrá yfir tungumál Evrópusambandsins
B.15	Auðkenni fyrir stafræna tóka sem er notað til að auðkenna sýndareign með einkvæmum hætti eða sérhverja sýndareign af mörgum sem hvítbókin tengist, ef við á	Kóði sem er notaður til að auðkenna sýndareign með einkvæmum hætti eða sérhverja sýndareign af mörgum sem hvítbók sýndareignar tengist, ef við á	ISO 24165 auðkenni fyrir stafræna tóka
B.16	Auðkenni fyrir stafræna tóka sem hægt er að skipta út fyrir annað, ef við á	Kóði sem er notaður til að auðkenna jafngengan hóp sem stafræn eign tilheyrir (þ.e. sameiginlegur fyrir sérhverja eign af mörgum sem hvítbókin tengist, þ.e. kóði sem er notaður til að tilgreina hvítbókina ISO 24165 DTI af gerð = 3 (þ.e. virkur jafngengur hópur), ef við á	ISO 24165 FFG DTI

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
B.17	Stöðuvísir fyrir persónuupplýsingar	Stöðuvísir sem sýnir hvort framlögð hvítbók innihaldi persónu-upplýsingar	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
B.18	Hæfi LEI-auðkennis	Tilgreining um að útgefandi sé gjaldgengur fyrir auðkenni lögaðila	„rétt“ – hæfur „rangt“ – ekki hæfur
B.19	Heimaaðildarríki	Heimaaðildarríki eins og það er skilgreint í 33. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Tæmandi skrá yfir aðildarríki Evrópusambandsins
B.20	Gistiaðildarríki	Gistiaðildarríki eins og það er skilgreint í 34. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Tæmandi skrá yfir aðildarríki Evrópusambandsins
C-hluti - Upplýsingar um almennt útboð eignatengda tókans eða töku hans til viðskipta			
C.1	Almennt útboð eða taka til viðskipta	Upplýsingar um hvort hvítbókin um sýndareignir varði almennt útboð á sýndareignum eða töku þeirra til viðskipta	„OTPC“ - almennt útboð „ATTR“ - taka til viðskipta
C.2	Fjáröflunarmarkmið	Fjárhæðin sem markmiðið er að afla með almennu útboði eignatengds tóka í formi fjármagns í opinberum gjaldmiðli eða hvers kyns öðrum sýndareignum, eftir atvikum	Fjárhæð í peningagildi {DECIMAL-18/3} eða Tölur {INTEGER-n}
C.3	Lágmarksmarkmið um áskrift	Lágmarksmarkmið um áskrift sem sett eru fram fyrir almennt útboð á eignatengdum tóka í opinberum gjaldmiðli eða öðrum sýndareignum, eftir atvikum	Fjárhæð í peningagildi {DECIMAL-18/3} eða Tölur {INTEGER-n}
C.4	Hámarksmarkmið um áskrift	Hámarksmarkmið um áskrift sem sett eru fram fyrir almennt útboð á eignatengdum tóka í opinberum gjaldmiðli eða öðrum sýndar-eignum, eftir atvikum	Fjárhæð í peningagildi {DECIMAL-18/3} eða Tölur {INTEGER-n}
C.5	Samþykki til umframáskriftar	Tilgreining á því hvort umframáskrift sé heimil	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei „NTAV“ – Á ekki við
C.6	Ráðstöfun umframáskriftar	Ef umframáskrift er heimil, lýsing á því hvernig henni verður úthlutað	Frjáls texti með alstöfum
C.7	Magn tóka í útboði/sem viðskipti voru með	Eftir atvikum, heildarfjöldi eininga eignatengda tókans sem á að bjóða út á almennum markaði eða taka til viðskipta	Tölustafir {DECIMAL-18/3}
C.8	Markhópur eigenda	Tilgreining á væntanlegum eigendum sem eru markhópur almenns útboðs á eignatengdum tóka eða töku slíkra eignatengdra tóka til viðskipta	„RETL“ – almennir fjárfestar „PROF“ – fagfjárfestar

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
C.9	Takmarkanir á eigendum	Tilgreining á takmörkunum varðandi gerð eigenda eignatengds tóka	Frjáls texti með alstöfum
C.10	Tilkynning um endurgreiðslu	„Kaupendur sem taka þátt í almennu útboði á þessum eignatengda tóka geta fengið endurgreitt ef lágmarksmarkmiði áskriftar hefur ekki verið náð við lok almenns útboðs, ef þeir nýta réttinn til að falla frá samningi sem kveðið er á um í 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 eða ef fallið er frá útboðinu“	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum
C.11	Tímasetning endurgreiðslu	Áætluð tímasetning þegar endurgreiðslunum verður lokið	Frjáls texti með alstöfum
C.12	Skýrar afleiðingar	Lýsing á afleiðingum þess að fara yfir hámarksmarkmið áskriftar	Frjáls texti með alstöfum
C.13	Útboðsstig	Upplýsingar um hin ýmsu stig almenns útboðs eignatengds tóka	Frjáls texti með alstöfum
C.14	Afsláttur á kaupum fyrir opnun	Upplýsingar um kaupverð á afslætti fyrir þá sem kaupa eignatengdan tóka fyrir opnun (forsala), og ef um er að ræða kaupverð á afslætti fyrir suma kaupendur skal greina frá því af hverju kaupverðið getur verið annað og lýsa áhrifunum á aðra fjárfesta	Frjáls texti með alstöfum
C.15	Tímatakmarkað útboð	Tilgreining á því hvort útboð sé tímatakmarkað	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
C.16	Upphaf áskriftartímabils	Sé um að ræða tímabundið útboð skal tilgreina upphaf áskriftartímabilsins sem almenna útboðið stendur yfir.	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD)
C.17	Lok áskriftartímabils	Sé um að ræða tímabundið útboð skal tilgreina lok áskriftartímabilsins sem almenna útboðið stendur yfir.	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD)
C.18	Greiðsla fyrir kaup/innlausn tóka	Greiðsluaðferðir við kaup og innlausn á þeim eignatengdu tókum sem eru boðnir	Frjáls texti með alstöfum
C.19	Framsal tóka	Upplýsingar um hvernig og hvenær yfirfærsla á keyptum eignatengdum tókum til handhafa fer fram	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
C.20	Tæknilegar kröfur kaupenda	Upplýsingar um tæknilegar kröfur sem kaupandi þarf að uppfylla til að varðveita eignatengdan tóka	Frjáls texti með alstöfum
C.21	Heiti þjónustuveitanda sýndareignar	Heiti þjónustuveitanda sýndareigna sem ber ábyrgð á markaðssetningu eignatengdra tóka, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
C.22	Auðkenni þjónustuveitenda sýndareigna	Auðkenni lögaðila þjónustuveitanda sýndareigna sem ber ábyrgð á markaðssetningu eignatengdra tóka	{LEI}
C.23	Form markaðssetningar	Form slíkrar markaðssetningar (með eða án fastrar skuld-bindingar), eftir atvikum	„WITH“ - með fastri skuldbindingu „WOUT“ - án fastrar skuldbindingar „NTAV“ – Á ekki við
C.24	Heiti viðskiptavettvanga	Eftir atvikum, heiti viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir þar sem óskað er eftir töku til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
C.25	Markaðsauðkenniskóði (MIC) við-skiptavettvanga	Markaðsauðkenniskóði markaðshluta fyrir viðskiptavettvanginn sem þjónustuveitandi sýndareignar rekur, sé hann tiltækur, annars markaðsauðkenniskóði rekstraraðila.	{MIC}
C.26	Aðgangur að viðskiptavettvöngum	Upplýsingar um hvernig fjárfestar geta fengið aðgang að slíkum viðskiptavettvöngum, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
C.27	Innifalinn kostnaður	Upplýsingar um innifalinn kostnað þess að fá aðgengi að við-skiptavettvangi fyrir fjárfesta, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
C.28	Útboðsgjöld	Útgjöld sem tengjast almennu útboði á eignatengdum tóka í opinberum gjaldmiðli eða öðrum sýndareignum, eftir atvikum. Ef um fleiri en eina gerð útgjalda er að ræða ætta að birta útgjöldin á töfluformi	Frjáls texti með alstöfum og tölustafir {DECIMAL-18/3} sýndir á töfluformi
C.29	Hagsmunaárekstrar	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar aðila sem tengjast útboði á almennum markaði eða töku til viðskipta, sem koma upp í tengslum við útboð eða töku til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
C.30	Gildandi lög	Lög sem gilda um almennt útboð eignatengds tóka	Fellilisti með gildandi lögum
C.31	Valdbær dómstóll	Valdbær dómstóll	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
D-hluti - Upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja eignatengda tókanum			
D.1	Notkunarmöguleikar tóka	Lýsing á notkunarmöguleikum eignatengds tóka sem er boðinn út og/eða tekinn til viðskipta.	Frjáls texti með alstöfum
D.2	Áætluð virkjun á notkunarmöguleikum	Upplýsingar um hvenær áætlað er að virkja notkunarmöguleika	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD)
D.3	Réttindi og skyldur kaupanda	Lýsing á réttindum og skyldum kaupanda, ef einhverjar eru	Frjáls texti með alstöfum
D.4	Verklags þess að neyta réttar	Lýsing á verklagi og skilyrðum fyrir því að neyta réttar	Frjáls texti með alstöfum
D.5	Skilyrði fyrir breytingum á réttindum og skyldum	Lýsing á því við hvaða aðstæður megi breyta réttindum og skyldum	Frjáls texti með alstöfum
D.6	Almenn útboð í framtíðinni	Upplýsingar um almenn útboð útgefanda í framtíðinni á eignatengdum tóka, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
D.7	Einingar sem útgefandi heldur eftir	Upplýsingar um fjölda eininga eignatengds tóka sem útgefandinn heldur sjálfur eftir, eftir atvikum	Tölur {INTEGER-n}
D.8	Beiðni um töku til viðskipta	Tilgreining á því hvort töku til viðskipta hafi verið óskað	„rétt“ – óskað „rangt“ – ekki óskað
D.9	Fyrirkomulag kaupa eða sölu á tókum	Ef ekki er óskað eftir töku til viðskipta, upplýsingar um hvernig og hvar hægt er að kaupa eða selja eignatengdu tókana eftir að almennu útboði lýkur	Frjáls texti með alstöfum
D.10	Takmarkanir á framsali tóka	Takmarkanir á framsalshæfi eignatengda tókans sem er boðinn eða tekinn til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
D.11	Aðferðarlýsingar fyrir aðlögun á framboði	Tilgreining á því hvort eignatengdur tóki hafi aðferðarlýsingar til að auka eða minnka framboð til að bregðast við breytingum á eftirspurn	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
D.12	Aðlögunarkerfi fyrir framboð	Ef eignatengda tókanum fylgja aðferðarlýsingar til aukningar eða minnkunar á framboði hans til að bregðast við breyttri eftirspurn, lýsing á því hvernig þessar aðferðarlýsingar virka.	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
D.13	Verndarkerfi fyrir virði tóka	Tilgreining á því hvort eignatengdur tóki hafi verndarkerfi sem ver verðmæti hans	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
D.14	Lýsing á verndarkerfi fyrir virði tóka	Ef það er já í reit D.13, lýsing á verndarkerfinu sem ver verðmæti eignatengds tóka	Frjáls texti með alstöfum
D.15	Bótakerfi	Tilgreining á því hvort eignatengdur tóki sé með bótakerfi	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
D.16	Lýsing á bótakerfi	Ef það er já í reit D.15, lýsing á bótakerfum	Frjáls texti með alstöfum
D.17	Eðli og framfylgjanleiki réttinda	Upplýsingar um eðli og framfylgjanleika réttinda, þ.m.t. varanlegs réttar til innlausnar og allar kröfur sem eigendur og lögaðili eða einstaklingur, eins og um getur í 2. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, kann að eiga á hendur útgefandanum, þ.m.t. upplýsingar um hvernig farið verður með slík réttindi við ógjaldfærnimeðferð og hvort mismunandi réttindi eru veitt mismunandi eigendum og ástæður slíkrar mismunandi meðferðar, án þess að þær feli í sér mismunun.	Frjáls texti með alstöfum
D.18	Lýsing á viðmiðunareignum	Ítarleg lýsing á kröfunni sem eignatengdi tókinn stendur fyrir gagnvart eigendum, þ.m.t. lýsing á sérhverri viðmiðunareign, þ.m.t. ISIN-númeri þar sem við á, og tilgreint hlutfall sérhverrar þessara eigna	Frjáls texti með alstöfum sýndur á formi töflu {ISIN} eftir atvikum
D.19	Hlutfall viðmiðunareigna	Lýsing á fjárhæð kröfu og varasjóð eigna	Frjáls texti með alstöfum
D.20	Samspil virðis, kröfu og varasjóðs	Tengslin milli virðis eigna sem tókinn er tengdur við og fjárhæðar kröfunnar og varasjóðs eigna	Frjáls texti með alstöfum
D.21	Gagnsætt mat á kröfu	Lýsing á því hvernig sanngjarnt og gagnsætt mat á efnisþáttum kröfunnar fer fram, þar sem tilgreindir eru óháðir aðilar þar sem við á	Frjáls texti með alstöfum
D.22	Aðrar upplýsingar um kröfuna sem eignatengdur tóki stendur fyrir gagnvart viðmiðunareignum	Viðbótarupplýsingar sem lýsa kröfunni sem eignatengdi tókinn felur í sér fyrir eigendur	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
D.23	Lausafjárráðstafanir	Eftir atvikum, upplýsingar um ráðstafanir sem útgefandinn hefur gert til að tryggja seljanleika eignatengda tókans	Frjáls texti með alstöfum
D.24	Veitendur seljanleika	Heiti aðila sem bera ábyrgð á því að tryggja seljanleika, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
D.25	Tengiliður fyrir framlagningu kvartana	Samskiptaupplýsingar fyrir framlagningu kvartana	Frjáls texti með alstöfum
D.26	Verklagsreglur um meðferð kvartana	Lýsing á verklagsreglum um meðferð kvartana	Frjáls texti með alstöfum
D.27	Úrræði til lausnar deilumála	Lýsing á öllum úrræðum til lausnar deilumála eða úrlausnar-meðferð sem útgefandi eignatengds tóka hefur komið á fót	Frjáls texti með alstöfum
D.28	Réttindi eiganda við vanskil eða ógjaldfærni	Lýsing á réttindum eiganda þegar útgefandi getur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar, þ.m.t. við ógjaldfærni	Frjáls texti með alstöfum
D.29	Réttindi við framkvæmd endurbótaáætlunar	Lýsing á réttindum í tengslum við framkvæmd endurbótaáætlunar	Frjáls texti með alstöfum
D.30	Réttindi við framkvæmd innlausnaráætlunar	Lýsing á réttindum í samhengi við framkvæmd innlausnaráætlunar	Frjáls texti með alstöfum
D.31	Innlausnareyðublað	Ítarlegar upplýsingar um hvernig eignatengdur tóki er innleystur	Frjáls texti með alstöfum
D.32	Valkostir innlausnareyðublaðs	Tilgreining á því hvort eiganda verði kleift að velja form inn-lausnar	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
D.33	Valkostir um form á millifærslum	Tilgreining á því hvort eiganda verði kleift að velja form milli-færslu	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
D.34	Form millifærslu	Form millifærslu	Frjáls texti með alstöfum
D.35	Innlausnargjaldmiðill	Opinber gjaldmiðill innlausnar	{CURRENCYCODE_3}
D.36	Gildandi lög	Lögin sem gilda um eignatengda tókann	Fellilisti með gildandi lögum
D.37	Valdbær dómstóll	Valdbær dómstóll	Frjáls texti með alstöfum
		E-hluti - Upplýsingar um tæknina sem liggur að baki	
E.1	Dreifð færsluskrártækni	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni fyrir stafræna tóka er ekki gefið upp í reit B.15	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
		Upplýsingar um dreifða færsluskrártækni	
E.2	Aðferðarlýsingar og tæknistaðlar	Upplýsingar um aðferðarlýsingar og tæknistaðla sem eru notaðir, og gerir kleift að eiga, geyma og millifæra eignatengdan tóka.	Frjáls texti með alstöfum
E.3	Tæknin sem er notuð	Aðrar upplýsingar um tæknina sem er notuð og gerir kleift að eiga, geyma og millifæra eignatengda tóka, ef við á	Frjáls texti með alstöfum
E.4	Samstöðuaðferð	Samstöðuaðferðin, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
E.5	Hvatakerfi og viðeigandi gjöld	Hvatakerfi til að tryggja viðskipti og hvers konar gjöld sem við eiga	Frjáls texti með alstöfum
E.6	Notkun á dreifðri færsluskrártækni	Tilgreining á því hvort eignatengdir tókar séu gefnir út, millifærðir og geymdir með því að nota dreifða færsluskrártækni sem er starfrækt af útgefandanum eða þriðja aðila sem kemur fram fyrir hönd útgefanda	„rétt“ – Já, DFT sem útgefandi eða þriðji aðili sem starfar fyrir hans hönd stýrir „rangt“ – Já, DFT sem útgefandi eða þriðji aðili sem starfar fyrir hans hönd stýrir ekki
E.7	Lýsing á notkunarmöguleikum DFT	Ef dreifð færsluskrártækni er starfrækt af útgefanda eða þriðja aðila sem kemur fram fyrir hönd útgefandans skal gefa ítarlega lýsingu á því hvernig slík dreifð færsluskrártækni virkar	Frjáls texti með alstöfum
E.8	Úttekt	Tilgreining á því hvort úttekt hafi verið gerð á tækninni sem er notuð	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
E.9	Niðurstaða úttektar	Ef úttekt var gerð, upplýsingar um niðurstöðu úttektar á tækninni sem er notuð	Frjáls texti með alstöfum
		F-hluti - Upplýsingar um áhættuþætti	
F.1	Áhætta sem tengist varasjóði eigna	Áhætta sem tengist varasjóði eigna þegar útgefandi getur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar	Frjáls texti með alstöfum
F.2	Áhætta sem tengist útgefanda	Lýsing á áhættu sem tengist útgefanda eignatengda tókans	Frjáls texti með alstöfum
F.3	Áhætta tengd útboði	Upplýsingar um áhættuna í tengslum við útboð á eignatengda tókanum á almennum markaði eða töku hans til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
F.4	Áhætta sem tengist tókum	Lýsing á áhættuþáttum sem tengjast eignatengda tókanum, einkum hvað varðar eignina sem hann miðast við.	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
F.5	Áhætta sem tengist framkvæmd verkefnis um eignatengdan tóka	Lýsing á áhættu sem tengist framkvæmd verkefnis um eigna-tengda tókann	Frjáls texti með alstöfum
F.6	Áhætta sem tengist tækni	Lýsing á áhættuþáttum sem tengjast tækninni sem er notuð	Frjáls texti með alstöfum
F.7	Mótvægisráðstafanir	Mótvægisráðstafanir við þeim áhættuþáttum sem tengjast tækninni sem er notuð, ef við á	Frjáls texti með alstöfum
		G-hluti - Upplýsingar um varasjóð eigna	
G.1	Kerfi til að samræma virði	Nákvæm lýsing á tilhögun sem miðar að því að samræma virði varasjóðs eigna við kröfuna sem tengist eignatengda tókanum, þ.m.t. lagalega og tæknilega þætti	Frjáls texti með alstöfum
G.2	Lýsing á varasjóði eigna	Ítarleg lýsing á varasjóðum eigna og samsetningu þeirra	Frjáls texti með alstöfum
G.3	Útgáfu- og innlausnarkerfi tóka	Lýsing á fyrirkomulaginu sem er notað við útgáfu og innlausn á eignatengdum tókum	Frjáls texti með alstöfum
G.4	Fjárfestingar varasjóðs eigna	Upplýsingar um hvort fjárfest hafi verið fyrir hluta af varasjóðseignum	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
G.5	Fjárfestingarstefna varasjóðs eigna	Ef hluti varasjóðseignanna er fjárfestur, lýsing á fjárfestingar-stefnu um varasjóðseignir	Frjáls texti með alstöfum
G.6	Vörslufyrirkomulag varasjóðseigna	Lýsing á vörslufyrirkomulagi fyrir varasjóðseignir, þ.m.t. aðgreiningu þeirra	Frjáls texti með alstöfum
G.7	Þjónustuveitendur vörsluaðila	Heiti þjónustuveitenda sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina, lánastofnana eða verðbréfa-fyrirtækja sem er falið að vera vörsluaðilar varasjóðseignanna.	Frjáls texti með alstöfum
G.8	Þjónustuveitendur vörsluaðila	LEI-auðkenni þjónustuveitenda sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina, lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja sem er falið að vera vörsluaðilar varasjóðseignanna.	{LEI}

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	EYÐUBLÖÐ OG STAÐLAR
H-hluti – Upplýsingar um sjálfbærnivísa í tengslum við neikvæð loftslagsáhrif og önnur neikvæð umhverfisáhrif			
H.1	Neikvæð áhrif á loftslag og önnur neikvæð umhverfisáhrif	Þ.m.t. upplýsingarnar, sem um getur í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, um tæknilega staðla sem samþykktir eru skv. fjórðu undirgrein 12. mgr. 6. gr., fjórðu undirgrein 11. mgr. 19. gr., fjórðu undirgrein 15. mgr. 51. gr. og fjórðu undirgrein 6. mgr. 66. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114	Frjáls texti með alstöfum

Tafla 4

Sniðmát fyrir hvítbækur um rafeyristóka

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
I.00	Efnisyfirlit	Efnisyfirlit	Texti með alstöfum
I.01	Tilkynningardagur	Tilkynningardagur	ÁÁÁÁ-MM-DD
I.02	Yfirlýsing í samræmi við 3. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	„Þessi hvítbók um sýndareign hefur ekki hlotið samþykki lögbærs yfirvalds í neinu aðildarríki Evrópusambandsins. Útgefandi sýndareignarinnar ber einn ábyrgð á innihaldi þessarar hvítbókar um sýndareignina.“	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum
I.03	Hlítniyfirlýsing í samræmi við 5. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	„Þessi hvítbók um sýndareignir samræmist IV. bálki reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 og samkvæmt bestu vitund stjórnarinnar og/eða framkvæmdastjórnarinnar eru upplýsingarnar sem koma fram í hvítbókinni um sýndareignina óvilhallar, skýrar og ekki villandi og í þessa hvítbók um sýndareign vantar ekkert á þann hátt að líklegt sé að það hafi áhrif á áreiðanleika hennar.“	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum
I.04	Viðvörun í samræmi við a- og b-lið 4. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	„Þessi rafeyristóki fellur hvorki undir tryggingakerfi fyrir fjárfesta samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB né innstæðutryggingakerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB.“	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
		SAMANTEKT	
I.05	Viðvörun í samræmi við aðra undirgrein 6. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	„Viðvörun Þessi samantekt skal lesin sem inngangur að hvítbókinni um sýndareignina. Tilvonandi eigandi ætti að byggja allar ákvarðanir um að kaupa þennan rafeyristóka á efni hvítbókarinnar í heild sinni en ekki aðeins á samantektinni. Almennt útboð á þessari sýndareign felur ekki í sér tilboð eða hvatningu um kaup á fjármálagerningi og slíkt útboð eða hvatningu um slíkt má aðeins gera með lýsingu eða öðrum tilboðsyfirlitum samkvæmt gildandi landslögum. Þessi hvítbók um sýndareignina telst hvorki vera lýsing eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 né annað útboðsskjal samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.“	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum
I.06	Einkenni sýndareignar	Stutt, skýr og ótæknileg lýsing á eiginleikum viðkomandi sýndareigna til að auðvelda tilvonandi eigendum sýndareignarinnar að taka upplýsta ákvörðun	Frjáls texti með alstöfum
I.07	Réttur til innlausnar	„Eigendur þessa rafeyristóka hafa innlausnarrétt hvenær sem er og á nafnverði.“ Lýsing á skilyrðum fyrir slíkri innlausn.	Fyrirframskilgreindur texti með alstöfum Frjáls texti með alstöfum
I.08	Lykilupplýsingar um útboð og/eða töku til viðskipta	Lykilupplýsingar um almennt útboð rafeyristókans eða fyrirhugaða töku hans til viðskipta.	Frjáls texti með alstöfum
		A-hluti - Upplýsingar um útgefanda rafeyristókans	
A.1	Lögboðið heiti	Lögboðið heiti	Frjáls texti með alstöfum
A.2	Viðskiptaheiti	Viðskiptaheiti	Frjáls texti með alstöfum
A.3	Félagsform	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit A.7 Félagsform	ISO-staðall 20275 „Fjármálaþjónusta – félagsform einingar (ELF)“
A.4	Skráð heimilisfang	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit A.7 Heimilisfang og skráningarland	ISO-staðall 3166-1 alpha 2 landskóðar og kóðar fyrir undirflokkun þeirra og Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
A.5	Aðalskrifstofa	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit A.7 Heimilisfang og land aðalskrifstofu, ef það er annað en skráð heimilisfang	ISO-staðall 3166-1 alpha 2 landskóðar og kóðar fyrir undir-flokkun þeirra og Frjáls texti með alstöfum
A.6	Skráningardagur	Dagsetning skráningar	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD)
A.7	Auðkenni lögaðila	Auðkenni lögaðila (LEI-númer) útgefandans, ef það er tiltækt	{LEI}
A.8	Annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi lögum	Landsbundið auðkenni miðað við þjóðerni útgefanda sem óskar eftir töku til viðskipta, ef þess er krafist samkvæmt gildandi landslögum. Þennan reit skal aðeins fylla út fyrir einingar sem krafist er landsbundins auðkennis fyrir samkvæmt gildandi landslögum.	Frjáls texti
A.9	Símanúmer tengiliðar	Símanúmer tengiliðar hjá útgefanda	Frjáls texti með alstöfum
A.10	Tölvupóstfang	Tölvupóstfang útgefanda	Frjáls texti með alstöfum
A.11	Svörunartími (dagar)	Frestur í dögum sem fjárfestir fær svar innan í gegnum viðkomandi símanúmer eða tölvupóstfang	{TÍMALENGD}
A.12	Móðurfélag	Aðeins skal fylla reitinn út ef LEI-auðkenni er ekki gefið upp í reit A.7 Heiti móðurfélagsins, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
A.13	Aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar	Auðkenni, heimilisfang fyrirtækis og hlutverk einstaklinga (nöfn eða önnur auðkenni) í stjórn og/eða framkvæmdastjórn, eins og skilgreint er í 27. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, útgefanda	Frjáls texti með alstöfum sýndur á formi töflu
A.14	Atvinnustarfsemi	Viðskipta- eða atvinnustarfsemi útgefanda, þ.m.t. meginstarfsemi og helstu markaðir	Frjáls texti með alstöfum
A.15	Atvinnustarfsemi móðurfélags	Viðskipta- eða atvinnustarfsemi móðurfélagsins (ef við á), þ.m.t. meginstarfsemi og helstu markaðir	Frjáls texti með alstöfum
A.16	Birting upplýsinga um hagsmunaárekstra	Mögulegir hagsmunaárekstrar	Frjáls texti með alstöfum
A.17	Útgáfa annarra sýndareigna	Tilgreining á því hvort útgefandi rafeyristóka gefi einnig út aðrar sýndareignir	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
A.18	Starfsemi sem tengist öðrum sýndareignum	Tilgreining á því hvort útgefandi rafeyristóka sé einnig með starfsemi sem tengist öðrum sýndareignum.	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
A.19	Tenging á milli útgefanda og aðila sem starfrækir DFT	Tilgreining á því hvort tenging sé á milli útgefanda og aðila sem starfrækir dreifða færsluskrártækni sem notuð er til að gefa út sýndareign, þ.m.t. hvort samskiptareglurnar séu starfræktar af eða stjórnað af aðila sem er í nánum tengslum við þátttakendur í verkefninu	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
A.20	Lýsing á tengingu á milli útgefanda og aðila sem starfrækir DFT	Lýsing á tengingu á milli útgefanda og aðila sem starfrækir dreifða færsluskrártækni sem notuð er til að gefa út sýndareign, þ.m.t. hvort samskiptareglurnar séu starfræktar af eða stjórnað af aðila sem er í nánum tengslum við þátttakendur í verkefninu	Frjáls texti með alstöfum
A.21	Nýstofnað	Tilgreining á því hvort útgefandi hafi verið í starfsemi í a.m.k. síðastliðin þrjú ár	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
A.22	Fjárhagsstaða síðustu þriggja ára	Fjárhagsstaða útgefanda síðastliðin þrjú ár Þetta skal metið á grundvelli sanngjarnar skoðunar á þróun og afkomu rekstrar útgefandans og á stöðu hans á hverju ári og árshluta sem sögulegra fjárhagsupplýsinga er krafist um, þ.m.t. ástæðum verulegra breytinga. Yfirlitið skal vera óhlutdræg og ítarleg greining á þróun og afkomu rekstrar útgefandans og stöðu hans, í samræmi við umfang og flækjustig starfseminnar. Greiningin skal innihalda bæði fjárhagslega og, eftir því sem við á, ófjárhagslega lykilárangursmælikvarða fyrir viðkomandi starfsemi. Greiningin skal, eftir því sem við á, vísa til fjárhæða, sem koma fram í árlegum reikningsskilum og fela í sér frekari skýringar á þeim (ef við á), upplýsingar varðandi óvenjulega eða fátíða atburði eða nýja þróun sem hefur veruleg áhrif á rekstrartekjur og tilgreiningu á því að hve miklu leyti þetta hafði áhrif á tekjurnar, upplýsingar varðandi fjármagn (bæði til lengri tíma og til skemmri tíma) og útskýringu á uppruna og fjárhæðum sjóðstreymis, ásamt lýsingu í samfelldu máli á sjóðstreyminu.	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
A.23	Fjárhagsstaða frá skráningu	Ef útgefandinn hefur verið í starfsemi í innan við þrjú ár, fjárhagsstaða hans frá skráningardegi. Þetta skal metið á grundvelli sanngjarnar skoðunar á þróun og afkomu rekstrar útgefandans og á stöðu hans á hverju ári og árshluta sem sögulegra fjárhagsupplýsinga er krafist um, þ.m.t. ástæðum verulegra breytinga. Yfirlitið skal vera óhlutdræg og ítarleg greining á þróun og afkomu rekstrar útgefandans og stöðu hans, í samræmi við umfang og flækjustig starfseminnar. Greiningin skal innihalda bæði fjárhagslega og, eftir því sem við á, ófjárhagslega lykilárangursmælikvarða fyrir viðkomandi starfsemi. Greiningin skal, eftir því sem við á, vísa til fjárhæða, sem koma fram í árlegum reikningsskilum og fela í sér frekari skýringar á þeim (ef við á), upplýsingar varðandi óvenjulega eða fátíða atburði eða nýja þróun sem hefur veruleg áhrif á rekstrartekjur og tilgreiningu á því að hve miklu leyti þetta hafði áhrif á tekjurnar, upplýsingar varðandi fjármagn (bæði til lengri tíma og til skemmri tíma) og útskýringu á uppruna og fjárhæðum sjóðstreymis, ásamt lýsingu í samfelldu máli á sjóðstreyminu.	Frjáls texti með alstöfum
A.24	Undanþága frá starfsleyfi	Tilgreining á því hvort útgefandi rafeyristóka er undanskilinn starfsleyfi í samræmi við 4. og 5. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
A.25	Leyfi fyrir rafeyristóka	Ef hann er ekki undanskilinn starfsleyfi, í samræmi við 4. og 5. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ítarlegar upplýsingar um starfsleyfi sem útgefandi rafeyristóka	Frjáls texti með alstöfum
A.26	Yfirvald sem veitir starfsleyfi	Heiti lögbærs yfirvalds sem veitti starfsleyfið	Tæmandi skrá yfir lögbær yfirvöld – eitt fyrir hvert aðildarríki

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
A.27	Aðrir aðilar en útgefandinn sem býður rafeyristóka út á almennum markaði eða óskar eftir töku hans til viðskipta, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Tilgreining á auðkenni aðila sem býður rafeyristóka út á almennum markaði eða óskar eftir töku hans til viðskipta, ef hann er annar en útgefandi	{LEI}
A.28	Aðrir aðilar en útgefandinn sem býður rafeyristóka út á almennum markaði eða óskar eftir töku hans til viðskipta, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni lögaðila er ekki gefið upp í reit A.27 Landsbundið auðkenni miðað við þjóðerni annars aðila en útgefanda sem býður út rafeyristóka á almennum markaði eða sem óskar eftir töku hans til viðskipta, ef þess er krafist samkvæmt gildandi landslögum. Þennan reit skal aðeins fylla út fyrir einingar sem krafist er landsbundins auðkennis fyrir í samræmi við gildandi landslög.	Annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum
A.29	Ástæða fyrir útboði rafeyristóka á almennum markaði eða ósk eftir töku hans til viðskipta af hálfu aðila sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Ef tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta er annar en útgefandi, ástæður fyrir almennu útboði eða ósk eftir töku rafeyristóka til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
		B-hluti - Upplýsingar um rafeyristókann	
B.1	Heiti	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni fyrir stafræna tóka er ekki gefið upp í reit B.12 heiti rafeyristóka	Frjáls texti með alstöfum
B.2	Skammstöfun	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni fyrir stafræna tóka er ekki gefið upp í reit B.12 skammstöfun rafeyristóka	Frjáls texti með alstöfum
B.3	Ítarlegar upplýsingar um alla einstaklinga eða lögaðila sem koma að hönnun og þróun	Nánari upplýsingar um ráðgjafa, meðlimi þróunarteymis, þjónustuveitendur sýndareigna og alla einstaklinga eða lögaðila sem koma að hönnun og þróun sýndareignaverkefnisins, þ.m.t. heimilisföng fyrirtækis eða hvar fyrirtækið hefur staðfestu, birt á töfluformi	Frjáls texti með alstöfum sýndur á formi töflu

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
B. Lýsing á einkennum rafeyristókans, þ.m.t. gögnum sem nauðsynleg eru til að flokka hvítbókina um sýndareign í skránni sem um getur í 109. gr., eins og tilgreint er í samræmi við 8. mgr. þeirrar greinar			
B.4	Tegund hvítbókar	Tegund hvítbókar sem tilkynnt var um.	EMTW
B.5	Tegund framlagningar	Tegund framlagningar	NEWT = Nýtt MODI = Breyting EROR = Villa CORR = Leiðrétting
B.6	Einkenni sýndareignar	Lýsing á einkennum rafeyristókans	Frjáls texti með alstöfum
B.7	Vefsetur útgefanda	Vefsetur útgefanda	Frjáls texti með alstöfum
B.8	Upphafsdagsetning almenns útboðs eða töku til viðskipta	Upphafsdagur eða, ef hann liggur ekki fyrir við tilkynningu lögbæra yfirvaldsins, fyrirhugaður upphafsdagur útboðs á almennum markaði eða töku til viðskipta.	ÁÁÁÁ-MM-DD
B.9	Útgáfudagur	Gildistökudagur eða áætlaður útgáfudagur hvítbókar eða breytingar á hvítbókinni	ÁÁÁÁ-MM-DD
B.10	Öll önnur þjónusta sem útgefandi veitir	Öll önnur þjónusta sem útgefandi veitir og fellur ekki undir reglugerð (ESB) 2023/1114, með tilvísun í gildandi lög Sambandsins eða landsbundnar réttargerðir varðandi þessa þjónustu	Frjáls texti með alstöfum
B.11	Tungumál hvítbókar	Tungumál sem hvítbók um sýndareign er samin á Þegar mörg tungumál hafa verið notuð skal tilkynna þennan reit eins oft og þörf krefur	Tæmandi skrá yfir tungumál Evrópusambandsins
B.12	Auðkenni fyrir stafræna tóka sem er notað til að auðkenna sýnd-areign með einkvæmum hætti eða sérhverja sýndareign af mörgum sem hvítbókin tengist, ef við á	Kóði sem er notaður til að auðkenna sýndareign með einkvæmum hætti eða sérhverja sýndareign af mörgum sem hvítbókin tengist, ef við á	ISO 24165 auðkenni fyrir stafræna tóka
B.13	Auðkenni fyrir stafræna tóka sem hægt er að skipta út fyrir annað, ef við á	Kóði sem er notaður til að auðkenna jafngengan hóp sem stafræn eign tilheyrir (þ.e. sameiginlegur fyrir sérhverja eign af mörgum sem hvítbókin tengist, þ.e. kóði sem er notaður til að tilgreina hvítbókina ISO 24165 DTI af gerð = 3 (þ.e. virkur jafngengur hópur), ef við á	ISO 24165 FFG DTI

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
B.14	Stöðuvísir fyrir persónuupplýsingar	Stöðuvísir sem sýnir hvort framlögð hvítbók innihaldi persónuupplýsingar	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
B.15	Hæfi LEI-auðkennis	Tilgreining um að útgefandi sé gjaldgengur fyrir auðkenni lögaðila	„rétt“ – hæfur „rangt“ – ekki hæfur
B.16	Heimaaðildarríki	Heimaaðildarríki eins og það er skilgreint í 33. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Tæmandi skrá yfir aðildarríki Evrópusambandsins
B.17	Gistiaðildarríki	Gistiaðildarríki eins og það er skilgreint í 34. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114	Tæmandi skrá yfir aðildarríki Evrópusambandsins
C-hluti - Upplýsingar um almennt útboð rafeyristókans eða töku hans til viðskipta			
C.1	Almennt útboð eða taka til viðskipta	Upplýsingar um hvort hvítbókin um sýndareignir varðar almennt útboð á rafeyristókanum eða töku hans til viðskipta	„OTPC“ – almennt útboð „ATTR“ – taka til viðskipta
C.2	Fjöldi eininga	Eftir atvikum, heildarfjöldi eininga rafeyristókans sem á að bjóða út á almennum markaði eða taka til viðskipta	Tölustafir {DECIMAL-18/3}
C.3	Heiti viðskiptavettvanga	Eftir atvikum, heiti viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir þar sem óskað er eftir töku til viðskipta	Frjáls texti með alstöfum
C.4	Markaðsauðkenniskóði (MIC) viðskiptavettvanga	Markaðsauðkenniskóði markaðshluta fyrir viðskiptavettvanginn sem þjónustuveitandi sýndareignar rekur, sé hann tiltækur, annars markaðsauðkenniskóði rekstraraðila	{MIC}
C.5	Gildandi lög	Lög sem gilda um almennt útboð rafeyristóka	Fellilisti með gildandi lögum
C.6	Valdbær dómstóll	Valdbær dómstóll	Frjáls texti með alstöfum
D-hluti - Upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja rafeyristókanum			
D.1	Réttindi og skyldur eiganda	Nákvæm lýsing á réttindum og skyldum, ef einhver eru, sem eigandi rafeyristókans hefur, þ.m.t. réttur til innlausnar á nafnverði sem og tilhögun og skilyrði fyrir nýtingu þessara réttinda	Frjáls texti með alstöfum
D.2	Skilyrði fyrir breytingum á réttindum og skyldum	Lýsing á því við hvaða aðstæður megi breyta réttindum og skyldum	Frjáls texti með alstöfum
D.3	Lýsing á réttindum eigenda	Lýsing á réttindum eigenda þegar útgefandi getur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar, þ.m.t. við ógjaldfærni	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
D.4	Réttindi í tengslum við framkvæmd endurreisnaráætlunar	Lýsing á réttindum í tengslum við framkvæmd endurreisnaráætlunarinnar	Frjáls texti með alstöfum
D.5	Réttindi í tengslum við framkvæmd innlausnaráætlunar	Lýsing á réttindum í samhengi við framkvæmd innlausnaráætlunar	Frjáls texti með alstöfum
D.6	Tengiliður fyrir framlagningu kvartana	Samskiptaupplýsingar fyrir framlagningu kvartana	Frjáls texti með alstöfum
D.7	Verklagsreglur um meðferð kvartana	Lýsing á verklagsreglum um meðferð kvartana	Frjáls texti með alstöfum
D.8	Úrræði til lausnar deilumála	Lýsing á öllum úrræðum til lausnar deilumála eða úrlausnarmeðferð sem útgefandi rafeyristóka hefur komið á fót	Frjáls texti með alstöfum
D.9	Verndarkerfi fyrir virði tóka	Tilgreining á því hvort sýndareign hafi verndarkerfi sem ver verðmæti hennar	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
D.10	Lýsing á verndarkerfi fyrir virði tóka	Ef reitur D.9 er réttur, lýsing á verndarkerfum sem vernda virði sýndareignar og á bótakerfum	Frjáls texti með alstöfum
D.11	Bótakerfi	Tilgreining á því hvort sýndareignarverkefnið sé með bótakerfi	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
D.12	Bótakerfi Lýsing	Ef reitur D.11 er réttur, lýsing á bótakerfum	Frjáls texti með alstöfum
D.13	Gildandi lög	Lögin sem gilda um rafeyristókann	Fellilisti með gildandi lögum
D.14	Valdbær dómstóll	Valdbær dómstóll	Frjáls texti með alstöfum
		E-hluti - Upplýsingar um tæknina sem liggur að baki	
E.1	Dreifð færsluskrártækni	Aðeins skal fylla reitinn út ef auðkenni fyrir stafræna tóka er ekki gefið upp í reit B.13 Upplýsingar um dreifða færsluskrártækni	Frjáls texti með alstöfum
E.2	Aðferðarlýsingar og tæknistaðlar	Upplýsingar um aðferðarlýsingar og tæknistaðla sem eru notaðir, og gerir kleift að eiga, geyma og millifæra rafeyristóka	Frjáls texti með alstöfum
E.3	Tæknin sem er notuð	Aðrar upplýsingar um tæknina sem er notuð og gerir kleift að eiga, geyma og millifæra rafeyristóka, ef við á	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
E.4	Tæknilegar kröfur kaupanda	Upplýsingar um þær tæknilegu kröfur sem kaupandinn verður að uppfylla til að öðlast yfirráð yfir rafeyristókanum	Frjáls texti með alstöfum
E.5	Samstöðuaðferð	Samstöðuaðferðin, eftir atvikum	Frjáls texti með alstöfum
E.6	Hvatakerfi og viðeigandi gjöld	Hvatakerfi til að tryggja viðskipti og hvers konar gjöld sem við eiga	Frjáls texti með alstöfum
E.7	Notkun á dreifðri færslu-skrártækni	Tilgreining á því hvort rafeyristókar séu gefnir út, millifærðir og geymdir með því að nota dreifða færsluskrártækni sem er starfrækt af útgefandanum eða þriðja aðila sem kemur fram fyrir hönd útgefanda	„rétt“ – Já, DFT sem útgefandi eða þriðji aðili sem starfar fyrir hans hönd stýrir „rangt“ – Já, DFT sem útgefandi eða þriðji aðili sem starfar fyrir hans hönd stýrir ekki
E.8	Lýsing á notkunarmöguleikum DFT	Ef dreifð færsluskrártækni er starfrækt af útgefanda eða þriðja aðila sem kemur fram fyrir hönd útgefandans skal gefa ítarlega lýsingu á því hvernig slík dreifð færsluskrártækni virkar	Frjáls texti með alstöfum
E.9	Úttekt	Tilgreining á því hvort úttekt hafi verið gerð á tækninni sem er notuð	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
E.10	Niðurstaða úttektar	Ef úttekt var gerð, upplýsingar um niðurstöðu úttektar á tækninni sem er notuð	Frjáls texti með alstöfum
		F-hluti - Upplýsingar um áhættuþætti	
F.1	Áhætta sem tengist útgefanda	Lýsing á áhættuþáttum sem tengjast útgefanda rafeyristókans	Frjáls texti með alstöfum
F.2	Áhætta sem tengist tókum	Lýsing á áhættuþáttum sem tengjast rafeyristókanum	Frjáls texti með alstöfum
F.3	Áhætta sem tengist tækni	Lýsing á áhættuþáttum sem tengjast tækninni sem er notuð	Frjáls texti með alstöfum
F.4	Mótvægisráðstafanir	Mótvægisráðstafanir við þeim áhættuþáttum sem tengjast tækninni sem er notuð, ef við á	Frjáls texti með alstöfum

Nei	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐMÁT OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
G-hluti – Upplýsingar um sjálfbærnivísa í tengslum við neikvæð loftslagsáhrif og önnur neikvæð umhverfisáhrif			
G.1	Neikvæð áhrif á loftslag og önnur neikvæð umhverfisáhrif	Þ.m.t. upplýsingarnar, sem um getur í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, um tæknilega staðla sem samþykktir eru skv. fjórðu undirgrein 12. mgr. 6. gr., fjórðu undirgrein 11. mgr. 19. gr., fjórðu undirgrein 15. mgr. 51. gr. og fjórðu undirgrein 6. mgr. 66. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114	Frjáls texti með alstöfum

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/292 **2026/EES/19/16**

frá 26. september 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem koma á sniðmáti fyrir samstarfssamninga milli lögbærra yfirvalda og eftirlitsyfirvalda þriðju landa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 3. mgr. 107. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði 1. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2023/1114 krefjast þess að ef nauðsyn krefur geri lögbær yfirvöld aðildarríkja samstarfssamninga við eftirlitsstofnanir í þriðju löndum varðandi skipti á upplýsingum og framfylgd skuldbindinga samkvæmt þeirri reglugerð í þriðju löndum.

2) Við gerð nýrra samstarfssamninga og uppfærslu á fyrirliggjandi samstarfssamningum við yfirvöld þriðja lands ættu lögbær yfirvöld að nota sniðmátið sem sett er fram í þessari reglugerð, eftir því sem unnt er.

3) Hvers konar sending persónuupplýsinga til eftirlitsyfirvalda í þriðju löndum ætti að fara fram í fullu samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]). Kveða má á um viðeigandi verndarráðstafanir vegna skipta lögbærra yfirvalda aðildarríkja og eftirlitsyfirvalda þriðju landa á persónuupplýsingum, m.a., í stjórnvaldsráðstöfunum sem um getur í b-lið 3. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 sem hafa að geyma framfylgjanleg og skilvirk réttindi skráðra einstaklinga.

4) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, hefur þróað og lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á né greint mögulegan kostnað og ávinning af að innleiða slíka staðla þar sem slíkt myndi ekki vera í samræmi við umfang og áhrif staðlanna, að teknu tilliti þeirrar staðreyndar að viðtakendur staðlanna væru eingöngu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna en ekki markaðsaðilar.

6) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur leitað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([3]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/292, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 52.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

7) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([4]) og skilaði hún áliti 27. maí 2024.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samstarfssamningar

Sniðmátið sem lögbær yfirvöld aðildarríkja skulu nota eftir því sem unnt er fyrir samstarfssamninga skv. 1. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2023/1114 er sett fram í viðauka þessarar reglugerðar.

2. gr.

Miðlun persónuupplýsinga

Ef lögbær yfirvöld treysta á stjórnvaldsráðstöfun í samræmi við b-lið 3. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 við sendingu persónuupplýsinga til eftirlitsyfirvalda þriðju landa skal sú ráðstöfun fylgja í viðhengi við samstarfssamninginn sem gerður er í samræmi við 1. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. september 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

VIÐAUKI

Sniðmát fyrir samstarfssamninga varðandi skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkja og eftirlitsyfirvalda í þriðju löndum og framfylgd skuldbindinga samkvæmt reglugerð (ESB) 2023/1114 í þriðju löndum

1. **Inngangur**

Lýsing á lagagrundvelli sérhvers undirritunaryfirvalds fyrir skipti á upplýsingum sem gerir því kleift að sinna skyldum sínum í samræmi við lög og reglugerðir í tengslum við markaði með sýndareignir.

Yfirlýsing um að samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem mynda lagagrundvöll fyrir skipti á upplýsingum geti undirritunaryfirvöld veitt hvort öðru gagnvirka og gagnkvæma aðstoð í samræmi við samstarfssamninginn.

Yfirlýsing um að ákvæðum samstarfssamningsins sé ekki ætlað að skapa lagalega bindandi skyldur eða koma í stað landslaga.

2. **Skilgreiningar**

Viðeigandi listi skilgreininga á skilmálum sem eru notaðir í samstarfssamningunum.

3. **Tegund aðstoðar sem á að veita**

Lýsing á tegund aðstoðar sem á að veita í samræmi við 94. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2023/1114 t.d.:

a) öflun upplýsinga úr skrám þess yfirvalds sem beiðni er beint til,

b) skýrslutaka af, eða öflun upplýsinga frá, einstaklingum,

c) öflun skjala frá einstaklingum eða aðilum, þ.m.t. með framkvæmd vettvangsskoðana,

d) öflun gagnaumferðarskráa, að því marki sem innlend lög heimila og, eftir atvikum, með aðstoð viðkomandi dómsyfirvalda með hliðsjón af framkvæmd e-liðar 3. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eða sambærilegs valds samkvæmt lögum viðkomandi þriðja lands,

e) að fá fram eða aðstoða við að fá fram frystingu eða upptöku eigna í samræmi við f-lið 3. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2023/1114 eða sambærilegt vald samkvæmt lögum viðkomandi þriðja lands,

f) öflun eða aðstoð við öflun á tímabundinni stöðvun á hvers kyns framkvæmd eða atferli sem telst brjóta í bága við lög og reglugerðir í tengslum við markaði fyrir sýndareignir í samræmi við v-lið 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eða sambærilegt vald samkvæmt lögum viðkomandi þriðja lands.

4. **Almenn ákvæði – synjun á aðstoð**

Listi yfir þau tilvik þar sem lögbærum yfirvöldum er heimilt að hafna beiðnum skal hafa að geyma:

a) beiðnin er ekki gerð í samræmi við samstarfssamningana,

b) beiðnin myndi krefjast þess að yfirvaldið sem beiðni er beint til aðhafist á hátt sem myndi brjóta landslög,

c) veiting viðkomandi upplýsinga gæti haft skaðleg áhrif á öryggi þeirrar lögsögu sem beiðninni er beint til, einkum baráttuna gegn hryðjuverkum eða öðrum alvarlegum glæpum,

d) að uppfylla beiðnina myndi hafa neikvæð áhrif á rannsókn yfirvaldsins sem beiðni er beint til, s.s. rannsókn sakamáls, eða framfylgdaraðgerðir þess,

e) dómsmál hefur þegar verið höfðað vegna sama athæfis gegn sömu aðilum fyrir viðkomandi yfirvöldum lögsögunnar sem beiðninni er beint til,

f) lokadómur hefur þegar verið kveðinn upp í tengslum við sömu aðila fyrir sömu aðgerðir í lögsögunni sem beiðninni er beint til, nema yfirvaldið sem leggur fram beiðni geti sýnt fram á að þau réttarúrræði eða viðurlög sem leitað var með málshöfðun sem yfirvaldið sem leggur fram beiðni stofnaði til væru ekki af sama tagi eða ekki tvítekning á neinu úrræði eða viðurlögum sem fengin hafa verið í lögsögu yfirvaldsins sem beiðni er beint til.

Ekki skal synja um aðstoð á þeim forsendum að sú háttsemi sem er til rannsóknar brjóti ekki lög og reglugerðir í tengslum við markaði fyrir sýndareignir í lögsögu þess yfirvalds sem beiðni er beint til.

5. **Sending og vinnsla aðstoðarbeiðna**

Lýsing á verklagsreglum um sendingu og vinnslu aðstoðarbeiðna.

6. **Leyfileg notkun á upplýsingum**

Lýsing á reglum um leyfilega notkun á upplýsingunum í samræmi við 5. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og að veittar upplýsingar skuli ætlaðar til framkvæmdar verkefna yfirvalds sem leggur fram beiðni til að tryggja hlítni við og framfylgja lögum og reglugerðum í tengslum við markaði fyrir sýndareignir. Þær upplýsingar sem skipst er á skulu eingöngu notaðar í þeim tilgangi sem er settur fram í beiðni um aðstoð.

Ef yfirvald sem leggur fram beiðni hyggst nota upplýsingarnar sem veittar eru samkvæmt samstarfssamningnum í einhverjum öðrum tilgangi en tekið er fram í þessum lið skal það fá fyrirframsamþykki yfirvaldsins sem beiðni er beint til.

7. **Vinnsla persónuupplýsinga**

Tilgreining á að vinnsla persónuupplýsinga skuli fara fram í fullu samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679.

8. **Takmarkanir vegna þagnarskyldu**

Lýsing á reglum um trúnað hvers kyns upplýsinga sem eru birtar, fengnar, skipst er á eða sendar. Lýsingin skal fela í sér eftirfarandi:

a) allar upplýsingar sem undirritunaryfirvöld skiptast á samkvæmt samstarfssamningnum og varða viðskipta- eða rekstrarskilyrði eða önnur fjárhagsleg mál eða einkamál skulu teljast trúnaðarupplýsingar og lúta þagnarskyldu, nema lögbæra yfirvaldið lýsi því yfir þegar samskiptin fara fram að heimilt sé að miðla viðkomandi upplýsingum eða ef birting þeirra er nauðsynleg vegna dómsmáls,

b) þagnarskyldan skal gilda um alla einstaklinga og lögaðila sem starfa fyrir eða hafa starfað fyrir lögbæru yfirvöldin. Ekki má miðla upplýsingum sem þagnarskylda hvílir á til annarra einstaklinga, lögaðila eða yfirvalda nema samkvæmt ákvæðum sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins eða landslögum eða samkvæmt ákvæðum sem mælt er fyrir um í lögum viðkomandi þriðja lands sem eru a.m.k. jafngild slíkum ákvæðum.

Þær upplýsingar sem skipst er á skal ekki birta neinu öðru yfirvaldi eða aðila nema með fyrirframsamþykki þess undirritunaryfirvalds sem veitti þær.

9. **Almenn ákvæði – deili á tengilið**

Undirritunaryfirvöld tilnefna tengiliði til að stuðla að samstarfi samkvæmt samningunum.

10. **Almenn ákvæði – endurskoðunarákvæði**

    Regluleg endurskoðun undirritunaryfirvalda á virkni og skilvirkni samstarfssamninganna með það í huga að útvíkka eða breyta umfangi eða fyrirkomulagi samninganna, ef nauðsyn krefur.

11. **Önnur ákvæði – Ýmislegt**

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/293 **2026/EES/19/17**

frá 30. september 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur, sniðmát og verklag við meðferð kvartana er varða eignatengda tóka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 5. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þágu neytendaverndar og í samræmi við 31. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 ættu útgefendur eignatengdra tóka og, þar sem við á, þriðju aðilar eins og um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 34. gr. þeirrar reglugerðar, að veita handhöfum eignatengdra tóka og öðrum hagsmunaaðilum upplýsingar um verklag við meðferð kvartana. Enn fremur ættu þeir útgefendur og þriðju aðilar að veita þeim aðgang að samræmdu sniðmáti á þeim tungumálum sem þeir útgefendur og þriðju aðilar nota við markaðssetningu þjónustu sinnar eða á þeim tungumálum sem þeir nota til að eiga samskipti við handhafa eignatengdra tóka.

2) Til að tryggja gagnsæi fyrir kvartendur og gera þeim kleift að hafa aðgang að og nota kvörtunarferli á skilvirkan hátt ætti í slíkum upplýsingum að koma fram að kvartanir þeirra séu lagðar fram og meðhöndlaðar án endurgjalds á þeim tungumálum sem útgefendur eignatengdra tóka og, þar sem við á, þriðju aðilar, nota við markaðssetningu þjónustu sinnar eða á þeim tungumálum sem þeir nota til að eiga samskipti við handhafa eignatengdra tóka og á hinum opinberu tungumálum heimaaðildarríkis og gistiaðildarríkis sem einnig eru opinber tungumál Sambandsins.

3) Til að koma í veg fyrir ólíkt verklag um meðferð kvartana meðal útgefenda eignatengdra tóka og þriðju aðila ættu kvartendur að geta lagt fram kvartanir sínar á samræmdu sniðmáti í verklagi við meðferð kvartana hjá þeim útgefendum og, þar sem við á, þriðju aðilum, óháð því hvar þessir útgefendur eða þriðju aðilar hafa staðfestu eða hvar í Sambandinu tókanum var dreift. Þó að kvartandi leggi kvörtunina fram á öðru formi en sniðmátinu ættu útgefandinn og þriðji aðilinn samt sem áður að meðhöndla kvörtunina og hafna henni ekki af þeim sökum.

4) Til að tryggja skilvirkt og gagnsætt verklag svo að kvartanir njóti skjótrar, sanngjarnrar og samræmdrar meðferðar hjá handhöfum eignatengdra tóka og öðrum hagsmunaaðilum ætti útgefandi eignatengdra tóka, og þar sem við á, þriðju aðilar, að staðfesta móttöku kvörtunar, tilgreina með skýrum hætti dagsetningu móttöku hennar og, ef lagt er fram rafrænt kvörtunareyðublað, veita kvartandanum afrit af kvörtuninni. Enn fremur ætti útgefandi eignatengdra tóka að meta hvort kvörtunin er tæk til meðhöndlunar og innihaldi allar viðeigandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru til rannsóknar kvörtunarinnar og óska skjótt eftir hvers konar frekari upplýsingum frá handhöfum eignatengdra tóka og öðrum hagsmunaaðilum sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að rannsaka og afgreiða kvörtunina á skjótan og skilvirkan hátt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/293, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 52.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

5) Til að tryggja jafna meðferð í Sambandinu ætti að tilgreina hvað telst „hæfilegur frestur“ fyrir útgefanda eignatengdra tóka að senda niðurstöðurnar úr rannsókn sinni. Útgefandinn ætti að upplýsa kvartandann um framgang kvörtunarmeðferðarinnar og senda svar án ótilhlýðilegrar tafar og í öllu falli innan þeirra tímamarka sem sett eru á landsvísu fyrir afgreiðslu kvartana sem kvartendur leggja fram, ef við á. Útgefandinn ætti að meta allar kvartanir og tilgreina ágalla sem kunna að vera endurteknir.

6) Í samræmi við meginregluna um lágmörkun gagna ætti aðeins að óska eftir þeim persónuupplýsingum sem nauðsynlegar eru til afgreiðslu kvörtunarinnar.

7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samin voru í náinni samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

8) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]).

9) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([3]) og skilaði hún áliti 21. júní 2024.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Meðferð kvartana og stefna og starfseining fyrir meðferð kvartana

1. Útgefendur eignatengdra tóka og, eftir atvikum, þriðju aðilar skulu setja og viðhalda verklagi um meðferð kvartana, þar sem kvörtun er:

a) yfirlýsing um óánægju sem einstaklingur, lögaðili eða annar hagsmunaaðili, þ.m.t. neytendasamtök sem eru í forsvari fyrir eigendur eignatengdra tóka, beinir til þeirra og tengist útgáfu, tilboði eða ósk um töku eignatengds tóka til viðskipta samkvæmt reglugerð (ESB) 2023/1114,

b) lögð fram af „kvartanda“ sem er einstaklingur eða lögaðili eða annar hagsmunaaðili, þ.m.t. neytendasamtök sem eru í forsvari fyrir eigendur eignatengdra tóka, og þar sem sá aðili, eða einhver annar hagsmunaaðili, virðist eiga rétt á að leggja fram kvörtun hjá útgefanda eignatengdra tóka eða þriðja aðila sem hefur dreift, að öllu leyti eða að hluta, eignatengdum tókum.

2. Útgefendur eignatengdra tóka skulu koma á og viðhalda verklagi um meðferð kvartana sem hafa að geyma allt eftirtalið:

a) „stefnu um meðferð kvartana“ sem skal:

   i. skilgreind og studd af háttsettum stjórnendum hjá útgefanda eignatengdra tóka sem skulu einnig bera ábyrgð á framkvæmd stefnunnar og eftirliti með hlítni við hana,

   ii. sett fram skriflega í skjali sem er aðgengilegt á rafrænu formi eða pappír,

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

iii. gerð aðgengileg öllu viðkomandi starfsfólki hjá útgefanda eignatengdra tóka eftir viðeigandi innri leið,

b) „starfseiningu fyrir meðferð kvartana“ sem skal:

i. gera kleift að rannsaka kvartanir af sanngirni,

ii. auðkenna og draga úr mögulegum hagsmunaárekstrum.

2. gr.

Upplýsingagjöf til handhafa eignatengdra tóka og annarra hagsmunaaðila

1. Útgefendur eignatengdra tóka skulu, samkvæmt beiðni eða við staðfestingu á móttöku kvörtunar, veita kvartanda skýrar, réttar og uppfærðar upplýsingar um verklag við meðferð kvartana. Þær upplýsingar sem útgefandinn skal veita skulu m.a. vera eftirfarandi:

a) skilyrðin fyrir því að kvartanir séu tækar eins og um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr.,

b) nánari upplýsingar um verklag við að leggja fram kvörtun, þ.m.t. tegund upplýsinga sem kvartandinn skal veita og deili á og samskiptaupplýsingar þess einstaklings eða deildar sem kvörtunin beinist að,

c) verklagið sem fylgt verður við meðferð kvörtunar, þ.m.t. hvenær móttaka kvörtunarinnar verður staðfest, líkleg tímalína afgreiðslu og að aðgangur sé að lögbæru yfirvaldi, umboðsmanni eða lausn deilumála utan dómstóla,

d) upplýsingar um að kvartanir séu lagðar fram og meðhöndlaðar án endurgjalds hjá útgefendum eða, eftir atvikum, hjá þriðju aðilum,

e) tilgreining á þeirri skyldu útgefanda að halda kvartandanum upplýstum um frekari meðferð kvörtunarinnar.

2. Útgefendur eignatengdra tóka skulu birta uppfærða lýsingu á verklagi við meðferð kvartana, sem og sniðmátinu til framlagningar kvartana sem sett er fram í viðaukanum, á aðgengilegan hátt, þ.m.t. í bæklingum, ritlingum, samningsskjölum eða á vefsíðu sinni.

3. gr.

Sniðmát og skráning

Útgefendur eignatengdra tóka skulu:

a) útfæra sniðmát til að leggja fram kvartanir, eins og sett er fram í viðaukanum, og gera það aðgengilegt handhöfum eignatengdra tóka og öðrum hagsmunaaðilum, þ.m.t. neytendasamtökum sem eru í forsvari fyrir eigendur eignatengdra tóka,

b) tryggja að handhafar eignatengdra tóka og allir aðrir hagsmunaaðilar geti:

i. lagt fram kvartanir með rafrænum hætti eða á pappír,

ii. lagt fram kvartanir án endurgjalds,

c) staðfesta móttöku kvörtunar og tilgreina með skýrum hætti dagsetningu móttöku hennar og, ef rafrænt kvörtunareyðublað er lagt fram, veita kvartandanum afrit af kvörtuninni,

d) skrásetja, innanhúss, kvartanir og ráðstafanir sem gerðar eru til að bregðast við þeim á tilhlýðilegan hátt, s.s. gegnum örugga rafræna skrá, og í hæfilega langan tíma og í öllu falli ekki lengur en leyfilegt er samkvæmt landsbundnum tímakröfum, ef við á,

e) taka við og meðhöndla kvörtunina jafnvel þó kvartandinn leggi kvörtunina fram á öðru formi en sniðmátinu sem sett er fram í viðaukanum,

f) veita kvartandanum tilkynningu um friðhelgi einkalífsins sem fylgja skal sniðmátinu sem fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð, í samræmi við 13. og 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([4]).

4. gr.

Tungumál

Útgefendur eignatengdra tóka og, eftir atvikum, þriðju aðilar skulu:

a) birta lýsingu á verklagi um meðferð kvartana og sniðmátið sem sett er fram í viðaukanum á þeim tungumálum sem þeir nota við markaðssetningu þjónustu sinnar eða á þeim tungumálum sem þeir nota til samskipta við viðkomandi handhafa eignatengdra tóka,

b) tryggja að kvartendur geti lagt fram kvartanir á:

i. þeim tungumálum sem þeir útgefendur og þriðju aðilar nota við markaðssetningu þjónustu sinnar eða á þeim tungumálum sem þeir nota til samskipta við viðkomandi handhafa eignatengdra tóka,

ii. opinberum tungumálum heimaaðildarríkisins og gistiaðildarríkisins sem eru einnig opinber tungumál Sambandsins.

5. gr.

Verklag við að rannsaka kvartanir og senda niðurstöðu rannsóknar til kvartenda

1. Útgefendur eignatengdra tóka skulu:

a) við móttöku kvörtunar, meta án ótilhlýðilegrar tafar hvort kvörtunin sé skýr og fullnægjandi og einkum meta hvort kvörtunin innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn og upplýsa kvartandann um hvort kvörtunin uppfylli skilyrðin til að teljast tæk, sem skulu vera sanngjörn, eðlileg og ekki takmarka um of réttindi einstaklinga eða lögaðila til að leggja fram kvörtun,

b) ef þeir komast að þeirri niðurstöðu að kvörtun sé óskýr eða ófullnægjandi, óska þegar í stað eftir viðbótarupplýsingum eða -gögnum sem eru nauðsynleg fyrir rétta meðferð hennar,

c) ef kvörtun uppfyllir ekki skilyrði til að teljast tæk, gefa kvartanda greinargóða útskýringu á ástæðum þess að kvörtunin sé ekki talin tæk,

d) leitast við að safna og rannsaka allar viðeigandi upplýsingar og gögn varðandi kvörtun,

e) ef efni kvörtunarinnar fellur ekki undir heimildir hans, upplýsa kvartandann um það og gefa upp samskiptaupplýsingar þess aðila sem ber ábyrgð á meðferð kvörtunarinnar, ef þær eru þekktar,

f) halda kvartanda tilhlýðilega upplýstum um allar frekari ráðstafanir sem eru gerðar til að meðhöndla kvörtunina og bregðast við beiðnum kvartanda um upplýsingar án ótilhlýðilegrar tafar.

2. Útgefendur eignatengdra tóka skulu, á viðvarandi grundvelli, greina gögn um meðferð kvartana til að auðkenna og taka á hvers konar endurteknum eða kerfislegum vandamálum og mögulegri laga- og rekstraráhættu. Einkum skulu útgefendur eignatengdra tóka:

a) greina ástæður einstakra kvartana til að auðkenna frumorsakir sem mismunandi tegundir kvartana eiga sameiginlegar,

b) skoða hvort slíkar frumorsakir geti einnig haft áhrif á önnur ferli eða afurðir, þ.m.t. þau sem ekki er kvartað beint yfir,

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

c) taka á slíkum frumorsökum.

3. Útgefendur eignatengdra tóka skulu senda kvartendum niðurstöður rannsókna á framlögðum kvörtunum:

a) á einföldu máli sem kvartendur eiga auðvelt með að skilja,

b) með því að veita svar án ótilhlýðilegrar tafar og í öllu falli innan þeirra tímamarka sem sett eru á landsvísu fyrir að taka á kvörtunum sem kvartendur leggja fram, ef við á, og

c) með því að láta fylgja ítarlega útskýringu á afstöðu sinni til kvörtunarinnar ef lokaákvörðunin uppfyllir ekki fyllilega kröfu kvartanda (eða með öllum lokaákvörðunum ef landslög krefjast þess) og með því að tilgreina að kvartandi eigi kost á að halda áfram með kvörtunina, þ.m.t. að hann hafi aðgang að umboðsmanni, lausn deilumála utan dómstóla og lögbærum landsyfirvöldum.

Að því er b-lið varðar, ef ekki er hægt að veita svar innan væntra tímamarka skulu útgefendur eignatengdra tóka upplýsa kvartandann um ástæður tafarinnar og tilgreina hvenær líklegt er að rannsókn þeirra ljúki.

Að því er c-lið varðar skal veita slíka ákvörðun skriflega.

6. gr.

Sértæk ákvæði um meðferð kvartana þar sem þriðju aðilar eiga hlut að máli

1. Ef tókunum hefur verið dreift að fullu eða hluta til í gegnum þriðju aðila skulu útgefendur eignatengdra tóka tryggja að:

a) þriðji aðilinn láti þá vita tímanlega um hvers konar kvartanir sem þeir fá varðandi dreifingu slíkra tóka og framsendi þær til útgefanda eignatengdra tóka sem skal meta slíkar kvartanir,

b) þeir láti þriðja aðila sem dreifir slíkum tókum vita tímanlega um hvers konar kvartanir sem útgefandi eignatengdra tóka fær varðandi dreifingu þeirra tóka.

2. Þriðji aðilinn skal:

a) gera kvartendum kleift að:

i. leggja kvartanir fram með rafrænum hætti eða á pappír,

ii. leggja kvartanir fram án endurgjalds,

b) staðfesta móttöku kvörtunar varðandi dreifingu slíks tóka og tilgreina með skýrum hætti dagsetningu móttöku hennar og, ef rafrænt kvörtunareyðublað er lagt fram, veita kvartandanum afrit af kvörtuninni,

c) veita kvartandanum samskiptaupplýsingar útgefenda eignatengdra tóka til að gefa kvartanda kost á að leggja fram kvartanir beint hjá útgefendum eignatengdra tóka,

d) útfæra og gera aðgengilegt handhöfum eignatengdra tóka sama sniðmát til að leggja fram kvartanir og útgefandi eignatengdra tóka með því að nota sniðmátið sem sett er fram í viðaukanum,

e) skrásetja innanhúss, á viðeigandi hátt gegnum örugga rafræna skrá, allar kvartanir og allar ráðstafanir sem gerðar eru til að bregðast við þeim í hæfilega langan tíma og í öllu falli ekki lengur en leyfilegt er samkvæmt landsbundnum tímakröfum, ef við á,

f) veita kvartandanum tilkynningu um friðhelgi einkalífsins sem fylgja skal sniðmátinu sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð, í samræmi við 13. og 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. september 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Sniðmát sem útgefendur eignatengdra tóka og, eftir atvikum þriðju aðilar, skulu gera aðgengilegt handhöfum eignatengdra tóka til framlagningar kvartana

FRAMLAGNING Á KVÖRTUN

1.a. **Upplýsingar um kvartanda**

EFTIRNAFN/HEITI LÖGAÐILA	EIGINNAFN	SKRÁNINGARNÚMER	AUÐKENNI LÖGAÐILA (EF FYRIR LIGGUR)	TILVÍSUN VIÐSKIPTAVINAR (EF FYRIR LIGGUR)

HEIMILISFANG: GATA, NÚMER, HÆÐ (ef lögaðili, heimilisfang skráðrar skrifstofu)	PÓSTNÚMER	BORG	LAND

SÍMI		TÖLVUPÓSTFANG	

1.b. **Samskiptaupplýsingar (ef annað en 1.a)**

EFTIRNAFN/HEITI LÖGAÐILA	EIGINNAFN

HEIMILISFANG: GATA, NÚMER, HÆÐ (ef lögaðili, heimilisfang skráðrar skrifstofu)	PÓSTNÚMER	BORG	LAND

SÍMI		TÖLVUPÓSTFANG	

2.a. **Upplýsingar um lagalegan fyrirsvarsmann (ef við á) (umboð eða annað opinbert skjal sem sönnun á tilnefningu lagalegs fyrirsvarsmanns)**

EFTIRNAFN/HEITI LÖGAÐILA	EIGINNAFN	SKRÁNINGARNÚMER	AUÐKENNI LÖGAÐILA (EF FYRIR LIGGUR)

HEIMILISFANG: GATA, NÚMER, HÆÐ (ef lögaðili, heimilisfang skráðrar skrifstofu)	PÓSTNÚMER	BORG	LAND

SÍMI		TÖLVUPÓSTFANG	

2.b. **Samskiptaupplýsingar (ef annað en 2.a)**

EFTIRNAFN/HEITI LÖGAÐILA	EIGINNAFN

HEIMILISFANG: GATA, NÚMER, HÆÐ (ef lögaðili, heimilisfang skráðrar skrifstofu)	PÓSTNÚMER	BORG	LAND

SÍMI		TÖLVUPÓSTFANG	

3. **Upplýsingar um kvörtun**

3.a. **Full tilvísun til útgáfu, tilboðs eða ósk um töku eignatengds tóka til viðskipta eða samningur sem kvörtunin tengist (þ.e. heiti útgefanda eignatengdra tóka, tilvísunarnúmer eignatengds tóka, eða aðrar tilvísanir viðkomandi viðskipta...)**

3.b. **Lýsing á efni kvörtunar**

Láta skal fylgja með hvers konar skjöl sem rökstyðja þau málsatvik sem eru nefnd.

3.c. **Dagsetning eða dagsetningar málsatvika sem leiddu til kvörtunar**

3.d. **Lýsing á tjóni, tapi eða skaða (þar sem við á)**

3.e. **Aðrar athugasemdir eða viðeigandi upplýsingar (þar sem við á)**

Á/Í ..... *(staður),* þann ..... *(dagsetning)*

Undirskrift:

KVARTANDI/LAGALEGUR FYRIRSVARSMAÐUR

Meðfylgjandi skjöl (merkið í viðeigandi reit):

Umboð eða annað viðeigandi skjal	
Afrit af útboðsgögnum þeirra fjárfestinga sem kvörtunin tekur til	
Önnur skjöl sem styðja kvörtunina:	

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/294 **2026/EES/19/18**

frá 1. október 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur, sniðmát og verklag við meðferð kvartana er varða þjónustuveitendur sýndareigna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 5. mgr. 71. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að vernda viðskiptavini ættu þjónustuveitendur sýndareigna að veita viðskiptavinum sínum greiðan aðgang að bæði skýrri, skiljanlegri og uppfærðri lýsingu á verklagi við meðferð kvartana og þeim stöðluðu sniðmátum sem eru sett fram í viðaukanum á heimasíðu sinni, á tungumálum sem þjónustuveitendur sýndareigna nota til að markaðssetja þjónustu sína, eða á þeim tungumálum sem þeir nota til samskipta við viðskiptavini.

2) Nauðsynlegt er að tryggja að viðskiptavinir geti lagt fram kvartanir á þeim tungumálum sem þjónustuveitandi sýndareigna notar til að markaðssetja þjónustu sína eða eiga samskipti við viðskiptavini, sem og á opinberum tungumálum heimaaðildarríkis og gistiaðildarríkja, sem eru einnig opinber tungumál Sambandsins.

3) Til að koma í veg fyrir ólíkt verklag um meðferð kvartana meðal þjónustuveitenda sýndareigna í Sambandinu ættu viðskiptavinir að geta lagt kvartanir sínar fram á samræmdu sniði. Þó ætti það eitt og sér ekki að teljast ástæða til að hafna kvörtunum ef viðskiptavinirnir hafa ekki lagt fram kvartanir á því sniðmáti, til að tryggja hámarkssveigjanleika til að viðskiptavinir geti lagt fram kvartanir sínar.

4) Til að tryggja skjóta og tímanlega meðhöndlun kvartana ættu þjónustuveitendur sýndareigna að staðfesta móttöku kvartana og upplýsa kvartandann um hvort kvörtunin sé tæk til afgreiðslu án ástæðulausrar tafar. Við staðfestingu á móttöku kvörtunar ætti kvartandi einnig að fá samskiptaupplýsingar einstaklings eða deildar sem sinnir fyrirspurnum varðandi kvörtunina, sem og áætlaðan tímaramma þegar vænta má niðurstöðu um kvörtunina. Ef kvörtun telst ekki vera tæk til meðferðar ætti þjónustuveitandi sýndareigna að tilkynna kvartanda um ákvörðun sína og veita honum rökstuðning fyrir henni.

5) Til að tryggja skjóta, tímanlega og sanngjarna rannsókn á kvörtunum ættu þjónustuveitendur sýndareigna, við móttöku kvörtunar, að leggja mat á hvort hún sé skýr, tæmandi og innihaldi allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til meðhöndlunar á henni. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu að óska eftir nánari upplýsingum án ótilhlýðilegrar tafar, eftir því sem við á. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu að safna saman og rannsaka allar viðeigandi upplýsingar sem varða kvörtunina. Halda ætti kvartendum tilhlýðilega upplýstum um meðferð kvartana.

6) Til að tryggja sanngjarna og skilvirka meðferð kvartana er nauðsynlegt að ákvarðanir um kvartanir fjalli um öll þau atriði sem kvartandi nefnir í kvörtun sinni. Enn fremur, til að tryggja að farið sé að tilskildum ákvæðum jafnræðisreglunnar, ættu kvartanir þar sem aðstæður eru svipaðar að leiða til samræmdra ákvarðana, nema þjónustuveitandi hópfjármögnunar geti veitt hlutlægan rökstuðning fyrir hvers kyns hugsanlegum frávikum frá fyrri ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/294, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 52.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

7) Til að tryggja skjóta afgreiðslu kvartana ættu þjónustuveitendur sýndareigna að tilkynna kvartanda um ákvarðanir um kvartanir án ástæðulausrar tafar og innan þess tímaramma sem þjónustuveitandi sýndareigna hefur ákvarðað í verklagsreglum um meðferð kvartana. Tímaramminn ætti ekki að vera lengri en 2 mánuðir frá þeim degi þegar kvörtunin barst þjónustuveitanda sýndareigna. Aðeins í undantekningartilvikum, þar sem þjónustuveitandi sýndareigna getur ekki staðið við þennan tímaramma, ætti að tilkynna kvartanda um ástæður tafar og fyrir hvaða dag búist er við að ákvörðun verði send.

8) Til að tryggja skilvirk samskipti milli þjónustuveitenda sýndareigna og kvartenda ættu þjónustuveitendur sýndareigna að eiga samskipti við kvartendur á skýru, einföldu máli sem kvartendur eiga auðvelt með að skilja. Af sömu ástæðu ættu samskipti þjónustuveitenda sýndareigna að fara fram skriflega með rafrænum hætti eða, að beiðni kvartanda, á pappír.

9) Til að ná fram samræmi í meðferð kvartana hvað varðar verklag og efni ættu þjónustuveitendur sýndareigna að greina gögn um meðferð kvartana með samfelldum hætti, þ.m.t. meðal annars meðalvinnslutíma á ári (á hlaupandi grundvelli) fyrir sérhvert skref í ferlum við meðferð kvartana. Slík greining ætti að gera þjónustuveitendum sýndareigna kleift að greina strax óskilvirkni, ósamræmi eða frávik frá viðeigandi stefnum og verklagi við meðferð kvartana hjá þjónustuveitanda sýndareigna. Niðurstöður greiningarinnar ættu að gera þjónustuveitanda sýndareigna kleift að bæta heildarferli sín við meðferð kvartana.

10) Til að tryggja að verklag við meðferð kvartana séu skilvirkt og uppfylli markmið um skjóta, sanngjarna og samræmda meðferð kvartana frá viðskiptavinum er afar mikilvægt að tryggja að viðkomandi aðilar sem bera ábyrgð á beitingu slíkra ferla hjá þjónustuveitanda sýndareigna þekki reglurnar og hafi hlotið viðeigandi þjálfun í því. Slík samskipti og þjálfun ættu einnig að stuðla að skilvirkum stefnum og verklagi og tryggja að farið sé að kröfunni um ráða starfsfólk með þá þekkingu, hæfni og sérþekkingu sem nauðsynleg er til að rækja þær skyldur sem þeim eru faldar, í samræmi við 4. og 5. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Þjálfunin ætti að samræmast skilvirkri meðferð kvartana og ætti ekki að valda óhóflegri byrði á þjónustuveitendum sýndareigna.

11) Til að tryggja að kvartanir sæti sanngjarnri og skilvirkri rannsókn ættu þjónustuveitendur sýndareigna að úthluta nægilegum úrræðum til afgreiðslu þeirra. Slík úrræði ættu einnig að tryggja að kvartanir séu meðhöndlaðar án hagsmunaárekstra. Í samræmi við 6. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 ætti stjórn og/eða framkvæmdastjórn þjónustuveitanda sýndareigna að leggja mat á og reglulega endurskoða skilvirkni stefnufyrirkomulags og verklags, sem komið er á til að fara að 2. og 3. kafla V. bálks sömu reglugerðar. Sem krafa varðandi stefnur og verklag við meðferð kvartana og til að tryggja að farið sé að 6. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 ætti stjórn og/eða framkvæmdastjórn þjónustuveitenda sýndareigna að samþykkja og síðan fylgjast með framkvæmd stefnu og ferla við meðferð kvartana.

12) Öll vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð ætti að vera í samræmi við gildandi lög Sambandsins um vernd persónuupplýsinga. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]).Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina og þróað í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

13) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([3]). Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([4]) og skilaði hún áliti 21. júní 2024.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Upplýsingar, sniðmát og lýsing á verklagi við meðferð kvartana

1. Að því er varðar þessa reglugerð merkir „kvörtun“ yfirlýsing um óánægju sem einn af viðskiptavinum beinir til þjónustuveitanda sýndareigna varðandi veitingu einnar eða fleiri sýndareignaþjónustu.

2. Þær verklagsreglur um meðferð kvartana sem um getur í 1. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu fela í sér allt eftirfarandi:

a) skilyrði fyrir því að kvartanir séu teknar til meðferðar,

b) upplýsingar um að kvartanir séu lagðar fram og meðhöndlaðar án endurgjalds,

c) nákvæma lýsingu á því hvernig kvartanir eru lagðar fram, þ.m.t.:

   i. upplýsingar um að leggja megi fram kvartanir á sniðmátinu sem sett er fram í viðaukanum,

   ii. upplýsingar sem kvartanda ber að veita,

   iii. nafn og samskiptaupplýsingar þess einstaklings eða deildar sem beina verður kvörtunum til,

   iv. rafrænan vettvang, kerfi, tölvupóst eða póstfang sem leggja ber fram kvartanir til,

   v. það eða þau tungumál sem viðskiptavinur getur lagt kvörtun fram á, skv. 3. gr.,

d) lýsingu á verklagi við meðferð kvartana, eins og tilgreint er í 3. til 6. gr.,

e) tímarammann sem þjónustuveitandi sýndareigna beitir við meðferð kvartana, þ.m.t. staðfestingu á móttöku kvartana í samræmi við 4. gr., beiðni um viðbótarupplýsingar, eftir því sem við á, rannsókn á kvörtun og tilkynning um niðurstöðu um kvörtunina,

f) stutta lýsingu á fyrirkomulagi við skráningu og varðveislu kvartana og á þeim ráðstöfunum sem gripið hefur verið til í kjölfar þeirra með öruggu rafrænu kerfi.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu birta á vefsetri sínu uppfærða lýsingu á verklagi við meðferð kvartana, sem og staðlaða sniðmátið sem sett er fram í viðaukanum, og tryggja að bæði lýsingin og sniðmátið séu aðgengileg á vefsetri þeirra og á hvers kyns öðrum stafrænum tækjum sem viðskiptavinir kunna að nota til að fá aðgang að þjónustu á sviði sýndareigna. Auk þess skulu þjónustuveitendur sýndareigna veita slíka lýsingu að beiðni viðskiptavinar og þegar staðfest er að kvörtun hafi borist.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

4. Lýsing á því verklagi við meðferð kvartana og staðlaða sniðmáti, sem sett er fram í viðaukanum, skal birt á öllum tungumálum sem þjónustuveitandi sýndareigna notar til að markaðssetja þjónustu sína eða eiga samskipti við viðskiptavini.

5. Þjónustuveitandi sýndareigna skal skjalfesta á viðunandi hátt verklag við meðferð kvartana og miðla slíkum ferlum til alls starfsfólks í viðeigandi stöðum með viðunandi innri boðleiðum og veita starfsfólkinu viðeigandi þjálfun.

6. Þjónustuveitandi sýndareigna skal tryggja að stjórn og/eða framkvæmdastjórn hafi komið á fót og samþykki verklag við meðferð kvartana og hún skal einnig bera ábyrgð á að fylgjast með réttri framkvæmd þeirra. Þjónustuveitandi sýndareigna skal tryggja að stjórn og/eða framkvæmdastjórn hafi skilgreint og samþykki verklag við meðferð kvartana og hún skal einnig bera ábyrgð á að fylgjast með réttri framkvæmd þeirra.

7. Þjónustuveitandi sýndareigna skal tryggja að skilyrðin sem kvörtun þarf að uppfylla til að teljast tæk og tæmandi séu sanngjörn, réttmæt og takmarki réttindi einstaklinga eða lögaðila til að leggja fram kvörtun ekki um of. Skyldubundin notkun sniðmátsins sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð skal ekki teljast eitt af þessum skilyrðum.

2. gr.

Úrræði sem úthlutað er til meðferðar kvartana

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu hafa viðunandi úrræði til meðhöndlunar á kvörtunum.

2. Þau sérstöku úrræði sem um getur í 1. mgr. skulu hafa aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum.

3. Sá sem ber ábyrgð á þeim sérstöku úrræðum sem um getur í 1. mgr. skal tilkynna stjórn og/eða framkvæmdastjórn beint um framkvæmd og skilvirkni verklags við meðferð kvartana, þ.m.t. gögnin sem um getur í 8. gr., og um hvers kyns ráðstafanir sem gerðar hafa verið til eða gerðar verða í kjölfar þeirra.

3. gr.,

Leiðir og tungumál til að leggja fram kvartanir

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu tryggja að viðskiptavinir geti lagt fram kvartanir með rafrænum hætti eða á pappír.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu tryggja að viðskiptavinir geti lagt fram kvartanir á:

a) þeim tungumálum sem þjónustuveitandi sýndareigna notar til að markaðssetja þjónustu sína eða eiga samskipti við viðskiptavini,

b) opinberum tungumálum heimaaðildarríkisins og gistiaðildarríkis, sem eru einnig opinber tungumál Sambandsins.

4. gr.

Staðfesting á móttöku kvörtunar og sannprófun á því að hún sé tæk

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu staðfesta móttöku kvörtunar og tilkynna kvartanda hvort hún sé tæk til meðferðar án ástæðulausrar tafar eftir að kvörtunin hefur verið móttekin.

2. Ef kvörtun uppfyllir ekki skilyrði til að teljast tæk, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., skulu þjónustuveitendur sýndareigna veita kvartanda greinargóða útskýringu á ástæðum þess að kvörtunin sé ekki talin tæk.

3. Staðfesting á móttöku kvörtunar skal innihalda allt eftirfarandi:

a) nafn og samskiptaupplýsingar, þ.m.t. tölvupóstfang og símanúmer þess einstaklings eða deildar sem kvartendur geta beint fyrirspurnum sínum til í tengslum við kvörtunina,

b) dagsetningu viðtöku kvörtunarinnar.

c) tilvísun í tímarammann sem um getur í e-lið 2. mgr. 1. gr.

d) ef kvörtunin er lögð fram á rafrænu kvörtunareyðublaði, afrit af kvörtuninni.

5. gr.

Rannsókn kvartana

1. Við móttöku á tækri kvörtun skulu þjónustuveitendur sýndareigna, án ótilhlýðilegrar tafar eftir staðfestingu á móttöku kvörtunarinnar, meta hvort kvörtunin sé skýr og tæmandi. Einkum skulu þjónustuveitendur sýndareigna meta hvort kvörtunin innihaldi allar þær upplýsingar sem þarf. Ef þjónustuveitandi sýndareigna kemst að þeirri niðurstöðu að kvörtun sé óskýr eða ófullnægjandi skal hann óska eftir viðbótarupplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir rétta meðferð hennar.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu leitast við að safna og rannsaka allar viðeigandi upplýsingar varðandi kvörtun. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu ekki óska eftir upplýsingum frá kvartanda sem þeir búa þegar yfir eða sem þeim ber lagaleg skylda til að búa yfir. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu halda kvartanda tilhlýðilega upplýstum um allar frekari ráðstafanir sem gerðar eru til að meðhöndla kvörtunina. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu svara sanngjörnum beiðnum frá kvartanda um upplýsingar án ótilhlýðilegrar tafar.

6. gr.

Ákvarðanir

1. Í ákvörðun sinni um kvörtun skal þjónustuveitandi sýndareigna fjalla um öll atriði sem fram koma í kvörtuninni og gera grein fyrir ástæðunum fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar. Ákvörðun þessi skal vera í samræmi við fyrri ákvarðanir sem þjónustuveitandi sýndareigna hefur tekið að því er varðar svipaðar kvartanir, nema þjónustuveitandi sýndareigna geti rökstutt hvers vegna komist er að annarri niðurstöðu.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu tilkynna kvartanda um ákvörðun sína um kvörtun án ástæðulausrar tafar og eins fljótt og unnt er innan tímarammans, sem um getur í e-lið 2. mgr. 1. gr., og í öllu falli innan 2 mánaða frá þeirri dagsetningu sem þjónustuveitandi sýndareigna tók við kvörtuninni.

3. Í undantekningartilvikum, ef ekki er hægt að taka ákvörðun um kvörtun innan tímarammans sem um getur e-lið 2. mgr. 1. gr., eða innan 2 mánaða frá því að tekið er við kvörtuninni, skulu þjónustuveitendur sýndareigna upplýsa kvartanda án ótilhlýðilegrar tafar um ástæður tafarinnar og tilgreina dagsetningu ákvörðunarinnar.

4. Ef ákvörðun þjónustuveitanda sýndareigna uppfyllir ekki kröfu kvartanda, eða uppfyllir hana aðeins að hluta til, skal þjónustuveitandi sýndareigna setja fram skýran rökstuðning fyrir ákvörðuninni og upplýsingar um tiltæk úrræði.

7. gr.

Samskipti við kvartendur

1. Við meðferð kvartana skulu þjónustuveitendur sýndareigna eiga samskipti við kvartendur á skýru og einföldu máli sem kvartandi á auðvelt með að skilja.

2. Öll samskipti sem þjónustuveitandi sýndareigna á, skv. 4., 5. og 6. gr., og beint er til kvartanda skulu vera á því tungumáli sem kvartandi lagði kvörtun sína fram á, að því tilskildu að tungumálið sem kvartandi notaði sé eitt af þeim tungumálum sem um getur í 2. mgr. 3. gr. Samskiptin skulu fara fram skriflega með rafrænum hætti eða, að beiðni kvartanda, á pappír.

8. gr.

Verklag til að tryggja samræmda meðferð kvartana

Þjónustuveitendur sýndareigna skulu greina gögn um meðferð kvartana með samfelldum hætti. Gögnin skulu taka til alls eftirfarandi:

a) meðalvinnslutíma á viðkomandi tímabili fyrir hvert skref í meðferð kvartana, þ.m.t. staðfestingu, rannsókn, svartíma,

b) fjölda móttekinna kvartana á viðkomandi tímabili og fyrir hvert skref í meðferð kvartana, fjölda kvartana þar sem þjónustuveitandi sýndareigna uppfyllti ekki þann hámarksfrest sem er settur fram í vinnsluferli meðhöndlunar á kvörtunum,

c) flokkum mála sem kvartanirnar tengjast,

d) niðurstöðum rannsókna.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

SNIÐMÁT TIL AÐ LEGGJA FRAM KVÖRTUN

FRAMLAGNING KVÖRTUNAR

(sem viðskiptavinur sendir til þjónustuveitanda sýndareigna)

1.a. ***Upplýsingar um kvartanda***

Eftirnafn/heiti lögaðila:

.....

Eiginnafn:

.....

Einkvæmt evrópskt auðkenni eða ef það er ekki tiltækt, landsbundið skráningarnúmer eða kennitala:

.....

Auðkenni lögaðila (ef fyrir liggur):

.....

Tilvísun viðskiptavinar (ef fyrir liggur):

.....

Heimilisfang (gata, númer, hæð) (fyrir lögaðila, skráð skrifstofa fyrirtækis)

.....

Póstnúmer:

.....

Borg:

.....

Land:

.....

Sími:

.....

Tölvupóstfang:

.....

1.b. ***Samskiptaupplýsingar (ef annað en 1.a)***

Eftirnafn/heiti lögaðila:

.....

Eiginnafn:

.....

Heimilisfang (gata, númer, hæð) (fyrir lögaðila, skráð skrifstofa fyrirtækis)

.....

Póstnúmer:

.....

Borg:

.....

Land:

.....

Sími:

.....

Tölvupóstfang:

.....

2.a. ***Upplýsingar um lagalegan fyrirsvarsmann (ef við á) (umboð eða annað opinbert skjal sem sönnun á tilnefningu lagalegs fyrirsvarsmanns sem viðhengi við tilkynninguna)***

Eftirnafn/heiti lögaðila:

.....

Eiginnafn:

.....

Skráningarnúmer og LEI-auðkenni (ef tiltækt)

.....

Heimilisfang (gata, númer, hæð) (fyrir lögaðila, skráð skrifstofa fyrirtækis)

.....

Póstnúmer:

.....

Borg:

.....

Land:

.....

Sími:

.....

Tölvupóstfang:

.....

2.b. ***Samskiptaupplýsingar (ef annað en 2.a)***

Eftirnafn/heiti lögaðila:

.....

Eiginnafn:

.....

Heimilisfang: Gata, númer, hæð (fyrir skráða skrifstofu fyrirtækis)

.....

Póstnúmer:

.....

Borg:

.....

Land:

.....

Sími:

.....

Tölvupóstfang:

.....

3. **Upplýsingar um kvörtun**

3.a. ***Full tilvísun til þjónustu á sviði sýndareigna sem kvörtunin tengist (þ.e. heiti þjónustuveitanda sýndareigna, tilvísunarnúmer þjónustu á sviði sýndareigna eða aðrar tilvísanir til viðkomandi viðskiptafærslna …)***

.....

.....

.....

3.b. ***Lýsing á efni kvörtunar***

.....

.....

.....

Láta skal fylgja með hvers konar skjöl sem rökstyðja þau málsatvik sem eru nefnd.

3.c. ***Dagsetning eða dagsetningar málsatvika sem leiddu til kvörtunar***

.....

.....

.....

3.d. ***Lýsing á tjóni, tapi eða skaða (þar sem við á)***

.....

.....

.....

3.e. ***Aðrar athugasemdir eða viðeigandi upplýsingar (þar sem við á)***

.....

.....

.....

Í/á _____(staður) þann _____(dags.)

UNDIRRITUN

KVARTANDI/LAGALEGUR FYRIRSVARSMAÐUR KVARTANDA

Meðfylgjandi skjöl (merkið í viðeigandi reit):

Umboð eða annað opinbert skjal sem sönnun á tilnefningu lagalegs fyrirsvarsmanns ☐

Afrit af útboðsgögnum þeirra fjárfestinga sem kvörtunin tekur til ☐

Önnur skjöl sem styðja kvörtunina: ☐

.....

.....

.....

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/298 **2026/EES/19/19**

frá 31. október 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind er aðferðafræði við að meta fjölda og virði viðskipta sem tengjast notkun eignatengdra tóka og rafeyristóka sem eru tilgreindir í gjaldmiðli sem ekki er opinber gjaldmiðill aðildarríkis sem skiptimiðils (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 6. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hugtakið „viðskipti“ í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 nær ekki til þeirrar tegundar veskja sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu notar til að hefja eða taka við viðskiptafærslum sem tengjast notkun á eignatengdum tóka sem skiptimiðils. Til að tilgreina aðferðafræðina sem um getur í 6. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, er því nauðsynlegt að taka tillit til þess að skýrslugjöfin sem um getur í d-lið 1. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar ætti að innihalda viðskiptafærslur milli vörsluveskja, sem og færslur milli vörsluveskis annars vegar og veskis sem er ekki í vörslu, eða annarra gerða vistfanga dreifðra færsluskráa sem eru ekki undir stjórn eiganda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna hins vegar. Færslur milli veskja sem eru ekki í vörslu, eða milli veskja sem eru ekki í vörslu og annarra gerða vistfanga dreifðra færsluskráa sem eru ekki undir stjórn eiganda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna, ættu ekki falla undir skýrslugjöfina í d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, að teknu tilliti til þess að útgefendur hafa hugsanlega ekki nauðsynlegar upplýsingar til að tilkynna slíkar færslur samkvæmt ákvæðunum. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á skýrslugjafarskyldur útgefenda að því er slíkar færslur varðar, skv. c-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2902 ([2]).

2) Skv. annarri undirgrein 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eru færslur sem tengjast notkun sem skiptimiðils aðeins færslur sem leiða til breytinga á einstaklingi eða lögaðila sem hefur rétt á eignatengdum tóka. Þetta á einnig við þegar raunverulegur eigandi í skilningi 6. liðar 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([3]) er áfram sá sami og án tillits til þess hvort viðskiptin séu gerð upp í dreifðri færsluskrá („innan keðju“) eða utan dreifðrar færsluskrár („utan keðju“). Að því er varðar skýrslugjöf skv. d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ættu gögnin sem útgefandi tilkynnir lögbæru yfirvaldi ekki að innihalda millifærslur eignatengds tóka milli mismunandi vistfanga eða reikninga sama aðila til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/298, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 52.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2902 frá 20. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar skýrslugjöf um eignatengda tóka og rafeyristóka tilgreinda í gjaldmiðli sem ekki er opinber gjaldmiðill aðildarríkis (Stjtíð. ESB L, 2024/2902, 28.11.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2902/oj).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj).

3) Í þriðju undirgrein 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 er kveðið á um að tiltekin viðskipti teljist ekki tengjast notkun á eignatengdum tókum sem skiptimiðils. Eins og skýrt er í 61. forsendu þeirrar reglugerðar eru viðskipti sem tengjast notkun á eignatengdum tókum sem skiptimiðils einkum þau viðskipti sem tengjast greiðslum á skuldum, þ.m.t. í tengslum við viðskipti við söluaðila og ættu ekki að innihalda viðskipti sem tengjast fjárfestingaraðgerðum og -þjónustu, svo sem skiptimiðils fyrir sjóði eða aðrar sýndareignir, nema unnt sé að færa sönnur á að eignatengdur tóki sé notaður til uppgjörs á viðskiptum með aðrar sýndareignir. Af þessum sökum er einnig nauðsynlegt að tilgreina nánar tegund viðskipta sem á að tilkynna, skv. d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

4) Útgefandi ætti að leggja mat á fjölda og virði viðskipta sem tengjast notkun á eignatengdum tóka sem skiptimiðils, eins og um getur í d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, með því að draga frá heildarfjölda og -virði viðskiptanna sem gerð eru upp í eignatengda tókanum á viðkomandi ársfjórðungi, viðskipti þar sem eignatengdum tóka er skipt út fyrir fjármagn eða aðrar sýndareignir hjá útgefanda eða þjónustuveitanda sýndareigna, viðskipti þar sem eignatengdur tóki er notaður sem veð í þeim tilgangi að eiga viðskipti með fjármálagerninga og viðskipti þar sem eignatengdur tóki er notaður til að gera upp afleiðusamning. Þar að auki getur útgefandinn einnig dregið frá önnur viðskipti með eignatengdum tóka ef hann hefur gildar ástæður til að telja að tilgangur viðkomandi viðskipta sé ekki að greiða fyrir vörur eða þjónustu, að því tilskildu að útgefandinn geti við beiðni sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að hann hafi gildar ástæður til að ætla að viðskiptin tengjast ekki notkun eignatengds tóka til að greiða fyrir vörur eða þjónustu.

5) Viðskipti sem tengjast notkun á eignatengdum tóka sem skiptimiðils ættu einnig að innihalda viðskipti þar sem ein eða fleiri sýndareignir, sem eru aðrar en eignatengdi tókinn, eru notaðar til að greiða fyrir vörur og þjónustu, að því tilskildu að viðskiptin séu gerð upp í eignatengda tókanum. Þetta getur t.d. falið í sér tilvik þar sem eignatengdur tóki er notaður sem brúareign til að gera upp viðskipti með aðra sýndareign en eignatengdur tóki, þar sem tilgangur viðskiptanna er að greiða fyrir vörur eða þjónustu, og tilvik þar sem eignatengdur tóki er notaður sem brúareign til að gera upp viðskipti sem fela í sér tvær aðrar sýndareignir auk eignatengda tókans, þar sem tilgangur viðskiptanna er að greiða fyrir vörur eða þjónustu. Aftur á móti ættu viðskipti þar sem aðilar óska þess að eiga viðskipti með eða skiptast á tveimur ólíkum sýndareignum, sem eru aðrar en eignatengdur tóki, og samþykkja að gera viðskiptin upp með eignatengdum tóka, án þess að tilgangur undirliggjandi viðskipta sé að greiða fyrir vörur eða þjónustu, ekki að falla undir skýrslugjöfina í d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

6) Útgefandinn ætti að ákvarða fyrir sérhver viðskipti, sem falla undir d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, fyrir hvaða sameiginlega gjaldmiðilssvæði skuli tilkynna þau. Viðskiptin sem um getur í d-lið 1. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar ættu að ná yfir færslur þar sem bæði greiðandi og viðtakandi greiðslu eru innan sama sameiginlega gjaldmiðilssvæðis í Sambandinu.

7) Til að tryggja að meðalfjöldi viðskipta á ársfjórðungi og meðaltal samanlagðs virðis viðskipta á dag sé áætlað á grundvelli áreiðanlegra og traustra gagna og bæta gæði skýrslugjafar, ætti útgefandinn að vera með kerfi og verklagsreglur sem gera honum kleift að samræma gögn frá þjónustuveitanda sýndareigna greiðandans eða, þegar um er að ræða viðskipti úr veski í vörslu yfir í veski sem er ekki í vörslu, gögn frá þjónustuveitanda sýndareigna greiðanda, skv. 3. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2902, með gögn sem eru tiltæk útgefanda frá öðrum aðilum, þ.m.t., eftir atvikum, færslugögn sem eru tiltæk í dreifðri færsluskrá.

8) Í samræmi við 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu ákvæði 22. og 23. gr. og 24. gr. (3. mgr.) þeirrar reglugerðar einnig gilda um rafeyristóka sem tilgreindir eru í gjaldmiðli sem ekki er opinber gjaldmiðill aðildarríkis. Til samræmis við það ætti þessi reglugerð einnig að gilda að breyttu breytanda um slíka rafeyristóka.

9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([4]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

1. Í þessari reglugerð eru tilgreindar aðferðir til að áætla meðalfjöldi viðskipta á ársfjórðungi og meðaltal samanlagðs virðis viðskipta á dag sem tengjast notkun eignatengds tóka sem skiptimiðils innan sameiginlegs gjaldmiðilssvæðis, í samræmi við d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal þessi reglugerð einnig gilda að breyttu breytanda um rafeyristóka sem eru í gjaldmiðli sem er ekki opinber gjaldmiðill aðildarríkis.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „sameiginlegt gjaldmiðilssvæði“: eitt eða fleiri lönd sem hafa sama opinbera gjaldmiðilinn,

2) „veski í vörslu“: vistfang veskis sýndareignar þar sem þjónustuveitandi sýndareigna tryggir varðveislu eða stjórnun sýndareigna eða aðgangsleiðir að slíkum sýndareignum fyrir hönd viðskiptavina, eftir atvikum, í formi einkadulkóðunarlykla,

3) „veski sem er ekki í vörslu“: vistfang veskis sýndareigna þar sem notandinn stýrir aðgangsleiðum að sýndareignunum, eftir atvikum, í formi einkadulkóðunarlykla.

3. gr.

Viðskipti sem tengjast notkun eignatengds tóka sem skiptimiðils

1. Útgefandi skal áætla fjölda og virði viðskipta sem tengjast notkun eignatengds tóka sem skiptimiðils, eins og um getur í d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, með því að draga eftirfarandi frá heildarfjölda og -virði viðskipta með tókanum á viðkomandi ársfjórðungi:

a) viðskipti þar sem eignatengdum tóka er skipt fyrir fjármagn eða aðrar sýndareignir hjá útgefanda eða þjónustuveitanda sýndareigna,

b) viðskipti þar sem eignatengdur tóki er notaður sem veð í þeim tilgangi að eiga viðskipti með fjármálagerningum,

c) viðskipti þar sem eignatengdur tóki er notaður til að gera upp afleiðusamning,

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

d) aðrar færslur með eignatengda tókanum þar sem útgefandinn hefur gildar ástæður til að telja að tilgangur viðkomandi viðskiptafærslna sé ekki að greiða fyrir vörur eða þjónustu.

Til að undanskilja viðskiptin, sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar, frá matinu skal útgefandinn geta sýnt lögbæru yfirvaldi, að fenginni beiðni, fram á að hann hafi gildar ástæður til að ætla að viðskiptin tengjast ekki notkun eignatengds tóka til að greiða fyrir vörur eða þjónustu.

2. Viðskipti sem tengjast notkun á eignatengdum tóka sem skiptimiðils skulu innihalda viðskipti þar sem ein eða fleiri sýndareignir, sem eru aðrar en eignatengdi tókinn, eru notaðar til að greiða fyrir vörur og þjónustu, að því tilskildu að viðskiptin séu gerð upp í eignatengda tókanum.

3. Viðskiptin sem um getur í 1. mgr. skulu innihalda eftirfarandi:

a) viðskipti sem eru gerð upp í dreifðri færsluskrá,

b) viðskipti sem eru gerð upp utan dreifðrar færsluskrár,

c) viðskipti milli veskja í vörslu,

d) viðskipti milli veskis í vörslu og veskis sem er ekki í vörslu eða annarra gerða vistfanga dreifðra færsluskráa sem eru ekki undir stjórn eiganda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna.

4. Viðskiptin sem um getur í 1. mgr. skulu ekki innihalda millifærslur milli ólíkra reikninga eða vistfanga sama einstaklings.

5. Viðskiptin sem um getur í 1. mgr. skulu eingöngu innihalda viðskipti þar sem bæði greiðandi og viðtakandi greiðslu eru innan sama sameiginlega gjaldmiðilssvæði í Sambandinu. Staðsetning greiðanda eða viðtakanda greiðslu vísar til fastrar búsetu þeirra, að því er einstaklinga varðar, og til heimilisfangs skráðrar skrifstofu, að því er lögaðila varðar.

4. gr.

Útreikningur á meðalfjölda og meðaltali samanlagðs virðis viðskipta

1. Útgefandi skal reikna út meðalfjölda viðskipta á ársfjórðungi og meðaltal samanlagðs virðis viðskipta á dag sem um getur í d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 fyrir sérhvert sameiginlegt gjaldmiðilssvæði, eins og þessar upplýsingar standa á eftirfarandi viðmiðunardagsetningum: 31. mars, 30. júní, 30. september og 31. desember.

2. Tilkynna skal virði viðskiptanna sem um getur í 1. mgr. í opinberum gjaldmiðli heimaaðildarríkis útgefanda.

3. Útgefandi skal ákvarða virði viðskiptanna sem um getur í 1. mgr. sem hér segir:

a) ef eignakarfan sem eignatengdur tóki vísar til inniheldur einn eða fleiri opinbera gjaldmiðla sem eru aðrir en opinberi gjaldmiðillinn sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skal útgefandinn ákvarða virði viðkomandi viðskipta á dag með því að nota gildandi gengi við lok sérhvers almanaksdags á gildandi skýrslutímabili í samræmi við matið eða meginreglur matsins á eignatengda tókanum sem um getur í c-lið 2. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

b) ef eignakarfan sem eignatengdur tóki vísar til inniheldur aðrar eignir en opinberan gjaldmiðil, skal útgefandinn ákvarða virði viðkomandi viðskipta á dag með því að nota markaðsverðið sem er reiknað við lok sérhvers almanaksdags á gildandi skýrslutímabili, þegar því verður við komið, í samræmi við matið eða meginreglur matsins á eignatengda tókanum, sem um getur í c-lið 2. mgr. 39. gr. og 11. og 12. mgr. 36. gr. reglugerð (ESB) 2023/1114,

c) að því er varðar rafeyristóka sem eru í gjaldmiðli sem er ekki opinber gjaldmiðill aðildarríkis, skal útgefandinn ákvarða virði viðkomandi viðskipta á dag með því að nota gildandi gengi við lok sérhvers almanaksdags á gildandi skýrslutímabili.

5. gr.

Gagnagæði

1. Útgefandi skal búa yfir kerfum og verklagsreglum til að tryggja að gögnin sem eru lögð fyrir lögbært yfirvald, skv. d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, séu rétt, fullnægjandi og lögð fram innan þess tímaramma sem settur er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2902.

2. Kerfin og verklagsreglurnar sem um getur í 1. mgr. skulu gera útgefanda kleift að samræma gögn frá þjónustuveitanda sýndareigna viðtakanda greiðslu eða, þegar um er að ræða viðskipti úr veski í vörslu til veskis sem er ekki í vörslu, gögn frá þjónustuveitanda sýndareigna greiðanda, skv. 3. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2902, með gögn sem eru tiltæk útgefanda frá öðrum aðilum, þ.m.t., eftir atvikum, færslugögn sem eru tiltæk í dreifðri færsluskrá.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/299 **2026/EES/19/20**

frá 31. október 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 um markaði fyrir sýndareignir að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um samfellu og reglufestu í framkvæmd þjónustu á sviði sýndareigna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 10. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvæðum 11. og 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 ([2]) er kveðið á um kröfur um viðbrögð og endurheimt, stefnur og verklag við öryggisafritun, verklag og aðferðir við endurheimt og endurreisn varðandi upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi fjármálafyrirtækja, þ.m.t. þjónustuveitenda sýndareigna. Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1774 ([3]) eru nánar tilgreindir þættir stefnu um rekstrarsamfellu í upplýsinga- og fjarskiptatækni, prófanir á áætlunum um rekstrarsamfellu í upplýsinga- og fjarskiptatækni og þættir viðbragðs- og endurreisnaráætlana í upplýsinga- og fjarskiptatækni fjármálafyrirtækja, þ.m.t. þjónustuveitenda sýndareigna. Þessi reglugerð eykur við þessi ákvæði reglugerðar (ESB) 2022/2554 og framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1774 að því er varðar samfellu og reglufestu í framkvæmd þjónustu á sviði sýndareigna.

2) Þjónustuveitendur sýndareigna geta notað dreifða færsluskrá sem þeir hafa enga stjórn á, þ.m.t. leyfislausa dreifða færsluskrá, við veitingu á þjónustu sinni. Í því tilviki geta þeir hugsanlega ekki tryggt reglufestu og samfellu þjónustu sinnar þegar truflanir stafa af vandamálum sem tengjast rekstri á slíkum dreifðum færsluskrám. Til að draga úr óstöðugleika á markaði sem gæti haft neikvæð áhrif á viðskiptavini sem verða fyrir áhrifum af slíkum truflunum, ættu þjónustuveitendur sýndareigna að fella ráðstafanir til að tryggja tímanleg samskipti við viðskiptavini og aðra utanaðkomandi hagsmunaaðila inn í stefnu sína um rekstrarsamfellu. Slík samskipti ættu að fela í sér mikilvægar og tímanlegar upplýsingar fyrir viðskiptavini um slíkar truflanir, þ.m.t. áframhaldandi stöðuuppfærslur, þar til að truflunin hefur verið leyst og þjónusta hefst á ný. Ef þjónustuveitandi sýndareigna getur ekki nálgast upplýsingar um stöðu leyfislausrar dreifðrar færsluskráar, sem veldur truflunum á þjónustu, með auðveldum hætti ætti hann að tilkynna viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum um uppfærslur eftir bestu getu til að tryggja að viðskiptavinir og hagsmunaaðilar séu eins vel upplýstir og unnt er um slíkar truflanir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/299, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 52.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 frá 14. desember 2022 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann og um viðbætur við reglugerðir (EB) nr. 1060/2009, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 909/2014 og (ESB) 2016/1011 (Stjtíð. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2554/oj).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1774 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru nánar búnaður, aðferðir, ferlar og stefna til stýringar á upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu og einfaldaður áhættustýringarrammi fyrir upplýsinga- og fjarskiptatækni (Stjtíð. ESB L, 2024/1774, 25.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1774/oj).

3) Til að forðast að leggja óhóflega stjórnsýslubyrði á lítil og meðalstór fyrirtæki og sprotafyrirtæki ættu þjónustuveitendur sýndareigna að taka tillit til umfangs, eðlis og sviðs þeirrar þjónustu á sviði sýndareigna sem þeir veita í stefnu sinni um rekstrarsamfellu. Það þýðir að þjónustuveitendur sýndareigna ættu að ákvarða sérstakar kröfur sínar um rekstrarsamfellu á grundvelli áreiðanlegs sjálfsmats, samkvæmt fjölda viðmiðana sem myndu gera þeim kleift að innleiða stefnu um rekstrarsamfellu sem er í réttu hlutfalli við markaðsáhrif af þjónustu þeirra. Sjálfsmatið ætti einnig að taka tillit til annarra aðstæðna umfram þær sem taldar eru upp í viðaukanum, sem kunna að hafa áhrif á þjónustuveitanda sýndareigna.

4) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([4]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „nauðsynleg eða mikilvæg starfsemi“: nauðsynleg eða mikilvæg starfsemi eins og skilgreint er í 22. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554,

b) „leyfislaus dreifð færsluskrá“: tiltekin gerð af dreifðri færsluskrá sem er ekki undir stjórn neins aðila og þar sem allir aðilar sem uppfylla tæknilegar kröfur og samskiptareglur dreifðu færsluskráarinnar geta sett upp DFT-nethnúta.

2. gr.

Skipulagsráðstafanir varðandi rekstrarsamfellu

1. Stefnan um rekstrarsamfellu sem um getur í 7. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal samanstanda af áætlunum, ferlum og ráðstöfunum.

2. Stjórn og/eða framkvæmdastjórn þjónustuveitenda sýndareigna skal, við framkvæmd starfa sinna sem um getur í 6. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, koma á fót og samþykkja áætlanir, ferli og ráðstafanir sem stefna um rekstrarsamfellu samanstendur af. Stjórn og/eða framkvæmdastjórn þjónustuveitanda sýndareigna skal bera ábyrgð á innleiðingu stefnu um rekstrarsamfellu og á því að endurskoða skilvirkni hennar að minnsta kosti einu sinni á ári.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu tryggja að allt viðeigandi starfsfólk sé upplýst um hvers kyns breytingar á stefnu um rekstrarsamfellu með skilvirkum samskiptaleiðum.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

3. gr.

Stefna um rekstrarsamfellu

1. Stefna um rekstrarsamfellu, sem um getur í 7. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal tryggja að þjónustuveitendur sýndareigna bregðist á viðeigandi hátt við atvikum sem valda röskun eða vandamálum sem varða frammistöðu kerfa sem eru mikilvæg fyrir rekstur starfseminnar og skal geymd á varanlegum miðli.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu fella allt eftirfarandi inn í stefnu sína um rekstrarsamfellu:

a) lýsingu á gildissviði stefnu um rekstrarsamfellu sem áætlanir, ferlar og ráðstafanir varðandi rekstrarsamfellu eiga að ná yfir, þ.m.t. takmörkunum og undantekningum,

b) lýsingu á viðmiðunum til að virkja áætlanir um rekstrarsamfellu, þ.m.t. stigmögnunarferli allt upp á stjórnunarstig,

c) ákvæði um stjórnunarhætti og skipulag þjónustuveitanda sýndareigna, þ.m.t. hlutverk og ábyrgð starfsfólks, til að tryggja að næg tilföng séu til staðar til að framfylgja stefnunni á skilvirkan hátt,

d) ákvæði sem tryggja samræmi milli áætlana um rekstrarsamfellu og áætlana um rekstrarsamfellu í upplýsinga- og fjarskiptatækni og viðbragðs- og endurreisnaráætlanir í upplýsinga- og fjarskiptatækni sem um getur í 24. og 26. gr. framseldar reglugerðar (ESB) 2024/1774.

4. gr.

Áætlanir um rekstrarsamfellu

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu koma á fót stefnu um rekstrarsamfellu við framkvæmd stefnunnar um rekstrarsamfellu sem um getur í 7. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Í áætlunum um rekstrarsamfellu skulu koma fram þau ferli sem nauðsynleg eru til að vernda og, ef nauðsyn krefur, koma aftur á fót:

a) leynd, réttleika og tiltækileika gagna um viðskiptavini,

b) tiltækileika starfsemi, stuðningsferla og upplýsingaeigna þjónustuveitenda sýndareigna.

2. Áætlanir um rekstrarsamfellu skulu innihalda eftirfarandi:

a) ýmsar mögulegar neikvæðar sviðsmyndir sem varða rekstur nauðsynlegrar eða mikilvægrar starfsemi, þ.m.t. ótiltækileika starfsemi, starfsfólks, vinnusvæða, ytri þjónustuaðila, gagnavera eða tap eða breytingar á nauðsynlegum gögnum og skjölum,

b) verklagsreglur og stefnur sem fylgja skal þegar upp koma atvik sem valda röskun, þ.m.t.:

   i. nauðsynlegar ráðstafanir til að endurheimta nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi,

   ii. frestir sem þarf endurheimta þarf þessa nauðsynlegu eða mikilvægu starfsemi fyrir,

   iii. markmið endurreisnar,

   iv. hámarkstími til að hefja þjónustu á ný,

c) verklagsreglur og stefnur til að flytja starfsemi sem notuð er til að veita þjónustu á sviði sýndareigna yfir á varastað,

d) öryggisafritun mikilvægra viðskiptagagna, þ.m.t. uppfærðar upplýsingar um nauðsynlega tengiliði til að tryggja samskipti innan þjónustuveitanda sýndareigna, milli þjónustuveitanda sýndareigna og viðskiptavina hans,

e) verklagsreglur fyrir tímanleg samskipti við viðskiptavini og aðra ytri hagsmunaaðila, þ.m.t. lögbær yfirvöld.

3. Ef truflun verður á leyfislausri dreifðri færsluskrá sem þjónustuveitandi sýndareigna notar til að veita þjónustu sína, skulu samskiptin sem um getur í e-lið 2. gr. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) hvenær búist er við að þjónustan verði hafin aftur,

b) orsakir og áhrif truflandi atviks,

c) öll áhætta sem tengist fjármunum viðskiptavina og sýndareignum sem eru í vörslu fyrir þeirra hönd,

d) ráðstafanir sem þjónusta á sviði sýndareigna hyggst grípa til vegna truflunar á leyfislausri dreifðri færsluskrá.

Ef þjónustuveitandi sýndareigna getur ekki nálgast upplýsingarnar skal hann tilkynna viðskiptavinum og hagsmunaaðilum, þ.m.t. lögbærum yfirvöldum, um uppfærslur á upplýsingunum í fyrstu undirgrein eftir bestu getu.

4. Í áætlunum um rekstrarsamfellu skulu vera verklagsreglur til að taka á öllum truflunum á nauðsynlegri eða mikilvægri starfsemi sem útvistað er, þ.m.t. þegar viðkomandi starfsemi verður ótiltæk.

5. gr.

Reglubundin prófun áætlana um rekstrarsamfellu

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu prófa virkni áætlana um rekstrarsamfellu, sem um getur í 4. gr., á grundvelli raunhæfra sviðsmynda. Slíkar prófanir skulu sannprófa getu þjónustuveitanda sýndareigna til að ná sér aftur á strik eftir atvik sem valda röskun og hefja þjónustu að nýju í samræmi við b-lið 2. mgr. 4. gr.

2. Þjónustuveitandi sýndareigna skal prófa áætlanir um rekstrarsamfellu árlega að teknu tilliti til:

a) niðurstaðna úr prófunum sem um getur í 1. mgr.,

b) nýjustu upplýsinga um ógnir,

c) lærdóms sem dreginn er af fyrri atburðum,

d) þar sem við á, allra breytinga á markmiðum endurreisnar, þ.m.t. markmiðum um endurreisnartíma og endamark endurreisnar eins og um getur í b-lið 2. mgr. 4. gr.,

e) breytinga á starfsemi.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu skrá niðurstöður prófana skriflega og leggja þær fyrir stjórn og/eða framkvæmdastjórn og þær rekstrareiningar sem taka þátt í áætlunum um rekstrarsamfellu.

4. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu tryggja að prófun á áætlunum um rekstrarsamfellu trufli ekki eðlilegan framgang þjónustunnar.

6. gr.

Flækjustig og áhætta

1. Þegar þjónustuveitendur sýndareigna koma stefnu um rekstrarsamfellu á fót, þ.m.t. áætlunum, ferlum og ráðstöfunum, skulu þeir taka tillit til þátta sem fela í sér aukið flækjustig eða áhættu, þ.m.t. eftirfarandi:

a) tegundar og úrvals þeirrar þjónustu á sviði sýndareigna sem er í boði,

b) að hve miklu leyti þjónustuveitendur sýndareigna reiða sig á leyfislausa dreifða færsluskrá,

c) hugsanlegra áhrifa truflana á samfellu starfsemi og aðgengileika þjónustu þjónustuveitanda sýndareigna.

2. Að því er 1. mgr. varðar skulu þjónustuveitendur sýndareigna framkvæma árlegt sjálfsmat á umfangi, eðli og sviði þjónustu sinnar. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu byggja sjálfsmatið á viðmiðununum sem settar eru fram í viðaukanum og hvers kyns öðrum viðmiðunum sem þjónustuveitandi sýndareigna telur viðeigandi.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR SJÁLFSMAT ÞJÓNUSTUVEITENDA SÝNDAREIGNA

a) Eðli þjónustuveitanda sýndareigna, á grundvelli eftirfarandi þátta:

   i. flokksheiti sem um getur í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/1114,

   ii. meðalseljanleika eða markaðsdýptar sýndareigna sem eru tiltækar til viðskipta á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir, eftir atvikum,

   iii. hlutverks þjónustuveitanda sýndareigna í fjármálakerfinu, þ.m.t. hvort þjónustuveitandi sýndareigna starfrækir viðskiptavettvang fyrir sýndareignir og hvort viðskipti séu með sýndareignir, sem eru keyptar og seldar á viðskiptavettvangi hans, á öðrum viðskiptavettvöngum fyrir sýndareignir.

b) Umfang, með því að meta áhrif af þjónustuveitanda sýndareigna á skipulega starfsemi markaða á grundvelli eftirfarandi þátta, eftir atvikum:

   i. hvort þjónustuveitandi sýndareigna geti talist mikilvægur eins og um getur í 85. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   ii. fjölda landa þar sem þjónustuveitandi sýndareigna stundar atvinnustarfsemi,

   iii. fjölda viðskiptavina,

   iv. fjölda virkra notenda,

   v. verðmæti sýndareigna í vörslu,

   vi. fjölda viðskipta á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir,

   vii. fjölda millifærslna á sýndareignum sem gerðar eru fyrir hönd viðskiptavina,

   viii. fjölda fyrirmæla sem gerð eru fyrir hönd viðskiptavina.

c) Flækjustig, með því að meta eftirfarandi þætti, eftir atvikum:

   i. skipulag þjónustuveitanda sýndareigna að því er varðar eignarhald og stjórnarhætti og skipulagslega, rekstrarlega, tæknilega, raunlæga og landfræðilega viðurvist hans,

   ii. umfang útvistunar hjá þjónustuveitanda sýndareigna, einkum hvort nauðsynlegri eða mikilvægri starfsemi hafi verið útvistað,

   iii. fjölda og gerð dreifðra færsluskráa sem notaðar eru til að veita þjónustu,

   iv. fjölda DFT-nethnúta sem þjónustuveitandi sýndareigna rekur á einni eða fleiri dreifðum færsluskrám,

   v. fjölda og gerð snjallsamninga sem þjónustuveitandi sýndareigna gerir og viðheldur,

   vi. hvernig einkadulkóðunarlyklar viðskiptavina eða aðrar aðgangsleiðir að sýndareignum eru tryggð við geymslu,

   vii. notkun hugbúnaðar- og vélbúnaðarbundinna vörsluveskja eða veskja sem tryggja dulkóðunarlykla með því að nota marga fjárvörsluaðila.

Að því er varðar iii. til viii. liði b-liðar skal þjónustuveitandi sýndareigna nota dagsmeðaltal yfir eins árs viðmiðunartímabil fyrir sjálfsmat sitt.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/303 **2026/EES/19/21**

frá 31. október 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar sem tilteknir aðilar á fjármálamarkaði skulu láta fylgja með í tilkynningu um fyrirætlun sína að bjóða þjónustu á sviði sýndareigna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 13. mgr. 60. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta hvort tilteknir aðilar á fjármálamarkaði sem hafa í hyggju að veita þjónustu á sviði sýndareigna uppfylli viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í V. bálki og, þar sem við á, VI. bálki reglugerðar (ESB) 2023/1114 ættu upplýsingarnar sem tilteknir aðilar á fjármálamarkaði eiga að tilkynna um vegna þeirrar fyrirætlunar sinnar að veita þjónustu á sviði sýndareigna að vera nægilega sundurliðaðar og ítarlegar án þess að valda óþarfa fyrirhöfn.

2) Í samræmi við a-lið 7. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 ætti tilkynning um þá fyrirætlun að veita þjónustu á sviði sýndareigna að innihalda starfsáætlun. Til að gefa heildarmynd af starfseminni sem tilkynningaraðilinn hyggst hefja ætti starfsáætlunin að hafa að geyma lýsingu á stjórnskipulagi hans, stefnuáætlun hans um að veita tilteknum markhópi viðskiptavina þjónustu á sviði sýndareigna og rekstrarlega getu hans næstu þrjú árin eftir tilkynningardaginn. Að því er varðar þá stefnuáætlun sem notuð er við að ná til viðskiptavina ætti tilkynningaraðilinn að lýsa þeim markaðssetningaraðferðum sem hann hyggst nota, svo sem vefsetrum, smáforritum farsíma, fundum í eigin persónu, fréttatilkynningum eða hvers konar raunlægum eða rafrænum aðferðum, þ.m.t. samfélagsmiðlaherferðum, auglýsingum á netinu eða auglýsingaborðum, endurmiðun auglýsinga, samningum við áhrifavalda, kostunarsamningum, símtölum, vefstofum, boðum á viðburði, herferðum með samstarfsaðilum, leikjafræðilegum aðferðum, boðum um að fylla út svarblað eða taka þjálfunarnámskeið, prufureikningum eða fræðsluefni.

3) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta viðnámsþrótt tilkynningaraðila til að standast ytri fjárhagsleg áföll, þ.m.t. áföll sem snerta virði sýndareigna, ætti tilkynningaraðilinn að hafa álagssviðsmyndir í tilkynningu sinni sem líkja eftir alvarlegum en líklegum atburðum í spám sínum um reikningsskil.

4) Til að komast hjá því að bilanir valdi því að starfsemi liggi niðri þar sem það getur haft meiri háttar fjárhagslegar, eftirlitstengdar og orðsporslegar afleiðingar fyrir tilkynningaraðilann, og, í almennara samhengi, markaði fyrir sýndareignir í heild, er mikilvægt að halda starfseminni gangandi eða í það minnsta grundvallarþjónustu þjónustuveitenda sýndareigna og að lágmarka niðritíma vegna óvæntra truflana, þ.m.t. netárása og náttúruhamfara. Tilkynning ætti því að hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um ráðstafanir tilkynningaraðila til að tryggja samfellu og reglufestu í veitingu þjónustu á sviði sýndareigna, þ.m.t. ítarlega lýsingu á áhættuþáttum og áætlunum um rekstrarsamfellu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/303, 20.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 52.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

5) Þörf er á skilvirku fyrirkomulagi, kerfi og verklagsreglum sem eru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([2]) til að tryggja að tilkynningaraðilar taki á viðeigandi hátt á áhættuþáttum og starfsemi peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka við veitingu þjónustu á sviði sýndareigna. Tilkynningaraðilar ættu því í tilkynningu sinni að veita ítarlegar upplýsingar um fyrirkomulag, kerfi og verklagsreglur sem þeir hafa tekið upp til að koma í veg fyrir áhættu sem tengist atvinnustarfsemi þeirra í tengslum við, m.a., aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

6) Vegna dreifstýrðs og stafræns eðlis sýndareigna er netöryggisáhætta töluverð hjá þjónustuveitendum sýndareigna og í margvíslegu formi. Til að tryggja að tilkynningaraðilinn geti komið í veg fyrir öryggisrof og fjárhagstjón af völdum netárása ætti að tiltaka þann mannauð sem er sérhæfður í að taka á netöryggisáhættu í upplýsingunum um þau upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi og tengt öryggisfyrirkomulag sem tilkynningaraðilinn nýtir sér, s.s. deili á og landfræðilega staðsetningu veitendanna, lýsingu á útvistaðri starfsemi eða upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu með helstu einkennum hennar, afriti af samningum, eins og um getur í c-lið 7. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

7) Aðgreining sýndareigna og fjármuna viðskiptavina ver viðskiptavini fyrir tapi þjónustuveitandans og fyrir misnotkun á sýndareignum og fjármunum þeirra. Í 70. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 er því gerð krafa um að þjónustuveitendur sýndareigna geri viðeigandi ráðstafanir til að vernda eignarrétt viðskiptavina. Sú krafa á einnig við um þjónustuveitendur sýndareigna sem ekki veita vörslu- og umsýsluþjónustu.

8) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta hvort tilkynningaraðili hafi viðeigandi starfsreglur um viðskiptavettvang sinn fyrir sýndareignir ætti tilkynningaraðilinn að tilgreina tiltekna þætti í lýsingu sinni á þeim reglum. Einkum ætti tilkynningaraðilinn að útlista nánar þau atriði í starfsreglunum sem tengjast töku til viðskipta, viðskipti með og uppgjör sýndareigna. Að því er varðar töku sýndareigna til viðskipta ættu tilkynningaraðilar að veita ítarlegar upplýsingar um hvernig sýndareignir sem teknar hafa verið til viðskipta samræmast reglum tilkynningaraðilans, þær tegundir sýndareigna sem tilkynningaraðilinn mun ekki taka til viðskipta á viðskiptavettvangi sínum, og ástæður fyrir slíkri útilokun, og gjöld fyrir töku til viðskipta. Að því er varðar viðskipti með sýndareignir ætti tilkynningaraðilinn að tilgreina þá þætti starfsreglnanna sem gilda um framkvæmd og afturköllun fyrirmæla, skipuleg viðskipti, gagnsæi og skráningu. Að lokum ætti tilkynningaraðilinn að tiltaka í lýsingu starfsreglna sinna þau atriði sem gilda um uppgjör viðskipta með sýndareignir á viðskiptavettvangnum, þ.m.t. hvort uppgjör fer af stað með því að nota dreifða færsluskrártækni (DFT), tímarammann fyrir þá framkvæmd, skilgreiningu á augnablikinu þegar uppgjörinu telst lokið, allar sannprófanir sem þarf til að tryggja skilvirkt uppgjör viðskiptanna og hvers konar ráðstafanir til að takmarka uppgjörsbresti.

9) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta hæfi tilkynningaraðila til að veita tiltekna þjónustu á sviði sýndareigna, s.s. skipti á sýndareignum fyrir fjármuni, framkvæmd, ráðgjöf um sýndareignir eða eignastýringu sýndareigna og yfirfærsluþjónustu, ætti tilkynningaraðilinn að tilgreina ítarlega hvernig þessi þjónusta á sviði sýndareigna verður veitt sem og þær ráðstafanir sem teknar eru upp til að tryggja að tilkynningaraðilinn hlíti viðeigandi ákvæðum í reglugerð (ESB) 2023/1114 að því er varðar veitingu þessarar þjónustu á sviði sýndareigna.

10) Öll vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([3]).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina og þróað í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.

12) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([4]).

13) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([5]) og skilaði hún formlegum athugasemdum 21. júní 2024.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Starfsáætlun

1. Að því er varðar a-lið 7. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal tilkynningaraðili veita lögbæru yfirvaldi starfsáætlun næstu þriggja ára eftir tilkynningardag, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar:

a) ef tilkynningaraðilinn tilheyrir samstæðu eins og skilgreind er í 11. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([6]), útskýringu á hvernig starfsemi tilkynningaraðilans fellur inn í stefnuáætlun samstæðunnar og spilar saman við starfsemi annarra aðila í samstæðunni, þ.m.t. yfirlit yfir gildandi og áætlað skipulag og uppbyggingu þeirrar samstæðu,

b) útskýringu á hvernig vænst er að starfsemi aðila sem eru eignatengdir tilkynningaraðilanum, m.a. ef eftirlitsskyldir aðilar eru í samstæðunni, hafi áhrif á starfsemi tilkynningaraðilans, þ.m.t. lista yfir og upplýsingar um þá aðila sem eru eignatengdir tilkynningaraðilanum, og ef um eftirlitsskylda aðila er að ræða, þjónustuna sem þessir aðilar veita og lénsheiti hvers vefseturs sem slíkir aðilar halda úti,

c) lista yfir þjónustu á sviði sýndareigna sem tilkynningaraðilinn hyggst veita og þær tegundir sýndareigna sem þjónustan mun tengjast,

d) aðra áætlaða starfsemi, sem lýtur eftirliti samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum eða er óeftirlitsskyld, þ.m.t. hvers konar önnur þjónusta en á sviði sýndareigna, sem tilkynningaraðilinn hyggst veita,

e) hvort tilkynningaraðilinn hyggist bjóða sýndareignir út á almennum markaði eða óski eftir töku sýndareigna til viðskipta og ef svo er, hvaða tegundir sýndareigna,

f) lista yfir lögsögur, bæði innan Sambandsins og í þriðju löndum, þar sem tilkynningaraðilinn hefur í hyggju að veita þjónustu á sviði sýndareigna, þ.m.t. upplýsingar um fjölda viðskiptavina sem stefnt er að á hverju svæði,

g) tegundir tilvonandi viðskiptavina sem þjónusta tilkynningaraðilans á sviði sýndareigna miðar á,

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/34/oj).

h) lýsingu á hvernig viðskiptavinir fá aðgang að þjónustu tilkynningaraðila á sviði sýndareigna, þ.m.t. allt eftirfarandi:

i. lénsheiti hvers vefseturs eða annars upplýsinga- og fjarskiptatæknitengds forrits sem tilkynningaraðilinn mun veita þjónustu á sviði sýndareigna gegnum og upplýsingar um þau tungumál sem viðkomandi vefsetur eða upplýsinga- og fjarskiptatæknitengt forrit verður aðgengilegt á, þær tegundir þjónustu á sviði sýndareigna sem aðgangur verður að gegnum það vefsetur eða upplýsinga- og fjarskiptatæknitengda forrit og, ef við á, frá hvaða aðildarríki vefsetrið eða upplýsinga- og fjarskiptatæknitengda forritið verður aðgengilegt,

ii. heiti hvers konar upplýsinga- og fjarskiptatæknitengds forrits sem tiltækt er viðskiptavinum til að fá aðgang að þjónustu á sviði sýndareigna, þau tungumál sem það upplýsinga- og fjarskiptatæknitengda forrit verður aðgengilegt á og þá þjónustu á sviði sýndareigna sem hægt verður að fá aðgang að í gegnum það forrit,

i) áætlaða markaðssetningu og kynningarstarfsemi og -ráðstafanir fyrir viðkomandi þjónustu á sviði sýndareigna, þ.m.t.:

i. allar markaðssetningarleiðir sem notaðar verða fyrir hverja þjónustu,

ii. fyrirhuguð auðkenningarleið tilkynningaraðila,

iii. upplýsingar um viðeigandi flokk viðskiptavina sem miðað er á,

iv. tegundir sýndareigna,

v. tungumál sem notuð verða í markaðssetningar- og kynningarstarfsemi,

j) ítarlega lýsingu á þeim mannauði, fjármagni og tilföngum í upplýsinga- og fjarskiptatækni sem úthlutað hefur verið fyrirhugaðri þjónustu á sviði sýndareigna og landfræðilega staðsetningu þeirra,

k) útvistunarstefnu tilkynningaraðila og hvernig hún var löguð að þjónustu á sviði sýndareigna sem og ítarlega lýsingu á áætluðum útvistunarsamningum, þ.m.t. ráðstöfunum innan samstæðu, og hvernig tilkynningaraðilinn muni hlíta 73. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, m.a. upplýsingar um starfseininguna eða einstaklinginn sem ber ábyrgð á útvistun, mannauði og tilföngum upplýsinga- og fjarskiptatækni sem úthlutað verður til eftirlits með útvistuðum starfsþáttum, þjónustu eða starfsemi tengdra ráðstafana og um áhættumat í tengslum við útvistun,

l) lista yfir aðila sem þjónustu verður útvistað til vegna veitingar þjónustu á sviði sýndareigna, landfræðilega staðsetningu þeirra og viðkomandi útvistaða þjónustu,

m) spár um reikningsskil, þ.m.t. álagssviðsmyndir á einingarstigi og, ef við á, á samstæðu- og undirsamstæðustigi í samræmi við tilskipun 2013/34/ESB, að teknu tilliti til hvers konar lána innan samstæðu sem voru eða verða veitt af eða til tilkynningaraðilans,

n) hvers konar skipti á sýndareignum fyrir fjármuni og aðra sýndareignastarfsemi sem tilkynningaraðilinn hyggst stunda, þ.m.t. gegnum dreifstýrð fjárhagsleg forrit sem tilkynningaraðilinn hyggst eiga samskipti við fyrir eigin reikning.

2. Ef tilkynningaraðilinn fyrirhugar að veita þá þjónustu að taka við og senda fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina skal hann veita lögbæru yfirvaldi afrit af verklagsreglunum og lýsingu á ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja hlítni við 80. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

3. Ef tilkynningaraðilinn fyrirhugar að veita þá þjónustu að setja sýndareignir á markað skal hann veita lögbæru yfirvaldi afrit af verklagsreglum um að greina, koma í veg fyrir, stýra og upplýsa um hagsmunaárekstra og lýsingu á ráðstöfunum til að hlíta 79. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um tæknilega staðla sem samþykktir eru skv. 5. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. gr.

Áætlun um rekstrarsamfellu

1. Að því er varðar iii. lið b-liðar 7. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal tilkynningaraðilinn leggja fyrir lögbært yfirvald ítarlega lýsingu á áætlun sinni um rekstrarsamfellu, þ.m.t. þau skref sem verða tekin til að tryggja samfellu og reglufestu í veitingu þjónustu hans á sviði sýndareigna.

2. Lýsingin sem um getur í 1. mgr. skal innihalda eftirfarandi:

a) upplýsingar sem sýna að samþykkt áætlun um rekstrarsamfellu sé viðeigandi og að ráðstafanir hafi verið gerðar til að halda við og prófa reglubundið þá áætlun,

b) að því er varðar nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi, sem þjónustuveitendur sem eru þriðju aðilar styðja, upplýsingar um hvernig rekstrarsamfella er tryggð komi til þess að gæðum slíkrar starfsemi hraki svo hún verði óviðunandi eða bregðist,

c) upplýsingar um hvernig rekstrarsamfella er tryggð komi til þess að lykileinstaklingur láti lífið og, ef við á, við stjórnmálaáhættu í lögsögu þjónustuveitandans.

3. gr.

Greining og hindrun peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka

Að því er varðar i. og ii. lið b-liðar 7. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal tilkynningaraðilinn veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um innra eftirlitskerfi sitt, stefnur og verkferla til að tryggja hlítni við ákvæði landslaga sem leiða í lög tilskipun (ESB) 2015/849 og um ramma áhættumats til stýringar áhættu í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. eftirfarandi:

a) mat tilkynningaraðila á innbyggðri og eftirstæðri hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í tengslum við veitingu hans á þjónustu á sviði sýndareigna, þ.m.t. áhættu í tengslum við:

   i. viðskiptamannagrunn tilkynningaraðila,

   ii. veitta þjónustu,

   iii. nýttar dreifileiðir,

   iv. landfræðileg starfssvæði,

b) ráðstafanir sem tilkynningaraðilinn hefur gert eða mun gera til að koma í veg fyrir greinda áhættu og hlíta viðeigandi kröfum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. áhættumatsferli tilkynningaraðilans, stefnur og verklagsreglur til að uppfylla kröfur um áreiðanleikakönnun viðskiptavina og stefnur og verklagsreglur um að greina og tilkynna grunsamleg viðskipti eða starfsemi,

c) ítarlegar upplýsingar um hvernig innri eftirlitskerfi, stefnur og verklagsreglur eru fullnægjandi og í samræmi við umfang, eðli, innbyggða hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. úrval þjónustu á sviði sýndareigna sem er í boði, flækjustig viðskiptalíkans og hvernig tilkynningaraðilinn tryggir hlítni sína við tilskipun (ESB) 2015/849 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1113 ([7]),

d) deili á þeim einstaklingi sem sér um að tryggja að tilkynningaraðilinn uppfylli kröfur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. gögn um færni og sérfræðikunnáttu þess einstaklings,

e) ráðstafanir, mannauð og fjármagn sem helgað er því að tryggja, á grundvelli árlegra vísbendinga, að starfsfólk tilkynningaraðilans hljóti viðeigandi þjálfun í málum er varða aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og tiltekna áhættuþætti í tengslum við sýndareignir,

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1113 frá 31. maí 2023 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna og tiltekinna sýndareigna og um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1113/oj).

f) afrit af stefnum, verkferlum og kerfum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá tilkynningaraðilanum,

g) samantekt sem lýsir breytingum sem hafa verið gerðar á verkferlum og kerfum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá tilkynningaraðilanum vegna hinnar fyrirhuguðu þjónustu á sviði sýndareigna,

h) tíðni mats á hvort innra eftirlitskerfi, kerfi og verkferlar séu fullnægjandi og skilvirk, þ.m.t. deili á þeim einstaklingi eða starfseiningu sem ber ábyrgð á slíku mati.

4. gr.

Upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi og tengt öryggisfyrirkomulag

Að því er varðar c-lið 7. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal tilkynningaraðilinn veita lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

a) tæknigögn um upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfið, innviði dreifðrar færsluskrártækni sem treyst er á, ef við á, og öryggisfyrirkomulag, þ.m.t. lýsingu á ráðstöfunum og tilföngum upplýsinga- og fjarskiptatækni og mannauði sem nýttur er til að hlíta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 ([8]) þ.m.t. eftirfarandi:

   i. lýsingu á hvernig tilkynningaraðilinn tryggir traustan, yfirgripsmikinn og vel skjalfestan áhættustýringarramma fyrir upplýsinga- og fjarskiptatækni, sem hluta af heildaráhættustýringarkerfi sínu, þ.m.t. ítarlega lýsingu á upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfum, samskiptareglum og búnaði og á hvernig verklagsreglur, stefnur og kerfi tilkynningaraðila vernda öryggi, tiltækileika, ósvikni, réttleika og leynd gagna í samræmi við reglugerðir (ESB) 2022/2554 og (ESB) 2016/679,

   ii. tilgreiningu á upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem styður nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi sem tilkynningaraðilinn þróar eða heldur við sem og þeirri sem þriðju aðilar veita, lýsingu á slíku samningsbundnu fyrirkomulagi og hvernig það fyrirkomulag er í samræmi við 73. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og V. kafla reglugerðar (ESB) 2022/2554,

   iii. lýsingu á verklagsreglum, stefnum, ráðstöfunum og kerfum til öryggis- og atvikastjórnunar,

b) ef tiltæk er, lýsingu á netöryggisúttekt sem gerð er af ytri úttektaraðila sem hefur fullnægjandi reynslu í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um tæknistaðla skv. fjórðu undirgrein 11. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 sem helst ætti að ná yfir eftirfarandi úttektir og prófanir ytri óháðra aðila:

   i. netöryggi skipulagsheildarinnar, raunlægt öryggi og vistferlisfyrirkomulag öruggrar hugbúnaðarþróunar,

   ii. veikleikamat og netöryggismat,

   iii. samskipanaúttektir upplýsinga- og fjarskiptatæknieigna sem styðja nauðsynlega og mikilvæga starfsemi eins og skilgreind er í 22. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554,

   iv. innbrotsprófanir á upplýsinga- og fjarskiptatæknieignum sem styðja nauðsynlega og mikilvæga starfsemi eins og skilgreindar eru í 17. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554, í samræmi við allar eftirfarandi aðferðir við úttektarprófanir:

      1) svartkassa: úttektaraðilinn hefur engar upplýsingar aðrar en IP-heimilisföng og vefslóðir sem tengjast viðfangi úttektarinnar. Á undan þessum fasa er yfirleitt upplýsingaleit og auðkenning viðfangsins með því að leita í lénsheitakerfum (DNS), skanna opnar gáttir, greina hvort síunarbúnaður sé til staðar,

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 frá 14. desember 2022 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann og um viðbætur við reglugerðir (EB) nr. 1060/2009, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 909/2014 og (ESB) 2016/1011 (Stjtíð. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2554/oj).

2) grákassafasi: úttektaraðilar hafa vitneskju um almennan notanda upplýsingakerfisins (lögmæta auðkenningu, „almenna“ vinnustöð). Auðkennin kunna að tilheyra mismunandi notendalýsingum til að prófa mismunandi réttindastig,

3) hvítkassafasi: úttektaraðilar hafa eins miklar tæknilegar upplýsingar og mögulegt er (högun, frumkóða, tengiliði í símaskrá, auðkenni, o.s.frv.) áður en þeir hefja greininguna og einnig aðgang að tengiliðum léna sem tengjast viðfanginu,

v. ef tilkynningaraðilinn notar og/eða þróar snjallsamninga, úttekt á netöryggisfrumkóða þeirra,

c) lýsingu á framkvæmdum úttektum á upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfunum, ef einhverjar eru, þ.m.t. innviðum dreifðrar færsluskrártækni og öryggisfyrirkomulagi,

d) lýsingu á viðkomandi upplýsingum sem um getur í a- og b-lið á máli sem ekki er tæknimál.

5. gr.

Aðgreining og varðveisla sýndareigna og fjármuna viðskiptavina

1. Að því er varðar d-lið 7. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal tilkynningaraðili sem fyrirhugar að hafa í vörslu sinni sýndareignir sem tilheyra viðskiptavinum, eða hafa aðgang að slíkum sýndareignum, eða fjármunum viðskiptavina öðrum en rafeyristókum veita lögbæru yfirvaldi ítarlega lýsingu á verklagsreglum sínum um aðgreiningu sýndareigna og fjármuna viðskiptavina þ.m.t. eftirfarandi:

a) hvernig tilkynningaraðilinn tryggir eftirfarandi:

i. að fjármunir viðskiptavina séu ekki notaðir fyrir eigin reikning hans,

ii. að sýndareignir sem tilheyra viðskiptavinum séu ekki notaðir fyrir eigin reikning hans,

iii. að veski sem geyma sýndareignir viðskiptavinar séu önnur en veski tilkynningaraðilans sjálfs,

b) ítarlega lýsingu á samþykkiskerfi fyrir dulkóðunarlykla og varðveislu dulkóðunarlykla, þ.m.t. veskja sem krefjast fleiri undirskrifta,

c) hvernig tilkynningaraðilinn aðgreinir sýndareignir viðskiptavina, þ.m.t. frá sýndareignum annarra viðskiptavina ef veski sem hafa að geyma sýndareignir fleiri en eins viðskiptavinar eru geymdar á safnreikningum,

d) lýsingu á verklagsreglum sem tryggja að fjármunir viðskiptavina aðrir en rafeyristókar séu lagðir inn í seðlabanka eða lánastofnun í lok næsta virka dags eftir daginn þegar tekið var við þeim og séu hafðir á reikningi sem er aðgreindur frá öðrum reikningum sem notaðir eru til vörslu fjármuna sem tilheyra tilkynningaraðilanum,

e) ef tilkynningaraðilinn hyggst ekki leggja fjármuni inn í seðlabanka, hvaða þátta tilkynningaraðilinn tekur tillit til við val á lánastofnun sem hann leggur fjármuni viðskiptavina inn hjá, þ.m.t. fjölþættingarstefnu tilkynningaraðila, ef tiltæk er, og tíðni endurskoðunar vals á lánastofnun sem fjármunir viðskiptavina verða lagðir inn hjá,

f) hvernig tilkynningaraðilinn tryggir að viðskiptavinir séu upplýstir á skýru og gagnorðu máli sem ekki er tæknilegt um lykilþætti í kerfum, stefnum og verklagi tilkynningaraðilans til að hlíta 1., 2. og 3. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. Í samræmi við 5. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu þjónustuveitendur sýndareigna sem eru rafeyrisfyrirtæki eða lánastofnanir aðeins veita þær upplýsingar sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

Stefna um vörslu og umsýslu

Að því er varðar e-lið 7. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal tilkynningaraðilinn veita lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á fyrirkomulaginu sem tengist tegund vörslu sem viðskiptavinum býðst, afrit af stöðluðum samningi tilkynningaraðila um vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina skv. 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og afrit af samantekt stefnunnar um vörslu sem gerð er aðgengileg viðskiptavinum í samræmi við þriðju undirgrein 3. mgr. 75. gr. þeirrar reglugerðar,

b) stefnu tilkynningaraðilans um vörslu og umsýslu, þ.m.t. lýsingu á greindum upptökum rekstrar- og upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu við varðveislu og stýringu sýndareigna eða aðgangsleiðum að sýndareignum viðskiptavina, ásamt eftirfarandi:

   i. stefnum og verklagsreglum og lýsingu á ráðstöfunum til að hlíta ákvæðum 8. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   ii. stefnum og verklagsreglum og lýsingu á kerfum og stýringum til að stýra rekstrar- og upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu, þ.m.t. ef vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina er útvistað til þriðja aðila,

   iii. stefnum og verklagsreglum í tengslum við, og lýsingu á, kerfum til að tryggja að viðskiptavinir nýti réttindi sín í tengslum við sýndareignir,

   iv. stefnum og verklagsreglum í tengslum við, og lýsingu á, kerfum til að tryggja að sýndareignum sé skilað eða aðgangsleiðir að viðskiptavinum,

c) upplýsingar um hvernig sýndareignir og aðgangsleiðir að sýndareignum viðskiptavina eru auðkenndar,

d) upplýsingar um ráðstafanir til að lágmarka hættuna á tapi á sýndareignum eða aðgangsleiðum að sýndareignum,

e) ef þjónustuveitandi sýndareigna hefur falið þriðja aðila að annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina:

   i. upplýsingar um deili á hverjum þriðja aðila sem veitir vörslu- og umsýsluþjónustu sýndareigna og stöðu hans í samræmi við 59. eða 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

   ii. lýsingu á hvers konar starfssviðum sem tengjast vörslu og umsýslu sýndareigna sem þjónustuveitandi sýndareigna hefur framselt, lista yfir alla þá sem fá framseld verkefni og þá sem framselt er til áfram, eftir því sem við á, og hvers konar hagsmunaárekstra sem gætu komið upp vegna slíks framsals,

   iii. lýsingu á hvernig tilkynningaraðilinn hyggst hafa umsjón með framsali verkefna eða framsali áfram.

7. gr.

Starfsreglur viðskiptavettvangsins og greining markaðssvika

1. Að því er varðar f-lið 7. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal tilkynningaraðili sem hyggst starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir veita lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

a) reglur um töku sýndareigna til viðskipta,

b) samþykkisferli við töku sýndareigna til viðskipta, þ.m.t. áreiðanleikakönnun viðskiptavina sem framkvæmd er í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/849,

c) lista yfir alla flokka sýndareigna sem ekki verða teknir til viðskipta og ástæðurnar fyrir slíkri útilokun,

d) stefnur, verklagsreglur og gjöld fyrir töku til viðskipta, ásamt lýsingu, þar sem við á, á aðild, afsláttum og tengdum skilyrðum,

e) reglur um framkvæmd fyrirmæla, þ.m.t. afturköllunarferli fyrir framkvæmd fyrirmæli og miðlun slíkra upplýsinga til markaðsaðila,

f) aðferðirnar sem teknar eru upp til að meta hæfi sýndareigna í samræmi við 2. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

g) kerfi, verklagsreglur og fyrirkomulag sem tekið er upp til að hlíta ákvæðum 7. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

h) hvernig birt eru opinberlega öll kaup- og sölutilboðsverð, magnið sem er í boði á því verði sem er auglýst fyrir sýndareignir gegnum viðskiptavettvanga þeirra og verð, magn og tímasetning viðskipta sem framkvæmd eru með sýndareignir á viðskiptavettvangi þeirra í samræmi við 9. og 10. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2023/1114,

i) gjaldskrár og rökstuðning fyrir hvernig þær samræmast 13. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

j) kerfi, verklagsreglur og fyrirkomulag sem tekið er upp til að hafa gögn í tengslum við öll fyrirmæli tiltæk lögbæru yfirvaldi eða kerfi til að tryggja að lögbært yfirvald hafi aðgang að tilboðabókinni og öllum öðrum viðskiptakerfum,

k) að því er varðar uppgjör viðskipta:

   i. hvort lokauppgjör viðskipta fer af stað í dreifðu færsluskránni eða utan dreifðu færsluskrárinnar,

   ii. tímaramminn fyrir upphaf lokauppgjörs viðskipta með sýndareignir,

   iii. hvernig tiltækileiki fjármuna og sýndareigna er sannprófaður,

   iv. hvernig viðeigandi ítarupplýsingar um viðskipti eru staðfest,

   v. fyrirhugaðar ráðstafanir til að takmarka uppgjörsbresti,

   vi. augnablikið þegar uppgjörinu telst lokið og augnablikið þegar lokauppgjör fer af stað í kjölfar framkvæmdar viðskipta,

l) verklagsreglur og kerfi sem komið er á fót til að greina og koma í veg fyrir markaðssvik, þ.m.t. upplýsingar um samskipti við lögbært yfirvald um möguleg markaðssvikamál.

2. Tilkynningaraðilar sem hyggjast starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu veita lögbæru yfirvaldi afrit af starfsreglum viðskiptavettvangsins og öllum verklagsreglum til að greina og koma í veg fyrir markaðssvik.

8. gr.

Skipti sýndareigna fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir

Að því er varðar g-lið 7. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal tilkynningaraðili sem hyggst skipta á sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir veita lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á viðskiptastefnunni sem hann setur sér í samræmi við 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

b) aðferðinni til að ákvarða verð sýndareigna sem tilkynningaraðilinn hyggst skipta fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir í samræmi við 2. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. hvernig umfang og óstöðugleiki á markaði fyrir sýndareignir hafa áhrif á verðlagningarkerfið.

9. gr.

Stefna um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Að því er varðar h-lið 7. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal tilkynningaraðili sem hyggst framkvæma fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um stefnu sína um framkvæmd fyrirmæla, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar:

a) ráðstafanir til að tryggja að viðskiptavinurinn hafi samþykkt stefnuna um framkvæmd fyrirmæla áður en fyrirmælin eru framkvæmd,

b) lista yfir þá viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir sem tilkynningaraðilinn mun treysta á til að framkvæma fyrirmæli og viðmið fyrir mat á viðskiptavettvöngum sem felst í stefnunni um framkvæmd fyrirmæla í samræmi við 6. mgr. 78. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

c) hvaða viðskiptavettvangar tilkynningaraðilinn hyggst nota fyrir hverja tegund sýndareigna og staðfesting á að tilkynningaraðilinn muni ekki fá neins konar gjald, afslátt eða ópeningalegan ávinning fyrir að beina mótteknum fyrirmælum til tiltekins viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir,

d) hvernig framkvæmdin tekur tillit til verðs, kostnaðar, hraða, líka á framkvæmd og uppgjöri, stærðar, eðlis, skilyrða fyrir vörslu sýndareigna eða annars konar þátta sem skipta máli sem teljast hluti nauðsynlegra ráðstafana til að fá bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavininn,

e) eftir atvikum, fyrirkomulag til að upplýsa viðskiptavini um að tilkynningaraðilinn muni framkvæma fyrirmæli utan viðskiptavettvangs og hvernig tilkynningaraðilinn mun fá fyrirframsamþykki viðskiptavinar síns áður en slík fyrirmæli eru framkvæmd,

f) hvernig viðskiptavinurinn er varaður við því að sérstakar leiðbeiningar viðskiptavinar kunni að koma í veg fyrir að tilkynningaraðilinn geti gert nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við það fyrirkomulag sem tilkynningaraðilinn hefur sett og innleitt með framkvæmdarstefnu sinni, til að ná bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðkomandi fyrirmæla að því er varðar þá þætti sem þær leiðbeiningar ná til,

g) ferlið við val á viðskiptavettvöngum, aðferðir sem beitt er við framkvæmd, fyrirkomulag sem notað er til að greina gæði framkvæmdar og hvernig tilkynningaraðilinn fylgist með og sannreynir að besta mögulega niðurstaða hafi náðst fyrir viðskiptavini,

h) fyrirkomulag til að koma í veg fyrir misnotkun starfsmanna tilkynningaraðilans á upplýsingum sem varða fyrirmæli viðskiptavina,

i) fyrirkomulag og verklagsreglur um hvernig tilkynningaraðilinn muni miðla til viðskiptavina upplýsingum um stefnu sína um framkvæmd fyrirmæla og láta þá vita um allar mikilvægar breytingar á henni,

j) fyrirkomulag til að sýna lögbæru yfirvaldi fram á hlítni við 78. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, óski það lögbæra yfirvald eftir því.

10. gr.

Ráðgjöf um sýndareignir eða stýring sýndareignasafna

Að því er varðar i-lið 7. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal tilkynningaraðili sem hyggst veita ráðgjöf um sýndareignir eða eignastýringu sýndareignasafna veita lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

a) ítarlega lýsingu á þeim ráðstöfunum sem tilkynningaraðilinn gerir til að tryggja hlítni við 7. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. eftirfarandi:

   i. kerfið til að hafa eftirlit með, meta og viðhalda af skilvirkni þekkingu og sérfræðikunnáttu einstaklinga sem veita ráðgjöf um sýndareignir eða eignastýringu sýndareignasafna,

   ii. fyrirkomulag sem tryggir að einstaklingar sem koma að því að veita ráðgjöf eða eignastýringu viti um, skilji og beiti innri stefnum og verklagsreglum tilkynningaraðilans sem teknar hafa verið upp til að hlíta reglugerð (ESB) 2023/1114, einkum 1. mgr. 81. gr. þeirrar reglugerðar og tilskipun (ESB) 2015/849,

iii. magn mannauðs og fjármuna sem tilkynningaraðilinn áætlar að leggja árlega til faglegrar þróunar og þjálfunar starfsfólks sem veitir ráðgjöf um sýndareignir eða eignastýringu sýndareignasafna,

b) kerfi sem hafa eftirlit með, meta og viðhalda því að einstaklingar sem veita ráðgjöf fyrir hönd tilkynningaraðilans hafi nauðsynlega þekkingu og sérfræðikunnáttu til að meta hæfi eins og um getur í 1. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, samkvæmt þeim viðmiðum fyrir slíkt mat sem notað er í alþjóðalögum.

11. gr.

Millifærsluþjónusta

Að því er varðar k-lið 7. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal tilkynningaraðili sem hyggst veita millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina veita lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

a) ítarlegar upplýsingar um þær tegundir sýndareigna sem tilkynningaraðilinn hyggst bjóða upp á millifærsluþjónustu fyrir,

b) ítarlega lýsingu á fyrirkomulagi sem tilkynningaraðilinn tekur upp til að hlíta 82. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um ráðstafanir og upplýsinga- og fjarskiptatæknitilföng og mannauð sem nýttur verður til að taka á áhættu tafarlaust, af skilvirkni og í þaula við veitingu millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina, að teknu tilliti til mögulegra rekstrarbilana og netöryggisáhættu,

c) ef til staðar er, lýsingu á vátryggingarsamningi tilkynningaraðilans, þ.m.t. um tryggingavernd hans komi til skaða á sýndareignum viðskiptavinar sem kann að stafa af netöryggisáhættu,

d) fyrirkomulag til að tryggja að viðskiptavinir séu upplýstir á fullnægjandi hátt um fyrirkomulagið sem um getur í b-lið.

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1140 **2026/EES/19/22**

frá 27. febrúar 2025

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru þær skrár sem halda skal um alla þjónustu, starfsemi, fyrirmæli og viðskipti á sviði sýndareigna sem ráðist er í (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 10. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skrárnar sem þjónustuveitendum sýndareigna er skylt að halda ættu að vera sniðnar að rekstrartegund þeirra og umfangi þjónustu á sviði sýndareigna, starfsemi, fyrirmælum og viðskiptum sem þeir annast.

2) Þjónustuveitendum sýndareigna ætti að vera frjálst að ákvarða hvernig þeir halda skrár yfir viðeigandi gögn er varða öll fyrirmæli og viðskipti með sýndareignir. Hins vegar eru samræmdar og samanburðarhæfar skrár yfir þjónustu, starfsemi, fyrirmæli og viðskipti nauðsynlegar til að lögbær yfirvöld geti sinnt eftirlitsverkefnum og gert framfylgdarráðstafanir. Einkum ættu lögbær yfirvöld að geta framkvæmt sömu greiningu á öllum skráagagnasöfnum, án tillits til þess hvaða þjónustuveitandi sýndareigna hefur útbúið skrána. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu því að veita samræmdar ítarupplýsingar um skrár yfir þjónustu, starfsemi, fyrirmæli og viðskipti með því að nota samræmda staðla þegar lögbært yfirvald óskar eftir slíkum upplýsingum, skv. 94. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Af sömu ástæðum er nauðsynlegt að tilgreina að geyma ætti skrárnar á miðli sem gerir lögbærum yfirvöldum kleift að hafa skilvirkt eftirlit með þeim.

3) Til að nýta sér þekkingu og beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([2]), í því skyni að tryggja samræmda staðla fyrir skýrslugjöf í fjármálageiranum öllum og lágmarka skýrslugjafarbyrði þjónustuveitenda sýndareigna, ætti að skrá gögn í samræmi við staðlana sem vísað er til í þeirri reglugerð. Til að tryggja samræmi milli þessarar framseldu reglugerðar og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/416 ([3]) ættu sömu staðlarnir að gilda þegar skránna er einnig krafist í samræmi við þá framseldu reglugerð.

4) Til að tryggja að lögbær yfirvöld geti haft tilhlýðilegt eftirlit með þjónustu frá þjónustuveitanda sýndareigna er nauðsynlegt að þjónustuveitendur sýndareigna haldi skrá yfir stefnufyrirkomulagið og verklagsreglurnar sem komið hefur verið á fót til að uppfylla ákvæði reglugerðar (ESB) 2023/1114.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1140, 10.6.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2025 frá 24. október 2025 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 12.2.2026, bls. 33.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2014/600/oj).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/416 frá 29. nóvember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er innihald og snið tilboðsskráa fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir (Stjtíð. ESB L, 2025/416, 14.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/416/oj).

5) Markaðssvik, þ.m.t. markaðsmisnotkun, geta átt sér stað með ýmsum hætti, meðal annars með algrímsviðskiptum. Til að tryggja skilvirkt markaðseftirlit þegar einstaklingur, annar en viðskiptavinur, eða tölvualgrím tekur fjárfestingarákvarðanir ætti því að auðkenna einstaklinginn eða algrímið í tilboða- og viðskiptaskránum með einkvæmum, traustum og samræmdum auðkennum. Af sömu ástæðum er mikilvægt að kveða á um að ef fleiri en einn einstaklingur hjá þjónustuveitanda sýndareigna tekur ákvörðun um fjárfestingu eigi að tilgreina þann sem ber meginábyrgðina í skránni.

6) Til að tryggja einkvæma, samræmda og trausta auðkenningu einstaklinga, sem um getur í skrám yfir tilboð og viðskipti, ætti að auðkenna einstaklingana með því að tengja saman ríkisfangsland þeirra og svo auðkennið sem ríkisfangslandið úthlutaði þeim. Ef þessi auðkenni eru ekki tiltæk ætti að auðkenna einstaklinga með auðkennum sem búin eru til með því að tengja saman fæðingardag og -ár og nafn.

7) Nauðsynlegt er að þjónustuveitendur sýndareigna skrái tilteknar persónuupplýsingar til að auðkenna viðskiptavini sína eða aðra einstaklinga sem skipta máli fyrir tilboð á eða viðskipti með sýndareignir, þar sem þessi gögn eru undirstaða þess að tryggja árangursríkt eftirlit lögbærra yfirvalda, þ.m.t. á sviði markaðssvika. Auðkenning einstaklinga ætti að fara fram í samræmi við forgangsstig mismunandi auðkenna sem eru nánar tilgreind í II. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 ([4]).

8) Hugsanlegt er að einstaklingar sem auðkenna þarf vegna skráahalds séu búsettir í öðru landi en ríkisfang þeirra segir til um. Búsetuland einstaklinga kann að hafa áhrif á margar skuldbindingar samkvæmt reglugerð (ESB) 2023/1114 og er því mikilvægt gagnastak til að tryggja skilvirkt eftirlit lögbærra yfirvalda. Ef búsetuland er annað en ríkisfang viðkomandi einstaklings ætti að sýna það með því að gefa upp landskóða búsetulands einstaklingsins.

9) Til að auðvelda markaðseftirlit og gera kleift að bera saman skrárnar sem þjónustuveitendur sýndareigna skulu halda ætti að auðkenna viðskiptavini þjónustuveitenda sýndareigna sem eru lögaðilar með kóða sem er í samræmi við alþjóðlega samþykkt viðmið fyrir þróun á traustum auðkenniskerfum til að hafa eftirlit með fjármálamörkuðum. Slíkur kóði ætti að vera einkvæmur, hlutlaus, áreiðanlegur, byggður á frjálsum aðgangi (e. *open source*), skalanlegur, aðgengilegur, fáanlegur án endurgjalds eða á sanngjörnu verði og falla undir viðeigandi stjórnunarramma. Lögbær yfirvöld notuðu þessi viðmið einnig til að meta þau auðkenni sem eiga best við í fyrri tæknilegum stöðlum yfir eftirlitsgögn ([5]) ([6]) til að tryggja samræmi og sambærileika gagna um fjármálaviðskipti og þau ættu því einnig að gilda í tengslum við þessa reglugerð.

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2017/590/oj).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát og tíðni skýrslna um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til viðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 að því er varðar notkun á skýrslugjafarkóðum við skýrslugjöf um afleiðusamninga (Stjtíð. ESB 81, 22.3.2019, bls. 85, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/363/oj).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 frá 19. desember 2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB. L 352, 21.12.2012, bls. 20, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/1247/oj).

10) LEI-auðkenni er almennt viðurkennt, fjárhagslega og rekstrarlega aðgengilegt alþjóðlegt auðkenni sem notað er á fjármálamörkuðum. LEI-auðkenni er alþjóðlegt auðkenni sem tryggir ávallt aðgang að undirliggjandi gögnum, auðveldar samanburð á og uppsöfnun upplýsinga á vettvangi Sambandsins, bætir gæði og tímanleika samantekinna gagna og dregur úr skýrslugjafarbyrði þjónustuveitenda sýndareigna. Því ættu þjónustuveitendur sýndareigna, eftir atvikum, að skrá LEI-auðkenni viðskiptavina sem eru lögaðilar og þeir framkvæma fyrirmæli og viðskipti fyrir. Hins vegar eru önnur auðkenni lögaðila sem kunna að vera viðeigandi til notkunar í tengslum við þessa reglugerð. Í ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 ([7]) er gerð krafa um að fyrirtæki sem falla undir tilskipunina hafi einkvæmt evrópskt auðkenni („EUID“), sem auðkennir fyrirtæki á ótvíræðan hátt og er sem slíkt viðeigandi verkfæri til að auðkenna aðila í ESB. Framkvæmdastjórnin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin munu vinna náið saman að því að auðvelda notkun einkvæmra evrópskra auðkenna sem verkfæris til að auðkenna viðskiptavini, sem eru lögaðilar að því er þessa reglugerð varðar, eigi síðar en 18 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Að þessu verki loknu ætti framkvæmdastjórnin að meta hvort hún sé tilbúin til að nota einkvæm evrópsk auðkenni að því er 14. gr. varðar. Til að tryggja gagnsæi gagnvart öðrum auðkennum sem kunna að henta til eftirlits og styðja við heilleika markaðarins setur þessi reglugerð fram viðmiðanir sem þessi önnur auðkenni ættu að uppfylla. Til að auðvelda markaðnum að nota slík hæf önnur auðkenni ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að samþykkja notkun þeirra ef þau uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

11) Einkvæm aðferð til að auðkenna og flokka aðila sem uppfylla ofangreindar viðmiðanir og tæki sem fylgja þessum meginreglum styðja beint viðleitni lögbærra yfirvalda til að ná fram gagnadrifnu markaðseftirliti.

12) Handvirk eða algrímsstýrð misnotkun getur einnig átt sér stað þegar þjónustuveitandi sýndareigna ákvarðar hvaða viðskiptavettvang fyrir sýndareignir eigi að nota eða til hvaða þjónustuveitanda sýndareigna eigi að senda fyrirmæli eða hvers kyns önnur skilyrði sem tengjast framkvæmd fyrirmæla. Til að tryggja skilvirkt markaðseftirlit ætti því að auðkenna í skrám um tilboð og viðskipti einstakling eða tölvualgrím innan þjónustuveitanda sýndareigna sem framkvæmir slíka starfsemi. Af sömu ástæðum, ef bæði einstaklingur og tölvualgrím eða margir einstaklingar eða mörg algrím eiga hlut að máli ætti þjónustuveitandi sýndareigna að ákvarða á samræmdan hátt í kjölfar fyrirfram ákveðinna viðmiða hvaða einstaklingur eða algrím beri meginábyrgðina á þessari starfsemi.

13) Til að tryggja að lögbær yfirvöld hafi aðgang að upplýsingum sem skipta máli og eru nákvæmar og ítarlegar ætti að tilgreina nánar hvaða fyrirmæli eigi að senda á milli þjónustuveitenda sýndareigna.

14) Í ljósi þess að viðskipti með sýndareignir eru í eðli sínu yfir landamæri ætti þjónustuveitandi sýndareigna að skrá sendingu fyrirmælanna eða framkvæmd viðskiptanna eins og þjónustuveitandi sýndareigna hefði sjálfur sent fyrirmælin eða framkvæmt viðskiptin, til að koma í veg fyrir gloppur í gögnum ef þjónustuveitandi sýndareigna sendir fyrirmæli eða framkvæmir viðskipti í gegnum aðila sem reglugerð (ESB) 2023/1114 gildir ekki um. Slíkar upplýsingar geta verið sérstaklega mikilvægar fyrir lögbært yfirvald til að framkvæma fullnægjandi markaðseftirlit og eftirlit með markaðssvikum.

15) Lögbær yfirvöld þurfa áreiðanlegar, samræmdar og staðlaðar upplýsingar um sýndareignir sem viðskipti eru með til að hafa viðunandi eftirlit með heilleika og stöðugleika markaða með sýndareignir. Slíkar upplýsingar ættu að gera þeim kleift að auðkenna staka sýndareign sem viðskipti eru með í samræmi við alþjóðlega samþykktar meginreglur. Einnig ættu lögbær yfirvöld að geta sótt helstu einkenni sýndareigna sem viðskipti eru með, þ.m.t. tæknileg sérkenni. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu því að nota alþjóðlega samþykkt auðkenni fyrir stafræna tóka til að auðkenna sýndareignir í þeim tilboða- og viðskiptafærsluskrám sem þeir veita lögbærum yfirvöldum. Auðkenni fyrir stafræna tóka, sem stofnun um auðkenni fyrir stafræna tóka stýrir, er alþjóðlega samþykkt auðkenni sem tryggir áreiðanlegar, samræmdar, staðlaðar og tiltækar upplýsingar og gerir samanburð og samantekt upplýsinga möguleg á vettvangi Evrópusambandsins en það bætir gæði og tímanleika samantekinna gagna og dregur úr skýrslugjafarbyrði fyrir þjónustuveitendur sýndareigna. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu því að geta notað auðkenni fyrir stafræna tóka til að auðkenna sýndareignir. Til að tryggja gagnsæi gagnvart öðrum tókaauðkennum sem kunna að henta til eftirlits og styðja við heilleika markaðarins er hins vegar nauðsynlegt að mæla fyrir um viðmiðanir sem þessi önnur auðkenni ættu að uppfylla. Til að auðvelda markaðnum að nota hæf önnur auðkenni ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að samþykkja notkun þeirra ef þau uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2017/1132/oj).

16) Lögbær yfirvöld þurfa áreiðanlegar, samræmdar og staðlaðar upplýsingar um sýndareignir sem viðskipti eru með til að geta haft viðunandi eftirlit með heilleika og stöðugleika markaða með sýndareignir. Slíkar upplýsingar ættu að gera þeim kleift að flokka staka sýndareign sem viðskipti eru með í samræmi við alþjóðlega samþykktar meginreglur. Slík flokkun ætti einnig að gera yfirvöldum kleift að tengja gögn um hvítbækur við gögn um viðskipti og fyrirmæli með sömu sýndareign. ISO-kóði fyrir flokkun fjármálagerninga (CFI) er alþjóðlegur staðall sem er notaður til að flokka fjármálagerninga. Sem stendur er ekki þó hægt að lýsa sýndareignum sem ekki eru fjármálagerningar með CFI-kóða. Verið er að endurskoða ISO-kóðann fyrir flokkun fjármálagerninga til að taka tillit til flokkunar á sýndareignum en endurskoðuninni verður ekki lokið áður en þessi reglugerð tekur gildi. Þar til slíkri endurskoðun er lokið ætti því að nota bráðabirgðaflokkun sem tilgreinir tegund sýndareigna (sýndareignir aðrar en eignatengdir tókar og rafeyristókar, eignatengdir tókar, og rafeyristókar).

17) Til að tryggja skilvirkt og árangursríkt eftirlit lögbærra yfirvalda ættu viðskiptaskrár að endurspegla hvort viðskiptin hafi farið fram að öllu leyti eða að hluta til í gegnum útibú þjónustuveitanda sýndareigna, sem er að finna í öðru aðildarríki eða þriðja landi. Að hafa gögn sem sundurliða starfsemi sérhvers útibús í skrám sem þjónustuveitendur sýndareigna halda ætti ekki að leiða til óhóflegrar stjórnsýslubyrðar fyrir þjónustuveitanda sýndareigna en gera lögbærum yfirvöldum kleift að hafa skilvirkara eftirlit með þjónustunni sem þjónustuveitendur sýndareigna veita og auka yfirsýn yfir hvernig þjónustan er veitt í ólíkum aðildarríkjum.

18) Í samræmi við meginregluna um lágmörkun gagna ætti þjónustuveitandi sýndareigna aðeins að geyma þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar og fullnægjandi til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að gera heildstætt mat á hlítni þjónustuveitanda sýndareigna við viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) 2023/1114 og við ákvæði reglugerðarinnar um markaðssvik. Við vinnslu persónuupplýsinga í skránum ættu þjónustuveitendur sýndareigna og lögbær yfirvöld að fara að viðeigandi ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([8]).

19) Til að tryggja áreiðanlega og skilvirka auðkenningu þjónustuveitenda sýndareigna sem bera ábyrgð á framkvæmd fyrirmæla eða viðskipta ættu þessir veitendur að tryggja að þeir séu auðkenndir í skrám sem er haldið sem samkvæmt skyldu þeirra til að halda skrár og nota til þess auðkenni lögaðila sem eru fullgild, útgefin og endurnýjuð á viðeigandi hátt. Samkvæmt 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 þurfa þjónustuveitendur sýndareigna að fá auðkenni lögaðila til að geta fengið starfsleyfi. Enn fremur, til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sinna eftirlitsverkefnum sínum og grípa til fullnusturáðstafana í samræmi við 10. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ætti slíkt auðkenni að vera sannprófað, uppfært og innifalið í skránum sem ber að halda í samræmi við þessa reglugerð.

20) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([9]) og skilaði hún áliti 28. ágúst 2024.

21) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

22) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að þeim tæknilegu eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([10]).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. ÞÁTTUR

Varðveisla skráa og almenn ákvæði um skrár

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „viðskipti“: framkvæmd kaupa eða sölu á öðrum sýndareignum en sýndareignunum sem um getur í 3. og 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

2) „annast viðskipti“: framkvæmd viðskipta eða miðlun fyrirmæla um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavinar,

3) „framkvæmd viðskipta“: veiting einhverrar eftirfarandi þjónustu eða framkvæmd einhverrar eftirfarandi starfsemi sem leiðir til viðskipta:

   a) móttaka og miðlun fyrirmæla um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina,

   b) framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina,

   c) skipti á sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir,

   d) ákvörðunartaka um fjárfestingar í samræmi við umboð til ákvarðanatöku (e. *discretionary mandate*) sem viðskiptavinur veitir,

   e) yfirfærsla sýndareigna á eða af reikningum.

2. gr.

Varðveisla skráa

1. Varðveita skal skrár á miðli sem gerir kleift að geyma upplýsingar á þann hátt að lögbæru yfirvaldi sé unnt að nálgast þær síðar, á slíku formi og með þeim hætti að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) lögbær yfirvöld geti nálgast skrárnar auðveldlega og endurgert hvert mikilvægt stig í vinnslu hverrar þjónustu, starfsemi, fyrirmæla eða viðskipta,

b) auðvelt sé að ganga úr skugga um allar leiðréttingar eða aðrar breytingar á skrám, sem og efni þeirra áður en þessar leiðréttingar eða breytingar voru gerðar,

c) ekki sé hægt að hagræða eða breyta skrám,

d) hægt sé að nota gögnin með því að nota upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi eða annað skilvirkt kerfi ef ekki er auðvelt að greina gögnin vegna umfangs þeirra og eðlis,

e) að skráningarkröfur þjónustuveitanda sýndareigna uppfylli skráningarkröfur þessarar reglugerðar, án tillits til þess hvaða tækni er notuð.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu halda skrárnar sem eru tilgreindar í 1. þætti viðaukans, allt eftir eðli þjónustu þeirra og starfsemi.

3. Skyldan til að halda skrárnar sem eru tilgreindar í 1. þætti viðaukans skal ekki hafa áhrif á skylduna til að halda skrár sem sett er fram í öðrum lagagerðum Sambandsins.

2. ÞÁTTUR

Skráahald sem varðar tiltekna þjónustu á sviði sýndareigna og starfsemi þjónustuveitenda sýndareigna

3. gr.

Skráahald á stefnum og verklagsreglum þjónustuveitanda sýndareigna

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu halda skrár yfir allar stefnur og verklagsreglur sem þeim ber að viðhalda skriflega samkvæmt reglugerð (ESB) 2023/1114 og framkvæmdarráðstöfunum hennar.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu einnig halda skrár yfir mat og reglulega endurskoðun stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar á skilvirkni stefnufyrirkomulagsins og verklagsreglnanna sem um getur í 6. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. hvers kyns annmarka sem hafa komið í ljós í tengslum við slíkt stefnufyrirkomulag og verklagsreglur og hvers kyns ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að bregðast við slíkum annmörkum.

4. gr.

Skráahald yfir skjöl sem lýsa réttindum og skyldum þjónustuveitanda sýndareigna og viðskiptavinar

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu geyma skjölin þar sem fram koma réttindi þeirra og skyldur í tengslum við veitingu þeirra á þjónustu, sem og skjöl sem setja fram réttindi og skyldur viðskiptavina þeirra í fimm ár frá uppsögn samnings um veitingu þjónustunnar.

2. Að beiðni lögbærs yfirvalds, sem lögð er fram fyrir lok fimm ára tímabilsins sem um getur í 1. mgr., skulu þjónustuveitendur sýndareigna geyma skjölin sem um getur í 1. mgr. í allt að sjö ár frá dagsetningu uppsagnar á samningi um að veita þjónustu á sviði sýndareigna.

5. gr.

Skráahald í tengslum við varðveislu sýndareigna og fjármuna viðskiptavina

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu halda skrár sem gera þeim kleift að aðgreina, hvenær sem er og án tafar, sýndareignir og fjármuni, sem geymdir eru fyrir einn viðskiptavin, frá sýndareignum og fjármunum annars viðskiptavinar og frá eigin eignum.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu viðhalda skrám sínum á þann hátt sem tryggir að hægt sé nota þær sem skrár í endurskoðunarskyni.

3. Slíkar skrár skulu innihalda eftirfarandi:

a) skrár sem sanngreina auðveldlega stöðu sýndareigna og fjármuna sem haldið er fyrir hvern viðskiptavin,

b) ef þjónustuveitendur sýndareigna geyma fjármuni viðskiptavina í samræmi við 2. og 3. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ítarupplýsingar um reikningana þar sem fjármunirnir eru geymdir og viðeigandi samninga milli þjónustuveitanda sýndareigna og lánastofnana eða seðlabanka þar sem fjármunir viðskiptavina eru geymdir,

c) ítarupplýsingar um reikninga sem hafa verið opnaðir hjá þriðju aðilum sem geyma sýndareignir fyrir þjónustuveitanda sýndareigna og útvistunarsamninga við þessa þriðju aðila,

d) ítarupplýsingar um þriðju aðila sem framkvæma verkefni sem er útvistað í samræmi við 73. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og upplýsingar um verkefni sem er útvistað,

e) nöfn og hlutverk einstaklinga sem bera ábyrgð á varðveislu sýndareigna og fjármuna viðskiptavina hjá þjónustuveitanda sýndareigna,

f) samningar sem staðfesta eignarhald viðskiptavina á sýndareignum og fjármunum.

3. ÞÁTTUR

Skráahald yfir fyrirmæli og viðskipti

6. gr.

Skráahald yfir fyrirmæli

1. Fyrir sérhver upphafleg fyrirmæli frá viðskiptavini og sérhverja upphaflega ákvörðun um viðskipti skulu þjónustuveitendur sýndareigna skrá og geyma upplýsingarnar sem koma fram í öðrum og þriðja dálki töflu 2 í 2. þætti viðaukans og upplýsingarnar sem koma fram í töflu 4 í 4. þætti viðaukans, að því marki sem slíkar upplýsingar varða upphafleg fyrirmæli og ákvarðanir um viðskipti.

2. Ef lögbært yfirvald óskar eftir einhverjum upplýsinganna sem um getur í 1. mgr., í samræmi við a- eða d-lið 1. mgr. 94. gr. eða a-lið 3. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skulu þjónustuveitendur sýndareigna veita þær upplýsingar eins og sett er fram í fjórða dálki í töflu 2 í 2. þætti viðaukans við þessa reglugerð.

3. Ef upplýsinganna, sem fram koma í töflu 2 í 2. þætti viðaukans við þessa reglugerð er einnig krafist skv. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eða 25. og 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal þeim viðhaldið samkvæmt þeim stöðlum sem settir eru fram í þeim reglugerðum.

7. gr.

Skráahald yfir viðskipti

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu, strax eftir að viðskipti hafa verið gerð, skrá upplýsingarnar sem fram koma í öðrum og þriðja dálki í töflu 3 í 3. þætti og töflu 4 í 4. þætti viðaukans.

2. Ef lögbær yfirvöld óska eftir einhverjum upplýsinganna sem um getur í 1. mgr., í samræmi við a- eða d-lið 1. mgr. 94. gr. eða a-lið 3. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skulu rekstraraðilar viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir veita þær upplýsingar eins og sett er fram í fjórða dálki töflu 3 í 3. þætti viðaukans.

8. gr.

Auðkenning einstaklings eða tölvualgríms innan þjónustuveitanda sýndareigna sem tekur fjárfestingarákvörðun

1. Ef einstaklingur eða tölvualgrím innan þjónustuveitanda sýndareigna tekur fjárfestingarákvörðun um að kaupa eða selja tiltekna sýndareign fyrir hönd þjónustuveitanda sýndareigna eða fyrir hönd viðskiptavinar í samræmi við umboð til ákvarðanatöku sem viðskiptavinurinn veitti, skal tilgreina og skrá einstaklinginn eða tölvualgrímið, eins og tilgreint er í 41. reit í töflu 3 í 3. þætti viðaukans.

2. Ef bæði einstaklingur og tölvualgrím taka þátt í fjárfestingarákvörðun, eða fleiri en einn einstaklingur eða algrím taka þátt í þeirri ákvörðun, skal þjónustuveitandi sýndareigna skrá þann einstakling eða tölvualgrím sem ber meginábyrgðina á ákvörðuninni.

9. gr.

Auðkenning einstaklinga

1. Viðskiptavinur sem er einstaklingur skal tilgreindur í skrám þjónustuveitanda sýndareigna með því að nota merkinguna sem er samsett úr ISO 3166-1 alpha-2 (2 stafa landskóða) ríkisfangs viðskiptavinar ásamt innlendu auðkenni viðskiptavinar sem tilgreint er í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/590, miðað við ríkisfang viðskiptavinar.

2. Úthluta skal hinu innlenda auðkenni viðskiptavinar sem um getur í 1. mgr. í samræmi við forgangsstigin, sem kveðið er á um í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/590, og nota til þess það fyrirliggjandi auðkenni einstaklingsins sem er í hæsta forgangi, óháð því hvort þjónustuveitanda sýndareigna sé þegar kunnugt um auðkennið.

3. Í því skyni að auðkenna einstakling sem hefur ríkisfang í fleiri en einu landi innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skal nota landskóða ríkisfangsins sem er fremst þegar ISO 3166-1 alpha-2 kóðum hans er raðað í stafrófsröð og auðkenni sama ríkisfangs, sem úthlutað er í samræmi við 2. mgr.

4. Hafi einstaklingur ríkisfang utan EES skal nota auðkennið í hæsta forgangi í samræmi við reitinn þar sem stendur „öll önnur ríki“ í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/590. Hafi einstaklingur ríkisfang bæði innan og utan EES skal nota landskóða EES-ríkisfangsins og auðkenni sama ríkisfangs í hæsta forgangi sem er úthlutað í samræmi við 2. mgr.

5. Hafi viðskiptavinur búsetu í öðru landi en ríkisfang hans segir til um skulu þjónustuveitendur sýndareigna einnig tilgreina þann aðila miðað við búsetuland viðkomandi, eins og mælt er fyrir um í 41. reit í töflu 2 í viðaukanum.

6. Sé miðað við CONCAT að því er varðar auðkennið sem er úthlutað er í samræmi við 2. mgr. skal þjónustuveitandi sýndareigna auðkenna viðskiptavininn með því að raða saman eftirfarandi þáttum í þessari röð:

a) fæðingardegi og -ári einstaklingsins á sniðinu ÁÁÁÁMMDD,

b) fyrstu fimm stöfunum í eiginnafni einstaklingsins,

c) fyrstu fimm stöfunum í kenninafni einstaklingsins.

7. Að því er varðar 6. mgr. skal undanskilja titla við nöfn og bæta „#“ aftan við eiginnöfn og kenninöfn sem eru styttri en fimm stafir til að tryggja að vísanir til nafna og kenninafna skv. 6. mgr. innihaldi fimm rittákn. Allir stafir skulu vera hástafir. Ekki skal nota úrfellingarmerki, áherslumerki, bandstrik, greinarmerki eða orðabil.

10. gr.

Auðkenning einstaklings eða tölvualgríms sem ákvarðar skilyrði fyrir framkvæmd viðskipta

1. Ef einstaklingur eða tölvualgrím innan þjónustuveitanda sýndareigna sem framkvæmir viðskipti ákveður hvaða viðskiptavettvang fyrir sýndareignir utan Sambandsins skuli nota, til hvaða annars þjónustuveitanda sýndareigna skuli miðla fyrirmælum eða skilyrði í tengslum við framkvæmd viðskipta skal tilgreina þann starfsmann eða tölvualgrím í reit 41 í töflu 3 í 3. þætti viðaukans.

2. Ef einstaklingur innan þjónustuveitanda sýndareigna tekur ákvarðanir um framkvæmd viðskiptanna skal þjónustuveitandi sýndareigna úthluta auðkenni til að tilgreina þann einstakling í viðskiptaskrám í samræmi við 9. gr.

3. Ef tölvualgrím sem starfar undir stjórn þjónustuveitanda sýndareigna tekur ákvarðanir um framkvæmd viðskipta skal tilgreina tölvualgrímið í 43. reit töflunnar í 3. þætti viðaukans.

4. Ef bæði einstaklingur og tölvualgrím koma að framkvæmd viðskiptanna, eða fleiri en einn einstaklingur eða algrím gera það, skal þjónustuveitandi sýndareigna skrá einstaklinginn eða tölvualgrímið sem ber meginábyrgðina á framkvæmd viðskiptanna í 43. reit í töflu 3 í 3. þætti viðaukans.

11. gr.

Skráning móttöku og miðlun fyrirmæla

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem taka á móti fyrirmælum og miðla þeim til annars þjónustuveitanda sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina, eins og um getur í a-lið 3. mgr. 1. gr., skulu skrá upplýsingar um slík fyrirmæli eins og tilgreint er í reitum 1, 2, 10, 12, 14, 15, 16, 17, 19, 20, 21, 25, 37 í töflu 2 í 2. þætti viðaukans, ef og að því marki sem reitirnir eiga við fyrirmælin.

2. Ef tekið var á móti miðluðum fyrirmælum frá þjónustuveitanda sýndareigna sem hafði áður miðlað fyrirmælunum skulu reitirnir, sem kveðið var á um skv. 1. mgr., vera reitirnir sem tilgreina þjónustuveitanda sýndareigna sem miðlaði þeim.

3. Ef fyrirmælum er miðlað oftar en einu sinni skulu upplýsingarnar um fyrirmælin, sem um getur í 1. mgr., vera upplýsingar frá þeim viðskiptavini þjónustuveitanda sýndareigna sem miðlaði fyrirmælunum fyrst og sá þjónustuveitandi sýndareigna sem miðlaði fyrirmælunum fyrst skal skrá þau.

4. Ef fyrirmælum er safnað saman fyrir fleiri en einn viðskiptavin skal skrá upplýsingar um fyrirmæli, sem um getur í 1. mgr., fyrir hvern viðskiptavin fyrir sig.

12. gr.

Skráning fyrirmæla og viðskipta sem fara fram á viðskiptavettvöngum eða hjá þjónustuveitendum sem reglugerð (ESB) 2023/1114 gildir ekki um

1. Ef þjónustuveitandi sýndareigna framkvæmir fyrirmæli eða viðskipti fyrir hönd viðskiptavinar á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir eða hjá þjónustuveitanda sýndareigna, sem reglugerð (ESB) 2023/1114 gildir ekki um, skal þjónustuveitandi sýndareigna skrá upplýsingar um fyrirmælin eða viðskipin eins og hann hefði sjálfur framkvæmt fyrirmælin eða viðskiptin.

2. Þjónustuveitandi sýndareigna skal skrá upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. í reitina sem eru tilgreindir í töflu 2 í 2. þætti og töflu 3 í 3. þætti viðaukans, ef reitirnir eiga við um viðkomandi fyrirmæli eða viðskipti.

13. gr.

Skráning viðtöku og miðlun fyrirmæla til aðila sem reglugerð (ESB) 2023/1114 gildir ekki um

1. Ef þjónustuveitandi sýndareigna miðlar fyrirmælum til aðila, sem reglugerð (ESB) 2023/1114 gildir ekki um, skal þjónustuveitandi sýndareigna skrá upplýsingar um miðluðu fyrirmælin í reitina sem eru tilgreindir í töflu 2 í 2. þætti viðaukans, að því marki sem reitirnir eiga við um fyrirmælin eða viðskiptin sem um ræðir.

2. Ef fyrirmælunum er safnað saman fyrir fleiri en einn viðskiptavin skulu upplýsingarnar sem um getur í 9. og 14. gr., eftir því sem við á, skráðar fyrir hvern viðskiptavin.

14. gr.

Tilgreining viðskiptavina sem eru lögaðilar

1. Þegar þjónustuveitandi sýndareigna veitir lögbærum yfirvöldum upplýsingarnar sem um getur í 6. og 7. gr. skal hann tilgreina alla viðskiptavini sem eru lögaðilar með því að nota auðkenniskóða lögaðila sem samsvarar viðskiptavinunum.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu skrá þá auðkenniskóða lögaðila sem uppfylla ISO 17442-staðalinn og eru í alþjóðlega gagnagrunninum yfir auðkenni lögaðila (e. *Global LEI database*) sem starfræktur er af miðlægu starfseiningunni sem nefnd um lögboðið eftirlit með auðkennum lögaðila skipar.

3. Ef viðskiptavinur er ekki með auðkenni lögaðila sem uppfyllir ISO 17442-staðalinn skal þjónustuveitandi sýndareigna fá slíkt auðkenni lögaðila fyrir viðskiptavininn eða nota auðkenni sem uppfyllir öll eftirfarandi einkenni:

a) er einkvæmt,

b) er hlutlaust,

c) er áreiðanlegt,

d) er byggt á frjálsum aðgangi,

e) er skalanlegt,

f) er aðgengilegt,

g) er fáanlegt án endurgjalds eða á sanngjörnu verði,

h) fellur undir viðeigandi stjórnunarramma.

15. gr.

Auðkenning sýndareigna

Þegar þjónustuveitandi sýndareigna veitir upplýsingar til lögbærra yfirvalda skv. 6. og 7. gr. skal þjónustuveitandi sýndareigna tilgreina sýndareignirnar sem eru viðfangsefni skráðra fyrirmæla eða viðskipta eða notuð sem greiðslumiðill, með því að nota auðkenni fyrir stafræna tóka sem samræmist ISO 24165-staðlinum eða jafngilt einkvæmt auðkenni sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur samþykkt og uppfyllir öll eftirfarandi einkenni:

a) er einkvæmt,

b) er hlutlaust,

c) er áreiðanlegt,

d) er byggt á frjálsum aðgangi,

e) er skalanlegt,

f) er aðgengilegt,

g) er fáanlegt á sanngjörnu verði og

h) fellur undir viðeigandi stjórnunarramma.

16. gr.

Skráning viðskipta sem útibú annast

1. Ef þjónustuveitandi sýndareigna annast viðskipti í heild eða að hluta til í gegnum útibú sitt skal hann hafa í viðskiptaskrám sínum ISO 3166-landskóða slíks útibús, í samræmi við reiti 7, 16, 34, 42 eða 44 í töflu 3 í 3. þætti viðaukans.

2. Í viðskiptaskrám skal þjónustuveitandi sýndareigna birta eftirfarandi upplýsingar:

a) hvort útibúið hafi tekið við fyrirmælunum frá viðskiptavini eða hvort útibúið hafi tekið fjárfestingarákvörðun fyrir viðskiptavin í samræmi við umboð til ákvarðanatöku sem viðskiptavinurinn veitti því,

b) hvort útibúið hafi eftirlitsskyldur með einstaklingnum sem tekur viðkomandi fjárfestingarákvörðun,

c) hvort útibúið hafi eftirlitsskyldur með einstaklingnum sem ákvarðar skilyrði fyrir framkvæmd viðskiptanna,

d) hvort viðskipti hafi verið gerð í heild eða að hluta til á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir utan Sambandsins með því að nota aðild útibúsins að viðskiptavettvangnum fyrir sýndareignir.

17. gr.

Tilgreining þjónustuveitanda sýndareigna sem annast fyrirmæli og viðskipti

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem annast fyrirmæli eða viðskipti sem virkja skylduna til að halda skrár skulu tryggja að þeir séu tilgreindir í skrám, sem á að halda samkvæmt þessari reglugerð, með réttu auðkenni lögaðila sem uppfyllir ISO 17442-staðalinn og að þeir séu í alþjóðlegum gagnagrunni yfir auðkenni lögaðila sem starfræktur er af miðlægu starfseiningunni sem nefnd um lögboðið eftirlit með auðkennum lögaðila skipar.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna sem framkvæma viðskipti skulu tryggja að tilvísunargögnin sem varða auðkenni lögaðila fyrir það séu uppfærð í samræmi við skilmála einhverra hinna viðurkenndu útgefenda LEI-kóða (e. *Local Operating Units*) í alþjóðakerfinu um auðkenni lögaðila (e. *Global Legal Entity Identifier System*).

18. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

1. ÞÁTTUR

Skrár yfir þjónustu og starfsemi: listi yfir skrár sem þjónustuveitendur sýndareigna verða að halda í samræmi við eðli þjónustu sinnar og starfsemi

Tegund skrár	Samantekt á efni
Samskipti við viðskiptavini	
Markaðsefni	Allt markaðsefni sem þjónustuveitandi sýndareigna hefur gefið út (annað en munnlega) eða hefur verið gefið út fyrir hönd hans.
Upplýsingar til viðskiptavina	Aðrar upplýsingar en markaðsefni sem þjónustuveitandi sýndareigna veitir, eða eru veittar fyrir hans hönd, viðskiptavini um þjónustuveitanda sýndareigna, þjónustu hans og starfsemi, sýndareignir og viðeigandi kostnað og tengd gjöld.
Skrár yfir samskipti við viðskiptavini	Skrár yfir símtöl eða rafræn fjarskipti sem varða viðskipti eða móttöku, miðlun og framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina, þ.m.t. ef slík samtöl eða samskipti leiða ekki til þess að viðskipti eru framkvæmd eða þjónusta veitt við móttöku og miðlun fyrirmæla eða framkvæmd fyrirmæla.
Réttindi og skyldur þjónustuveitanda sýndareigna og viðskiptavinar	
Samkomulag og samningar við viðskiptavini	Öll skjöl sem samið er um milli þjónustuveitanda sýndareigna og viðskiptavinar þar sem fram koma réttindi og skyldur aðila.
Samþykki viðskiptavinar	Öll samskipti milli þjónustuveitanda sýndareigna og viðskiptavinar eða öll skjöl sem staðfesta að viðskiptavinurinn hafi samþykkt veitingu þjónustu og skilmálana fyrir því að þjónustuveitandi sýndareigna veiti viðskiptavininum slíka þjónustu.
Markaðssvik	
Markaðssvik	Skrár yfir tilvik þar sem aðstæður benda til þess að markaðssvik hafi átt sér stað, séu framin eða líklegt sé að þau muni eiga sér stað. Slíkar skrár skulu innihalda tilgreiningu á einstaklingum eða tölvualgrími sem að málinu koma. Að því er varðar einstaklinga sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir skulu skrárnar innihalda upplýsingar sem skjalfesta greiningu sem var gerð með tilliti til fyrirmæla, viðskipta og þátta í virkni dreifðrar færsluskrártækni sem geta talist markaðssvik, sem um getur í 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um að koma á fót tæknistöðlum sem var samþykkt skv. 2. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
Varðveisla sýndareigna og fjármuna viðskiptavina	
Sýndareignir viðskiptavina og aðgangsleiðir að sýndareignum sem eru í eigu þjónustuveitanda sýndareigna	Skrár sem gera þjónustuveitanda sýndareigna kleift að vernda eignarrétt viðskiptavina og koma í veg fyrir að sýndareignir viðskiptavina séu notaðar fyrir eigin reikning, eins og krafist er skv. 1. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

Tegund skrár	Samantekt á efni
Fjármunir viðskiptavina í vörslu þjónustuveitanda sýndareigna	Skrár sem gera þjónustuveitanda sýndareigna kleift að vernda eignarrétt viðskiptavina og koma í veg fyrir að fjármunir viðskiptavina séu notaðir fyrir eigin reikning, eins og krafist er skv. 2. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Öll skjöl, skrár eða sönnunargögn sem sýna fram á að þjónustuveitandi sýndareigna uppfylli skyldur sínar, skv. 3. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
Meðferð kvartana	
Kvartanir	Skrár sem geymdar eru í samræmi við f-lið 2. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/294 ([1]).
Hagsmunaárekstrar og einkaviðskipti	
Hagsmunaárekstrar	Upplýsingarnar sem um getur í 5. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um að koma á fót tæknistöðlum sem samþykkt var skv. 5. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
Einkaviðskipti	Skrár yfir einkaviðskipti, eins og um getur í 4. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um að koma á fót tæknistöðlum sem samþykkt var skv. 5. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þar sem tilgreind eru dagsetning og tími viðskipta, skilyrði, magn, mótaðili og hvers kyns heimildir eða bönn í tengslum við viðskiptin, í samræmi við framseldu reglugerðina.
Útvistun	
Útvistunarsamningar	Skrár yfir skriflega samninga sem um getur í 3. mgr. 73. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
Útvistuð þjónusta og starfsemi	Skrár yfir alla þjónustu eða starfsemi sem er útvistað sameiginlega til þriðja aðila, þ.m.t.: a) heiti, skráða skrifstofu, heimilisfang fyrirtækis og lagalega stöðu þriðja aðila sem þjónusta eða starfsemi, eða hluti þjónustu eða starfsemi, var útvistað til, b) nafn, hlutverk og samskiptaupplýsingar einstaklings sem ber ábyrgð á þjónustu eða starfsemi, eða hluta þjónustu eða starfsemi, hjá þriðja aðila sem þjónusta eða starfsemi, eða hluti þjónustu eða starfsemi, var útvistað til, c) nafn og hlutverk einstaklings sem ber ábyrgð á þjónustu eða starfsemi, eða hluta þjónustu eða starfsemi, hjá þjónustuveitanda sýndareigna.
Varsla og umsýsla sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina	
Stöðuskrá	Skrár yfir stöður sem um getur í 2. og 4. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
Stöðuyfirlit	Skrár yfir yfirlit sem um getur í 5. mgr. 75. gr. reglugerðar 2023/1114.
Samskipti við viðskiptavini	Skrár yfir öll samskipti við viðskiptavini sem um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 75. gr. reglugerðar 2023/1114, þ.m.t. svar sem berst frá viðskiptavini eða skortur á því.
Notkun annarra þjónustuveitenda sýndareigna	Ef sýndareignir viðskiptavina eða aðgangsleið að sýndareignum eru í vörslu eða lúta eftirliti í samræmi við 9. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114: a) skrár frá þjónustuveitanda sýndareigna sem er þriðji aðili sem færa sönnur á stöðu viðskiptavinanna, b) skrár um samskipti sem færa sönnur á að þjónustuveitandi sýndareigna uppfylli aðra undirgrein 9. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

Tegund skrár	Samantekt á efni
Rekstur viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir	
Starfsreglur	Afrit af starfsreglunum sem um getur í 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. annmörkum sem koma í ljós og ráðstafanir sem gerðar eru til að bæta úr þeim.
Mat á hentugleika sýndareignar	Skrár yfir matið sem um getur í 2. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og niðurstaða þess.
Innbyggð nafnhylming	Skrár yfir tilvik þar sem sýndareignir hafa innbyggða nafnhylmingu.
Samþykki viðskiptavinar fyrir pöruðum miðlaraviðskiptum	Skrár yfir samþykki viðskiptavinar fyrir því að þjónustuveitandi sýndareigna taki þátt í pöruðum miðlaraviðskiptum á vettvangnum fyrir sýndareignir sem hann starfrækir, eins og um getur í 6. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
Skipti sýndareigna fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir	
Verð og verðmörk	1) Skrár yfir verð sýndareigna eða aðferð til að ákvarða verð sýndareigna sem fyrirhugað er að skipta fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir og öll gildandi mörk sem þjónustuveitandi sýndareigna ákvarðar fyrir fjárhæðina sem á að skipta, eins og um getur í 2. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. 2) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í slíkum skrám að því er varðar sérhvert verð, aðferð til að ákvarða verðið og viðeigandi verðmörk: a) tilgreining sýndareignar, b) hvort hægt sé að skipta sýndareign fyrir fjármuni eða sýndareignir eða hvort tveggja, c) verð sýndareignar, d) fjöldi sýndareigna sem er skipt fyrir aðra sýndareign.
Markaðssetning sýndareigna	
Upplýsingar til viðskiptavina eða tilvonandi viðskiptavina	Skrár yfir samskiptin sem um getur í 1. mgr. 79. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og samþykki sem fengið hefur verið frá aðila sem óskar eftir töku til viðskipta eða þriðja aðila sem starfar fyrir hans hönd.
Útboð	Skrár yfir öll útboð þjónustuveitanda sýndareigna, sem haldnar eru í samræmi við kröfuna um að þjónustuveitandi sýndareigna hafi til staðar málsmeðferð samkvæmt miðlægri ákvörðun til að tilgreina öll útboð sín, eins og kveðið er á um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um að koma á fót tæknistaðli sem var samþykkt skv. 5. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
Ráðgjöf og stýring eignasafns	
Upplýsingar til viðskiptavina	Skrár yfir öll samskipti sem fram hafa farið í samræmi við 2., 4. og 9. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
Mat á hæfi	Skrár yfir allar upplýsingar sem safnað hefur verið frá viðskiptavinum og metnar til að framkvæma hæfismatið sem um getur í 1. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og öll innanhússskjöl sem varða slíkt hæfismat. Skrár yfir viðskiptavini sem hafa ekki veitt upplýsingarnar sem krafist er skv. 8. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

Tegund skrár	Samantekt á efni
Fjárfestingarráðgjöf	Skrár yfir tíma og dagsetningu þegar ráðgjöf um sýndareignir var veitt, skrár yfir sýndareignirnar sem mælt var með og hæfisskýrslan sem viðskiptavininum var veitt í samræmi við 13. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
Reglubundið yfirlit yfir þjónustu á sviði stýringar eignasafns	Skrár yfir öll reglubundin yfirlit sem viðskiptavinum er veitt í samræmi við 14. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
Hvati	1. Skrár yfir hvers kyns minniháttar óþeningalegan ávinning sem þjónustuveitandi sýndareigna hefur tekið við, í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í slíkum skrám: a) eðli minniháttar óþeningalegs ávinnings og dagsetningin þegar hann var móttekinn, b) viðskiptavinurinn og sú þjónusta eða starfsemi sem er móttekin, c) hvernig slíkur minniháttar óþeningalegur ávinningur uppfyllir ákvæði annarrar undirgreinar 3. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. 2. Skrár yfir hvers kyns hvata sem þjónustuveitandi sýndareigna hefur tekið við, í samræmi við 6. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í slíkum skrám: a) eðli, umfang og dagsetningin þegar tekið var við honum, b) viðskiptavinurinn og þjónustan eða starfsemin sem tengjast móttöku hans, c) hvernig slíkur hvati uppfyllir ákvæði fyrstu undirgreinar 6. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, d) öll samskipti sem fram fara í samræmi við aðra undirgrein 6. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
Millifærsluþjónusta	
Skrár sem þjónustuveitanda sýndareigna upphafsaðila ber að halda	Skrár yfir: a) allar mótteknar leiðbeiningar, b) allar upplýsingarnar sem eru taldar eru upp í ákvæðum 1., 2. og 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1113, c) sannprófunina sem um getur í 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1113, d) hvers kyns frestun eða synjun á leiðbeiningum um að framkvæma millifærslu sýndareigna og ástæðuna fyrir slíkri frestun eða synjun.
Skrár sem þjónustuveitanda sýndareigna ber að halda um viðtakendur	Skrár yfir: a) allar upplýsingarnar sem taldar eru upp í ákvæðum 1., 2. og 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1113, b) sannprófunina sem um getur í 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1113, c) hvers kyns endursendingu, frestun eða synjun á millifærslu sýndareigna og ástæðuna fyrir slíkri endursendingu, frestun eða synjun, d) allar ráðstafanir sem gerðar eru í samræmi við 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1113, ásamt tilgreiningu á viðkomandi þjónustuveitendum sýndareigna.

Tegund skrár	Samantekt á efni
Skrár sem þjónustumiðlurum sýndareigna ber að halda	Skrár yfir: a) allar upplýsingarnar sem taldar eru upp í ákvæðum 1., 2. og 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1113, b) hvers kyns endursendingu, frestun eða synjun á millifærslu sýndareigna og ástæðuna fyrir slíkri endursendingu, frestun eða synjun, c) allar ráðstafanir sem gerðar eru í samræmi við 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1113, ásamt tilgreiningu á viðkomandi þjónustuveitendum sýndareigna.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/294 frá 1. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur, sniðmát og verklag við meðferð kvartana er varða þjónustuveitendur sýndareigna (Stjtíð. ESB L, 2025/294, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/294/oj).

2. ÞÁTTUR

Skrár yfir fyrirmæli

Tafla 1

Skýringar á töflu 2 í þessum þætti og töflu 3 í 3. þætti

Tákn	Gagnategund	Skilgreining
{ALPHANUM-n}	Allt að n-alstöfum	Reitur fyrir frjálsan texta
{CFI_CODE}	6 stafir	ISO 10962 kóði til flokkunar fjármálagerninga (CFI)
{COUNTRYCODE_2}	2 alstafir	Tveggja stafa landskóði, samkvæmt skilgreiningu ISO 3166-1 alpha-2 landskóði
{CURRENCYCODE_3}	3 alstafir	Þriggja stafa gjaldmiðilskóði, samkvæmt skilgreiningu í ISO 4217 gjaldmiðilskóðum
{DATE_TIME_FORMAT}	ISO 8601 dagsetningar- og tímasnið	Dagsetning og tími á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ss.dddddZ. — „ÁÁÁÁ“ er árið, — „MM“ er mánuðurinn, — „DD“ er dagurinn, — „T“ – merkir að nota skuli bókstafinn „T“, — „kk“ er klukkustundin, — „mm“ er mínútan, — „ss.dddddd“ eru sekúndan og sekúndubrot hennar, — Z er samræmdur heimstími (UTC). Dagsetningar og tími skulu skráð á samræmdum heimstíma.

Tákn	Gagnategund	Skilgreining
{DATEFORMAT}	ISO 8601 dagsetningarsnið	Dagsetningar skulu vera á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD.
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir geta verið brotatölur	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi. — táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur), — neikvæðar tölur eru með forskeytinu „-“ (mínus); gildi eru námunduð og ekki stýfð.
{DTI}	9 alstafir	Auðkenni fyrir stafræna tóka eins og það er skilgreint í ISO-staðli 24165.
{DTI_SHORT_NAME}	n alstafir	Stuttnefni auðkennis fyrir stafræna tóka eins og það er skráð samkvæmt gagnastökum ISO-staðals 24165-2 að því er varðar skráningu á aukenni stafrænna tóka.
{INTEGER-n}	Heil tala allt að n tölustafir samtals	Talnareitur fyrir bæði jákvæð og neikvæð heiltölugildi.
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO-staðli 6166.
{LEI}	20 alstafir	Auðkenni lögaðila eins og það er skilgreint í ISO-staðli 17442.
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO-staðli 10383.
{NATIONAL_ID}	35 alstafir	Auðkennið er fengið í samræmi við 9. gr. og II. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590.

Tafla 2

Ítarupplýsingar um fyrirmæli sem á að geyma

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Ítarupplýsingar um fyrirmælagögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
Þáttur A – Auðkenning viðkomandi aðila			
1	Auðkenniskóði viðskiptavinar	Kóði sem er notaður til að auðkenna viðskiptavin þjónustuveitanda sýndareigna sem lagði fyrirmælin fram. Ef viðskiptavinurinn er lögaðili skal nota LEI-auðkenni viðskiptavinar eða önnur auðkenni sem um getur í 3. mgr. 14. gr. Nota skal {NATIONAL_ID} ef viðskiptavinurinn er ekki lögaðili. Ef um er að ræða úthlutanir sem bíða afgreiðslu skal nota flaggið PNAL. Í þessum reit skal standa „NOAP“ ef þjónustuveitandi sýndareigna hefur beina hagsmuni af því að kaupa eða selja.	{LEI} {NATIONAL_ID} {ALPHANUM-20} {PNAL} „NOAP“

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Ítarupplýsingar um fyrirmælagögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
		Þáttur A – Auðkenning viðkomandi aðila	
2	Fjárfestingarákvörðun innan þjónustuveitanda sýndareigna	Kóði til að auðkenna einstaklinginn eða algrímið innan þjónustuveitanda sýndareigna sem tekur fjárfestingarákvörðunina. Hafi einstaklingur innan þjónustuveitanda sýndareigna tekið fjárfestingarákvörðunina skal auðkenna einstaklinginn sem ber meginábyrgð á fjárfestingarákvörðuninni með {NATIONAL_ID}. Ef algrím sem ákvarðar sjálfkrafa einstakar breytur fyrirmæla, þ.m.t. framlagningu fyrirmæla eða ákvörðun tímastillingar, verðs eða magns, tók fjárfestingarákvörðun skal reiturinn fylltur út með kóða sem er úthlutað skv. 8. gr. Skilja skal þennan reit eftir auðan ef hvorki einstaklingur né algrím innan þjónustuveitanda sýndareigna tók fjárfestingarákvörðunina.	{NATIONAL_ID} – einstaklingar {ALPHANUM-50} – algrím
3	Framkvæmd innan fyrirtækis	Kóði til að auðkenna einstaklinginn eða algrímið innan þjónustuveitanda sýndareigna sem ákvarðar skilyrði fyrir framkvæmd viðskipta vegna tilboðsins. Ákvarði einstaklingur skilyrðin fyrir framkvæmd viðskiptanna skal auðkenna hann með {NATIONAL_ID}. Ef algrím sem ákvarðar sjálfkrafa stakar breytur tilboða, þ.m.t. hvenær hefja eigi tilboð eða ákvarðar tímasetningu, verð eða magn, ber ábyrgð á framkvæmd viðskipta skal fylla þennan reit út með kóða sem þjónustuveitandi sýndareigna hefur úthlutað, í samræmi við 10. gr. Komi fleiri en einn einstaklingur eða bæði einstaklingur og algrím að framkvæmd viðskiptanna skal þjónustuveitandi sýndareigna ákvarða hvaða seljandi eða algrím sér aðallega um hana og fylla út þennan reit með auðkenni þess seljanda eða algríms.	{NATIONAL_ID} – einstaklingar {ALPHANUM-50} – algrím
		Þáttur B – Viðskiptahlutverk og veiting seljanleika	
4	Viðskiptahlutverk	Tilgreinir hvort þjónustuveitandi sýndareigna sem annast viðskiptin stundi pöruð miðlaraviðskipti eða skipti sýndareignum fyrir fjármuni. Stafi framlagning tilboðsins ekki af því að þjónustuveitandi sýndareigna framkvæmi pöruð miðlara-viðskipti eða skipti sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir skal reiturinn tilgreina að viðskiptin hafi verið framkvæmd út frá öðru hlutverki.	„DEAL“ – Skipti sýndareigna fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir „MTCH“ – Pöruð miðlaraviðskipti „AOTC“ – Annað hlutverk

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Ítarupplýsingar um fyrirmælagögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
Þáttur A – Auðkenning viðkomandi aðila			
Þáttur C – Dagsetning og tími			
5	Dagsetning og tími	Dagsetning og tími fyrir hvern atburð sem talinn er upp í þáttum G og J.	{DATE_TIME_FORMAT}
Þáttur D – Gildistími og takmarkanir tilboða			
6	Gildistími	Gildir út daginn (e. *Good-For-Day*): tilboðið rennur út í lok sama viðskiptadags og það var fært í tilboðaskrána. Gildir fram að niðurfellingu (e. *Good-Till-Cancelled*): tilboðið er virkt í tilboðaskránni og er framkvæmanlegt þar til það er í raun fellt niður. Gildir fram að tilteknum tíma (e. *Good-Till-Time*): tilboðið rennur út í síðasta lagi á fyrirframákveðnum tíma innan yfirstandandi viðskiptatímabils. Gildir fram á tiltekinn dag (e. *Good-Till-Date*): tilboðið rennur út í lok tiltekins dags. Gildir fram á tiltekinn dag og tíma (e. *Good-Till-Specified Date and Time*): tilboðið rennur út á fyrirframákveðnum degi og tíma. Gildir eftir tiltekinn tíma (e. *Good After Time*): tilboðið gildir einungis eftir fyrirframákveðinn tíma innan yfirstandandi viðskiptatímabils. Gildir eftir tiltekinn dag (e. *Good After Date*): tilboðið gildir einungis frá byrjun fyrirframákveðins dags. Gildir eftir tiltekinn dag og tíma (e. *Good After Specified Date and Time*): tilboðið gildir einungis frá fyrirframákveðnum tíma á fyrirframákveðnum degi. Tafarlaust eða niðurfellt (e. *Immediate-Or-Cancel*): tilboð sem er framkvæmt þegar það er fært í tilboðabókina (í því magni sem unnt er að framkvæma) og hverfur úr tilboðaskránni þótt eftirstandandi magn (ef eitthvert er) hafi ekki verið framkvæmt. Allt eða ekkert (e. *Fill-or-Kill*): tilboð sem er framkvæmt þegar það er fært í tilboðaskrána að því tilskildu að unnt sé að framkvæma það að fullu: Sé einungis unnt að framkvæma tilboðið að hluta til er því sjálfkrafa hafnað og því ekki hægt að framkvæma það. Annað: viðbótarupplýsingar sem eru sértækar fyrir tiltekin viðskiptalíkön, viðskiptavettvanga eða -kerfi.	„DAVY“ – gildir út daginn „GTCV“ – gildir fram að niðurfellingu „GTTV“ – gildir fram að tilteknum tíma „GTDV“ – gildir fram á tiltekinn dag „GTSV“ – gildir fram á tiltekinn dag og tíma „GATV“ – gildir eftir tiltekinn tíma „GADV“ – gildir eftir tiltekinn dag „GASV“ – gildir eftir tiltekinn dag og tíma „IOCV“ – tafarlaust eða niðurfellt „FOKV“ – allt eða ekkert eða {ALPHANUM-4} stafir sem ekki eru þegar í notkun í eigin flokkun við-skiptavettvangsins.
7	Takmörkun tilboðs	Tækt til pörunar á lokatímabili (e. *Good For Closing Price Crossing Session*): þegar tilboð er tækt til pörunar á lokaverðspörunartímabilinu. Gildir á uppboðstíma (e. *Valid For Auction*): tilboðið er einungis virkt og einungis framkvæmanlegt á uppboðstímabilum (sem sá þjónustuveitandi sýndareigna sem lagði fram tilboðið getur skilgreint fyrirfram, t.d. upphafs- og/eða lokunaruppboð og/eða uppboð innan viðskiptadags).	„SESR“ – tæk til pörunar á lokatímabili „VFAR“ – gilda á uppboðstíma „VFCR“ – gildir einungis um samfelld viðskipti

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Ítarupplýsingar um fyrirmælagögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
		Þáttur A – Auðkenning viðkomandi aðila	
		Gildir einungis um samfelld viðskipti (e. *Valid For Continuous Trading only*): tilboðið gildir aðeins innan samfellds viðskiptatíma. Annað: viðbótarupplýsingar sem eru sértækar fyrir tiltekin viðskiptalíkön, viðskiptavettvanga eða -kerfi.	{ALPHANUM-4} stafir sem ekki eru þegar í notkun í eigin flokkun við-skiptavettvangsins. Þennan reit skal fylla út með þeim fjölda flagga sem við á og skulu flöggin aðskilin með kommu, ef fleiri en eitt flagg er viðeigandi.
8	Gildistímabil og tími	Þessi reitur vísar til tímastimpils sem sýnir tímann þegar tilboðið verður virkt eða er endanlega fjarlægt úr tilboðaskránni: Gildir út daginn: innsetningardagurinn með tímastimpli rétt fyrir miðnætti, Gildir fram að tilteknum tíma: innsetningardagurinn og tíminn sem tilgreindur er í tilboðinu, Gildir fram á tiltekinn dag: tilgreindur lokadagur með tímastimpli rétt fyrir miðnætti, Gildir fram á tiltekinn dag og tíma: tilgreindur lokadagur og -tími, Gildir eftir tiltekinn tíma: innsetningardagur og tilgreindur tími þegar tilboðið verður virkt, Gildir eftir tiltekinn dag: tilgreindur dagur með tímastimpli rétt eftir miðnætti, Gildir eftir tiltekinn dag og tíma: tilgreindur dagur og tími þegar tilboðið verður virkt, Gildir fram að niðurfellingu: síðasti dagur og tími sem tilboðið er sjálfkrafa fjarlægt með markaðs-aðgerðum, Annað: tímastimpill fyrir aðrar gildistegundir.	{DATE_TIME_FORMAT}
		Þáttur E – Auðkenning tilboðs	
9	Markaðsauðkenniskóði markaðshluta (e. *Segment MIC code*)	Auðkenning viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir þar sem tilboðið var lagt fram. Nota skal markaðsauðkenniskóða markaðshluta ef viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir notar hann. Ef viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir notar ekki markaðsauðkenniskóða markaðshluta skal nota markaðsauðkenniskóða rekstraraðila.	{MIC}

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Ítarupplýsingar um fyrirmælagögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
		Þáttur A – Auðkenning viðkomandi aðila	
		Einungis skal fylla þennan reit út fyrir fyrirmæli sem á að framkvæma á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir.	
10	Auðkenniskóði sýndareigna	Einkvæmt og ótvírætt auðkenni sýndareignar.	{DTI} {ALPHANUM-20}
11	Flokkun sýndareigna	Flokkunarfræði sem er notuð til að flokka sýndareign eða Fullgerður og réttur CFI-kóði skal lagður fram ef hann liggur fyrir.	Eignatengdur tóki Rafeyristóki Annað {CFI_CODE}
12	Auðkenniskóði tilboðs	Alstafakóði sem úthlutað er af rekstraraðila viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir á einstök tilboð.	{ALPHANUM-50}
		Þáttur F – Atburðir sem hafa áhrif á tilboðið	
13	Nýtt tilboð, niðurfelling tilboðs	Nýtt tilboð: framlagning á nýju tilboði til þjónustuveitanda sýndareigna sem starfrækir viðskiptavettvang fyrir sýndareignir. Niðurfelld að frumkvæði viðskiptavinar þjónustuveitanda sýndareigna: ef viðskiptavinur ákveður, að eigin frumkvæði að fella niður tilboðið sem hann hefur áður fært inn.	„NEWO“ – nýtt tilboð „CAME“ – niðurfelld að frumkvæði viðskiptavinar þjónustuveitanda sýnd-areigna
		Þáttur G – Tegund tilboðs	
14	Tegund tilboðs	Tilgreining á tegund tilboðs sem lagt er fram á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir, samkvæmt forskrift viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir.	{ALPHANUM-50}
15	Flokkun á tegund tilboðs	Flokkun á tilboði samkvæmt tveimur almennum tegundum tilboða. SKILYRT tilboð: ef hægt er að framkvæma tilboðið, STOPPtilboð: ef einungis er hægt að framkvæma tilboðið þegar fyrirframskilgreindur verðatburður verður að veruleika	Bókstafirnir „LMTO“ fyrir „skilyrt“ eða bókstafirnir „STOP“ fyrir „stopp“
		Þáttur H – Verð	
16	Skilyrt verð	Hámarksverð sem unnt er að framkvæma kauptilboð á eða lágmarksverð sem unnt er að framkvæma sölutilboð á. Verðbilið fyrir áætlunarfyrirmæli, sem getur verið neikvætt eða jákvætt. Í þessum reit skal standa „NOAP“ fyrir tilboð sem eru ekki með skilyrt verð eða fyrir óverðlögð tilboð.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Ítarupplýsingar um fyrirmælagögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
		Þáttur A – Auðkenning viðkomandi aðila	
		Sé verðið tilkynnt sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Ef verslað er með sýndareign á grundvelli gjaldmiðlapars skal verðið gefið upp sem magn mótmyntar fyrir hverja einingu grunngjaldmiðils. Ef verðið er gefið upp í undirþáttum sýndareignarinnar skal engu að síður skrá það með tugastaf af verðinu sem gefið er upp í einingum sýndareignarinnar.	{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum „NOAP“
17	Skilyrt verð til viðbótar	Annað skilyrt verð sem kann að eiga við um tilboðið. Í þessum reit skal standa „NOAP“ þegar skilyrt verð vantar. Sé verðið tilkynnt sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Ef verslað er með sýndareign á grundvelli gjaldmiðlapars skal verðið gefið upp sem magn mótmyntar fyrir hverja einingu grunngjaldmiðils. Ef verðið er gefið upp í undirþáttum sýndareignarinnar skal engu að síður skrá það með tugastaf af verðinu sem gefið er upp í einingum sýndareignarinnar.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun. {DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum „NOAP“
18	Stoppverð	Verðið sem verður að nást svo að tilboðið verði virkt. Sé um að ræða stopptilboð sem atburðir óháðir verði sýndareignarinnar setja af stað skal fylla þennan reit út með markverðinu núll. Í þessum reit skal standa „NOAP“ ef hann á ekki við. Sé verðið tilkynnt sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Ef verslað er með sýndareign á grundvelli gjaldmiðlapars skal verðið gefið upp sem magn mótmyntar fyrir hverja einingu grunngjaldmiðils. Ef verðið er gefið upp í undirþáttum sýndareignarinnar skal engu að síður skrá það með tugastaf af verðinu sem gefið er upp í einingum sýndareignarinnar.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun. {DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum „NOAP“

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Ítarupplýsingar um fyrirmælagögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
		Þáttur A – Auðkenning viðkomandi aðila	
19	Viðmiðstengt skilyrt verð (e. *pegged limit price*)	Hámarksverð sem unnt er að framkvæma viðmiðstengd (e. *pegged*) kauptilboð á eða lágmarksverð sem unnt er að framkvæma viðmiðstengd sölutilboð á. Í þessum reit skal standa „NOAP“ ef hann á ekki við. Sé verðið tilkynnt sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Ef verslað er með sýndareign á grundvelli gjaldmiðlapars skal verðið gefið upp sem magn mótmyntar fyrir hverja einingu grunngjaldmiðils. Ef verðið er gefið upp í undirþáttum sýndareignarinnar skal engu að síður skrá það með tugastaf af verðinu sem gefið er upp í einingum sýndareignarinnar.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun. {DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum „NOAP“
20	Verð í viðskiptum	Verð sem viðskiptin fara fram á að undanskildum, ef við á, þóknunum, öðrum gjöldum og áföllnum vöxtum. Verð sem er skráð í peningafjárhæðum skal gefið upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Fylla skal þennan reit út með gildinu „NOAP“ ef verð á ekki við. Ef verslað er með sýndareign á grundvelli gjaldmiðlapars skal verðið gefið upp sem magn mótmyntar fyrir hverja einingu grunngjaldmiðils.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi. „NOAP“
21	Gjaldmiðill verðs	Gjaldmiðillinn sem verð sýndareignarinnar sem tilboðið tengist er gefið upp í (á við þegar verðið er gefið upp sem peningagildi). Ef viðskipti eru með sýndareignina í rafeyri/rafeyristóka skal nota auðkenni fyrir stafræna tóka eða annað auðkenni, eins og tilgreint er í 15. gr. Ef verð sýndareignarinnar er tilgreint í fjárhæðum og í gjaldmiðlapari skal tilkynna í hvaða gjaldmiðlapari verð sýndareignarinnar sem tengist tilboðinu er tilgreint í. Fyrri gjaldmiðilskóðinn skal vera grunngjaldmiðillinn og sá síðari skal vera mótmyntin. Mótmyntin ákvarðar verð einnar einingar grunngjaldmiðilsins. Nota skal gjaldmiðilskóða og stuttnefni auðkennis fyrir stafræna tóka eins og skráð er samkvæmt gagnastökum ISO-staðals 24165-2 að því er varðar skráningu á auðkenni fyrir stafræna tóka eða annað auðkenni til að gefa til kynna löglegan gjaldmiðil og sýndareign í gjaldmiðlaparinu, eftir því sem við á.	{CURRENCYCODE_3} {DTI} {ALPHANUM-20} Nota ætti {CURRENCYCODE_3} fyrir löglega gjaldmiðla í gjaldmiðlapari Nota ætti {DTI_SHORT_NAME} fyrir sýndareignir í gjaldmiðlapari „NOAP“

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Ítarupplýsingar um fyrirmælagögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
		Þáttur A – Auðkenning viðkomandi aðila	
22	Framsetningarform verðs	Tilgreining á því hvort verðið er gefið upp sem peningagildi, hundraðshluti, ávöxtun eða grunnpunktar.	„MONE“ – peningagildi „PERC“ – hundraðshluti „YIEL“ — ávöxtun „BAPO“ – grunnpunktar
		Þáttur I – fyrirmæli með tilboðum	
23	Kaup- eða söluvísir	Til að sýna hvort tilboðið varðar kaup eða sölu.	„BUYI“ – kaupa „SELL“ – selja
24	Staða tilboðs	Til að auðkenna tilgreina sem eru virk/óvirk/stöðvuð tímabundið: Virk – framkvæmanleg tilboð önnur en verðtilboð. Óvirk – óframkvæmanleg tilboð önnur en verðtilboð.	„ACTI“ – virk eða „INAC“ – óvirk
25	Framsetningarform magns	Tilgreining á því hvort tilkynnt magn er gefið upp sem fjöldi eininga, nafnvirði eða peningagildi eða einingar sýndareigna.	„UNIT“ – fjöldi eininga „NOML“ – nafnvirði „MONE“ – peningagildi „CRYP“ – sýndareign
26	Gjaldmiðill magns	Gjaldmiðill sem magnið er gefið upp í. Gjaldmiðillinn skal vísa til eininga sýndareigna, jafnvel ef viðskiptin eru tilgreind í undirþáttum sýndareignarinnar. Aðeins þarf að fylla út þennan reit ef magnið er gefið upp sem nafnvirði eða peningagildi eða í einingum sýndareigna.	{CURRENCYCODE_3} {DTI} {ALPHANUM-20}
27	Upphaflegt magn	Fjölda eininga sýndareigna í tilboði. Ef tilboðið varðar brot af sýndareign skal tilgreina magn eininga með tugastaf. Nafnvirði eða peningalegt virði sýndareignar.	{DECIMAL-18/17} ef magnið er gefið upp sem fjöldi eininga {DECIMAL-18/5} ef magnið er gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Ítarupplýsingar um fyrirmælagögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
Þáttur A – Auðkenning viðkomandi aðila			
28	Eftirstandandi magn	Heildarmagn sem stendur eftir í tilboðaskrá þegar framkvæmd hefur farið fram að hluta eða ef annar atburður hefur áhrif á tilboðið. Sé um að ræða atburð þar sem tilboðið er framkvæmt að hluta skal tilgreina heildareftirstöðvar magns eftir þá framkvæmd að hluta. Við innsetningu tilboðs skal þetta jafngilda upphaflegu magni.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnviði
29	Magn sem viðskipti voru með	Við framkvæmd að fullu eða að hluta skal fylla út þennan reit með framkvæmdu magni.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnviði
30	Lágmark fullnægjandi magns (MAQ)	Lágmark fullnægjandi magns (e. *minimum acceptable quantity*) til að tilboð sé framkvæmt, sem getur samanstaðið af fleiri en einni framkvæmd að hluta og er jafnan aðeins fyrir skammtímategundir (e. *non-persistent*) tilboða. Í þessum reit skal standa „NOAP“ ef hann á ekki við.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnviði „NOAP“
31	Lágmark framkvæmanlegrar stærðar (MES)	Lágmark framkvæmanlegrar stærðar (e. *minimum execution size*) hverrar einstakrar hugsanlegrar framkvæmdar. Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnviði
32	Lágmark framkvæmanlegrar stærðar (MES) aðeins við fyrstu framkvæmd	Tilgreining á því hvort lágmark framkvæmanlegrar stærðar á aðeins við um fyrstu framkvæmd. Þennan reit má skilja eftir auðan ef reitur 29 er skilinn eftir auður.	„rétt“ „rangt“

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Ítarupplýsingar um fyrirmælagögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
		Þáttur A – Auðkenning viðkomandi aðila	
33	Tilgreining á hlutleysi (e. *passive only*)	Tilgreining á því hvort tilboðið er lagt fram á viðskiptavettvang fyrir sýndareignir með því formerki/flaggi að það skuli ekki parast þegar í stað við sýnilega gagnstætt tilboð.	„rétt“ „rangt“
34	Tilgreining á hlutleysi eða ágengni (e. *passive or aggressive*)	Tilgreining á því hvort tilboð sem var framkvæmt að hluta eða til fulls var þegar í tilboðaskránni og myndaði seljanleika (hlutlaust) eða virkjaði viðskiptin og tók þar með upp seljanleika. Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.	„PASV“ – hlutlaust eða „AGRE“ – ágengt.
35	Komið í veg fyrir eigin framkvæmd	Tilgreining á því hvort tilboð hafi verið sett inn ásamt viðmiðum til að koma í veg fyrir eigin framkvæmd, svo þau séu ekki pöruð við tilboð á andstæðri hlið tilboðabókarinnar sem sami aðili eða þátttakandi setur inn.	„rétt“ „rangt“
36	Auðkenniskóði viðskipta á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir	Að því er varðar fyrirmæli sem framkvæmd eru á viðskiptavettvöngum fyrir sýndareignir, alstafakóði sem viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir úthlutar á viðskipti skv. 14. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/416 ([1]). Kóðinn skal vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur með tillit til hvers markaðsauðkenniskóða markaðshluta samkvæmt ISO-staðli 10383, og hvers viðskiptadags. Einstakir hlutar auðkenniskóða viðskipta mega ekki sýna hverjir eru mótaðilar viðskiptanna sem kóðinn gildir um. Að því er varðar viðskipti sem eru framkvæmd með millifærslu fyrir hönd viðskiptavina til aðila sem veitir þjónustu á sviði sýndareigna utan Sambandsins skulu þessar upplýsingar skráðar þegar hægt er að sækja þær.	{ALPHANUM-52}
		Þáttur J – Leiðbeinandi uppboðsverð og magn	
37	Leiðbeinandi uppboðsverð	Verðið sem uppboðið myndi parast á miðað við þær sýndareignir sem eitt eða fleiri tilboð hafa verið lögð fram í.	{DECIMAL-18/5} sé verðið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði. Sé verðið tilkynnt sem peningafjárhæð skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.

Númer reits	Heiti gagnareits	Lýsing reits	Ítarupplýsingar um fyrirmælagögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
		Þáttur A – Auðkenning viðkomandi aðila	
38	Leiðbeinandi uppboðsmagn	Magnið (fjöldi eininga af sýndareignum) sem hægt er að framkvæma á leiðbeinandi uppboðsverðinu í reit 50 ef uppboðinu myndi ljúka nákvæmlega á viðkomandi augnabliki.	{DECIMAL-18/17} ef magnið er gefið upp sem fjöldi eininga {DECIMAL-18/5} ef magnið er gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði
		Þáttur K – Framlagning tilboðs	
39	Miðlandi þjónustuveitandi sýndareigna	Ef um er að ræða miðlun fyrirmæla skv. 11. gr., LEI-auðkenni miðlandi þjónustuveitanda sýndareigna.	{LEI}
40	Vísir um miðlun fyrirmæla	miðlunarfyrirtækið skal fylla út reitinn með orðinu „rétt“ í skýrslu miðlunarfyrirtækisins ef skilyrðin fyrir miðlun sem tilgreind eru í 11. gr. voru ekki uppfyllt „rangt“ – í öllum öðrum aðstæðum	„rétt“ „rangt“
		Þáttur L – Búsetuland viðskiptavina	
41	Tilgreining búsetulands	Skal útfyllt ef viðskiptavinur hefur heimilisfestu í öðru landi en landinu þar sem viðkomandi hefur ríkisfang, eins og lýst er í 5. mgr. 9. gr.	{COUNTRYCODE_2} „NOAP“

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/416 frá 29. nóvember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er innihald og snið tilboðsskráa fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir (Stjtíð. ESB L, 2025/416, 14.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/416/oj).

3. ÞÁTTUR

Skrár um viðskipti

Útskýringu er að finna í töflu 1 í 2. þætti.

Tafla 3

Ítarupplýsingar um viðskipti sem á að geyma

Nr. reits	Reitur	Innihald sem ber að skrá	Ítarupplýsingar um færslugögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
1	Viðskiptastaða	Upplýsingar um hvort viðskiptin séu ný eða niðurfelling.	„NEWT“ – Ný „CANC“ – Niðurfelling
2	Númer viðskiptaskrár	Auðkennisnúmer sem er einkvæmt hjá framkvæmdarfyrirtækinu fyrir hverja skráningu.	{ALPHANUM-52}
3	Auðkenniskóði viðskipta á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir	Þetta er tala sem viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir býr til og dreifir bæði til kaupenda og seljenda í samræmi við 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/416 um viðbætur við reglugerð (ESB) 2023/1114. Þar sem við á, viðskiptatæti eða annar alstafastrengur sem er sjálfkrafa búinn til í dreifðri færsluskrártækni og gerir kleift að auðkenna viðskipti á einkvæman hátt.	{ALPHANUM-52}
4	Auðkennikóði framkvæmdaraðila	Kóði sem er notaður til að auðkenna aðilann sem framkvæmir viðskiptin.	{LEI} {ALPHANUM-20}
5	Þjónustuveitandi sýnd-areigna sem fellur undir reglugerð (ESB) 2023/1114.	Tilgreining á því hvort aðili sem er tilgreindur í reit 4 er þjónustuveitandi sýndareigna sem reglugerð (ESB) 2023/1114 gildir um.	„rétt“ – já „rangt“ – nei
6	Auðkenniskóði kaupanda	Kóði til að auðkenna kaupanda sýndareignar. Ef kaupandinn er lögaðili skal nota LEI-auðkenni kaupanda eða önnur auðkenni sem um getur í 3. mgr. 14. gr. Ef kaupandinn er einstaklingur, auðkennið sem er tilgreint í 9. gr. Ef fyrirmælunum var miðlað til framkvæmdar fyrir hönd viðskiptavina til fyrirtækis sem veitir þjónustu á sviði sýndareigna utan Sambandsins skal nota markaðsauðkenniskóða vettvangsins eða LEI-auðkenni eða jafngild auðkenni sem um getur í 14. gr. Ef þjónustuveitandi sýndareigna framkvæmir viðskipti á viðskiptavettvangi sem er staðsettur í þriðja landi skal skrá LEI-auðkenni kaupanda, annað auðkenni sem um getur í 3. mgr. 14. gr. eða landsbundið auðkenni.	{LEI} {ALPHANUM-20} {MIC} {NATIONAL_ID} „INTC“

Nr. reits	Reitur	Innihald sem ber að skrá	Ítarupplýsingar um færslugögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
		Nota skal „INTC“ til að tilgreina safnreikning viðskiptavina innan þjónustuveitanda sýndareigna til að greina frá millifærslu inn á eða af þeim reikningi með tengdri úthlutun til staks/stakra viðskiptavina(r) af eða á þann reikning, í sömu röð.	
7	Útibúsland þjónustuveitanda sýndareigna fyrir kaupanda	Þegar kaupandinn er viðskiptavinur skal í þessum reit tilgreina land útibúsins sem tók við fyrirmælunum frá viðskiptavininum eða tók fjárfestingarákvörðun fyrir viðskiptavininn í samræmi við umboð til ákvarðanatöku sem viðskiptavinurinn veitti því, eins og krafist er í 16. gr. Ef viðskiptin fóru ekki fram í útibúi ætti reiturinn að innihalda landskóða heimaaðildarríkis þjónustuveitanda sýndareigna eða landskóða aðildarríkisins þar sem skráð skrifstofa þjónustuveitanda sýndareigna hefur staðfestu.	{COUNTRYCODE_2}
8	Eiginnafn eða -nöfn kaupanda	Fullt eiginnafn eða -nöfn kaupandans. Sé um að ræða fleiri en eitt eiginnafn skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu.	{ALPHANUM-140}
9	Kenninafn eða -nöfn kaupanda	Fullt kenninafn eða -nöfn kaupandans. Sé um fleiri en eitt kenninafn að ræða skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu.	{ALPHANUM-140}
10	Fæðingardagur og -ár kaupanda	Fæðingardagur og -ár kaupandans.	{DATEFORMAT}
11	Kóði ákvörðunartaka um kaup	Kóði sem auðkennir einstaklinginn sem tekur ákvörðunina um að eignast sýndareignina. Taki þjónustuveitandi sýndareigna ákvörðunina skal í þessum reit tilgreina þjónustuveitanda sýndareigna en ekki einstaklinginn sem tekur fjárfestingarákvörðunina. Ef ákvörðunartaki er lögaðili skal nota LEI-auðkenni ákvörðunartaka eða önnur auðkenni sem um getur í 3. mgr. 14. gr. Nota skal auðkennið sem tilgreint er í 9. gr. ef ákvörðunartakinn er ekki lögaðili.	{LEI} {ALPHANUM-20} {NATIONAL_ID}
12	Ákvörðunartaki um kaup – eiginnafn/-nöfn	Fullt eiginnafn/-nöfn ákvörðunartaka kaupandans. Sé um að ræða fleiri en eitt eiginnafn skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu.	{ALPHANUM-140}
13	Ákvörðunartaki um kaup – kenninafn/-nöfn	Fullt kenninafn/-nöfn ákvörðunartaka kaupandans. Sé um fleiri en eitt kenninafn að ræða skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu.	{ALPHANUM-140}
14	Ákvörðunartaki um kaup – fæðingardagur og -ár	Fæðingardagur og ár þess sem tekur ákvörðun fyrir kaupandann.	{DATEFORMAT}

Nr. reits	Reitur	Innihald sem ber að skrá	Ítarupplýsingar um færslugögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
15	Auðkenniskóði seljanda	Kóði til að auðkenna þann sem lætur sýndareignina af hendi. Ef seljandinn er lögaðili skal nota LEI-auðkenni þess sem lætur sýndareignina af hendi eða önnur auðkenni sem um getur í 3. mgr. 14. gr. Nota skal auðkennið sem tilgreint er í 9. gr. ef seljandinn er ekki lögaðili. Ef fyrirmælunum var miðlað til framkvæmdar fyrir hönd viðskiptavinar til þjónustuveitanda sýndareigna sem veitir þjónustu á sviði sýndareigna utan Sambandsins skal nota markaðsauðkenniskóða vettvangsins eða LEI-auðkenni þess þjónustuveitanda sýndareigna. Ef þjónustuveitandi sýndareigna framkvæmir viðskipti á viðskiptavettvangi sem er staðsettur í þriðja landi skal veita LEI-auðkenni seljanda, annað auðkenni sem um getur í 3. mgr. 14. gr. eða landsbundið auðkenni. Nota skal „INTC“ til að tilgreina safnreikning viðskiptavina innan þjónustuveitanda sýndareigna til að skrá millifærslu inn á eða af þeim reikningi með tengdri úthlutun til staks/stakra viðskiptavina(r) af eða á þann reikning, í sömu röð.	{LEI} {ALPHANUM-20} {MIC} {NATIONAL_ID} „INTC“
16	Land útibús fyrir seljandann	Þegar seljandinn er viðskiptavinur skal í þessum reit tilgreina land útibúsins sem tók við fyrirmælunum frá viðskiptavininum eða tók fjárfestingarákvörðun fyrir viðskiptavininn í samræmi við umboð til ákvarðanatöku sem viðskiptavinurinn veitti því, eins og krafist er í 16. gr. Ef viðskiptin fóru ekki fram í útibúi skal reiturinn innihalda landskóða heimaaðildarríkis þjónustuveitanda sýndareigna eða landskóða landsins þar sem höfuðstöðvar eða skráð skrifstofa þjónustuveitanda sýndareigna hefur staðfestu (sé um að ræða fyrirtæki í þriðja landi).	{COUNTRYCODE_2}
17	Eiginnafn eða -nöfn seljanda	Fullt eiginnafn eða -nöfn seljandans. Sé um að ræða fleiri en eitt eiginnafn skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu.	{ALPHANUM-140}
18	Seljandi – kenninafn eða -nöfn	Fullt kenninafn eða -nöfn seljandans. Sé um fleiri en eitt kenninafn að ræða skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu.	{ALPHANUM-140}
19	Seljandi – fæðingardagur og -ár	Fæðingardagur og -ár seljandans.	{DATEFORMAT}

Nr. reits	Reitur	Innihald sem ber að skrá	Ítarupplýsingar um færslugögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
20	Kóði ákvörðunartaka um sölu	Kóði sem auðkennir einstaklinginn sem tekur ákvörðunina um að selja sýndareignina. Taki þjónustuveitandi sýndareigna ákvörðunina skal í þessum reit tilgreina þjónustuveitanda sýndareigna frekar en einstaklinginn sem tekur fjárfestingarákvörðunina. Ef ákvörðunartakinn er lögaðili skal nota LEI-auðkenni ákvörðunartaka eða annað auðkenni sem um getur í 3. mgr. 14. gr. Nota skal auðkennið sem tilgreint er í 9. gr. ef ákvörðunartakinn er ekki lögaðili.	{LEI} {ALPHANUM-20} {NATIONAL_ID}
21	Ákvörðunartaki um sölu – eiginnafn/-nöfn	Fullt eiginnafn/-nöfn ákvörðunartaka seljandans. Sé um að ræða fleiri en eitt eiginnafn skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu.	{ALPHANUM-140}
22	Ákvörðunartaki um sölu – kenninafn/-nöfn	Fullt kenninafn/-nöfn ákvörðunartaka seljandans. Sé um fleiri en eitt kenninafn að ræða skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu.	{ALPHANUM-140}
23	Ákvörðunartaki um sölu – fæðingardagur og -ár	Fæðingardagur og ár þess sem tekur ákvörðun fyrir seljandann.	{DATEFORMAT}
24	Vísir um miðlun fyrirmæla	miðlunarfyrirtækið skal fylla út reitinn með orðinu „rétt“ í skýrslu miðlunarfyrirtækisins ef skilyrðin fyrir miðlun sem tilgreind eru í 11. gr. voru ekki uppfyllt „rangt“ – í öllum öðrum aðstæðum	„rétt“ „rangt“
25	Auðkenniskóði miðlunarfyrirtækis fyrir kaupandann	Kóði til að auðkenna fyrirtækið sem miðlar fyrirmælum. Þetta skal fyllt út af móttökufyrirtækinu í skýrslu móttökufyrirtækisins með tilgreiningu á auðkenniskóðanum sem miðlunarfyrirtækið útvegar.	{LEI} {ALPHANUM-20}
26	Auðkenniskóði miðlunarfyrirtækis fyrir seljandann	Kóði til að auðkenna fyrirtækið sem miðlar fyrirmælum. Þetta skal fyllt út af móttökufyrirtækinu í skýrslu móttökufyrirtækisins með tilgreiningu á auðkenniskóðanum sem miðlunarfyrirtækið útvegar.	{LEI} {ALPHANUM-20}
27	Viðskiptadagur og -tími	Dagsetning og tími þegar viðskiptin voru framkvæmd. Að því er varðar viðskipti sem eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi skulu dagsetning og tími vísa til þess tímapunkts þegar aðilar samþykkja innihald eftirfarandi reita: magn, verð, gjaldmiðlar í reitum 31, 34 og 44, auðkenniskóði gernings, flokkun gernings og kóði undirliggjandi gernings, eftir atvikum. Að því er varðar viðskipti sem eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi skal skráður tími miðast a.m.k. við nálægustu sekúndu. Leiði viðskiptin af fyrirmælum sem fyrirtækið sem framkvæmir þau leggur fram fyrir hönd viðskiptavinar þriðja aðila og skilyrðin fyrir framlagningu sem tilgreind eru í 11. gr. voru ekki uppfyllt skal tilgreina dagsetningu og tíma viðskiptanna frekar en framlagningar fyrirmælanna.	{DATE_TIME_FORMAT}

Nr. reits	Reitur	Innihald sem ber að skrá	Ítarupplýsingar um færslugögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
28	Viðskiptahlutverk	Tilgreinir hvort þjónustuveitandi sýndareigna sem annast viðskiptin stundi pöruð miðlaraviðskipti eða skipti sýndareignum fyrir fjármuni. Leiði viðskiptin ekki af því að framkvæmdarfyrirtækið framkvæmi pöruð miðlaraviðskipti eða skipti sýndareignum fyrir fjármuni skal reiturinn tilgreina að viðskiptin hafi verið framkvæmd út frá öðru hlutverki.	„DEAL“ – Skipti sýndareigna fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir „MTCH“ – Pöruð miðlaraviðskipti „AOTC“ – Annað hlutverk
29	Magn	Fjöldi eininga sýndareigna eða peningagildi sýndareignar. Ef verðið er gefið upp í undirþáttum sýndareignarinnar skal engu að síður skrá það með tugastaf af verðinu sem gefið er upp í einingum sýndareignarinnar. Upplýsingar sem veittar eru í þessum reit skulu vera í samræmi við gildin sem tilgreind eru í reitum 31 og 32.	{DECIMAL-18/17} ef magnið er gefið upp sem fjöldi eininga {DECIMAL-18/5} ef magnið er gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði
30	Gjaldmiðill magns	Gjaldmiðill sem magnið er gefið upp í. Á aðeins við ef magnið er gefið upp sem nafnvirði eða peningagildi. Magnið skal vísa til eininga sýndareigna, jafnvel ef viðskiptin eru tilgreind í undirþáttum sýndareignarinnar. Ef viðskipti eru með sýndareignina í rafeyri/rafeyristóka skal nota auðkenni fyrir stafræna tóka eða annað auðkenni, eins og tilgreint er í 15. gr.	{CURRENCYCODE_3} {DTI} {ALPHANUM-20}
31	Verð	Verð sem viðskiptin fara fram á að undanskildum, ef við á, þóknunum, öllum öðrum gjöldum og áföllnum vöxtum. Ef verslað er með sýndareign á grundvelli gjaldmiðlapars skal verðið gefið upp sem magn mótmyntar fyrir hverja einingu grunngjaldmiðils. Ef verðið er gefið upp í undirþáttum sýndareignarinnar skal engu að síður skrá það með tugastaf af verðinu sem gefið er upp í einingum sýndareignarinnar. Sé verðið skráð sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Eigi verð ekki við skal gildið vera „NOAP“. Upplýsingar sem skráðar eru í þennan reit skulu vera í samræmi við gildin sem tilgreind eru í reit 30.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningafjárhæð {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem prósenta eða ávöxtun {DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum „NOAP“ ef verð á ekki við.

Nr. reits	Reitur	Innihald sem ber að skrá	Ítarupplýsingar um færslugögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
32	Gjaldmiðill verðs	Gjaldmiðillinn sem verðið er gefið upp í (á við ef verðið er gefið upp sem peningafjárhæð). Ef verð sýndareignarinnar er tilgreint í fjárhæðum og í gjaldmiðlapari skal tilkynna í hvaða gjaldmiðlapari verð sýndareignarinnar sem tengist tilboðinu er tilgreint í. Fyrri gjaldmiðilskóðinn skal vera grunngjaldmiðillinn og sá síðari skal vera mótmyntin. Mótmyntin ákvarðar verð einnar einingar grunngjaldmiðilsins. Nota skal gjaldmiðilskóða og stuttnefni auðkennis fyrir stafræna tóka eins og skráð er í samræmi við gagnastök ISO-staðals 24165-2 að því er varðar skráningu á auðkenni fyrir stafræna tóka eða annað auðkenni sem um getur í 15. gr. til að gefa til kynna löglegan gjaldmiðil og sýndareign í gjaldmiðlaparinu, eftir því sem við á.	{CURRENCYCODE_3} {DTI} {ALPHANUM-20} Nota ætti {CURRENCYCODE_3} fyrir löglega gjaldmiðla í gjaldmiðlapari Nota ætti {DTI_SHORT_NAME} fyrir sýndareignir í gjaldmiðlapari „NOAP“
33	Viðskiptavettvangur fyrir sýndareignir	Auðkenning viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir þar sem viðskiptin voru framkvæmd. Nota skal ISO 10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta fyrir viðskipti sem eru framkvæmd á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir. Sé markaðsauðkenniskóði markaðshluta ekki fyrir hendi skal nota markaðsauðkenniskóða rekstraraðila (e. *operating MIC*). Nota skal markaðsauðkenniskóðann „XOFF“ fyrir sýndareignir sem teknar hafa verið til viðskipta eða verslað er með á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir eða sem beiðni um töku til viðskipta hefur verið lögð fram fyrir, ef viðskipti með sýndareignina voru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir. Nota skal markaðsauðkenniskóðann „XXXX“ fyrir sýndareignir sem hafa ekki verið teknar til viðskipta eða ekki er verslað með á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir eða ekki hefur verið sótt um töku til viðskipta fyrir.	{MIC}
34	Land þar sem útibú á aðild	Kóði til að auðkenna land þess útibús þjónustuveitanda sýndareigna sem átti þá aðild að viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir sem notuð var til að framkvæma viðskiptin. Ef aðild útibús að viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir var ekki notuð skal í þessum reit tilgreina landskóða heimaaðildarríkis þjónustuveitanda sýndareigna eða landskóða landsins þar sem höfuðstöðvar eða skráð skrifstofa fyrirtækisins hefur staðfestu (sé um að ræða fyrirtæki í þriðja landi). Einungis skal fylla þennan reit út fyrir markaðshlið viðskipta sem framkvæmd á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir.	{COUNTRYCODE_2}
35	Fyrirframgreiðsla	Peningagildi fyrirframgreiðslu sem seljandinn tekur við eða greiðir. Taki seljandinn við fyrirframgreiðslunni skal gildið sem fært er inn vera jákvætt. Inni seljandinn fyrirframgreiðsluna af hendi skal gildið sem fært er inn vera neikvætt.	{DECIMAL-18/5}

Nr. reits	Reitur	Innihald sem ber að skrá	Ítarupplýsingar um færslugögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
36	Gjaldmiðill fyrirframgreiðslu	Gjaldmiðill fyrirframgreiðslunnar.	{CURRENCYCODE_3} {DTI} {ALPHANUM-20}
37	Auðkenni þáttar í fjölþættum viðskiptum	Innra auðkenni hjá þjónustuveitanda sýndareigna til að auðkenna allar viðskiptaskrár sem tengjast sömu framkvæmd á samsetningu sýndareigna. Kóðinn verður að vera einkvæmur á stigi fyrirtækisins fyrir þá samstæðu af viðskiptaskrám sem tengjast framkvæmdinni.	{ALPHANUM-35}
38	Auðkenniskóði sýndareigna	Kóði til að auðkenna sýndareign. Þessi reitur á við um sýndareignir sem óskað hefur verið eftir að teknar verði til viðskipta, sem teknar hafa verið til viðskipta eða viðskipti hafa verið með á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir.	{DTI} {ALPHANUM-20}
39	Fullt heiti sýndareignar	Fullt heiti sýndareignarinnar.	{ALPHANUM-350}
40	Flokkun sýndareigna	Flokkunarfræði sem er notuð til að flokka sýndareign. eða Fullgerður og réttur CFI-kóði skal lagður fram ef hann liggur fyrir.	Eignatengdur tóki Rafeyristóki Annað {CFI_CODE}
41	Fjárfestingarákvörðun hjá þjónustuveitanda sýndareigna	Kóði til að auðkenna einstaklinginn eða algrímið innan þjónustuveitanda sýndareigna sem tekur fjárfestingarákvörðunina. Kóðinn skal vera eins fyrir hvert safn kóða eða viðskiptastefnu sem algrímið samanstendur af og notaður með samræmdum hætti þegar vísað er til algrímsins eða útgáfu af algríminu eftir að honum hefur verið úthlutað. Fyrir einstaklinga skal nota auðkennið sem tilgreint er í 9. gr. Ef fjárfestingarákvörðun var tekin af algrími sem ákvarðar sjálfkrafa stakar breytur fyrirmæla, þ.m.t. ákvörðun um að setja tilboð af stað eða ákvarða tímasetningu þess, verð eða magn, skal reiturinn fylltur út eins og fram kemur í 8. gr. Þessi reitur á aðeins við um fjárfestingarákvörðun innan fyrirtækisins. Séu viðskiptin vegna miðlaðra fyrirmæla sem hafa uppfyllt skilyrðin fyrir miðlun sem sett eru fram í 11. gr. skal móttökufyrirtækið fylla út þennan reit í færslu sinni og nota til þess upplýsingarnar sem berast frá miðlunarfyrirtækinu.	{NATIONAL_ID} – einstaklingar {ALPHANUM-50} – algrím

Nr. reits	Reitur	Innihald sem ber að skrá	Ítarupplýsingar um færslugögn sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
42	Land útibúsins sem ber ábyrgð á einstaklingnum sem tekur fjárfestingar-ákvörðunina.	Kóði til að auðkenna landið þar sem útibú þjónustuveitanda sýndareigna er staðsett fyrir einstaklinginn sem tekur fjárfestingarákvörðun, eins og sett er fram í 16. gr. Ef útibú hefur ekki eftirlit með einstaklingnum sem tók fjárfestingarákvörðun skal reiturinn innihalda landskóða heimaaðildarríkis þjónustuveitanda sýndareigna eða landskóða aðildarríkisins þar sem skráð skrifstofa þjónustuveitanda sýndareigna hefur staðfestu. Séu viðskiptin vegna miðlaðra fyrirmæla sem hafa uppfyllt skilyrðin fyrir miðlun sem sett eru fram í 11. gr. skal móttökufyrirtækið fylla út þennan reit í færslu sinni og nota til þess upplýsingarnar sem berast frá miðlunar-fyrirtækinu. Þessi reitur skiptir ekki máli ef fjárfestingarákvörðunin var gerð með algrími sem ákvarðar stakar tilboðsbreytur sjálfkrafa, þ.m.t. hvort hefja eigi tilboðið eða ákvarða tímasetningu þess, verð eða magn.	{COUNTRYCODE_2}
43	Framkvæmd innan fyrir-tækis	Kóði sem notaður er til að auðkenna einstakling eða algrím sem ákvarðar sjálfkrafa stakar breytur innan þjónustuveitanda sýndareigna vegna framkvæmdar tilboða, þ.m.t. ákvörðunina um að setja af stað tilboð eða ákvarða tímasetningu þess, verð eða magn. Fyrir einstaklinga skal nota auðkennið sem tilgreint er í 9. gr. Ef framkvæmd er gerð af algrími sem ákvarðar sjálfkrafa stakar breytur fyrirmæla, þ.m.t. ákvörðun um að setja af stað tilboð eða ákvarða tímasetningu þess, verð eða magn, skal reiturinn fylltur út eins og fram kemur í 8. gr.	{NATIONAL_ID} – einstaklingar {ALPHANUM-50} – algrím CLIENT – viðskiptavinur
44	Land útibúsins sem hefur eftirlit með einstaklingnum sem ákvarðar skilyrði fyrir framkvæmdinni.	Kóði til að auðkenna landið þar sem útibú þjónustuveitanda sýndareigna er staðsett fyrir einstaklinginn sem ákvarðar framkvæmd viðskiptanna eins og sett er fram í 16. gr. Ef útibú hafði ekki eftirlit með einstaklingi sem bar ábyrgð skal reiturinn innihalda landskóða heimaaðildarríkis þjónustuveitanda sýndareigna eða landskóðanum þar sem skráð skrifstofa þjónustuveitanda sýndareigna hefur staðfestu. Þessi reitur skiptir ekki máli ef framkvæmdin var gerð með algrími sem ákvarðar stakar tilboðsbreytur sjálfkrafa, þ.m.t. ákvörðun um að hefja tilboðið eða ákvarða tímasetningu þess, verð eða magn.	{COUNTRYCODE_2}
45	Skortsöluvísir	Auðkenni til að tilgreina sölu sýndareignar sem seljandi á ekki þegar sölusamningur er gerður, þ.m.t. sala þar sem seljandi hefur, við gerð sölusamnings, fengið lánuð eða samþykkt að fá lánuð hlutabréf eða skuldagerning til afhendingar við uppgjör.	„rétt“ „rangt“

4. ÞÁTTUR

Gögn innan keðju

Tafla 4

Ítarupplýsingar um gögn innan keðju sem á að geyma

Nr. reits	Reitur	Innihald sem ber að skrá	Ítarupplýsingar sem ber að veita lögbæru yfirvaldi
1	Viðskiptatæti	Auðkenni sem auðveldar einkvæma auðkenningu á tiltekinni viðskiptafærslu sem á sér stað í netkerfinu.	{ALPHANUM-140}
2	Vistföng veskja	Kóði sem auðkennir á einkvæman hátt veski sem tilheyrir kaupanda/seljanda og sýndareignin er flutt í.	{ALPHANUM-140}
3	Vistföng snjallsamninga	Kóði sem auðkennir vistfang snjallsamnings á einkvæman hátt.	{ALPHANUM-140}
4	Tímastimpill	Tímastimpill við stofnun blokkar.	{DATE_TIME_FORMAT}
5	Magn/núverandi heildarframboð	Hlutfallið milli yfirfærðs magns og núverandi breytilegar fjárhæðar eignarinnar.	
6	Auðkenniskóði tóka	Auðkenni fyrir stafræna tóka.	{DTI}
7	Netgjald	Gjöld sem greiða þarf til að standa straum af kostnaði við stofnun nýrrar blokkar.	
8	Gjaldmörk	Þetta er hámarksfjárhæð „netgjalda“ sem notandi í keðjunni er tilbúinn að greiða fyrir framkvæmd tiltekinnar viðskiptafærslu.	
9	Gagnastærð	Þessi reitur tengist við reit 8. Viðskiptafærsla innan keðju getur innihaldið „fylgiskjöl“ í sérstökum gagnareit sem hafa áhrif á þau „netgjöld“ sem þarf til að vinna viðskiptafærsluna.	
10	Til	Einkvæm auðkenni fyrir kaupanda og seljanda eru að jafnaði mynduð með dreifðri færsluskrártækni á grundvelli vistfanga veskja kaupanda/seljanda.	{ALPHANUM-140}
11	Frá	Einkvæmt auðkenni fyrir seljanda, að jafnaði myndað með dreifðri færsluskrártækni á grundvelli vistfanga veskja seljenda.	{ALPHANUM-140}
12	Gjaldmiðill	Gjaldmiðilskóði.	{CURRENCYCODE_3} {DTI}
13	Númer viðskiptaskrár	Auðkennisnúmer skráð í reit 2 í 3. þætti, sem er einkvæmt fyrir framkvæmdarfyrirtækið fyrir hverja skráningu til að tryggja að hægt sé að koma á tengingu milli skýrslu innan keðju og skýrslu utan keðju.	{ALPHANUM-140}

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1141 **2026/EES/19/23**

frá 27. febrúar 2025

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur varðandi stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra fyrir útgefendur eignatengdra tóka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 5. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Útgefendur eignatengdra tóka þurfa að innleiða og viðhalda skilvirkum stefnum og verklagsreglum til að greina, koma í veg fyrir, stýra og upplýsa um hagsmunaárekstra milli sín og tiltekinna flokka aðila, skv. 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Við framkvæmd og viðhald á stefnum og verklagsreglum skv. 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 ættu útgefendur eignatengdra tóka að taka mið af meðalhófsreglunni til að tryggja að stefnurnar og verklagsreglurnar taki tillit til stærðar þeirra, innra skipulags, viðskiptalíkans, eðlis, umfangs og flækjustigs starfseminnar, séu í samræmi við, eftir atvikum, stefnur samstæðu og nægjanlegar til að ná markmiðum þeirrar greinar fram á skilvirkan hátt.

2) Hagsmunaárekstrar stafa af margs konar aðstæðum, tengslum og samböndum þar sem hagsmunir útgefanda eignatengdra tóka, eigenda hans, starfsfólks hans, stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar, hagsmunaaðila, eininga sem tilheyra sömu samstæðu og útgefandi eignatengdra tóka og annarra hagsmunaaðila geta verið ólíkir þegar eignatengdir tókar eru gefnir út, gerðir aðgengilegir almenningi og þeim stýrt. Þegar útgefendur eignatengdra tóka ákveða hvers konar aðstæður og málavextir ættu að falla undir stefnur þeirra og verklagsreglur um hagsmunaárekstra ættu útgefendur eignatengdra tóka að taka tillit til allra aðstæðna sem kunna að hafa áhrif á eða gera má ráð fyrir að hafi áhrif á getu útgefanda eignatengdra tóka eða allra aðila sem tengjast útgefanda eignatengdra tóka til að taka óhlutdrægar og hlutlægar ákvarðanir.

3) Grundvallaratriði fyrir starfsemi útgefenda eignatengdra tóka er að tryggja trausta stjórnarhætti og stjórnun þeirra og til að tryggja traust á þessum hluta fjármálamarkaðsins. Af þessum sökum ættu stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra að fjalla sérstaklega um þá árekstra sem geta komið í veg fyrir að fulltrúar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar taki hlutlægar og óhlutdrægar ákvarðanir sem miða að því að vera í þágu útgefanda eignatengdra tóka, en einnig í þágu eigenda eignatengdra tóka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1141, 10.6.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2025 frá 24. október 2025 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 12.2.2026, bls. 33.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

4) Varasjóður eigna er lykilþátturinn í eignatengdum tókum og traust stjórnun hans stuðlar að því að vernda eigendur eignatengdra tóka. Þegar útgefendur eignatengdra tóka auðkenna, koma í veg fyrir, stýra og upplýsa um hagsmunaárekstra ættu útgefendur þeir að taka tillit til hugsanlegra hagsmunaárekstra sem stafa af stýringu og fjárfestingum þess varasjóðs eigna sem um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og stefna og verklagsreglur útgefenda eignatengdra tóka ættu að ná yfir þessa þætti. Eins ættu útgefendur eignatengdra tóka að taka tillit til hugsanlegra hagsmunaárekstra við þriðju aðila sem veita þjónustu í tengslum við rekstur, fjárfestingar eða vörslu á varasjóðseignum og, eftir atvikum, annast dreifingu eignatengdra tóka til almennings. Af sömu ástæðu ættu útgefendur eignatengdra tóka að koma á fót, framkvæma og viðhalda ráðstöfunum til að tryggja að þriðji aðili, sem gegnir einu af þeim störfum sem um getur í h-lið 5. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, starfi í samræmi við stefnur sínar og verklagsreglur um hagsmunaárekstra.

5) Útgefendur eignatengdra tóka ættu, í stefnum sínum og verklagsreglum um hagsmunaárekstra skv. 1. mgr. 32. gr. (ESB) 2023/1114, að taka tillit til raunverulegra og hugsanlegra hagsmunaárekstra sem hafa áhrif, eða geta haft áhrif, á hagsmuni eigenda eignatengdra tóka sem og hagsmuni útgefanda eignatengdra tóka, þ.m.t. hagsmunaárekstra sem kunna að hafa áhrif á árangur og stöðu hans og þar með einnig óbeint haft áhrif á hagsmuni eigenda og tilvonandi eigenda eignatengdra tóka.

6) Til að tryggja að hagsmunir eigenda, tilvonandi eigenda og útgefenda eignatengdra tóka séu nægilega verndaðir ætti útgefandi eignatengdra tóka að leggja mat á hvers kyns raunverulega og hugsanlega hagsmunaárekstra og koma á og innleiða viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þá eða draga úr þeim eins snemma og auðið er.

7) Viðskipti sem snúast um skipti á eignatengdum tókum fyrir fjármagn eða aðrar sýndareignir, þ.m.t. innlausn á eignatengdum tókum ef útgefandi eignatengds tóka er einn af viðskiptaaðilum, fela í sér aukna hættu á hagsmunaárekstrum og því ætti að meta þau vandlega með tilliti til þess hvort þau geti verið skaðleg fyrir útgefanda eignatengds tóka, ef viðskiptin eru framkvæmd fyrir hönd aðila sem tengjast útgefanda eignatengda tókans á beinan eða óbeinan hátt.

8) Þar sem hvatar sem gert er ráð fyrir í verklagsreglum, stefnum og fyrirkomulagi um starfskjör geta leitt til hagsmunaárekstra ætti að hafa eftirlit með þeim til að koma í veg fyrir að þeim sé beitt á rangan hátt, sem væri skaðlegt fyrir útgefanda eða eigendur eignatengdra tóka.

9) Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem skaða útgefanda eignatengdra tóka ættu stefnurnar og verklagsreglurnar, skv. 1. mgr. 32. gr. (ESB) 2023/1114, að tryggja varfærið eftirlit með aðstæðum þar sem aðilar sem tengjast útgefendum eignatengdra tóka hafa persónuleg, fagleg eða stjórnmálaleg tengsl við annan aðila sem hefur hagsmuni sem rekast á við hagsmuni útgefanda. Slík tengsl gætu hugsanlega haft áhrif á hlutlægni eða dómgreind útgefenda eignatengdra tóka og aðila sem tengjast þeim. Persónuleg tengsl ættu að fela í sér tengsl milli skyldmenna eða venslafólks, eða félagsleg tengsl sem takmarkast hvorki við sambúð eða hjúskap. Stjórnmálaleg tengsl ættu að fela í sér aðild að stjórnmálaflokkum eða tengsl við stjórnvöld eða aðra opinbera embættismenn. Fagleg tengsl ættu að taka til tengsla í faglegu umhverfi, svo sem í vinnunni eða í viðskiptalegu samhengi.

10) Til að tryggja traust á útgefanda eignatengdra tóka, sem og til að verja útgefandann fyrir orðsporsskaða eða lagalegri áhættu í aðstæðum þar sem hættan á hagsmunaárekstrum er sérstaklega mikil og ekki er hægt að koma í veg fyrir hana eða stýra henni á viðeigandi hátt með samþykktum stefnum og verklagsreglum, þ.m.t. innri kerfum og stjórntækjum, ætti að ákveða og innleiða aðrar sértækar ráðstafanir til viðbótar til að koma í veg fyrir eða stýra viðkomandi hagsmunaárekstri.

11) Til að tryggja að stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 séu ávallt innleiddar, þeim viðhaldið og þær endurskoðaðar á viðeigandi hátt ættu þær að tryggja að nægileg tilföng séu til staðar til stýringar hagsmunaárekstra og að starfsfólk sem stýrir hagsmunaárekstrum hjá útgefanda eignatengdra tóka sé óháð starfsemi útgefandans. Slíkt sérhæft starfsfólk ætti einnig að hafa nauðsynlega færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu. Sá sem ber ábyrgð á að stýra hagsmunaárekstrum ætti að geta haft aðgang að og heyra beint undir stjórn og/eða framkvæmdastjórn í stjórnunarhlutverki sínu og, eftir atvikum, í eftirlitshlutverki sínu. Stefnur og verklagsreglur ættu að gera ráð fyrir að sá sem ber ábyrgð á stýringu hagsmunaárekstra geti varið nægum tíma í hlutverk sitt og að viðkomandi hafi ávallt nægileg tilföng tiltæk til að innleiða, beita, hafa eftirlit með og endurskoða stefnurnar og verklagsreglurnar á viðeigandi hátt, til að tryggja skilvirka ráðstöfun og stjórnun tilfanga sem ætluð eru til stýringar hagsmunaárekstra.

12) Til að tryggja að eigendur og tilvonandi eigendur eignatengdra tóka geti tekið upplýsta ákvörðun um þá ættu útgefendur eignatengdra tóka að halda upplýsingunum sem voru birtar eiganda eignatengdra tóka, í samræmi við 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, uppfærðum og veita lýsingu á þeim hagsmunaárekstrum sem greindir hafa verið og þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að stýra eða koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

13) Til að gera eigendum eignatengdra tóka ljóst í hvaða hlutverki eða hlutverkum útgefandi eignatengdra tóka starfar, einkum þar sem útgefandinn kann oft að vera í nánu samstarfi við tengdar einingar eða einingar innan sömu samstæðu, ættu upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 að fela í sér nægilega ítarlega, nákvæma og skýra lýsingu á þeim aðstæðum sem leiða til eða geta leitt til hagsmunaárekstra, þ.m.t. því hlutverki sem útgefandi eignatengdra tóka gegnir og hvort útgefandi eignatengdra tóka sé hluti samstæðu sem samanstendur einnig af þjónustuveitendum sýndareigna.

14) Af sömu ástæðu, sem og til að tryggja viðeigandi fjárfestavernd, ættu eigendur og tilvonandi eigendur eignatengdra tóka að hafa aðgengi að upplýsingunum, sem um getur í 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, á tungumáli sem þeir þekkja. Útgefendur eignatengdra tóka ættu því að gera slíkar upplýsingar aðgengilegar á opinberu tungumáli heimaaðildarríkisins, eins og skilgreint er í d-lið 33. liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, og á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum. Þegar þessi reglugerð er samþykkt er enska venjubundna tungumálið í alþjóðafjármálageiranum en það gæti breyst í framtíðinni.

15) Vinnsla útgefenda eignatengdra tóka á persónuupplýsingum, þ.m.t. upplýsinga sem er safnað vegna stefnu og verklagsreglna um hagsmunaárekstra sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ætti að fara fram í samræmi við rétt til verndar persónuupplýsinga viðkomandi einstaklinga, eins og sett er fram í 7. og 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, og verður að hlíta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

16) Stefnurnar og verklagsreglurnar um hagsmunaárekstra, sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eins og nánar er tilgreint í tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ættu að kveða á um miðlun persónuupplýsinga ef nauðsyn krefur og samrýmist meðalhófi til að tryggja að hagsmunaárekstrar sem geta skaðað eigendur eignatengdra tóka eða útgefendur eignatengdra tóka séu greindir, komið sé í veg fyrir þá, þeim stýrt og um þá veittar upplýsingar með fullnægjandi hætti, að teknu tilliti til grundvallarréttinda hlutaðeigandi einstaklinga til einkalífs og verndar persónuupplýsinga þeirra. Í samræmi við meginregluna um lágmörkun gagna, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/679, ættu útgefendur eignatengdra tóka að tilgreina hvaða flokka persónuupplýsinga þeir muni vinna til að greina, koma í veg fyrir og stýra hagsmunaárekstrum í stefnum sínum og verklagsreglum sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, á þann hátt sem hentar stærð þeirra og innra skipulagi, samstæðunni eftir atvikum, viðskiptalíkani og eðli, umfangi og flækjustigi starfseminnar. Tæknilegu eftirlitsstaðlarnir sem settir eru fram í þessari reglugerð tilgreina viðmiðanir til að greina þá flokka persónuupplýsinga sem eru nauðsynlegar og samrýmast meðalhófi til að tryggja að hagsmunaárekstrar sem geta skaðað eigendur eða útgefendur eignatengdra tóka séu greindir, komið sé í veg fyrir þá, þeim stýrt og um þá veittar upplýsingar með fullnægjandi hætti, með hliðsjón af áhættu fyrir grundvallarréttindi til einkalífs og vernd persónuupplýsinga einstaklinganna sem um getur í a- til d-lið og f-lið 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

17) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

18) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]).

19) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([4]) og skilaði hún áliti 17. júlí 2024.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „tengdur aðili“: hver sá aðili sem um getur í a- til d-lið og f-lið 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

b) „samstæða“: samstæða eins og hún er skilgreind í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([5]).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/34/oj).

2. gr.

Hagsmunaárekstrar sem geta skaðað útgefanda eignatengdra tóka

1. Stefnurnar og verklagsreglurnar sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 til að greina, koma í veg fyrir, stýra og upplýsa um hagsmunaárekstra sem geta skaðað útgefanda eignatengdra tóka skulu tilgreina aðstæðurnar sem geta haft bein eða óbein áhrif á hlutlægni og óhlutdrægni tengdra aðila við að sinna skyldum sínum og ábyrgð. Slíkar stefnur og verklagsreglur skulu taka tillit til aðstæðna eða tengsla þar sem tengdur aðili:

a) hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta í einstaklingi, aðila eða einingu sem stangast á við hagsmuni útgefanda eignatengdra tóka,

b) hefur skyldum að gegna gagnvart einstaklingi, aðila eða einingu sem stangast á við hagsmuni útgefanda eignatengdra tóka,

c) er undir eftirliti yfirmanns sem hefur hagsmuni sem stangast á við hagsmuni útgefanda eða eigenda eignatengdra tóka,

d) hefur persónuleg, fagleg eða stjórnmálaleg tengsl við einstakling, aðila eða einingu sem á hagsmuna að gæta sem stangast á við hagsmuni útgefanda eignatengdra tóka eða hefur haft slík tengsl innan næstliðinna 3 ára frá því að matið er gert,

e) stundar starfsemi í samkeppni við útgefanda eignatengdra tóka, þ.m.t. starfsemi sem ráðgefandi sérfræðingur, ráðgjafi, verkefnistaki, verktaki, þriðji aðili sem er þjónustuveitandi, undirverktaki eða annar afhendingaraðili einstaklings, aðila eða einingar sem stundar sömu starfsemi og útgefandi eignatengdra tóka.

2. Að því er varðar sviðsmyndirnar sem settar eru fram í 1. mgr. skulu útgefendur eignatengdra tóka taka tillit til þess hvort þessir einstaklingar, aðilar eða einingar:

a) séu líkleg til að njóta fjárhagslegs ávinnings eða komast hjá fjárhagslegu tapi á kostnað útgefanda eignatengdra tóka,

b) hafi hagsmuna að gæta vegna árangurs af starfsemi sem er stunduð eða afleiðinga ákvörðunar sem útgefandi eignatengdra tóka tekur og hagsmunirnir stangast á við hagsmuni útgefanda eignatengdra tóka.

3. Að því er varðar greiningu á fjárhagslegu hagsmununum, sem um getur í a-lið 1. mgr., skulu útgefendur eignatengdra tóka taka tillit til aðstæðna þar sem tengdur aðili, sem er fulltrúi stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar eða starfsmaður útgefanda:

a) hefur eignarrétt og tóka (þ.m.t. stjórnunartóka) eða á aðild að þeim einstaklingi, aðila eða einingu,

b) hefur einhvers konar skuld gagnvart viðkomandi einstaklingi, aðila eða einingu,

c) hefur einhvers konar samningsbundið fyrirkomulag við viðkomandi einstakling, aðila eða einingu sem tengist starfseminni sem reglur hafa verið settar um í reglugerð (ESB) 2023/1114.

4. Stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra skulu tryggja að viðskipti sem fela í sér skipti á eignatengdum tókum, sem útgefandi eignatengdra tóka hefur gefið út, fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir, þ.m.t. innlausn eignatengdra tóka, falli undir gaumgæfilega athugun og eftirlit með tilliti til þeirra aðstæðna sem þau eru gerð við, ef útgefandinn er einn af viðskiptaaðilum og viðskiptin eru gerð fyrir hönd einhvers eftirfarandi aðila:

a) fulltrúa stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar útgefanda eða starfsmanns sem getur samið um eða undirritað samninga fyrir hönd útgefenda,

b) aðila sem tengist einstaklingnum, sem um getur í a-lið, sem hér segir:

   i. maki, sambúðarmaki, barn eða foreldri,

   ii. ættingi sem hefur búið á sama heimili og viðkomandi í a.m.k. eitt ár innan næstliðinna 5 ára frá viðskiptadegi,

   iii. fyrirtæki þar sem einstaklingur, sem um getur í a-lið eða i. lið b-liðar og ii. lið b-liðar, á virkan eignarhlut upp á 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti eða þar sem viðkomandi einstaklingar gegna lykilhlutverkum, eins og skilgreint er í 9. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([6]), gegna stöðum háttsettra yfirmanna eða eru fulltrúar í stjórn og/eða framkvæmdastjórn,

c) aðila sem einstaklingar, sem um getur í a- eða b-lið, hafa verulegra beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta að því er varðar niðurstöðu eða skilyrði viðskipta, annarra en að fá gjald eða þóknun fyrir framkvæmd þeirra.

3. gr.

Hagsmunaárekstrar sem geta skaðað eiganda eignatengdra tóka

1. Stefnurnar og verklagsreglurnar, sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, til að greina, koma í veg fyrir, stýra og upplýsa um hagsmunaárekstra sem geta skaðað eigendur eignatengdra tóka skulu fjalla um hagsmunaárekstra sem skapast við útgáfu, vinnslu og innlausn á eignatengdum tókum eða við fjárfestingu eða stýringu varasjóðsins, sem um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, og skulu ná yfir eftirfarandi aðstæður:

a) tengdur einstaklingur er líklegur til að hafa fjárhagslegan ávinning, forðast fjárhagstjón eða hljóta annars konar ávinning á kostnað eiganda eignatengdra tóka,

b) tengdur einstaklingur hefur hagsmuni af afrakstri af starfsemi sem fer fram í þágu eiganda eignatengdra tóka, þ.m.t. innlausn tóka, sem er aðskilin hagsmunum eiganda eignatengdra tóka.

2. Þegar útgefendur eignatengdra tóka eru greindir með tilliti til þeirra hagsmunaárekstra sem skapast við starfsemina, sem um getur í 1. mgr., skulu útgefendur eignatengdra tóka leggja mat á hvort þeir eða fulltrúi stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar þeirra eða starfsmaður þeirra fái eða muni fá söluhvata frá öðrum aðilum en eiganda eignatengdra tóka í tengslum við starfsemina í formi peningalegs eða ópeningalegs ávinnings eða þjónustu á þann hátt sem gæti verið skaðlegt hagsmunum eiganda eignatengdra tóka.

4. gr.

Stefnur og verklagsreglur

1. Stefnurnar og verklagsreglurnar, sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skulu settar fram skriflega og endurspegla stærð, flækjustig og eðli eignatengda tókans og umfang starfseminnar sem útgefandi eignatengdra tóka sinnir og samstæðunnar sem hann tilheyrir.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/36/oj).

2. Stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda eignatengdra tóka skal bera ábyrgð á skilgreiningu, samþykkt og framkvæmd þessara stefna og verklagsreglna. Hún skal reglulega greina og bæta úr annmörkum á skilvirkni þessara stefna og verklagsreglna.

3. Útgefendur eignatengdra tóka skulu koma á fót skilvirkum innri samskiptaleiðum til að upplýsa starfsfólk og fulltrúa stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar og veita þeim áframhaldandi aðgang að stefnu sinni og verklagsreglum um hagsmunaárekstra og veita viðeigandi uppfærða þjálfun um stefnurnar og verklagsreglurnar um hagsmunaárekstra.

Útgefendur eignatengdra tóka skulu koma á fót skilvirkum ytri samskiptaleiðum til að upplýsa þriðju aðila um stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra.

4. Ef útgefandi eignatengdra tóka er aðili að samstæðu skulu stefnurnar og verklagsreglurnar, sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ná yfir hagsmunaárekstra milli útgefanda og annarra eininga samstæðunnar.

5. Stefnurnar og verklagsreglurnar, sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skulu innihalda:

a) lýsingu á þeim aðstæðum sem geta leitt til hagsmunaárekstra í samræmi við 2. og 3. gr.,

b) ferlin sem á að beita til að greina, koma í veg fyrir, stýra og upplýsa um hagsmunaárekstrana sem um getur í 2. og 3. gr.

6. Í ferlunum sem um getur í 5. mgr. skal gerður greinarmunur á hagsmunaárekstrum sem eru viðvarandi og þarfnast varanlegrar stjórnunar og hagsmunaárekstrum sem eru tilfallandi og draga þarf úr með sértækum ráðstöfunum í hverju tilviki fyrir sig.

7. Ferlin, sem um getur í 5. mgr., skulu innihalda lýsingu á öllu eftirfarandi:

a) skilvirkum ferlum til að tilkynna tafarlaust og miðla gegnum viðeigandi innri tilkynningarleiðir öllum málum sem kunna að leiða eða hafa leitt til hagsmunaáreksturs,

b) skilvirkum ferlum til að koma í veg fyrir og stjórna upplýsingaskiptum milli tengdra aðila sem stunda starfsemi þar sem hagsmunaárekstrar geta komið upp, ef skipti á upplýsingunum geta skaðað hagsmuni eiganda eignatengdra tóka eða haft áhrif á framkvæmd á skyldum og ábyrgð tengda aðilans,

c) ráðstöfunum til að tryggja að starfsemi eða viðskiptum sem stangast á sé úthlutað, eftir því sem unnt er, til mismunandi aðila innan sama útgefanda eignatengdra tóka eða að þau falli á annan hátt undir markvisst eftirlit og ráðstafanir sem hafa sömu áhrif,

d) ráðstöfunum til að tryggja að komið sé í veg fyrir að tengdir aðilar sem sinna utanaðkomandi starfsemi sem tengist útgefanda eignatengdra tóka hafi óviðeigandi áhrif innan útgefanda eignatengdra tóka að því er þá starfsemi varðar,

e) ráðstöfunum til að tryggja að tekið sé á hættu á hagsmunaárekstrum á vettvangi stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar eða ábyrgrar nefndar. Ráðstafanirnar skulu tryggja að nefndarmenn eða fulltrúar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar eigi ekki í hagsmunaárekstrum og veita fullnægjandi leiðbeiningar um greiningu og stýringu hagsmunaárekstra sem kunna að hafa áhrif á getu fulltrúa stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar til að taka hlutlægar og óhlutdrægar ákvarðanir í þágu útgefanda eignatengdra tóka,

f) ráðstöfunum til að tryggja að fulltrúum stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar sé falið að upplýsa aðra fulltrúa og sitja hjá við atkvæðagreiðslu um öll mál þar sem aðilar eiga eða kunna að eiga hagsmunaárekstra að gæta eða þar sem hlutlægni aðilanna eða geta til að sinna skyldum sínum á tilhlýðilegan hátt yrði annars stofnað í hættu,

g) ráðstöfunum til að tryggja að komið sé í veg fyrir að fulltrúar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar gegni stjórnunar- eða eftirlitshlutverki hjá samkeppnisútgefendum eignatengdra tóka.

8. Ef stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra eru ekki nóg til að koma í veg fyrir eða draga út hættunni á skaða fyrir eigendur eignatengdra tóka eða útgefanda eignatengdra tóka skal útgefandinn breyta stefnum og verklagsreglum til að bæta úr hugsanlegum annmörkum.

9. Í stefnunum og verklagsreglunum, sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal kveðið á um að útgefendur eignatengdra tóka haldi skrár og skjalfesti þær gerðir starfsemi eða aðstæðna sem leiða til eða geta leitt til hagsmunaárekstranna sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. og þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að koma í veg fyrir eða draga úr slíkum árekstrum, fyrir hverja gerð starfsemi eða aðstæðna. Skrárnar skulu geymdar í fimm ár.

10. Stefnurnar og verklagsreglurnar, sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skulu tryggja að útgefandi eignatengdra tóka auðkenni eða fái tilkynningu um viðskiptin sem um getur í 4. mgr. 2. gr. áður en ákvörðun um framkvæmd viðskiptanna og skilyrði fyrir þeim er tekin. Ákvæði þessara stefna og verklagsreglna skulu einnig tryggja að ákvarðanir um slík viðskipti séu teknar á hlutlægan hátt, í þágu beggja aðila og að skilyrðin fyrir viðskiptunum séu þau sömu og skilyrðin sem gilda milli óháðra aðila vegna sömu viðskipta ef ekki væri um hagsmunaárekstra að ræða.

11. Í tengslum við viðskiptin sem um getur í 4. mgr. 2. gr., skulu stefnurnar og verklagsreglurnar sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 tryggja að:

a) ákvarðanatökuferli um að ganga til viðskiptanna hafi verið sett fram og að viðmiðunarfjárhæðir, sýndar sem magn viðskiptanna, hafi verið settar og að stjórn og/eða framkvæmdastjórn verði að samþykkja slík viðskipti ef þau fara yfir þessi mörk,

b) starfsfólk og fulltrúar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar séu upplýst um þær reglur sem gilda um viðskiptin og um þær ráðstafanir sem útgefandi eignatengdra tóka hefur gripið til í tengslum við þau,

c) útgefanda eignatengdra tóka sé tilkynnt um öll slík viðskipti án tafar,

d) haldin sé skrá yfir viðskipti sem hafa verið tilkynnt til eða tilgreind af útgefanda eignatengdra tóka, þar sem dagsetning og tími viðskiptanna, skilyrði, magn þeirra, mótaðilinn og allar heimildir eða bönn í tengslum við viðskiptin eru skráð.

5. gr.

Stefnur og verklagsreglur í tengslum við starfskjör

Útgefendur eignatengdra tóka skulu tryggja, innan ramma stefnanna og verklagsreglnanna sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, að verklagsreglur, stefnur og fyrirkomulag um starfskjör:

a) skapi ekki hagsmunaárekstra eða veiti hvatningu til skamms, miðlungs eða langs tíma til þess að starfsfólk eða fulltrúar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar hygli eigin hagsmunum eða hagsmunum útgefanda eignatengdra tóka á kostnað eigenda eignatengdra tóka eða hluthafa eða aðila útgefanda eignatengdra tóka,

b) greini og dragi úr hvers kyns hugsanlegum hagsmunaárekstrum sem gætu hlotist af því að veita breytileg starfskjör, undirliggjandi lykilframmistöðuvísa og áhættustýringarkerfi, þ.m.t. greiðslu gerninga til starfsfólks eða stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar sem hluta af breytilegum eða föstum starfskjörum.

6. gr.

Stefnur og verklagsreglur um samninga við þjónustuveitendur sem eru þriðju aðilar

Útgefendur eignatengdra tóka skulu tryggja með stefnunum og verklagsreglunum samkvæmt þessari reglugerð að enginn skriflegur samningur sé gerður við þjónustuveitanda sem er þriðji aðili nema:

a) skriflegi samningurinn geri þriðja aðila skylt að aðhafast á hátt sem er í samræmi við stefnurnar og verklagsreglurnar,

b) skriflegi samningurinn tryggi að þegar þriðji aðili sem er hluti sömu samstæðu og útgefandi eignatengdra tóka veitir þjónustu sem um getur í h-lið 5. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 séu ákvarðanir um þjónustu þriðja aðila teknar á hlutlægan hátt í þágu hvers aðila og með sömu skilyrðum og myndu gilda ef óháðir aðilar hefðu gert þjónustusamninginn,

c) útgefendur eignatengdra tóka tryggi að gjöld sem boðin eru til að veita þjónustuna sem um getur í h-lið 5. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 stuðli ekki að hagsmunum útgefanda eignatengdra tóka eða þriðja aðila á þann hátt sem gæti stangast á við hagsmuni eiganda eignatengdra tóka.

7. gr.

Stefnur og verklagsreglur varðandi tilföng til stjórnunar hagsmunaárekstra

1. Stefnurnar og verklagsreglurnar sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu tryggja að nauðsynlegum tilföngum til að stýra hagsmunaárekstrum sé úthlutað og stjórnað á skilvirkan hátt.

2. Stefnurnar og verklagsreglurnar, sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skulu tryggja að útgefandi eignatengdra tóka tilnefni aðila sem ber ábyrgð á að greina, koma í veg fyrir, stýra og birta upplýsingar um hagsmunaárekstra. Aðilinn skal hafa nauðsynlegar valdheimildir til að inna af hendi skyldur sínar á viðeigandi og óháðan hátt og skal heyra beint undir stjórn og/eða framkvæmdastjórn. Stefnurnar og verklagsreglurnar skulu tryggja að öll önnur verkefni eða hlutverk sem aðilinn kann að bera ábyrgð á stangist ekki á við getu hans til að greina, koma í veg fyrir, stýra og birta upplýsingar um hagsmunaárekstra á óháðan hátt.

3. Stefnurnar og verklagsreglurnar, sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skulu skilgreina nauðsynlega lágmarkshæfni og -þekkingu sem starfsfólk þarf til að greina, koma í veg fyrir, stjórna og upplýsa um hagsmunaárekstra samkvæmt þessari reglugerð.

8. gr.

Upplýsingagjöf um almennt eðli og upptök hagsmunaárekstra og ráðstafanir til að draga úr þeim

1. Útgefendur eignatengdra tóka skulu ávallt halda innihaldi upplýsingagjafarinnar, sem um getur í 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (EU) 2023/1114, uppfærðu.

2. Upplýsingagjöfin sem var gerð í samræmi við 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal veita upplýsingar um:

a) aðstæður og ástand sem leiðir til eða gæti leitt til hagsmunaárekstra, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr., þ.m.t. hlutverk og geta útgefanda eignatengdra tóka í tengslum við eiganda eignatengdra tóka,

b) hvort útgefandi eignatengdra tóka er einnig þjónustuveitandi sýndareigna,

c) áhættuna sem greinist í tengslum við hagsmunaárekstrana sem um getur í a-lið,

d) skref og ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að koma í veg fyrir eða draga úr greindum hagsmunaárekstri.

3. Upplýsingagjöf í samræmi við 2. mgr. skal ekki teljast nægjanleg til að stýra og draga úr hagsmunaárekstrum.

4. Upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. skulu gerðar aðgengilegar öllum stundum fyrir eigendur og tilvonandi eigendur eignatengdra tóka á vefsetri útgefanda eignatengdra tóka. Ef útgefandi eignatengdra tóka býður eignatengda tóka til almennings eða óskar eftir töku til viðskipta á viðskiptavettvangi skal útgefandi eignatengdra tóka gera upplýsingarnar aðgengilegar á viðskiptavettvangnum.

5. Útgefandi eignatengdra tóka skal gera upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. aðgengilegar á opinberu tungumáli heimaaðildarríkis og á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/306 **2026/EES/19/24**

frá 31. október 2024

um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur í tengslum við þær upplýsingar sem skulu vera í umsókn um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 6. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að greiða fyrir samskiptum á milli lögaðila eða annarra fyrirtækja sem sækjast eftir starfsleyfi sem þjónustuveitendur sýndareigna í samræmi við 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 („umsækjendur“) og lögbærra yfirvalda ættu lögbær yfirvöld að tilnefna tengilið sérstaklega til að taka við umsóknum um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna og birta upplýsingar um tengiliðinn á vefsetri sínu.

2) Upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram ættu að vera réttar, nákvæmar, fullnægjandi og uppfærðar frá þeirri stundu sem umsóknin er lögð fram og þar til starfsleyfið er veitt. Þar sem sumar upplýsingar kunna aðeins að vísa til framtíðarinnar, ættu allar framtíðardagsetningar sem fram koma í upplýsingunum að vera sérstaklega auðkenndar í umsókninni.

3) Til að tryggja skjóta og tímanlega meðhöndlun umsókna um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna ættu lögbær yfirvöld að staðfesta móttöku umsóknar með því að senda umsækjanda rafrænt, á pappír eða hvort tveggja, staðfestingu á móttöku. Staðfesting á móttöku ætti að innihalda samskiptaupplýsingar þeirra aðila eða deildar sem ber ábyrgð á meðhöndlun umsóknar um starfsleyfi.

4) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að byggja mat sitt á umsókn um starfsleyfi á nákvæmum upplýsingum ættu umsækjendur að tilkynna lögbærum yfirvöldum án ótilhlýðilegrar tafar um hvers kyns breytingar á framlögðum upplýsingum í umsókn um starfsleyfi. Í því tilviki ættu frestirnir til að meta umsóknina, sem mælt er fyrir um í 9. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, að hefjast daginn sem lögbært yfirvald tók við uppfærðum upplýsingum.

5) Lögbær yfirvöld ættu að geta óskað eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjandanum meðan á matinu stendur, í samræmi við viðmiðin og tímalínurnar sem mælt er fyrir um 12. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/306, 31.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2025 frá 24. október 2025 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 12.2.2026, bls. 33.

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilnefning tengiliðar

Lögbær yfirvöld skulu tilnefna tengilið til að taka við umsóknum um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna, í samræmi við 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

Lögbær yfirvöld skulu halda samskiptaupplýsingum tilnefnds tengiliðar uppfærðum og birta þær upplýsingar á vefsetrum sínum.

2. gr.

Framlagning umsóknar um starfsleyfi

1. Lögaðili eða annað fyrirtæki sem sækja um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna í samræmi við 62. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 („umsækjandi“) skal leggja fram umsókn sína um starfsleyfi til lögbærs yfirvalds með því að fylla út eyðublaðið sem sett er fram í viðauka við þessa reglugerð.

2. Lögaðilinn eða annað fyrirtæki skal leggja fram umsóknina á þann hátt sem gerir kleift að geyma upplýsingarnar þannig að þær séu aðgengilegar í framtíðinni og þannig að hægt sé að afrita geymdar upplýsingar.

3. gr.

Móttaka umsóknar um starfsleyfi og staðfesting á móttöku

Lögbær yfirvöld skulu senda umsækjanda staðfestingu á móttöku rafrænt, á pappír eða hvort tveggja. Sú staðfesting á móttöku skal innihalda samskiptaupplýsingar þeirrar deildar, starfseiningar eða starfsmanns hjá lögbæra yfirvaldinu sem meðhöndlar umsóknina.

4. gr.

Tilkynning um breytingar

1. Umsækjandi skal tilkynna lögbæru yfirvaldi án ástæðulausrar tafar um allar breytingar á upplýsingunum sem veittar eru í umsókn um starfsleyfi. Umsækjandinn skal leggja fram uppfærðar upplýsingar með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í viðaukanum.

2. Ef umsækjandi leggur fram uppfærðar upplýsingar, í samræmi við 1. mgr., skulu tímamörkin sem mælt er fyrir um í 9. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 hefjast daginn sem lögbært yfirvald móttekur uppfærðu upplýsingarnar.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

3. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi um allar breytingar á upplýsingunum sem starfsleyfið var veitt samkvæmt.

5. gr.

Tilkynning um ákvörðun

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna umsækjanda um ákvörðun sína um að veita eða synja um starfsleyfi, eins og um getur í 9. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, á pappírsformi, á rafrænu formi eða hvoru tveggja.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

UMSÓKNAREYÐUBLAÐ UM STARFSLEYFI SEM ÞJÓNUSTUVEITANDI SÝNDAREIGNA

Í samræmi við 2. og 4. mgr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/306 frá 31. október 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur í tengslum við þær upplýsingar sem skulu vera í umsókn um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna ([1]).

Tilvísunarnúmer (*lögbært yfirvald fyllir út*):

Dags.:

FRÁ

Heiti umsækjanda:

Heimilisfang umsækjanda / skráðrar skrifstofu umsækjanda:

Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar

Heiti:

Sími:

Netfang:

TIL

Aðildarríki (ef við á):

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar

Heiti:

Sími:

Netfang:

Við, [*færa skal inn nafn umsækjanda*], lýsum því yfir að framlagðar upplýsingar séu réttar, nákvæmar, fullgerðar, uppfærðar og ekki villandi. Ef einhverjar upplýsingar tengjast aðeins framtíðardagsetningu er það sérstaklega tekið fram í umsókninni og við skuldbindum okkur til að tilkynna yfirvaldinu skriflega án tafar ef slíkar upplýsingar reynast vera rangar, ófullnægjandi eða misvísandi. Enn fremur skuldbindum við okkur til að upplýsa lögbært yfirvald um allar breytingar sem varða upplýsingar sem veittar eru á þessu eyðublaði.

Einstaklingur sem sér um gerð umsóknar

Heiti:

Staða:

Sími:

Netfang:

([1]) Stjtíð. ESB L, 2025/306, 31.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/306/oj.

— Eðli samskipta (merkja skal í viðeigandi reit):

  — ☐ Starfsleyfi

  — ☐ Tilkynning um breytingar skv. 1. mgr. 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/306 (ef um er að ræða tilkynningu um breytingar ætti aðeins að fylla út þá hluta eyðublaðsins sem hefur verið breytt)

TILSKILDAR UPPLÝSINGAR

Almennar upplýsingar skv. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/305 ([2]),

.....

Starfsáætlun skv. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305

.....

Varfærniskröfur

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

Upplýsingar um fyrirkomulag stjórnarhátta og innri eftirlitskerfi

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

Rekstrarsamfella

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

Greining á og aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/305 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar sem skulu vera í umsókn um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna (Stjtíð. ESB L, 2025/305, 31.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/305/oj).

Deili á aðilum stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar og sönnur á góðu orðspori, þekkingu, hæfni og reynslu þeirra og að þeir verji nægum tíma til að sinna skyldum sínum

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

Upplýsingar sem varða hluthafa eða aðila með virka eignarhluti

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

Upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi og tengdar öryggisráðstafanir

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

Aðgreining sýndareigna og fjármuna viðskiptavina

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

Meðferð kvartana

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

Stefna um vörslu og umsýslu

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

Starfsreglur viðskiptavettvangsins og greining markaðssvika

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

Skipti sýndareigna fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

Stefna um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

Ráðgjöf um sýndareignir eða stýring sýndareignasafna

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

Millifærsluþjónusta

.....

Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/305 með því að setja þær upplýsingar fram hér eða vísa til viðeigandi hluta í umsókninni.

[*undirskrift lagalegs fyrirsvarsmanns*]

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2861 **2026/EES/19/25**

frá 12. nóvember 2024

um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2023/1114 að því er varðar tæknilegar leiðir til viðeigandi opinberrar birtingar innherjaupplýsinga og til að fresta opinberri birtingu upplýsinganna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 88. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þar sem birting innherjaupplýsinga, eins og um getur í 87. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ætti að ná til eins margra fjárfesta og unnt er og vera sannreynanleg, ættu útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta að dreifa upplýsingunum á hinum ýmsu miðlum og birta á vefsetrum sínum. Til að stuðla að skilvirkri dreifingu þeirra ætti að vera hægt að sækja innherjaupplýsingar sem birtar eru á vefsetri útgefenda, tilboðsgjafa og aðila sem óska eftir töku til viðskipta svo hægt sé að geyma þær staðbundið og auðvelda þriðju aðilum frekari miðlun upplýsinganna.

2) Til að auðvelda aðgengi að upplýsingum ætti vefsetrið að gera notendum kleift að nálgast innherjaupplýsingarnar án mismununar og án endurgjalds og að finna innherjaupplýsingarnar í auðgreinanlegum sérstökum hluta. Sérhver birting á vefsetrinu ætti að sýna dag- og tímasetningu og birtingar ættu að birtast í tímaröð til að gera notendum kleift að sannreyna alla birtingarsögu innherjaupplýsinga á auðveldan hátt. Í ljósi þess að viðskipti með sýndareignir eru yfir landamæri er mikilvægt að tungumálavandkvæði takmarki ekki aðgengi að birtum upplýsingum. Útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta ættu því að birta innherjaupplýsingarnar á vefsetri sínu á því tungumáli eða tungumálum sem hvítbókin um sýndareignir er samin á og, ef hægt er, tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum. Vefsetur útgefandans, tilboðsgjafans eða aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta ætti að gera fjárfestum kleift að taka á móti sjálfvirkum tilkynningum eða tilkynningum um allar nýjar birtingar að því er varðar innherjaupplýsingar á valkvæðum grundvelli til að auðvelda virka dreifingu innherjaupplýsinga.

3) Í ljósi þess að samfélagsmiðlar og veflægir vettvangar verða sífellt mikilvægari til að miðla upplýsingum í tengslum við sýndareignir, geta útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta einnig notað samfélagsmiðla eða veflæga vettvanga til að miðla innherjaupplýsingum þegar það virðast vera miðlar sem almenningur ber traust til. Til að tryggja að innherjaupplýsingum sé dreift til almennings eins víða og unnt er ættu útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar sem óska eftir töku til viðskipta að íhuga að dreifa upplýsingunum með fleiri en einum miðli eða tegund miðla þegar dreifing með aðeins einum miðli er ekki fullnægjandi. Við mat á því hvort almenningur reiði sig á tiltekinn miðil ættu útgefandi, tilboðsgjafar eða aðilar sem óska eftir töku til viðskipta að hafa í huga að ekki er hægt að ætlast til þess að almenningur beri traust til miðils eða tegund miðils með takmarkaða dreifingu. Þetta gæti t.d. átt við um miðlun á samfélagsmiðlum sem hafa takmarkaðan fjölda notenda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2861, 13.11.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 300/2025 frá 5. Desember 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

4) Til að auðvelda enn frekar aðgengi að birtingu innherjaupplýsinga ætti öll birting upplýsinganna á samfélagsmiðlum eða veflægum vettvöngum að innihalda tengil við vefsetrið þar sem innherjaupplýsingarnar eru birtar. Birting á samfélagsmiðlum og veflægum vettvöngum ætti að fara fram í samræmi við kröfur um birtingu viðkomandi upplýsinga á vefsetri útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta, þ.m.t. aðgengi að upplýsingum án mismununar. Einungis ætti að íhuga þá veflægu vettvanga sem eru opnir almenningi til að tryggja aðgengi án mismununar fyrir birtingu upplýsinga á samfélagsmiðlum og veflægum vettvöngum. Samfélagsmiðar sem krefjast að notanda sé boðin þátttaka myndu ekki teljast vera án mismununar þrátt fyrir að skráningarkröfur séu ásættanlegar.

5) Til að auðvelda söfnun innherjaupplýsinga á einn stað er einnig unnt að birta slíkar upplýsingar varðandi útgefendur eða tilboðsgjafa sem stunda viðskipti með sýndareignir á viðskiptavettvangi á vefsetri viðskiptavettvangsins þegar viðskiptavettvangurinn heimilar það. Upplýsingagjöf ætti að innihalda tengil á vefsetur útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta þar sem upplýsingarnar voru upphaflega birtar til að tryggja samræmi við upplýsingagjöf frá útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta.

6) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að framkvæma greiðlega allar nauðsynlegar úttektir eða rannsóknir sem tengjast miðlun innherjaupplýsinga eða hugsanlegum markaðssvikum og tryggja að lögbær yfirvöld geti greiðlega haft samband við einstaklinga sem annast miðlun innherjaupplýsinga, sé þess þörf, er nauðsynlegt að slíkir einstaklingar hjá útgefanda, tilboðsgjafa og aðilum sem óska eftir töku til viðskipta með sýndareignir séu auðkenndir með upplýsingum um nafn, kenninafn og stöðu hjá viðkomandi einingu.

7) Til að tryggja að útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta geti staðið við skuldbindingu sína um að tilkynna lögbærum yfirvöldum um að birtingu innherjaupplýsinga hafi verið frestað, eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 88. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ættu tæknilegar leiðir til að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga að tryggja að lykilupplýsingar um ferlið við að fresta birtingu innherjaupplýsinga séu skráðar.

8) Til að tryggja heilindi og trúnað um innherjaupplýsingar og sendingarhraða þeirra, ættu útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar sem óska eftir töku til viðskipta að tilkynna lögbæru yfirvaldi um töf á birtingu innherjaupplýsinga og, ef nauðsyn krefur, útskýra hvernig öll viðeigandi skilyrði fyrir frestuninni hafa verið uppfyllt, skriflega og með öruggum rafrænum hætti, samkvæmt fyrirmælum lögbærs yfirvalds.

9) Lögbær yfirvöld ættu að geta rannsakað hugsanleg tilvik markaðssvika á skilvirkan hátt. Í því skyni er nauðsynlegt að gera lögbærum yfirvöldum kleift að auðkenna þá einstaklinga sem sjá um frestun á birtingu innherjaupplýsinga hjá útgefanda, tilboðsgjafa eða aðilum sem óska eftir töku til viðskipta, án þess að þurfa að óska eftir upplýsingunum frá viðkomandi einingu. Því ættu útgefandi, tilboðsgjafi og aðili sem óskar eftir töku til viðskipta að veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um einstaklinginn sem tilkynnti lögbæru yfirvaldi um frestun á birtingu innherjaupplýsinganna og einstaklinginn eða einstaklingana sem ákváðu að fresta upplýsingagjöfinni. Til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að meta hvort skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 88. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 hafi verið uppfyllt, ætti útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta einnig að tilkynna lögbæru yfirvaldi um lengd frestunar.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tæknilegar leiðir til opinberrar birtingar innherjaupplýsinga

1. Útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku sýndareigna til viðskipta skulu birta innherjaupplýsingar með tæknilegum leiðum sem tryggja að innherjaupplýsingum sé dreift:

a) til eins stórs hluta almennings og mögulegt er, án mismununar,

b) án endurgjalds,

c) samtímis um gervallt Sambandið.

2. Til að tryggja skilvirka dreifingu skulu útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta miðla innherjaupplýsingum, beint eða í gegnum þriðja aðila, á miðlum sem almenningur ber traust til, þ.m.t. einum þeirra sem hér fylgja:

a) hefðbundnum miðlum,

b) samfélagsmiðlum sem heimila birtingu á skriflegu formi,

c) veflægum vettvöngum sem heimila birtingu á fréttum í tengslum við útgefendur, tilboðsgjafa eða aðila sem óska eftir töku sýndareigna til viðskipta.

Innherjaupplýsingar varðandi sýndareignir sem teknar eru til viðskipta á viðskiptavettvangi kunna að verða birtar á vefsetri viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir þegar viðskiptavettvangur með sýndareignir gerir slíka birtingu tiltæka fyrir útgefendur eða tilboðsgjafa.

3. Útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska töku til viðskipta skulu ekki dreifa innherjaupplýsingum á samfélagsmiðlum eða veflægum vettvöngum ef samfélagsmiðlarnir eða veflægu vettvangarnir tryggja ekki að innherjaupplýsingarnar séu aðgengilegar öllum notendum eða ef samfélagsmiðlarnir eða veflægu vettvangarnir skilyrða aðgengi við fyrirkomulag sem takmarkar aðgengi notenda.

4. Birting innherjaupplýsinga á samfélagsmiðlum, veflægum vettvöngum eða á vefsetrum viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir skal innihalda tengil við skriflega yfirlýsingu sem útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta birta á vefsetrinu, skv. 2. gr.

5. Útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta skulu dreifa innherjaupplýsingum á samfélagsmiðlum eða veflægum vettvöngum, eins og um getur í 2. gr., með rafrænum hætti sem viðheldur heildstæðni, heilleika og trúnaði innherjaupplýsinganna á meðan á dreifingu þeirra stendur. Við alla slíka dreifingu skal taka skýrt fram:

a) að veittar upplýsingar séu innherjaupplýsingar,

b) deili á útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta, ásamt fullu lögheiti, eftir atvikum,

c) deili á einstaklingnum sem leggur fram tilkynninguna með því að tilgreina eiginnafn, kenninafn og stöðu viðkomandi hjá útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta,

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

d) efni innherjaupplýsinganna,

e) dagsetningu og tíma dreifingar.

Útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta skulu tryggja heildstæðni, heilleika og trúnað með því að bæta án tafar úr öllum bresti eða röskun á því að innherjaupplýsingar séu veittar.

Að því er þessa grein varðar merkir samfélagsmiðlar „nettengdur samfélagsmiðlavettvangur“, eins og skilgreint er í 7. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/1925 ([3]), og veflægir vettvangar merkja nettengdir vettvangar sem safna og dreifa upplýsingum og gögnum um sýndareignir til að stuðla að upplýstum fjárfestingarákvörðunum án mismununar og án endurgjalds.

2. gr.

Birting innherjaupplýsinga á vefsetri útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta

1. Útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta með sýndareignir skulu birta innherjaupplýsingar, eins og um getur í 87. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, á vefsetri sínu í formi skriflegrar yfirlýsingar sem unnt er að hala niður. Orðfærið, sem er notað í skriflegu yfirlýsingunni sem unnt er að hala niður til að lýsa innherjaupplýsingunum, skal vera skýrt, nákvæmt og ekki villandi.

2. Vefsetrið, sem um getur í 1. mgr., skal:

a) gera notendum kleift að nálgast innherjaupplýsingarnar sem birtar eru á vefsetrinu án mismununar og án endurgjalds,

b) gera notendum kleift að finna innherjaupplýsingarnar á auðveldan hátt, með því að setja upplýsingarnar á auðgreinanlegan hluta vefsetursins,

c) taka skýrt fram dag- og tímasetningu birtingar innherjaupplýsinganna,

d) skrá birtingu innherjaupplýsinganna í tímaröð,

e) veita innherjaupplýsingarnar á tungumáli sem hvítbók sýndareignarinnar er samin á og, ef hægt er, tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum,

f) gefa notendum kost á að fá viðvörun í tölvupósti, skilaboðum eða sprettiglugga sem lætur þá vita að til séu birtingar um innherjaupplýsingar og sem stuðla að greiðu aðgengi að birtingunum, óháð því hvenær innherjaupplýsingarnar eru birtar.

3. gr.

Tilkynning um frestaða birtingu innherjaupplýsinga

1. Í þeim tilgangi að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við 2. mgr. 88. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta nota tæknilegar leiðir sem tryggja aðgengileika og læsileika allra eftirfarandi upplýsinga og viðhald þeirra á varanlegum miðli:

a) dagsetninga og tíma þegar:

   i. innherjaupplýsingar urðu fyrst til hjá útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta,

   ii. ákvörðunin um að fresta birtingu innherjaupplýsinganna var tekin,

   iii. útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta er líklegur til að birta innherjaupplýsingarnar,

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/1925 frá 14. september 2022 um opna og sanngjarna markaði í stafræna geiranum og breytingu á tilskipunum (ESB) 2019/1937 og (ESB) 2020/1828 (gerð um stafræna markaði) (Stjtíð. ESB L 265, 12.10.2022, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2022/1925/oj).

b) staðna/starfa einstaklinga hjá útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta sem ber ábyrgð á:

i. að taka ákvörðun um að fresta birtingu innherjaupplýsinganna og ákveða hvenær frestunin hefst og líklegt er að henni ljúki,

ii. að tryggja áframhaldandi vöktun skilyrða fyrir frestun á birtingu innherjaupplýsinganna,

iii. ákvarðanatöku um birtingu innherjaupplýsinganna,

iv. að veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um frestunina og skriflega skýringu,

c) gagna um að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 88. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 hafi upphaflega verið uppfyllt og um allar breytingar á uppfyllingunni á frestunartímanum, þ.m.t.:

i. upplýsingahindranirnar sem settar hafa verið upp innan viðkomandi aðila og að því er varðar þriðju aðila til að koma í veg fyrir að aðrir hafi aðgang að innherjaupplýsingum en þeir sem þurfa á þeim að halda í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur sínar hjá viðkomandi útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta,

ii. ráðstafanirnar sem komið hefur verið á þar sem trúnaður um innherjaupplýsingarnar er ekki lengur tryggður.

Að því er þessa 1. mgr. varðar skal „varanlegur miðill“ þýða tæki sem gerir kleift að geyma upplýsingar þannig að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í þeim síðar eins lengi og þarf eftir tilgangi þeirra og gerir kleift að afrita geymdar upplýsingar óbreyttar.

Útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta skulu senda lögbæru yfirvaldi skriflega tilkynningu um frestun á birtingu innherjaupplýsinga og veita allar skriflegar skýringar á slíkum töfum gegnum sérlega tengiliðinn innan lögbæra yfirvaldsins, eða tengiliðinn sem það tilnefnir, með þeim rafrænu aðferðum sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir. Slík tilkynning skal einnig innihalda deili á og samskiptaupplýsingar einstaklingsins eða einstaklinganna sem um getur í b-lið 1. mgr.

Lögbær yfirvöld skulu birta á vefsetri sínu upplýsingar sem tilgreina sérlega tengiliðinn innan lögbæra yfirvaldsins, eða tengiliðinn sem það tilnefnir, og rafrænu aðferðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein. Þær rafrænu aðferðir skulu tryggja að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna viðhaldist meðan á sendingu þeirra stendur.

2. Þær rafrænu aðferðir sem um getur í 1. mgr. skulu tryggja að tilkynningin um frestun birtingar á innherjaupplýsingum innihaldi eftirfarandi upplýsingar:

a) deili á útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta, þ.m.t. fullt lögheiti, eftir atvikum,

b) deili á einstaklingnum sem leggur fram tilkynninguna, þ.m.t. eiginnafn, kenninafn og staða viðkomandi hjá útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta,

c) tengilið að því er varðar tilkynninguna, þ.m.t. vinnunetfang viðkomandi og símanúmer,

d) tilgreiningu á þeim opinberlega birtu innherjaupplýsingunum sem birtingu var frestað á, þ.m.t. titli yfirlýsingarinnar um birtingu, tilvísunarnúmeri ef kerfið sem notað er til að dreifa innherjaupplýsingunum úthlutar slíku; dagsetningu og tíma opinberrar birtingar innherjaupplýsinganna,

e) dagsetningu og tíma ákvörðunarinnar um að fresta birtingu innherjaupplýsinga,

f) störf allra einstaklinga sem bera ábyrgð á þeirri ákvörðun að fresta birtingu innherjaupplýsinga.

3. Ef skriflega skýringin á frestun birtingar innherjaupplýsinga er aðeins veitt að fenginni beiðni lögbæra yfirvaldsins í samræmi við 3. mgr. 88. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu þær rafrænu aðferðir sem um getur í 1. mgr. tryggja að sú skriflega skýring innihaldi upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. Slík tilkynning skal einnig innihalda deili á og samskipta-upplýsingar einstaklingsins eða einstaklinganna sem um getur í b-lið 1. mgr. og b- og e-lið 2. mgr.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1125 **2026/EES/19/26**

frá 5. júní 2025

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar í umsókn um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og óska eftir töku þeirra til viðskipta (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 6. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta hvort lögaðili eða fyrirtæki sem hefur í hyggju að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði eða óska eftir töku þeirra til viðskipta („útgefandi sem sækir um“) uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. bálki reglugerðar (ESB) 2023/1114 og falli ekki undir neinar þær ástæður sem réttlæta höfnun leyfis, ættu upplýsingarnar sem veittar eru í umsókn um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði eða ósk eftir töku þeirra til viðskipta sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar að vera nægilega nákvæmar og heildstæðar.

2) Útgefandi sem sækir um ætti að leggja fram upplýsingar í umsókn sem eru réttar, nákvæmar, heildstæðar og uppfærðar. Í því skyni ætti útgefandi sem sækir um að upplýsa lögbæru yfirvöldin um allar breytingar og uppfærslur sem eiga sér stað eftir framlagningu umsóknar og áður en útboð á almennum markaði eða taka eignatengdu tókanna til viðskipta sem tengjast upplýsingunum sem veittar eru í umsókninni, á sér stað, og sem gætu skipt máli fyrir mat á umsókninni. Lögbær yfirvöld ættu einnig að geta grennslast fyrir um hvort einhverjar breytingar eða uppfærslur hafi orðið áður en útboð á almennum markaði eða taka til viðskipta á eignatengdu tókunum átti sér stað.

3) Umsókn um starfsleyfi ætti að hafa að geyma upplýsingar um útgefanda sem sækir um, þ.m.t. auðkenni hans og upplýsingar um hæfi meðlima stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar og nægilega óflekkað mannorð hluthafa eða meðlima með beinan eða óbeinan virkan eignarhlut.

4) Meðal upplýsinga í umsókninni um starfsleyfi myndu vera persónuupplýsingar. Í samræmi við meginregluna um lágmörkun gagna, sem lögfest er í c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]), ætti aðeins að óska eftir þeim persónuupplýsingum sem nauðsynlegar eru til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að framkvæma heildstætt mat á útgefanda sem sækir um, mat á meðlimum stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar, getu hans til að fara að varfærniskröfum reglugerðar (ESB) 2023/1114 og að útgefandi sem er umsækjandi falli ekki undir neinar þær ástæður sem réttlæta höfnun leyfis sem settar eru fram í a- til e-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

5) Til að veita lögbærum yfirvöldum heildstætt yfirlit yfir núverandi og fyrirhugaða starfsemi útgefanda sem sækir um og tengdar stofnanir ætti útgefandi sem sækir um að láta starfsáætlun fylgja með umsókn sinni um starfsleyfi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1125, 15.9.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2025 frá 5. Desember 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).a

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

6) Útgefendur eignatengdra tóka sem eru ekki þjónustuveitendur sýndareigna eða aðrir tilkynningarskyldir aðilar falla ekki undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([3]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1113 ([4]). Hins vegar er afar áríðandi að viðskiptalíkan útgefanda sem sækir um sé byggt upp með hætti sem setur ekki útgefanda sem sækir um eða fjármálageirann í hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þar sem það myndar ástæðu til höfnunar leyfis. Til samræmis við það ætti útgefandi sem sækir um að veita heildaráhættumat sem hefur að geyma nægilegar upplýsingar til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að meta útsetningu og næmi viðskiptalíkans útgefanda sem sækir um fyrir áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í heildaráhættumatinu ættu að vera upplýsingar um fyrirkomulag og ráðstafanir sem tengjast útgáfu, innlausn og dreifingu eignatengds tóka og um fyrirhugaða þátttöku þjónustuveitanda sýndareigna í slíku fyrirkomulagi. Þegar viðskiptalíkan útgefanda sem sækir um myndi hafa að geyma fyrirkomulag með þjónustuveitendum sýndareigna, ætti að fylgja umsókn um starfsleyfi lýsing sem slíkur þjónustuveitandi sýndareigna útbýr á innra eftirliti og stöðugri reglufylgni til framtíðar við viðkomandi reglur Sambandsins til að sporna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

7) Virkur rammi innra eftirlits, þar með talið áhættustjórnun og upplýsingakerfi og upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi og áhættustjórnun eru nauðsynleg fyrir trausta varfærnisstjórnun starfsemi útgefanda sem sækir um og stýringu eigna í varasjóði til að koma í veg fyrir, fylgjast með og milda rekstraráhættu og aðrar áhættur. Útgefandi sem sækir um ætti því að veita nægileg gögn um ramma innra eftirlits og ramma upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu sem sýna að hann fari að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 ([5]).

8) Varasjóður eigna er nauðsynlegur til að tryggja skilvirkni og stöðugleika fyrirkomulags sem stendur undir eignatengda tókanum og innlausnarréttindum eigenda tóka á öllum tímum, m.a. álagstímum. Ásamt umsókn um starfsleyfi ætti útgefandi sem sækir um því að leggja fram skýrar og nákvæmar stefnur um samsetningu, myndun, aðgreiningu, varðveislu og fjárfestingarstýringu slíkra varasjóða eigna.

9) Útgefendur sem sækja um ættu að veita lögbæra yfirvaldinu allar nauðsynlegar og nægilegar upplýsingar sem gera lögbæra yfirvaldinu kleift að framkvæma heildstætt mat á meðlimum stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar með það fyrir augum að tryggja að farið sé að hæfiskröfunum og að þeir falli ekki undir neinar þær ástæður sem réttlæta höfnun leyfis sem sett er fram í a- og b-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Í því skyni ættu upplýsingar sem tengjast mati á orðspori að fylgja umsókn um starfsleyfi þ.m.t. nægar upplýsingar sem gerir það kleift að sannreyna að meðlimir stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar hafi ekki verið dæmdir fyrir brot sem tengjast peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eða fyrir önnur brot sem myndu hafa áhrif á mannorð þeirra, til að meta starfsreynslu þeirra, þekkingu og færni á sviðum sem tengjast fjármálaþjónustu, sýndareignum og öðrum stafrænum eignum, dreifðri færsluskrártækni, stafrænni nýsköpun, upplýsingatækni, netöryggi eða stjórnun og upplýsingar sem gera það kleift að meta hvort þeir verji nægilegum tíma í verkefnið. Til að tryggja samfellu og samræmi milli mismunandi ákvarðana fjármálaeftirlitsaðila ættu þær upplýsingar að hafa að geyma allt fyrra mat sem veitt var af lögbærum yfirvöldum.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1113 frá 31. maí 2023 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna og tiltekinna sýndareigna og um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1113/oj).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 frá 14. desember 2022 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann og um viðbætur við reglugerðir (EB) nr. 1060/2009, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 909/2014 og (ESB) 2016/1011 (Stjtíð. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2554/oj).

10) Að því er varðar hluthafa og aðila með beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í útgefanda sem sækir um ætti umsókn um leyfi að hafa að geyma allar upplýsingar sem gera lögbæra yfirvaldinu kleift að framkvæma heildstætt mat á nægilega flekklausu mannorði slíkra hluthafa eða aðila og að þeir falli ekki undir neinar ástæður sem réttlæta höfnun starfsleyfis sem settar eru fram í c-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Í því skyni ættu nægar upplýsingar að fylgja umsókn um starfsleyfi til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sannreyna hvort hluthafar og aðilar hafi verið dæmdir fyrir brot sem tengjast peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eða einhver önnur brot sem myndu hafa áhrif á mannorð þeirra og staðfesta öruggan og réttmætan uppruna fjármuna eða annarra eigna sem notaðar eru til að setja upp útgefanda sem sækir um og fjármagna starfsemi þess útgefanda.

11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagði fyrir framkvæmdastjórnina og samdi í nánu samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Seðlabanka Evrópu.

12) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([6]).

13) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([7]) og skilaði hún áliti 17. júlí 2024.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Upplýsingar um auðkenni útgefanda sem sækir um

Að því er varðar a-, b- og c-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal umsókn um starfsleyfi hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um auðkenni útgefanda sem sækir um:

a) núverandi lögheiti útgefanda sem sækir um, viðskiptaheiti, kennimerki, veffang allra samskiptaleiða og markaðssetningarleiða, þ.m.t. reikningar á samfélagsmiðlum og, þegar við á, allar fyrirhugaðar breytingar á þessum nöfnum, reikningum og heimilisföngum,

b) fullgilt, útgefið og réttilega endurnýjað ISO 17442 auðkenni lögaðila fyrir útgefanda sem sækir um sem gefið er út í samræmi við skilmála einhverra hinna viðurkenndu útgefenda LEI-kóða í alþjóðakerfinu um auðkenni lögaðila,

c) félagsform útgefanda sem sækir um,

d) dagsetningu og í hvaða aðildarríki útgefandi sem sækir um hlaut skráningu eða var stofnaður,

e) aðildarríki og heimilisföng skráðrar skrifstofu útgefanda sem sækir um og, ef annað, höfuðstöðvar og aðalstarfsstöðvar,

f) ef útgefandi sem sækir um er skráður í miðlæga skrá, verslanaskrá, fyrirtækjaskrá eða sambærilega opinbera skrá, aðra en skrána sem um getur í annarri undirgrein, heiti viðkomandi skrár og skráningarnúmer útgefanda sem sækir um eða jafngildi auðkenningar í þeirri skrá og afrit af skráningarvottorðinu,

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

g) stofnsamning útgefanda sem sækir um eða stofnsamþykkt og samþykktir,

h) þegar útgefandi sem sækir um er fyrirtæki sem er ekki lögaðili, skjöl um að vernd hagsmuna þriðju aðila, þ.m.t. réttinda eigenda eignatengda tókans, sé það sama og lögaðilar veita og að útgefandinn sem sækir um falli undir jafngilt varfærniseftirlit sem er við hæfi fyrir félagsform hans,

i) dagsetningu loka uppgjörsárs útgefanda sem sækir um,

j) fullt nafn og samskiptaupplýsingar tengiliðar vegna umsóknar um starfsleyfi, þ.m.t. símanúmer og vefföng hans innan útgefanda sem sækir um,

k) fullt nafn og samskiptaupplýsingar helsta sérfræðiráðgjafa sem kemur að gerð umsóknar um starfsleyfi, ef einhver, þ.m.t. símanúmer og vefföng,

Í skilningi c- til g-liðar, að því er varðar lögaðila sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 ([8]), skulu upplýsingar sem um getur í þessum liðum samsvara upplýsingunum sem skráðar eru í innlendu fyrirtækjaskránni sem um getur í 16. gr. þeirrar tilskipunar.

2. gr.

Starfsáætlun: upplýsingar um viðskiptalíkan, stefnuáætlun og áhættusnið

1. Að því er varðar d-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal fylgja umsókn um starfsleyfi starfsáætlun sem setur fram viðskiptalíkan útgefanda sem sækir um, stefnuáætlun og áhættumat fyrir næstu þrjú ár í kjölfar veitingar starfsleyfis.

2. Í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal starfsáætlunin sem um getur í 1. mgr. hafa að geyma eftirfarandi:

a) upplýsingar um starfsemi útgefanda sem sækir um, þ.m.t.:

   i. helstu einkenni eignatengda tókans sem starfsleyfi er sótt um fyrir, þ.m.t. allt eftirfarandi:

      1) nafn og tegund eignatengda tókans sem útgefandi sem sækir um hyggst gefa út og sem óskað er starfsleyfis fyrir til að bjóða út á almennum markaði og taka til viðskipta,

      2) tilgreiningu á því hvort sótt sé um starfsleyfi til að bjóða út á almennum markaði eða til að taka slíkan eignatengdan tóka til viðskipta,

      3) lýsingu á fyrirkomulaginu fyrir útgáfu eignatengda tókans, þ.m.t. snjallsamningum ásamt skýringarskjali um virkni þeirra, greiðsluaðferð til að kaupa eignatengda tókann og dreifileiðir, einkum þjónustuveitendur sýndareigna sem framkvæma sölufyrirmæli eða viðskiptavettvangar fyrir sýndaeignir,

      4) þegar útgefandi sem sækir um gengur til samninga um dreifingu eignatengda tókans, nafn og samskipta-upplýsingar dreifingaraðila og lýsing á hlutverkum, réttindum og skyldum bæði útgefanda eignatengda tókans og dreifingaraðilanna, þ.m.t. hvaða lög gilda um samninginn,

      5) lýsing á fyrirkomulaginu fyrir innlausn eignatengda tókans, og þegar við á, og hvort þjónustuveitendur sýndareigna muni taka þátt í framkvæmd innlausnarinnar,

      6) aðferðarlýsingu eða samstöðuaðferð sem notuð er til að staðfesta viðskipti og einkenni endanlegs uppgjörs,

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2017/1132/oj).

7) hina einu eða fleiri gerðir dreifðar færsluskrártækni þar sem eignatengdi tókinn er gefinn út og samvirknibrýr milli slíkra mismunandi dreifðra færsluskrártæknileiða sem eru tiltækar á þeim tíma sem sótt er um starfsleyfi, eins og gefið er til kynna í hvítbókinni,

ii. alla útistandandi eignatengda tóka, rafeyristóka, allar sýndareignir eða aðrar rafrænar eignir sem fyrir eru og útgefandi sem sækir um hefur gefið út, og tilgreiningu á tengdum útistandandi fjárhæðum, netum og mörkuðum þar sem þau eru í dreifingu og stunduð viðskipti með þau, fjárhæðum, samsetningu, vörslufyrirkomulagi og vörsluaðila tengdra varasjóða eigna, eða kröfur um verndarráðstafanir fyrir rafeyristóka, eins og við á,

iii. sérhverja aðra fjárhagslega og ófjárhagslega starfsemi sem útgefandi sem sækir um sinnir og útgefandi sem sækir um hyggst halda áfram að framkvæma ef starfsleyfi er veitt og samspil slíkrar starfsemi, ef eitthvað,

iv. þegar útgefandi sem sækir um er hluti af samstæðu, yfirlit yfir skipulagsheild og skipulag þeirrar samstæðu sem lýsir starfsemi eininga samstæðunnar og tilgreinir móðurfyrirtæki, eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eins og þau eru skilgreind í 20. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([9]), blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, eins og þau eru skilgreind í 21. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, og eignarhaldsfélög á verðbréfasviði, eins og um getur í 20. lið a 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, innan samstæðunnar, auk sérhvers starfsleyfis, skráningar eða annarra leyfa sem lögbært yfirvald í fjármálageiranum hefur veitt sem slíkar einingar innan samstæðu eða útgefendur sem sækja um hafa,

b) lýsingu á viðskiptaumhverfi þar sem útgefandi sem sækir um mun starfa, með áherslu á sýndareignina og greiðslusvið, þ.m.t.:

i. helstu núverandi þátttakendur á markaðnum og helstu svipaðir aðilar,

ii. líklega þróun á viðskiptaumhverfi og alla tengda mögulega áhættu,

iii. greiningu á samkeppnisstöðu útgefanda sem sækir um á markaðnum,

c) lýsingu á heildarstarfsstefnu útgefanda sem sækir um og þegar útgefandi sem sækir um tilheyrir samstæðu, heildarstefnu samstæðu, þ.m.t.:

i. útskýringu á stefnumótandi markmiðum,

ii. hverjir séu lykil viðskiptahvatarnir,

iii. tilgreiningu á sérhverju samkeppnisforskoti, þ.m.t. sérhverri fyrri reynslu í stafræna geiranum, stærð og skalanleika starfseminnar, sérkenni dreifðrar færsluskrártækni, þ.m.t. með aðgangsstýringu eða ekki að bálkakeðjunni sem eigandi netsins veitir eða fyrirkomulagið sem gildir um hann, tengt staðfestingarfyrirkomulag og samstöðuaðferð eða fyrirhugaðan fjöldi viðskipta á sekúndu,

iv. lýsingu á markhópi viðskiptavina, þ.m.t. smásöluaðilum, fyrirtækjum, stofnunum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum og opinberum aðilum á mörkuðunum sem stefnt er á og landfræðilegri dreifingu, þ.m.t. skrá yfir heimaaðildarríki sem um getur í r-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

v. áhættumat sem nær yfir raunverulega og mögulega áhættu sem árlega viðskiptaáætlunin getur staðið frammi fyrir, þ.m.t.:

1) áhættuþætti starfseminnar, svo sem að ná ekki lágmarks áskriftarmarkmiðum fyrir útgáfu eignatengda tókans, þegar þau eru veitt,

2) rekstraráhættu, svik, upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu og netöryggisáhættu,

3) fjárhagslega áhættu þ.m.t. lausafjáráhættu, markaðs- og útlánaáhættu,

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj).

4) verulega áhættu sem tengist mikilvægum þriðju aðilum,

5) eðlislæga og eftirstæða áhættuþætti tengda peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, einnig með hliðsjón af fyrirkomulagi og ráðstöfunum sem tengjast útgáfunni, innlausn og dreifingu eignatengda tókans,

vi. töflu sem til verður með samspili styrkleika, veikleika, tækifæra og áhættu starfstefnu.

Að því er varðar 4. lið i. liðar a-liðar, ef útgefandi sem sækir um hyggst, eftir veitingu starfsleyfis, ráða með samþykki og skriflega aðrar einingar til að annast útboð á eignatengda tókanum á almennum markaði og töku hans til viðskipta skal umsókn um starfsleyfi hafa að geyma stefnur og verklag til að skýra m.a. að ábyrgð á reglufylgni við III. bálk reglugerðar (ESB) 2023/1114 haldist hjá útgefanda eignatengda tókans sem hefur verið veitt starfsleyfi og að slíkar aðrar einingar muni lúta þeim hátternis- og markaðssetningarkröfum sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. 16. gr. þeirrar reglugerðar.

3. gr.

Starfsáætlun: fjárhagsupplýsingar um viðskiptaáætlunina

1. Í umsókn um starfsleyfi skal vera viðskiptaáætlun sem útskýrir upphaflegt rekstrarhæfi og áframhaldandi varanleika viðskiptalíkans útgefanda sem sækir um og getu útgefanda sem sækir um til að fara að varfærnikröfum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2023/1114 á a.m.k. þriggja ára tímabili frá veitingu leyfisins samkvæmt grunn- og álagssviðsmynd.

2. Álagssviðsmyndin sem um getur í 1. mgr. skal byggð á alvarlegum en trúverðugum álagsaðstæðum, sem hannaðar eru á grundvelli framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/415 ([10]). Að því er varðar umsókn um starfsleyfi sem tengist almennu útboði, eða töku til viðskipta, eignatengds tóka sem beðið er um að verði flokkaður að eigin frumkvæði sem mikilvægur eignatengdur tóki, eins og um getur í 4. mgr. þessarar greinar, skal í álagssviðmynd veita lausafjárálagsaðstæðum sérstaka athygli.

3. Allar forsendur viðskiptaáætlunar skulu vera trúverðugar og raunhæfar og byggjast á opinberum þjóðhagslegum spám frá Sambandinu eða opinberum landsbundnum stofnunum.

4. Þegar umsókn um starfsleyfi tengist almennu útboði, eða töku til viðskipta, eignatengds tóka sem beðið er um að verði flokkaður að eigin frumkvæði sem mikilvægur eignatengdur tóki, skal skýrt sýnt fram á í viðskiptaáætluninni að fyrirhuguð útgáfa uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 44. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og endurspegla nægilega hærra flækjustig og áhættusnið útgefanda sem sækir um.

5. Viðskiptaáætlunin skal hafa að geyma upplýsingar úr fjárhagsspá útgefanda sem sækir um á einingastigi og þegar við á samstæðustigi sem styður við útskýringar á arðsemi og trúverðugleika starfseminnar, þ.m.t.:

a) spár um reikningsskil fyrstu þriggja rekstrarára í kjölfar leyfisveitingar, þ.m.t.:

i. spár um efnahagsreikninga,

ii. spár um rekstrarreikning sem tilgreinir fyrirhugaðar tekjulindir (þ.m.t. gjöld eða endurmat á varasjóði eigna), fastan og breytilegan kostnað (einkum vinnuafl, stjórnsýsla, dreifð færsluskrártækni, upplýsinga- og fjarskiptatækni, varsla og stýring á varasjóði eða samningar við þriðju aðila),

iii. spár um sjóðstreymisyfirlit, eftir atvikum,

iv. vaxtarspár með útskýringu á tengdum áhættuforsendum, þ.m.t. áhættustjórnunargeta útgefanda sem sækir um,

([10]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/415 frá 13. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru leiðréttingar á kröfum um eiginfjárgrunn og lágmarksþættir áætlana um álagspróf útgefenda eignatengdra tóka eða rafeyristóka (Stjtíð. ESB L, 2025/415, 24.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/415/oj).

b) útskýringu sem tengir þætti úr starfsáætlun sem sett er fram í 2. mgr. 3. gr. við spárnar sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar,

c) áætlunarforsendur fyrir spárnar sem um getur í a-lið, þ.m.t. áætlaðan fjölda eigenda tóka, áætlaðan fjölda og verðmæti viðskipta á dag og væntan meðalfjölda og vænt samanlagt verðmæti viðskipta á dag á tímabili viðskiptaáætlunar, hagnaðarhvatar og útskýringar á megindlegum upplýsingum sem settar eru fram í viðskiptaáætluninni,

d) útreikninga útgefanda sem sækir um á eiginfjárgrunnskröfum skv. 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 sem nær til þriggja ára tímabils viðskiptaáætlunarinnar,

e) stuðningsgögn (þ.m.t. endurskoðuð reikningsskil, vottorð úr fyrirtækjaskrá) um útgefið hlutafé, innborgað hlutafé og hlutafé sem hefur ekki enn verið innborgað, þ.m.t.:

i. að því er varðar hlutafé sem samsvarar útreiknuðu eigin fé sem er ekki enn innborgað, sönnunargögn um innstæðu að slíkri fjárhæð í vörslureikningi hjá lánastofnun,

ii. upplýsingar um réttmætan uppruna fjár sem notað er til að borga inn hlutaféð, settar fram í 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/413 ([11]),

f) spáútreikninga fjárhæðar og samsetningar varasjóðs eigna og hversu fullnægjandi hann sé til að tryggja stöðuga nýtingu innlausnarréttinda á tímabili viðskiptaáætlunar.

6. Starfsáætlunin skal hafa að geyma fyrri fjárhagsupplýsingar útgefanda sem sækir um, þ.m.t.:

a) lögboðin reikningsskil útgefanda sem sækir um á einingastigi og þegar við á samstæðustigi og undirsamstæðustigi, samþykkt af löggiltum endurskoðanda, þegar við á, eða utanaðkomandi endurskoðunarfyrirtæki sem nær til a.m.k. þriggja síðustu fjárhagsára á undan umsókn um starfsleyfi, þ.m.t.:

i. efnahagsreikning á eininga- og samstæðu- eða undirsamstæðustigi þegar við á,

ii. rekstrarreikning á eininga-, samstæðu og undirsamstæðustigi þegar við á,

iii. sjóðstreymisyfirlit á eininga-, samstæðu- og undirsamstæðustigi þegar við á,

b) yfirlit yfir skuldsetningu sem útgefandi sem sækir um hefur tekið á sig eða tekur væntanlega á sig áður en eignatengdi tókinn er boðinn út á almennum markaði eða óskað er eftir töku hans til viðskipta, þ.m.t., eftir atvikum, heiti lánardrottna, líftíma og skilmála slíkrar skuldsetningar, nýtingu ávinningsins og, ef lánardrottinn er ekki eftirlitsskyld fjármálastofnun, upplýsingar um uppruna fjármagnsins sem fengið er að láni eða fjármagnsins sem fyrirhugað er að fá að láni,

c) yfirlit yfir tryggingaréttindi, ábyrgðir eða skaðleysisloforð sem veitt eru eða áætlað er að útgefandi sem sækir um veiti áður en eignatengdi tókinn er boðinn út á almennum markaði eða óskað er eftir töku hans til viðskipta,

d) upplýsingar, séu þær tiltækar, um lánshæfismat útgefanda sem sækir um og heildarmat samstæðu sem hann kann að tilheyra,

e) ef minna en þrjú ár eru liðin frá stofnsetningu útgefanda sem sækir um, að því er varðar árin sem reikningsskilin ná ekki yfir, uppfærð samantekt sem dagsett er eins nálægt dagsetningu umsóknar um starfsleyfi og mögulegt er, yfir fjárhagsstöðu útgefanda sem sækir um og að því er varðar hluthafa eða meðlimi með virkan eignarhlut, reikningsskil þriggja síðustu ára í tilviki lögaðila eða skattframtöl í tilviki einstaklinga.

([11]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/413 frá 18. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ítarlegt innihald nauðsynlegra upplýsinga til að meta fyrirhuguð kaup útgefanda á virkum eignarhlut í útgefanda eignatengdra tóka (Stjtíð. ESB L, 2025/413, 31.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/413/oj).

4. gr.

Upplýsingar um innra fyrirkomulag stjórnarhátta og skipulagsuppbyggingu

1. Að því er varðar f-lið 2. mgr. 18.gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal umsókn um starfsleyfi hafa að geyma skýrar og yfirgripsmiklar upplýsingar um uppbyggingu útgefanda sem sækir um, rekstrarskipulag og fyrirkomulag stjórnarhátta sem sýna að þau séu vel skipulögð og tryggi trausta og varfærna stjórnun útgefanda sem sækir um. Þessar upplýsingar skulu innihalda:

a) skipurit sem mælir fyrir um rekstrarskipulag að því er varðar starfssvið og einingar og tengda ráðstöfun starfsfólks, samspil milli mismunandi deilda útgefanda sem sækir um, hvort skýrar og skilvirkar boðleiðir og séu fyrir hendi og verkaskipting sem endurspeglar atvinnustarfsemi útgefanda sem sækir um,

b) verksvið stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar með kortlagningu hlutverka, skyldna og boðleiða hvers meðlims,

c) ítarlega og yfirgripsmikla lýsingu á fyrirhuguðum fjölda og samsetningu starfsfólks, þ.m.t. hversu háttsett það er, færni, sérfræðikunnáttu þess, og tækniúrræðum, þ.m.t. sérkennum og virkni, hversu uppfærð þau eru, framsækin í eðli sínu, með útskýringum á því hversu fullnægjandi mannauður og tækniúrræði séu til að hrinda viðskiptaáætluninni í framkvæmd,

d) ítarlega lýsingu á verklagi og fyrirkomulagi til að tryggja nákvæm og tímanleg gagnaskil sem tengjast eignatengda tókanum,

e) lýsingu á hátternisreglum sem lýsa siðferðislegum og faglegum fyrirtækisgildum útgefanda sem sækir um og áhættumenningu,

f) lýsingu á verklagsreglum um meðferð kvartana eins og um getur í 31. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/293 ([12]),

g) lýsingu á stefnum um hagsmunaárekstra eins og um getur í reglugerð (ESB) 2023/1114 og í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem kemur á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir eru skv. 5. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

h) lýsingu á verklagi sem tryggir að útgefandi sem sækir um muni fara að kröfum um upplýsingagjöf gagnvart eigendum eignatengda tókans sem settar eru fram í 30. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

Að því er varðar c-lið skal umsókn um starfsleyfi einnig lýsa raunverulegri stöðu mála að því er varðar framkvæmd fyrirhugaðs rekstrarfyrirkomulags þ.m.t. ráðningaráætlunum og öflun og innleiðingu tækniúrræðanna í rekstur.

2. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma nöfn og samskiptaupplýsingar allra þjónustuveitenda sem eru þriðju aðilar sem útgefandi sem sækir um hyggst eða hefur gert samninga við um rekstur varasjóðs eigna og um fjárfestingu varasjóðs eigna, vörslu varasjóðs eigna og, þegar við á, dreifingu eignatengdra tóka til almennings sem um getur í 5. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og lýsingu á slíku samkomulagi við þriðju aðila, þ.m.t. allt eftirfarandi:

a) rökin fyrir því að nota þjónustuveitanda sem er þriðji aðili til að styðja við eða annast nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi,

b) staðsetning þjónustuveitanda sem er þriðji aðili og þegar við á staðsetning þar sem gögnin eru geymd eða unnið með þau,

c) starfsfólk, fjármagn og tækniúrræði þjónustuveitanda sem er þriðji aðili sem tengist nauðsynlegri eða mikilvægri starfsemi,

([12]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/293 frá 30. september 2024 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur, sniðmát og verklag við meðferð kvartana er varða eignatengda tóka (Stjtíð. ESB L, 2025/293, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/293/oj).

d) innra eftirlitskerfi útgefanda sem sækir um til að fylgjast með og stýra fyrirkomulagi fyrir þjónustuveitingu þriðju aðila,

e) áætlun um rekstrarsamfellu ef þjónustuveitandi sem er þriðji aðili getur ekki veitt samfellda þjónustu,

f) innihald samningsfyrirkomulagsins að því er varðar skylduna til að tryggja aðgang að upplýsingum, eftirlits- og endurskoðunarrétt bæði útgefanda sem sækir um og lögbæra yfirvaldsins,

g) boðleið til stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar.

5. gr.

Upplýsingar um innri eftirlitsramma

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma heildstæða lýsingu á innri eftirlitsramma útgefanda sem sækir um, þ.m.t. allt eftirfarandi:

a) heildstæða lýsingu á innri regluvörslu sem hluta af innra eftirlitskerfi skv. 10. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 sem hefur nægilegar heimildir, stöðu, úrræði og beinan aðgang að stjórn og/eða framkvæmdastjórn,

b) heildstæða lýsingu á áhættustýringarramma og áhættustýringareiningunni, ef henni hefur verið komið á fót, eða ef henni er útvistað, í samræmi við meðalhóf að því er varðar stærð, flækjustig og áhættusnið, til þjónustuveitanda sem er þriðji aðili, viðkomandi samkomulag við þriðju aðila í samræmi við 2. mgr. 4. gr.,

c) heildstæða lýsingu á áhættustýringarkerfum og eftirliti sem útskýrir stefnu útgefanda sem sækir um til að bera kennsl á, meta, fylgjast með, milda áhættu og tilkynna um alla áhættu útgefanda sem sækir um eða sem hann gæti orðið útsettur fyrir, þ.m.t. áhættu fyrir eigendur eignatengda tókans, markaðs-, seljanleika-, samþjöppunar-, rekstrar-, upplýsinga- og fjarskiptakerfis-, orðsporsáhættu, lagalega áhættu, háttsemis- og hlítingaráhættu, UFS-áhættu, áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og stefnuáhættu,

d) heildstæða lýsingu á deild innri endurskoðunar sem hluta af innra eftirlitseftirlitskerfi í samræmi við 10. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 þegar því er komið á fót eða þegar, í samræmi við meðalhóf að því er varðar stærð, flækjustig og áhættusnið starfsemi útgefanda sem sækir um, því hefur verið útvistað til þjónustuveitanda sem er þriðji aðili, heildstæða lýsingu á samningsfyrirkomulagi við þriðju aðila sem skal hafa að geyma öll atriðin sem um getur í a- til g-liðar 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar auk nafns og samskiptaupplýsinga skipaðs ytri endurskoðanda,

e) útskýringu á fyrirkomulagi stjórnarhátta sem tekið er upp til að tryggja aðskilnað og fullnægjandi aðgreiningu verkefna starfssviða og rekstrareininga frá innra eftirliti sem hluta af innra eftirlitskerfi skv. 10. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og útskýringu á fyrirkomulaginu sem tekið er upp til að tryggja sjálfstæði innra eftirlits, þ.m.t. gegnum beinan aðgang þeirra að stjórn og/eða framkvæmdastjórn í stýringar- og eftirlitshlutverki sínu.

Að því er varðar c-lið, skal lýsingunni fylgja áhættuviljayfirlýsing útgefanda sem sækir um og áhættuþol hans, þ.m.t. fyrirhugað verklag og ráðstafanir til að stýra greindri áhættu innan marka áhættuvilja.

2. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma lýsingu á fyrirkomulagi og úthlutuðum upplýsinga- og fjarskiptatæknitilföngum og mannauði til að tryggja að útgefandi sem sækir um fari að reglugerð (ESB) 2022/2554, þ.m.t. allar eftirfarandi upplýsingar í tengslum við upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi, samskiptareglur og búnað útgefanda sem sækir um:

a) ítarleg tæknigögn, þ.m.t. lýsingu á áhættustýringarramma fyrir upplýsinga- og fjarskiptatækni í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554, sem sýnir getu útgefanda sem sækir um til að bregðast hratt, af skilvirkni og heildstætt við upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu og tryggja mikinn stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt,

b) upplýsingar sem sýna að útgefandi sem sækir um viðhaldi uppfærðum upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfum, samskiptareglum og búnaði sem er við hæfi, áreiðanlegur og með nægа gagnavinnslugetu til að sinna starfsemi og veita þjónustu tímanlega, og tæknilegan viðnámsþrótt í samræmi við 7. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2254,

c) ítarlega lýsingu á öryggisstefnu sem sýnir fram á að kerfi og verklag útgefanda sem sækir um geti varið tiltækileika, ósvikni, heilleika og trúnað um gögn, upplýsingaeignir og upplýsinga- og fjarskiptatæknieignir, þ.m.t. þær sem eru í eigu viðskiptavina þeirra í samræmi við 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554,

d) ítarlega lýsingu á upplýsinga- og fjarskiptatækniferlinu og -kerfunum sem sýnir getuna til að veita útgefanda sem sækir um áreiðanlegar upplýsingar og gögn til stuðnings kröfum um gagnaskýrslugjöf.

3. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma lýsingu á áætlun og stefnu um rekstrarsamfellu og sem tryggir getu útgefanda sem sækir um til að starfa á áframhaldandi grundvelli og takmarka tap ef starfsemin raskast alvarlega. Í þeim tilgangi skal í áætlun um rekstrarsamfellu vera:

a) kortlagning á mikilvægum gögnum og starfssviðum,

b) yfirlit yfir tiltæk öryggisafritunar- og endurheimtarkerfi,

c) lýsing á tiltækileika lykilstarfsfólks í aðstæðum er varða rekstrarsamfellu í samræmi við 8. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554.

4. Þegar eignatengdir tókar eru gefnir út, geymdir eða fluttir með einkaleyfisháðri dreifðri færsluskrártækni eða sambærilegri tækni sem útgefandi sem sækir um eða þriðji aðili fyrir hans hönd rekur skal sýna fram á í umsókn um starfsleyfi virkni dreifðu færsluskrártækninnar eða svipaðrar tækni sem tekur til alls eftirfarandi:

a) lýsingar á lagalegum réttindum útgefanda sem sækir um að því er varðar dreifðu færsluskrártæknina eða sambærilega tækni, hvort sem um er að ræða eignarrétt eða samningssamband sem veitir útgefanda sem sækir um yfirráð yfir færsluskrártækninni eða sambærilegri tækni, óháð því hvort færsluskrártæknin sé rekin af öðru fyrirtæki,

b) heitis og tengiliðaupplýsinga rekstraraðilans eða rekstraraðila dreifðu færsluskrártækninnar, ef hann er annar en útgefandinn sem sækir um,

c) áætlunar útgefanda sem sækir um eða þriðja rekstraraðila um greiningu, vöktun, mat, mildun og forvarnir áhættu, einnig með hliðsjón af mögulegu smitflæði til annarra útgefinna sýndareigna sem eru millifærðar eða geymdar með þeirri dreifðu færsluskrártækni og tengdum þjónustuveitendum sýndareigna, og áætlunar um reglulegt tæknilegt viðhald og uppfærslur á dreifðu færsluskrártækninni eða sambærilegri tækni,

d) tæknilegrar úttektarskýrslu og öryggisúttektar á samkvæmni virkni dreifðu færsluskrártækninnar við gæðastaðla sem eru í notkun á markaðnum og á því hversu viðeigandi og fullnægjandi þær áætlanir eru sem um getur í c-lið,

e) ef um er að ræða einkaleyfisháða dreifða færsluskrártækni með aðgangsstýringu, ítarlegrar lýsingar á fyrirkomulagi gagnsæis.

5. Þegar samstarfsfyrirkomulag milli útgefanda sem sækir um og tiltekinna þjónustuveitenda sýndareigna er fyrirhugað skal umsókn um starfsleyfi hafa að geyma nákvæma lýsingu á núverandi innra eftirlitskerfi þjónustuveitenda sýndareigna og verklagsreglur sem tryggja að farið sé að skuldbindingum í tengslum við að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka samkvæmt tilskipun (ESB) 2015/849 og, þegar við á, reglugerð (ESB) 2023/1113. Slík nákvæm lýsing skal hafa að geyma mat á framtíðarhorfum á áframhaldandi uppfyllingu þeirra skuldbindinga yfir þriggja ára tímabil viðskiptaáætlunar útgefanda sem sækir um. Lögbært yfirvald getur miðlað slíkri lýsingu á framtíðarhorfum sem útbúin er af tilteknum þjónustuveitanda sýndareigna til lögbærra yfirvalda á sviði aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, skrifstofu fjármálagreininga lögreglu eða öðrum opinberum aðilum í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

6. gr.

Lausafjárstýring, varasjóður eigna og innlausnarréttindi

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar sem tryggja reglufylgni við kröfur um lausafjárstýringu og um varasjóð eigna:

a) heildstæðan og ítarlegan ramma sem sýnir myndun, samsetningu, stjórnun og aðgreiningu varasjóðs eigna í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem kemur á fót tæknilegum stöðlum sem samþykktir eru skv. 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

b) skýra og ítarlega stefnu sem lýsir aðferðum við verðjöfnun eignatengdra tóka sem sótt er um starfsleyfi fyrir í samræmi við 8. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

c) heiti utanaðkomandi ráðgjafa sem mun annast óháðu úttektina á varasjóði eigna á sex mánaða fresti í samræmi við 9. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

d) ítarlega stefnu og verklagsreglur um vörslu á varasjóði eigna, þ.m.t. valið vörslufyrirkomulag, sem tryggir að fari sé að 37. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

e) skýra og ítarlega fjárfestingarstefnu fyrir varasjóð eigna í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem kemur á fót tæknilegum stöðlum sem samþykktir eru skv. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

f) upplýsingar um samningsbundið fyrirkomulag sem komið er á við þriðju aðila fyrir rekstur, fjárfestingar og vörslu varasjóðs eigna í samræmi við stefnur sem um getur í d- til e-lið.

Að því er varðar a-lið, þegar útgefandi sem sækir um óskar eftir flokkun eignatengda tókans að eigin frumkvæði sem mikilvægs eignatengds tóka skal ramminn hafa að geyma stefnu og verklagsreglur um lausafjárstýringu. Ramminn skal einnig sýna boðleiðir til stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar og hvernig ábyrgð stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar á varfærinni stjórnun varasjóðs eigna verður tryggð.

Að því er varðar f-lið, skal í nákvæmu lýsingunni tilgreina nafn og samskiptaupplýsingar þjónustuveitenda sem eru þriðju aðilar og sýna hlutverk, ábyrgðir, réttindi og skyldur bæði útgefanda eignatengds tóka og þjónustuveitenda sem eru þriðju aðilar með áframhaldandi rekstrarhæfi og, ef innlausnaráætlun er hrint í framkvæmd, þau lög sem gilda um samninginn. Þegar slík þjónusta er talin mikilvæg starfsemi fyrir skipulega innlausn í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal í lýsingu einnig tilgreina að samningi sé ekki hægt að segja upp, heldur verði rekinn áfram ef innlausnaráætlun er hrint í framkvæmd í samræmi við 1. mgr. 47. gr. þeirrar reglugerðar. Lýsingin á samningsbundnu fyrirkomulagi skal einnig hafa að geyma upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.

Lýsingin á samningsbundna fyrirkomulaginu við þjónustuveitanda sem er þriðji aðili um vörslu varasjóðs eigna skal hafa að geyma ráðstafanir sem þjónustuveitandi sem er þriðji aðili grípur til til að tryggja lagalega og rekstrarlega aðgreiningu frá eigin eignum.

2. Umsóknin um starfsleyfi skal einnig innihalda eftirfarandi:

a) skýra og ítarlega stefnu og verklagsreglur sem tryggja að innlausnarréttindi eigenda eignatengda tókans séu virt í samræmi við 39. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

b) yfirlit yfir endurbótaáætlunina í samræmi við 46. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

c) innlausnaráætlunina sem leggja skal fram í samræmi við 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2023/1114.

7. gr.

Auðkenni og sönnur á óflekkuðu mannorði, þekkingu, hæfni, reynslu og að aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar verji nægum tíma til að sinna skyldum sínum

1. Umsókn um starfsleyfi skal veita, fyrir hvern meðlim stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar, eftirfarandi persónuupplýsingar og sönnur á óflekkuðu mannorði, þekkingu, hæfni, reynslu og getu til að verja nægum tíma til að sinna skyldum sínum:

a) fullt nafn og, ef annað, nafn við fæðingu,

b) fæðingarstað og fæðingardag og -ár, heimilisfang og samskiptaupplýsingar á núverandi búsetustað, ríkisfang eða ríkisföng og kennitölu eða afrit af kennivottorði eða jafngildi þess,

c) upplýsingar um stöðuna sem hann gegnir eða mun gegna, þ.m.t. hvort um sé að ræða stöðu framkvæmdastjóra eða utanaðkomandi stjórnarmanns, upphafsdag eða fyrirhugaðan upphafsdag og, eftir atvikum, gildistíma umboðs og lýsingu á helstu skyldum og ábyrgð,

d) ferilskrá sem inniheldur upplýsingar um menntun og reynslu, þ.m.t. starfsreynslu, háskólamenntun, aðra viðeigandi þjálfun, þ.m.t. nafn og eðli allra stofnana sem einstaklingurinn hefur starfað hjá og eðli og tímalengd starfanna sem hann gegndi, einkum með áherslu á hvers konar starfsemi innan sviðs þeirrar stöðu sem sóst er eftir sem tengist fjármálaþjónustu, sýndareignum eða öðrum rafrænum eignum, dreifðri færsluskrártækni, upplýsingatækni, netöryggi, stafrænni nýsköpun eða stjórnunarreynslu,

e) persónuleg saga, þ.m.t. allt eftirfarandi, að því er varðar ríkisfang eða ríkisföng einstaklingsins og búsetustaði einstaklingsins síðustu 10 árin ef annað en land ríkisfangs eða ríkisfanga:

   i. að hann hafi hreint sakavottorð og hafi ekki verið beittur viðurlögum samkvæmt gildandi lögum er varða fjármálamarkað, lögum um ógjaldfærni eða lögum um fjármálaþjónustu eða í tengslum við aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, svik eða starfsábyrgð, með opinberu vottorði eða jafngildu skjali eða, ef slík vottorð eru ekki fyrir hendi, hvers konar áreiðanlegar upplýsingar um að hann hafi ekki verið sakfelldur í refsimáli, sætt rannsókn eða verið sóttur til saka,

   ii. upplýsingar um synjun skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis til að stunda viðskipti, rekstur eða starf, eða afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis eða brottvísun af hálfu eftirlitsaðila, ríkisstofnunar, fagfélags eða samtaka,

   iii. upplýsingar um brottvikningu úr starfi eða trúnaðarstöðu, uppsögn umboðsskyldusambands eða svipaðar aðstæður, eða að einstaklingurinn hafi verið beðinn um að segja af sér slíkri stöðu, að undanskildum uppsögnum,

   iv. upplýsingar um hvort annað lögbært yfirvald hafi metið orðspor viðkomandi aðila, þ.m.t. auðkenni þess yfirvalds, dagsetning mats og upplýsingar um niðurstöðu matsins,

   v. upplýsingar um það hvort yfirvald úr öðrum geira en fjármálageiranum hafi metið viðkomandi einstakling, þ.m.t. deili á því yfirvaldi, dagsetning matsins og upplýsingar um niðurstöðu þess mats,

f) lýsingu á öllum fjárhagslegum og ófjárhagslegum hagsmunum sem gætu mögulega skapað verulega hagsmunaárekstra sem hefðu áhrif á ætlaðan trúverðugleika viðkomandi einstaklings við skyldustörf sín sem meðlimur stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar hjá útgefanda sem sækir um, þ.m.t.:

   i. hvers konar fjárhagslegum hagsmunum, þ.m.t. sýndareignum, öðrum rafrænum eignum, lánum, hlutafjáreign, ábyrgðum eða tryggingarréttindum, hvort sem þau eru veitt eða móttekin, og ófjárhagslegum hagsmunum eða tengslum, þ.m.t. nánum tengslum s.s. maka, sambúðarmaka, sambúðaraðila, barni, foreldri eða öðrum tengslum við aðila sem einstaklingurinn deilir heimili með, milli einstaklingsins eða náinna ættingja þess einstaklings eða fyrirtækis sem einstaklingurinn er nátengdur og útgefanda sem sækir um, móðurfyrirtæki hans eða dótturfélags, þ.m.t. aðila stjórnar eða annars einstaklings sem á virkan eignarhlut í útgefanda sem sækir um,

ii. hvort einstaklingurinn stundar einhverja starfsemi eða á í viðskiptasambandi, eða hefur átt í slíku sambandi á næstliðnum tveimur árum, við einstaklingana sem taldir eru upp í i. lið, eða á þátt í einhvers konar málarekstri við slíka aðila eða ekki,

iii. hvort einstaklingurinn og náskyldir aðilar eins og tilgreint er í i. lið hafi einhverra samkeppnishagsmuna að gæta gagnvart útgefanda sem sækir um, móðurfyrirtæki hans eða dótturfélögum, eða ekki,

iv. allar fjárskuldbindingar gagnvart útgefanda sem sækir um, móðurfélagi hans eða dótturfélögum,

v. hvort einstaklingurinn hafi verið einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla eins og skilgreint er í 9. lið 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 á síðastliðnum tveimur árum,

vi. ef verulegir hagsmunaárekstrar greinast, yfirlýsingu um hvernig dregið verður úr þeim árekstrum eða úr þeim bætt, þ.m.t. tilvísun í yfirlit stefnu um hagsmunaárekstra,

g) upplýsingar um getu til verja nægum tíma til að sinna skyldum sínum hjá útgefanda sem sækir um, þ.m.t.:

i. áætlaður lágmarkstími, á ári og á mánuði, sem einstaklingurinn sem um ræðir mun verja til að sinna hlutverki sínu innan lánastofnunarinnar sem sækir um,

ii. lista yfir viðskiptaleg umboð þess einstaklings,

iii. lista yfir skyldur sem varða starfsemi sem ekki er viðskiptastarfsemi eða eru í þeim eina tilgangi að stýra efnahagslegum hagsmunum hlutaðeigandi einstaklings,

iv. lista yfir alla viðbótarábyrgð sem tengist skyldum sem um getur í iii. lið, þ.m.t. að veita nefnd forstöðu,

v. tími sem áætlað er að verja á dag til að sinna hverju umboði,

vi. fjöldi funda á ári sem tileinkaðir eru hverri skyldu.

Að því er i. lið e-liðar varðar skulu opinberar skrár, vottorð og skjöl hafa verið gefin út innan þriggja mánaða áður en umsókn um starfsleyfi er lögð fram.

2. Niðurstöður allra hæfismata á hverjum meðlimi stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar sem útgefandi sem sækir um framkvæmdi, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar:

a) viðkomandi fundargerðir stjórnar,

b) ákvörðun um hæfismat,

c) hvort metið hafi verið að hlutaðeigandi einstaklingur hafi ekki nauðsynlega reynslu og að því gefnu að kröfur um lágmarksreynslu séu uppfylltar, upplýsingar um þjálfunaráætlun sem hann skal fylgja, þ.m.t. efni, veitanda og dagsetningu þegar þjálfunaráætlun hefur verið eða mun verða lokið.

3. Yfirlýsing um heildarmat útgefanda sem sækir á sameiginlegu hæfi stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar sem skjalfestir að stjórn og/eða framkvæmdastjórn sameiginlega hafi yfir að ráða viðeigandi þekkingu, færni og reynslu til að stýra útgefanda sem sækir um, þ.m.t. viðeigandi fundargerðir eða skýrslur um hæfismat eða gögn.

8. gr.

Upplýsingar sem varða hluthafa eða félagsmenn með virka eignarhluti

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma upplýsingar um nægilega gott orðspor hluthafa og aðila með beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í útgefanda sem sækir um, þ.m.t. allt eftirfarandi:

a) skipurit yfir eignarhaldsfyrirkomulag útgefanda sem sækir um, þ.m.t. sundurliðun á hlutafjáreign og atkvæðisrétti og nöfn hluthafa eða aðila með bæði beinan og óbeinan virkan eignarhlut,

b) fyrir hvern hluthafa eða aðila sem hefur beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í útgefanda sem sækir um, þær upplýsingar og gögn um auðkenni og orðspor þeirra sem sett eru fram í:

   i. ákvæðum 1. gr. (1. mgr.), 2. gr. (a-, b-, og c-lið 1. mgr.) og 2. gr. (a- og b-lið 2. mgr.) framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413, ef um er að ræða einstaklinga, eða

   ii. ákvæðum 1. gr. (2., 3., 4. eða 5. mgr.), 3. gr. (a-, b-, c-, e- og f-lið 1. mgr.) og, þegar við á, 3. gr. (3. mgr.) framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413, ef um er að ræða lögaðila,

c) deili á hverjum meðlim stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar hjá útgefanda sem sækir um sem hefur verið eða mun verða skipaður af, eða í kjölfar tilnefningar frá, slíkum aðila með virkan eignarhlut ásamt upplýsingunum sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. 8. gr., þegar þær upplýsingar hafa ekki þegar verið veittar,

d) að því er varðar hvern hluthafa eða aðila með beinan eða óbeinan virkan eignarhlut, eftirfarandi upplýsingar um eignarhlutdeild, hvort sem hún er hlutafé eða önnur eignarhlutdeild:

   i. fjöldi og tegund,

   ii. nafnviði,

   iii. allt yfirverð sem hefur verið eða verður greitt,

   iv. allir tryggingarhagsmunir eða kvaðir í tengslum við slíka eignarhlutdeild, þ.m.t. deili á tryggðum aðilum,

e) upplýsingarnar sem um getur í b-, d- og e-lið 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413,

f) upplýsingarnar sem um getur í 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413.

Að því er varðar b-lið er óbeinn virkur eignarhlutur auðkenndur í samræmi við 1. og 2. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júní 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1142 **2026/EES/19/27**

frá 27. febrúar 2025

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur varðandi stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra fyrir þjónustuveitenda sýndareigna og nánari upplýsingar og aðferðir í tengslum við efni þeirrar upplýsingagjafar um hagsmunaárekstra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 5. mgr. 72. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þegar þjónustuveitendur sýndareigna koma til framkvæmda og viðhalda stefnum og verklagsreglum um greiningu, forvarnir, meðferð og birtingu upplýsinga um ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra, eins og um getur í 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ættu þeir að taka tillit til meðalhófsreglunnar til að tryggja að stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra nægi til að ná markmiðum þeirrar greinar. Í samræmi við 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu þjónustuveitendur sýndareigna einnig taka tillit til umfangs, eðlis og sviðs þjónustu sem veitt er á sviði sýndareigna.

2) Til að tryggja að stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra séu í þágu bestu hagsmuna þjónustuveitenda sýndareigna og viðskiptavina þeirra ættu þessar stefnur og verklagsreglur að ná yfir aðstæður sem gætu haft áhrif á, eða sem gætu virst hafa áhrif á, getu þjónustuveitenda sýndareigna eða aðila sem eru tengdir þessum þjónustuveitendum sýndareigna til að sinna skyldum sínum eða ábyrgð með hlutlægum og óháðum hætti, í þágu viðskiptavina og frammistöðu einingarinnar.

3) Ef þjónustuveitandi sýndareigna tilheyrir samstæðu ætti einnig að taka tillit til aðstæðna sem tengjast þeirri staðreynd.

4) Þjónustuveitendur sýndareigna sem eru hluti af samstæðu ættu því að takast á við aðstæður sem gætu valdið hagsmunaárekstrum vegna skipulags og atvinnustarfsemi annarra eininga innan samstæðunnar. Í því skyni og þegar þjónustuveitandi sýndareignar veitir, einn og sér eða með öðrum einingum innan samstæðunnar, margþætta þjónustu á sviði sýndareigna og stundar tengda starfsemi ættu stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun sem leiðir af samþjöppuðu eftirliti, stjórnun viðskipta tengdra aðila, þ.m.t. viðskipti sem tengjast tengdum fyrirtækjum.

5) Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem skaða þjónustuveitendur sýndareigna og viðskiptavini þeirra ættu stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra að tryggja að vandlega sé fylgst með aðstæðum þar sem aðilar sem tengjast þjónustuveitanda sýndareignar hafa persónuleg, fagleg eða stjórnmálaleg tengsl við annan aðila. Slík tengsl geta haft áhrif á hlutlæga dómgreind þjónustuveitanda sýndareigna og tengdra aðila. Persónuleg tengsl ættu að fela í sér tengsl milli skyldmenna eða venslafólks, eða félagsleg tengsl sem takmarkast hvorki við sambúð né hjúskap. Stjórnmálaleg tengsl ættu að fela í sér aðild að stjórnmálaflokkum eða tengsl við stjórnvöld eða aðra opinbera embættismenn. Fagleg tengsl ættu að taka til tengsla í faglegu umhverfi, þ.m.t. í vinnunni eða í viðskiptalegu samhengi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1142, 10.6.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 302/2025 frá 5. Desember 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

6) Til að stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra séu skilvirkar ættu þjónustuveitendur sýndareigna að hafa gagnsætt stjórnskipulag, sem er í samræmi við heildarstefnu þeirra og áhættusnið, og sem er auðskilið af stjórn og/eða framkvæmdastjórn þeirra, aðilum tengdum þeim, lögbærum landsyfirvöldum og viðskiptavinum.

7) Traustir stjórnunarhættir og stjórnun þjónustuveitenda sýndareigna er grundvallaratriði til að tryggja bæði virkni þeirra og traust á fjármálamörkuðunum. Af þessum ástæðum ætti í stefnum og verklagsreglum um hagsmunaárekstra að fjalla um tilvik þar sem hagsmunaáreksturinn gæti komið í veg fyrir að aðilar í stjórn og/eða framkvæmdastjórn geti tekið hlutlægar og óvilhallar ákvarðanir með hagsmuni þjónustuveitanda sýndareigna og viðskiptavina þeirra að leiðarljósi.

8) Mögulegir og raunverulegir hagsmunaárekstrar sem þjónustuveitendur sýndareigna ættu að taka tillit til skv. 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 ættu að vera þeir árekstrar sem hafa eða gætu haft áhrif á hagsmuni viðskiptavina sem og þeir árekstrar sem hafa eða gætu haft áhrif á frammistöðu og stöðu þjónustuveitanda sýndareigna sem slíkrar og hafa þannig, með óbeinum hætti, einnig áhrif á hagsmuni viðskiptavina.

9) Til að tryggja gagnsæi varðandi ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr greindum hagsmunaárekstrum ættu þjónustuveitendur sýndareigna að uppfylla kröfurnar um að upplýsa um hagsmunaárekstra sem settar eru fram í 2. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Til að tryggja að stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra uppfylli markmið sín ættu þjónustuveitendur sýndareigna þó ekki að reiða sig á að birta einfaldlega upplýsingar um hagsmunaárekstra sem leið til að taka á þeim. Þess vegna ættu þeir að fara að kröfum um upplýsingagjöf en einnig tryggja að hagsmunaárekstrar séu greindir, komið sé í veg fyrir þá og þeim stjórnað.

10) Starfskjör starfsfólks sem kemur að veitingu þjónustu á sviði sýndareigna til viðskiptavina geta valdið hagsmunaárekstrum. Þótt þjónustuveitendum sýndareigna sé almennt frjálst að ákvarða starfskjarastefnu sína ættu þeir að tryggja að starfskjarastefna þeirra og -venjur skapi ekki hagsmunaárekstra milli viðskiptavina og þjónustuveitanda sýndareigna eða tengdra aðila og skerði ekki getu tengdra aðila til að sinna skyldum sínum og ábyrgð með óháðum og hlutlægum hætti. Til að tryggja skilvirka og samræmda beitingu krafna varðandi hagsmunaárekstra á sviði starfskjara ætti hugtakið þóknun að ná yfir allar tegundir greiðslna og fjárhagslegs eða ófjárhagslegs ávinnings sem þjónustuveitendur sýndareigna veita aðilum sem hafa áhrif, beint eða óbeint, á þjónustu á sviði syndareigna sem veitt er af þjónustuveitendum sýndareigna eða á atferli þeirra. Starfskjarastefnur sem innleiddar eru með tilliti til stefnu um hagsmunaárekstra ættu að tryggja að viðskiptavinir fái sanngjarna meðhöndlun og hagsmunir þeirra skaðist ekki vegna starfskjaravenja sem þjónustuveitendur sýndareigna taka upp til skamms, meðallangs eða langs tíma.

11) Í ljósi viðeigandi framkvæmdar, viðhalds og endurskoðunar á stefnum og verklagsreglum um hagsmunaárekstra ættu slíkar stefnur og verklagsreglur að tryggja að fullnægjandi og óháð starfsfólk sé til staðar til að takast á við hagsmunaárekstra. Þetta sérhæfða starfsfólk ætti einnig að hafa nauðsynlega færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu um hagsmunaárekstra. Af þessum sökum ætti sá sem ber ábyrgð á að stýra hagsmunaárekstrum að geta, í stjórnunarhlutverki sínu og, eftir atvikum, í eftirlitshlutverki sínu, haft aðgang að og gefið skýrslu beint um viðeigandi innri leið til tilkynninga.

12) Til að tryggja að viðskiptavinir geti tekið upplýsta ákvörðun ættu þjónustuveitendur sýndareigna að halda uppfærðum birtum upplýsingum um almennt eðli og upptök hagsmunaárekstra og ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr þeim skv. 2. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Slík birting upplýsinga ætti að taka tillit til mismunandi tegunda viðskiptavina sem henni er beint að, þ.m.t. þeirrar staðreyndar að þessir viðskiptavinir búa yfir mismunandi mikilli þekkingu og reynslu.

13) Þjónustuveitendur sýndareigna geta oft starfað á lóðrétt samþættan hátt eða í nánu samstarfi við tengdar einingar eða einingar innan sömu samstæðu. Til að viðskiptavinum sé ljóst hvaða hlutverki og afkastagetu þjónustuveitandi sýndareigna gegnir ættu upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 að innihalda nægilega ítarlega, nákvæma og skýra lýsingu á þeim aðstæðum sem leiða til eða geta leitt til hagsmunaárekstra. Þessar upplýsingar eiga einkum við í aðstæðum þar sem þjónustuveitandi sýndareigna markaðssetur sig sem aðila sem stundar viðskipti með sýndareignir en stundar í raun og veru, eða sameinar, margþætta starfsemi, þ.m.t. að starfrækja viðskiptavettvang með sýndareignir, viðskiptavakt, bjóða verðbréfaviðskipti með lánsfé, greiða fyrir vörslu, uppgjöri, lánveitingum, lántökum og eigin viðskiptum. Til að tryggja fjárfestavernd, ættu tilvonandi viðskiptavinir og viðskiptavinir að hafa aðgengi að upplýsingunum, sem um getur í 2. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, á tungumáli sem þeir þekkja. Því ættu þjónustuveitendur sýndareigna að gera slíkar birtingar tiltækar á öllum tungumálum sem þjónustuveitendur sýndareigna nota til að markaðssetja þjónustu sína eða eiga samskipti við viðskiptavini í viðkomandi aðildarríki.

14) Lög Sambandsins um persónuvernd, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]), gilda um vinnslu þjónustuveitenda sýndareigna á persónuupplýsingum, þ.m.t. upplýsingar sem aflað er með stefnum þeirra og verklagsreglum varðandi hagsmunaárekstra.

15) Í samræmi við meginregluna um lágmörkun gagna, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/679, ættu þjónustuveitendur sýndareigna að tilgreina hvaða flokka persónuupplýsinga þeir muni vinna til að greina, koma í veg fyrir og stýra hagsmunaárekstrum í stefnum sínum og verklagsreglum sem um getur í 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, að teknu tilliti til umfangs, eðlis og sviðs þeirrar þjónustu á sviði sýndareigna sem er veitt eða framkvæmd af þjónustuveitanda sýndareigna og samstæðunni sem hann tilheyrir.

16) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([3]) og skilaði hún áliti 17. júlí 2024.

17) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.

18) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([4]).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „tengdur aðili“: hver sá aðili sem um getur í i. til iv. lið a-liðar 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

2) „starfskjör“: hvers konar greiðsla eða annar fjárhagslegur eða ófjárhagslegur ávinningur sem þjónustuveitendur sýndareigna láta af hendi beint eða óbeint í tengslum við veitingu þjónustu á sviði sýndareigna til viðskiptavina,

3) „samstæða“: samstæða eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([5]).

2. gr.

Hagsmunaárekstrar sem gætu mögulega skaðað þjónustuveitanda sýndareigna

1. Stefnurnar og verklagsreglurnar sem um getur í 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 til að greina, koma í veg fyrir, stýra og upplýsa um hagsmunaárekstra sem geta skaðað þjónustuveitanda sýndareigna skulu tilgreina aðstæðurnar sem geta haft bein eða óbein áhrif á hlutlægni og óhlutdrægni tengdra aðila við að sinna skyldum sínum og ábyrgð. Slíkar stefnur og verklagsreglur skulu a.m.k. taka tillit til aðstæðna eða tengsla þar sem tengdur aðili:

a) hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta í einstaklingi, aðila eða einingu sem stangast á við hagsmuni þjónustuveitanda sýndareigna,

b) hefur núverandi samband við einstakling, aðila eða einingu sem hefur hagsmuna að gæta sem rekast á hagsmuni þjónustuveitanda sýndareigna og gæti verið af persónulegum, faglegum eða stjórnmálalegum toga eða hefur haft slíkt samband síðastliðin þrjú ár, frá því að matið er framkvæmt,

c) annist verkefni eða framkvæmi starfsemi, eða sé falin ábyrgð, sem stangast á við verkefni þjónustuveitanda sýndareigna eða sé undir stigskiptu eftirliti aðila sem ber ábyrgð á hlutverkum eða verkefnum sem stangast á við verkefni þjónustuveitanda sýndareigna.

2. Í þeim tilgangi að bera kennsl á einstaklinga, aðila eða einingar sem hafa hagsmuna að gæta sem rekast á við hagsmuni þjónustuveitenda sýndareigna skulu þjónustuveitendur sýndareigna a.m.k. taka tillit til þess hvort viðkomandi einstaklingur, aðili eða eining:

a) sé líkleg til að njóta fjárhagslegs ávinnings eða komast hjá fjárhagslegu tapi á kostnað þjónustuveitanda sýndareigna,

b) hafi hagsmuni af niðurstöðu veittrar þjónustu á sviði sýndareigna eða starfsemi sem þjónustuveitandi sýndareigna framkvæmir, sem eru aðrir en hagsmunir þjónustuveitanda sýndareigna varðandi þá niðurstöðu,

c) stundar sömu starfsemi og þjónustuveitandi sýndareigna eða er viðskiptavinur, ráðgefandi sérfræðingur, ráðgjafi, verkefnistaki, verktaki, þjónustuveitandi eða annar veitandi (þ.m.t. undirverktakar) þjónustuveitanda sýndareigna og sannanlegar ástæður eru fyrir því að hagsmunaárekstrar gætu orðið við þjónustuveitanda sýndareigna.

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/34/oj).

3. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skulu þjónustuveitendur sýndareigna taka tillit til aðstæðna þar sem tengdi aðilinn sem er aðili í stjórn og/eða framkvæmdastjórn, starfsmaður þjónustuveitanda sýndareigna eða hluthafi eða aðili sem á virkan eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna:

a) á hlutabréf, tóka (þ.m.t. stjórnunartóka) eða á aðild að þeim einstaklingi, aðila eða einingu,

b) á skuldagerninga eða hefur einhvers konar skuldafyrirkomulag gagnvart viðkomandi einstaklingi, aðila eða einingu,

c) hefur einhvers konar samningsbundið fyrirkomulag við viðkomandi einstakling, aðila eða einingu sem tengist starfseminni sem reglur hafa verið settar um í reglugerð (ESB) 2023/1114.

3. gr.

Hagsmunaárekstrar sem geta mögulega skaðað viðskiptavini

Í þeim tilgangi að greina hagsmunaárekstrana sem skapast þegar þjónusta á sviði sýndareigna er veitt og sem gætu skaðað hagsmuni viðskiptavina skulu þjónustuveitendur sýndareigna taka tillit til þess hvort þjónustuveitandi sýndareigna eða einhver tengdur aðili:

a) sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ávinnings, komast hjá fjárhagslegu tapi eða njóta annars konar ávinnings á kostnað viðskiptavinarins,

b) eigi aðra hagsmuni undir en viðskiptavinurinn að því er varðar niðurstöðu þjónustu á sviði sýndareigna sem veitt er viðskiptavini eða niðurstöðu viðskipta sem framkvæmd eru fyrir hönd viðskiptavinarins,

c) hafi fjárhagslegan eða annan hvata til að setja hagsmuni eins eða fleiri viðskiptavina framar hagsmunum annars viðskiptavinar,

d) stundar sams konar rekstur og viðskiptavinurinn,

e) taki við eða muni taka við hvatagreiðslu í formi peningalegs eða ópeningalegs ávinnings eða þjónustu frá aðila öðrum en viðskiptavininum í tengslum við veitingu þjónustu til viðskiptavinarins.

4. gr.

Stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra sem um getur í 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2023/1114

1. Stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra skulu settar fram skriflega og taka tillit til:

a) umfangs, eðlis og sviðs þjónustu á sviði sýndareigna og annarrar starfsemi sem þjónustuveitandi sýndareigna lætur í té eða framkvæmir,

b) ef þjónustuveitandi sýndareigna er hluti af samstæðu, allra aðstæðna sem gætu valdið hagsmunaárekstrum vegna skipulags og atvinnustarfsemi annarra eininga innan samstæðunnar.

2. Stjórn og/eða framkvæmdastjórn þjónustuveitanda sýndareigna skal bera ábyrgð á skilgreiningu, samþykkt og framkvæmd þessara stefna og verklagsreglna. Hann skal reglulega meta og endurskoða skilvirkni þeirra og taka á hvers konar annmörkum að því er þetta varðar.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu koma á fót skilvirkum innri leiðum til að upplýsa starfsfólk og fulltrúa stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar og veita þeim áframhaldandi aðgang að stefnu sinni og verklagsreglum um hagsmunaárekstra og veita viðeigandi uppfærða þjálfun um stefnurnar og verklagsreglurnar um hagsmunaárekstra.

4. Stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra skulu fela í sér:

a) lýsingu á aðstæðum sem geta valdið hagsmunaárekstrum eins og um getur í 2. eða 3. gr., í tengslum við hvers konar þjónustu eða starfsemi á sviði sýndareigna sem þjónustuveitandi sýndareigna veitir eða ráðgefandi sérfræðingur, ráðgjafi, verkefnistaki eða verktaki fyrir hans hönd,

b) ferlin sem á að beita til að greina, koma í veg fyrir, stýra og upplýsa um hagsmunaárekstrana sem um getur í 2. og 3. gr.,

c) skýra tilvísun í stjórnskipulag þjónustuveitanda sýndareigna.

5. Í stefnum og verklagsreglum um hagsmunaárekstra skal tekið tillit til hættunnar á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina eða hagsmunir þjónustuveitanda sýndareigna skaðist.

6. Ferlin, sem um getur í b-lið 4. mgr. 4. gr., skulu a.m.k. ná yfir eftirfarandi:

a) ráðstafanir til að tilkynna tafarlaust og miðla gegnum viðeigandi innri tilkynningarleiðir öllum málum sem kunna að leiða eða hafa leitt til hagsmunaáreksturs,

b) ráðstafanir til að koma í veg fyrir og stýra upplýsingaskiptum milli tengdra aðila sem sinna störfum sem fela í sér hættu á hagsmunaárekstri, ef upplýsingaskiptin kunna að skaða hagsmuni eins eða fleiri viðskiptavina,

c) sérstakt innra eftirlit með tengdum aðilum sem hafa það meginhlutverk að sinna starfsemi fyrir hönd viðskiptavina eða veita viðskiptavinum þjónustu, sem geta valdið hagsmunaárekstrum eða geta stangast á við hagsmuni þjónustuveitanda sýndareigna,

d) afnám hvers konar beinna tengsla milli starfskjara sem veitt eru starfsfólki þjónustuveitanda sýndareigna eða verkefnistaka, verktaka, undirverktaka eða aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn sem annast fyrst og fremst eitt verksvið og starfskjara sem veitt eru, eða tekna sem skapast hjá, öðru starfsfólki, verkefnistaka, verktaka, undirverktaka eða aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn þjónustuveitanda sýndareigna sem annast fyrst og fremst annað verksvið, ef sannanlegar ástæður eru fyrir því að hagsmunaárekstrar gætu orðið í tengslum við þessa starfsemi,

e) ráðstafanir til að tryggja að komið sé í veg fyrir að tengdir aðilar sem sinna utanaðkomandi starfsemi sem tengist þjónustuveitanda sýndareigna hafi óviðeigandi áhrif innan þjónustuveitanda sýndareigna að því er þá starfsemi varðar,

f) ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða stýra þeim tilvikum þar sem tengdur aðili tekur þátt samtímis, eða í beinu framhaldi, í mismunandi þjónustu eða starfsemi á sviði sýndareigna ef slík þátttaka kann að skaða viðhlítandi stýringu hagsmunaárekstra,

g) ráðstafanir til að tryggja að starfsemi eða viðskiptum sem stangast á sé úthlutað til mismunandi aðila,

h) ráðstafanir til að ákvarða ábyrgð aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn á að upplýsa aðra stjórnarmenn um og sitja hjá við atkvæðagreiðslu um öll málefni þar sem aðili á eða gæti átt í hagsmunaárekstri,

i) ráðstafanir til að koma í veg fyrir að aðilar í stjórn og/eða framkvæmdastjórn gegni stjórnunarstöðum hjá þjónustuveitendum sýndareigna, sem eru í samkeppni, utan sömu samstæðu,

j) ráðstafanir til að koma í veg fyrir og stýra upplýsingaskiptum milli tengdra aðila sem sinna störfum sem fela í sér hættu á hagsmunaárekstri, ef upplýsingaskiptin kunna að hafa áhrif á framkvæmd á skyldum tengda aðilans gagnvart þjónustuveitanda sýndareigna.

7. Þjónustuveitandi sýndareigna skal tryggja að stefnur og verklagsreglur sem um getur í b-lið 3. mgr. veiti hæfilega tryggingu fyrir því að komið verði í veg fyrir eða dregið úr hættunni á því að hagsmunir þjónustuveitanda sýndareigna eða viðskiptavina hans skaðist.

8. Stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra skulu tryggja að fullnægjandi tilföng, þ.m.t. fullnægjandi og óháður mannauður séu ætluð af hálfu þjónustuveitanda sýndar eigna til að koma þeim í framkvæmd, viðhalda þeim og endurskoða, þ.m.t. tilnefningu aðila sem ber ábyrgð á að greina, koma í veg fyrir, stjórna og birta upplýsingar um hagsmunaárekstra.

Aðilinn skal hafa nauðsynlegar valdheimildir til að inna af hendi skyldur sínar á viðeigandi og óháðan hátt og skal heyra beint undir stjórn og/eða framkvæmdastjórn.

Ef þessum aðila hafa verið falin önnur hlutverk eða störf, skulu þau vera viðeigandi með tilliti til umfangs, eðlis og umfangs þjónustunnar sem veitt er vegna sýndareigna og annarrar starfsemi þjónustuveitanda sýndareigna sem veitir og skulu ekki stofna sjálfstæði og hlutlægni hans í hættu.

Í stefnum og verklagsreglum um hagsmunaárekstra skal skilgreina þá færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er starfsfólki sem ber ábyrgð á þeim skyldum sem um getur í fyrstu undirgrein og kveða á um að slíkt starfsfólk hafi aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum til að sinna skyldum sínum.

5. gr.

Stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra í tengslum við starfskjör

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu, í stefnum sínum og verklagsreglum um hagsmunaárekstra sem um getur í 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skilgreina og innleiða starfskjarastefnur og verklagsreglur að teknu tilliti til hagsmuna allra viðskiptavina sinna.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu tryggja að starfskjarastefnurnar og verklagsreglurnar sem um getur í 1. mgr.:

a) skapi ekki hagsmunaárekstra eða veiti hvatningu sem getur leitt til þess að aðilarnir sem þær gilda um hygli eigin hagsmunum eða hagsmunum þjónustuveitanda sýndareigna á kostnað viðskiptavinar eða sem getur leitt til þess að aðilarnir sem þær gilda um hygli eigin hagsmunum í óhag þjónustuveitanda sýndareigna,

b) dragi úr hagsmunaárekstrum sem gætu hlotist af því að veita breytileg starfskjör og undirliggjandi lykilframmistöðuvísum og áhættustýringarkerfi, þ.m.t. greiðslu gerninga til starfsfólks eða stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar sem hluta af breytilegum eða föstum starfskjörum.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu tryggja að starfskjarastefnurnar og verklagsreglurnar sem um getur í 1. mgr. gildi um allt eftirfarandi:

a) starfsfólk þeirra og aðra einstaklinga sem veita þjónustu sem er tiltæk og undir stjórn þjónustuveitanda sýndareigna og sem taka þátt í veitingu þjónustuveitanda sýndareigna á þjónustu á sviði sýndareigna,

b) aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar þeirra,

c) einstaklinga sem koma með beinum hætti að þjónustu við þjónustuveitanda sýndareigna samkvæmt útvistunarsamningi um veitingu þjónustuveitanda sýndareigna á þjónustu á sviði sýndareigna.

4. Verklagsreglur, stefnur og fyrirkomulag þjónustuveitanda sýndareigna fyrir starfskjör skulu gilda um aðila sem um getur í 3. mgr. sem hafa bein eða óbein áhrif á þjónustu á sviði sýndareigna sem þjónustuveitendur sýndareigna veita eða á atferli fyrirtækis hans, óháð tegund viðskiptavina, og að því marki sem greiðslur til slíkra aðila og aðrar hvetjandi aðgerðir sem máli skipta geta valdið hagsmunaárekstrum sem hvetja þá til að vinna gegn hagsmunum viðskiptavina þjónustuveitanda sýndareigna eða að hygla eigin hagsmunum í óhag þjónustuveitanda sýndareigna.

6. gr.

Stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra í tengslum við einkaviðskipti

1. Stefnur og verklagsreglur um hagsmunaárekstra skulu tryggja að viðskipti sem leiða til stöðu í eða áhættu gagnvart sýndareign sem framkvæmd er af eða fyrir hönd tengds aðila falli undir gaumgæfilega athugun og eftirlit þegar a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) tengdi aðilinn er utan þess verksviðs sem heyrir undir starf viðkomandi aðila,

b) viðskiptin fara fram fyrir reikning einhvers af eftirfarandi aðilum:

i. tengda aðilans,

ii. sérhvers aðila sem tengdur einstaklingur er í fjölskyldutengslum við eða hefur náin tengsl við eins og um getur í 31. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

iii. aðila sem tengdi aðilinn getur vænst beins eða óbeins efnislegs ávinnings af í tengslum við niðurstöðu viðskiptanna, annars en þóknunar eða umboðslauna fyrir framkvæmd viðskiptanna.

Að því er varðar fyrstu undirgrein ii. liðar b-liðar skal sá aðili sem tengist viðkomandi fjölskylduböndum merkja eitthvað af eftirfarandi:

a) maki tengda aðilans eða sambúðarmaki hans sem telst, samkvæmt landslögum, jafngilda maka,

b) barn eða stjúpbarn tengda aðilans sem er á hans framfæri,

c) annað skyldmenni tengda aðilans sem hefur búið á sama heimili og hann í a.m.k. eitt ár á næstliðnum fimm árum fyrir þann dag sem viðkomandi einkaviðskipti (e. *personal transaction*) fara fram.

2. Í tengslum við viðskiptin sem um getur í 1. mgr. skulu stefnurnar og verklagsreglurnar tryggja að:

a) að því er varðar ákvörðun um að framkvæma slík viðskipti:

i. að slík viðskipti séu tilgreind af eða tilkynnt þeim aðila sem ber ábyrgð á stýringu hagsmunaárekstra áður en ákvörðun er tekin um framkvæmd viðskiptanna og skilyrði fyrir henni og að slík viðskipti séu skjalfest,

ii. ákvarðanir um að eiga slík viðskipti séu teknar á hlutlægan hátt, í þágu hagsmuna hvers aðila,

iii. skilyrðin fyrir viðskiptunum séu jafngild skilyrðunum sem hefðu gilt milli óháðra aðila fyrir sömu viðskipti ef hagsmunaárekstrar hefðu ekki komið til.

b) ákvarðanatökuferli um að ganga til viðskiptanna hafi verið sett fram og að viðmiðunarfjárhæðir, sýndar sem magn viðskiptanna, hafi verið settar og að stjórn og/eða framkvæmdastjórn verði að samþykkja slík viðskipti ef þau fara yfir þessi mörk,

c) starfsfólk og fulltrúar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar séu upplýstir um þær reglur sem gilda um viðskiptin og um þær ráðstafanir sem þjónustuveitandi sýndareigna hefur gripið til í tengslum við þau,

d) þjónustuveitandi sýndareigna sé upplýstur tafarlaust um öll slík viðskipti,

e) haldin sé skrá yfir viðskipti sem hafa verið tilgreind af eða tilkynnt til þjónustuveitanda sýndareigna, þar sem dagsetning og tími viðskiptanna, skilyrði, magn þeirra, mótaðilinn og allar heimildir eða bönn í tengslum við viðskiptin eru skráð.

7. gr.

Upplýsingagjöf þjónustuveitanda sýndareigna eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114

1. Upplýsingagjöfin sem var gerð í samræmi við 2. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal innihalda ítarlega, nákvæma og skýra lýsingu á:

a) þjónustu, starfsemi eða aðstæðum sem leiða til eða gætu leitt til hagsmunaárekstra, eins og um getur í 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr., þ.m.t. hlutverkinu sem þjónustuveitandi sýndareigna gegnir er hann veitir viðskiptavininum þjónustu á sviði sýndareigna,

b) eðli greindra hagsmunaárekstra,

c) áhættunni sem greinist í tengslum við hagsmunaárekstrana sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr.,

d) skrefum og ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að draga úr greindum hagsmunaárekstri.

2. Upplýsingagjöfin sem um getur í 1. mgr. skal ekki teljast nægjanleg til að stýra og draga úr greindum hagsmunaárekstrum.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu ávallt gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., aðgengilegar viðskiptavinum sínum á áberandi stað á vefsetri sínu og á sniði sem aðgengilegt er á sérhverju tæki sem viðskiptavinurinn fær þjónustuna á sviði sýndareigna. Ef þjónustuveitandi sýndareigna birtir slíkar upplýsingar í viðkomandi tæki skal þjónustuveitandi sýndareigna einnig gefa upp hlekk á sömu upplýsingar sem birtar eru á vefsetri hans.

4. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu ávallt halda innihaldi upplýsingagjafarinnar, sem um getur í 2. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, uppfærðu.

5. Að því er varðar birtingu upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. skulu þjónustuveitendur sýndareigna halda uppfærðar skrár yfir allar aðstæður sem valda raunverulegum og mögulegum hagsmunaárekstrum, þ.m.t. viðkomandi þjónustu eða starfsemi á sviði sýndareigna, og um ráðstafanir sem gerðar eru til að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á slíkum árekstrum í viðkomandi aðstæðum. Skrárnar skulu geymdar í fimm ár.

6. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu sjá til þess að birting upplýsinga sé aðgengileg á öllum tungumálum sem þeir nota til að markaðssetja þjónustu sína og hafa samskipti við viðskiptavini sína í viðkomandi aðildarríki.

8. gr.

Auknar kröfur í tengslum við markaðssetningu

1. Í þeim tilgangi að greina þær tegundir hagsmunaárekstra sem skapast þegar þjónustuveitandi sýndareigna veitir þjónustu í tengslum við markaðssetningu, skulu þjónustuveitendur sýndareigna taka tillit til eftirfarandi aðstæðna, með fyrirvara um 2. mgr. 79. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114:

a) þjónustuveitandi sýndareigna býður einnig markaðsverðsþjónustu í tengslum við útboð sýndareigna,

b) þjónustuveitandi sýndareigna framkvæmir einnig fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina og rannsóknar-þjónustu,

c) þjónustuveitandi sýndareigna markaðssetur sýndareignir sem hann sjálfur eða eining innan samstæðu hans gefur út.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu koma á, framkvæma og viðhalda innra fyrirkomulagi til að tryggja allt eftirfarandi:

a) að verðlagning í útboðinu hygli ekki hagsmunum annarra viðskiptavina þjónustuveitanda sýndareigna eða eigin hagsmunum hans með hætti sem kann að stríða gegn hagsmunum viðskiptavinar útgefandans,

b) að verðlagning í útboðinu hygli ekki hagsmunum viðskiptavina útgefandans, eigin hagsmunum þjónustuveitanda sýndareigna eða hagsmunum tengds aðila með hætti sem kann að stríða gegn hagsmunum annarra viðskiptavina,

c) að komið sé í veg fyrir aðstæður þar sem aðilar sem ábyrgir eru fyrir að veita þjónustu til viðskiptavina þjónustuveitanda sýndareigna sem eru í fjárfestingarþjónustu, eða ákveða hvaða vörur ættu að vera á skrá yfir vörur sem boðnar eru eða mælt er með af þjónustuveitanda sýndareigna, taka beinan þátt í ákvörðunum um verðlagningu til viðskiptavinar sem er útgefandi,

d) að koma í veg fyrir aðstæður þar sem aðilar sem ábyrgir eru fyrir að veita þjónustu til viðskiptavina þjónustuveitanda sýndareigna sem eru í fjárfestingarþjónustu eru beinir þátttakendur í ákvörðunum um ráðleggingar til viðskiptavinarins sem er útgefandi um úthlutun,

e) að komið sé í veg fyrir nýtingu innlagnarréttinda án fyrirframsamþykkis viðskiptavinar í fjárfestingarþjónustu.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu hafa miðlægt ferli til að tilgreina allar aðgerðir sínar til að markaðssetja sýndareignir, þ.m.t. dagsetninguna þegar þjónustuveitandi sýndareigna var upplýstur um mögulegar aðgerðir til að setja þær á markað.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1264 **2026/EES/19/28**

frá 27. júní 2025

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindir eru lágmarksþættir stefnu og verklagsreglna við lausafjárstýringu fyrir tiltekna útgefendur eignatengdra tóka og rafeyristóka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum fjórðu undirgrein 7. mgr. 45. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 4. mgr. 35. gr. og 58. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 gilda kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 45. gr. þeirrar reglugerðar ekki aðeins um útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka, heldur einnig um rafeyrisfyrirtæki sem gefa út mikilvæga rafeyristóka og, ef lögbær yfirvöld krefjast þess, um útgefendur eignatengdra tóka sem eru ekki mikilvægir og rafeyrisfyrirtæki sem gefa út rafeyristóka sem eru ekki mikilvægir.

2) Í samræmi við reglugerð (ESB) 2023/1114 skal framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skilgreina lágmarksþætti stefnu og verklagsreglna um lausafjárstýringu til að stýra lausafjáráhættu útgefenda eignatengdra tóka eða rafeyristóka og tryggja að virði varasjóðs eigna geti staðið undir beiðnum eigenda slíkra tóka um innlausn þeirra við venjulegar sviðsmyndir og álagssviðsmyndir, sem tryggir síðan eðlilega rekstrarsamfellu. Til að verða við beiðnum um innlausn ættu útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka að huga sérstaklega að óstöðugleika eignanna sem vísað er í miðað við varasjóð eigna og framkvæma í kjölfarið greiningu á nauðsynlegri yfirveðsetningu. Til að draga úr mótaðilaáhættu ættu útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka að forðast hættu á samþjöppun á vörsluaðilum varasjóðs eigna.

3) Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka ættu að koma á fót viðbragðsáætlun vegna lausafjár með snemmbærum viðvörunarmerkjum og tækjum til að draga úr lausafjáráhættu. Einkum ættu útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka að vakta óstöðugleika eigna sem vísað er í miðað við varasjóð eigna og þróun hvers konar bils milli markaðsvirðis tóka og markaðsvirðis eignanna sem vísað er í sem snemmbær viðvörunarmerki, til að sjá fyrir mögulegar verulegar innlausnarbeiðnir, einkum með tilliti til hugsanlegs vanmats á markaðsvirði tóka á markaði. Þar sem ofmat á markaðsvirði tóka gæti skapað hvata til að selja hann ættu útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka að gefa gaum að magni og verði viðskipta til að geta brugðist við allri óhagstæðri þróun á markaði með tóka.

4) Þar sem varasjóður eigna fyrir einn eignatengdan tóka eða rafeyristóka er aðgreindur frá varasjóði eigna annarra slíkra tóka ætti einnig að setja fram stefnu og verklagsreglur um lausafjárstýringu sem tengjast hverjum þeirra sérstaklega.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1264, 3.10.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 302/2025 frá 5. Desember 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

5) Til að tryggja að lausafjársnið varasjóðseigna sé álagsþolið og geri útgefendum eignatengdra tóka eða rafeyristóka kleift að halda áfram eðlilegum rekstri, einnig við sviðsmyndir þar sem lausafjárálags gætir, ætti í stefnunni um lausafjárstýringu að vera ítarleg lýsing á áhættunni sem hún nær yfir, tilgreindum breytum og kvörðun þeirra að því er varðar prófanir á sviðsmyndum lausafjárálags. Gert er ráð fyrir að endurskoðun þessara upplýsinga, sem uppfæra ætti fyrir hverja álagsprófun á lausafjárstöðu, muni gera eftirlitsaðilum kleift að ákveða viðeigandi ráðstafanir til að herða lausafjárkröfur útgefenda ef nauðsyn krefur.

6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samin voru í náinni samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi útgefendur eignatengdra tóka og rafeyristóka:

a) útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka,

b) rafeyrisfyrirtæki sem gefa út mikilvæga rafeyristóka,

c) útgefendur eignatengdra tóka sem eru ekki mikilvægir, ef lögbært yfirvald krefst þess skv. 4. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

d) rafeyrisfyrirtæki sem gefa út rafeyristóka sem eru ekki mikilvægir, ef lögbært yfirvald krefst þess skv. 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. gr.

Stefnur og verklagsreglur um greiningu, mælingu og stýringu lausafjáráhættu

1. Stefnur og verklagsreglur um lausafjárstýringu skulu fela í sér traustar áætlanir og ferli fyrir greiningu, mælingu, stýringu, vöktun og innri skýrslugjöf um lausafjáráhættu yfir tiltekin tímabil sem endurspegla áhættuna.

2. Stefnur og verklagsreglur um lausafjárstýringu skulu tryggja að fullnægjandi varasjóðseignum sé viðhaldið til að verða hvenær sem er við beiðnum eigenda eignatengdra tóka eða rafeyristóka um innlausn, þ.m.t. við álagssviðsmyndir.

3. Stefnur og verklagsreglur um lausafjárstýringu skulu vera í réttu hlutfalli við flækjustig, áhættusnið og umfang starfsemi útgefenda eignatengdra tóka eða rafeyristóka.

Stjórnir og/eða framkvæmdastjórnir útgefenda eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu samþykkja stefnur og verklagsreglur um lausafjárstýringu og setja áhættuþolmörk fyrir sérhvern eignatengdan tóka eða rafeyristóka.

Stefnur og verklagsreglur um lausafjárstýringu skulu endurspegla núverandi og áætlaða lausafjáráhættu útgefenda eignatengdra tóka eða rafeyristóka.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu vakta áhættuna með viðvarandi hætti. Þessi vöktun skal fela eftirfarandi í sér:

a) tilgreiningu innlána hjá lánastofnunum, auðseljanlegra fjármálagerninga og annarra varasjóðseigna,

b) setningu viðmiðana til að ákvarða markaðsvirði varasjóðseigna,

c) mat á samþjöppunaráhættu, lánstrausti og traustri lausafjárstöðu, sem og mörkum og tímabilum slíkrar áhættu og samræmi gjaldmiðla,

d) aðferðir til að tryggja stöðugleika í virði varasjóðs eigna að því er varðar eignir sem vísað er til.

4. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu koma á fót fyrirkomulagi fyrir trausta stýringu lausafjáráhættu innan hvers dags. Slíkt fyrirkomulag skal innihalda eftirfarandi:

a) tilgreiningu á áætlaði lausafjárþörf og fjármagni innan hvers dags,

b) uppsetningu á ferlum og verklagsreglum í samræmi við snið útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka og ófyrirséðar og áætlaðar markaðsaðstæður.

5. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu fylgjast með varasjóðseignum sínum til að tryggja að þær séu ávallt tiltækar til að standa straum af virði eignanna sem tókarnir vísa í, þ.m.t. við neyðarástand, og meta hversu viðeigandi yfirveðsetning er, einkum ef eignirnar sem tókarnir vísa í eru mjög óstöðugar eða eru ekki hluti af varasjóði eigna.

6. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu fylgjast reglulega með ráðningu vörsluaðila varasjóðseigna, eins og um getur í 37. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, vörslustefnum og tengdu samningsbundnu fyrirkomulagi.

7. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu gera sértækar ráðstafanir og koma á fót innri takmörkunum til að forðast samþjöppun varasjóðs eigna hjá vörsluaðila.

8. Útgefendur eignatengdra tóka sem vísa í a.m.k. eina eign sem er ekki opinber gjaldmiðill skulu koma á ferlum og verklagi til að bregðast við áhættu sem stafar af tilvikum þar sem varasjóður eigna samanstendur ekki af eignunum sem vísað er til, þ.m.t. fyrirkomulagi til að stýra áhættu sem stafar af notkun á afleiðugerningum eða gerningum sem fylgja þeim eignum sem vísað er í.

3. gr.

Viðbragðsstefna og tæki til að draga úr lausafjáráhættu

1. Sem hluta af stefnum og verklagsreglum um lausafjárstýringu ættu útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka að þróa og kvarða snemmbær viðvörunarmerki á viðeigandi hátt. Þessi merki skulu fela í sér eftirfarandi viðvaranir:

a) um hámarksfrávik milli markaðsvirðis varasjóðs eigna og markaðsvirðis eignanna sem tókarnir vísa í,

b) um hámarksfrávik milli markaðsvirðis tóka og markaðsvirðis eignanna sem tókarnir vísa í.

2. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu hafa til staðar og endurskoða reglulega mismunandi tæki til að draga úr lausafjáráhættu, þ.m.t. fullnægjandi aðgengi að fjölbreyttum fjármögnunarleiðum, til að bregðast við hvers kyns snemmbærum viðvörunarmerkjum, við eðlilegar aðstæður og álagssviðsmyndir.

3. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu aðlaga áætlanir sínar, snemmbær viðvörunarmerki, innri stefnur og takmarkanir á lausafjáráhættu og þróa skilvirkar viðbragðsáætlanir til að taka tillit til niðurstaðna úr reglulegum álagsprófunum.

4. Við beitingu 1., 2. og 3. mgr. skulu útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka halda eftirfarandi stefnumarkandi skjölum til haga:

a) lýsingu á skiptingu ábyrgðar á hönnun, samþykkt, vöktun, framkvæmd og viðhaldi viðbragðsáætlunar vegna lausafjár,

b) lýsingu á áætlunum til að bregðast við lausafjárskorti í neyðarástandi,

c) lýsingu á verkfærum, sem ná yfir innri takmarkanir sem settar eru fram í verklagsreglum um greiningu, mælingu og stýringu lausafjáráhættunnar sem um getur í 2. gr., til að fylgjast með markaðsaðstæðum sem gera útgefendum eignatengdra tóka eða rafeyristóka kleift að ákvarða tímanlega hvort annaðhvort stigmögnun viðbragða eða framkvæmd ráðstafana eigi rétt á sér, eða hvort tveggja.

4. gr.

Aðgreining á stefnum og verklagsreglum um lausafjárstýringu

1. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu beita kröfunum sem settar eru fram í 2. og 3. gr. á aðgreindan hátt fyrir sérhvern eignatengdan tóka eða rafeyristóka. Verklagsreglum til að greina, mæla, stýra og tilkynna um lausafjáráhættu, viðbragðsstefnum og verkfærum til að draga úr lausafjáráhættu, áhættumörkum, þeim verkfærum og stefnum til að draga úr lausafjáráhættu sem um getur í þessum greinum skal komið á, að inntaki og formi, að teknu tilliti til ólíkra eigna sem mismunandi eignatengdir tókar eða rafeyristókar vísa í og fylgni þeirra við aðgreindan varasjóð eigna.

2. Stefnan og verklagsreglurnar um lausafjárstýringu sem tilgreind eru í þessari reglugerð skulu vera aðgreindar að inntaki og formi frá stefnu og verklagsreglum um lausafjárstöðu sem tengjast annarri starfsemi útgefanda en starfsemi sem tengist útgáfu á eignatengdum tókum eða rafeyristókum.

5. gr.

Ferli og verklag við prófun á sviðsmyndum lausafjárálags

1. Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu tilgreina í stefnu sinni um lausafjárstýringu ferli og verklag við prófun á sviðsmyndum lausafjárálags og eftirfarandi upplýsingar varðandi sérhverja álagsprófun:

a) áhættu sem viðkomandi álagsprófun á lausafjárstöðu tekur til,

b) mæliþætti sem tekið er tillit til, kvörðun þeirra við álagsaðstæður og álagssviðsmyndir og tímabil sem notuð eru við álagsprófun á lausafjárstöðu,

c) söguleg gögn og forsendur, þ.m.t. hvers kyns sérfræðiálit sem útgefandi hefur tekið tillit til við kvörðun á þáttunum sem um getur í b-lið,

d) niðurstöður álagsprófunar á lausafjárstöðu og öll úrræði sem gripið er til.

2. Álagsprófun á lausafjárstöðu skal fela í sér afturvirka álagsprófun til að meta viðnámsmörk lausafjársniðs fyrir sérhvern varasjóð eigna.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júní 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/296 **2026/EES/19/29**

frá 31. október 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ferlið við samþykki á hvítbók um sýndareign (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 8. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ferlið við samþykki á hvítbók um sýndareign, skv. a-lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, er nátengt ferlinu sem gildir um tilkynningu á viðeigandi upplýsingum til lögbærs yfirvalds, skv. b-lið 1. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, þar sem lögbært yfirvald getur ekki samþykkt hvítbók um sýndareign ef Seðlabanki Evrópu eða, eftir atvikum, viðeigandi seðlabanki birtir neikvætt álit, skv. þriðju undirgrein 5. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar. Jafnframt kveða ákvæði 5. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar á um að upplýsingarnar sem eru veittar Seðlabanka Evrópu og, eftir atvikum, viðeigandi seðlabanka og þeir eiga að byggja álit sitt á, verði að vera tæmandi og fela í sér hvítbók um sýndareign sem útgefandi lagði fyrir lögbært yfirvald, í samræmi við a-lið 1. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar. Því ættu ákvæðin sem tilgreina nánar ferlið við samþykki á hvítbók um sýndareignir, sem um getur í a-lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, að koma á ferli sem er svipað ferlinu sem sett er fram í 3. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar. Einkum ættu ákvæðin að kveða á um heildstæðnimat með sömu reglum og tímamörkum og sett eru fram í 3. mgr. 17. gr. (ESB) 2023/1114.

2) Til að tryggja skjótan og skilvirkan frágang á samþykkisferli hvítbókar um sýndareign á hlutfallslegan hátt ætti að leggja fram samþykki á hvítbók um sýndareign og önnur samskipti eða upplýsingaskipti milli lánastofnunar og lögbærs yfirvalds, sem og milli lögbærs yfirvalds og Seðlabanka Evrópu eða, eftir því sem við á, viðeigandi seðlabanka, á rafrænan hátt sem auðveldar hraðari samskipti og skráahald. Í ljósi mikilla væntinga um að bæði opinber yfirvöld og stofnanir muni gæta varúðar ætti að búast við að ná háu öryggisstigi.

3) Ef lögbært yfirvald kemst að þeirri niðurstöðu, í kjölfar heildstæðnimats, að hvítbók um sýndareign vanti suma af þeim þáttum sem krafist er skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og óskar þess að lánastofnanir leggi aftur fram hvítbók um sýndareignir ásamt þessum viðbótarþáttum, ætti lánastofnunin að geta sýnt lögbæru yfirvaldi fram á hvernig viðbótarupplýsingarnar í endurskoðuðu hvítbókinni hafa uppfyllt þá beiðni. Þess vegna er nauðsynlegt að kveða á um að allar endurskoðaðar útgáfur af hvítbók um sýndareignir sem lagðar eru fram til lögbærs yfirvalds innihaldi slíka skýringu, sem og merkta skrá yfir hvítbók um sýndareignir þar sem allar breytingar, sem gerðar hafa verið á áður framlagðri útgáfu, eru skýrt dregnar fram og hreina skrá þar sem ekki er lögð áhersla á slíkar breytingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/296, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

4) Hvað varðar nánari skilgreiningu á ferlinu sem er sameiginlegt fyrir samþykki á hvítbók um sýndareign og tilkynningu til lögbærs yfirvalds og einkum að því er varðar þann hluta ferlisins sem tengist miðlun lögbærs yfirvalds á öllum upplýsingunum til Seðlabanka Evrópu og, eftir atvikum, viðeigandi seðlabanka, er nauðsynlegt að tilgreina hagnýta og skipulagslega þætti þessara upplýsingaskipta til að tryggja snurðulausa og skilvirka framkvæmd þeirra.

5) Í 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eru sett fram tímamörk fyrir útgáfu Seðlabanka Evrópu og, eftir því sem við á, viðeigandi seðlabanka á áliti sínu, en ekki er tilgreint hvaða afleiðingar það hefur ef tímamörkin fyrir mat lögbærs yfirvalds á hvítbók um sýndareignir rennur út. Því ætti að koma skýrt fram að lögbært yfirvald ætti að hefja ítarlegt mat á hvítbók um sýndareignir eftir að jákvætt álit hefur verið birt eða eftir að frestur til að gefa álitið út er runninn út. Ef Seðlabanki Evrópu eða viðeigandi seðlabanki gefur út seinkað álit getur lögbært yfirvald samt sem áður tekið það til greina, nema frestur til að samþykkja hvítbók um sýndareignir sé liðinn.

6) Við ítarlegt mat lögbærs yfirvalds á hvítbók um sýndareignir, sem miðar að því að tryggja að hvítbókin um sýndareignir sé í samræmi við kröfurnar í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ætti lögbæra yfirvaldið að geta óskað eftir úrbótum á hvítbókinni um sýndareignir sem lánastofnun leggur fram fyrir lögbæra yfirvaldið. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að hvítbókin um sýndareignir uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í ákvæðum þeirrar reglugerðar á sem skilvirkastan hátt, þ.e. án þess að þurfa að hefja allt ferlið upp á nýtt til að fá samþykki á hvítbókinni um sýndareignir, sem gæti valdið óþarfa töfum á stofnun eignatengds tóka. Það gerir lögbæru yfirvaldi einnig kleift að óska eftir því að lánastofnunin bregðist við öllum athugasemdum eða tillögum í jákvæðu áliti Seðlabanka Evrópu eða viðeigandi seðlabanka. Tilgreina ætti tímamörk fyrir endanlega ákvörðun lögbærs yfirvalds varðandi hvítbók um sýndareignir til að leggja grunn að snurðulausri og samræmdri nálgun við samþykktarferlið.

7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur samið þessi drög að tæknilegum eftirlitsstaðli í nánu samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Seðlabanka Evrópu.

8) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Umsókn um samþykki á hvítbók um sýndareign

1. Þegar lánastofnun leggur hvítbók um sýndareignir fram til lögbærs yfirvalds til að fá samþykki þess, í samræmi við a-lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal hún tilgreina tengilið sem lögbært yfirvald getur sent öll samskipti til.

2. Lögbær yfirvöld skulu gefa upp samskiptaupplýsingar vegna samþykkis á hvítbókum um sýndareignir á vefsetri sínu.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

3. Umsókn um samþykki á hvítbók um sýndareignir, sem og tilkynningar eða samskipti milli lögbærra yfirvalda, Seðlabanka Evrópu og annarra viðeigandi seðlabanka og lánastofnana í samræmi við þessa reglugerð skal gerð á rafrænan hátt.

2. gr.

Staðfesting á móttöku umsóknar fyrir samþykki á hvítbók um sýndareignir

1. Lögbært yfirvald skal staðfesta móttöku á umsókn um samþykki á hvítbók um sýndareign innan 2 virkra daga eftir að umsóknin berst.

2. Staðfestingin, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) tilvísunarnúmer umsóknar,

b) tengilið innan lögbæra yfirvaldsins sem beina má fyrirspurnum um umsóknina til.

3. gr.

Mat á heildstæðni hvítbókar um sýndareignir

Lögbært yfirvald skal, innan 20 virkra daga frá móttöku umsóknar um samþykki á hvítbók um sýndareignir, leggja mat á heildstæðni hvítbókar um sýndareignir með tilliti til krafnanna sem um getur í 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

4. gr.

Beiðni um upplýsingar sem vantar í hvítbók um sýndareignir

1. Ef lögbært yfirvald kemst að þeirri niðurstöðu að hvítbók um sýndareignir sé ekki tæmandi að því er varðar kröfurnar í 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal það upplýsa lánastofnunina um þær upplýsingar sem vantar og setja lánastofnuninni frest til að veita þær.

2. Fresturinn til að veita upplýsingar sem vantar, sem um getur í 1. mgr., skal ekki vera lengri en 20 virkir dagar frá dagsetningu beiðninnar. Þar til að fresturinn sem um getur í 1. mgr. rennur út skal tímabilið sem sett er fram í 3. gr. fellt tímabundið úr gildi. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að biðja um frekari eða nánari upplýsingar um matið skv. 3. gr. en það leiðir ekki til þess að matstímabilinu sé frestað.

3. Lánastofnun skal, að fenginni beiðni frá lögbæru yfirvaldi sem um getur í 1. mgr., leggja endurskoðaða hvítbók um sýndareignir fram til lögbærs yfirvalds innan frestsins sem er gefinn í beiðninni. Lánastofnunin skal leggja eftirfarandi fram:

a) endurskoðaða hvítbók um sýndareignir í hreinni, ómerktri útgáfu,

b) endurskoðaða hvítbók um sýndareignir í útgáfu þar sem allar breytingar eru greinilega merktar og allar viðbótarupplýsingar sem eru nýjar samanborið við upprunalega útgáfu hvítbókar um sýndareignir, sem lögð er fram í samræmi við 1. gr., skýrt dregnar fram,

c) útskýringu á því hvernig viðbótarupplýsingarnar, sem endurspeglast í útgáfunni sem um getur í b-lið, uppfylla beiðni lögbærs yfirvalds skv. 1. mgr. og veita þær upplýsingar sem vantar.

5. gr.

Tilkynning um heildstæðni hvítbókar um sýndareignir

1. Ef lögbært yfirvald telur hvítbók um sýndareignir vera fullnægjandi að loknu ferlinu sem lýst er í 4. gr., skal það tilkynna lánastofnuninni um heildstæðni hvítbókarinnar um sýndareignir. Í tilkynningunni skal tekin fram dagsetningin þegar hvítbók um sýndareignir telst vera fullnægjandi.

2. Ef lögbært yfirvald telur hvítbók um sýndareign ekki vera tæmandi að loknu ferlinu sem lýst er í 4. gr., skal það hafna umsókn um samþykki á hvítbók um sýndareign og tilkynna lánastofnuninni um ákvörðun sína.

6. gr.

Upplýsingaskipti milli lögbærs yfirvalds og Seðlabanka Evrópu og viðeigandi seðlabanka í tengslum við hvítbók um sýndareignir

1. Samskipti lögbærs yfirvalds, sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skulu gerð ekki síðar en 2 virkum dögum frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar.

2. Seðlabanki Evrópu og, eftir atvikum, viðeigandi seðlabanki eins og um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal veita lögbæru yfirvaldi hvort tveggja af eftirfarandi innan 2 virkra dag frá móttöku allra upplýsinganna:

a) staðfestingu á móttöku upplýsinganna,

b) tengilið sem beina má fyrirspurnum um umsóknina til.

7. gr.

Efnislegt mat á hvítbók um sýndareignir

Þegar Seðlabanki Evrópu eða, eftir atvikum, viðeigandi seðlabanki hefur gefið jákvætt álit, eins og um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, eða eftir að 20 virkir dagar, sem kveðið er á um í annarri undirgrein 5. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, eru liðnir án þess að Seðlabanki Evrópu eða viðeigandi seðlabanki hafi gefið álit skal lögbært yfirvald framkvæma ítarlegt mat á hvítbókinni um sýndareignir að því er varðar kröfurnar sem um getur í 19. gr. þeirrar reglugerðar.

8. gr.

Beiðni um breytingar á hvítbók um sýndareignir

1. Innan 10 virkra daga frá því að Seðlabanki Evrópu eða, eftir atvikum, viðeigandi seðlabanki hefur gefið jákvætt álit, eins og um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, eða eftir að 20 virkir dagar, sem kveðið er á um í annarri undirgrein 5. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, eru liðnir án þess að Seðlabanki Evrópu eða viðeigandi seðlabanki hafi gefið álit getur lögbært yfirvald tilkynnt lánastofnuninni um tilhlýðilega rökstudda beiðni um breytingar á hvítbókinni um sýndareignir. Beiðnin skal setja lánastofnuninni frest til að veita uppfærða hvítbók um sýndareignir.

2. Frestur lánastofnunar til að veita uppfærða hvítbók um sýndareignir sem lögbært yfirvald óskar eftir, eins og um getur í 1. mgr., skal ekki vera lengri en 10 virkir dagar frá því að lögbært yfirvald leggur fram beiðni um breytingar.

3. Lánastofnun skal, að fenginni beiðni frá lögbæru yfirvaldi sem um getur í 1. mgr., leggja endurskoðaða hvítbók um sýndareignir fram til lögbærs yfirvalds innan frestsins sem er gefinn í beiðninni. Lánastofnunin skal leggja allt eftirfarandi fram:

a) endurskoðaða hvítbók um sýndareignir í hreinni, ómerktri útgáfu,

b) endurskoðaða hvítbók um sýndareignir í útgáfu þar sem allar breytingar eru greinilega merktar og skýrt dregnar fram allar breytingar sem eru gerðar samanborið við þá útgáfu hvítbókar um sýndareignir sem lögð er fram í samræmi við 1. gr., eða, ef lögbært yfirvald hefur óskað eftir viðbótarupplýsingum, í samræmi við 4. gr.,

c) útskýringu á því hvernig breytingar sem voru gerðar og endurspeglast í útgáfunni sem um getur í b-lið, uppfylla beiðni lögbærs yfirvalds skv. 1. mgr. um að gera verulegar breytingar á hvítbókinni um sýndareignir.

9. gr.

Samþykki á hvítbók um sýndareign

1. Lögbært yfirvald skal tilkynna lánastofnun um endanlega ákvörðun sína varðandi samþykki á hvítbók um sýndareignir innan 10 virkra daga frá móttöku nýrrar hvítbókar um sýndareignir, sem um getur í 3. mgr. 8. gr., eða, ef engra breytinga er óskað á hvítbók um sýndareignir, 10 virkra daga frá jákvæðu áliti frá Seðlabanka Evrópu eða, eftir atvikum, viðeigandi seðlabanka, eins og um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, eða eftir að 20 virkir dagar, sem kveðið er á um í annarri undirgrein 5. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, eru liðnir án þess að Seðlabanki Evrópu eða viðeigandi seðlabanki hafi gefið álit.

2. Hvítbók um sýndareignir skal ekki birt fyrr en lögbært yfirvald heimaaðildarríkis hefur samþykkt hana.

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/297 **2026/EES/19/30**

frá 31. október 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru skilyrðin fyrir stofnsetningu og starfsemi ráðgefandi samstarfshópa eftirlitsaðila (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 8. mgr. 119. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin koma á fót, stýra og vera í forsvari fyrir ráðgefandi samstarfshópi eftirlitsaðila („samstarfshópnum“) fyrir hvern útgefanda mikilvægra eignatengdra tóka eða mikilvægra rafeyristóka til að auðvelda framkvæmd eftirlitsverkefna og gera kleift að samræma eftirlitsaðgerðir samkvæmt þeirri reglugerð. Í 2. mgr. 119. gr. hennar eru taldir upp þeir aðilar sem eru kjarninn í samstarfshópnum.

2) Til að tryggja að slíkir samstarfshópar starfi á samræmdan og samkvæman hátt innan Evrópusambandsins skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ákveða, skv. fyrstu undirgrein 8. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, hverjir af aðilunum sem um getur í d-, e-, f- og h-lið 2. mgr. 119. gr. þeirrar reglugerðar, teljast mikilvægastir og, skv. l-lið 2. mgr. 119. gr. þeirrar reglugerðar, í hvaða aðildarríkjum eignatengdur tóki eða rafeyristóki telst notaður í miklum mæli. Í því skyni ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að taka tillit til þeirra aðila sem raðast hæst miðað við hæfilegar viðmiðanir, einstök atriði hvers máls og jafnvægi milli þarfarinnar á að tryggja viðeigandi fyrirsvar viðkomandi lögbærra yfirvalda í samstarfshópnum og þarfarinnar á að tryggja skilvirkt starf samstarfshópsins.

3) Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ætti einnig að vera heimilt að ákveða að bjóða lögbærum yfirvöldum þeirra aðila sem teljast mikilvægastir skv. d-, e-, f- og h-lið 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 að gerast aðili að samstarfshópnum ef Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lítur svo á að þeir aðilar séu þeir einu sem skipta máli í þeirra flokki fyrir starf samstarfshópsins.

4) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að endurmeta a.m.k. á tveggja ára fresti hvaða yfirvöld uppfylla skilyrði til að vera aðilar að samstarfshópnum, skv. d-, e-, f-, h- og l-lið 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Ákveða ætti tíðni endurmats með hliðsjón af þörfinni til að tryggja að viðkomandi lögbær yfirvöld hafi viðeigandi fyrirsvar í samstarfshópnum þar sem slíkt getur breyst með tímanum, einkum vegna markaðsþróunar sem hefur áhrif á eignatengda tóka eða rafeyristóka, sem og þörfinni til að tryggja stöðugleika í samstarfshópnum.

5) Í samræmi við 6. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 ætti stofnun og hlutverk samstarfshópsins að byggjast á skriflegu samkomulagi aðila hans. Að teknu tilliti til tímalínunnar sem sett er fram í 1. mgr. 119. gr. þeirrar reglugerðar um stofnun samstarfshópsins þykir rétt að tilgreina í þessari reglugerð hagnýtt fyrirkomulag við gerð skriflegs samkomulags.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/297, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

6) Aðilar að samstarfshópnum ættu að ræða mögulega verkaskiptingu meðal aðila að samstarfshópnum í samræmi við c-lið 5. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Ef samstarfshópi er komið á fót fyrir lánastofnun sem gefur út mikilvægan rafeyristóka sem lögbært varfærniseftirlitsyfirvald ber áfram eftirlitsábyrgð á, skv. reglugerð (ESB) 2023/1114, en hún er ekki færð til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, ætti hinni síðarnefndu að vera heimilt að fela lögbæra varfærniseftirlitsyfirvaldinu verkefni sín sem formaður samstarfshópsins, sem um getur í b- til e-lið 7. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, eða deila þeim verkefnum með því, til að hafa eftirlit með þeirri lánastofnun. Slík úthlutun eða deiling verkefna kann að vera nauðsynleg til að tryggja skilvirkari samræmingu samstarfshópsins, þar sem það yfirvald er í betri stöðu til að samræma og eiga samskipti við önnur yfirvöld sem skipta máli fyrir viðkomandi lánastofnun og hefur betri þekkingu á stöðu þeirrar lánastofnunar. Engu að síður ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eftir sem áður að bera ábyrgð á að gera skriflegt samkomulag og setja verklagsreglur um starfsemi samstarfshópsins að höfðu samráði við aðra aðila að samstarfshópnum, eins og henni ber skv. a-lið 7. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 til að tryggja að hún hafi áfram umsjón með formennsku samstarfshópsins. Í skriflega samkomulaginu sem um getur í 6. mgr. 119. gr. þeirrar reglugerðar ætti einnig að lýsa fyrirkomulaginu við frjálsa skiptingu verkefna meðal aðilanna, skv. c-lið 5. mgr. 119. gr. þeirrar reglugerðar, ef slík verkaskipting er gerð.

7) Formaður samstarfshópsins ætti að hafa möguleika á að bjóða öðrum yfirvöldum, sem ekki eru aðilar að samstarfshópnum, að sitja fundi hópsins eða vera viðstaddir tiltekna dagskrárliði. Þetta gæti átt við yfirvöld sem tengjast útgefanda mikilvægra eignatengdra tóka eða mikilvægra rafeyristóka, eða samstæðunni sem þeir tilheyra, á grundvelli annarra sérlaga, s.s. eftirlitsaðila lánastofnunar á samstæðugrunni, eins og skilgreint er í 41. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([2]), eða leiðandi eftirlitsaðila viðkomandi samstarfshóps um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnunar hryðjuverka, eftir því sem við á. Formaður samstarfshópsins ætti að ákveða hvaða upplýsingar skipta máli fyrir yfirvöldin og hafa þau með á viðkomandi fundum hópsins eða í starfsemi til samræmis við það.

8) Aðilar samstarfshópsins sem taka þátt í tilteknum fundi eða starfsemi samstarfshópsins ættu að skiptast á skjölum og framlagi til vinnuskjala með góðum fyrirvara til að tryggja að allir þátttakendur á fundi samstarfshópsins geti tekið virkan þátt í umræðunum. Lágmarkstímarammi fyrir mat aðila að samstarfshópnum á viðkomandi skjölum ætti að vera tilgreindur í skriflega samkomulaginu sem um getur í 6. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, að teknu tilliti til flækjustigs vinnunnar og stærðar samstarfshópsins, málefninu sem um ræðir og hvers kyns viðkomandi tímalína sem settar eru fram í þeirri reglugerð.

9) Til að auðvelda samstarf og upplýsingaskipti meðal aðila að samstarfshópnum þykir viðeigandi að tilgreina nánar almennan ramma um upplýsingaskipti milli aðila að samstarfshópnum.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun á mikilvægustu aðilunum sem um getur í d-, e-, f- og h-lið 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114

1. Í þeim tilgangi að ákvarða hvaða aðilar eru mikilvægastir, eins og um getur í d-lið 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin einkum taka tillit til alls eftirfarandi:

a) ef ráðgefandi samstarfshópi eftirlitsaðila („samstarfshópur“) er komið á fót fyrir útgefanda mikilvægrs eignatengds tóka eða fyrir rafeyrisfyrirtæki sem gefur út mikilvægan rafeyristóka, þeirra þriggja þjónustuveitenda sýndareigna, lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja sem höfðu í vörslu sinni hæsta virði gjaldeyrisforðans sem um getur í 37. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 á viðmiðunartímabilinu eins og skilgreint er í 3. gr. þessarar reglugerðar,

b) ef samstarfshópi er komið á fót fyrir lánastofnun sem gefur út mikilvægan rafeyristóka, þeirra þriggja þjónustuveitenda sýndareigna, lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja sem höfðu í vörslu sinni hæsta hlutfall þeirra fjármuna sem fengnir voru í skiptum fyrir rafeyristóka á viðmiðunartímabilinu, eins og skilgreint er í 3. gr. þessarar reglugerðar.

2. Í þeim tilgangi að ákvarða hvaða aðilar eru mikilvægastir, eins og um getur í e-lið 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin einkum taka tillit til alls eftirfarandi:

a) þeirra þriggja þjónustuveitenda sýndareigna sem tryggja starfsemi viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir sem hafa framkvæmt hæstan meðalfjölda viðskipta á dag með mikilvæga eignatengda tókanum eða mikilvæga rafeyristókanum á viðmiðunartímabilinu sem skilgreint er í 3. gr. þessarar reglugerðar,

b) þeirra þriggja þjónustuveitenda sýndareigna sem tryggja starfsemi viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir sem hafa framkvæmt hæsta samanlagt virði viðskipta á dag með mikilvæga eignatengda tókanum eða mikilvæga rafeyristókanum á viðmiðunartímabilinu sem skilgreint er í 3. gr. þessarar reglugerðar.

3. Í þeim tilgangi að ákvarða hvaða aðilar eru mikilvægastir, eins og um getur í f-lið 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin einkum taka tillit til alls eftirfarandi:

a) þeirra þriggja greiðsluþjónustuveitenda sem hafa framkvæmt hæstan meðalfjölda greiðslna, eins og skilgreint er í 5. lið 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 ([4]) í tengslum við mikilvæga rafeyristókann á dag á viðmiðunartímabilinu sem skilgreint er í 3. gr. þessarar reglugerðar,

b) þeirra þriggja greiðsluþjónustuveitenda sem hafa framkvæmt hæsta samanlagt virði greiðslna að meðaltali, eins og skilgreint er í 5. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366, í tengslum við mikilvæga rafeyristókann á dag á viðmiðunartímabilinu sem skilgreint er í 3. gr. þessarar reglugerðar.

4. Í þeim tilgangi að ákvarða hvaða aðilar eru mikilvægastir, eins og um getur í h-lið 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin einkum taka tillit til alls eftirfarandi:

a) þeirra þriggja þjónustuveitenda sýndareigna sem veita vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina sem hafa framkvæmt hæstan meðalfjölda viðskipta á dag með mikilvæga eignatengda tókanum eða mikilvæga rafeyristókanum á viðmiðunartímabilinu sem skilgreint er í 3. gr. þessarar reglugerðar,

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu tilskipunar 2007/64/EB (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2015/2366/oj).

b) þeirra þriggja þjónustuveitenda sýndareigna sem veita vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina sem hafa framkvæmt hæsta samanlagt virði viðskipta á dag með mikilvæga eignatengda tókanum eða mikilvæga rafeyristókanum, á viðmiðunartímabilinu sem skilgreint er í 3. gr. þessarar reglugerðar.

5. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt að bjóða lögbærum yfirvöldum aðeins nokkurra af þeim aðilum, sem um getur í 1.–4. mgr., að gerast aðilar að samstarfshópnum ef hún álítur að þeir aðilar séu þeir einu sem skipta máli í þeirra flokki fyrir starf samstarfshópsins.

2. gr.

Skilyrði þess að telja eignatengda tóka eða rafeyristóka notaða í miklu magni, eins og um getur í l-lið 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114

1. Að því er varðar l-lið 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal mikilvægur eignatengdur tóki eða mikilvægur rafeyristóki teljast notaður í miklu magni í aðildarríki ef:

a) fjöldi eigenda mikilvæga eignatengda tókans eða mikilvæga rafeyristókans sem eru staðsettir í viðkomandi aðildarríki á a.m.k. einum degi á viðeigandi viðmiðunartímabili er a.m.k. 20% af íbúum aðildarríkisins eða

b) meðalfjöldi og meðaltal samanlagðs virðis viðskiptafærslna á dag með mikilvæga eignatengda tókanum eða mikilvæga rafeyristókanum á viðmiðunartímabilinu, sem skilgreint er í 3. gr. þessarar reglugerðar, þar sem a.m.k. einn aðili að viðskiptunum er staðsettur í því aðildarríki, fer yfir 1 250 000 viðskiptafærslur og 250 000 000 evrur, eftir því sem við á.

2. Að því er a-lið 1. mgr. varðar þýðir eigandi mikilvæga eignatengda tókans eða mikilvæga rafeyristókans eigandi þess tóka sem nýtur réttar til innlausnar skv. reglugerð (ESB) 2023/1114.

3. Að því er 1. mgr. varðar á staðsetning mikilvæga eignatengda tókans eða mikilvæga rafeyristókans eða aðila að viðskiptum með slíkum tókum við um eitthvað af eftirfarandi:

a) fyrir einstaklinga, fasta búsetu þeirra,

b) fyrir lögaðila, heimilisfang skráðrar skrifstofu.

4. Lögbært yfirvald sem óskar eftir að gerast aðili að samstarfshóp á grundvelli l-liðar 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal leggja rökstudda beiðni fram til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og veita gögn sem sýna fram á að viðmiðanirnar sem eru nefndar í 1. mgr. séu uppfylltar.

3. gr.

Viðmiðunartímabil og viðskipti

1. Viðmiðunartímabilið sem um getur í 1. og 2. gr. skal vera síðasta sex mánaða tímabilið sem fellur undir kvöðina um skýrslugjöf sem um getur í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. Að því er varðar 2. og 4. mgr. 1. gr. og b-lið 1. mgr. 2. gr. skal „viðskipti“ merkja hvers kyns breyting á þeim einstaklingi eða lögaðila sem á réttinn að eignatengdum tóka eða rafeyristóka vegna millifærslu tókans frá einu vistfangi eða reikningi dreifðrar færsluskrár til annars.

4. gr.

Endurmat á samsetningu samstarfshóps

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal endurmeta a.m.k. á tveggja ára fresti hvaða lögbær yfirvöld uppfylla skilyrði til að vera aðilar að samstarfshópnum skv. d-, e-, f-, h- og l-lið 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. Að því er varðar endurmatið sem um getur í 1. mgr. skal sérhvert lögbært yfirvald, sem er aðili að samstarfshópnum skv. l-lið 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, að beiðni og án ótilhlýðilegrar tafar, veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni nauðsynlegar upplýsingar til að leggja mat á það hvort yfirvöldin séu enn hæf til að vera aðili að samstarfshópnum á grundvelli viðmiðananna sem sett eru fram í 2. gr. þessarar reglugerðar.

5. gr.

Ályktun skriflegu yfirlýsingarinnar sem um getur í 6. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal senda drögin að skriflegu samkomulagi, sem um getur í 6. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, til aðila samstarfshópsins sem eru ákvarðaðir í samræmi við 2. mgr. 119. gr. þeirrar reglugerðar og bjóða þeim að leggja sjónarmið sín fram innan 10 almanaksdaga.

2. Í þeim tilgangi að ljúka gerð skriflega samkomulagsins, sem um getur í 1. mgr., skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til allra sjónarmiða og fyrirvara sem aðilar samstarfshópsins hafa lýst. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal tilgreina ástæður þess að slík sjónarmið eða fyrirvarar eru ekki felld inn í skriflegt samkomulag.

3. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lýkur við skriflegt samkomulag, sem um getur í 1. mgr., skal hún senda skriflega samræmingar- og samstarfssamninga til aðila í samstarfshópnum.

6. gr.

Þátttaka í samstarfshóp

1. Sérhver aðili að samstarfshópnum skal tilnefna einn þátttakanda, sem er valinn sem sá hæfasti, að teknu tilliti til efnisatriðanna sem eru rædd og markmiðanna sem stefnt er að, til að taka þátt í fundum eða starfsemi samstarfshópsins og til að vera fulltrúi sinn á fundum samstarfshópsins. Sérhver aðili að samstarfshópnum getur tilnefnt einn varamann, að undanskilinni Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni sem skal tilnefna einn fulltrúa og kann að biðja fleiri þátttakendur um að taka þátt í fundum eða starfsemi samstarfshópsins, án atkvæðisréttar.

2. Ef lögbært yfirvald hefur rétt til að vera aðili að samstarfshópnum í tveimur eða fleiri þeirra tilvika, sem um getur í c- til h-lið, j- og l-lið 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, eða ef nokkur yfirvöld frá sama þriðja landi hafa rétt á því að gerast aðilar að samstarfshópnum skv. m-lið 2. mgr. 119. gr. þeirrar reglugerðar, geta yfirvöldin tilnefnt einn þátttakanda í viðbót til að taka þátt í fundum eða starfsemi samstarfshópsins, án atkvæðisréttar, og kunna að tilnefna einn varamann fyrir þann þátttakanda.

3. Ef nokkrir aðilar samstarfshópsins eru á hvert aðildarríki skulu aðilarnir að samstarfshópnum tilkynna formanni samstarfshópsins um hver þeirra verður atkvæðisbær aðili.

4. Formaður samstarfshópsins getur boðið öðrum yfirvöldum sem eru ekki aðilar að samstarfshópnum að taka þátt í þeim fundi eða starfsemi á grundvelli dagskrárinnar eða tiltekins liðar hennar, efnisatriða og markmiða fundar eða starfsemi samstarfshóps. Formaður samstarfshópsins skal ákveða hvaða upplýsingar skipta máli fyrir yfirvöldin og hafa þau með í fundum hópsins eða starfsemi til samræmis við það. Þessi yfirvöld skulu ekki hafa atkvæðisrétt. Formaður samstarfshópsins skal tilkynna öllum aðilum samstarfshópsins um það án ótilhlýðilegrar tafar.

5. Til að hægt sé að samþykkja álit samstarfshóps eða tilmæli sem felast í áliti samstarfshóps, í samræmi við 1. og 2. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, þarf ákvörðunarbæran meirihluta samstarfshópsins. Ef slíkum ákvörðunarbærum meirihluta er ekki náð getur formaður samstarfshópsins boðað til aukafundar þar sem ákvarðanir kunna að vera teknar án ákvörðunarbærs meirihluta.

6. Meirihlutinn sem um getur í 3. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal samanstanda af einföldum meirihluta atkvæðisbærra aðila að samstarfshópnum á fundum samstarfshópsins. Einföldum meirihluta skal einnig teljast náð ef fleiri atkvæðisbærir aðilar kjósa með tillögu en á móti henni. Hjáseta telst hvorki sem samþykki né andmæli og telst ekki með við útreikning á fjölda greiddra atkvæða.

7. gr.

Stofnun og uppfærsla tengiliðaskrár

1. Formaður samstarfshópsins skal halda tengiliðaskrá yfir aðila að samstarfshópnum, þ.m.t. fullar samskiptaupplýsingar, og miðla henni til aðila að samstarfshópnum.

2. Aðilar samstarfshópsins skulu koma samskiptaupplýsingum sínum til formanns samstarfshópsins og upplýsa hann um allar breytingar á þessum upplýsingum án ástæðulausrar tafar.

3. Formaður samstarfshópsins skal senda allar uppfærðar útgáfur af tengiliðaskránni til aðila að samstarfshópnum án ástæðulausrar tafar.

8. gr.

Framkvæmdarþættir funda samstarfshópa

1. Formaður samstarfshópsins skal ákvarða fundatíðni samstarfshópsins með hliðsjón af verkefnum samstarfshópsins, eins og sett er fram í 120. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, og hugsanlegra beiðna frá aðilum samstarfshópsins.

2. Formaður samstarfshópsins skal boða til að minnsta kosti eins fundar samstarfshópsins á ári. Formaður samstarfshópsins skal ákveða hvort boðið sé til fundar með hefðbundnum eða rafrænum hætti, út frá þeim markmiðum sem formaður samstarfshópsins setur fyrir fundinn.

3. Aðilar að samstarfshópnum geta óskað eftir því að formaður hans kalli saman fund í samstarfshópnum. Formaður samstarfshópsins skal á viðeigandi hátt rökstyðja höfnun slíkrar beiðni.

4. Formaður samstarfshópsins skal senda öllum aðilum að samstarfshópnum tillögu að dagskrá samstarfshópsins og bjóða þeim að gera tillögu að dagskrárliðum til viðbótar. Formaður samstarfshópsins skal taka tillit til allra tillagna um dagskrárliði sem aðilar hafa gert og skal útskýra, ef óskað er, ástæður þess að þeir eru ekki teknir með.

5. Aðilar samstarfshópsins sem taka þátt í tilteknum fundi eða starfsemi samstarfshópsins skulu skiptast á skjölum og framlagi til vinnuskjala með góðum fyrirvara til að tryggja að allir þátttakendur á fundinum eða starfseminni geti tekið virkan þátt í viðkomandi umræðum.

9. gr.

Upplýsingaskipti milli aðila að samstarfshópum

1. Sérhver aðili að samstarfshóp skal veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og, eftir atvikum, lögbæru yfirvaldi sem annast verkefnin sem um getur í b- til e-lið 7. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, að fenginni beiðni og án ástæðulausrar tafar, í samræmi við 10. gr. þessarar reglugerðar, allar nauðsynlegar upplýsingar til að auðvelda framkvæmd eftirlitsheimilda Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar skv. 117. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og skiptast á upplýsingum þegar þess er krafist samkvæmt þeirri reglugerð.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og, eftir atvikum, lögbært yfirvald sem annast verkefnin sem um getur í b- til e-lið 7. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 í samræmi við 10. gr. þessarar reglugerðar, skulu taka við öllum upplýsingaskiptum milli aðila samstarfshópsins.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og, eftir atvikum, lögbært yfirvald sem annast verkefnin sem um getur í b- til e-lið 7. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 í samræmi við 10. gr. þessarar reglugerðar, geta ákveðið að deila upplýsingunum sem um getur í 1. og 2. mgr. með öðrum aðilum samstarfshópsins, ef hún telur upplýsingarnar skipta máli fyrir aðilana.

4. Ef útgefandi býður fleiri en einn mikilvægan eignatengdan tóka eða mikilvægan rafeyristóka getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ákveðið að koma á fót mörgum samstarfshópum, einum fyrir hvern mikilvægan eignatengdan tóka eða mikilvægan rafeyristóka, eða hóp af mikilvægum eignatengdum tókum eða mikilvægum rafeyristókum.

5. Ef mörgum samstarfshópum er komið á fót skv. 4. mgr., skal formaður sérhvers samstarfshóps halda öllum aðilum að samstarfshópnum fyllilega upplýstum, á tímanlegan hátt, um þær aðgerðir eða ráðstafanir sem gripið er til í öðrum samstarfshópum sem fást við aðra mikilvæga eignatengda tóka eða mikilvæga rafeyristóka frá sama útgefanda.

6. Aðilar að samstarfshópnum skulu koma sér saman um aðferðir sem nota skal við upplýsingaskipti sín á milli og skulu tilgreina aðferðirnar í skriflega samkomulaginu sem um getur í 6. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

7. Sending trúnaðarupplýsinga milli aðila að samstarfshópi skal gerð með öruggum samskiptatengingum.

10. gr.

Úthlutun verkefna milli aðila að samstarfshóp

1. Aðilar að samstarfshóp skulu skiptast á skoðunum um hugsanlega frjálsa skiptingu verkefna sín á milli, skv. c-lið 5. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. Úthlutun verkefnanna sem um getur í 1. mgr. getur einnig innihaldið öll eða sum af verkefnunum sem eru nefnd í b- til e-lið 7. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

3. Samkomulagið, sem um getur í 6. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skal tilgreina lýsingu á útdeilingu verkefna sem um getur í 1. mgr., ef við á.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2494 **2026/EES/19/31**

frá 24. september 2024

um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 3. mgr. 96. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 er gerð krafa um að lögbæru yfirvöldin hafi náið samstarf við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]), og við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]).

2) Samkvæmt 2. mgr. 96. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 er þess krafist að lögbær yfirvöld láti Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnuninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni í té allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að þær geti sinnt verkefnum sínum, í samræmi við 35. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 og 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 eftir því sem við á.

3) Alla jafna ætti að skiptast skriflega á upplýsingum. Munnleg samskipti ættu þó að vera möguleg í viðeigandi tilvikum, þ.m.t. einkum áður en skrifleg beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti er send, til að veita upplýsingar um væntanlega beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti eða til að ræða málefni sem gætu gert það erfitt um vik að verða við þeirri beiðni. Í brýnum tilvikum ætti einnig að vera mögulegt að óska munnlega eftir samstarfi eða upplýsingaskiptum, að því tilskildu að þessi brýna nauðsyn stafi ekki af töfum af hálfu framlagningaraðilans.

4) Upplýsingar sem falla ekki undir sérstaka beiðni ætti að senda í samræmi við reglugerð (ESB) 2023/1114, þ.m.t. að eigin frumkvæði, ef framlagningaraðilinn telur að upplýsingarnar sem hann býr yfir geti nýst öðrum aðila. Þegar framlagningaraðilinn sendir óumbeðnar upplýsingar ætti hann að tilgreina ákvæði reglugerðar (ESB) 2023/1114 sem eru forsendur þess að upplýsingarnar eru sendar á eyðublaðinu sem sett er fram í viðkomandi viðauka.

5) Beiðni ætti að fela í sér nægilegar upplýsingar um efni samstarfsins eða upplýsingaskiptin, þ.m.t. ástæður beiðninnar og samhengi hennar, til að gera viðtakandi aðila kleift að afgreiða beiðnina með skjótum og skilvirkum hætti. Framlagningaraðili ætti ekki að þurfa að tilgreina þá málavexti sem leiða til gruns um brot gegn reglugerð (ESB) 2023/1114 og eru tilefni beiðninnar, ef umbeðnar upplýsingar eru aðilanum nauðsynlegar til að uppfylla skyldur sínar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2494, 25.9.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

6) Verklag, eyðublöð og sniðmát fyrir upplýsingaskipti og samstarf ættu að tryggja að allar upplýsingar sem skipst er á eða eru sendar séu bundnar trúnaði og að farið sé að reglum að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga og frjálsa miðlun persónuupplýsinga.

7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, hefur þróað og lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur leitað eftir ráðgjöf hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

9) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á né greint mögulegan kostnað og ávinning af að innleiða slíka staðla þar sem slíkt myndi vera í grófu ósamræmi við umfang og áhrif staðlanna, að teknu tilliti til þess að þessi reglugerð myndi aðeins hafa áhrif á þessi yfirvöld aðildarríkjanna en hefði ekki áhrif á markaðsaðila.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „rafræn aðferð“ er rafrænn búnaður til vinnslu (þ.m.t. stafrænnar samþjöppunar), geymslu og sendingar á gögnum með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum sem tryggir að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna viðhaldist meðan á sendingu þeirra stendur,

2) „framlagningaraðili“ er aðilinn sem leggur fram tilkynningu, beiðni um upplýsingar eða samstarf, eða veitir óumbeðnar upplýsingar,

3) „viðtökuaðili“ er aðilinn sem tekur við tilkynningu, beiðni um upplýsingar eða samstarf, eða óumbeðnum upplýsingum.

2. gr.

Tengiliðir

1. Hvert lögbært yfirvald skal tilnefna tengilið vegna samstarfs og upplýsingaskipta skv. 96. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. Eigi síðar en 27. nóvember 2024 skulu lögbær yfirvöld senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingar um tengiliðina og tilkynna þessum stofnunum um hvers kyns breytingar á þessum upplýsingum.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skulu halda lista yfir alla tengiliði sem tilnefndir eru í samræmi við 1. mgr. og halda honum uppfærðum.

3. gr.

Samskiptaleiðir

1. Að því er varðar samstarf og upplýsingaskipti í samræmi við 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin senda tilkynningar skriflega, annað hvort með pósti eða með rafrænum hætti, nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.

2. Þegar ákvarðað er hvaða samskiptaleið hentar best í hverju tilviki fyrir sig skulu lögbær yfirvöld, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tilhlýðilegt tillit til eftirfarandi:

a) þagnarskyldu,

b) nauðsynlegs tíma til bréfaskipta,

c) magns efnis sem þarf að miðla,

d) hversu auðvelt er nálgast upplýsingarnar sem skipst er á.

3. Samskiptaleiðin sem um getur í 1. mgr. skal tryggja heildstæðni, heilleika og trúnað upplýsinganna við sendingu þeirra.

4. gr.

Tilkynningar og beiðnir um upplýsingar eða samstarf

1. Tilkynningar og beiðnir um upplýsingar eða samstarf skulu sendar skriflega með pósti eða með rafrænum hætti, með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka. Þegar lögbært yfirvald, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggur fram beiðni um upplýsingar eða samstarf skv. 96. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu þau nota staðlaða eyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð. Framlagningaraðilinn skal stíla tilkynninguna eða beiðnina á tengiliðinn sem er tilnefndur skv. 2. gr.

2. Þegar beiðni um upplýsingar eða samstarf er lögð fram getur framlagningaraðilinn:

a) látið fylgja beiðninni skjöl og efni til stuðnings sem talið er nauðsynlegt til að rökstyðja þá beiðni,

b) í áríðandi tilvikum, lagt beiðnina fram munnlega, en munnlegu beiðnina skal síðan staðfesta skriflega án ástæðulausrar tafar.

5. gr.

Staðfesting á móttöku tilkynninga og beiðna

1. Viðtökuaðilinn skal senda staðfestingu á móttöku til framlagningaraðilans eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en innan fimm virkra daga frá viðtöku tilkynningar eða beiðni sem lögð er fram skv. 4. gr. með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka og, ef það er mögulegt, tilgreina áætlaðan svardag.

2. Ef ekki er unnt að tilgreina áætlaðan dag fyrir svarið skal viðtökuaðilinn tilgreina hversu oft hann mun halda framlagningaraðilanum upplýstum.

6. gr.

Verklag við sendingu, vinnslu og afgreiðslu beiðna um samstarf eða upplýsingaskipti

1. Framlagningaraðilinn og viðtökuaðilinn skulu sjá til þess að beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti sé afgreidd eins fljótt og mögulegt er. Þeir skulu vinna saman að því að leysa þau vandkvæði sem upp kunna að koma við afgreiðslu beiðni.

2. Ef framlagningaraðilinn lætur skjal eða stuðningsefni fylgja með beiðni um samstarf og upplýsingaskipti í samræmi við a-lið 2. mgr. 4. gr. og ef slíkt skjal eða stuðningsefni er ekki á opinberu tungumál aðildarríkis viðtökuaðilans skal framlagningaraðilinn leggja fram þýðingu á slíku skjali eða stuðningsefni, eða samantekt á slíku skjali eða stuðningsefni á tungumáli sem er hefð fyrir innan alþjóðafjármálageirans.

3. Ef viðtökuaðilinn óskar eftir nánari útlistun á tilkynningu eða beiðni sem lögð er fram í samræmi við 4. gr. skal hann tafarlaust óska eftir nánari útlistun með öllum tiltækum ráðum.

4. Framlagningaraðilinn skal svara tafarlaust öllum beiðnum frá viðtökuaðilanum um nánari útlistun.

5. Viðtökuaðilinn skal, þegar hann verður við beiðni í samræmi við 4. gr.:

a) nota eyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka,

b) gera allar viðeigandi ráðstafanir til að verða við beiðni um samstarf eða upplýsingar,

c) bregðast við án tafar og með þeim hætti sem tryggir að hægt sé að gera nauðsynlegar stjórnvaldsaðgerðir með skjótum hætti, að teknu tilliti til þess hve flókin viðkomandi beiðni er og hvort nauðsynlegt sé að þriðju aðilar taki þátt.

6. Ef við á, skal viðtökuaðilinn veita framlagningaraðilanum reglulegar upplýsingar um framgang beiðninnar sem er til meðferðar, þ.m.t. uppfærslur á áætluðum degi sem svars er að vænta.

7. Þegar viðtökuaðili fær vitneskju um kringumstæður sem gætu leitt til þess að fresta þurfi áætluðum svardegi eða svartíma, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., um meira en 10 virka daga skal hann, án ótilhlýðilegrar tafar, tilkynna framlagningaraðilanum um það.

8. Ef beiðnin réttlætir nánara samstarf milli framlagningaraðila og viðtökuaðila eða ef beiðnin hefur verið auðkennd sem áríðandi skulu aðilarnir koma sér saman um tíðni og aðferðir við nánara samstarf.

7. gr.

Óumbeðið samstarf og upplýsingaskipti

Að því er varðar hvers konar samstarf og upplýsingaskipti sem fellur ekki undir tiltekna beiðni, þ.m.t. síðari samskipti sem það varðar, skal framlagningaraðili nota eyðublaðið sem sett er fram í IV. viðauka.

8. gr.

Samstarfsaðferðir

1. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða Evrópska bankaeftirlitsstofnunin er beðin, skv. 5. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2023/1114, um að hafa yfirumsjón til samræmingar með rannsókn eða eftirliti sem hefur áhrif yfir landamæri, getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða Evrópska bankaeftirlitsstofnunin sett á laggirnar tímabundinn hóp, eftir þörfum, með lögbærum yfirvöldum þeirra aðildarríkja sem sú rannsókn eða eftirlit snertir.

2. Þegar tekið er þátt í tímabundnum hópi sem um getur í 1. gr. skulu Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafa reglulegt samráð sín á milli.

9. gr.

Málskot til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar

Málskot til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skv. 6. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eða til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar skv. 7. mgr. 95. gr. þeirrar reglugerðar vegna synjunar eða ef ekki hefur verið brugðist við beiðni innan hæfilegs frests skal gerð skriflega með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka og skal innihalda:

a) eintak af beiðninni um samstarf eða upplýsingaskipti og öll svör við henni,

b) ástæðurnar fyrir því að synjun eða aðgerðarleysi var vísað til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

10. gr.

Takmarkanir og heimil notkun upplýsinga

1. Viðtökuaðilinn skal ekki segja frá tilvist og innihaldi beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti skv. 96. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 nema framlagningaraðilinn hafi veitt samþykki fyrir slíkri birtingu. Ef slíkt leyfi er ekki veitt og því verður ekki við komið að fara að beiðninni án þess að afhjúpa tilvist hennar eða innihald skal framlagningaraðilinn afturkalla eða fresta beiðni sinni þar til hann getur veitt slíkt leyfi fyrir birtingu.

2. Framlagningaraðili sem hefur fengið upplýsingar sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar skulu nota þær í þeim eina tilgangi að sinna skyldum sínum og gegna störfum sínum eða í þeim tilgangi að tryggja reglufylgni við eða framfylgd reglugerðar (ESB) 2023/1114, þ.m.t. að hefja, reka eða aðstoða í tengslum við sakamál, stjórnsýslumál eða einkamál eða agamál sem stafar af broti gegn ákvæðum þeirrar reglugerðar.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. september 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti

Beiðni um samstarf og upplýsingaskipti

Tilvísunarnúmer:
Dags.:

Almennar upplýsingar

FRÁ:
Aðildarríki:
Framlagningaraðili:
Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur var í samræmi við 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494)
Nafn:
Sími:
Tölvupóstfang:

TIL:
Aðildarríki:
Viðtökuaðili:
Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur var í samræmi við 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494)
Nafn:
Sími:
Tölvupóstfang:

Ágæti/a [*færa skal inn viðkomandi nafn*]
Í samræmi við 4. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2494 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar er leitað eftir samstarfi við ykkur í tengslum við málið(in) sem fjallað er um hér að neðan.

Tegund beiðni eða tilkynningar

Merkja skal við í viðeigandi reit(i)

□ tilkynning til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um beiðni um aðstoð milli lögbærra landsyfirvalda að því er varðar vettvangsathuganir eða rannsóknir skv. 4. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

□ beiðni til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um að hafa yfirumsjón með rannsókn eða skoðun skv. 5. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

□ orðsending til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um tilvik þar sem beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti hefur verið synjað eða ekki hefur verið brugðist við henni skv. 6. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

□ orðsending til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um tilvik þar sem beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti hefur verið synjað eða ekki hefur verið brugðist við henni skv. 7. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114

□ tilkynning til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um varúðarráðstafanir 102. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

□ tilkynning til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um ráðstafanir til afurðaíhlutunar skv. 3. og 4. mgr. 105. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 að því er varðar sýndareignir,

□ tilkynning til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um ráðstafanir til afurðaíhlutunar skv. 3. mgr. 105. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 að því er varðar eignatengda tóka og rafeyristóka,

□ orðsending til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar með upplýsingum um meðferð kvartana skv. 2. mgr. 108. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

□ sending á gögnum og upplýsingum til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í þeim tilgangi að taka saman skrá yfir hvítbækur um sýndareignir, útgefendur eignatengdra tóka og rafeyristóka og þjónustuveitendur sýndareigna skv. 1. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

□ tilkynningar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um ráðstafanirnar sem taldar eru upp í b-, c-, f-, l-, m-, n-, o- eða t-lið 1. mgr. 94. gr. og um allar opinberar varúðarráðstafanir sem gerðar eru skv. 102. gr. í samræmi við 6. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

□ orðsending til Evrópsku verðbréfamarkaðsstofnunarinnar að því er varðar að koma á fót skrá Evrópsku verðbréfamarkaðsstofnunarinnar yfir aðila sem veita þjónustu á sviði sýndareigna en fara ekki að tilskildum kröfum skv. 110. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

□ tilkynning um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir lögbærra yfirvalda til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar skv. 115. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

□ önnur tilkynning, veiting upplýsinga eða beiðni um upplýsingar sem skiptir máli í samræmi við 96. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

Upplýsingar um tilkynninguna eða ástæður fyrir beiðninni

Tilkynningin/beiðnin varðar [*velja skal „tilkynning“ eða „beiðni“ í samræmi við valið hér að ofan*]

.....
.....
.....

[*færa skal inn lýsingu á viðfangsefni tilkynningarinnar eða beiðninnar, tilgangi þess að óskað er eftir samstarfi eða upplýsingaskiptum eða málsatvikum sem liggja að baki beiðni um samræmingu á rannsókninni og útskýringu á því hvernig hún nýtist*]

Með vísan til

.....
.....
.....

[*ef við á skal færa inn upplýsingar um fyrri tilkynningu eða beiðni svo unnt sé að bera kennsl á hana*]

Þagnarskylda gildir um upplýsingarnar sem koma fram í þessari tilkynningu/beiðni [*velja skal rétta valkostinn*] í samræmi 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494 og þær skulu falla undir kröfur um þagnarskyldu í samræmi við 100. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

Hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni skal vinna allar persónuupplýsingar sem látnar eru í té í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 og hjá viðkomandi lögbærum yfirvöldum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679. Einkum skulu Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og viðkomandi lögbær yfirvöld tryggja að allar viðeigandi upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga séu veittar skráðum aðilum í samræmi við 2. þátt, „Upplýsingar og aðgangur að persónuupplýsingum“ í III. kafla, „Réttindi skráðs einstaklings“ í þessum reglugerðum.

Virðingarfyllst,

[*undirskrift*]

II. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir staðfestingu á móttöku tilkynningar eða beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti

Staðfesting á móttöku tilkynningar eða beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti

Tilvísunarnúmer:

Dags.:

FRÁ:

Viðtökuaðili:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur var í samræmi við 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494)
Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Framlagningaraðili:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur var í samræmi við 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [*færa skal inn viðkomandi nafn*]

Í framhaldi af tilkynningu/beiðni ykkar [*færa skal inn tilvísun í tilkynninguna/beiðnina*] er móttaka tilkynningar/beiðni ykkar um samstarf eða tilkynningar/beiðni ykkar um upplýsingar [*færa skal inn réttan valkost*] hér með staðfest hinn [*færa skal inn dagsetningu*].

□ [*Viðtökuaðilinn*] fyrirhugar að svara þann/fyrir [*færa skal inn áætlaða dagsetningu eða tímaramma þegar þess er vænst að svar verði veitt*]

□ [*Viðtökuaðilinn*] fyrirhugar að veita uppfærðar upplýsingar um beiðnina sem er til meðferðar [*færið inn tíðni uppfærslna sem fyrirhugað er að veita*]

[Ef viðtökuaðilinn getur ekki tilgreint áætlaða dagsetningu eða tímaramma fyrir svar, vinsamlegast tilgreinið tíðni uppfærslu upplýsinga viðtökuaðila til framlagningaraðila]

□ [*Viðtökuaðilinn*] mun ekki geta svarað innan tilskilins frests sem [*framlagningaraðili*] hefur sett af eftirfarandi ástæðum [*tilgreina skal hvaða undantekningar eiga við í þinni stöðu*]:

.....

.....

.....

[*Ef viðtökuaðilinn getur ekki svarað innan tilskilins frests sem tilgreindur er í 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494 skal tilgreina ástæður þess og áætlaðan svardag*]

Hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni skal vinna allar persónuupplýsingar sem látnar eru í té í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 og hjá viðkomandi lögbærum yfirvöldum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679. Einkum skulu Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og viðkomandi lögbær yfirvöld tryggja að allar viðeigandi upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga séu veittar skráðum aðilum í samræmi við 2. þátt, „Upplýsingar og aðgangur að persónuupplýsingum“ í III. kafla, „Réttindi skráðs einstaklings“ í þessum reglugerðum.

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

III. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir svar við beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti

Svar við beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti

Tilvísunarnúmer:

Dags.:

FRÁ:

Aðildarríki:

Viðtökuaðili:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur var í samræmi við 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Framlagningaraðili:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur var í samræmi við 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [*færa skal inn viðkomandi nafn*]
Í framhaldi af beiðni ykkar [*færa skal inn tilvísun í beiðnina*] er móttaka beiðni ykkar um samstarf eða beiðni ykkar um upplýsingar hér með staðfest hinn [*færa skal inn dagsetningu*].

Upplýsingar sem aflað hefur verið

.....

.....

.....

[*Hafi upplýsinganna verið aflað skal setja þær fram hér eða útskýra hvernig þær verða veittar*]

Þagnarskylda gildir um veittar upplýsingar og er þeim miðlað til [*færa skal inn heiti framlagningaraðila*] skv. [*færa skal inn ákvæði gildandi sérlaga*] og á grundvelli þess að upplýsingarnar skuli áfram vera trúnaðarmál í samræmi við 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494 og 100. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

[*Færa skal inn heiti framlagningaraðila*] skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494 að því er varðar leyfilega notkun á upplýsingunum.

Hyggist [*færa skal inn heiti framlagningaraðila*] nota eða miðla þeim upplýsingum sem koma fram í þessu svari í öðrum tilgangi en þeim sem kemur fram í beiðninni en varðar verkefni hans í samræmi við reglugerð (ESB) 2023/1114 skal [*færa skal inn heiti framlagningaraðila*] tilkynna það til [*færa skal inn heiti viðtökuaðila*], sem hefur 10 virka daga til að andmæla slíkri miðlun eða, ef nauðsyn krefur, tilgreina nákvæman frest til að veita slíka endurgjöf.

Hyggist [*færa skal inn heiti framlagningaraðila*] nota eða miðla þeim upplýsingum sem koma fram í þessu svari í tilgangi sem fellur utan gildissviðs reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal viðkomandi gera [*færa skal inn heiti viðtökuaðila*] viðvart og, nema undantekningin sem um getur í 2. mgr. 100. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eigi við, fá fyrirframsamþykki [*færa skal inn heiti viðtökuaðila*] fyrir slíkri notkun. Samþykki [*færa skal inn nafn viðtökuaðila*] slíka notkun eða miðlun upplýsinganna er [því/henni/honum (veljist eftir nafni yfirvalds)] heimilt að binda hana tilteknum skilyrðum.

Hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni skal vinna allar persónuupplýsingar sem látnar eru í té í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 og hjá viðkomandi lögbærum yfirvöldum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679. Einkum skulu Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og viðkomandi lögbær yfirvöld tryggja að allar viðeigandi upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga séu veittar skráðum aðilum í samræmi við 2. þátt, „Upplýsingar og aðgangur að persónuupplýsingum“ í III. kafla, „Réttindi skráðs einstaklings“ í þessum reglugerðum.

Virðingarfyllst,

[*undirskrift*]

IV. VIÐAUKI

Eyðublað til óumbeðinna upplýsingaskipta

Óumbeðin upplýsingaskipti

Tilvísunarnúmer:

Dags.:

FRÁ:

Framlagningaraðili:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur var í samræmi við 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Viðtökuaðili:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur var í samræmi við 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [*færa skal inn viðkomandi nafn*]
Í samræmi við 9. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2494 veitum við eftirfarandi upplýsingar sem við teljum að geti orðið að liði við framkvæmd starfa ykkar.

Veittar upplýsingar

.....
.....
.....

[*Greina skal nánar frá veittum upplýsingum, þ.m.t. ef við á, með lýsingu á fylgiskjölum eða efni sem fylgir*.]

Þagnarskylda gildir um veittar upplýsingar og er þeim miðlað til [*færa skal inn heiti framlagningaraðila*] skv. [*færa skal inn ákvæði gildandi sérlaga*] og á grundvelli þess að upplýsingarnar skuli áfram vera trúnaðarmál í samræmi við 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494 og 100. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

[*Færa skal inn nafn viðtökuaðila*] skal fara að kröfum 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494 að því er varðar heimila notkun þeirra upplýsinga og 101. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2023/1114 að því er varðar vinnslu og flutning persónuupplýsinga.

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/885 **2026/EES/19/32**

frá 29. apríl 2025

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðeigandi fyrirkomulag, kerfi og verklag við að koma í veg fyrir, greina og tilkynna markaðssvik, sniðmátin sem nota skal til að tilkynna grun um markaðssvik og samráðsferli milli lögbærra yfirvalda um greiningu og viðurlög við markaðssvikum þegar um er að ræða markaðssvik yfir landamæri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 92. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að setja kröfur um fyrirkomulag, verklag og kerfi sem aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skulu hafa til staðar til að tilkynna um fyrirmæli, viðskipti og aðra þætti sem varða virkni dreifðrar færsluskrártækni, þ.m.t. samstöðuaðferð, þar sem aðstæður geta bent til þess að markaðssvik hafi verið framin, séu framin eða verði líklega framin. Slíkar kröfur eru mikilvægar og ættu að stuðla að því að koma í veg fyrir og greina markaðssvik. Þessar kröfur ættu einnig að stuðla að því að tryggja að tilkynningar um rökstuddar grunsemdir um fyrirmæli, viðskipti og aðra þætti varðandi virkni dreifðrar færsluskrártækni (tilkynning um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli) sem eru lagðar fram til lögbærra yfirvalda séu marktækar, heildrænar og gagnlegar.

2) Til að tryggja að markaðssvik séu fyrirbyggð og greind á skilvirkan hátt ættu viðeigandi kerfi að vera til staðar til að vakta fyrirmæli, viðskipti og aðra þætti að því er varðar virkni dreifðrar færsluskrártækni, í samræmi við umfang, stærð og eðli atvinnustarfsemi aðilans sem annast eða framkvæmir viðskiptin í atvinnuskyni. Slík kerfi ættu að gera ráð fyrir mannlegri greiningu sem starfsfólk sem hefur hlotið viðeigandi þjálfun framkvæmir á grundvelli þeirra hlutlægu upplýsinga sem gagnaskilaaðili hefur aðgang að. Einingin ætti aðeins að safna viðbótarpersónuupplýsingum til að tryggja viðeigandi mannlega greiningu. Til að gera kleift að greina frekar hugsanleg innherjasvik eða markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar ættu kerfi til að vakta markaðssvik að geta veitt viðvörun í samræmi við tilgreinda mæliþætti. Aðgangur að slíkum viðvörunum ætti að vera skráður til að tryggja að þær séu eingöngu notaðar til að greina markaðssvik. Líklegt er að allt ferlið útheimti einhverja sjálfvirkni.

3) Til að greina hvort fyrirkomulag, kerfi og verklag til að koma í veg fyrir og greina markaðssvik séu viðeigandi er nauðsynlegt að leggja mat á þau áhrif sem aðilinn sem sér um eða framkvæmir viðskipti getur haft á markaðinn. Slíkir aðilar ættu að meta hvort þeir hafi verulega eða markaðsráðandi stöðu innan markaðshluta sýndareigna og ef svo er ætti þetta fyrirkomulag, kerfi og verklag að vera í réttu hlutfalli við stöðu þeirra, sem hluta af þessu mati.

4) Til að koma í veg fyrir og greina markaðssvik þarf stöðugt eftirlit með öllum fyrirmælum og viðskiptum sem aðilar sem annast eða framkvæma viðskipti sjá um eða framkvæma, óháð því hvort fyrirmælin og viðskiptin séu framkvæmd í dreifðri færsluskrá („innan keðju“) eða utan dreifðrar færsluskrár („utan keðju“), þ.m.t. millifærslur sýndareigna á eða af reikningum viðskiptavina sama þjónustuveitanda sýndareigna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/885, 20.8.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

5) Til að auðvelda og stuðla að samræmdri nálgun og aðferðum um allt Sambandið í tengslum við að koma í veg fyrir, greina og setja viðurlög við markaðssvikum er nauðsynlegt að mæla fyrir um ítarleg ákvæði sem samræma inntak, sniðmát og tímasetningu tilkynninga um grunsamleg fyrirmæli og viðskipti og aðra þætti sem varða virkni dreifðrar færsluskrártækni.

6) Til að deila tilföngum, þróa og viðhalda vöktunarkerfum miðlægt og byggja upp sérþekkingu á eftirliti með grunsamlegum fyrirmælum og viðskiptum ættu aðilar sem annast eða framkvæma viðskipti með sýndareignir að geta falið öðrum að koma í veg fyrir og greina slík fyrirmæli, viðskipti og aðra þætti sem varða virkni dreifðrar færsluskrártækni innan samstæðu eða falið öðrum greiningu gagna og gerð viðvarana, með fyrirvara um viðeigandi aðstæður. Að fela öðrum slík verkefni ætti ekki að koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld geti hvenær sem er lagt mat á það hvort fyrirkomulag, kerfi og verklag aðilans sem falin eru verkefnin uppfyllir skyldurnar um að koma í veg fyrir og greina markaðssvik. Tilkynningaskyldan og ábyrgðin á að fara að þessari reglugerð og 92. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 ætti áfram að hvíla á þeim aðila sem úthlutar verkefnum.

7) Þjónustuveitendur sýndareigna sem reka viðskiptavettvang ættu að hafa viðeigandi viðskiptareglur sem stuðla að því að koma í veg fyrir markaðssvik. Þessir aðilar ættu að hafa aðstöðu til að endurspila tilboðaskrá til að greina viðskiptastarfsemina.

Sameiginlegt og samræmt sniðmát fyrir rafræna framlagningu tilkynninga um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli (e. *suspicious transaction and order report (STOR)*) ætti að auðvelda skilvirk upplýsingaskipti um grunsamleg fyrirmæli og viðskipti milli lögbærra yfirvalda við rannsókn mála sem nær yfir landamæri.

8) Séu upplýsingareitir slíks sniðmáts fyrir tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli fylltir út með skýrum, ítarlegum, hlutlægum og nákvæmum hætti ætti það að auðvelda lögbærum yfirvöldum að meta slík grunsamleg fyrirmæli og viðskipti án tafar og hefja viðeigandi aðgerðir. Slíkt sniðmát fyrir tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli ætti því að gera þeim einstaklingum sem leggja hana fram kleift að veita þær upplýsingar sem lögbær yfirvöld telja viðeigandi um grunsamleg fyrirmæli, viðskipti eða aðra þætti er varða virkni dreifðrar færsluskrártækni sem tilkynnt er um og útskýra ástæður grunsemda sinna. Sniðmát fyrir tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli ætti einnig að gera aðilum sem leggja fram tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli kleift að veita persónuupplýsingar sem gera kleift að tilgreina aðila sem komu að grunsamlegri starfsemi og aðstoða lögbær yfirvöld við rannsóknir sínar. Slíkar upplýsingar ætti að veita þegar í upphafi til að heilleika rannsóknarinnar verði ekki teflt í tvísýnu ef lögbæra yfirvaldið neyðist til að leita aftur til aðilans sem lagði fram tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli meðan á rannsókn stendur. Hvers kyns vinnsla á persónuupplýsingum ætti að fara fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]) um vernd einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga og frjálsrar miðlunar slíkra gagna. Einkum skal uppfylla meginregluna um lágmörkun gagna við söfnun persónuupplýsinga til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð.

9) Til að auðvelda framlagningu tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli ætti sniðmátið að gera kleift að láta fylgja skjöl og efni sem eru nauðsynleg til að styðja tilkynninguna, þ.m.t. í formi viðauka þar sem grunsamleg fyrirmæli eða viðskipti eru talin upp og þar sem fram kemur verð og magn þeirra. Enn fremur ætti sniðmát tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli að gera kleift að tilkynna um grunsamlegt atferli sem tengist virkni dreifðrar færsluskrártækni.

10) Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni ættu ekki að tilkynna öll móttekin fyrirmæli eða framkvæmd viðskipti sem hafa hrundið af stað innri viðvörun. Slík krafa væri ekki í samræmi við kröfuna um að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort gild ástæða sé fyrir gruni.

11) Greining fyrirmæla, viðskipta eða annarra þátta í virkni dreifðrar færsluskrártækni ætti ekki aðeins að taka tillit til innri upplýsinga um aðilann sem annast eða framkvæmir viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni, heldur allra aðgengilegra upplýsinga, þ.m.t. upplýsinga um viðskipti sem eru innbyggð í almennt færsluskrárkerfi.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

12) Leggja ætti tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli fram hjá lögbæru yfirvaldi strax og upp kemur rökstuddur grunur um að markaðssvik hafi orðið. Greiningin á því hvort tiltekin fyrirmæli eða viðskipti teljist grunsamleg ætti að vera á grundvelli staðreynda, ekki ágiskana eða ályktana og ætti að fara fram eins fljótt og mögulegt er. Að fresta framlagningu tilkynningar til að taka með frekari grunsamleg fyrirmæli, viðskipti eða aðra þætti í virkni dreifðrar færsluskrártækni eða að safna saman mörgum tilkynningum um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli væri ósamræmanlegt þeirri skyldu að bregðast við án tafar ef rökstuddur grunur hefur vaknað. Í öllum tilvikum ættu aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort tilkynna megi mörg fyrirmæli, viðskipti eða aðra þætti er varða virkni dreifðrar færsluskrártækni í einni tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli.

13) Aðstæður geta skapast þar sem rökstuddur grunur um markaðssvik vaknar ekki fyrr en eftir að grunsamlega athæfið átti sér stað vegna síðari atburða eða upplýsinga sem koma í ljós síðar. Það ætti ekki að vera ástæða til að tilkynna lögbæru yfirvaldi ekki um hið grunsamlega athæfi. Til að sýna fram á að tilkynningarskyldan hafi verið uppfyllt í þessum sérstöku aðstæðum ætti aðilinn sem leggur fram tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli að geta réttlætt tímamismuninn milli þess þegar hið grunsamlega athæfi átti sér stað og þegar rökstuddur grunur vaknar um að markaðssvik hafi verið framin, séu framin eða muni líklega verða framin.

14) Til að aðstoða aðila sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni við að beita dómgreind sinni við mat á síðari grunsamlegum fyrirmælum eða viðskiptum ættu þeir að geta kallað aftur fram og endurskoðað greiningu á tilkynningum um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli sem hafa verið lagðar fram og slíkum grunsamlegum fyrirmælum, viðskiptum og atferli sem voru greind en þar sem viðkomandi lögbær yfirvöld komust að þeirri niðurstöðu að enginn rökstuddur grunur væri fyrir hendi.

15) Til að koma í veg fyrir markaðssvik að svo miklu leyti sem kostur er ættu aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni að geta aðlagað eftirlitskerfi sín og greint mynstur í endurteknu atferli sem samanlagt gætu gefið tilefni til rökstuddra grunsemda um markaðssvik. Þessum aðilum ætti því að vera skylt að greina grunsamleg fyrirmæli, viðskipti, atferli og aðra þætti sem tengjast virkni dreifðrar færsluskrártækni sem leiddu ekki til tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli og skrá slíkar greiningar. Slíkar skrár ættu einnig að aðstoða slíka aðila við að sýna fram á að farið sé að ákvæðum 92. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og auðvelda lögbærum yfirvöldum að framkvæma eftirlits-, rannsóknar- og framfylgdarhlutverk sín skv. 92. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

16) Að teknu tilliti til þess að markaðir með sýndareignir ná eðli málsins samkvæmt yfir landamæri er nauðsynlegt að tilgreina verklagsreglur um samræmingu milli lögbærra yfirvalda um greiningu og viðurlög við markaðssvikum ef um markaðssvik yfir landamæri er að ræða. Slíkar verklagsreglur um samræmingu ættu að tryggja að engir árekstrar eigi sér stað í rannsóknum eða framfylgd. Í þessu samhengi ættu aðstæður þar sem markaðssvik eiga sér stað yfir landamæri að ná yfir tilvik þar sem grunsamleg viðskipti fara fram í aðildarríki varðandi sýndareign sem hefur verið tekin til viðskipta í öðru aðildarríki og tilvik þar sem viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna starfar í fleiri en einu aðildarríki.

17) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um ákvæði um miðlun tilkynninga um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli milli lögbærra yfirvalda. Þar sem ekki eru til staðar kerfi til að tilkynna viðskipti eru slíkar kröfur nauðsynlegar til að tryggja skilvirkt markaðseftirlit og framfylgd en koma jafnframt í veg fyrir að gríðarlegt magn upplýsinga sé sent, sem myndi ekki vera gagnlegt fyrir viðtökuyfirvaldið.

18) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

19) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að þeim tæknilegu eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([3]),

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

20) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 ([4]) og skilaði hún áliti 22. janúar 2025,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „tilkynning um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli“: tilkynning um grunsamleg fyrirmæli eða viðskipti, þ.m.t. afturköllun eða breyting á þeim, og aðrir þættir er varða virkni dreifðrar færsluskrártækni þar sem aðstæður kunna að benda til þess að markaðssvik hafi verið framin, séu framin eða verði líklega framin,

2) „rafrænar aðferðir“: notkun rafræns búnaðar til vinnslu (þ.m.t. stafrænnar samþjöppunar), geymslu og sendingar á gögnum með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum,

3) „samstæða“: samstæða eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([5]),

4) „fyrirmæli“: sérhver fyrirmæli, þ.m.t. hvert og eitt tilboð óháð því hvort tilgangur þeirra er upphafleg framlagning, breyting, uppfærsla eða afturköllun fyrirmæla og óháð tegund þeirra.

2. gr.

Almennar kröfur

1. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skulu koma á og viðhalda fyrirkomulagi, kerfum og verklagi sem tryggja:

a) skilvirkt og viðvarandi eftirlit með öllum mótteknum og sendum fyrirmælum og öllum framkvæmdum viðskiptum með sýndareignir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, greina og bera kennsl á aðstæður sem kunna að benda til þess að markaðssvik hafi verið framin, séu framin eða verði líklega framin,

b) skilvirkt og viðvarandi eftirlit með þáttum er varða virkni dreifðrar færsluskrártækni til að greina og bera kennsl á aðra þætti í virkni dreifðrar færsluskrártækni, þ.m.t. samstöðuaðferð, ef aðstæður benda til þess að markaðssvik hafi verið framin, séu framin eða verði líklega framin,

c) sendingu tilkynninga um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli til lögbærra yfirvalda í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar og með notkun sniðmátsins í viðaukanum.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/34/oj).

2. Skuldbindingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu gilda um fyrirmæli, viðskipti og aðra þætti í virkni dreifðrar færsluskrártækni sem geta talist markaðssvik og skulu gilda án tillits til:

a) hlutverks þess sem gefur fyrirmælin eða framkvæmir viðskiptin,

b) tegunda viðkomandi viðskiptavina,

c) þess hvort fyrirmælin voru gefin eða viðskiptin framkvæmd á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs.

3. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skulu tryggja að fyrirkomulagið, kerfin og verklagið sem um getur í 1. mgr. séu:

a) viðeigandi og hæfileg miðað við umfang, stærð og eðli atvinnustarfsemi þeirra,

b) metin reglulega, a.m.k. með árlegri úttekt og innri úttekt, og uppfærð þegar þörf krefur,

c) skjalfest með skýrum hætti, þ.m.t. allar breytingar og uppfærslur þeirra, í þeim tilgangi að fara að þessari reglugerð, og að skjalfestu upplýsingarnar séu varðveittar í 5 ár.

4. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skulu, að fenginni beiðni, veita lögbærum yfirvöldum þær upplýsingar um matið sem um getur í 3. mgr., þ.m.t. upplýsingar um það stig sjálfvirkni sem hefur verið innleitt.

3. gr.

Fyrirbygging, eftirlit og greining

1. Fyrirkomulagið, kerfin og verklagsreglurnar, sem um getur í 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, skulu:

a) ná yfir öll viðskipti sem gerð eru af aðilum sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir,

b) gefa viðvaranir um starfsemi sem krefst nánari greiningar til að greina hugsanleg markaðssvik,

c) gera þjónustuveitendum sýndareigna sem reka viðskiptavettvang kleift að:

   i. greina, í hverju tilviki fyrir sig og með samanburði, sérhver framkvæmd viðskipti og sérhver fyrirmæli sem eru gefin, breytt, afturkölluð eða er hafnað í kerfum viðskiptavettvangs,

   ii. koma í veg fyrir endurtekið atferli, sem sést á sama viðskiptavettvangi, komi fram,

d) gera aðilum sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni kleift að greina, í hverju tilviki fyrir sig og með samanburði, hver framkvæmd viðskipti og hver fyrirmæli sem eru gefin, breytt, afturkölluð eða er hafnað innan og utan viðskiptavettvangs, án tillits til þess hvort fyrirmæli og viðskipti séu gefin og framkvæmd með dreifðri færsluskrá eða ekki, og þætti í virkni dreifðrar færsluskrártækni sem gæti talist markaðssvik.

2. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skulu koma á fót og viðhalda fyrirkomulagi og verklagsreglum sem tryggja viðeigandi stig mannlegrar greiningar við að fyrirbyggja, vakta, greina og bera kennsl á viðskipti, fyrirmæli og þætti í virkni dreifðrar færsluskrártækni sem gefa til kynna að atferli sem veldur markaðssvikum sé líklegt eða sé til staðar. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skulu eingöngu safna viðbótarpersónuupplýsingum í þeim tilgangi að tryggja viðeigandi stig mannlegrar greiningar.

3. Að því er varðar 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni nota upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi í þeim mæli sem er viðeigandi og í samræmi við umfang, stærð og eðli atvinnustarfsemi sinnar.

Upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfin sem um getur í fyrstu undirgrein skulu taka til upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfa sem gera kleift að beita frestuðum sjálfvirkum aflestri, endurspila og greina gögn úr tilboðaskránni. Slík kerfi skulu hafa nægilega getu til að starfa í umhverfi algrímsviðskipta.

Að því er aðra undirgrein varðar eiga algrímsviðskipti við um viðskipti með sýndareignir, þar sem tölvualgrím ákvarðar sjálfkrafa einstakar breytur fyrirmæla, þ.m.t. hvort setja á tilboð af stað, tímasetningar, verð eða magn eða hvernig á að stýra tilboðunum þegar þau hafa verið lögð fram, með takmörkuðum eða engum mannlegum afskiptum, og tekur ekki til neins konar kerfis sem er einungis notað til að beina tilboðum til eins viðskiptavettvangs eða fleiri eða til vinnslu tilboða án þess að ákvarða viðskiptabreytur eða til að staðfesta fyrirmæli eða eftirávinnslu framkvæmdra viðskipta.

4. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni geta útvistað verkefnum sem tengjast því að fyrirbyggja, vakta, greina og bera kennsl á fyrirmæli, viðskipti eða aðra þætti í virkni dreifðrar færsluskrártækni sem geta talist markaðssvik með skriflegum samningi til þriðja aðila eða falið þau lögaðila sem tilheyrir sömu samstæðu, eins og skilgreint er í 11. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([6]) („veitendur“), þ.m.t. greiningu gagna, þ.m.t. gagna um fyrirmæli og viðskipti, og gerð viðvarana. Aðilar sem úthluta eða útvista þessum verkefnum skulu bera fulla ábyrgð á að uppfylla allar skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð og 92. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Ef verkefnunum er útvistað til þriðja aðila skulu aðilar sem útvista þeim ávallt uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) viðhalda nauðsynlegri sérþekkingu og úrræðum til að:

   i. leggja mat á gæði þjónustu sem er veitt og rekstrarlega getu veitenda,

   ii. hafa eftirlit með útvistaðri þjónustu,

   iii. stýra áhættunni sem tengist útvistun þessara starfa á viðvarandi grundvelli,

b) þeir skulu hafa beinan aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum um gagnagreininguna og gerð viðvarana.

Skriflega samkomulagið sem um getur í fyrstu undirgrein skal lýsa réttindum og skuldbindingum aðila sem úthlutar eða útvistar verkefnum og réttindum og skuldbindingum veitanda. Einnig skal það mæla fyrir um þær ástæður sem eru forsenda þess að aðili sem felur öðrum eða útvistar verkefnum geti sagt samkomulaginu upp.

5. Sem hluti af fyrirkomulaginu, kerfunum og verklagsreglunum sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein skulu aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni varðveita í fimm ár skjalfestar upplýsingar um greiningar sem framkvæmdar eru í tengslum við fyrirmæli og viðskipti sem gætu falið í sér markaðssvik. Upplýsingarnar skulu fela í sér greininguna sem er gerð og ástæður þess að tilkynning um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli var lögð fram eða ekki lögð fram. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skulu veita lögbærum yfirvöldum upplýsingarnar þegar farið er fram á þær.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/34/oj).

4. gr.

Þjálfun

Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skulu skipuleggja og veita skilvirka og ítarlega þjálfun fyrir starfsfólk sem kemur að því að fyrirbyggja, vakta, greina og bera kennsl á fyrirmæli, viðskipti og aðra þætti í virkni dreifðrar færsluskrártækni sem geta gefið til kynna að markaðssvik séu til staðar, þ.m.t. starfsfólk sem kemur að vinnslu fyrirmæla og viðskipta eða ber ábyrgð á virkni dreifðrar færsluskrártækni. Slík þjálfun skal fara fram með reglulegu millibili og vera viðeigandi og hæfileg fyrir umfang, stærð og eðli starfseminnar.

5. gr.

Tilkynning um grunsamleg fyrirmæli eða viðskipti

1. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skulu koma á og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi, kerfum og verklagsreglum sem gera þeim kleift að meta hvort fyrirmæli, viðskipti eða aðrir þættir dreifðrar færsluskrártækni geti falið í sér aðstæður sem gefa til kynna að markaðssvik hafi verið framin, séu framin eða verði líklega framin, í þeim tilgangi að leggja fram tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli. Fyrirkomulagið, kerfin og verklagsreglurnar skulu fela í sér viðeigandi stig mannlegrar greiningar.

2. Aðilar sem annast eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skulu tilkynna um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli:

a) með því að nota sniðmátið fyrir tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli sem er sett fram í viðaukanum og fylla út upplýsingareitina fyrir tilkynnt fyrirmæli, viðskipti eða aðra þætti í virkni dreifðrar færsluskrártækni á skýran og nákvæman hátt, þ.m.t. hvers kyns fylgiskjöl eða fylgigögn,

b) með því að nota rafræna aðferð sem viðkomandi lögbært yfirvald tilgreinir.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal lögbært yfirvald tilgreina á vefsetri sínu hvaða rafrænu aðferðir séu notaðar og tryggja að þessar rafrænu aðferðir tryggi að heildstæðni, heilleika og trúnaði upplýsinganna sé viðhaldið á meðan flutningi þeirra stendur.

Tilkynningin um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli sem um getur í fyrstu undirgrein skal byggjast á staðreyndum og greiningu, að teknu tilliti til allra upplýsinganna sem einstaklingar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni hafa aðgang að.

3. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skulu tryggja og viðhalda trúnaði upplýsinganna sem mælt er fyrir um í tilkynningu um grunsamleg fyrirmæli eða viðskipti og tryggja að hvorki aðili sem tilkynningin um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli varðar né neinn annar, sem ekki þarf að vita um framlagningu tilkynningarinnar vegna starfs síns eða stöðu hjá tilkynnanda, séu upplýstir um:

a) gerð viðvarananna sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr.,

b) matið sem kann að leiða til þess að tilkynning um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli verði lögð fram,

c) þá staðreynd að tilkynnandi muni ljúka við tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli án þess að senda beiðnir um upplýsingar til einstaklingsins, sem tilkynning um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli kann að vera lögð fram um, til að fylla út tiltekna reiti,

d) framlagningu tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli hjá lögbæru yfirvaldi eða áform um að leggja fram slíka tilkynningu.

6. gr.

Tímasetning tilkynninga um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli

1. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skulu tryggja að þeir hafi til staðar skilvirkt fyrirkomulag, kerfi og verklagsreglur um tafarlausa framlagningu tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli þegar rökstuddur grunur leikur á um markaðssvik.

2. Fyrirkomulagið, kerfið og verklagsreglurnar sem um getur í 1. mgr. skulu gera kleift að tilkynna um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli í tengslum við fyrri viðskipti, fyrirmæli eða aðra þætti í virkni dreifðrar færsluskrártækni, hafi grunsemdir vaknað í ljósi síðari atburða eða upplýsinga. Í slíkum tilvikum skulu aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni útskýra í tilkynningunni um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli hvers vegna framlagning hennar tafðist, eftir atvikum.

3. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skulu leggja fram allar viðeigandi viðbótarupplýsingar hjá lögbæru yfirvaldi sem þeir fá vitneskju um eftir að tilkynning um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli hefur verið lögð fram og veita allar þær upplýsingar eða fylgiskjöl sem lögbært yfirvald óskar eftir.

7. gr.

Skipti á skýrslum milli lögbærra yfirvalda

1. Lögbær yfirvöld skulu senda tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli með því að nota eyðublaðið fyrir óumbeðna miðlun upplýsinga sem sett er fram í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2545 ([7]).

2. Lögbært yfirvald sem sendir skal festa tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli við eyðublaðið sem um getur í 1. mgr., án þess að þurfa að þýða það á tungumál lögbærs viðtökuyfirvalds. Lögbært yfirvald sem sendir skal láta fylgja með öll viðbótarskjöl sem fylgja með tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli og tilgreina lagagrundvöll fyrir upplýsingagjöfinni.

8. gr.

Verklagsreglur um samræmingu til að greina og setja viðurlög við markaðssvikum yfir landamæri

1. Lögbært yfirvald sem grunar að markaðssvik yfir landamæri hafi verið framin, kunni að hafa verið framin eða séu framin skal tilkynna stöðu bráðabirgðamats síns til annarra hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda án ótilhlýðilegrar tafar, þ.m.t. og eftir atvikum til lögbærra yfirvalda þeirra viðskiptavettvanga þar sem viðkomandi sýndareignir eru teknar til viðskipta.

Þegar lögbærum viðtökuyfirvöldum er tilkynnt um markaðssvik yfir landamæri skulu þau skiptast á upplýsingum um skipulagningu eða tilvist eftirlitsstarfsemi eða -ráðstöfunar án ótilhlýðilegrar tafar eða, eftir atvikum og ef slíkar upplýsingar eru tiltækar lögbæru viðtökuyfirvaldi, um yfirstandandi rannsókn sakamáls á sama máli.

2. Viðkomandi lögbær yfirvöld skulu:

a) reglulega gefa hvert öðru upplýsingar um markaðssvik yfir landamæri,

b) upplýsa hvert annað um mikilvæga þætti í framvindu málsins í millitíðinni sem tengjast markaðssvikum yfir landamæri,

c) samræma eftirlits- og framfylgdaraðgerðir sínar.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2545 frá 24. september 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda (Stjtíð. ESB L, 2024/2545, 26.11.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2545/oj).

3. Lögbært yfirvald sem hefur formlega hafið rannsókn, framfylgdaraðgerð eða, eftir atvikum, er kunnugt um rannsókn sakamáls skal upplýsa önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld um hana, þ.m.t. og eftir atvikum lögbær yfirvöld þeirra viðskiptavettvanga þar sem sýndareignir eru teknar til viðskipta. Tilkynnandi lögbært yfirvald getur haldið Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýstri.

4. Lögbær yfirvöld sem hafa hafið eða taka þátt í rannsókn eða framfylgdaraðgerð í tengslum við aðstæður sem ná yfir landamæri geta óskað eftir samræmingu frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni.

5. Í þessari grein skulu „markaðssvik yfir landamæri“ eiga við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

a) aðstæður þar sem fleiri en eitt lögbært yfirvald er til þess bært að greina, rannsaka eða beita viðurlögum við hugsanlegum markaðssvikum,

b) aðstæður þar sem samstarf milli tveggja eða fleiri lögbærra yfirvalda er nauðsynlegt til að greina, rannsaka eða beita viðurlögum við hugsanlegum markaðssvikum.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Sniðmát fyrir tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli

*Athuga skal að fylla ber út **alla** reiti í 1.–4. þætti. Ef ekki er hægt að veita upplýsingar í tilteknum reit skal merkja við „Á ekki við“ og gefa stutta útskýringu á því.*

1. ÞÁTTUR – DEILI Á AÐILA/EINSTAKLINGI SEM LEGGUR FRAM TILKYNNINGU UM GRUNSAMLEG VIÐSKIPTI OG FYRIRMÆLI
Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni – Tilgreina skal í hverju tilviki fyrir sig:

Nafn einstaklings	[Eiginnafn (eiginnöfn) og kenninafn (kenninöfn) einstaklingsins sem hefur með höndum framlagningu tilkynningarinnar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli innan tilkynningaraðilans.]
Staða innan tilkynningaraðila	[Staða einstaklingsins sem hefur með höndum framlagningu tilkynningarinnar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli innan tilkynningaraðilans.]
Heiti tilkynningaraðila	[Fullt nafn tilkynningaraðilans, þ.m.t. fyrir lögaðila: — félagsform eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá þess lands þar sem lögin sem hann er skráður samkvæmt gilda, eftir atvikum, og — auðkenni lögaðila (LEI) í samræmi við ISO 17442 LEI-kóða.]
Heimilisfang tilkynningaraðila	[Fullt heimilisfang (t.d. gata, götunúmer, póstnúmer, borg, ríki/fylki) og land.]
Hlutverk aðila hvað varðar fyrirmæli, viðskipti eða atferli sem tengist virkni dreifðrar færsluskrártækni og gætu falið í sér markaðssvik	[Lýsing á því hlutverki sem tilkynningaraðili gegndi í tengslum við fyrirmæli, viðskipti eða atferli sem tengjast virkni dreifðrar færsluskrártækni sem gætu gefið til kynna að markaðssvik séu fyrir hendi, t.d. framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina, rekstur viðskiptavettvangs ...]
Tegund viðskiptastarfsemi (viðskiptavakt, högnun o.s.frv.) og tegund sýndareignar sem tilkynningaraðilinn hefur viðskipti með	[Lýsing á öllu fyrirtækja-, samnings- eða skipulagsfyrirkomulagi eða aðstæðum eða tengslum.]
Tengiliður vegna beiðna um nánari upplýsingar	[Aðili sem hafa ber samband við hjá tilkynningaraðilanum til að óska eftir nánari upplýsingum í tengslum við þessa tilkynningu (t.d. regluvörður) og viðkomandi samskiptaupplýsingar, ef hann er ekki sá sami og ber ábyrgð á því að leggja fram tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli: — eiginnafn (eiginnöfn) og kenninafn (kenninöfn), — staða tengiliðar innan tilkynningaraðila, — vinnutengt tölvupóstfang, — vinnutengt símanúmer.]
Hafa málsatvik þegar verið tilkynnt til opinberra yfirvalda?	Tilgreina skal hvort málsatvik hafi þegar verið tilkynnt til opinberra yfirvalda (og ef svo er skal tilgreina nafn yfirvaldsins).

2. ÞÁTTUR – VIÐSKIPTI/FYRIRMÆLI/ATFERLI OG AÐRIR ÞÆTTIR SEM TENGJAST VIRKNI DREIFÐRAR FÆRSLUSKRÁRTÆKNI	
Lýsing á sýndareigninni:	Lýsa skal sýndareigninni (-eignunum) sem eru efni tilkynningarinnar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli og tilgreina: — fullt heiti (þ.m.t. auðkenni fyrir stafræna tóka (DTI) í samræmi við ISO-staðal 24165-2 eða sambærilegt einkvæmt auðkenni eins og um getur í 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1140 ([1]) þar sem tilgreint er hvaða skrár eigi að halda yfir alla þjónustu á sviði sýndareigna, starfsemi, fyrirmæli og viðskipti með sýndareignir) eða lýsingu á sýndareign ef auðkenni fyrir stafræna tóka vantar. Ef grunsamlegt atferli felur í sér sýndareignapar skal skrá báðar sýndareignirnar í parinu, — tegund sýndareignar (eignatengdan tóka (ART), rafeyristóka (EMT), aðra sýndareign) og ef um er að ræða eignatengda tóka og rafeyristóka, virði, réttan eða opinberan gjaldmiðil (eða samsetningu af þeim) sem sýndareignin vísar í til að viðhalda stöðugu virði.
Heiti dreifðra færsluskráa:	Tilgreina skal fullt heiti dreifðra færsluskráa ef grunsamlegs atferlis hefur orðið vart]
Viðskiptavettvangur þar sem fyrirmæli voru gefin eða viðskipti framkvæmd	[Tilgreina skal heiti og markaðsauðkenniskóða í samræmi við ISO-staðal 10383 til að auðkenna viðskiptavettvanginn þar sem fyrirmæli voru gefin eða viðskipti framkvæmd. Ef fyrirmæli/viðskipti hafa ekki verið auðkennd á viðskiptavettvangi skal nefna „utan viðskiptavettvangs“ og LEI-auðkenni þjónustuveitanda sýndareigna sem framkvæmdi viðskiptin, eftir atvikum.]
Staðsetning (land)	[Fullt nafn landsins og tveggja stafa ISO 3166-1-landskóði.] [Tilgreina skal hvar: — fyrirmæli eru gefin, — viðskipti eru framkvæmd, — atferli sem tengist virkni dreifðrar færsluskrártækni á sér stað.]
Lýsing á fyrirmælum, viðskiptum eða grunsamlegu atferli sem tengist virkni dreifðrar færsluskrártækni	[Lýsa skal a.m.k. eftirfarandi um fyrirmælin, viðskiptin eða atferlið sem tilkynnt er um: — dagsetningu og tíma fyrirmæla, viðskipta eða atferlis. (Dagsetningar og tími ættu að vera tilkynnt á alheimstíma (UTC) samkvæmt sniðinu í ISO-staðli 8601). — tilvísunarnúmeri viðskipta eða tilvísunarnúmeri fyrirmæla eða viðskiptatæti. — dagsetningu og tíma uppgjörs, — kaupverði/söluverði, — umfangi/magni sýndareigna, — aðeins fyrir fyrirmæli, tegund fyrirmæla (t.d. „kaup að hámarki x evrur“)], [Sé um að ræða fleiri en ein fyrirmæli eða viðskipti sem gætu falið í sér markaðssvik er heimilt að veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um verð og magn slíkra fyrirmæla og viðskipta í viðauka við tilkynninguna um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli.]

	— Upplýsingar um afturköllun eða breytingu á fyrirmælum, þ.m.t.: — eðli breytingarinnar (t.d. breyting á verði eða magni) og umfang breytingarinnar, [Sé um að ræða fleiri en ein fyrirmæli eða viðskipti sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar er heimilt að veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um verð og magn slíkra fyrirmæla og viðskipta í viðauka við tilkynninguna um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli.] — aðferð við að breyta fyrirmælunum (t.d. með tölvupósti, símtali, o.s.frv.). Við tilkynningu á grunsamlegu atferli sem tengist virkni dreifðrar færsluskrár skal veita eins miklar ítarupplýsingar og hægt er, þ.m.t. þau áhrif sem það hefur haft á sannreyningu viðskipta og aðferðina sem er notuð til að breyta virkni dreifðrar færsluskrár.
3. ÞÁTTUR – LÝSING Á EÐLI GRUNS	
Eðli gruns	[Tilgreina skal þá tegund brots sem liggur til grundvallar því að tilkynnt fyrirmæli, viðskipti, atferli sem tengist virkni dreifðrar færsluskrár geti talist markaðssvik].
Ástæður gruns	[Lýsing á athæfinu (viðskipti og fyrirmæli, aðferð við framlagningu fyrirmæla eða framkvæmd viðskiptanna og einkenni fyrirmælanna og viðskiptanna sem gera þau grunsamleg, atferli sem tengist virkni dreifðrar færsluskrártækni) og hvernig málið vakti athygli tilkynningaraðilans og tilgreining á ástæðum grunsins. Fyrir sýndareignir sem teknar eru til viðskipta/viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, lýsing á eðli samskipta í tengslum við tilboðaskrá/viðskipti sem gætu falið í sér markaðssvik.]
4. ÞÁTTUR – AUÐKENNING AÐILA SEM BERA ÁBYRGÐ Á FYRIRMÆLUM, VIÐSKIPTUM EÐA ATFERLI SEM TENGIST VIRKNI DREIFÐRAR FÆRSLUSKRÁRTÆKNI OG GÆTU TALIST MARKAÐSSVIK („GRUNAÐUR EINSTAKLINGUR“)	
Heiti	[Fyrir einstaklinga: eiginnafn (nöfn) og kenninafn (nöfn).] [Fyrir lögaðila: fullt nafn, þ.m.t. félagsform eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá þess lands þar sem lögin sem hann er skráður samkvæmt gilda, eftir atvikum, og auðkenniskóði lögaðila (LEI) í samræmi við ISO 17442]
Landsbundið auðkennisnúmer	[Númer og/eða texti]. [Ef landsbundið kenninúmer á ekki við eða er óþekkt skal gefa upp fæðingardag og -ár (eingöngu fyrir einstaklinga) á sniði ISO-staðals 8601]
Heimilisfang	[Fullt heimilisfang (t.d. gata, götunúmer, póstnúmer, borg, ríki/fylki) og land.]
Upplýsingar um atvinnu: – Staðsetning – Staða	[Upplýsingar um starf hins grunaða úr heimildum sem eru aðgengilegar tilkynningaraðilanum innanhúss (t.d. reikningsgögn ef um er að ræða viðskiptavini, upplýsingar úr starfsmannakerfi ef um er að ræða starfsmann tilkynningaraðilans).]
Reikningsnúmer og vistföng veskja	[Númer veltureikninga, allra sameiginlegra reikninga eða allra umboða á reikningi hins grunaða aðila/einstaklings. Vistföng veskja sem komu að viðskiptunum eða grunsamlega atferlinu]
Auðkenni viðskiptavinar	[Sé hinn grunaði viðskiptavinur tilkynningaraðila.]
Tengsl við útgefanda hlutaðeigandi sýndareignar	[Lýsing á öllu fyrirtækja-, samnings- eða skipulagsfyrirkomulagi eða aðstæðum eða tengslum]

5. ÞÁTTUR – VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

Aðrar upplýsingar sem skipta máli fyrir tilkynninguna, eftir því um hvaða aðgerðir er að ræða

[Eftirfarandi listi er leiðbeinandi og ekki tæmandi. Hægt er að veita aðrar upplýsingar sem tilkynnandi telur gagnlegar, þar sem við á fyrir tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli.]

— staða hins grunaða (t.d. almennur fjárfestir, stofnanir),
— eðli inngripa hins grunaða aðila/einstaklings (fyrir eigin reikning, fyrir hönd viðskiptavinar, sannreyningaraðila viðskiptafærslna í dreifðu færsluskrárkerfi, annars).
— Ef grunsamlegt atferli fer fram í dreifðri færsluskrártækni geta aðrar mikilvægar upplýsingar falið í sér:
  — hvort viðskiptafærslan hafi verið send í gegnum almenna eða leynilega (dulritaða) færslurröð (þ.e. minnissafn) áður en hún var sannreynd í dreifðri færsluskrártækni,
  — hvort dreifð færsluskrártækni sé almenn (leyfislaus) eða leynileg (leyfisbundin),
  — hugsanlegt samspil við snjallsamninga, þ.m.t. tilgreining á vistfangi samnings og fallinu sem virkjað var,
— stærð eignasafns hins grunaða aðila/einstaklings,
— dagsetningin þegar viðskiptasambandið við viðskiptavininn hófst ef hinn grunaði aðili/einstaklingur er viðskiptavinur tilkynningaraðilans,
— tegund athæfis viðskiptaborðs grunaðs aðila, liggi slíkar upplýsingar fyrir,
— viðskiptamynstur hins grunaða aðila/einstaklings. Eftirfarandi dæmi eru til leiðbeiningar um upplýsingar sem geta verið gagnlegar:
  — viðskiptavenjur hins grunaða aðila/einstaklings,
  — hvernig stærð tilkynntra fyrirmæla/viðskipta er í samanburði við meðalstærð fyrirmæla sem lögð voru fram/viðskipta sem framkvæmd voru af hinum grunaða aðila/einstaklingi næstliðna 12 mánuði,
  — venjur hins grunaða aðila/einstaklings með tilliti til sýndareigna sem hann hefur átt viðskipti með næstliðna 12 mánuði, einkum hvort tilkynntu fyrirmælin/viðskiptin varða sýndareign sem hinn grunaði aðili hefur átt viðskipti með næstliðið ár.
— Aðrir aðilar sem vitað er að hafi komið að fyrirmælunum og viðskiptunum sem gætu falið í sér markaðssvik:
  — nöfn,
— athæfi (t.d. framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina, viðskipti fyrir eigin reikning, rekstur viðskiptavettvangs, sannreyning viðskipta).

6. ÞÁTTUR – FYLGISKJÖL

[Telja skal upp stuðningsgögn og -efni sem lagt er fram með þessari tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli].

Dæmi um slík gögn eru tölvupóstar, upptökur á samtölum, skrár yfir fyrirmæli/viðskipti, skrár dreifðrar færsluskrártækni, staðfestingar, skýrslur miðlara, umboðsskjöl og umfjöllun fjölmiðla ef við á.

Séu ítarlegar upplýsingar um fyrirmæli/viðskipti/atferli í tengslum við það hvernig virkni dreifðrar færsluskrártækni, sem um getur í 2. þætti, veittar í sérstökum viðauka, skal tilgreina titil þess viðauka.]

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1140 frá 27. febrúar 2025 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru þær skrár sem halda skal um alla þjónustu, starfsemi, fyrirmæli og viðskipti á sviði sýndareigna sem ráðist er í (Stjtíð. ESB L, 2025/1140, 10.6.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/1140/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1126 **2026/EES/19/33**

frá 5. júní 2025

um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum í tengslum við þær upplýsingar sem skulu vera í umsókn um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og óska eftir töku þeirra til viðskipta (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum þriðju undirgrein 7. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1125 ([2]) eru tilgreindar þær upplýsingar sem eiga að vera í umsókn um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og óska eftir töku þeirra til viðskipta skv. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2) Til að auðvelda samskipti milli lögaðila sem sækjast eftir starfsleyfi skv. 6. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og lögbærra yfirvalda ættu lögbær yfirvöld að tilnefna tengilið sérstaklega til að taka á móti umsóknum um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og til að óska eftir töku þeirra til viðskipta og ættu að birta upplýsingar um tengiliðinn á vefsetri sínu.

3) Í samræmingarskyni ættu lögaðilar eða önnur fyrirtæki sem hyggjast bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði eða óska eftir töku eignatengdra tóka til viðskipta („útgefendur sem sækja um“) að leggja fram upplýsingarnar sem krafist er fyrir slíkt starfsleyfi með samræmdum hætti og ættu að nota sömu stöðluðu eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur alls staðar í Sambandinu fyrir upplýsingarnar sem eiga að vera í umsókninni.

4) Upplýsingarnar sem útgefandi sem sækir um leggur fram ættu að vera réttar, nákvæmar, fullnægjandi og uppfærðar frá þeirri stundu sem umsóknin er lögð fram og þar til starfsleyfið er veitt. Þar sem sumar upplýsingar kunna aðeins að vísa til framtíðarinnar, ættu allar framtíðardagsetningar sem fram koma í upplýsingunum að vera sérstaklega auðkenndar í umsókninni.

5) Til að tryggja skjóta og tímanlega meðhöndlun umsókna ættu lögbær yfirvöld að staðfesta móttöku umsóknarinnar með því að senda útgefandanum sem sækir um rafrænt, á pappír eða hvort tveggja staðfestingu á móttöku. Sú staðfesting á móttöku ætti að innihalda samskiptaupplýsingar þeirra aðila eða deildar sem ber ábyrgð á meðhöndlun umsóknarinnar um starfsleyfi.

6) Til að tryggja skýra, gagnsæja og samræmda málsmeðferð fyrir matið á umsókninni sem lögð var fyrir lögbær yfirvöld er nauðsynlegt að tilgreina tilteknar verklagsreglur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1126, 15.9.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1125 frá 5. júní 2025 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar í umsókn um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og óska eftir töku þeirra til viðskipta (Stjtíð. ESB L, 2025/1125, 15.9.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/1125/oj).

7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem samin voru í náinni samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

8) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framlagning umsóknar um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og óska eftir töku þeirra til viðskipta

1. Útgefendur sem sækja um og leggja fyrir lögbært yfirvald sitt umsókn um starfsleyfi sem um getur í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2025/1125 skulu nota staðlaða eyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka og sniðmátið sem sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Lögbær yfirvöld skulu gera aðgengileg á vefsetri sínu samskiptaupplýsingar sínar varðandi umsókn um starfsleyfi og staðlaða eyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka og sniðmátið sem sett er fram í II. viðauka.

3. Lögbær yfirvöld skulu tilgreina á vefsetri sínu hvernig leggja eigi fram umsókn um starfsleyfi ásamt öllum umbeðnum upplýsingum og skjölum, með því að hala þeim upp á vefgátt sem tilgreind er á vefsetri lögbæra yfirvaldsins eða með öðrum rafrænum hætti eða, þegar um er að ræða tiltekin skjöl sem leggja á fram í frumriti í samræmi við landslög, á pappír. Lögbær yfirvöld skulu tilgreina með skýrum hætti á vefsetri sínu eða vefgátt hvaða gögn eigi að leggja fram í frumriti á pappír, samkvæmt landslögum.

4. Ef lögbær yfirvöld krefjast framlagningu upplýsinga bæði rafrænt og á pappír og ósamræmi er á milli upplýsinganna sem eru veittar skulu upplýsingarnar sem lagðar eru fram á pappír ganga framar.

2. gr.

Mat á því hvort umsóknir eru fullgerðar

1. Lögbær yfirvöld skulu líta svo á að umsókn um starfsleyfi sé fullgerð þegar sú umsókn inniheldur allar tilskildar upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og í framseldri reglugerð (ESB) 2025/1125, með viðeigandi innihaldi og sundurliðunarstigi sem gerir lögbæra yfirvaldinu kleift að framkvæma matið á umsókninni. Ef lögbært yfirvald fer fram á hluta upplýsinganna á pappír, í samræmi við 4. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, skal umsóknin ekki teljast fullgerð fyrr en tekið hefur verið við upplýsingunum á pappír.

2. Ef upplýsingarnar sem veittar eru í umsókninni um starfsleyfi, þ.m.t. hvítbókin um sýndareignir sem um getur í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, eru metnar og reynast ófullgerðar skulu lögbær yfirvöld tafarlaust tilkynna umsækjandanum um það skv. 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar og tilgreina hvaða upplýsingar vantar. Lögbær yfirvöld skulu senda slíka tilkynningu á pappír eða með rafrænum hætti og tilgreina samskiptaupplýsingar, fyrirkomulag, hvort skila skuli með upphali á netgáttinni, með rafrænum hætti eða á pappír, og frestinn til að leggja fram upplýsingarnar sem vantar sem veittur er í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

3. Þegar umsókn um starfsleyfi er metin fullgerð í samræmi við 20. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og 1. mgr. þessarar greinar skal lögbæra yfirvaldið upplýsa umsækjandann um það og um viðtökudag fullgerðrar umsóknar eða, eftir atvikum, viðtökudag upplýsinganna sem fullgerðu umsóknina.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júní 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Staðlað eyðublað til að leggja fram umsókn um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og óska eftir töku þeirra til viðskipta, lagt fram í samræmi við 1. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1126

Staður og dagsetning: _____

FRÁ:

Heiti umsækjanda:

Viðskiptaheiti, ef það er annað:

Heimilisfang:

Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar hjá útgefanda sem sækir um:

Nafn:

Staða hjá útgefanda sem sækir um:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

Samskiptaupplýsingar tilnefnds sérfræðiráðgjafa:

Nafn:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

TIL:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

Aðildarríki:

Hér er um að ræða umsókn um starfsleyfi til að bjóða út eignatengdan tóka á almennum markaði eða óska eftir töku hans til viðskipta, sem lögð er fram í samræmi við 1. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 ([1]) og við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1126 þar sem mælt er fyrir um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir upplýsingarnar sem eiga að koma fram í umsókninni ([2]).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj).

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1126 frá 5. júní 2025 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum í tengslum við þær upplýsingar sem skulu vera í umsókn um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og óska eftir töku þeirra til viðskipta (Stjtíð. ESB L, 2025/1126, 15.9.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/1126/oj).

1. Tegund umsóknar (merkja skal í viðeigandi reit):

☐ (a) Fyrsta starfsleyfi til að bjóða eignatengdan tóka út á almennum markaði eða óska eftir töku hans til viðskipta

☐ (b) Í framhaldi af áður veittu starfsleyfi af hálfu sama lögbæra yfirvalds í tengslum við eignatengdan tóka, nýtt starfsleyfi til að bjóða annan eignatengdan tóka út á almennum markaði eða óska eftir töku hans til viðskipta

2. Flokkun eignatengdra tóka að eigin frumkvæði sem mikilvægs eignatengds tóka

Tilgreina skal hvort umsóknin inniheldur beiðni um flokkun eignatengdra tóka að eigin frumkvæði sem mikilvægs eignatengds tóka (merkja skal við já eða nei)

☐ Já

☐ Nei

Við lýsum því yfir að veittar upplýsingar í þessari umsókn eru réttar, nákvæmar, fullnægjandi og ekki misvísandi. Nema annað sé sérstaklega tekið fram eru upplýsingarnar uppfærðar á dagsetningu þessarar umsóknar.

Upplýsingar sem tilgreina dagsetningu í framtíðinni eru sérstaklega auðkenndar í umsókninni og við skuldbindum okkur til að tilkynna yfirvaldinu skriflega án tafar ef slíkar upplýsingar reynast vera rangar, ónákvæmar, ófullnægjandi eða misvísandi.

Komi til nýrrar umsóknar í kjölfar fyrra starfsleyfis til að bjóða eignatengdan tóka út á almennum markaði eða óska eftir töku hans til viðskipta sem sama lögbæra yfirvald hefur veitt, ætti eftirfarandi yfirlýsing að vera í framlagningarbréfinu:

Við staðfestum að [þetta lögbæra yfirvald: heiti lögbæra yfirvaldsins] veitti starfsleyfi til að bjóða út eignatengdan tóka á almennum markaði/óska eftir töku eignatengds tóka til viðskipta þann [DD/MM/ÁÁÁÁ] og í samræmi við 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 inniheldur núverandi umsókn ekki upplýsingar sem áður voru lagðar fyrir lögbæra yfirvaldið ef slíkar upplýsingar væru samhljóða og hefðu ekki breyst í millitíðinni. Við staðfestum einnig að allar upplýsingar sem ekki hafa verið lagðar fram að nýju í núverandi umsókn eru samhljóða þeim sem lögbæra yfirvaldið hefur þegar undir höndum og að þær eru enn réttar, nákvæmar og uppfærðar.

———

II. VIÐAUKI

Sniðmát fyrir umsókn um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og óska eftir töku þeirra til viðskipta

Upplýsingar sem ber að veita lögbæru yfirvaldi

Umsókn um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og óska eftir töku þeirra til viðskipta				
Upplýsingar sem ber að veita lögbæru yfirvaldi				
Reitur		Undirreitur (stutt lýsing á ákvæðinu sem vísað er til)		Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1125 ([1])
1	Tegund umsóknar	1	Hefur útgefandi sem sækir um áður fengið starfsleyfi hjá lögbæru yfirvaldi til að bjóða eignatengdan tóka út á almennum markaði eða óska eftir töku á eignatengdum tóka til viðskipta? ☐ Já ☐ Nei Ef svarið er já, skal einungis leggja fram þær upplýsingar sem hafa breyst frá því að umsókn um starfsleyfi, sem hefur verið veitt, var lögð fram.	3. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114
		2	Felur umsóknin í sér beiðni um flokkun eignatengda tókans að eigin frumkvæði sem mikilvægs eignatengds tóka? ☐ Já ☐ Nei	4. mgr. 3. gr. [framseld reglugerð um tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina hvaða upplýsingar skulu vera í umsókn um starfsleyfi til að bjóða út eignatengda tóka á almennum markaði eða óska eftir töku þeirra til viðskipta]
2.1	Tengiliður vegna umsóknarinnar	1	Fullt nafn og samskiptaupplýsingar aðilans hjá útgefandanum sem sækir um sem ber að hafa samband við varðandi umsóknina	j- og k-liður 1. mgr. 1. gr.
		2	Fullt nafn og samskiptaupplýsingar helstu sérfræðiráðgjafa (eftir atvikum)	
2.2	Auðkenning umsækjandans:	1	Er útgefandinn sem sækir um lögaðili? ☐ Já ☐ Nei Ef svarið er já, skal leggja fram þær upplýsingar sem settar eru fram í undirreitum 2 og 4; ef svarið er nei skal leggja fram þær upplýsingar sem settar eru fram í undirreitum 2, 3 og 4	
		2	Fullt lögheiti, viðskiptaheiti, veffang eða -föng, markaðssetningarleiðir og kennimerki, og allar fyrirhugaðar breytingar þar sem við á. Fyrir lögaðila sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 ([2]) skal lögheitið vera heiti fyrirtækisins eins og það er skráð í innlendri fyrirtækjaskrá sem um getur í 16. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132.	a-liður 1. mgr. 1. gr.

			Auðkenni lögaðila sem gefið er út í samræmi við skilmála einhverra hinna viðurkenndu útgefenda LEI-kóða (e. *Local Operating Units*) í alþjóða-kerfinu um auðkenni lögaðila (e. *Global Legal Entity Identifier System*)	b-liður 1. mgr. 1. gr.
			Félagsform, dagsetning og aðildarríki þar sem félagið er skráð eða var stofnað, heimilisfang eða heimilisföng. Fyrir lögaðila sem falla undir gildissvið tilskipunar (ESB) 2017/1132 skulu þessar upplýsingarnar samsvara þeim upplýsingum sem skráðar eru í innlenda fyrirtækjaskrá sem um getur í 16. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132.	c-, d- og e-liður 1. mgr. 1. gr.
			Skráningarupplýsingar í viðeigandi skrá, eftir atvikum, og afrit af skráningarvottorði. Fyrir lögaðila sem falla undir gildissvið tilskipunar (ESB) 2017/1132 skulu skráningarupplýsingarnar vera skráningarnúmer fyrirtækisins og einkvæmt evrópskt auðkenni (EUID) sem skráð er í innlenda fyrirtækjaskrá sem um getur í 16. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132.	f-liður 1. mgr. 1. gr.
			Stofnsamningur eða stofnsamþykkt og samþykktir	g-liður 1. mgr. 1. gr.
		3	Ef útgefandi sem sækir um er fyrirtæki sem er ekki lögaðili, skjöl sem votta jafngilda vernd hagsmuna þriðja aðila og jafngilt varfærniseftirlit	h-liður 1. mgr. 1. gr.
		4	Dagsetning loka uppgjörsárs	i-liður 1. mgr. 1. gr.
3.1	Starfsáætlun: upplýsingar um viðskiptalíkan, stefnuáætlun og áhættusnið			
		1	Helstu einkenni eignatengda tókans sem sótt er um starfsleyfi til að bjóða út á almennum markaði og óskað er eftir að verði tekinn til viðskipta, þ.m.t. allar kröfur um upplýsingar sem settar eru fram í viðkomandi ákvæði, þ.m.t. tegund tóka, markmið með starfsleyfinu, lagalegt álit á því hvort eigna-tengdi tókinn uppfyllir skilyrði í samræmi við e-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, fyrirkomulag útgáfu og innlausnar, upplýsingar um dreifingaraðila, stefnu um tilnefningu annarra ein-inga fyrir útboðið á almennum markaði eða töku til viðskipta, samskiptareglurnar sem notaðar eru, dreifðu færsluskrártæknina (DFT) þar sem tókinn er gefinn út og brýrnar milli slíkra DFT-eininga.	1. til 7. liður i. liðar a-liðar 2. mgr. 2. gr.
		2	Upplýsingar um alla útistandandi útgáfu á sýndar-eignum eða öðrum stafrænum eignum hjá umsækjanda sem sækir um og alla aðra fjármála-starfsemi og aðra ófjárhagslega starfsemi umsækjanda sem er útgefandi	ii. og iii. liður a-liðar 2. mgr. 2. gr.
		3	Lýsing á samstæðunni og starfsemi eininga sam-stæðunnar, eftir atvikum	iv. liður a-liðar 2. mgr. 2. gr.
		4	Lýsing á viðskiptaumhverfinu þar sem útgefandi sem sækir um mun starfa	b-liður 2. mgr. 2. gr.

		5	Lýsing á heildarstarfsstefnu útgefanda sem sækir um, skrá yfir gistiaðildarríki þar sem útgefandinn sem sækir um hyggst bjóða eignatengda tókann út á almennum markaði eða þar sem óskað er eftir að taka hann til viðskipta og, eftir atvikum, áætlun samstæðunnar og áhættumat á viðskiptaáætluninni.	c-liður 2. mgr. 2. gr.
3.2	Starfsáætlun: upplýsingar úr fjárhagsspá og eldri fjárhagsupplýsingar	1	Upplýsingar úr fjárhagsspá: reikningsskilaáætlanir til þriggja ára í kjölfar veitingar starfsleyfis á grundvelli grunnsviðsmynda og álagssviðsmynda, tengdar forsendur áætlanagerðar og útskýring sem tengir lýsingu á atvinnustarfsemi.	a- og b-liður 5. mgr. 3. gr.
		2	Útreikningur á kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir tímabil viðskiptaáætlunar til þriggja ára	d- og e-liður 5. mgr. 3. gr.
		3	Útreikningur fjárhæðar og samsetningar varasjóðs eigna og hversu fullnægjandi hann sé til að tryggja stöðuga nýtingu innlausnarréttinda á tímabili viðskipta	f-liður 5. mgr. 3. gr.
		4	Eldri fjárhagsupplýsingar á eininga-, samstæðu- og undirsamstæðustigi, eftir því sem við á	6. mgr. 3. gr.
4.1	Innra fyrirkomulag stjórnarhátta og skipulagsupp-bygging	1	Skipurit, starfsskilmála stjórnar og/eða fram-kvæmdastjórnar, lýsing á fyrirhuguðum fjölda og samsetningu starfsfólks og tæknilegra úrræða, verklagsreglur og fyrirkomulag skýrslugjafar, hátternisreglur, lýsing á: a) stefnu um meðferð kvartana, b) stefnu um hagsmunaárekstra, c) verklagsreglur sem tryggja að farið sé að öllum kröfum um upplýsingagjöf	1. mgr. 4. gr.
		2	Heiti og samskiptaupplýsingar allra þjónustu-veitenda sem eru þriðju aðilar og lýsing á hverju slíku fyrirkomulagi	2. mgr. 4. gr.
4.2	Rammi innra eftirlits: almenn atriði	1	Ítarleg lýsing á ramma innra eftirlits umsækjanda, þ.m.t.: a) innri regluvörslu, b) áhættustýringarrammanum og áhættustýringar-einingunni eða, ef áhættustýringareiningu hefur ekki komið á fót vegna meðalhófsviðmiða, samkomulagi við þriðju aðila, c) áhættustýringarkerfinu og -eftirlitinu, þ.m.t. stefnuáætlun til að greina, meta, vakta, draga úr og tilkynna um alla áhættu,	a- til d-liður 1. mgr. 5. gr.

			d) deild innri endurskoðunar eða, ef deild innri endurskoðunar hefur ekki verið komið á fót vegna meðalhófsviðmiða, samkomulagi við þriðju aðila.	
		2	Útskýring á fyrirkomulagi stjórnarhátta sem tekið er upp til að tryggja aðskilnað og fullnægjandi aðgreiningu verkefna starfssviða og rekstrareininga frá innra eftirliti, og óhæði innra eftirlits.	e-liður 1. mgr. 5. gr.
4.3	Rammi innra eftirlits: Stýring upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu	1	Skjalfest lýsing á áhættustýringarrammanum fyrir upplýsinga- og fjarskiptatækni, þ.m.t. upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfum, samskiptareglum og verkfærum sem sýna fram á að farið sé að 1. og 7. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 ([3])	a-, b- og c-liður 2. mgr. 5. gr.
		2	Ítarleg lýsing á upplýsinga- og fjarskiptatækniferlinu og -kerfunum sem sýnir getuna til að veita útgefanda sem sækir um áreiðanlegar upplýsingar og gögn til stuðnings kröfum um gagnaskýrslugjöf	d-liður 2. mgr. 5. gr.
		3	Lýsing á áætlun um rekstrarsamfellu og -stefnu sem tryggir getu útgefanda til að starfa á áframhaldandi grundvelli og takmarka tap ef starfsemin raskast alvarlega	3. mgr. 5. gr.
4.4	Rammi innra eftirlits – einkaleyfisháð dreifð færsluskrártækni eða sambærileg tækni	1	Gefur umsækjandinn út, yfirfærir eða geymir eignatengda tóka í einkaleyfisverndaðri dreifðri færsluskrártækni eða sambærilegri tækni sem útgefandinn starfrækir eða þriðji aðili starfrækir fyrir hans hönd? ☐ Já ☐ Nei Ef svarið er já skal veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í undirreit 2.	4. mgr. 5. gr.
		2	Stefnan og verklagsreglurnar um virkni dreifðu færsluskrártækninnar eða sambærilegrar tækni sem ná yfir: a) lýsingu á lagalegum réttindum útgefanda sem sækir um að því er varðar dreifðu færsluskrártæknina, b) heiti og tengiliðaupplýsingar rekstraraðilans, ef hann er annar en útgefandinn sem sækir um, c) áætlun útgefandans sem sækir um, eða rekstraraðila sem er þriðji aðili, um áhættugreiningu í tengslum við dreifða færsluskrártækni, vöktun auðkenningar, mats og mildunar sem og forvarnir, d) tækni- og öryggisúttektarskýrslu um samkvæmni virkni dreifðu færsluskrártækninnar við gæðastaðla sem eru í notkun á markaðnum og á því hversu viðeigandi og fullnægjandi þær áætlanir eru sem um getur í c-lið, e) ef um er að ræða leyfða dreifða færsluskrártækni með aðgangsstýringu, ítarlega lýsingu á fyrirkomulagi gagnsæis.	a- til e-liður 4. mgr. 5. gr.

4.5	Rammi innra eftirlits: Varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (AML/CFT)	1	Ef fyrirhugað er samstarfsfyrirkomulag milli umsækjandans og sérstakra þjónustuveitenda sýndareigna eða ef umsækjandinn er þjónustuveitandi sýndareigna, ítarleg lýsing þjónustuveitanda sýndareigna á innra eftirlitskerfi sínu og verklagsreglum í samræmi við skuldbindingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 (4) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1113 (5), þ.m.t. mati á framtíðarhorfum á áframhaldandi uppfyllingu þeirra skuldbindinga á tímabili sem nær yfir viðskiptaáætlun útgefanda sem sækir um	5. mgr. 5. gr.
5	Lausafjárstýring, varasjóðseignir og innlausnarréttindi	1	a) lýsing á heildstæðum og ítarlegum ramma sem sýnir myndun, samsetningu, stjórnun og aðgreiningu varasjóðs eigna, b) skýr og ítarleg stefna sem lýsir aðferðum við verðjöfnun eignatengda tókans, c) ítarleg stefna og verklagsreglur um vörslu á varasjóði eigna, þ.m.t. valið vörslufyrirkomulag, d) skýr og ítarleg fjárfestingarstefna varasjóðseigna, e) upplýsingar um samningsbundið fyrirkomulag sem komið er á við þriðju aðila varðandi rekstur, fjárfestingar og vörslu varasjóðseigna.	1. mgr. 6. gr.
		2	Heiti utanaðkomandi ráðgjafa sem mun annast óháðu úttektina á varasjóði eigna á sex mánaða fresti	c-liður 1. mgr. 6. gr.
		3	Stefna og verklagsreglur um lausafjárstýringu, boðleiðir til stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar og hvernig ábyrgð stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar á varfærinni stjórnun varasjóðs eigna verður tryggð	Önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr.
		4	Skýr og ítarleg stefna og verklagsreglur sem tryggja að réttindin til innlausnar í samræmi við 39. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 verði uppfyllt, yfirlit yfir endurbótaáætlunina sem skal gera í samræmi við 46. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 og yfirlit yfir innlausnaráætlunina sem leggja skal fram í samræmi við 47. gr. þeirrar reglugerðar	2. mgr. 6. gr.

6	Aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar: Deili á þeim og sönnun á óflekkuðu mannorði, þekkingu, færni og reynslu	Upplýsingar sem koma fram í undirreitum 1–5 í reit 6, sem leggja skal fram fyrir hvern aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn		
		1	Fullt nafn, nafn við fæðingu, fæðingarstaður og fæðingardagur og -ár, heimilisfang og samskiptaupplýsingar um núverandi búsetustað, ríkisfang eða ríkisföng, kennitala, afrit af kennivottorði	a-, b- og c-liður 1. mgr. 7. gr.
		2	Ferilskrá, þ.m.t. upplýsingar um stöðu viðkomandi, upphafsdag og gildistíma umboðs, lýsing á lykilskyldum og ábyrgð	d-liður 1. mgr. 7. gr.
		3	Persónuleg saga, þ.m.t. allt eftirfarandi, að því er varðar ríkisfang eða ríkisföng einstaklingsins og búsetustaði einstaklingsins síðustu 10 árin: a) að hann hafi hreint sakavottorð og hafi ekki verið beittur viðurlögum samkvæmt gildandi lögum er varða fjármálamarkað, lögum um ógjaldfærni eða lögum um fjármálaþjónustu eða í tengslum við aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, svik eða starfsábyrgð, með opinberu vottorði eða jafngildu skjali eða, ef slík vottorð eru ekki fyrir hendi, hvers konar áreiðanlegar upplýsingar um að hann hafi ekki verið sakfelldur í refsimáli, sætt rannsókn eða verið sóttur til saka, b) upplýsingar um synjun skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis til að stunda viðskipti, rekstur eða starf, eða afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis eða brottvísun af hálfu eftirlitsaðila, ríkisstofnunar, fagfélags eða samtaka, c) upplýsingar um brottvikningu úr starfi eða trúnaðarstöðu, uppsögn umboðsskyldusambands eða svipaðar aðstæður, eða að einstaklingurinn hafi verið beðinn um að segja af sér slíkri stöðu, að undanskildum uppsögnum, d) upplýsingar um hvort annað lögbært yfirvald hafi metið orðspor viðkomandi aðila, þ.m.t. auðkenni þess yfirvalds, dagsetning mats og upplýsingar um niðurstöðu matsins, e) upplýsingar um það hvort yfirvald úr öðrum geira en fjármálageiranum hafi metið viðkomandi einstakling, þ.m.t. deili á því yfirvaldi, dagsetning matsins og upplýsingar um niðurstöðu þess mats,	e-liður 1. mgr. 7. gr.

		4	Lýsing á öllum fjárhagslegum og ófjárhagslegum hagsmunum í aðila sem tilgreina skal og myndu hafa veruleg áhrif á ætlaðan trúverðugleika aðilans	f-liður 1. mgr. 7. gr.
		5	Upplýsingar um tímaskuldbindingu	g-liður 1. mgr. 7. gr.
		6	Niðurstöður allra hæfismata á hverjum og einum aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar sem umsækjandi gerði og yfirlýsing um sameiginlegt hæfi stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar	2. og 3. mgr. 7. gr.
7	Hluthafar og aðilar með beinan og óbeinan virkan eignarhlut í umsækjanda: upplýsingar um nægilega óflekkað mannorð þeirra	Upplýsingar sem koma fram í reitum 7.1–7.3 og skal leggja fram fyrir hvern hluthafa eða aðila sem á beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í umsækjanda		
		1	Deili á hluthöfum og aðilum: Skipurit yfir eignarhaldsfyrirkomulag umsækjanda með sundurliðun á hlutafjáreign og atkvæðisrétti og nöfn hluthafa eða aðila með virkan eignarhlut	a-liður 8. gr.
		2	Tekur eignarhaldsfyrirkomulag umsækjanda til hluthafa sem koma fram í samstarfi? ☐ Já ☐ Nei	
7.1	Upplýsingar um hluthafa og aðila með beinan eða óbeinan virkan eignarhlut sem eru einstaklingar	1	Upplýsingar um auðkenni og heilindi beinna eða óbeinna hluthafa eða aðila sem eru einstaklingar: a) deili á einstaklingnum, í samræmi við kröfur um upplýsingar sem settar eru fram í 1. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/413 (6), b) sakfelling í refsimáli, stjórnsýsluviðurlög eða einkamálaviðurlög eða -ráðstöfun, viðurlög og yfirstandandi rannsóknir í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413, c) upplýsingar um fyrra mat í samræmi við c-lið 1. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413, d) lýsing á núverandi atvinnustarfsemi aðilans og allra fyrirtækja sem aðilinn stýrir eða stjórnar í samræmi við e-lið 1. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413, e) fjárhagslegir og ófjárhagslegir hagsmunir aðilans og upplýsingar um hvernig þessum hagsmunum er stjórnað, í samræmi við a- og b-lið 2. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413.	i. liður b-liðar 8. gr.

7.2	Upplýsingar um hluthafa og aðila með beinan eða óbeinan virkan eignarhlut sem eru lögaðilar	1	Upplýsingar um auðkenni og heilindi beinna eða óbeinna hluthafa eða aðila sem eru lögaðilar: a) deili á lögaðilanum, raunverulegan eiganda, aðilum í stjórn og/eða framkvæmdastjórn eða aðilum sem í reynd stjórna starfseminni og upplýsingar sem varða hæfi þeirra og aðrar kröfur um upplýsingar sem settar eru fram í 2., 3., 4. eða 5. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413, eftir því sem við á, b) sakfellingar í refsimálum, stjórnsýslumálum eða einkamálum, viðurlög, yfirstandandi rannsóknir og málsmeðferðir, eins og um getur í i. lið a-liðar 1. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413, c) upplýsingar um fyrra hæfismat, eins og um getur í ii. lið a-liðar 1. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413, d) lýsing á núverandi atvinnustarfsemi lögaðilans og allra fyrirtækja sem aðilinn stýrir eða stjórnar, eins og um getur í iii. lið a-liðar 1. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413, e) fjárhagsupplýsingar, þ.m.t. lánshæfismöt og skýrslur sem eru aðgengilegar öllum um fyrirtæki sem lögaðili stýrir eða stjórnar eins og um getur í iv. lið a-liðar 1. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413, f) lýsing á fjárhagslegum og ófjárhagslegum hagsmunum lögaðilans og lýsing á því hvernig þessum hagsmunum er stjórnað, í samræmi við b- og c-lið 1. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413, g) hluthafafyrirkomulag lögaðilans, þ.á m. deili á öllum hluthöfum sem hafa veruleg áhrif og hlutafjáreign og atkvæðisrétt þeirra, þ.m.t. upplýsingar um öll hluthafasamkomulög, í samræmi við e-lið 1. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413,	ii. liður b-liðar 8. gr.

			h) sé lögaðilinn hluti af samstæðu, sem dótturfélag eða móðurfélag, skipurit samstæðunnar og upplýsingar um hlutafjáreign og atkvæðisrétt hluthafa sem hafa veruleg áhrif á fyrirtæki samstæðunnar og upplýsingar um núverandi starfsemi þeirra, í samræmi við f-lið 1. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413, i) ef lögaðilinn er með aðalskrifstofu í þriðja landi, upplýsingarnar sem settar eru fram í 3. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413.	
7.3	Upplýsingar sem eru sameiginlegar um hluthafa og aðila með beinan eða óbeinan virkan eignarhlut sem eru einstaklingar eða lögaðilar	1	Deili á og upplýsingar um aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar umsækjanda sem hluthafi eða aðili með virkan eignarhlut hefur tilnefnt eða mun tilnefna	c-liður 8. gr.
		2	Upplýsingar um virkan eignarhlut (fjölda og tegund skráðra hlutabréfa eða annarra eignarhluta, nafnverð, yfirverð sem greitt hefur verið eða mun verða greitt, veðréttindi eða kvaðir sem myndast vegna slíkra hlutabréfa eða annarra eignarhluta, þ.m.t. deili á tryggðum aðilum).	d-liður 8. gr.
		3	Upplýsingar um áform að því er varðar virkan eignarhlut (stefnumiðuð fjárfesting, stýring eignasafns) Upplýsingar um aðgerðir í samráði við aðra aðila, þ.m.t. framlag þessara annarra aðila til fjármögnunar á fyrirhuguðum kaupum Efni ráðgerðra hluthafasamkomulaga í tengslum við stjórnarhætti útgefanda við aðra hluthafa í tengslum við markfyrirtækið	e-liður 8. gr.
		4	Upplýsingar um fjármögnun kaupa á virkum eignarhlut og starfsemi umsækjanda til að sanna lögmætan uppruna hennar, í samræmi við 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/413.	f-liður 8. gr.

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1125 frá 5. júní 2025 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar í umsókn um starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og óska eftir töku þeirra til viðskipta (Stjtíð. ESB L, 2025/1125, 15.9.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/1125/oj).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2017/1132/oj).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 frá 14. desember 2022 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann og um viðbætur við reglugerðir (EB) nr. 1060/2009, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 909/2014 og (ESB) 2016/1011 (Stjtíð. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2554/oj).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1113 frá 31. maí 2023 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna og tiltekinna sýndareigna og um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1113/oj).

(6) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/413 frá 18. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ítarlegt innihald nauðsynlegra upplýsinga til að meta fyrirhuguð kaup útgefanda á virkum eignarhlut í útgefanda eignatengdra tóka (Stjtíð. ESB L, 2025/413, 31.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/413/oj).